Hæstaréttardómar 1994 - 2. bindi

Útgáfa 3.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Meiriháttar gallar á bls. 1295-1296.
Minniháttar gallar á bls. 1036, 1372, og 1532.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR 1994

Efnisskrá til bráðabirgða

2. hefti

Bls.
Aðfarargerð 844
Aðfararheimild 1455
Aðfinnslur 1043, 1051, 1103, 1242, 1249, 1397
Aðför 861, 979, 1096
Aðilaskipti 1365
Afsláttur 1335, 1421
Agaviðurlög 748
Akstur án ökuréttinda 1235
Arfleiðsluhæfi 991
Áfengislagabrot 1043, 1230
Áfengislög 1047, 1051, 1242, 1247, 1249
Áfrýjunarfjárhæð 1101
Ákæra 1103, 1191, 1249
Ávana- og fíkniefni 1328
Bifreiðar:
    Opinber mál 698, 700, 702, 781, 786, 792, 813, 1015, 1060, 1068, 1103, 1470, 1492
Birting laga og stjórnvaldserinda 1476
Bókhald 1022
Brot gegn valdstjórninni 722, 813
Brottflutningur húss 891
Börn 1389, 1535
Dómkvaðning matsmanna 1448
Dómstólar 1536
Dýravernd 1191
Eigin úttekt 728
Eignarréttarfyrirvari 1371
Eignaspjöll 1198
Einkaumboð 901
Endurupptaka 686, 1015
Erfðaskrá 991
Evrópska efnahagssvæðið 1451
Fangelsi 748
Fasteign 1222, 1226
Fasteignakaup 1307, 1335, 1421
Fésekt 1022, 1404

Bls.
Fésekt felld niður ... 1043, 1047, 1242
Fjárdráttur ... 1130
Fjárnám ... 1222, 1226, 1300, 1307
Fjársvik ... 934, 1157
Flugslys ... 959
Framfærslueyrir ... 1532
Framsal kröfuréttinda ... 861
Frávísun:
  a) frá héraðsdómi ... 976, 987, 1012, 1017, 1451
  b) frá Hæstarétti ... 1101, 1386, 1389
Frávísun að hluta ... 1249
Frávísun felld úr gildi ... 1455
Frávísun héraðsdómara felld úr gildi ... 1293
Frávísun frá héraðsdómi að hluta ... 1088
Frávísun frá Hæstarétti að hluta ... 1088
Frávísunarúrskurður felldur úr gildi ... 972, 1532
Friðhelgi heimilis ... 813
Fyrning ... 1096
Gallar ... 1263, 1335, 1421
Gatnagerðargjald ... 947
Geðheilbrigðisrannsókn ... 1154
Gjalddagi ... 1392
Gjaldþrot ... 844
Gjaldþrotalög ... 678, 1357
Gjaldþrotaskipti ... 855, 1032, 1140, 1376, 1397, 1541
Gripdeild ... 934
Gæsluvarðhald:
  2. mgr. 103. gr. og 106. gr. laga nr. 19/1991 ... 1539
  A-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 ... 985
  C-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 ... 684
Gæsluvarðhaldsúrskurður felldur úr gildi ... 675
Haldsréttur ... 1203
Handtaka ... 813
Heimvísun ... 809, 1009, 1257, 1314, 1528
Hjón ... 1532
Hlutabréf ... 758
Hlutafélög ... 758
Hlutdeild ... 1157
Húsaleiga ... 1001
Húsaleigusamningur ... 1184, 1209, 1365
Húsleit ... 813
Hæfi dómara ... 1536
Hæfi stjórnvalds ... 844

Bls.
Höfundarréttur ... 914
Innsetning ... 1203, 1389
Ítrekun ... 1015
Kaupgjaldsmál ... 798, 804, 1109
Kjörskrá ... 1207
Kosningaréttur ... 1207
Kröfu um, að dómarar víki sæti, er hafnað ... 694
Kröfu um, að héraðsdómari víki sæti, hafnað ... 1085
Kröfu um, að hæstaréttardómarar víki sæti, er hafnað ... 690
Kynferðisbrot ... 1055, 1230, 1408
Kæruheimild ... 1386
Kærumál:
  Aðfarargerð ... 844
  Aðfararheimild ... 1455
  Aðför ... 861, 979, 1096
  Arfleiðsluhæfi ... 991
  Áfrýjunarfjárhæð ... 1101
  Börn ... 1389, 1532
  Dómkvaðning matsmanna ... 1448
  Dómstólar ... 1536
  Endurupptaka ... 686
  Erfðaskrá ... 991
  Evrópska efnahagssvæðið ... 1451
  Fasteign ... 1222, 1226
  Fasteignakaup ... 1307
  Fjárnám ... 1222, 1226, 1300, 1307
  Framfærslueyrir ... 1532
  Framsal kröfuréttinda ... 861
  Frávísun:
    a) frá héraðsdómi ... 976, 987, 1017, 1451
    b) frá Hæstarétti ... 1101, 1386, 1389
  Frávísun frá héraðsdómi að hluta ... 1088
  Frávísun frá Hæstarétti að hluta ... 1088
  Frávísun felld úr gildi ... 1455
  Frávísun héraðsdómara felld úr gildi ... 1293
  Frávísunarúrskurði hrundið ... 1532
  Frávísunarúrskurður felldur úr gildi ... 972
  Fyrning ... 1096
  Geðheilbrigðisrannsókn ... 1154
  Gjaldþrot ... 844
  Gjaldþrotalög ... 678
  Gjaldþrotaskipti ... 855, 1376, 1541
  Gæsluvarðhald:
    2. mgr. 103. gr. og 106. gr. laga nr. 19/1991 ... 1539

Bls.
  A-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 985
  C-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 684
Gæsluvarðhaldsúrskurður felldur úr gildi 675
Haldsréttur 1203
Heimvísun 1314
Hjón 1532
Húsaleigusamningur 1209
Hæfi dómara 1536
Hæfi stjórnvalds 844
Innsetning 1203, 1389
Kröfu um, að dómarar í héraði víki sæti, er hafnað 694
Kröfu um, að héraðsdómari víki sæti, er hafnað 1085
Kröfu um, að hæstaréttardómarar víki sæti, er hafnað 690
Kæruheimild 1386
Lagaskil 1541
Landamerki 987, 1536
Lögbann 1323
Lögsagnarumdæmi 1536
Lögtaksréttur 1096
Lögvarðir hagsmunir 1451, 1455
Læknaráð 991
Matsbeiðni 1314
Málflutningshæfi 1085
Málflutningsþóknun 1316
Málflutningur 1314
Málskostnaðartrygging 1376
Málskostnaður hjá stjórnvaldi 1323
Nauðasamningar 1300
Nauðungarsala 686, 976, 1017, 1078, 1088, 1203, 1209 1307
Ómerking 1314
Ómerking nauðungarsölumeðferðar 1088
Res Judicata 1547
Réttarstaða sakbornings 872
Sakarefni 1451
Sératkvæði 1293, 1386, 1547
Skaðabótakrafa 1293
Skattar 1300
Skilnaðarsamningur 1532
Skipti 844
Skuldaröð 678, 855, 1541
Skýrslugjöf 1076
Stjórnarskrá 1451
Söluskilmálar 1209

Bls.

  Tryggingarbréf 1078
  Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands 1316
  Útburðargerð 979, 1209, 1379
  Úthlutun uppboðsandvirðis 861, 1078
  Útivist 686
  Verkanir áfrýjunar 1389
  Vextir 678
  Vitni 1019
  Vítur 976, 1085
  Víxlar 1455
  Vörumerki 1293
  Þinglýsing 1222, 1226
  Þýðing skjala 1386
Lagaskil 1541
Landamerki 987, 1536
Launaskattur 1476
Lausfjárkaup 1263, 1371
Líkamsárás 662, 713, 777, 813, 1497, 1517
Lóðarsamningur 891
Læknaráð 991
Lögbann 1323
Löggjafarvilji 1476
Lögsagnarumdæmi 1536
Lögskýring 1476
Lögtaksréttur 1096
Lögvarðir hagsmundir 1451, 1455
Manndráp af gáleysi 878
Matsbeiðni 1314
Málflutningshæfi 1085
Málflutningsþóknun 1316
Málflutningur 1314
Málshöfðunarfrestur 1357
Málskostnaðartrygging 1376, 1459, 1461, 1463
Málskostnaður hjá stjórnvaldi 1323
Málsvarnarlaun 1517
Meðdómsmenn 1397, 1497
Miski 1497
Nauðasamningar 1300
Nauðgun 671, 826
Nauðungarsala 686, 976, 1017, 1078, 1088, 1203, 1209, 1307
Nauðungaruppboð 1184
Opinberir starfsmenn 1130
Ómaksbætur 984, 1218, 1219, 1220, 1221

Bls.
Ómerking 809, 1009, 1012, 1257, 1314, 1528
Ómerking að hluta 1249
Ómerking nauðungarsölumeðferðar 1088
Prókura 1411
Rangar sakargiftir 1060
Ráðgjöf 1117
Refsiákvörðun 934
Refsivist 748
Res judicata 1547
Reynslulausn 700, 1235, 1517
Réttarfar 809
Réttarstaða sakbornings 872
Réttindasvipting 878
Riftun 901, 1140, 1335
Rökstuðningur 1257
Sakarefni 1451
Sakbending 777
Sameignarfélög 758
Sameining mála 813
Samningur 901, 924, 1001, 1439
Sératkvæði 671, 728, 758, 826, 901, 914, 924, 959, 1001, 1009, 1117, 1130, 1191, 1263, 1282, 1293, 1371, 1386, 1476, 1517, 1547
Sérálit 662
Sjálfskuldarbréf 1411
Sjómannalög 798, 804
Sjóslys 878
Skaðabótakrafa 1293
Skaðabótamál utan samninga 704
Skaðabætur 657, 662, 671, 1055, 1130, 1278, 1497, 1517
Skattar 1300
Skattlagning 947
Skattskylda 758, 1476
Skattsvik 1404
Skilnaðarsamningur 1532
Skilorð 1157, 1404, 1517
Skilorðsrof 1043, 1047, 1465
Skipti 844
Skjalabrot 1157
Skjalafals 934, 1060, 1528
Skuldabréf 1371, 1411
Skuldaröð 678, 855, 1032, 1397, 1541
Skýrslugjöf 1076
Staðgreiðsla opinberra gjalda 1022
Stjórnarskrá 748, 777, 813, 947, 1451
Söluskattur 728

Bls.
Söluskilmálar 1209
Sönnun 826, 1517
Tekjuskattur 758, 1404
Tilraun 826, 1157
Tryggingarbréf 1078
Umboðssvik 1157
Umferðarlög 698, 702, 781, 786, 792, 813, 1015, 1060, 1068, 1103, 1235, 1470, 1492
Uppsögn 1109, 1278
Upptaka 1043, 1047, 1051, 1242, 1249, 1328
Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands 1316
Útburðargerð 979, 1209, 1379
Úthlutun uppboðsandvirðis 861, 1078
Útivist 686
Útivistardómur 797, 984, 1217, 1218, 1219, 1220, 1221
Varnir 1371
Vátrygging 657
Vátryggingarsamningar 1282
Veðsetning 1397
Veiðiréttur 924
Verðbréfafyrirtæki 1117
Verðtrygging 1117
Verkanir áfrýjunar 1389
Vextir 678
Viðurlagaákvörðun 698, 700, 702, 824, 1242, 1247, 1404, 1465, 1468
Vinnulaun 1439
Vitni 1019
Vítur 777, 976, 1085, 1517
Víxilmál 1392
Víxlar 1455
Vottar 1411
Vörumerki 1293
Þinglýsing 1184, 1222, 1226
Þjófnaður 824, 934, 1235, 1328, 1465, 1468
Þýðing skjala 1386
Ökuréttarsvipting 813, 1015, 1068, 1492
Ökuréttur 698, 700, 702
Ölvunarakstur 1015, 1060, 1068, 1235, 1492
Örorka 1497
Öxulþungi 1470
1. mgr. 17. gr. laga nr. 19/1991 722
45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands 1184
168. gr. alm. hgl. 959

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXXIV. árgangur. **2. hefti.** **1994**

Fimmtudaginn 24. mars 1994.

Nr. 452/1990. **Nesfiskur hf.**
(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.)
gegn
Vátryggingafélagi Íslands hf.
(Hákon Árnason hrl.)

Vátrygging. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. desember 1990 að fengnu áfrýjunarleyfi 20. nóvember sama ár. Hann krefst þess, að stefnda verði dæmt til að greiða sér vátryggingabætur, að fjárhæð 18.164.483 krónur, auk ársvaxta frá 1. janúar 1988 til 1. febrúar 1989, en dráttarvaxta skv. 3. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst áfrýjandi skaðabóta, að fjárhæð 18.164.483 krónur, auk fyrrnefndra vaxta. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um sýknu stefnda af aðalkröfu áfrýjanda.

Varakrafa áfrýjanda um skaðabætur að sömu fjárhæð og í aðalkröfu er meðal annars byggð á því, að stefndi hafi vakið þá trú hjá áfrýjanda, að allar afurðir hans væru vátryggðar, og þannig komið í veg fyrir, að áfrýjandi hækkaði vátryggingarfjárhæðina. Ekki verður talið, að áfrýjandi hafi rennt nægum stoðum undir þessa málsástæðu sína. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til hins áfrýjaða dóms ber einnig að sýkna stefnda af varakröfu áfrýjanda.

Áfrýjandi greiði stefnda 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Nesfiskur hf., greiði stefnda, Vátryggingafélagi Íslands hf., 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. mars 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. febrúar sl., höfðaði Nesfiskur hf., kt. 410786-1179, Gerðavegi 32, Gerðahreppi, Gullbringusýslu, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 2. febrúar 1989, gegn Samvinnutryggingum g.t., kt. 550269-0589, Ármúla 3, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda vátryggingarbætur, að fjárhæð kr. 18.164.483,00, auk [nánar tilgreindra vaxta].

Til vara er krafist greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 18.164.483,00, auk fyrrgreindra vaxta.

Þá er krafist greiðslu málskostnaðar [...].

Stefndi krefst sýknu af dómkröfum stefnanda og að stefnda verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Leitað hefur verið um sáttir í málinu án árangurs.

Málavextir.

Í stefnu er málavöxtum lýst á þá leið, að aðaleigandi Nesfisks hf., Baldvin Njálsson, hafi tryggt allar fiskbirgðir sínar hjá stefnda, er hann hóf fiskverkun í Garði árið 1973 í eigin nafni. Samið hafi verið um, að allar fiskbirgðir væru tryggðar og hafi stefndi staðfest það með skeyti til viðskiptabanka Baldvins. Þannig hafi viðskiptin gengið fyrir sig áfram og hafi stefndi innheimt iðgjaldið í byrjun hvers árs fyrir árið á undan. Er Baldvin hafi stofnað hlutafélagið Nesfisk hf. um rekstur sinn árið 1986 hafi viðskiptin við stefnda haldið áfram óbreytt. Hvorki hafi Baldvini né stefnanda verið kynntir sérstakir skilmálar fyrir vátrygginguna né hafi verið óskað eftir því að tilkynnt væri um verðmæti birgða.

Þegar stefnandi hafi þurft að veðsetja afurðir sínar hjá viðskiptabanka sínum, Landsbanka Íslands, Sandgerði, hafi stefnandi haft samband við brunadeild stefnda. Jafnan hafi stefndi staðfest með skeyti, að allar afurðirnar væru tryggðar, enda neiti bankar að veita afurðalán fyrr en slík staðfesting sé fengin. 22. janúar 1987 hafi brunadeild stefnda sent slíkt skeyti og hafi innihald þess verið hið sama og verið hafi undanfarin ár, þ.e.: „Það staðfestist að Nesfiskur hf., Gerðahreppi, brunatryggir hjá okkur frystar sjávarafurðir sínar, eins og þær eru á hverjum tíma." Þá hafi bankinn veitt afurðalán samkvæmt framleiðsluskýrslum, enda birgðirnar að hans áliti fulltryggðar. Stefnanda hafi verið kunnugt um efni þessara skeyta og hafi þau staðfest þá vissu að birgðir fyrirtækisins væru að fullu tryggðar.

Hinn 20. nóvember 1987, að nóttu til, hafi kviknað í frystihúsi stefnanda við Gerðaveg í Garði. Húsið hafi brunnið að mestu leyti og mikill hluti þeirra frystu sjávarafurða, sem þar voru geymdar í frystiklefa, og allt, sem var í móttöku, hafi eyðilagst. Þá hafi öll bókhaldsgögn eyðilagst, þ.m.t. kvittanir frá stefnda fyrir greiðslu brunatryggingariðgjalda. Daginn eftir hafi framkvæmdastjóri stefnanda, Bergþór Baldvinsson, verið staddur við rústirnar ásamt Jónasi Gestssyni, útibússtjóra Landsbanka Íslands í Sandgerði, og Héðni Emilssyni, starfsmanni brunadeildar Samvinnutrygginga g.t. Hafi Bergþór haft orð á því að fara þyrfti yfir það magn sem væri í rústum frystiklefans, hirða það, sem heilt væri og koma í frystigeymslu, en henda hinu. Héðinn hafi þá sagt, að óþarfi væri fyrir stefnanda að standa í slíku. Stefndi myndi bæta birgðir, sem í klefanum hefðu verið og fram kæmu á veðsetningarskýrslum til Landsbankans. Starfsmenn stefnda hafi svo haft umsjón með að fleygja því sem var í rústum frystiklefans og hafi ekkert af birgðunum verið hirt.

Í framhaldi af þessu hafi Landsbanki Íslands í Sandgerði sent stefnda bréf og tilkynnt um fjárhæð afurðalána og hvert hlutfall þau væru af áætluðu söluverði birgðanna. Hafi bankinn óskað eftir greiðslu á þeim hluta afurðanna sem veðsettar voru bankanum en vísað á stefnanda um hinn hlutann. Þegar greiðsla barst ekki hafi forsvarsmenn stefnanda farið að knýja á um svör frá stefnda. Í maí 1988 hafi stefndi endanlega synjað um greiðslu umfram kr. 5.000.000,00 sem stefndi hafi talið hámark vátryggingarfjárhæðarinnar.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því að hann hafi gert vátryggingarsamning við stefnda og tryggt hjá félaginu allar sjávarafurðir sínar eins og þær voru á hverjum tíma. Birgðirnar hafi eyðilagst í bruna, og beri stefnda því skylda til að greiða vátryggingarbæturnar.

Stefnandi bendir einkum á eftirfarandi til stuðnings meginmálsástæðu sinni:

1. Óumdeilt sé, að birgðirnar hafi verið tryggðar hjá stefnda.
2. Er upphaflega tryggingin var tekin hafi stefnanda ekki verið kynntir skilmálar stefnda og aldrei síðar fyrr en eftir brunann.
3. Stefndi hafi aldrei óskað eftir því við stefnanda að verðmæti birgða væri tilkynnt til félagsins.

4. Stefndi hafi aldrei gert athugasemd við þá hámarksfjárhæð vátryggingarinnar, kr. 5.000.000,00, sem það nú telji í gildi, en þeirri staðhæfingu stefnda er mótmælt sem rangri.
5. Stefndi hafi marglýst yfir, að afurðir stefnanda, „eins og þær eru á hverjum tíma", væru brunatryggðar, þ.e. allar afurðir.
6. Starfsmaður stefnda hafi fullyrt eftir brunann, að allar veðsettar afurðir væru tryggðar.
7. Stefndi hafi séð um að fleygja óbrunnum afurðum.
8. Það sé venja hjá íslenskum tryggingafélögum að krefjast ekki birgðatilkynninga, en greiða út vátryggingarbætur fyrir veðsettar afurðir samkvæmt veðsetningarskýrslum og staðfestingu viðskiptabanka.

Af framansögðu leiði, að stefnda beri að bæta stefnanda verðmæti hinna vátryggðu afurða að fullu.

– – –

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að bótaskylt tjón stefnanda á frystum sjávarafurðum af völdum umrædds eldsvoða hafi stefndi þegar að fullu bætt úr birgðatryggingu þeirra, sem í gildi var er tjónið varð, með greiðslu vátryggingarupphæðarinnar, kr. 5.000.000,00, er innt var af hendi eftir tilvísun stefnanda til Landsbanka Íslands hinn 29. des. 1989.

Stefnandi hafi sjálfur ráðið þeirri vátryggingarupphæð, sem í gildi var á hverjum tíma, meðan vátryggingarsamningur aðila var við lýði. Í framkvæmd hafi vátryggingarupphæðin eingöngu ráðist af verðmæti afurða samkvæmt birgðatilkynningum. Samningurinn hafi tryggt stefnanda ekki aðeins réttindi heldur og ýmsar skyldur. Önnur brýnasta skylda stefnanda í þessum viðskiptum hafi verið reglulegar tilkynningar um verðmæti birgða. Þær ásamt hinni frumskyldu hans, réttum skilum iðgjalda, hafi ráðið úrslitum um umfang þeirrar vátryggingarverndar, sem hann hafi getað notið hjá stefnda. Auk þess hafi áskildar birgðatilkynningar verið grundvöllur þess, að stefndi gæti reiknað sér rétt endurgjald fyrir þá vátryggingarvernd, sem stefnanda hafi verið látin í té með birgðatryggingunni og þar með gætt sinna hagsmuna.

– – –

Niðurstaða.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu fyrir dómi þeir Bergþór Baldvinsson, framkvæmdastjóri stefnanda, Baldvin Njálsson, stjórnarformaður stefnanda, Héðinn Emilsson deildarstjóri hjá Vátryggingafélagi Íslands, Jónas Gestsson, útibússtjóri Landsbanka Íslands í Sandgerði, Ríkharð Jónsson framkvæmdastjóri og Ingimar Sigurðsson deildarstjóri.

Lagt verður til grundvallar, að fyrirsvarsmönnum stefnanda hafi verið eða mátt vera kunnir vátryggingarskilmálar stefnda fyrir birgðatryggingu, sbr. dskj. 17 og 18. Samkvæmt skilmálum þessum skyldi stefnandi tilkynna stefnda mánaðarlega verðmæti birgða.

Hvorki tilkynntu fyrirsvarsmenn stefnanda stefnda um verðmæti birgða né leituðu starfsmenn stefnda eftir upplýsingum frá stefnanda um þetta efni. Upplýsingar um verðmæti birgða stefnanda bárust stefnda frá Sjávarafurðadeild S.Í.S., en ljóst er, að hluti af framleiðslu stefnanda fór ekki í gegnum Sjávarafurðadeild S.Í.S. Ekkert hefur komið fram um það, að Sjávarafurðadeildinni hafi mátt vera kunnugt um þær birgðir eða hverju þær námu á hverjum tíma. Verður því að telja, að stefnanda hafi borið að tilkynna stefnda um þær birgðir, sem fyrirsvarsmenn stefnanda vissu eða máttu vita, að Sjávarafurðadeild S.Í.S. tilkynnti ekki um, enda ekkert fram komið um að aðrir hafi tekið að sér að fullnægja tilkynningarskyldu stefnanda né að stefnandi hafi verið leystur undan tilkynningarskyldu skv. 3. mgr. sérstakra skilmála brunatryggingar stefnda.

Uppgjörin á dskj. 19 til 22 sýna tryggingarfjárhæðir og iðgjöld á hverjum tíma. Þegar fyrirsvarsmenn stefnanda fengu þessi uppgjör í hendur mátti þeim því vera ljóst, hver var hámarksfjárhæð vátryggingarinnar á hverjum tíma.

Skeyti stefnda til Landsbanka Íslands í Sandgerði, dskj. 3, breytir ekki réttarstöðu stefnanda gagnvart stefnda frá því sem greinir í vátryggingarsamningi aðila.

Gegn andmælum af hálfu stefnda er ósannað, að fyrirsvarsmaður stefnda hafi á brunastað séð um að fleygja óbrunnum afurðum eða tekið ákvörðun um urðun birgða.

Niðurstaða málsins verður því sú, að sýknukrafa stefnda er tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt að hvor aðili um sig beri sinn kostnað af málinu.

Uppkvaðning dómsins hefur dregist nokkuð vegna mikilla anna dómarans, sem var Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, Samvinnutryggingar g.t., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Nesfisks hf., í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 24. mars 1994.

Nr. 463/1993. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Davíð Trausta Oddssyni
(Jón Oddsson hrl.)

Líkamsárás. Skaðabætur. Sérálit.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Hjörtur Torfason og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ákærði hefur áfrýjað máli þessu í heild sinni, og var því af hálfu ákæruvalds skotið til Hæstaréttar með stefnu 5. nóvember 1993. Krefst ákæruvaldið sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu ákærða auk greiðslu skaðabóta ásamt vöxtum, eins og krafa var gerð um í ákæruskjali.

Ákærði viðurkennir þá háttsemi, sem lýst er í ákæruskjali, en andmælir því, að hún varði við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Fer hann fram á, að refsing hans verði milduð og skilorðsbundin, en fellst á ákvörðun héraðsdómara um skaðabætur.

Frásagnir ákærða og vitna af atvikum málsins eru raktar í hinum áfrýjaða dómi. Af þeim verður ráðið, að ákærði hafi efnt til orðaskipta við Karl Friðrik Bragason, jafnaldra hans, þar sem hinn síðarnefndi var staddur við Lækjartorg í hópi kunningja sinna eftir ýfingar milli hans og bróður ákærða. Spruttu af þessu átök milli þeirra, og kveðst Karl Friðrik hafa reynt að taka ákærða sérstöku taki í þeim tilgangi að snúa hann niður og róa hann. Greip ákærði þá til fjaðurhnífs, sem var í vasa hans, og beitti honum gegn Karli Friðrik. Beindi hann nokkrum stungum að Karli Friðrik, sem komu í bak hans og hægri síðu. Virðist það hafa gerst í svip og meðan hvor hafði tak á hinum, án þess að fullyrt verði um afstöðu þeirra.

Hnífur ákærða var af hættulegri gerð, en jakki Karls Friðriks hlífði honum að nokkru, og óljóst er, hvaða afli var beitt. Sárum

Karls Friðriks og hættu af þeim er lýst í vottorði Björns Þórs Sigurbjörnssonar skurðlæknis og skýrslu hans fyrir dómi. Ósannað er, að ákærði hafi haft í hyggju að svipta Karl Friðrik lífi. Varhugavert er að fullyrða, eins og atvikum var háttað, að ákærði hafi hlotið að sjá fyrir, að atlaga hans með hnífnum gæti leitt til bana. Samkvæmt þessu verður verknaður hans talinn varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981, vegna hinnar sérstöku hættu, sem í atlögunni fólst.

Refsingu ákærða ber að tiltaka með hliðsjón af ungum aldri hans, sbr. 2. tl. 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga, ásamt því, að hann hefur ekki áður gerst sekur um refsiverðan verknað. Var hún í héraðsdómi ákveðin fangelsi 2 ár og 6 mánuðir, og eru ekki efni til að breyta þeirri niðurstöðu. Á 13 daga gæsluvarðhald að koma þar til frádráttar.

Bætur til Karls Friðriks Bragasonar fyrir miska þykja hæfilega ákveðnar 400.000 krónur. Rétt er, að bætur fyrir fjártjón ákvarðist 15.000 krónur og greiðsla vegna lögmannsaðstoðar 15.000 krónur. Ber ákærða að greiða þessar fjárhæðir með vöxtum, eins og í dómsorði segir.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem um er mælt í dómsorði.

Guðmundur Jónsson gerir þá athugasemd, að hann telji, að staðfesta beri heimfærslu í héraðsdómi á broti ákærða til refsiákvæða með vísan til forsendna hans, en er sammála dóminum að öðru leyti.

Dómsorð:

Ákærði, Davíð Trausti Oddsson, sæti fangelsi 2 ár og 6 mánuði. Frá refsingunni ber að draga 13 daga gæsluvarðhald hans.

Ákærði greiði Karli Friðrik Bragasyni 430.000 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá uppsögudegi dóms þessa til greiðsludags.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 15. október 1993.

Ár 1993, föstudaginn 15. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Pétri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-520/1993: Ákæruvaldið gegn Davíð Trausta Oddssyni sem tekið var til dóms hinn 13. sama mánaðar.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 22. september 1993, á hendur ákærða, Davíð Trausta Oddssyni, Jórufelli 12, Reykjavík, kt. 290975-301, „fyrir tilraun til manndráps með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 25. júlí 1993 við hús héraðsdóms (sic) Reykjavíkur á Lækjartorgi í Reykjavík stungið Karl Friðrik Bragason, fæddan 17. desember 1975, sex hnífstungur með fjaðurhníf, fimm í ofanvert bak og eina í hægri síðu, og gengu tvær þeirra inn í brjósthol hans og leiddu til loftbrjósts bæði hægra megin og minna vinstra megin og samfalls á loftskiptandi lungnavef og var hann fluttur í skyndi á Borgarspítalann þar sem gert var að sárum hans þá um nóttina.

Telst þetta varða við 211., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 2. mgr. 218. gr. sömu laga, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Í málinu krefst Karl Friðrik Bragason skaðabóta úr hendi ákærða, kr. 1.090.081.-, auk vaxta".

Málavextir.

Aðfaranótt sunnudagsins 25. júlí sl. var fjöldi fólks á ferli í Austurstræti og á Lækjartorgi og ölvun almenn. Var þá lögreglumönnum, sem voru á verði á torginu, sagt, að maður hefði verið stunginn hnífi í Austurstræti. Lögreglumennirnir fóru á vettvang og lá þá maður á grúfu á götunni og ung stúlka að stumra yfir honum. Maður þessi, Karl Friðrik Bragason, kt. 171275-520, var fluttur á slysadeild Borgarspítalans. Nærstaddir höfðu brugðið við og haft hendur í hári þess sem talinn var hafa stungið Karl og héldu honum og afhentu lögreglunni. Var það ákærði í máli þessu. Ekki fannst hnífurinn sem talinn var hafa verið notaður, þrátt fyrir mikla leit, en mikið var af rusli á víð og dreif um götuna.

Ákærði var færður í fangageymslu og einnig var honum tekið blóð og þvag til alkóhólrannsóknar. Í blóði hans mældist annars vegar 1,14‰ og hins vegar 1,19‰ af vínanda en í þvagi 1,53‰.

Í vottorði Björns Þórs Sigurbjörnssonar, skurðlæknis á skurðdeild Borgarspítalans, segir, að Karl Friðrik hafi verið augljóslega undir áhrifum vímugjafa og vínlykt úr vitum hans. Þá segir í vottorðinu:

„Við skoðun koma í ljós fimm stungusár á baki ofanvert og eitt í hægri síðu. Sárið í hægri síðu og eitt milli herðablaða, heldur til vinstri við miðlínu, virðast við könnun með áhaldi, það djúp, að þau nái inn í brjósthol. Hin sárin eru grynnri og ná niður að eða í bakvöðva. Það er grunur um loftbrjóst hægra megin og jafnvel vinstra megin, mögulega áverkar á kvið frá hnífstungu í hægri síðu. Engin merki um áverka á höfði, hálsi eða útlimum sáust við fyrstu skoðun. Blóðtap er áætlað af aðstoðarlækni u.þ.b. 0,5 lítrar fyrir komuna.

Fljótlega eftir komu á slysadeild leiddi lungnamynd í ljós loftbrjóst bæði hægra megin og minna vinstra megin. Sett voru svokölluð thorax-dren sitt hvorum megin (plaströr lagt í gegnum brjóstvegg inn í brjósthol og ytri hluti rörsins síðan tengdur við sog), og lega þeirra síðan staðfest á nýrri lungnamynd. Enn fremur gerð röntgenrannsókn og ómrannsókn af kviðnum, en þær rannsóknir sýndu ekki áverkamerki í kviðarholi. Blóðprufur innan eðlilegra marka. Þar sem sjúklingurinn var stabíll m.t.t. starfsemi hjarta og blóðrásar, loftskipta, kviðarstatus, nýrnastarfsemi og þvagframleiðslu, meðvitund eðlileg m.t.t. áhrifa vímugjafa (áfengis), engin merki til staðar um annað alvarlegt ástand eða skaða en að ofan greinir og sjúklingur kominn í fullnægjandi meðferð vegna skaða sem að ofan greinir, var ekki talin ástæða til að taka pláss á gjörgæsludeild, heldur var sjúklingur talinn hæfur til innlagnar á almenna legudeild. Húðsárin saumuð á slysadeildinni og sjúklingur síðan lagður inn á almenna legudeild skurðdeildar. Líðan KFB er, um eftirmiðdaginn 25/7 93, eftir atvikum góð, verkir í lágmarki með hjálp pethidins (morfin-skylt verkjalyf), starfsemi hjarta- og blóðrásarkerfis eðlileg, lungnastarfsemi góð, þvagútskilnaður góður, meðvitund minnkuð af völdum verkjalyfja. Á fyrstu 6 klst. hafa komið u.þ.b. 900 ml blóðs í thorax-drenin samanlagt. Blóðhagur hans hefur þess vegna versnað nokkuð þennan fyrsta sólarhring.

Reikna má með að KFB muni þurfa að hafa thorax-drenin sítengd sogi í 5-6 daga a.m.k. og ætti hann að geta útskrifast til síns heimilis að þeim tíma liðnum, ef ekki koma til neinar komplikationir eða ný merki um áður óvitaða áverka.

Samantekt: Segja má að KFB hafi aðfaranótt 25/7 93 hlotið áverka, með þannig verkfæri og á þann líkamshluta, sem hæglega hefði getað valdið mun meiri skaða en raun bar vitni eða jafnvel fjörtjóni, og er líf og ástand sjúklings nú því að þakka að stunguvopnið ekki fór dýpra eða með annarri stefnu en í raun varð og því að hann komst til meðferðar svo fljótt sem í raun varð, enda var komuástand sjúklingsins, loftbrjóst og meðfylgjandi samfall á loftskiptandi lungnavef alvarlegt og jafnvel lífshótandi ástand og þörf skjótrar og fullnægjandi meðferðar mikil, eins og honum var hér veitt.“ Læknirinn hefur einnig skýrt frá því fyrir dóminum að Karl Friðrik hefði getað lifað 10-12 klukkustundir án þess að fá hjálp, en þó sé ekki heldur víst, að hann hefði dáið af áverkanum.

Ákærði hefur skýrt frá því, að hann hafi byrjað áfengisdrykkju um kl. átta kvöldið áður og drukkið fram eftir nóttu. Um nóttina, eftir kl. þrjú, muni hann eftir sér niðri í Austurstræti á tali við einhvern strák. Hafi þá bróðir hans, Atli Björgvin, sem þarna var staddur, kallað til sín og sagt að strákur, sem hann benti á, væri að angra sig. Hafi hann beðið ákærða um að kalla á vini sína sem þarna hafi verið í grenndinni. Kveðst hann hafa gengið til bróður síns og spurt hinn strákinn hvort hann væri að angra bróður hans. Strákurinn hafi engu svarað og bara brosað. Í þeim svifum hafi borið þarna að nokkra síðhærða pilta og kveðst ákærði hafa reynt að róa þá og spurt á þá leið hvort þeir væru ekki allir komnir til þess að skemmta sér. Einn piltanna, sem var með þykk gleraugu, hafi þá tekið í sig og farið með sig afsíðis. Hann hafi slitið sig frá stráknum og hlaupið aftur til bróður síns sem hafi staðið fyrir framan hóp af piltum. Í lögregluskýrslu, sem ákærði gaf síðdegis þennan sunnudag, segir hann sig muna, að hann hafi stokkið á einn af þessum piltum og fellt hann í götuna svo að hann lá þar alveg flatur. Hélt hann að þetta hefði verið sá sem hafði verið að angra bróður hans. Að minnsta kosti hefði hann ætlað að rjúka í hann. Kveðst hann hafa tekið upp fjaðurhníf sem hann bar á sér og stungið strákinn margsinnis með hnífnum þar sem hann lá. Kveðst hann hafa verið með lokuð augun meðan hann var að þessu en fundið að hnífurinn gekk inn í hold við síðasta lagið. Kveðst hann þá hafa opnað augun og áttað sig á því sem hann hafði gert og orðið mjög hræddur. Hafi hann staðið á fætur, brotið saman hnífinn og stungið í vasann að því er hann heldur. Hafi hann hlaupið á brott en verið felldur í götuna og haldið þar til lögreglan kom. Hér fyrir dóminum hefur hann sagt að hann hafi slitið sig frá piltinum og hlaupið aftur í áttina til bróður síns sem hafi staðið andspænis piltunum. Næst minnist hann þess að hann hafi legið í götunni og hafi einn pilturinn kropið yfir sér og hafi það verið sá sem fellt hafi hann í götuna. Hafi hann haldið, að þetta væri sá, sem hefði verið að angra bróður hans. Kveðst hann hafa tekið upp fjaðurhníf sem hann var með í buxnavasa og stungið strákinn með hnífnum þar sem hann lá. Ákærði kveðst aðeins muna eftir einni hnífstungu en kveður sig þó vita af því að þær hafi verið fleiri. Neitar hann því ekki að þær hafi verið sex.

Ákærði getur ekki skýrt hvarf hnífsins en telur hann hafa getað dottið úr vasa hans þegar hann var felldur í götuna.

Ákærði segist hafa beitt hnífnum af hræðslu við alla þessa stráka og hafi hann beitt hnífnum til þess að hrekja þá frá sér og ekki hafi vakað fyrir sér að svipta piltinn lífi. Hafi ekki hvarflað að sér þegar hann beitti hnífnum að hann gæti drepið piltinn. Ef hann hefði hugsað skýrt á þessari stundu hefði hann ekki stungið hann með hnífnum.

Karl Friðrik Bragason hefur skýrt frá því að hann hafi byrjað áfengisneyslu um miðnætti og því verið nokkuð undir áfengisáhrifum þegar atburðurinn varð en þó ekki mjög. Um rúmlega hálffjögurleytið hafi hann verið staddur á Lækjartorgi. Þar hafi verið hópur fólks. Skammt frá hafi tveir strákar staðið og rifist og ýtt hvor við öðrum, lítillega. Hann hafi ekki þekkt þá en þó vitað að annar þeirra sé kallaður Gummi. Skyndilega hafi ókunnugur strákur komið þarna að, æstur í fasi, og ætlað að skipta sér af þessu. Kveðst Karl Friðrik þá hafa ætlað sér að afstýra slagsmálum og gripið í axlir þess nýkomna og róa hann eins og honum hefði verið kennt í sambandi við dyravörslu, sem hann hefði unnið við. Þá kveðst hann muna eftir einhverjum orðaskiptum sínum þarna en ekki muna við hvern. Það hafi þó ekki verið neitt rifrildi. Um leið hefði strákurinn náð taki á öxl hans og getað dregið hann niður svo að þeir stóðu hoknir. Hann hafi svo fundið fyrir höggum í bakið og haldið að strákurinn væri að berja hann í bakið með einhverju áhaldi eða hnúajárnum. Hann hafi svo heyrt stúlkurödd segja: „Hann er með hníf!“ og þá ýtt stráknum frá sér og séð blóðugan hníf í hægri hendi hans. Við þetta hafi strákurinn misst hnífinn en tekið hann upp aftur og hlaupið á brott.

Atli Björgvin Oddsson, 16 ára bróðir ákærða, var þarna nærstaddur en sá ekki sjálf átökin. Hann hefur sagt að einhverjar ýfingar hafi orðið með sér og strák sem hann kannast við og kallaður er Kalli og spilar á trommur og er í „Sniglunum“. Hafi þetta verið í Austurstræti á móts við skemmtistaðinn Berlín. Ákærði hafi þá komið þarna að og spurt hvað strákurinn væri að abbast upp á bróður hans og hafi ákærði tekið við af sér að rífast við strákinn en sjálfur hafi hann hrökklast frá. Næst hafi hann séð það til ákærða að hann hljóp á brott og tveir strákar á hæla honum.

Vitnið Benedikt Jónsson hefur skýrt frá því að þar sem hann stóð rétt austan við pylsuvagninn í Austurstræti hafi hann veitt athygli tveimur piltum þar skammt frá og nær pylsuvagninum. Hafi annar þeirra virst vera að klappa hinum á bakið neðanvert og undir jakkanum að því er virtist. Sá vitnið þann pilt hníga niður og heyrði sagt að hann hefði verið stunginn. Í sömu andrá hafi hinn hlaupið á burt og annar piltur, sem vitnið kannaðist ekki við, hlaupið á eftir honum. Sjálfur hafi hann hlaupið á eftir þeim og séð að pilturinn virtist halda á hnífi í krepptum hnefa, líkustum fjaðurhnífi með svörtu skafti. Þeir hafi náð pilti þessum og fellt til jarðar og haldið honum þar til lögreglan kom. Hafi pilturinn þá ekki verið með neinn hníf.

Vitnið Ólafur Hafsteinsson var staddur í Austurstræti. Hafi þá kallað til hans strákur sem kallaður sé Kalli og sé í „Sniglunum" og kveðst vitnið hafa farið til hans. Hafi Kalli verið að rífast við tvo stráka sem vitnið þekkir ekki. Kveðst hann hafa tekið annan þessara pilta afsíðis og beðið hann að vera ekki að skipta sér af þessu. Þegar hann hafi snúið sér við hafi hann séð að Kalli og hinn strákurinn voru í áflogum. Hafi Kalli verið hálfboginn og við það að falla í götuna en strákurinn virst vera að berja hann í bakið. Hafi hann verið með eitthvað silfurlitað í hendi. Hafi Kalli haldið um kviðinn vinstra megin. Vitnið kveðst hafa hlaupið á eftir stráknum og náð honum við járnhliðið, sem er við Dómhússdyrnar, og fellt hann til jarðar. Fleiri hafi komið að og hjálpað til við að halda stráknum þar til lögreglan kom.

Vitnið Guðmundur Ragnarsson stóð við pylsuvagninn og kveðst hann hafa hitt Karl Friðrik þarna. Hafi Karl beðið þá Ólaf Hafsteinsson að hjálpa sér þar sem strákar ætluðu að berja hann. Hafi Karl bent á einn þeirra og sagt að það væri aðallega sá. Kveðst vitnið hafa tekið um axlir piltinum og gengið með hann nokkra metra frá. Pilturinn hefði svo hlaupið frá sér og aftan að Karli og slegið hann 7-8 sinnum í bakið. Hafi glitt á eitthvað í hendi piltsins en vitnið kveðst ekki hafa áttað sig á því að verið væri að stinga með hnífi. Hafi þeir báðir staðið í fæturna meðan á fyrstu höggunum gekk en síðan hafi Karl Friðrik lagst í götuna. Þeir Ólafur hafi hlaupið á eftir stráknum og náð honum og yfirbugað.

Niðurstaða.

Með því, sem rakið er hér að ofan, er sannað að ákærði stakk Karl Friðrik Bragason sex sinnum með hnífi með þeim afleiðingum sem rækilega er lýst í ákæru og læknisvottorði. Verður að telja, að þessi árás hans hafi verið af litlu tilefni. Verður að hafna þeirri frásögn hans hér fyrir dómi að Karl Friðrik hafi fellt hann í götuna og kropið yfir honum þegar ákærði stakk hann, enda rekst hún á fyrri skýrslu hans í málinu og framburð annarra. Ákærða hlaut að vera ljóst að hnífstungurnar gátu hæglega orðið Karli Friðriki að bana. Hefur hann með þessu orðið sekur um brot gegn 211. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

Einar Gautur Steingrímsson hdl. hefur í bréfi, dagsettu 17. ágúst sl., krafist þess fyrir hönd Karls Friðriks Bragasonar að ákærði verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 1.090.081 í skaðabætur ásamt dráttarvöxtum. Ekki er getið upphafsdags vaxta. Er krafan sundurliðuð sem hér segir:

Þegar útlagður kostnaður	kr.	2.100
Fatnaður	kr.	2.500
Miskabætur	kr.	1.000.000
Lögmannskostnaður	kr.	68.660
Vsk.	kr.	16.821

Í bréfi þessu segir að lokum að áskilinn sé réttur til þess að koma að frekari rökstuðningi fyrir kröfunni á síðari stigum málsins og höfða sérstakt bótamál á hendur ákærða. Ekki fylgdu bréfi þessu nein gögn um fjárhagstjón Karls Friðriks af völdum ákærða. Í öðru bréfi, dagsettu 27. f.m., segir að þau leiðu mistök hafi orðið í fyrra bréfi að láðst hafi að krefjast bóta fyrir skemmdir á leðurjakka sem Karl Friðrik var í. Sé því krafist 30.000 króna til viðbótar fyrri kröfu. Ekki fylgdu bréfinu nein gögn um verðmæti jakkans. Ekki var mætt í málinu af hálfu lögmannsins til þess að skýra kröfuna frekar.

Meðal sakargagna er rækileg skýrsla tæknideildar Rannsóknarlögreglu ríkisins um fatnað Karls Friðriks Bragasonar. Kemur þar fram að jakkinn er svartur leðurjakki, mótorhjólajakki, nokkuð slitinn með þrjú stungugöt á baki. Karl Friðrik hefur einnig sýnt jakkann í dóminum og upplýst að hann hafi keypt hann fyrir tveimur árum í Bretlandi fyrir um 21.000 krónur. Þá kemur fram í skýrslunni, að síðerma baðmullarskyrta og nærbolur hans hafi eyðilagst. Er þetta einnig allt glöggt af ljósmyndum í málinu.

Vísa ber frá kröfuliðnum um útlagðan kostnað vegna vanreifunar. Aftur á móti þykir hæfilegt að dæma ákærða til þess að greiða Karli Friðriki 6.000 krónur fyrir fataskemmdir og 300.000 krónur í miskabætur. Þá þykir með heimild í 4. mgr. 172. gr. oml. mega dæma ákærða til þess að greiða Karli Friðriki 3.000 krónur í bætur vegna lögmannsaðstoðar. Er þá höfð hliðsjón af því hvernig staðið hefur verið að kröfugerðinni. Vaxtakrafa er óljós og ber að vísa henni frá dómi.

Viðurlög.

Ákærði hefur ekki áður gerst sekur um refsivert athæfi. Vegna ungs aldurs hans þykir refsing hans vera hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár og sex mánuði. Frá refsingunni ber að draga 13 daga gæsluvarðhaldsvist sem hann hefur sætt vegna málsins.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun til Arnar Clausen hrl., 60.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Davíð Trausti Oddsson, sæti fangelsi í tvö ár og sex mánuði. Frá refsingunni er dregin 13 daga gæsluvarðhaldsvist hans.

Ákærði greiði Karli Friðriki Bragasyni, kt. 171275-520, 309.000 krónur í skaðabætur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun til Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Fimmtudaginn 24. mars 1994.

Nr. 12/1994. **Ákæruvaldið**
(Egill Stephensen saksóknari)
gegn
Eiríki Rúnari Oddssyni
(Örn Clausen hrl.)

Nauðgun. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Hjörtur Torfason og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. janúar 1994 að kröfu ákærða og einnig af hálfu ákæruvaldsins. Ákærði krefst sýknu, en af hálfu ákæruvaldsins er krafist staðfestingar héraðsdóms um sakfellingu og sakarkostnað, en að refsing verði þyngd og miskabætur dæmdar 750.000 krónur auk vaxta.

Ákærði hefur ekki áður gerst sekur um refsivert brot, sem hér skiptir máli.

Staðfesta ber hinn áfrýjaða dóm um sakfellingu ákærða og heimfærslu brots til 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992, sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga, svo og um sakarkostnað. Þá ber að staðfesta úrlausn héraðsdómara um bætur til handa R með vöxtum, eins og í héraðsdómi greinir.

Aðkoma á vettvangi og læknisvottorð benda til langvarandi atlögu ákærða að konunni. Með hliðsjón af því ber að þyngja refsingu þá, sem ákveðin var í héraði, og telst hún hæfileg fangelsi 2 ár. Staðfest er, að gæsluvarðhaldsvist ákærða komi til frádráttar, eins og í héraðsdómi greinir.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun máls þessa, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Eiríkur Rúnar Oddsson, sæti fangelsi 2 ár, en gæsluvarðhaldsvist hans frá 10. október 1992 til 16. sama mánaðar komi til frádráttar með fullri dagatölu.

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um skaðabætur og sakarkostnað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun máls þessa, þar með talin saksóknarlaun, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar

Að athuguðu því, sem upplýst er um málsatvik, og svo hinu, að ákærði hefur ekki áður gerst brotlegur við almenn hegningarlög, tel ég refsingu hans hæfilega tiltekna eins og á var kveðið í hinum áfrýjaða dómi, fangelsi 12 mánuði. Um aðrar niðurstöður er ég samþykkur atkvæði annarra dómenda.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 21. desember 1993.

Ár 1993, þriðjudaginn 21. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur sem háð er af Allani Vagni Magnússyni héraðsdómara í Dómhúsinu við Lækjartorg, kveðinn upp dómur í málinu nr. 393/1993: Ákæruvaldið gegn Eiríki Rúnari Oddssyni, sem dómtekið var 15. desember sl.

Mál þetta var höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 20. júlí 1993, á hendur Eiríki Rúnari Oddssyni, Brákarbraut 1, Borgarnesi, kt. 250846-4259, „fyrir kynferðisbrot og líkamsárás, með því að hafa á tímabilinu frá því um kl. 4 aðfaranótt 10. október 1992 og fram til um kl. 7 að morgni þess dags í kirkjugarðinum við Suðurgötu í Reykjavík ráðist með ofbeldi á R, fædda árið 1938, og reynt að þröngva henni til samræðis og jafnframt neytt hana til annarra kynferðismaka en samræðis og kom við þetta til átaka milli þeirra, en er lögreglumenn komu á vettvang um kl. 7 um morguninn, lá R á jörðinni nær fatalaus, kallandi á hjálp, og stóð ákærði þá yfir henni með getnaðarlim sinn utan klæða. Afleiðing árásar á R urðu þær, að hún hlaut kurlað brot á miðkjúku litlafingurs vinstri handar og hlaut áverka um allan líkamann, klór, mar og rispur í andliti, rispur og klór undir vinstra brjósti og yfir lífbeini, miklar afrifur, rispur, klór og marbletti á báðum hnjám og niður eftir báðum leggjum, alveg niður á tær, rispur í húð, marbletti og smáskurði allt frá hnakka og niður á hæla og í klofi og ytri kynfærum fundust mikil óhreinindi.

Framangreint kynferðisafbrot ákærða telst aðallega varða við 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992, en til vara telst háttsemi ákærða annars vegar varða við sama lagaákvæði beint, að því er lýtur að öðrum kynferðismökum en samræði, og hins vegar við 194. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga, varðandi þá háttsemi að reyna að þröngva R til samræðis.

Framangreind líkamsárás telst varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Í málinu gerir R kröfu um, að ákærði verði dæmdur til greiðslu bóta, að fjárhæð kr. 750.000, auk hæstu leyfilegra vaxta frá 20. október 1992 til greiðsludags".

– – –

Niðurstaða.

Er vitnin Jónas Ragnar Helgason og Helgi Gunnarsson lögreglumenn komu á vettvang í kirkjugarðinum við Suðurgötu að morgni 10. október 1992, sáu þeir konuna, sem var í bol og einum sokk, en að öðru leyti nakin, og ákærða í námunda við hana með getnaðarlim sinn utan klæða. Bæði vitnin kváðu konuna hafa verið mjög hrædda og voru reyndar neyðaróp frá henni tilefni þess að þeir fóru á vettvang.

Þá kemur fram í skýrslu vitnisins Benedikts Sveinssonar kvensjúkdómalæknis, sem skoðaði konuna sama dag, að hún var öll rispuð og klóruð, sem einnig má sjá af ljósmyndum, sem teknar voru af henni, og í skýrslu sinni sagði læknirinn, að hún hefði öll borið þess merki, að hún hefði lent í einhverjum ryskingum. Hvers konar, vissi hann ekki, en mjög ósennilegt væri, að nokkur veitti sér slíka áverka sjálfur, af því að þeir voru svo útbreiddir og á þeim stöðum, sem fólk veiti sér yfirleitt ekki áverka.

Þá bendir frásögn læknisins af gynskoðun á konunni til þess að óhreinindi í klofi hennar og kynfærum hafi ekki komist þangað nema fyrir tilverknað annars aðila en hennar sjálfrar.

Lýsing ástands konunnar í læknisvottorði vitnisins Leifs Jónssonar, læknis á slysadeild Borgarspítalans, er mjög á sama veg og skýrsla vitnisins Benedikts Sveinssonar læknis, auk þess sem þar kemur fram að konan hafi kurlað brot á miðkjúku litla fingurs vinstri handar.

Í málinu eru ljósmyndir og uppdráttur af vettvangi, og í þeim gögnum kemur fram, að föt konunnar voru dreifð um nokkurt svæði.

Enn fremur kemur fram, að föt hennar voru rifin.

Þá hefur ákærði orðið tvísaga um það hvernig hann hlaut áverka í andlit og þykir það samrýmast öðrum gögnum málsins að konan hafi veitt honum hann með því að sparka framan í hann í átökum þeirra.

Öll þessi atriði benda ótvírætt í þá átt að átök hafi orðið með ákærða og konunni og að ákærði hafi ætlað að koma vilja sínum fram við konuna að henni nauðugri.

Það er álit dómsins að ákærði hafi gerst sekur um tilraun til þess að hafa samræði við konuna án vilja hennar og hafi með því athæfi sínu gerst brotlegur við 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992, sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga. Þá gerðist ákærði sekur um líkamsárás með því að brjóta miðkjúku vinstra litlafingurs konunnar í átökum þeirra og gerðist hann með því brotlegur við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði hefur ekki áður gerst sekur um brot sem hér skiptir máli.

Refsing ákærða ákveðst fangelsi í 12 mánuði en gæsluvarðhaldsvist hans frá 10. október 1992 til 16. sama mánaðar kemur til frádráttar með fullri dagatölu.

R hefur krafist greiðslu á 750.000 krónum í miskabætur úr hendi ákærða og þegar litið er til þess hversu alvarleg meingerð hans er gagnvart henni þykja bætur hæfilega ákveðnar 600.000 krónur með vöxtum eins og greinir í dómsorði.

Loks verður ákærði dæmdur til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóhannesar Sigurðssonar hdl., 100.000 krónur, og 80.000 krónur í saksóknarlaun sem renna í ríkissjóð.

Dómsorð:

Ákærði, Eiríkur Rúnar Oddsson, sæti fangelsi í 12 mánuði, en gæsluvarðhaldsvist hans frá 10. október 1992 til 16. sama mánaðar kemur til frádráttar með fullri dagatölu.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 70.000 krónur, og þóknun verjanda síns, Jóhannesar Sigurðssonar hdl., 100.000 krónur.

Ákærði greiði R 600.000 krónur í bætur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 10. október 1992 til dómsuppsögudags, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá dómsuppsögudegi til greiðsludags.

Föstudaginn 25. mars 1994.

Nr. 142/1994. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Hrafnkeli Helgasyni

Kærumál. Gæsluvarðhaldsúrskurður felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála með kæru 23. mars sl., er barst Hæstarétti ásamt kærumálsgögnum sama dag. Krefst hann þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar. Reisir hann kröfu um gæsluvarðhald á a-lið 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt vottorð Guðmundar Vikars Einarssonar, læknis á handlækningadeild Landspítalans, dagsett 24. mars 1994. Þar segir um áverka árásarþola: „. . . Í ljós hefur komið að XI. rif vinstra megin hefur brotnað. Vinstra nýra rifnaði með blæðingu í aftari kviðvegg. Jafnframt hlaut sjúklingur brot á andlitsbein hægra megin. . . . . Hann hefur ekki þurft að gangast undir aðgerð. . . . Á þessu stigi málsins er ekki hægt að segja fyrir um batahorfur, sennilegt er þó að hann muni ná sér þó alltaf séu möguleikar á einhverjum eftirköstum við svona áverka.“

Varnaraðili er undir rökstuddum grun um aðild að líkamsárás. Skilyrðum a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um gæsluvarðhaldsvistun hans var fullnægt á þeim tíma, er málið var til meðferðar fyrir héraðsdómi. Í hinum kærða úrskurði kom fram, að rannsókn málsins væri á frumstigi og ekki hefði náðst til þriðja aðila, er tengdist því. Sóknaraðili hefur ekki gert Hæstarétti grein fyrir framvindu málsins að þessu leyti, en nú er liðið á sjötta dag frá atlögunni. Í ljósi þessa hefur ekki verið sýnt fram á, að þörf sé lengra gæsluvarðhalds vegna rannsóknarinnar.

Eins og máli þessu er háttað, er ekki nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna, að varnaraðili sæti gæsluvarðhaldi á grundvelli 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Samkvæmt framansögðu ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi frá og með uppsögu dóms þessa.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 20. mars 1994.

Ár 1994, sunnudaginn 20. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sigurjónu Símonardóttur, fulltrúa dómstjóra, kveðinn upp úrskurður þessi:

Ríkissaksóknari hefur krafist þess, að Hrafnkeli Helgasyni, kt. 250877-4479, Fífuseli 29, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi í 45 daga, til miðvikudagsins 4. maí nk. kl. 16.00, vegna grunar um brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Aðfaranótt sunnudagsins 20. mars var brotist inn í Söluturninn Straumnes, Vesturbergi 76, Reykjavík, og m. a. stolið peningum. Vegfarandi, sem átti leið hjá, sá, að dyr söluturnsins voru opnar, og sá tvo pilta fyrir innan afgreiðsluborðið. Í kjölfarið sá hann þrjá pilta yfirgefa söluturninn og taka á rás. Elti hann piltana og náði þeim aftasta og gat haldið honum. Kveður hann hina tvo piltana hafa snúið við og gengið í skrokk á sér og spörkuðu þeir m.a. í síðu hans. Samkvæmt bráðabirgðalæknisvottorði, sem liggur frammi í réttinum, er árásarþolinn rifbeinsbrotinn og með brot í gagnaugabeini; auk þess hefur hann hlotið innvortis meiðsli, m. a. mar í nýra og blæðingar í kringum nýrað. Í kröfugerð Rannsóknarlögreglu ríkisins kemur fram að ekki sé enn ljóst hvort gera þurfi aðgerð á árásarþola til að draga úr blæðingum. Er því ekki unnt á þessu stigi að meta hvort og hve miklar varanlegar afleiðingar árásin kann að hafa. Árásarþolinn hefur borið, að sá, sem hafi gengið mest í skrokk á honum, m. a. með spörkum í síðu hans, hafi verið með basthatt á höfði. Í skýrslu, sem kærði gaf hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins fyrr í dag, kveðst hann hafa verið með stráhatt á höfði, þegar hann braust inn í söluturninn.

Samkvæmt framansögðu þykir rökstuddur grunur leika á því að kærði hafi tekið þátt í framangreindri líkamsárás sem verður að teljast mjög hættuleg.

Brot það, sem kærða er gefið að sök, getur varðað hann fangelsi allt að 16 árum skv. 2. mgr. 218. gr. laga nr. 19/1940.

Rannsókn málsins er á frumstigi og ekki hefur enn náðst til þriðja aðilans í máli þessu.

Með vísan til framanritaðs og með skírskotun til 1. mgr. a-liðar og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 ber að taka kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins til greina um gæsluvarðhald yfir kærða eins og hún er fram sett.

Úrskurðarorð:

Kærði, Hrafnkell Helgason, sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 4. maí nk. kl. 16.00.

Föstudaginn 25. mars 1994.

Nr. 134/1994. **Þrotabú Skrifstofuvéla hf.**
(Sigurmar K. Albertsson hrl.)
gegn
Ægi V. Ármannssyni
(Sigmundur Hannesson hrl.)

Kærumál. Skuldaröð. Vextir. Gjaldþrotalög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. með kæru 8. mars 1994, sem barst réttinum 17. sama mánaðar. Hann krefst þess, að „áföllnum vöxtum eftir upphafsdag skipta þann 4.7.1990 af kröfu sóknaraðila í héraði skuli skipa með eftirstæðum kröfum eftir reglum 114. gr. l. 21/1991“. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Eins og rakið er í úrskurði héraðsdóms, höfðaði varnaraðili mál gegn Skrifstofuvélum hf. tæpum mánuði fyrir töku bús félagsins til gjaldþrotaskipta til heimtu launa vegna uppsagnar úr starfi. Sóknaraðili tók við rekstri málsins og ákvað að halda uppi vörnum. Varnaraðili byggir á því, að með þessari ákvörðun hafi sóknaraðili í raun samið svo um, að krafa varnaraðila um dráttarvexti af dæmdri kröfu eftir upphafsdag skipta 4. júlí 1990 skyldi njóta forgangs á grundvelli 3. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991. Hann telur, að önnur niðurstaða fæli í sér mismunun milli sín og þeirra kröfuhafa, sem áttu óumdeildar launakröfur í bú sóknaraðila og fengu þær greiddar skömmu eftir gjaldþrot.

Á það verður ekki fallist, að ákvörðun sóknaraðila um varnir í dómsmáli jafngildi samningi skiptastjóra við varnaraðila með þeim réttaráhrifum, sem leidd verða af 3. tl. 110. gr. laga um gjaldþrotaskipti. Þá verður ekki heldur talið, að þessi ákvörðun hafi bakað varnaraðila tjón í skilningi ákvæðisins. Það felur í sér undantekningu frá hinum almennu lagareglum um skuldaröð við skipti þrotabúa og verður að skýra það þröngt. Það er hins vegar meginregla, að jafnræði skuli ríkja með lánardrottnum eftir upphaf skipta, og á það ekki síður við um þá kröfuhafa, sem sækja rétt sinn á hendur þrotabúi með málsókn. Samkvæmt skýlausu ákvæði 1. tl. 114. gr. laga nr. 21/1991 verða þeir eins og aðrir að sæta því, að þeir vextir, sem til hafa fallið eftir töku bús til gjaldþrotaskipta, standi að baki öllum öðrum kröfum samkvæmt 109. – 113. gr. laganna. Það haggar ekki þessari niðurstöðu, að launþegar með viðurkenndar launakröfur fá þær greiddar tiltölulega skjótt, sbr. nú lög nr. 53/1993 um ábyrgðarsjóð launa vegna gjaldþrota.

Samkvæmt framansögðu ber að fallast á kröfu sóknaraðila og dæma honum málskostnað í héraði og kærumálskostnað, eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Krafa varnaraðila, Ægis V. Ármannssonar, um dráttarvexti samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur 24. október 1991 í málinu nr. 10063/1990 eftir 4. júlí 1990 til greiðsludags er viðurkennd sem eftirstæð krafa í þrotabú Skrifstofuvéla hf.

Varnaraðili skal greiða sóknaraðila, þrotabúi Skrifstofuvéla hf., 80.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 24. febrúar 1994.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 4. febrúar, var þingfest þann 10. desember 1993 til úrlausnar um ágreining um viðurkenningu lýstra krafna Ægis V. Ármannssonar, Benedikts R. Lövdahl og Kristjáns Þ. Ingvarssonar í þrotabúið.

Í þinghaldi þann 10. desember sl., er málið var þingfest, var ákveðið að aðeins einn af sóknaraðilum, Ægir V. Ármannsson, ræki málið þar sem málin eru öll samkynja og að niðurstaða varðandi það mál yrði bindandi varðandi mál hinna tveggja.

Sóknaraðili gerir þær kröfur að kröfur hans á hendur varnaraðila skv. dómi bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 10063/1990 um greiðslu dráttarvaxta eftir upphafsdag skipta hinn 4. júlí 1990 verði viðurkenndar sem forgangskröfur skv. 3. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. við úthlutun úr búi varnaraðila. Jafnframt krefst sóknaraðili málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins.

Varnaraðili gerir þær kröfur að öllum kröfum sóknaraðila verði hrundið og að þrotabúinu verði tildæmdur málskostnaður að mati réttarins.

Málsatvik.

I.

Málsatvik eru þau, að sóknaraðili höfðaði mál á hendur Skrifstofuvélum GJJ hf. með stefnu, birtri þann 8. júní 1990, vegna ólögmætrar uppsagnar úr starfi. Bú hlutafélagsins var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði, upp kveðnum þann 4. júlí 1990, og var kröfum sóknaraðila lýst í búið. Skiptastjóri hafnaði kröfunum og vísaði til þess að mál vegna ágreinings milli sóknaraðila og Skrifstofuvéla GJJ hf. væri rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur og tók varnaraðili við rekstri þess máls. Í dómi, sem kveðinn var upp um ágreiningsefnið í bæjarþingi Reykjavíkur þann 24. október 1991, segir í dómsorði að: „Stefndi, þrotabú Skrifstofuvéla GJJ hf., greiði stefnanda, Ægi V. Ármannssyni, kr. 319.589,- með dráttarvöxtum frá 1. febrúar 1990 til greiðsludags og kr. 125.000,00 í málskostnað að viðbættum dráttarvöxtum frá 8. nóvember 1991 til greiðsludags.“ Sóknaraðili sendi skiptastjóra útreikning dómsins, þar sem vextir voru reiknaðir til 01.11. 1991, 31. október 1991. Þeim útreikningi var hafnað af skiptastjóra og jafnframt var lögmanni sóknaraðila tilkynnt að ef haldið yrði fast við þessar kröfur yrði málinu áfrýjað. Lögmaður sóknaraðila sendi skiptastjóra fleiri bréf með nýjum vaxtaútreikningi þar sem vextir voru reiknaðir til greiðsludags. Skiptastjóri féll þó frá því að áfrýja dóminum og hinn 27. apríl 1993 greiddi skiptastjóri höfuðstól skuldarinnar ásamt vöxtum, þ.e. kr. 37.684,-, til upphafsdags skipta hinn 4. júlí 1990 auk málskostnaðar án vaxta og vsk.

Halldór Birgisson hdl., aðstoðarmaður skiptastjóra, gaf skýrslu fyrir réttinum.

II.

Sóknaraðili kveður ágreining málsaðila lúta að því, hvort varnaraðila sé skylt að greiða dráttarvexti eftir upphafsdag skipta hinn 4. júlí 1990 skv. dómi bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 10063/1990, en það mál hafi verið höfðað til innheimtu vangreiddra launa vegna ólögmætrar uppsagnar, áður en bú varnaraðila hafi verið tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrota. Kröfum sóknaraðila í bú varnaraðila hafi verið hafnað af skiptastjóra og ákvörðun tekin um það að halda uppi vörnum í málinu af hálfu búsins. Hefði þessi ákvörðun skiptastjóra ekki komið til, hefði sóknaraðili fengið launakröfur sínar greiddar ásamt öðrum launþegum sem hafi fengið launakröfur sínar greiddar strax um sumarið 1990. Dómur hafi fallið sóknaraðila í hag, og kveði hann skýrt á um greiðsluskyldu varnaraðila, þ.á m. greiðslu dráttarvaxta til greiðsludags. M.ö.o. hafi sóknaraðili mátt líta svo á að með ákvörðun sinni um að halda uppi vörnum í málinu hafi skiptastjóri í raun samið svo um f.h. varnaraðila að kröfur sóknaraðila um dráttarvexti eftir upphafsdag skipta skyldu njóta forgangs við úthlutun úr búi varnaraðila á grundvelli 3. tl. 110. gr. laga um gjaldþrotaskipti. Með því móti væri verið að tryggja það, að allir launþegar, sem hafi átt inni ógreidd laun við töku bús varnaraðila til gjaldþrotaskipta, sætu við sama borð og nytu jafnræðis. Verði ekki á þá málsástæðu fallist að kröfur sóknaraðila skuli njóta forgangs við úthlutun úr búi varnaraðila á grundvelli 3. tl. 110. gr. vegna ákvörðunar skiptastjóra um að halda uppi vörnum í málinu skv. framansögðu, þá byggir sóknaraðili á því að kröfur sóknaraðila njóti forgangs á grundvelli sömu greinar vegna tjóns, sem búið hafi bakað sóknaraðila.

Með ákvörðun varnaraðila um að halda uppi vörnum hafi sóknaraðili orðið fyrir tjóni/vaxtatapi vegna þess dráttar sem orðið hafi á því að hann fengi launakröfur sínar greiddar. Til þess að bæta sóknaraðila tjón hans beri varnaraðila að bæta sóknaraðila vaxtatap hans, svo sem dómur bæjarþings kveði skýrt á um, með því að greiða vexti til greiðsludags.

III.

Varnaraðili kveður að þegar bú Skrifstofuvéla hf. hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta þann 4. júlí 1990 hafi skiptastjóra verið gert viðvart um málaferli, sem hafist höfðu fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, og þá hefðu forráðamenn hins gjaldþrota félags þá þegar tekið saman varnargögn og málið verið að mestu tilbúið af þeirra hálfu. Hafi því í ljósi þessa og aðallega með tilliti til efnisatriða málsins þótt rétt að taka til varna af hálfu þrotabúsins. Kröfur þrotabúsins hafi verið sýkna, en til vara lækkun krafna.

Þrotabúið hafi tapað málinu og hafi komið til alvarlegrar íhugunar að áfrýja öllum málunum til Hæstaréttar. Þrátt fyrir það hafi verið ákveðið að áfrýja ekki og hafi það sjónarmið verið látið ráða að tefja ekki fyrirhuguð skiptalok. Fljótlega eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafi lögmaður sóknaraðila gert kröfur í samræmi við niðurstöðu dómsins og að vextir yrðu greiddir til greiðsludags. Þeirri kröfu hafnaði skiptastjóri með vísan til 86. gr. laga nr. 6/1987 (nú 114. gr. laga nr. 21/1991). Jafnframt hafi lögmanni sóknaraðila verið tilkynnt að ef haldið yrði fast við þessar kröfur yrði málinu áfrýjað. Niðurstaðan af deilum þeirra hafi síðar orðið á þá leið að skiptastjóri taldi hafa komist á samkomulag um að vextir greiddust til upphafsdags skipta og þrotabúið félli frá öllum hugleiðingum um áfrýjun dómsins.

Samkomulag þetta hafi ekki verið skriflegt, en viðstaddur símtal skiptastjóra og lögmanns sóknaraðila hafi verið Halldór Birgisson hdl.

Varnaraðili bendir á til stuðnings kröfum sínum að þrátt fyrir orðalag dómsorðs í bæjarþingsmálinu geti sóknaraðili ekki fengið betri rétt en leiða megi af 114. gr. laga nr. 21/1991. Hann bendir á, að við gjaldþrot sé iðulega lýst kröfum eftir dómum, þar sem dómsorð séu að niðurstöðu á þá leið að vextir skyldu greiðast til greiðsludags. Aldrei hafi það orðið til þess að ágreiningur hafi risið um að kröfum sé skipt upp með tilliti til upphafsdags skipta á þann hátt að áfallnir vextir þann dag skuli teljast almenn eða eftir atvikum forgangskrafa, en vextir eftir upphafsdag skipta eftirstæð krafa. Í þessu tilviki eigi það ekki að skipta sköpum, þó að búið taki til varna og haldi fram í þeim málum eðlilegum málsástæðum og málaferlin réttlætanleg á allan hátt, þó svo að niðurstaðan hefði orðið búinu í óhag. Einnig sé á það bent að lögmaður sóknaraðila lýsi kröfum f.h. umbj. sinna með tilliti til lagareglna og reikni vexti til upphafsdags skipta.

Þá byggir varnaraðili á þeirri fullyrðingu að skiptastjóri og lögmaður sóknaraðila hafi orðið ásáttir um að skilja bæri dómsorðið á þann hátt að vexti skyldi einungis greiða til upphafsdags skipta og ekki yrði um áfrýjun dómsins að ræða af hálfu þrotabúsins og þræta vegna vaxta félli niður. Þá sé það málsástæða af hálfu varnaraðila að hann telji að sóknaraðila séu aðrar leiðir færar ef hann telji umbjóðendur sína hafa orðið fyrir vaxtatapi vegna þessa máls. Sé hér átt við 1. mgr. 5. gr. laga nr. 53/1993, sem séu samsvarandi ákvæðum eldri laga um sama efni, en sóknaraðili hafi ekki gert kröfu til ábyrgðarsjóðs launa þrátt fyrir tilkynningu skiptastjóra til sjóðsins. Varnaraðili mótmælir sjónarmiðum sóknaraðila vegna 3. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991, enda sé ekki um skaðabótaskyldu að ræða þó að farin hafi verið sú leið að fá úrlausn dómara um fullkomlega eðlilegan ágreining og sjónarmið varnaraðila í dómsmáli hafi ekki náð fram að ganga og hann tapað málinu.

Niðurstaða.

Hinn efnislegi ágreiningur í máli þessu snýr að því hvort krafa sóknaraðila til dráttarvaxta eftir upphafsdag skipta til greiðsludags njóti forgangs sem krafa skv. 3. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991 eða hvort um sé að ræða eftirstæða kröfu skv. 114. gr. sömu laga, en samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur, sem upp kveðinn var 24. október 1991, var kveðið á um greiðslu dráttarvaxta af ofangreindri kröfu frá 1. febrúar 1990 til greiðsludags.

Í 3. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991 er kveðið á um rétthæð krafna sem orðið hafa til á hendur þrotabúinu eftir uppkvaðningu úrskurðar héraðsdómara um töku búsins til gjaldþrotaskipta, með samningum skiptastjóra eða vegna tjóns sem búið bakar öðrum.

Eins og fram kemur í málinu, tók skiptastjóri þá ákvörðun, skömmu eftir að bú Skrifstofuvéla hf. var tekið til gjaldþrotaskipta, að taka til varna í máli því sem sóknaraðili hafði þá þegar höfðað á hendur fyrirtækinu vegna vangoldinna launa. Í ljósi þess var kröfulýsingu hans um greiðslu launa hafnað af skiptastjóra og vísað til „bæjarþingsmálsins" sem í gangi var.

Af orðalagi 3. tl. 110. gr. gþl. má ráða að ákvæðið taki til samninga, sem skiptastjóri geri eftir uppkvaðningu úrskurðar, eða tjóns sem búið baki öðrum. Þótt ekki hafi verið um samning skiptastjóra að ræða í þessu tilviki, verður að líta til þess að sú ákvörðun, sem skiptastjóri tók um að halda uppi vörnum í málinu, eftir að búið var tekið til gjaldþrotaskipta, hlaut að leiða til þess að þrotabúið yrði skuldbundið til þess að una þeirri niðurstöðu sem dómur kæmist að, eða áfrýja dómnum ella. Það var ekki gert og hefur varnaraðili vísað til þess að sú ákvörðun að áfrýja ekki dómi undirréttar hafi verið liður í smkomulagi milli sóknaraðila og varnaraðila á þá lund að sóknaraðila yrðu einungis greiddir dráttarvextir til upphafsdags skipta, gegn því að dómi undirréttar yrði ekki áfrýjað.

Ekkert hefur komið fram í gögnum málsins sem rennir stoðum undir þetta samkomulag, og ekki er unnt að byggja sönnun fyrir tilvist þessa samkomulags á framburði aðstoðarmanns skiptastjóra fyrir réttinum. Verður því fullyrðing skiptastjóra um tilvist þessa samkomulags að teljast ósönnuð.

Með hliðsjón af ofangreindu ber því að fallast á að kröfur sóknaraðila á hendur varnaraðila skv. dómi bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 10063/1990 um greiðslu dráttarvaxta eftir upphafsdag skipta hinn 4. júlí 1990 verði viðurkenndar sem forgangskröfur skv. 3. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991. Samkvæmt þessari niðurstöðu greiði varnaraðili sóknaraðila kr. 40.000,- í málskostnað.

Ingveldur Einarsdóttir, fulltrúi dómstjóra, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfur sóknaraðila, Ægis V. Ármannssonar, á hendur varnaraðila, þb. Skrifstofuvéla hf., skv. dómi bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 10063/1990 um greiðslu dráttarvaxta eftir upphafsdag skipta þann 4. júlí 1990 eru viðurkenndar sem forgangskröfur skv. 3. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991.

Varnaraðili greiði sóknaraðila kr. 40.000,00 í málskostnað.

Mánudaginn 28. mars 1994.

Nr. 146/1994. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Bergþóru Guðmundsdóttur
(Sigurbjörn Magnússon hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. C-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. mars sl., er barst Hæstarétti ásamt kærumálsgögnum næsta dag. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og sér dæmdur kærumálskostnaður.

Sóknaraðili krefst staðfestingar á úrskurði héraðsdómara.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 23. mars 1994.

Ár 1994, miðvikudaginn 23. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgarspítalanum í Reykjavík af Ingveldi Einarsdóttur fulltrúa dómstjóra, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur lagt fram kröfu þess efnis að Bergþóru Guðmundsdóttur, kt. 161161-3069, Grettisgötu 56a, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 6. maí nk. kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 1. mgr. 155. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

Bergþóra Guðmundsdóttir var handtekin af lögreglunni í Reykjavík þann 21. mars sl. vegna grunar um tékkafals að undanförnu. Við yfirheyrslur hjá RLR játaði hún fölsun og notkun á þremur fölsuðum tékkum í febrúar sl., samtals að fjárhæð kr. 80.000,-, auk þess sem hún gekkst við að hafa stolið og falsað framsal á tékka, að fjárhæð kr. 30.000,-, sem hún notaði þann 29.11.1993.

Þá játaði hún fyrir réttinum að hafa ritað og notað tékka, að fjárhæð kr. 25.000,00, í viðskiptum þann 10. febrúar 1994 við verslunina Byggt og búið, Kringlunni, en tékkinn var stolinn.

Á tímabilinu 3. janúar 1994 til 14. mars 1994 hafa verið send 30 mál til ríkissaksóknara frá RLR er varða ætluð þjófnaðar- og skjalafalsbrot kærðu og er að vænta ákæru í þeim málum fyrir páska samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkissaksóknara.

Þá kemur fram í kröfugerð rannsóknarlögreglu, að enn sé ólokið rannsókn í 13 RLR-málum, þar sem kærða komi við sögu, og stöðugt bætist við ný mál.

Þann 30.12.1993 var kærða dæmd í 7 mánaða fangelsi, þar af 2 mánuði óskilorðsbundna, vegna þjófnaðar- og tékkafalsbrota.

Af hálfu verjanda kærðu hefur því verið haldið fram að brostnar forsendur séu fyrir kröfugerð RLR um gæsluvarðhald, þar sem kærða hefur lýst því yfir að hún sé reiðubúin að hefja afplánun nú þegar og eigi því c-liður 103. gr. laga nr. 19/1991 ekki við.

Sú yfirlýsing, sem gefin hefur verið af Fangelsismálastjórn, að kærða geti ekki hafið afplánun dóms þess, sem upp var kveðinn 30.12.1993, þar sem ekki sé rými til vistunar í afplánunarfangelsum fyrir kærðu eins og er, getur haft þá þýðingu fyrir kærðu að hún verði frjáls ferða sinna. Með hliðsjón af brotaferli kærðu má ætla að hún muni halda áfram brotum meðan máli hennar er ekki lokið, en komið hefur fram í gögnum málsins að ákæru sé að vænta fyrir páska. Verður því með hliðsjón af ofangreindu og vísan til c-liðar 103. gr. laga nr. 19/1991 að fallast á kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins eins og hún er fram sett.

Úrskurðarorð:

Kærða, Bergþóra Guðmundsdóttir, sæti gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 föstudaginn 6. maí nk.

Mánudaginn 28. mars 1994.

Nr. 126/1994. **Bárður Halldórsson**
(Haraldur Blöndal hrl.)
gegn
Bílaverkstæði Högna,
Búnaðarbanka Íslands og
Eyrarsparisjóði

Kærumál. Nauðungarsala. Útivist. Endurupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 23. febrúar sl., sem barst réttinum með kærumálsgögnum 15. þessa mánaðar. Kæruheimild er í 85. gr., sbr. 1. og 2. mgr. 79. gr., laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Krefst sóknaraðili þess „aðallega, að lagt verði fyrir héraðsdóm að taka málið fyrir að nýju til efnismeðferðar eða að heimiluð verði endurupptaka málsins“.

Varnaraðilar hafa eigi látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Við þingfestingu málsins í héraði 9. desember 1993 mætti lögmaður af hálfu sóknaraðila, og samþykkti hann ákvörðun héraðsdómara um aðild í málinu. Með vísan til þessa og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 8. febrúar 1994.

Með bréfi, sem móttekið var í Héraðsdómi Reykjaness 1. febrúar 1994, hefur Haraldur Blöndal hrl. krafist þess að upp verði kveðinn úrskurður um synjun á endurupptöku málsins Z-12/1993: Bárður Halldórsson gegn Bílaverkstæði Högna o.fl.

Málavextir.

Með bréfi Haralds Blöndals hrl., sem móttekið var í dóminum 22. desember 1993, óskaði hann þess, með vísan til 84. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90/1991, sbr. 76. gr. sömu laga og 137. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, að tekin yrði til úrlausnar að nýju ósk Bárðar Halldórssonar, Litlabæjarvör 7, Bessastaðahreppi, skv. XIV. kafla laga um nauðungarsölu um úrlausn um gildi nauðungarsölu á bifreiðinni IN-668, BMW 520, árgerð 1987.

Með bréfi dómsins, dags. 5. janúar 1994, var synjað um endurupptöku málsins nr. Z-12/1993: Bárður Halldórsson gegn Bílaverkstæði Högna o.fl.

Atvik að baki máli eru þau, að með bréfi, sem barst dóminum 29. október 1993, óskaði Bárður Halldórsson úrlausnar dómsins skv. XIV. kafla laga um nauðungarsölu, um gildi nauðungarsölu á bifreið hans, IN-668, BMW 520, árgerð 1987, sem fram fór laugardaginn 2. október 1993 á nauðungaruppboði, sem haldið var af sýslumanninum í Hafnarfirði.

Hinn 9. desember 1993 var þingfest málið nr. Z-12/1993: Bárður Halldórsson gegn Bílaverkstæði Högna o.fl. Þingið sótti af hálfu sóknaraðila Björgvin Þorsteinsson hrl. vegna Haralds Blöndals hrl. Gerði hann þær dómkröfur í málinu að ógilt yrði nauðungarsala á bifreiðinni IN-668, BMW 520, árgerð 1987, er fram fór laugardaginn 2. október 1993. Þá gerði hann kröfu um málskostnað. Var málinu frestað til framlagningar greinargerðar sóknaraðila til fimmtudagsins 16. desember 1993. Af hálfu sóknaraðila var þing ekki sótt hinn 16. desember 1993, en að ósk varnaraðila var málinu frestað til þinghalds 21. desember 1993. Af hálfu sóknaraðila var þing þá ekki heldur sótt. Var þess þá krafist af hálfu varnaraðila að málið yrði fellt niður og jafnframt gerð krafa um málskostnað að mati dómsins. Með úrskurði, upp kveðnum 29. desember 1993, var málið fellt niður.

Málsástæður og lagarök.

Haraldur Blöndal hrl. heldur því aðallega fram að umbjóðandi hans, Bárður Halldórsson, sé varnaraðili í málinu, sbr. 2. mgr. 74. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90/1991, en þar segi: „Ella skal gerðarþoli að jafnaði talinn varnaraðili, en það skal hann einnig annars vera ef ágreiningsefnið varðar hagsmuni hans.“ Hér sé um að ræða ótvíræð fyrirmæli um aðild að málum, og beri að skoða 2. og 3. mgr. 82. gr. laganna í þessu ljósi, og komi það m.a. fram í athugasemdum við greinina, að þessi ákvæði séu „um margt áþekk reglum 2. mgr. 74. gr.“. Í 2. mgr. 82. gr. segi, að „öðru jöfnu skal sá sem leitar úrlausnar talinn sóknaraðili máls, en aðrir varnaraðilar“. Þetta ákvæði beri að skýra með hliðsjón af tilvitnuðum ákvæðum 2. mgr. 74. gr., sbr. orðin „að öðru jöfnu“.

Af þessu leiði, að taka hafi mátt málið til úrlausnar, þótt ekki hafi verið mætt fyrir umbjóðanda hans, eða hann krefjist endurupptöku málsins, ef það var fellt niður af sóknaraðilum.

Þá er gerð sú krafa, verði ekki fallist á framangreind sjónarmið, „að málið verði tekið til úrlausnar að nýju, en sé því haldið fram, að þeir frestir, sem nefndir eru í 80. gr. uppboðslaga, fari að líða að nýju frá þeim degi, er málið var fellt niður, sé ljóst, að krafan um endurupptöku málsins hafi verið tekin innan þessa frests, en bréfið frá 22. desember 1993 hafi jafnframt verið krafa um endurupptöku á þessum grundvelli, þótt hinu hafi aðallega verið haldið fram“.

Niðurstöður.

Við þingfestingu málsins Z-12/1993 hinn 9. desember 1993 ákvað dómari, hvernig aðild að því yrði háttað og að Bárður Halldórsson, sem gerði kröfu um úrlausn dómsins um gildi nauðungarsölu, yrði sóknaraðili, sbr. 2. mgr. 82. gr. laga 90/1991 um nauðungarsölu. Var þing sótt af hálfu sóknaraðila og málinu frestað til framlagningar greinargerðar hans.

Haraldur Blöndal hrl. heldur því aðallega fram til stuðnings kröfu sinni að umbjóðandi hans, Bárður Halldórsson, sé varnaraðili í málinu, sbr. 2. mgr. 74. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu.

Í 74. gr., sem er í XIII. kafla laganna, er að finna reglur um, hvernig leyst verði úr afmörkuðum ágreiningsefnum jafnharðan meðan á aðgerðum stendur við nauðungarsölu. Þar sem mál þetta varðar úrlausn um gildi nauðungarsölu, en reglur um dómsúrlausnir um gildi nauðungarsölu eru í XIV. kafla laganna og heyra 80.–85. gr. laganna til kaflans, verður ekki fallist á, að aðild hafi átt að ákvarða skv. 2. mgr. 74. gr. eða að skýra beri 2. mgr. 82. gr. með hliðsjón af því ákvæði, heldur, að ákveða hafi átt aðild skv. 2. mgr. 82. gr. laganna svo sem gert var, en í greininni segir að héraðsdómari ákveði, hvernig aðild að máli verði hagað, og að öðru jöfnu skuli sá, sem leitar úrlausnar, talinn sóknaraðili máls, en aðrir varnaraðilar.

Af hálfu sóknaraðila var ekki sótt þing í þinghaldi sem ákveðið hafði verið til framlagningar greinargerðar hans. Varnaraðilar kröfðust ekki úrlausnar um kröfur sínar, heldur kröfðust niðurfellingar málsins og málskostnaðar. Kom því ekki til álita að taka málið til efnislegrar úrlausnar, sbr. 84. gr., sbr. 76. gr. nauðungarsölulaga. Var málið fellt niður með úrskurði, upp kveðnum 29. desember 1993.

Samkvæmt 137. gr. einkamálalaga nr. 91/1991 getur stefndi krafist endurupptöku máls að þar greindum skilyrðum uppfylltum. Getur sóknaraðili máls þessa því ekki krafist endurupptöku málsins með vísan til 137. gr. einkamálalaga.

Nauðungarsala sú, er krafist var úrlausnar um í málinu, fór fram 2. október 1993 og var heimilt að leita úrlausnar héraðsdóms um gildi nauðungarsölunnar í fjórar vikur frá þeim degi, sbr. 1. mgr. 80. gr. nauðungarsölulaga. Verður því samkvæmt framansögðu synjað um endurupptöku málsins Z-12/1993: Bárður Halldórsson gegn Bílaverkstæði Högna o.fl.

Þorgerður Erlendsdóttir dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Synjað er um endurupptöku málsins Z-12/1993: Bárður Halldórsson gegn Bílaverkstæði Högna, Búnaðarbanka Íslands og Eyrarsparisjóði.

Þriðjudaginn 29. mars 1994.

Nr. 108/1994. **Kristín Erla Karlsdóttir**
(Tómas Gunnarsson hrl.)
gegn
Byggung bsvf.
(Valgarð Briem hrl.)

Kærumál. Kröfu um, að hæstaréttardómarar víki sæti, er hafnað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Garðar Gíslason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Með kæru 3. mars 1994 skaut sóknaraðili til Hæstaréttar úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 18. febrúar 1994, þar sem hafnað var kröfu hans um, að dómarar málsins, Hjördís Hákonardóttir dómsformaður og meðdómendurnir Þórdís K. Guðmundsdóttir og Stefán Svavarsson, víki sæti sem dómarar í máli, sem varnaraðili hafði höfðað gegn honum. Krefst sóknaraðili þess í greinargerð 17. þ.m., að úrskurður þessi verði felldur úr gildi. Sama dag ritaði lögmaður sóknaraðila, Tómas Gunnarsson hæstaréttarlögmaður, Hæstarétti bréf, þar sem hann krafðist þess, að „skipaðir og settir hæstaréttardómarar við Hæstarétt Íslands víki sæti í ofan greindu kærumáli . . .“. Til stuðnings þessari kröfu vísaði lögmaðurinn í bréf, sem hann hafði sent Hæstarétti 15. mars sl., þar sem hann krafðist þess, að þeir, sem nú gegna stöðum dómara við Hæstarétt Íslands, víki sæti í þeim málum, sem hann á aðild að sem lögmaður. Í bréfi þessu vísar lögmaðurinn til ódagsetts bréfs forseta Hæstaréttar til Lögmannafélags Íslands, Dómarafélags Íslands og héraðsdómstólanna, sem hann kveðst hafa ljósrit af. Í bréfi þessu er fjallað um athugun og samantekt á kærumálum fyrir Hæstarétti á árinu 1993 og vakin athygli á nokkrum atriðum í því sambandi, svo sem síðar verður nánar vikið að.

Í bréfi lögmanns sóknaraðila til Hæstaréttar 15. þ.m. segir svo meðal annars:

„Mín, Tómasar Gunnarssonar, lögm., var sérstaklega getið í þessu ódagsetta bréfi forseta Hæstaréttar, f.h. Hæstaréttar og ég mat það þannig, að minn hlutur að kærumálum væri að áliti bréfritara verri en flestra annarra lögmanna, vegna þess að ég var í þriðja efsta sæti að því er varðar fjölda kærumála með sex kærur til Hæstaréttar.

Þetta bréf breytir í grundvallaratriðum stöðu minni og möguleikum til að flytja mál fyrir dómstólum landsins, bæði héraðsdómstólunum og Hæstarétti. Í þessu bréfi felst ný aðferð, að mínu mati, utan við lög og rétt, sem er til þess fallin að breyta miklu um réttarfar í landinu og hafa áhrif á rekstur og niðurstöður mála fyrir dómstólum landsins.

Meðan leynibréf sem þetta sent í nafni Hæstaréttar Íslands til héraðsdómstólanna hefur ekki verið afturkallað og yfirlýst formlega og á sannanlegan hátt gagnvart öllum sem hlut geta átt að máli, að bréfið sé ógilt, er hætt við að það verði tekið alvarlega á einhvern hátt, þótt ég treysti mér ekki til að fullyrða á hvern hátt það gerist.

Ég bendi á í þessu sambandi að ég sem lögmaður hef verið að leggja mál fyrir héraðsdómarana sem faglega leitandi menn sem kanna öll gögn ítarlega, sem málsaðilar hafa lagt fram og leitast við að taka réttmætt tillit til allra þessara atriða við uppkvaðningu úrskurða og dóma í málum. Formlegt bréf frá Hæstarétti Íslands, sem sent er með leynd til héraðsdómstólanna og metið er þar sem alvörubréf, hlýtur að hafa áhrif. Og auðvitað hafa héraðsdómarar í huga við dómsathafnir bréf eins og ódagsetta bréfið. Niðurstaða Hæstaréttar í máli er sú sem gildir endanlega. Og flestir hér á landi sem athuga dóma leggja meira upp úr niðurstöðu endanlegs dóms en rökum, jafnvel mjög traustum rökum héraðsdóms.

. . .

Mér virðist staða mín sem hæstaréttarlögmanns gagnvart Hæstarétti Íslands afar óljós, vegna takmarkaðra upplýsinga, sem ég hef fengið frá Hæstarétti og svör um mín mál, sem ekki hefur annað falist í en að vísa á annan aðila, þ.e. Lögmannafélag Íslands. Lögmannafélagið hefur engar upplýsingar gefið mér um tilurð bréfa forseta Hæstaréttar og ég vil auk þess fá þessar upplýsingar frá þeirri opinberu stofnun, sem í hlut á.

Við þessar aðstæður, þegar hæstaréttardómarar geta ekki svarað þeirri einföldu spurningu hvort Hæstiréttur Íslands hefur skjöl, á um tiltekið mál, sem varðar mig, og um er að ræða einn og hálfan mánuð aftur í tímann, er ekki við því að búast að Hæstiréttur geti leyst mál sem sjálfstæður, óhlutdrægur og faglegur dómstóll, sem ég legg fyrir hann. Ég ber ekki við að leggja mál fyrir dómstól skipaðan slíkum dómurum. Tel auk þess að áður nafn greindum hæstaréttardómurum sé ekki, eftir það sem á undan er gengið, sæmandi að taka mál frá mér til umfjöllunar og dómsálagningar.“

Til stuðnings kröfu sinni um, að hæstaréttardómarar víki sæti, vísar lögmaður sóknaraðila til 1. tl. 6. gr. laga nr. 73/1975 um Hæstarétt Íslands.

Í bréfi því, sem lögmaður sóknaraðila byggir á kröfu sína um, að dómarar Hæstaréttar víki sæti í máli þessu, er, sem fyrr segir, fjallað um ýmis atriði varðandi kærumál, sem berast til Hæstaréttar, einkum með hliðsjón af þeim réttarfarsbreytingum, er urðu 1. júlí 1992. Sá kafli bréfsins, sem lögmaður sóknaraðila virðist helst bera fyrir sig, þótt það sé ekki ljóst af málatilbúnaði hans, hljóðar svo:

„Mikill meirihluti kærumála er staðfestur í Hæstarétti. Þetta getur bent til þess að ráðgjöf lögmanna sé að einhverju leyti ekki sem skyldi, sérstaklega varðandi þær kærur sem ekki varða lyktir máls. Í mörgum tilfellum verður ekki séð að nokkur tilgangur sé með kærunni, nema hann sé þá sá að hefta framgang málsins. Hæstiréttur ætti hugsanlega að beita ákvæðum um refsimálskostnað í ríkara mæli en gert er.“

Í skrám, sem fylgdu bréfinu, var kærumálum á árinu 1993 skipt eftir efni eftir úrslitum málanna í Hæstarétti og eftir þeim héraðsdómstólum, er málin komu frá. Að lokum var skrá yfir „lögmenn, embætti og aðila er staðið hafa að kærum til Hæstaréttar“. Í þessari skrá er nafn lögmanns sóknaraðila nefnt ásamt 71 nafni annarra lögmanna.

Í áðurnefndu bréfi forseta Hæstaréttar er almennt fjallað um nokkur atriði varðandi meðferð og fjölda kærumála. Þótt nafn lögmanns sóknaraðila sé að finna á fyrrgreindri skrá, er fylgdi bréfinu, verður ekki á það fallist, að það geti valdið því, að staða dómara Hæstaréttar gagnvart lögmanninum teljist með þeim hætti, að þeir séu vanhæfir til að dæma í máli þessu, sbr. 6. gr. laga nr. 75/1973. Verður kröfu lögmanns sóknaraðila um, að þeir víki sæti, því ekki sinnt.

Dómsorð:

Kröfu Tómasar Gunnarssonar, lögmanns sóknaraðila, Kristínar Erlu Karlsdóttur, að dómarar málsins í Hæstarétti víki sæti, er hafnað.

Þriðjudaginn 29. mars 1994.

Nr. 108/1994. **Kristín Erla Karlsdóttir**
(Tómas Gunnarsson hrl.)
gegn
Byggung bsvf.
(Valgarð Briem hrl.)

Kærumál. Kröfu um, að dómarar í héraði víki sæti, er hafnað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Garðar Gíslason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 3. mars sl., sem barst Hæstarétti ásamt kærumálsgögnum 10. sama mánaðar. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og dæmt, að dómarar í málinu í Héraðsdómi Reykjavíkur, Hjördís Hákonardóttir dómsformaður og meðdómsmennirnir Þórdís K. Guðmundsdóttir og Stefán Svavarsson, skuli víkja sæti sem dómarar í því.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og honum dæmdur kærumálskostnaður úr hendi sóknaraðila.

Kæruheimild er í a-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Til viðbótar þeim rökstuðningi, sem sóknaraðili hafði uppi í héraði fyrir kröfu sinni um, að dómarar málsins þar víki sæti, hefur lögmaður hans, Tómas Gunnarsson hæstaréttarlögmaður, í greinargerð sinni fyrir Hæstarétti bætt nýju atriði við, og segir meðal annars svo um það í greinargerðinni:

„2. Fyrir liggur að forseti Hæstaréttar Íslands, Hrafn Bragason, hefur með ódagsettu bréfi, sem sent var héraðsdómstólunum, sem barst þeim, sem halda bréfabækur um 3. eða 4. febrúar 1994. Í þessu bréfi eru aðfinnslur sem varða sérstaklega kærumál og rætt um að beita refsimálskostnaði á lögmenn í ríkara mæli en gert hefur verið og fella niður kæruheimildir, auk annars. Að auki er rætt um sérstakar rannsóknaraðgerðir, sem dómarar Hæstaréttar hafa áhuga á að vinna að. Af hálfu kæranda eru taldar ástæður til að ætla mögulegt, að dómsformanninum, Hjördísi Hákonardóttur, hafi verið kunnugt um efni þessa bréfs alllöngu áður en úrskurður var upp kveðinn 18. febrúar 1994 og efni bréfsins hafi haft áhrif við uppkvaðningu hans.

. . .

Er af þessum ástæðum talið að forseti Hæstaréttar, f.h. Hæstaréttar, hafi haft óréttmæt og ólögleg afskipti af störfum Héraðsdóms Reykjavíkur og ástæða sé til að draga í efa að starfshættir Héraðsdóms Reykjavíkur hafi verið vandaðir og óhlutdrægir.“

Sóknaraðili vísar til stuðnings kröfum sínum til meginreglna 5. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sérstaklega þó til g-liðar greinarinnar.

Ekki verður á það fallist með sóknaraðila, að áðurgreint bréf, sem vitnað er til í greinargerð lögmanns hans fyrir Hæstarétti, geti skipt máli við athugun á hæfi dómenda málsins í héraði. Að því athuguðu, en að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar, verður hann staðfestur.

Rétt þykir að dæma sóknaraðila til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Kristín Erla Karlsdóttir, greiði varnaraðila, Byggung bsvf., 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 18. febrúar 1994.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 10. þ. m., er fram kom krafa af hálfu stefndu um, að dómendur málsins, Hjördís Hákonardóttir dómsformaður, og meðdómsmennirnir Þórdís K. Guðmundsdóttir, löggiltur endurskoðandi, og Stefán Svavarsson dósent, vikju sæti sem dómendur málsins.

Lögmaður stefnanda mótmælti kröfu stefndu um, að dómendur vikju sæti.

Krafa stefndu er reist á því að lögmanni stefndu hafi verið gert ókleift að skoða grundvöll málsins, sem sé frumskilyrði þess að lögmaður geti gætt hagsmuna og réttar skjólstæðings síns. Hafi lögmaðurinn margkrafist þess, til þess að grundvöllur stefnukröfunnar yrði ljós, að lögð væru fram í málinu gögn, sem hann telur nauðsynleg og hefur nánar tilgreint í málskjölum.

Þar sem lögmaðurinn taldi að stefnandi hefði ekki fullnægt þessari skyldu og ekki svarað fyrirspurnum hans á fullnægjandi hátt krafðist hann frávísunar málsins. Vegna þeirrar niðurstöðu dómsins að synja um frávísunarkröfuna geti hann ekki sannreynt kröfur stefnanda.

Málið var flutt tvisvar um frávísunarkröfuna. Við fyrri málflutninginn benti lögmaður stefndu á að eðlilegt hefði verið að sérfróðir meðdómsmenn tækju einnig þátt í ákvörðun um frávísun. Að athuguðu máli taldi dómari rétt að verða við þessum tilmælum og kvaddi til meðdómsmenn og var málið endurflutt um frávísunarkröfu stefndu. Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að dómkröfur stefnanda og málsástæður ættu sér nægilega stoð í gögnum málsins til þess að hægt væri að taka afstöðu til efnisþátta þess. Var frávísunarkröfu stefndu hafnað á þeirri forsendu. Það að dómendur hafi fjallað um frávísunarkröfu í máli eða önnur formsatriði þykir ekki gefa ástæðu til að þeir víki sæti eða til að draga óhlutdrægni þeirra í efa, enda eru þeir óbundnir af úrskurði um synjun frávísunarkröfu við endanlega afgreiðslu máls.

Úrskurður um frávísunarkröfu stefndu var kveðinn upp 3. nóvember 1993. Var lögmönnum aðila tilkynnt um uppkvaðningarstund og -stað samkvæmt 3. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 með svohljóðandi símbréfi, dagsettu 2. nóvember 1993: „Efni: mál nr. E-4677/1992: Byggung bsvf. gegn Kristínu Erlu Karlsdóttur. Úrskurður um frávísunarkröfu stefndu verður kveðinn upp miðvikudaginn 3. nóvember nk. kl. 09.00 í dómsal 103.“ Þinghald þetta var einvörðungu boðað til uppkvaðningar úrskurðarins. Lögmaður stefndu var mættur til þinghaldsins en af hálfu stefnanda var ekki sótt þing. Þegar úrskurður hafði verið kveðinn upp og úrskurðarorð lesið, fór lögmaður stefndu fram á bókun athugasemda vegna efnisatriða úrskurðarins, en því var hafnað.

Það varðar aðila ekki réttarspjöllum þótt hann mæti ekki í þinghald sem háð er til uppkvaðningar dóms eða úrskurðar, sbr. 4. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991. Málið var sjálfkrafa í óákveðnum fresti eftir að úrskurðurinn hafði verið upp kveðinn og þar til dómurinn ákvað nýjan þingdag. Þar sem aðilum var ekki skylt að mæta til að heyra úrskurðarorðið, þá verður ekki fallist á það að dómendur hafi farið út fyrir verksvið sitt eða að einhverju leyti tekið forræði máls í sínar hendur. Tilvísun til 16. gr. og 17. gr. laga nr. 91/1991 þykir því ekki eiga hér við. Er ekki fallist á að dómendur víki sæti á grundvelli þessarar málsástæðu.

Þá vísar stefnda til stuðnings kröfu sinni til þess, að sömu dómarar kváðu hinn 31. janúar sl. upp dóm í öðru máli, nr. E-13502/1991: Byggingarsamvinnufélag ungs fólks gegn Ara K. Sæmundsen. Stefnandi í því máli er sá sami og í þessu máli, en annar lögmaður fór með það mál fyrir hans hönd. Fullyrðir stefnda að dómendur hafi tekið „sjálfir að sér að setja upp yfirlit yfir meintar hreyfingar á viðskiptastöðu stefnda í því máli og byggja dóm á því sérstaklega án þess séð verði að lögmönnum málsaðila hafi gefist kostur á að fara yfir þá liði og fjalla um þá á þann hátt sem mögulegt hefði verið ef þessi atriði hefðu legið fyrir í stefnu". Lögmaður stefndu var ekki talsmaður aðila í ofangreindu máli og sótti ekki þinghöld í því. Hreyfingar á viðskiptastöðu stefnda í máli nr. E-13502/1991, sem eru raktar í dóminum, koma allar fram í málskjölum og eru dregnar saman og settar fram til glöggvunar, þar sem málið er allflókið. Efnistök og niðurstaða dómenda í öðru máli þykja ekki í sjálfu sér eiga að leiða til þess að þeir víki sæti í máli, jafnvel þótt sum efnisatriði í málunum tveimur séu sambærileg. Ekki er fallist á, að þau atriði, sem stefnda nefnir, né önnur varðandi dóm í máli nr. E-13502/1991 bendi til hlutdrægni dómenda, séu til þess fallin að draga hana í efa eða að þau feli í sér leiðbeiningar til aðila er geri dómendur vanhæfa.

Svo sem hér hefur verið rakið, er ekki fallist á það með stefndu, að framangreindar málsástæður hennar gefi á nokkurn hátt ástæðu til þess að draga óhlutdrægni dómenda í efa. Er kröfu hennar um, að dómendum beri að víkja sæti samkvæmt meginreglu g-liðar 5. gr. laga nr. 91/1991, því hafnað.

Úrskurðinn kváðu upp Hjördís Hákonardóttir héraðsdómari, Þórdís K. Guðmundsdóttir, löggiltur endurskoðandi, og Stefán Svavarsson dósent.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu stefndu, Kristínar Erlu Karlsdóttur, um að dómendur máls þessa, Hjördís Hákonardóttir héraðsdómari, Þórdís K. Guðmundsdóttir, löggiltur endurskoðandi, og Stefán Svavarsson dósent, víki sæti.

Þriðjudaginn 29. mars 1994.

Nr. 49/1994. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Jóni Ólafssyni
(Jón Oddsson hrl.)

Viðurlagaákvörðun. Bifreiðar. Umferðarlög. Ökuréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu til Hæstaréttar einvörðungu um ákvörðun viðurlaga, en áfrýjunarstefna ríkissaksóknara var gefin út 13. janúar 1994. Ákærði krefst þess, að dæmdri refsivist verði breytt í hæfilega fésekt. Við munnlegan flutning fyrir Hæstarétti krafðist ákæruvaldið staðfestingar á refsiákvörðun héraðsdóms.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jón Ólafsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 9. desember 1993.

Ár 1993, fimmtudaginn 9. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Finnboga H. Alexanderssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-242/1992: Ákæruvaldið gegn Jóni Ólafssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. nóvember sl., er höfðað með ákæru sýslumannsins í Hafnarfirði, út gefinni 15. nóvember sl., gegn Jóni Ólafssyni, kt. 230345-4739, Hringbraut 78, Hafnarfirði, fyrir að aka þriðjudaginn 28. september 1993 bifreiðinni Y-14858 sviptur ökuréttindum frá Hringbraut í Hafnarfirði uns lögreglan stöðvaði aksturinn á Fjarðargötu við Linnetsstíg í Hafnarfirði.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar fyrir brot sitt, sem ákærandi telur varða við 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. laga nr. 50/1987.

Mál þetta er dæmt samkvæmt 125. gr. laga nr. 19/1991.

Með skýlausri játningu ákærða þykir sannað að hann hafi framið það brot, sem honum er gefið að sök og réttilega er fært til refsiákvæðis í ákæru.

Ákærði hefur áður sætt eftirtöldum refsingum sem hér skipta máli:

Samkvæmt dómsátt 30. janúar 1991 var ákærði sviptur ökuréttindum í 12 mánuði frá 9.1. 1991 og gert að greiða kr. 30.000,- í sekt, og samkvæmt dómsátt 5. mars s. á. var hann sviptur ökuréttindum í 6 mánuði frá 9.1. 1992 og gert að greiða kr. 15.000 í sekt, hvort tveggja fyrir brot gegn 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga.

Þann 10. apríl 1991 gekkst ákærði undir dómsátt þar sem honum var gert að greiða kr. 30.000 í sekt fyrir brot gegn 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga, og þann 18. september 1991 gekkst hann undir dómsátt þar sem honum var gert að greiða kr. 90.000 í sekt og að sæta sviptingu ökuréttinda í 3 ár frá 9.7. 1992 fyrir brot gegn 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Með akstri þeim, sem ákærði er nú saksóttur fyrir, hefur hann ekið í þriðja sinn sviptur ökuréttindum frá árinu 1991 að telja.

Samkvæmt lokamálslið 125. gr. laga nr. 19/1991 var ákærða gefinn kostur á að tjá sig um atriði, er hann taldi sér til hagsbóta varðandi ákvörðun viðurlaga.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Ólafsson, sæti varðhaldi í 30 daga.

Þriðjudaginn 29. mars 1994.

Nr. 55/1994. **Ákæruvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Jóhanni Ragnari Sigurðssyni

(Örn Clausen hrl.)

Viðurlagaákvörðun. Bifreiðar. Ökuréttur. Reynslulausn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu til Hæstaréttar til endurskoðunar á refsiákvörðun, en af hálfu ákæruvalds var því áfrýjað með stefnu 19. janúar 1994 til staðfestingar héraðsdóms.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jóhann Ragnar Sigurðsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 2. desember 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 12. nóvember sl., hefur sýslumaðurinn á Akureyri höfðað hér fyrir dómi með ákæruskjali, út gefnu 22. október 1993, „á hendur Jóhanni Ragnari Sigurðssyni, kt. 191270-4959, Hjallalundi 5, Akureyri, fyrir að aka sunnudaginn 18. apríl 1993 sviptur ökurétti bifreiðinni Þ-211 frá heimili sínu, Hjallalundi 5, Akureyri, að bifreiðastæði við Nætursöluna þar sem lögreglan stöðvaði akstur hans.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Með játningu ákærða hér fyrir dómi, sem er í fullu samræmi við gögn málsins, telur dómurinn nægilega sannað, að hann hefur framið það brot, sem í ákæru greinir.

Samkvæmt sakavottorði, dags. 20. október 1993, hefur ákærði sætt refsingum sem hér segir:

– – –

Með dómi sakadóms Akureyrar, upp kveðnum 12. nóvember 1991, var ákærði dæmdur í 10 mánaða fangelsi. Var honum 9. febrúar sl. veitt reynslulausn í 2 ár á eftirstöðvum þeirrar refsingar, 180 dögum.

Ber nú skv. 42. gr. alm. hgl., sbr. 3. gr. laga nr. 16/1976, að ákveða refsingu í einu lagi fyrir það brot, sem nú er dæmt og með hliðsjón af þeirri refsingu, sem ólokið er, samkv. reglum 60. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, en samkv. þeirri grein ber nú að tiltaka refsingu eftir reglum 77. gr. alm. hgl. Með hliðsjón af eftirstöðvum refsingar og tilliti til sakaferils ákærða þykir refsing hans hæfilega tiltekin í einu lagi 7 mánaða fangelsi. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Erlingur Sigtryggsson fulltrúi kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhann Ragnar Sigurðsson, sæti 7 mánaða fangelsi.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Þriðjudaginn 29. mars 1994.

Nr. 65/1994. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Sigdóri Ólafi Sigmarssyni
(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Viðurlagaákvörðun. Bifreiðar. Umferðarlög. Ökuréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu til Hæstaréttar einvörðungu um ákvörðun refsingar, en áfrýjunarstefna ríkissaksóknara var gefin út 21. janúar 1994. Við munnlegan flutning fyrir Hæstarétti krafðist ákæruvaldið staðfestingar á refsiákvörðun héraðsdóms.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sigdór Ólafur Sigmarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 7. janúar 1994.

Ár 1994, föstudaginn 7. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-771/1993: Ákæruvaldið gegn Sigdóri Ólafi Sigmarssyni, en málið var dómtekið samdægurs á grundvelli 125. gr. laga nr. 19/1991.

Málið er höfðað með ákæruskjali, út gefnu 8. desember sl., á hendur Sigdóri Ólafi Sigmarssyni, kt. 010827-6719, Skipasundi 79, Reykjavík, fyrir að aka mánudaginn 20. september 1993 sviptur ökuréttindum bifreiðinni R-15452 frá Sundlaugunum í Laugardal að Skipasundi 79 í Reykjavík.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Ákærði kom fyrir dóminn í dag og viðurkenndi þá að hafa framið háttsemi þá, sem í ákæruskjali greinir. Ákærði hafði áður viðurkennt og borið efnislega á sama veg hjá lögreglu og staðfesti ákærði þann framburð sinn fyrir dóminum.

Ákærði hefur frá árinu 1969 hlotið 10 refsidóma fyrir umferðarlagabrot og í einum þeirra dóma var ákærði einnig sakfelldur fyrir brot gegn 157. gr. almennra hegningarlaga. Þá hlaut ákærði þriggja mánaða fangelsi á árinu 1985 fyrir skjalafals. Þá hefur ákærði frá árinu 1978 gengist undir þrjár dómsáttir fyrir umferðarlagabrot.

Með vísan til sakaferils ákærða og ofanritaðs að öðru leyti þykir refsing ákærða hæfilega ákvörðuð þriggja mánaða fangelsi.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Sigdór Ólafur Sigmarsson, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Þriðjudaginn 29. mars 1994.

Nr. 121/1992. **Halldóra Hafdís Hallgrímsdóttir**
(Ingvar Sveinbjörnsson hdl.)
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
þrotabúi Verslunarinnar Víðis sf.
(Þórður Þórðarson hdl.)
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

Skaðabótamál utan samninga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. mars 1992 og gerir þær kröfur, að við opinber skipti á þrotabúi Verslunarinnar Víðis sf. verði viðurkennd sem almenn krafa í þrotabúið skaðabótakrafa sín, að fjárhæð 1.949.415 krónur, ásamt vöxtum frá 22. nóvember 1985 til greiðsludags. Hún krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda, en til vara, að sér verði aðeins gert að bæta tjón áfrýjanda að hluta, bótakröfur lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Áfrýjandi lýsir tildrögum slyssins þannig í aðilaskýrslu, að er hún gekk með poka í báðum höndum fram hjá kjötborði í versluninni, hafi hún runnið til og dottið endilöng á gólfið. Er hún var innt eftir því, hvort hún gæti gert sér einhverja grein fyrir orsökum slyssins, svaraði hún því til, að því hlyti að hafa valdið bleyta á gólfinu. Hún hafi hins vegar ekki veitt því athygli, hvort einhverri bleytu var þar til að dreifa.

Af þeim upplýsingum, sem við er að styðjast í málinu um atvik að umræddu slysi, verður ekki fundin á því önnur sennileg skýring en sú, að því hafi valdið óhappatilviljun og verði það hvorki rakið til atvika eða áhættu, sem að lögum gætu leitt til fébótaábyrgðar stefnda. Með skírskotun til þess ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er staðfestur.

Áfrýjandi, Halldóra Hafdís Hallgrímsdóttir, greiði stefnda, þrotabúi Verslunarinnar Víðis sf., 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 10. janúar 1992.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 18. desember 1991.

Sóknaraðili, Halldóra Hafdís Hallgrímsdóttir, kt. 210739-4679, gerir þær kröfur að við yfirstandandi skipti á þrotabúi Verslunarinnar Víðis sf., Reykjavík, verði viðurkennd sem forgangskrafa krafa hennar, að fjárhæð kr. 1.949.415,00 [með nánar tilgreindum vöxtum].

Sóknaraðili krefst þess einnig að varnaraðila verði gert að greiða sóknaraðila málskostnað [...].

Varnaraðili, þrotabú Verslunarinnar Víðis sf., Reykjavík, gerir þá aðalkröfu, að hafnað verði öllum kröfum sóknaraðila og að sóknaraðila verði gert að greiða varnaraðila málskostnað [...]. Til vara krefst varnaraðili þess að kröfur sóknaraðila verði stórlækkaðar og málskostnaður felldur niður, jafnframt því sem synjað verði um viðurkenningu forgangsréttar skaðabótakröfu sóknaraðila við skipti þrotabús Verslunarinnar Víðis sf.

Sáttaumleitanir dómara hafa ekki borið árangur.

Með úrskurði réttarins 28. desember 1988 var kröfum sóknaraðila í máli þessu hafnað. Með dómi Hæstaréttar 19. nóvember 1991 var sá úrskurður og málsmeðferð frá og með 12. desember 1988 ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu úrskurðar að nýju.

II.

Með úrskurði réttarins 22. apríl 1988 var bú Verslunarinnar Víðis sf., Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag voru bú eigenda félagsins, þeirra Eiríks Sigurðssonar, Rituhólum 2, Reykjavík, Matthíasar Sigurðssonar, Rituhólum 11, Reykjavík, og Vigdísar Eiríksdóttur, Austurgerði 9, Reykjavík, einnig tekin til gjaldþrotaskipta. Innkallanir til skuldheimtumanna þessara búa birtust fyrra sinni í Lögbirtingablaði sem út kom 25. maí 1988.

Sóknaraðili lýsti í öll þessi þrotabú kröfu þeirri, sem er til úrlausnar í máli þessu. Vegna ágreinings við skiptastjóra þrotabúanna um kröfuna var ákveðið að reka sérstakt skiptaréttarmál um hana milli sóknaraðila og þrotabús Verslunarinnar Víðis sf., en jafnframt bókað undir rekstri þess að niðurstaða í því skuli vera bindandi fyrir þrotabú eigenda félagsins.

III.

Af hálfu sóknaraðila er kröfum hennar lýst svo að um sé að ræða skaðabótakröfur vegna tjóns hennar af völdum slyss er hún hafi orðið fyrir þegar hún var að versla í Versluninni Víði að Austurstræti 17 í Reykjavík 22. nóvember 1985. Hafi hún þá slasast verulega, einkum á hægri hendi. Á þessum tíma hafi hún verið starfsmaður Ferðaskrifstofunnar Útsýnar og vinnustaður hennar verið í sama húsi og verslunin. Vegna slyssins hafi hún hlotið bæði tímabundna og varanlega örorku, auk miska, og orðið fyrir talsverðum útgjöldum og fjárhagstjóni. Hún hafi hætt störfum á ferðaskrifstofunni vegna örorku sinnar og fötlunar, og hafi þetta auk fjárhagstjóns valdið henni mikilli röskun á stöðu og högum. Orsakir slyssins telji hún vera atvik er Verslunin Víðir sf. hafi borið fjárhagslega ábyrgð á. Hafi hún verið að versla í húsakynnum verslunarinnar og runnið til í bleytupolli á gólfi verslunarinnar og dottið utan í burðarsúlu, sem er í versluninni, og síðan á gólfið. Hún hafi eftir slysið verið flutt á slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík og þá komið í ljós að hún hafði beinbrotnað á hægri hendi og hlotið fleiri áverka. Hún hafi vegna þessa orðið fyrir ýmiss konar fjárhagstjóni, m. a. vegna fataskemmda, lyfja-, bifreiða- og lækniskostnaðar, svo og skemmda á gleraugum. Þá hafi hún orðið fyrir miska, bæði vegna þjáninga, lýta og röskunar á stöðu og högum. Hún hafi áður lært listvefnað, teikningu og listmálun og unnið mikið við skrautskrift, sem hún hafi algerlega orðið að leggja á hilluna eftir slysið, en af þessu hafi hún áður haft umtalsverðar aukatekjur. Hún hafi ekki fengið aftur nægilegan mátt í hægri hönd til að stunda þessar listgreinar sínar.

Sóknaraðili kveðst hafa verið flutt í sjúkrabifreið á slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík þegar eftir slysið. Í vottorði Hauks Árnasonar, læknis þar, dags. 8. apríl 1986, segir m. a. um meiðsl sóknaraðila og meðferð þeirra á spítalanum:

„Hún greinir svo frá að . . hún (hafi) verið að versla í Versluninni Víði í Austurstræti. Hún rann til á bleytu á gólfi verslunarinnar og datt utan í súlu og svo í gólfið. Segir að eftir þetta hafi nærri liðið yfir hana vegna verkja.

Við komu kvartar hún mikið um verk í hægri úlnlið og hún er með skurð á hægri augabrún. Hægri úlnliður er aflagaður og mikil eymsli eru yfir neðri enda geislabeins og bólga um úlnliðinn og fram á handarbakið. Á hægri augabrún er 2 1/2 cm langur skurður. Í staðdeyfingu var skurður á augabrún saumaður með 6/0 Ethylon-saumum, alls 5 sporum. Síðan var hún send í rtg-myndatöku af hægri úlnlið og greindist þá á þeim myndum brot á hægri úlnlið. Veruleg skekkja var á brotstaðnum og brotið var sett í réttar skorður í holhandardeyfingu. Síðan voru lagðar gifsumbúðir á brotið og rtg-mynd eftir það sýndi góða legu á brotinu.“

– – –

Jón K. Jóhannsson læknir mat örorku sóknaraðila vegna slyssins að beiðni sóknaraðila. Örorkumat hans er dagsett 4. desember 1986. Þar segir m.a.:

– – –

„Samantekt:

Konan slasast við fall á sléttu gólfi þ. 22/11 1985. Hlýtur handleggsbrot (Fractura Collesi dx.) og sinasköddun. Þetta er meðhöndlað af sérfræðingi á Borgarspítala. Þar sem nú er rétt ár liðið frá slysdegi, þykir tímabært að meta örorku af þessum völdum sem hér segir:

Tímabundin örorka: frá 22.11.'85 til 01.04.'86	100%
Síðan varanleg örorka	2%.“

Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur reiknaði út vinnutekjutap sóknaraðila samkvæmt beiðni hennar miðað við þetta örorkumat út frá forsendum sem lýst er í vottorði hans, dagsettu 23. júní 1987. Þar segir m. a.:

Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku		kr. 207.000
Vegna varanlegrar örorku		kr. 175.400
	Samtals	kr. 382.400

– – –

Sóknaraðili leitaði til Jónasar Hallgrímssonar læknis á árinu 1988 og hefur hann metið örorku hennar. Í matsgerð hans, sem dagsett er 12. maí 1988, segir m.a.:

– – –

„Örorka Halldóru vegna slyssins er því sem hér segir:

Frá slysinu í 4 mánuði	100%
Síðan í 4 mánuði	50%
Loks varanleg örorka	10%.“

Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur reiknaði út vinnutekjutap sóknaraðila samkvæmt beiðni hennar miðað við þetta örorkumat út frá forsendum, sem lýst er í vottorði hans, dagsettu 24. maí 1988. Þar segir m. a.:

Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 297.100
Vegna varanlegrar örorku	kr. 1.006.400
Samtals	kr. 1.303.500

– – –

Tölulega gerir sóknaraðili grein fyrir kröfum sínum í máli þessu sem hér segir:

1	Örorkutjón samkvæmt útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings, dags. 24. maí 1988, vegna vinnutekjutaps vegna tímabundinnar örorku kr. 297.100,- og vegna varanlegrar örorku kr. 1.006.400,- (höfuðstólsfært miðað við slysdag), samtals	kr. 1.303.500,-
2	Tjón vegna miska, röskunar á stöðu og högum, lýta, þjáninga, óþæginda o.fl.	“ 890.000,-
		Kr. 2.193.500,-
	Frádráttur 15% vegna skattahagræðis og eingreiðslu	(“ 329.025,-)
		Kr. 1.864.475,-
3	Útlagður kostnaður:	
	Reikningar tryggingastærðfræðings	“ 15.960,-
	Læknisvottorð	“ 18.980,-
	Gleraugu, lyf, sjúkrabifr., fatatjón og lækniskostnaður, áætlað	“ 50.000,-
		Kr. 1.949.415,-

Sóknaraðili telur kröfu þessa njóta forgangsréttar við skipti á þrotabúi Verslunarinnar Víðis sf. þar sem um sé að ræða bótakröfur sem séu ígildi tapaðra vinnulauna.

Sóknaraðili hefur í málflutningi sínum gert þá grein fyrir grundvelli bótakröfu sinnar, að starfsmenn Verslunarinnar Víðis sf. hafi vanrækt þá skyldu sína að halda gólfi verslunarinnar í því horfi að óhætt væri fyrir viðskiptavini að ganga um það. Eigandi verslunarinnar beri eftir reglum íslensks réttar um ábyrgð atvinnurekenda á saknæmum skaðaverkum starfsmanna sinna bótaábyrgð á slysinu vegna þessa. Sóknaraðili hafi vegna ástands síns eftir slysið ekki getað hlutast til um að viðhlítandi rannsókn færi fram á orsökum slyssins og starfsmenn verslunarinnar hafi ekki hlutast til um að slík rannsókn færi fram. Verði því að leggja til grundvallar niðurstöðu í málinu frásögn sóknaraðila um tildrög slyssins.

Varnaraðili heldur því fram að staðhæfingar sóknaraðila um að fyllsta öryggis hafi ekki verið gætt í húsakynnum verslunarinnar að Austurstræti 17 séu rangar og ósannaðar og stangist á við framburð vitna. Sé ekkert fram komið í málinu sem renni stoðum undir þessar staðhæfingar sóknaraðila. Ósannað sé að bleyta hafi verið á gólfi verslunarinnar þegar umrætt slys varð, og einnig að slík bleyta hafi valdið því slysi er sóknaraðili varð fyrir. Ekkert sé fram komið í málinu sem styðji framburð sóknaraðila um að gólfið í versluninni hafi verið varhugavert fyrir viðskiptamenn, og raunar stangist sú frásögn sóknaraðila á við frásögn vitnis sem gagngert hafi kannað það strax eftir að slysið átti sér stað hvort bleyta væri á gólfinu.

Varnaraðili mótmælir því að fyrirsvarsmönnum Verslunarinnar Víðis sf. hafi borið sérstök skylda til að láta fara fram rannsókn á tildrögum slyssins eins og um vinnuslys væri að ræða. Varnaraðili heldur því og fram að þó svo að framburður sóknaraðila um atvik að slysinu yrði lagður til grundvallar niðurstöðu í málinu bæri varnaraðili ekki neina fébótaábyrgð á því þar sem slysið verði eingöngu rakið til gáleysis sóknaraðila sjálfrar og/eða óhappatilviljunar en ekki til neinna athafna eða athafnaleysis sem varnaraðili beri ábyrgð á. Umrætt atvik hafi átt sér stað 22. nóvember 1985 en ekki sé óvenjulegt á þeim árstíma að einhver bleyta berist með viðskiptamönnum inn í verslanir. Sé nánast útilokað fyrir starfsmenn verslana að koma í veg fyrir slíkt. Sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á það að bleyta hafi yfirleitt valdið því að hún hrasaði í versluninni eða að bleyta hafi þar verið meiri en við mátti búast. Hafi sóknaraðili runnið til í bleytu á gólfinu hafi hún einfaldlega ekki sýnt nægilega varúð sjálf.

Varnaraðili mótmælir fjárkröfum sóknaraðila í málinu sem allt of háum. Beri að virða til lækkunar kröfum sóknaraðila, að varanleg örorka hennar sé ekki svo mikil að líklegt sé að hún verði fyrir vinnutekjutapi til frambúðar af þeim sökum. Sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á að tekjur hennar hafi skerst af völdum slyssins. Þá sé innifalinn miski í örorkumati lækna, en þessa miska sé síðan krafist sérstaklega í málinu, og sé því sá kröfuliður í raun tvítekinn. Þá sé frádráttur vegna skattfrelsis bóta og eingreiðsluhagræðis mjög vanáætlaður í kröfugerð sóknaraðila. Meiri hluti reiknaðs tekjutaps sóknaraðila falli til, eftir að staðgreiðslukerfi skatta tók gildi og því ekki óeðlilegt að frádráttur vegna skattfrelsis bóta og hagræðis af eingreiðslu næmi 35,2%.

Varnaraðili mótmælir kröfu sóknaraðila um greiðslu kr. 50.000,00 vegna útlagðs kostnaðar sem órökstuddri.

Varnaraðili mótmælir miskabótakröfu sóknaraðila sem allt of hárri og í andstöðu við dómvenju hér á landi. Verði ekki séð að sóknaraðili hafi orðið fyrir röskun á stöðu og högum vegna slyssins. Lýti vegna slyssins séu og mjög óveruleg. Beri aðeins að meta miskabætur með hliðsjón af sjúkrasögu sóknaraðila ef bótagrundvöllur telst á annað borð vera fyrir hendi.

Varnaraðili mótmælir því, að skaðabætur eins og þær, sem hér er gerð krafa til, njóti forgangsréttar við úthlutun úr þrotabúi. Komi til þess, að bætur verði ákvarðaðar í þessu tilviki, hljóti sú krafa að verða almenn krafa við skipti þrotabúsins. Um forgangsrétt krafna við skipti séu fyrirmæli í 84. gr. skiptalaga nr. 3/1878. Í 1. tölulið þeirrar greinar sé mælt fyrir um forgangsrétt launakrafna fyrir vinnu í þjónustu þrotamanns, sem fallið hafa í gjalddaga á síðustu 18 mánuðum fyrir skiptin. Í 5. tölulið greinarinnar sé mælt fyrir um forgangsrétt kröfu til örorkubóta til launþega vegna vinnuslysa á síðustu 18 mánuðum fyrir upphaf skipta. Ekki séu í þessari lagagrein fyrirmæli um forgangsrétt skaðabótakröfu á hendur þrotamanni vegna tapaðra vinnulauna hjá þriðja manni. 84. gr. skiptalaga hafi að geyma tæmandi upptalningu þeirra krafna sem njóti forgangsréttar í þrotabú og falli krafa sóknaraðila ekki þar undir.

IV.

Undir rekstri málsins hefur sóknaraðili gefið munnlega skýrslu fyrir réttinum. Einnig komu fyrir réttinn til skýrslugjafar einn af fyrrum eigendum Verslunarinnar Víðis sf., Matthías Sigurðsson, svo og þrjú vitni.

Verslunin Víðir sf. rak kjörbúð í verslunarhúsnæði að Austurstræti 17 í Reykjavík. Fyrirkomulag verslunarinnar var með svipuðum hætti og gerist í svokölluðum stórmörkuðum, þ.e. viðskiptamenn ganga um verslunina og velja sér þær vörur sem þeir hyggjast kaupa og færa þær til afgreiðslufólks sem staðsett er nálægt útgöngudyrum verslunarinnar. Þar er greitt fyrir vöruna og viðskiptamaðurinn fer síðan út aftur.

Í skýrslu sóknaraðila fyrir réttinum kom fram að tildrög slyssins voru þau að sóknaraðili hafði verið við innkaup í versluninni. Þegar sóknaraðili hafði lokið innkaupum sínum og greitt fyrir það sem hún keypti, hugðist hún fara aftur inn eftir húsnæði verslunarinnar og fara bakdyra megin inn á vinnustað sinn sem var á sömu hæð í sama húsi og verslunin. Tók hún því þann varning sem hún hafði keypt og hélt inn í verslunarhúsnæðið aftur. Til þess að komast inn á vinnustað sinn þurfti sóknaraðili að fara inn fyrir kjötborð innarlega í versluninni, en svo hagaði til að gangvegur var fyrir öðrum enda þess borðs. Mun sá gangvegur aðallega hafa verið ætlaður starfsmönnum verslunarinnar en þó munu einhverjar hillur með vörum hafa verið þar meðfram veggjum.

Ekki voru sjónarvottar að slysinu sjálfu. Leggja verður til grundvallar niðurstöðu í málinu að sóknaraðili hafi fallið í gólfið á gangveginum er hún var komin til hliðar við kjötborðið.

Vitnið Ágústa Hólm Jónsdóttir var starfsmaður í versluninni og aðstoðaði sóknaraðila við að komast yfir á vinnustað sóknaraðila eftir slysið. Vitnið skýrði svo frá fyrir réttinum, að sóknaraðili hefði þá sagt, að hún hefði runnið til á gólfinu í versluninni. Kvaðst vitnið hafa athugað það sérstaklega strax á eftir hvort gólfið væri eitthvað sleipt á þessum stað eða hvort þar væri eitthvað á gólfinu, bleyta eða annað, sem fólk gæti runnið á. Kvaðst vitnið ekki hafa getað merkt neitt slíkt. Vitnið kvað sóknaraðila hafa verið með tvo frekar þunga innkaupapoka og kvaðst vitnið hafa getið sér þess til að hæll á skó sóknaraðila hefði runnið undan skónum og hún þannig misst jafnvægið.

Engin sérstök rannsókn fór fram vegna slyssins. Ekki verður á það fallist með sóknaraðila að fyrirsvarsmönnum sóknaraðila hafi borið skylda til að hlutast til um að fram færi rannsókn á slysinu með atbeina lögreglu eða á vegum Vinnueftirlits ríkisins. Hefur það því ekki þýðingu varðandi sönnunarbyrði í málinu, að slík rannsókn fór ekki fram.

Í munnlegum málflutningi hefur lögmaður sóknaraðila haldið því fram að Verslunin Víðir sf. hafi borið hlutlæga bótaábyrgð vegna slyssins. Sú málsástæða hefur ekki lagastoð og verður henni ekki sinnt.

Eins og kröfugerð sóknaraðila í málinu er fram sett virðist hún telja að sömu lagasjónarmið um fébótaábyrgð eigi að öllu leyti við um þetta tjónstilvik og um slys sem viðskiptamenn kunna að verða fyrir er þeir fara um verslun sem þessa við innkaup sín. Á það verður ekki fallist. Verslanir eins og sú, sem hér um ræðir, leggja viðskiptamönnum sínum til sérstakar innkaupakörfur á hjólagrindum undir þær vörur sem þeir hyggjast kaupa í versluninni. Þurfa viðskiptamennirnir þá ekki að burðast með vörurnar um verslunina meðan þeir eru við innkaupin. Sóknaraðili var hins vegar búin að ljúka innkaupum sínum og bar í plastpokum það sem hún hafði keypt. Hún var því ekki við innkaup í versluninni heldur á leið til vinnustaðar síns að loknum verslunarerindum sínum.

Samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands virðist hafa verið þurrt veður í Reykjavík og jörð auð allan þann dag sem slysið varð. Starfsmaður verslunarinnar, sem kom að sóknaraðila og hjálpaði henni á fætur eftir slysið, fann engin merki þess, að gólfið væri sleipt á slysstað, strax eftir að slysið varð. Er því ósannað að slysið hafi orsakast af slíkum aðstæðum á slysstað. Er ekkert fram komið í málinu, sem rennt geti stoðum undir þær staðhæfingar sóknaraðila að slysið hafi orðið vegna athafna eða athafnaleysis starfsmanna Verslunarinnar Víðis sf. með þeim hætti að félagið og eigendur þess hafi borið á því fébótaábyrgð eftir reglum íslensks réttar um húsbóndaábyrgð og verða kröfur sóknaraðila því ekki teknar til greina á þeim grundvelli.

Samkvæmt framangreindu er það niðurstaða máls þessa að sóknaraðili hefur ekki sýnt fram á að Verslunin Víðir sf. hafi borið fébótaábyrgð á tjóni sem sóknaraðili varð fyrir í umræddu slysi. Verður því að hafna kröfum hennar í málinu án þess að tekin sé afstaða til þess, hvert fjártjón sóknaraðila hefur orðið eða um stöðu slíkra krafna í skuldaröð við gjaldþrotaskipti.

Eftir atvikum þykir rétt að hvor aðila beri sinn kostnað af máli þessu.

Ragnar Halldór Hall borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfum sóknaraðila, Halldóru Hafdísar Hallgrímsdóttur, í máli þessu er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 29. mars 1994.

Nr. 466/1993. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Jósef Gunnari Ingólfssyni
(Kristján Stefánsson hrl.)

Líkamsárás.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnar M. Guðmundsson, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði áfrýjaði málinu í heild sinni, en af hálfu ákæruvalds var því skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 6. júlí 1993. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti krafðist sækjandi þess, að héraðsdómur yrði staðfestur.

Með hliðsjón af fram lögðu áverkavottorði og framburði vitna og ákærða er sannað, að ákærði hrinti Magneu Þorfinnsdóttur umrætt sinn og greiddi henni hnefahögg í andlit, þótt eigi verði fullyrt, að þau hafi verið mörg, eins og í ákæruskjali segir. Ákærði hefur því gerst sekur um líkamsárás, og varðar hún við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jósef Gunnar Ingólfsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 27. maí 1993.

Ár 1993, fimmtudaginn 27. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Hirti O. Aðalsteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-226/1993: Ákæruvaldið gegn Jósef Gunnari Ingólfssyni, sem tekið var til dóms 14. maí sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 6. apríl sl., á hendur ákærða, Jósef Gunnari Ingólfssyni, fæddum 19. desember 1947, fæðingarnúmer 493, „fyrir líkamsárás með því að hafa að kvöldi laugardagsins 25. júlí 1992 að Hverfisgötu 74 í Reykjavík slegið Magneu Þorfinnsdóttur, fædda 10. apríl 1942, mörg hnefahögg í andlit með þeim afleiðingum að hún fékk blóðnasir og marðist um bæði augu og í andliti.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar. Þá krefst Magnea Þorfinnsdóttir þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur að fjárhæð kr. 20.000“.

Málavextir.

Laugardaginn 25. júlí sl. kl. 23.31 barst lögreglunni í Reykjavík tilkynning um að kona hefði orðið fyrir árás að Hverfisgötu 74. Lögreglumenn fóru á vettvang og höfðu tal af tilkynnanda, Elfu Sigurðardóttur, kt. 190363-3339, og vísaði hún þeim á íbúð Huldísar Þorfinnsdóttur, systur kæranda. Segir í lögregluskýrslu að Huldís hafi verið lítillega blóðug í andliti, miður sín og föt hennar rifin og tætt. Kærandi, Magnea Þorfinnsdóttir, var einnig í íbúðinni og segir í lögregluskýrslu að hún hafi verið alblóðug og bólgin í andliti og mjög ölvuð og æst. Lögreglumenn höfðu tal af ákærða, sem sat í stofu íbúðarinnar og kvað hann systurnar hafa verið að slást. Segir í lögregluskýrslu að hann hafi verið inntur eftir rispum og blóði á hnúum handa hans og hafi hann þá viðurkennt að hafa slegið systurnar. Ákærði var handtekinn og færður í fangageymslur lögreglunnar og kærandi var færð á slysadeild Borgarspítalans og síðan í fangageymslur.

Í læknisvottorði Guðna Arinbjarnar læknis vegna kæranda segir svo m.a.:

„Við skoðun er sjúklingur talsvert blóðug í framan og á höndum og fótum, er ósamvinnuþýð, svarar ekki spurningum og neitar skoðun, er talsvert marin í andliti og með blóð í nefi. Ekki þó sár í andliti en glóðaraugu byrjandi beggja vegna. Gengur sjálf, en greinilega talsvert ölvuð. Þetta er álitið vera mar. Lögregluþjónum ráðlagt að líta til sjúklings annað slagið í klefa. Sjúklingur útskrifaður og hefur ekki komið á slysadeild eftir þetta.“

Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi að sér hafi verið boðið heim til kæranda og systur hennar umrætt sinn en ákærði kvaðst ekki muna hvað klukkan var þegar hann kom þangað. Ákærði kvaðst hafa verið beðinn um að útvega áfengi, og kvaðst ákærði hafa gert það og kvað þau hafa drukkið eina hvítvínsflösku.

Ákærði taldi, að kærandi hefði verið undir miklum áfengisáhrifum, og hefði hún sennilega drukkið meðan ákærði fór að afla áfengis. Ákærði kvað að kærandi hefði byrjað að ráðast á ákærða og systur sína með því að grýta í þau hlutum. Ákærði kvaðst hafa borið hönd fyrir höfuð sér og neitar að hafa slegið hana. Ákærða voru sýndar myndir af kæranda. Ákærði kannaðist ekki við að þessir áverkar væru af sínum völdum og taldi kæranda hafa fengið áverkana við það að hlaupa á hluti. Ákærði kannaðist við að hafa hrint kæranda frá sér en taldi ósennilegt að kærandi hefði fengið þessa áverka við það.

Aðspurður, hvers vegna kærandi kastaði til hlutum, svaraði ákærði því til, að um einhverja rimmu hefði verið að ræða á milli systranna.

Ákærði kannaðist ekki við að hafa viðurkennt fyrir lögreglu að hafa slegið kæranda.

Ákærði kvaðst aldrei hafa sagt lögreglu að hann hafi slegið báðar systurnar. Ákærði kannaðist við að hafa klifrað upp vinnupalla til að komast inn í íbúðina einhverju sinni, en ákærði kvað að hann hafi þá verið beðinn um það.

Ákærði kvað báðar systurnar hafa beðið sig að kaupa áfengi.

Ákærði neitaði að hafa hrint og kýlt Huldísi umrætt sinn.

Ákærði kvaðst samþykkur skaðabótakröfu kæranda, en tók fram að hann væri með því móti ekki að viðurkenna sök í máli þessu.

Ákærði kvaðst hafa boðið fram greiðslu, en kærandi hefði ætlað að hafa samband við sig vegna þessa en ákærði kvaðst ekkert hafa heyrt frá henni um skaðabótakröfuna.

Vitnið Huldís Þorfinnsdóttir, kt. 100255-7669, Hverfisgötu 74, Reykjavík, skýrði svo frá fyrir dómi, að hún hefði kynnst ákærða, og voru þau saman í fyrstu en síðan kvaðst vitnið hafa reynt að koma ákærða í skilning um að það vildi ekkert meira með hann hafa. Vitnið kvað ákærða hafa komið á heimili þess í tíma og ótíma og ef ekki var opnað kom hann inn um glugga. Vitnið minnti, að ákærði hefði komið með þessum hætti inn í íbúðina umrætt kvöld, en kvaðst þó ekki geta fullyrt það. Vitnið kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis og tók fram að það myndi atburði frekar illa, enda nokkuð langt um liðið. Vitnið mundi ekki hvort ákærði kom með áfengi með sér og þá mundi vitnið ekki eftir því að ákærði hefði eldað mat.

Vitnið kvað ákærða hafa neitað að fara, og kvaðst vitnið hafa reynt að koma honum út, en hann hefði þá farið að berja vitnið. Vitnið kvað systur þess hafa verið ósátta við þetta og hefði hún ætlað að skakka leikinn en þá hefði ákærði lúbarið hana. Vitnið kvað þær systur ekki hafa rifist þetta kvöld.

Aðspurt, hvernig ákærði réðst á systur vitnisins, sagðist vitnið ekki hafa séð betur en ákærði kýldi hana í andlitið. Vitnið kvaðst ekki muna eftir að systir þess hefði hent hlutum þetta kvöld, en það hefði áður komið fyrir.

Aðspurt um misræmi í framburði vitnisins hjá lögreglu og fyrir dómi um það hvernig ákærði kom á heimili þess, kvaðst vitnið hafa munað þetta atriði betur þegar lögregluskýrslan var tekin. Vitnið kvaðst ekki muna eftir því, að ákærði hefði sótt áfengi eftir að hann kom, en þvertók ekki fyrir að svo hafi verið.

Vitnið kvað ekkert hafa séð á sér, en hugsanlega hefði verið blóð systur vitnisins á því. Vitnið kvaðst ekki hafa farið í læknisskoðun.

Kærandi skýrði svo frá fyrir dómi, að hún hefði umrætt sinn verið við áfengisneyslu ásamt systur sinni og tók fram að á þessu tímabili neytti hún áfengis í þó nokkru magni og kvaðst hún hafa verið undir talsverðum áfengisáhrifum. Kærandi kvaðst hafa sofnað og síðan vaknað við læti í íbúðinni. Kvaðst hún hafa farið fram og séð ákærða lumbra á systur sinni. Hún taldi ákærða hafa komið óboðinn inn en tók fram að hún var sofandi þegar hann kom.

Kærandi kvað ákærða hafa viljað sofa hjá Huldísi, sem ekkert hefði viljað með hann hafa. Hún kvaðst hafa ráðist á ákærða og systir vitnisins hefði þá sloppið fram á gang, en þá hefði ákærði lamið kæranda í andlit og víðar.

Kærandi kvað ákærða ekki hafa komið með áfengi með sér. Þá mundi hún ekki eftir að ákærði hefði eldað mat.

Hún kvaðst hafa lamið til ákærða en kannaðist ekki við að hafa dottið og rekið sig á.

Kærandi kvaðst hafa verið sett í fangageymslu eftir þetta og taldi tilganginn hafa verið þann að hún væri til reiðu þegar tekin væri skýrsla af henni.

Kærandi mundi ekki eftir því að hafa kastað hlutum í systur sína enda hefði samband þeirra verið frekar gott á þessum tíma.

Hún kvað ákærða hafa lagt að sér að draga kæruna til baka og hafi hann talað um að kæra gæti komið sér illa fyrir hann og jafnframt gæti það komið sér illa fyrir kæranda og skildi hún þetta sem hótun af hans hálfu. Hún kvaðst hafa lagt fram skaðabótakröfu þegar hún var yfirheyrð hjá lögreglu og kvaðst halda fast við hana, en tók fram að hún var ekki að vinna á þessum tíma og fór fram á að litið yrði á kröfuna sem miskabótakröfu.

Kærandi kvað ákærða hafa boðið sér greiðslu og hefði greiðslan verið bundin því skilyrði að kærandi drægi kæruna til baka en hún kvaðst hafa hafnað þessu.

Kærandi kvað ekki rétt í lögregluskýrslu þar sem talað er um að um margítrekaðar líkamsárásir af hálfu ákærða gagnvart henni sé að ræða. Hún kvað ákærða aldrei hafa gert sér neitt áður.

Kærandi kvaðst hafa verið illa fyrirkölluð um morguninn, þegar skýrslan var tekin, vegna drykkju og meiðsla sinna.

Vitnið Elfa Kristín Sigurðardóttir, kt. 190363-3339, Hverfisgötu 74, Reykjavík, skýrði svo frá fyrir dómi, að það búi í íbúð beint á móti Huldísi Þorfinnsdóttur.

Vitnið kvað, að barið hefði verið hjá sér, og kvaðst vitnið hafa farið til dyra, og stóð Huldís þar fyrir utan grátandi og sagði, að einhver væri að drepa systur sína. Vitnið kvaðst hafa boðið Huldísi inn og hringt á lögreglu og síðan kvað vitnið að Huldís hefði hringt dyrabjöllu á íbúð sinni og hafi ákærði þá opnað og kvaðst vitnið hafa séð Magneu inni í íbúðinni þar sem hún hélt höndum fyrir andlit sér og var blóðug. Vitnið kvaðst ekki hafa séð átök en kvaðst áður hafa heyrt dynki og læti en kvaðst ekki hafa séð ástæðu til að hafast neitt að vegna þess.

Vitnið kvaðst ekki hafa séð blóð á Huldísi en kvað hana hafa verið undir áhrifum áfengis.

Vitnið kvað hljóðbært milli íbúða en kvað þetta eina skiptið sem vitnið varð vart við áflog.

Vitnið kvaðst ekki geta borið um það, hvort áflog hefðu verið milli systranna.

Vitnið tók fram, að áður en Huldís barði hjá vitninu, hefði það ekki heyrt nein þau hljóð úr íbúð hennar sem vitnið tengdi við handalögmál.

Vitnið Bjarni Ólafur Magnússon lögreglumaður, kt. 040463-3999, skýrði svo frá fyrir dómi, að lögreglan hefði fengið tilkynningu um háreysti og grun um átök í íbúð við Hverfisgötu. Vitnið kvað lögreglumenn hafa farið á vettvang, og hefði þeim verið bent á íbúð, þar sem ákærði sat í stofu í nærbuxum einum fata. Höfðu þeir tal af húsráðanda er tjáði þeim málavexti og voru sýnilegar rispur á stúlkunni og blóð. Systir hennar var inni í íbúðinni, mjög bólgin, blóðug, grátandi og mjög æst. Virtist hún undir miklum áfengisáhrifum. Vitnið kvað ekki hafa verið sjáanleg áfengisáhrif á húsráðanda en hún hafi verið miður sín. Vitnið kvað systur hennar hafa sagt ákærða hafa barið sig, og kvað vitnið, að þeir hefðu rætt við ákærða, sem í fyrstu hefði skeytt því litlu og sagt þær systur hafa verið að slást. Er ákærða var bent á ákomur á handarbökum hans, viðurkenndi hann að hafa slegið þær báðar, en talaði um að þetta væri ekkert mál. Vitnið kvað ákærða hafa sýnt mótþróa við handtöku og var hann handjárnaður og færður á lögreglustöð. Vitnið kvaðst ekki vita hver tók myndir af kæranda.

Vitnið kvað, að ekki hefði verið mikil óreiða í íbúðinni, þar hefði verið drasl, en ekkert brotið eða bramlað. Blóð hefði verið á vaski í baðherbergi og blóðkám á vegg og eitthvað hafi oltið til.

Vitnið kvað líklegt, að skýrsla hefði verið gerð í beinu framhaldi af atburði þessum og sé líklegt að yfirheyrandi hafi haft skýrsluna undir höndum.

Vitnið kvað blóðkám hafa verið á blússu Huldísar, en ekki mikið. Hún hefði verið vel viðræðuhæf, en ekki sjáanlega ölvuð.

Vitnið kvað, að sjáanlegar hefðu verið rispur í andliti Huldísar.

Vitnið kvað, að Magnea hefði setið í fangageymslu sökum þess, að hún var ölvuð og æst.

Vitnið ítrekaði að ákærði var blóðugur á höndum og rispaður.

Vitnið Ingólfur Bruun, kt. 050563-2869, lögregluþjónn, skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði farið inn í umrædda íbúð og kvaðst hafa séð ákærða þar inni og þrjár konur. Hafi ein þeirra verið mjög illa farin í andliti. Vitnið kvaðst ekki muna eftir áverkum á hinum konunum. Vitnið kvað ákærða hafa setið í sófa í stofu í nærbuxum einum klæða og voru áverkar á höndum hans eða smárispur.

Vitnið kvað ákærða hafa sýnt mótþróa, og hefði hann verið handjárnaður og færður í lögreglubifreið. Vitnið mundi ekki eftir orðaskiptum við ákærða í íbúðinni en í lögreglubifreiðinni talaði ákærði um að handtaka hans væri mistök. Vitnið kvað ákærða hafa lýst sig saklausan af því að hafa lagt hendur á kæranda.

Vitnið kvað aðstæður í íbúðinni hafa verið þannig, að ekki hefðu verið bein merki um átök, en íbúðin hefði ekki verið snyrtileg. Vitnið kvað systrunum hafa borið saman um málsatvik, sem hefðu í stuttu máli verið þau, að ákærði hefði falast eftir samförum við húsráðanda, sem hefði hafnað því, og þá hefði ákærði hafið barsmíðar gagnvart henni en kærandi farið að skipta sér af og því orðið fyrir árás af hálfu ákærða.

Vitnið kvað kæranda hafa verið töluvert ölvaða og æsta en húsráðandi hefði verið vel viðræðuhæf og áfengisáhrif ekki sjáanleg á henni.

Vitnið kvaðst ekki hafa séð áverka á Huldísi og kvað að rætt hefði verið við hana áður en lögreglumennirnir fóru inn í stofu. Vitnið tók fram að það myndi ekki skýrt eftir atvikum, en mundi ekki betur en þriðja konan hefði talað við lögreglumennina inni í eldhúsi þegar þeir ræddu við kæranda.

Vitnið kvað ekki hafa blætt úr hrufli því, sem var á höndum ákærða.

Vitnið Gunnar Thoroddsen, kt. 301069-5619, laganemi, skýrði svo frá fyrir dómi að lögreglan hefði verið kvödd að húsi við Hverfisgötu og var þeim tjáð að þar hefðu átök átt sér stað. Hafi verið haft tal af húsráðanda, sem var úfin og greinilegt var að eitthvað hafði gengið á. Vitnið kvað að áfengisáhrif hefðu ekki verið greinileg á henni. Lögreglumönnum var tjáð, að ákærði hefði lamið konurnar og er inn í íbúðina var komið sá vitnið kæranda, sem hélt höndum um andlit sér, og var hún grátandi og blóðug í andliti.

Vitnið kvað ákærða hafa setið í sófa inni í stofu og er hann var spurður hvort hann hefði lamið konurnar neitaði hann því og sagði þær hafa verið að slást.

Vitnið kvað ákærða hafa verið með sár á hnúum og er honum var bent á það varð hann vandræðalegur og játaði að hafa slegið þær. Var ákærði handtekinn og eftir að hafa sýnt mótþróa, var hann handjárnaður og færður í lögreglubifreið.

Vitnið kvað kæranda hafa verið færða í fangageymslu eftir að hafa verið færð til skoðunar á slysadeild en hún var ölvuð og æst.

Vitnið kvaðst ekki hafa rætt við systurnar um aðdraganda atburða. Vitnið kvað, að íbúðin hefði ekki borið merki um, að hlutum hefði verið kastað til, en blóðsletta hefði verið á vegg, íbúðin sóðaleg og drasl í henni.

Aðspurt hverjir voru viðstaddir þegar ákærði viðurkenndi að hafa lamið konurnar, segir vitnið að auk þess hefðu þeir Bjarni Ólafur og Ingólfur átt að hafa heyrt þetta. Vitnið kvaðst ekki geta skýrt hvers vegna Ingólfur gat ekki staðfest þennan framburð.

Vitnið kvaðst ekki muna eftir áverkum á Huldísi.

Vitnið kvaðst ekki vita hver tók myndir af kæranda.

Vitninu voru sýndar ofangreindar myndir og kvað vitnið vel geta staðist að kærandi hefði verið svona útlítandi, er vitnið kom á vettvang.

Vitnið kvaðst hafa heyrt ákærða tala um að konurnar hefðu verið í átökum og sagðist ákærði hafa verið að skilja þær að.

Vitnið Baldur Gautur Baldursson, kt. 221171-4899, guðfræðinemi, skýrði svo frá fyrir dómi, að lögreglumenn hefðu verið kallaðir á vettvang umrætt sinn, og hefðu þeir farið inn í íbúð, eftir að hafa talað við tilkynnanda, og var þeim tjáð að átök hefðu átt sér stað. Vitnið kvaðst hafa séð húsráðanda, sem vitninu fannst ekki sérstaklega illa útlítandi, en vitnið tók fram að það myndi þetta atriði ekki vel. Vitnið kvaðst hafa talað við systur húsráðanda, sem var töluvert bólgin og blóðug í framan, mjög æst og undir áfengisáhrifum. Vitnið kvaðst ekki hafa talað við ákærða og ekki hafa tekið þátt í handtöku hans.

Vitnið kvað kæranda lítið hafa getað tjáð sig um málsatvik af neinni skynsemi. Vitnið kvað frekar ruslaralegt hafa verið inni í íbúðinni. Vitnið kvaðst ekki hafa heyrt talað um, að systurnar hefðu lent í átökum.

Niðurstaða.

Ákærði hefur ekki kannast við að hafa slegið kæranda og telur hana hafa hlotið áverka við að hlaupa á hluti í íbúðinni. Ákærði hefur hins vegar kannast við að hafa hrint kæranda, en telur ólíklegt að kærandi hafi hlotið áverka við það. Þegar virtur er framburður kæranda og systur hennar svo og önnur gögn málsins, verður að telja sannað að ákærði sé valdur að áverkum þeim er kærandi hlaut. Urðu afleiðingar árásarinnar slíkar að brot ákærða varðar við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

Sakaferill, viðurlög.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann frá árinu 1974 til 1990 hlotið 5 dóma fyrir umferðarlagabrot. Þann 15.05.91 var ákærði dæmdur í 4 mánaða varðhald, þar af 2 mánuðir skilorðsbundnir í 3 ár, fyrir brot gegn 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga og 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Hann var jafnframt sviptur ökuleyfi ævilangt. Auk þessa hefur ákærði 7 sinnum sæst á sektagreiðslur, aðallega fyrir brot gegn áfengislögum. Ákærði hefur nú rofið skilorð ofangreinds dóms, og ber því með vísan til 60. gr. almennra hegningarlaga að taka upp skilorðshluta dómsins og dæma með þessu máli. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga varðhald í 3 mánuði.

Skaðabætur.

Kærandi, Magnea Þorfinnsdóttir, kt. 100442-3969, hefur krafist þess að ákærði verði dæmdur til greiðslu miskabóta að fjárhæð kr. 20.000. Ákærði hefur samþykkt kröfuna og þar sem henni þykir í hóf stillt verður hún tekin til greina.

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 25.000 kr., og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hrafnkels Ásgeirssonar hrl., 40.000 krónur.

Elín Vigdís Hallvarðsdóttir, deildarlögfræðingur hjá lögreglustjóranum í Reykjavík, flutti mál þetta af hálfu ákæruvalds.

Dómsorð:

Ákærði, Jósef Gunnar Ingólfsson, sæti varðhaldi í 3 mánuði.

Ákærði greiði Magneu Þorfinnsdóttur, kt. 100442-3969, kr. 20.000 í skaðabætur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun er renni í ríkissjóð, 25.000 kr., og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hrafnkels Ásgeirssonar hrl., 40.000 krónur.

Þriðjudaginn 29. mars 1994.

Nr. 464/1993. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Kristjáni Hólmgeirssyni
(Valgeir Kristinsson hrl.)

Brot gegn valdstjórninni. 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnar M. Guðmundsson, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði áfrýjaði málinu í heild sinni, en af hálfu ákæruvalds var því skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 27. október 1993 til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti krafðist sækjandi staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

I.

Með ákæruskjali 4. maí 1993 var ákærða gefið að sök brot gegn 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 101/1976. Ákærði var sakfelldur í héraði fyrir brot gegn 108. gr. sömu laga, en héraðsdómari taldi fullnægt skilyrðum til þess samkvæmt 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Bókun í þingbók héraðsdóms ber ekki með sér, að sækjandi og verjandi hafi tjáð sig um sakaratriði að þessu leyti. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti staðfesti verjandi ákærða, að svo hefði ekki verið. Hann andmælti því hér fyrir dómi, að ákærði yrði sakfelldur eftir 108. gr. hegningarlaga, og taldi hana taka til annars atferlis en fram kæmi í verknaðarlýsingu ákæru. Hann byggði vörn sína á því, að ákærði hefði ekki gerst sekur um verknað, sem 106. gr. tekur til, og því bæri að sýkna hann. Samkvæmt þessu verður ekki séð, að í vörn ákærða í héraði hafi verið fjallað um 108. gr. hegningarlaganna. Brestur því lagaskilyrði til þess, að sú lagagrein komi til álita.

II.

Eins og fram kemur í héraðsdómi, kom Björn Halblaub, eftirlitsmaður fjármálaráðuneytisins með ökumælum, í húsnæði Bifreiðastöðvar Hafnarfjarðar 11. febrúar 1993 þeirra erinda að ræða við ákærða um lagfæringu á skráningu bifreiðar hans, sem notuð var til leiguaksturs án þess að vera skráð sem slík. Eftirlitsmaðurinn gerði erindi sitt heyrinkunnugt að viðstöddum nokkrum hópi atvinnubifreiðastjóra, og brást ákærði ókvæða við. Hann viðurkenndi fyrir dómi að hafa tekið um öxl eftirlitsmannsins, leitt hann að dyrunum og ýtt við honum með fæti, en ekki sparkað í hann. Tvö vitni báru, að ákærði hefði tekið í öxl Björns og ýtt honum út, en aðeins annað vitnið kvað ákærða hafa beitt fæti sínum til þess. Fyrir héraðsdómi réttlætti ákærði gjörðir sínar með því, að sér hefði verið ókunnugt um vanhöld á skráningu bifreiðarinnar til leiguaksturs og eftirlitsmanninum hefði borið að ræða við sig í einrúmi.

III.

Sannað þykir, að umrætt sinn hafi ákærði með líkamlegri valdbeitingu hindrað opinberan starfsmann við framkvæmd starfa síns og með því gerst sekur um brot gegn 1. mgr. 106. gr. laga nr. 19/1940. Hins vegar er ósannað, að hann hafi sparkað á eftir og í Björn Halblaub, eins og lýst er í ákæruskjali. Aðferð eftirlitsmannsins réttlætir ekki framferði ákærða.

Með hliðsjón af framansögðu og kröfugerð ákæruvalds fyrir Hæstarétti verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærða og sakarkostnað staðfest.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Hólmgeirsson, greiði 30.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu þessa dóms.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Valgeirs Kristinssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur héraðsdóms Reykjaness 7. september 1993.

I.

Árið 1993, þriðjudaginn 7. september, er á dómþingi í Héraðsdómi Reykjaness, sem háð er á reglulegum þingstað í Hafnarfirði af Má Péturssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 109/1993: Ákæruvaldið gegn Kristjáni Hólmgeirssyni, sem tekið var til dóms að lokinni aðalmeðferð 6. september 1993.

Mál þetta er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, út gefinni 4. maí 1993 og birtri 11. maí 1993 á hendur Kristjáni Hólmgeirssyni, Ásbúðartröð 1, Hafnarfirði, kt. 210647-2449, „fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa fimmtudaginn 11. febrúar 1993 á leigubílastöð B.S.H. við Fjarðargötu í Hafnarfirði hrundið Birni Halblaub, starfsmanni fjármálaráðuneytis og eftirlitsmanni með ökumælum og þungaskatti, sem þar var að störfum og hafði afskipti af ákærða, út úr dyrunum og um leið sparkað á eftir Birni og lenti sparkið á rófubeini hans.

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 101/1976.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Með bréfi, dags. 4. maí 1993, fól ríkissaksóknari sýslumanni í Hafnarfirði sókn málsins.

Er málið var þingfest hinn 18. maí 1993 var Valgeir Kristinsson hrl. skipaður verjandi ákærða að ósk hans.

Af hálfu ákærða er krafist sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu og málsvarnarlauna til handa skipuðum verjanda úr ríkissjóði.

II.

Hinn 11. febrúar 1993 kl. 11.45 kom Björn Halblaub, starfsmaður fjármálaráðuneytis, eftirlitsmaður með ökumælum og þungaskatti, kt. 090644-3009, fyrir rannsóknardeild lögreglunnar í Hafnarfirði og óskaði, að bókuð yrði skýrsla sín, kæra, vegna atburðar er átt hafði sér stað í húsnæði Bifreiðastöðvar Hafnarfjarðar við Fjarðargötu hér í bæ þá um morguninn, en við sögu kæmi eigandi bifreiðarinnar IG-319, sem í bifreiðaskrá sé skráð til almennrar notkunar þótt hún sé notuð sem leigubifreið, en af leigubifreiðum beri að greiða 30% hærri þungaskatt. Bókað var eftir kæranda: „Hann hafi í morgun um kl. 10.50 farið á bílastöðina gagngert til þess að ræða við þennan umrædda mann, þar sem hann var búinn að komast að því að bifreið mannsins var skráð til almennrar notkunar, þrátt fyrir það að bifreiðin væri notuð sem leigubifreið.

Mætti kveðst halda að maður þessi heiti Kristján Hólmgeirsson. Hann hafi hitt manninn inni á bílastöðinni og sagt honum í hvaða tilgangi hann var þarna og beðið hann um að fara til Bifreiðaskoðunar Íslands og láta breyta skráningu bifreiðarinnar í samræmi við það sem hún væri notuð til.

Maðurinn hafi brugðist illur við og sagt að mætta kæmi þetta ekkert við, en mætti hafi þá bent manninum á það að samkvæmt skráningunni greiddi hann ekki réttan þungaskatt eða 30% lægra gjald en honum bæri.

Hann hafi þá beðið sig um að koma út úr húsinu og mætti haldið að hann ætlaði að ræða við hann málið þar og því gengið að dyrunum. Þá hafi það gerst að maðurinn hratt mætta út um dyrnar og sparkaði hann á eftir honum og lenti sparkið á rófubeini hans.

Mætti kveðst þá hafa farið af vettvangi og ákveðið að kæra manninn.

Aðspurður kveðst mætti ekki búast við því að hann hafi meiðst neitt við þetta, en þó hafi hann fengið skrámu á hendi og svo sé hann aumur í rófubeininu eftir þetta.

Mætti kveðst því kæra mann þennan og krefst þess að honum verði refsað að lögum fyrir þessa ruddalegu og tillitslausu árás á sig, þar sem hann var að gegna sínu starfi.“

Hinn 15. sama mánaðar gaf ákærði, Kristján Hólmgeirsson, skýrslu hjá sömu lögreglu:

„Mætti kannast við nefnt atvik. Hann hafi umræddan morgun verið á vinnustað sínum ásamt mörgum vinnufélögum, þegar þessi Björn kom þar inn. Hann hafi strax gasprað erindi sínu við mætta yfir alla sem þarna voru inni og kveðst mætti hafa reiðst þessu og beðið manninn um að koma sér út af stöðinni. Hann kveðst ekki hafa vitað annað en bifreið sín væri rétt skráð, enda farið með bifreiðina í skoðun síðast áður en þetta gerðist og þá hafi bifreiðin verið skoðuð sem leigubíll, bæði verið á henni „Taxi“-merki og gjaldmælir. Hann segir að það hafi aldrei hvarflað að sér að bifreiðin væri rangt skráð. Hann hafi, eins og áður sagði, beðið manninn um að koma sér út af vinnustað sínum og lagt áherslu á þá beiðni sína með því að leiða manninn að dyrunum. Hann segir að hann hafi rétt ýtt fætinum á eftir manninum, en neitar því alfarið (sic) að hafa sparkað í hann, það sé rangt hjá honum, sér hafi aldrei dottið það í hug að sparka í manninn, aðeins ýtt við honum lítillega.

Hann segir að það sé útilokað að Björn hafi meiðst við þetta. Hann hafi svo farið af staðnum og segir mætti að það komi sér á óvart að hann hafi kært sig vegna þessa.

Hann segir að framkoma mannsins hafi að sínu áliti verið fyrir neðan allar hellur, þ.e. að romsa þessu út úr sér í áheyrn allra sem þarna voru til staðar. Hafi hann sem embættismaður átt eitthvað vantalað við sig, finnist sér að hann hefði átt að ræða það einslega við sig.

Mætti kveðst í framhaldi af þessu hafa haft samband við sýslumann eða fulltrúa hans og þá komið í ljós að bíll mætta var rangt skráður og hafi það verið leiðrétt strax. Hann segir að þegar þetta var hafi hann ekki verið búinn að borga þungaskattinn, en þetta hefði leiðrést þegar að því kæmi."

Fyrir dómi var framburður kæranda og ákærða á sama veg og í þessum skýrslum þeirra. Ákærði staðfesti að sér hefði verið ljóst að komumaður var opinber starfsmaður að sinna skyldustörfum. Ákærði benti á að kærandi hefði ekki fallið og ekki lagt fram áverkavottorð og dró í efa að hann hefði hlotið nokkra áverka.

Einnig komu fyrir dóm vitnin Jóel Heiðar Georgsson, kt. 050337-7319, og Jón Gíslason, f. 1.6.1942, starfsbræður ákærða. Þeir voru báðir viðstaddir umræddan atburð. Lýstu þeir atvikum nánast í samræmi við framangreindan framburð ákærða.

Samkvæmt fram lögðu sakavottorði hefur ákærði ekki hlotið refsingu fyrir brot er ítrekunaráhrif hafa eða refsiþyngjandi í máli þessu.

III.

Eftir því sem fram er komið í málinu hafði kærandi lokið erindi sínu við ákærða þegar ákærði vísaði honum á dyr með framangreindum tilburðum.

Varhugavert þykir að líta svo á, að ákærði hafi ráðist á hinn opinbera starfsmann með ofbeldi eða hótun um ofbeldi í skilningi 1. mgr. 106. gr. hgl. eða gert honum á annan hátt tálmanir í skilningi 2. mgr. sömu lagagreinar.

Sú háttsemi ákærða að hafa uppi ótvíræða tilburði til þess að láta líta svo út, sem hann varpaði og sparkaði kæranda á dyr, var mjög gróf móðgun við kæranda í skilningi 108. gr. alm. hgl. Þar sem skilyrðum 1. mgr. 117. gr. oml. er fullnægt að því er ákæru varðar, er ekkert því til fyrirstöðu að beita hér því lagaákvæði, 108. gr.

Ákærði og verjandi hans hafa gagnrýnt þá framkomu kæranda að bera upp erindi sitt við ákærða í áheyrn annarra.

Þótt ekki sé fram komið að kærandi hafi viðhaft óeðlileg eða óviðeigandi ummæli eða látbragð er hann bar upp erindi sitt má fallast á það með ákærða, að nokkuð hafi skort á að kærandi gætti þeirrar háttvísi sem starfi hans sæmdi, betur hefði farið á að hann ræddi við ákærða í einrúmi. Þótt því fari fjarri að þessi annmarki á starfsframkvæmd kæranda réttlæti hin hörðu og mjög svo móðgandi viðbrögð ákærða, þá þykir mega taka nokkurt tillit til þessa atriðis til refsilækkunar.

Samkvæmt framansögðu liggur það fyrir í máli þessu, að ákærði framdi verknað þann sem lýst er í ákæru. Brot ákærða þykir varða við 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 30.000 króna sekt til ríkissjóðs. Skal sektin innt af hendi innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins en ella sæti ákærði varðhaldi í 10 daga.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, krónur 20.000, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Valgeirs Kristinssonar hrl., krónur 30.000.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Hólmgeirsson, greiði 30.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, krónur 20.000, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Valgeirs Kristinssonar hrl., krónur 30.000.

Þriðjudaginn 29. mars 1994.

Nr. 101/1992. **Guðmundur Ólafsson**
(Erla S. Árnadóttir hdl.)
(Helgi V. Jónsson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Sigríður Jósefsdóttir hdl.)
(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)
og gagnsök

Söluskattur. Eigin úttekt. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. mars 1992 og krafðist þess, að hinum áfrýjaða dómi yrði hrundið. Kröfur hans í aðalsök eru í fyrsta lagi þær, að felldur verði úr gildi úrskurður ríkisskattanefndar frá 19. júlí 1989 og viðurkennt, að álagning ríkisskattstjóra samkvæmt úrskurði 15. febrúar 1988 hafi verið án lagastoðar. Í öðru lagi krefst hann úr hendi gagnáfrýjanda greiðslu á 849.641 krónu með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 420.396 krónum frá 20. október 1989 til 15. janúar 1990 og af 849.641 krónu frá þeim degi til greiðsludags. Í gagnsök krefst hann sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda. Loks krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti bæði í aðalsök og gagnsök.

Gagnáfrýjandi krefst þess í aðalsök, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Hann áfrýjaði málinu til Hæstaréttar með stefnu 5. mars 1992. Í gagnsök krefst hann þess, „að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og gagnstefnda gert að greiða áður niðurfellda dráttarvexti af söluskattsskuld, aðallega kr. 424.967 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 (2. tl. 2. mgr. 21. gr. söluskattslaga) af kr. 284.928 frá 1.8.89 til 1.4.90 og af kr. 499.048 frá þeim degi til greiðsludags, en til vara kr. 349.431 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum af kr. 273.408 frá 1.8.89 til 1.6.90 og af kr.

430.359 frá þeim degi til greiðsludags“. Þá krefst hann þess, að úrskurður ríkisskattanefndar frá 19. júlí 1989 verði felldur úr gildi, að því er tekur til þessara dráttarvaxta. Loks krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti í aðalsök og gagnsök.

Aðaláfrýjandi var einn eigenda sameignarfélagsins Bergvíkur. Félagið var ekki sjálfstæður skattaðili, og var söluskattsskýrslum fyrir árið 1986 skilað í nafni aðaláfrýjanda. Ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um aðild aðaláfrýjanda með skírskotun til forsendna hans.

Aðila málsins greinir á um, hver áttu að vera rétt sölugjaldsskil Bergvíkur sf. að lögum árið 1986 af starfsemi, sem fólgin var í innflutningi frumgerða (mastera) af myndböndum og fjölföldun þeirra á myndbandsspólur hjá fyrirtækinu, sem síðan var ráðstafað til myndbandaleigna. Rannsóknardeild ríkisskattstjóra gerði árið 1987 athugun á bókhaldi, tekjuskráningu og sölugjaldsskilum fyrirtækisins, m.a. vegna rekstrarársins 1986. Samkvæmt skýrslu deildarinnar 22. júní 1987 var sölugjaldsskyld velta vantalin um 3.828.157 krónur árið 1986. Byggt var á því, að fyrrgreind fjölföldun myndbanda, sem talin var til eigin nota, hefði ekki verið talin með veltu, svo sem rétt hefði verið að gera. Var þá við það miðað, að þessi myndbönd hefðu verið áfram í eigu fyrirtækisins, en verið leigð myndbandaleigum. Fyrirtækið hefði þannig verið neytandi í skilningi 3. gr. laga um söluskatt nr. 10/1960, en samkvæmt því ákvæði telst sá vera neytandi, sem ekki endurselur vöru eða vinnu í atvinnuskyni. Hér hefði því verið um að ræða úttekt til eigin nota í skilningi 2. gr. söluskattslaganna, sbr. 5. tl. 1. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 486/1982 um söluskatt. Eru úrskurðir þeir, sem aðaláfrýjandi vill fá ógilta, byggðir á þessu. Aðaláfrýjandi hélt því aftur á móti fram fyrir skattyfirvöldum, að útleiga hans til myndbandaleigna væri ekki síðasta afhendingarstig, og því hafi hann ekki átt að standa skil á sölugjaldi af framleiðslunni. Það ættu myndbandaleigurnar einar að gera. Fyrir dómi hefur hann á því byggt, að Bergvík sf. hafi ekki leigt myndbandsspólurnar, heldur selt þær til tveggja ára. Að þeim tíma liðnum séu þær orðnar úreltar og eyðileggi myndbandaleigurnar þær. Á þessa málsástæðu verður ekki fallist, þar sem það eru ekki eingöngu spólurnar sjálfar heldur einnig sýningarrétturinn, sem afhentur er myndbandaleigunum. Með þessum athugasemdum ber að fallast á röksemdir héraðsdómara fyrir því, að um leigu hafi verið að ræða.

Ósannað er, að skattyfirvöld hafi þekkt og látið óátalið, hvernig sölugjaldsskilum aðaláfrýjanda var háttað, áður en athugun rannsóknardeildar ríkisskattstjóra var framkvæmd, eins og áður er frá greint. Með þessum athugasemdum og með skírskotun til raka hins áfrýjaða dóms annars ber að staðfesta hann, bæði hvað varðar aðalsök og gagnsök.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður bæði um aðalsök og gagnsök.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar

Mál þetta varðar skil á sölugjaldi á grundvelli laga nr. 10/1960 um söluskatt af starfsemi Bergvíkur sf. á árinu 1986. Var meginþáttur hennar byggður á innflutningi frumgerða (mastera) af myndböndum með kvikmyndaefni, sem ætlað var til flutnings á heimilum og annarra einkanota, en ekki atvinnunota. Voru myndböndin fjölfölduð á myndbandsspólur hjá fyrirtækinu sjálfu og þeim síðan ráðstafað til myndbandaleigna, er höfðu þær til útleigu fyrir almenning. Auk þessa tók fyrirtækið að sér fjölföldun á myndböndum fyrir aðra innflytjendur þeirra, og fyrir kom, að það keypti spólur, sem aðrir höfðu fjölfaldað, til sömu ráðstöfunar og á sínum eigin. Í söluskattsskýrslum var tilgreint, að fyrirtækið stundaði heildverslun, og í ársreikningi fyrir 1986 kom fram, að aðalstarfsemi þess væri framleiðsla myndbanda og verslun.

Í málinu er ágreiningur um það, hvort meta átti viðskiptin milli Bergvíkur sf. og myndbandaleignanna sem sölu eða leigu í skilningi þeirra ákvæða söluskattslaga, er máli skiptu. Gerðu aðilarnir ekki skriflega samninga, er styðjast megi við í þessu tilliti, en Bergvík gaf út vörureikninga við afhendingu hverju sinni. Um efni viðskiptanna er ljóst, að í þeim fólst framsal á sýningar- eða notkunarrétti á myndböndunum með því takmarkaða innihaldi, sem fyrr greinir. Svo virðist sem rétturinn muni einnig hafa verið takmarkaður í tíma, þ.e. að jafnaði við tvö ár. Sú takmörkun hafi þó jafnframt verið sjálfgefin vegna þess, að myndbönd á útleigu gangi úr sér á skemmri tíma en þetta. Í framkvæmd hafi afhending á myndbandsspólunum verið endanleg, þannig að myndbandaleigurnar hafi ekki skilað þeim aftur, heldur fargað þeim sjálfar, þegar útleigu væri hætt. Loks virðist mega við það miða, að fyrir spólurnar hafi myndbandaleigurnar greitt tiltekið verð í formi eingreiðslu við afhendingu, og hafi hún ekki verið háð því, hvernig til tækist um útleiguna.

Á vörureikningum Bergvíkur var að jafnaði tekið fram, að um væri að ræða leigu til viðtakanda, sbr. fyrrgreinda tímatakmörkun. Atvik að viðskiptunum gefa þó fremur til kynna, að ráðstöfun myndbandanna hafi verið fullkomið ígildi sölu. Virðist þetta einkum greinilegt að því leyti, að andvirði bandanna hverju sinni hafi falið í sér allar tekjur, sem fyrirtækið gat vænst til að standa undir kostnaði af framleiðslu þeirra og aðföngum til hennar ásamt öflun dreifingarréttarins að myndefninu. Forráðamenn fyrirtækisins kveðast og hafa litið svo á, að um væri að ræða sölu að efni til. Hafi það meðal annars komið fram í því, að afhentar spólur hafi ekki verið taldar til eignar í bókhaldi þess. Áskilnaðurinn um leigu í viðskiptunum hafi í reynd einungis varðað höfundarréttinn að myndefninu og verið ætlaður til að verja þær takmarkanir, sem við ættu um dreifingu þess. Hafi hann átt að gera fyrirtækinu kleift að krefjast þess af myndbandaleigunum, að spólur yrðu eyðilagðar eftir notkun og þá innkallaðar, ef með þyrfti, en á það hafi aldrei reynt.

Sameignarfélagið Bergvík var skrásett á árinu 1982. Segjast forráðamenn þess hafa reynt að kynna sér hjá skattyfirvöldum og öðrum fyrirtækjum, sem byrjað hefðu innflutning myndbanda á undan þeim, hvernig haga bæri greiðslu söluskatts vegna starfseminnar, en nokkur óvissa hafi ríkt í þeim efnum fyrst í stað. Hafi skattskil fyrirtækisins ekki sætt teljandi athugasemdum, fyrr en rannsóknardeild ríkisskattstjóra hafi tekið starfsemi þess og fleiri fyrirtækja til athugunar á árinu 1987.

Áður en mál þetta kom til, var söluskattsskilum vegna umrædds meginþáttar starfseminnar þannig varið, að skattur var ekki greiddur af frumgerðum myndbandanna við innflutning þeirra á þeirri forsendu, að efni á þeim væri ætlað til síðari ráðstöfunar. Jafnframt var ekki greiddur söluskattur af spólum og öðrum aðföngum til fjölföldunar myndbandanna eða af vinnu við hana, þar sem um væri að ræða efni og verðmæti í þá vöru, sem markmiðið væri að framleiða og ráðstafa. Í stað þessa var lagður söluskattur með venjulegum hætti á það verð, sem upp var sett fyrir myndböndin við afhendingu þeirra til myndbandaleignanna. Var skatturinn innheimtur með einhverjum undantekningum, sem til urðu, þegar myndbandaleiga framvísaði söluskattsskírteini, og honum skilað í ríkissjóð. Kom þannig fram viðurkenning þess, að viðskiptin væru söluskattsskyld, og var hún í samræmi við það mat á efni þeirra, að myndbandaleigurnar væru ekki endurseljendur að böndunum, heldur væru þær að afla vörunnar til útleigu á eigin vegum, er háð væri sköttun að sínu leyti. Ætla verður, að þessi tilhögun söluskattsskila hafi legið ljós fyrir gagnvart skattyfirvöldum. Er því ekki haldið fram í málinu, að hún hafi verið frábrugðin því, sem við var haft hjá öðrum innflytjendum og rétthöfum að myndbandaefni.

Þegar Bergvík tók að sér fjölföldun fyrir aðra innflytjendur myndbanda, miðaði fyrirtækið einnig við, að skylt gæti verið að greiða söluskatt af því verði, sem upp var sett fyrir þjónustuna og tillagt efni. Að jafnaði kom þó ekki til þess, að söluskattsbyrði legðist á viðskiptin, þar sem þessir aðilar töldu sig eiga rétt til að taka við myndbandsspólunum án söluskatts eða draga hann frá á síðara stigi, þar sem varan væri ætluð til endurráðstöfunar. Urðu aðilarnir því jafnsettir Bergvík, að því er tók til viðskipta við myndbandaleigur, þannig að ekki reyndi á söluskattsskil, fyrr en að þeim kom. Gagnvart Bergvík sætti þessi tilhögun ekki athugasemdum af hálfu skattyfirvalda, áður en mál þetta kom upp, en í kjölfar fyrrgreindrar athugunar var því lýst yfir, að líta bæri á kaup aðilanna á fjölföldunarþjónustu sem skattskylda öflun efnis til eigin nota, og var kröfu beint gegn þeim um skil á sölugjaldi vegna kaupanna. Hefur þetta leitt til annarra málaferla, sem ekki eru hér til meðferðar.

Um söluskattsskil hjá myndbandaleigunum er það fram komið í málinu, að heimilað hafi verið í einhverjum mæli, að söluskattur sá, sem leigurnar greiddu samkvæmt vörureikningum Bergvíkur, yrði dreginn frá við skil þeirra á venjulegum söluskatti af útleigu myndbandanna. Virðist þetta hafa verið á því byggt, að myndböndin frá

Bergvík væru fengin þaðan á leigu til endurleigu fyrir almenning, og væri rétt að hindra með þessum hætti, að leigustarfsemin yrði tvísköttuð. Fyrir þessari tilhögun var ekki bein heimild í söluskattslögum, þar sem ákvæði 4. mgr. 8. gr. laganna um endurgreiðslu skatts náðu einvörðungu til endurseljenda. Mun hún hafa verið leyfð í stað þess, að myndbandaleigunum væri veitt söluskattsskírteini, eins og á var skilið um endurseljendur í 2. mgr. 24. gr. reglugerðar nr. 486/1982 um söluskatt, eða látin við gangast, án þess að skírteini kæmi til. Á þennan frádrátt var ekki minnst, þegar mál Bergvíkur voru til meðferðar hjá ríkisskattstjóra. Er ekki upplýst í málinu, hvernig frádráttarheimildin var upp runnin, en ákvörðun af hálfu skattyfirvalda hlýtur að hafa legið henni til grundvallar. Telur gagnáfrýjandi hana byggða á skýringu 2. mgr. 3. gr. söluskattslaga, þannig að leiga og framleiga væri talin jafngilda sölu og endursölu.

Við fyrrgreinda athugun á árinu 1987 komst rannsóknardeild ríkisskattstjóra að þeirri niðurstöðu, að Bergvík sf. hefði borið að standa sérstök skil á sölugjaldi af þeirri innri starfsemi sinni, er varðaði fjölföldun myndbanda, sem fyrirtækið væri rétthafi að, á þeirri forsendu, að um væri að ræða framleiðslu og úttekt á vöru til eigin nota. Á grundvelli hennar ákvað ríkisskattstjóri með úrskurðum 15. febrúar 1988 að leggja viðbótargjald á starfsemina sem þessu svaraði vegna rekstursáranna 1985 og 1986, eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi. Var kröfu vegna síðara ársins beint gegn aðaláfrýjanda, og gat það staðist, að því er aðild snerti. Úrskurðir þessir voru staðfestir 3. maí 1988 og síðan kærðir til ríkisskattanefndar, sem féllst á niðurstöður þeirra 19. júlí 1989 með þeirri breytingu, að álag samkvæmt 1. og 2. tl. 1. mgr. 21. gr. söluskattslaga yrði fellt niður. Er mál þetta höfðað til endurgreiðslu á því sölugjaldi fyrir 1986, sem aðaláfrýjandi greiddi eftir úrskurði nefndarinnar.

Í viðbótargjaldi þessu fólst augljós tvísköttun á umræddri starfsemi Bergvíkur sf., þar sem fyrirtækið hafði gert skil á sölugjaldi af andvirði þeirra myndbanda, sem til urðu við fjölföldunina, jafnóðum og þeim var ráðstafað til myndbandaleignanna. Gat sú tvísköttun ekki komið til álita, ef ráðstöfunin væri metin sem sala, enda var hún á því byggð, að um væri að ræða útleigu, sem Bergvík hefði með höndum, og að eignarréttur að böndunum væri áfram hennar megin.

Við mat á söluskattsskyldu vegna viðskipta nægir ekki að líta á það, hvaða nafn þeim er gefið, heldur verður að skoða efni þeirra. Fyrir liggur í þessu tilviki, að Bergvík sf. var innflytjandi og framleiðandi að myndböndum, er skipti við myndbandaleigur, sem stunduðu sjálfstæða útleigu. Var starfsemi aðilanna ólík að eðli, þótt báðir stefndu að því lokamarki, að koma myndefninu á framfæri við almenning. Kom munurinn einkum fram í því, að myndböndin fóru einu sinni um hendur Bergvíkur, sem fékk eina greiðslu fyrir þau, og svo hinu, að hin tilætlaða notkun á böndunum var á vegum leigufyrirtækjanna að öllu leyti. Er nægilega sannað samkvæmt gögnum málsins, að raunin hafi verið þessi og að afhending á böndunum til leigunotkunar hafi verið endanleg, þannig að hugsanleg skil á þeim hafi engu varðað í viðskiptunum. Jafnframt er ósannað, að Bergvík hafi átt rétt til að kallast eigandi að böndunum eftir afhendingu í einhverjum skilningi, er máli skipti um skattskyldu, og telja forráðamenn fyrirtækisins, að svo hafi ekki verið. Ekkert er upplýst um, hvernig leigufyrirtækin litu á málið, og þarf aðaláfrýjandi ekki að bera halla af því, eins og hér stendur á.

Við þessar aðstæður skiptir það ekki sköpum, hvort viðskiptin voru nefnd kaup eða leiga, þar sem greinilegt er, að Bergvík sf. var að framselja myndböndin til aðila, er voru neytendur í skilningi 3. gr. söluskattslaga. Sem fyrr segir, voru söluskattsskil fyrirtækisins og með þeim hætti, sem við átti um síðasta stig viðskipta. Jafnframt er nægilega fram komið, að aðstaða Bergvíkur til framleiðslu á myndböndum leiddi ekki til mismununar í skattbyrði milli fyrirtækisins og annarra innflytjenda, er skiptu við myndbandaleigur.

Hin umdeilda álagning viðbótarsölugjalds gengur þvert á þessar staðreyndir og fer meðal annars í bága við það form, sem verið hafði um árabil á skattskilum fyrirtækisins. Verður ekki séð, að hún eigi sér neina stoð í efni viðskiptanna, nema litið sé til þess, hvernig skattskilum var háttað á hinni hliðinni, þ.e. hjá myndbandaleigunum. Sem fyrr segir, virðist þess hafa gætt í einhverjum mæli, að byrðin af greiddum söluskatti til Bergvíkur væri færð til frádráttar við skil á söluskatti af útleigutekjum þeirra. Slík aðgerð gat átt við, ef myndbandaleiga tók við bandi frá öðru leigufyrirtæki, en var ekki samrýmanleg þeirri greiningu viðskiptanna við Bergvík, sem fyrr var lýst. Við flutning málsins hér fyrir dómi var lögð áhersla á umrædda frádráttarheimild af hálfu gagnáfrýjanda og efnislega að því leitt, að Bergvík ætti að bera halla af tilvist hennar. Að heimildinni var þó ekki vikið að neinu leyti, þegar mál fyrirtækisins var til athugunar hjá rannsóknardeild, né heldur í eftirfarandi úrskurðum ríkisskattstjóra og ríkisskattanefndar. Er það með nokkrum ólíkindum, að svo skyldi haldið á málum, þar sem í frádrættinum fólst nánast hin eina réttlæting þess, að önnur skattlagning vegna myndbandanna en við hafði gengist yrði yfirleitt tekin til skoðunar. Afleiðingin er sú, að ekkert marktækt liggur fyrir í máli þessu um frádráttarheimildina eða notkun hennar af hálfu viðskiptavina Bergvíkur né um aðild skattyfirvalda að þeirri framkvæmd, sem á henni var. Meðal annars hefur það ekki verið skýrt í síðastnefndu tilliti, hvort skattyfirvöld hafi gert reka að því að skerða umræddan frádrátt eða útrýma honum, en til þess gátu verið réttmætar ástæður.

Að öllu þessu virtu verður að álykta, að umgetin athugun rannsóknardeildar ríkisskattstjóra hafi ekki veitt viðhlítandi grundvöll að ákvörðun um breytt söluskattsskil vegna starfsemi Bergvíkur sf. og þá síst aftur í tímann. Verða þeir úrskurðir ríkisskattstjóra og ríkisskattanefndar, er á henni voru byggðir, að teljast marklausir að sama skapi. Hefur gagnáfrýjandi ekki fært fram í málinu gögn eða rök, er leiði til þeirrar niðurstöðu um skattskyldu aðaláfrýjanda, er í úrskurðunum fólst. Samkvæmt því ber að taka til greina allar kröfur aðaláfrýjanda um efni málsins, bæði í aðalsök og gagnsök. Rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. desember 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 11. nóvember sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Guðmundi Ólafssyni, kt. 100622-4679, Heiðargerði 22, Reykjavík, gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs með stefnu, þingfestri 18. janúar 1990.

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, höfðaði gagnsök í málinu með stefnu, þingfestri 25. október 1990.

Dómkröfur stefnanda í aðalsök eru þessar:

1. Að felldur verði úr gildi úrskurður ríkisskattanefndar frá 19. júlí 1989, dskj. nr. 10, og viðurkennt verði með dómi að álagning ríkisskattstjóra skv. úrskurði frá 15. febrúar 1988, dskj. nr. 5, hafi verið án lagastoðar.

2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 849.641 ásamt dráttarvöxtum [. . .].
3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað [. . .].

Dómkröfur stefnda í aðalsök eru um sýknu af öllum kröfum stefnanda í málinu og að sér verði tildæmdur málskostnaður að mati réttarins.

Í gagnsök gerir gagnstefnandi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, þær dómkröfur aðallega að gagnstefnda, Guðmundi Ólafssyni, verði gert að greiða áður niðurfellda dráttarvexti af söluskattsskuld, kr. 424.967, en til vara kr. 349.431, ásamt dráttarvöxtum af hinum umstefndu fjárhæðum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 19. júlí 1989 og til greiðsludags. Þess er krafist að úrskurður ríkisskattanefndar nr. 436 19. júlí 1989 verði felldur úr gildi að því er tekur til ofangreindra dráttarvaxta. Krafist er málskostnaðar úr hendi gagnstefnda að mati réttarins. Þá er þess krafist að gagnsök þessi til sjálfstæðs dóms verði sameinuð aðalsök málsins.

Dómkröfur gagnstefnda í gagnsök eru þær að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnstefnanda. Krafist er málskostnaðar úr hendi gagnstefnanda að mati réttarins. Fallist er á að gagnsökin verði sameinuð aðalsök málsins.

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 26. apríl sl., en var endurupptekið, endurflutt og dómtekið á ný hinn 11. nóvember sl.

I.

Málsatvik eru þau að aðalstefnandi, Guðmundur Ólafsson, var einn af eigendum sameignarfélagsins Bergvíkur s/f, sem fjölfaldaði og dreifði á markað myndböndum á þeim tíma sem hér skiptir máli. Rekstur sameignarfélagsins var yfirtekinn af samnefndu hlutafélagi í eigu sömu aðila 1. janúar 1989 og hefur hlutafélagið haldið áfram óbreyttri starfsemi. Starfsemin er fólgin í innflutningi myndbanda-„mastera", sem eru fjölfaldaðir og síðan ráðstafað til annarra fyrirtækja, aðallega myndbandaleigna, sem leigja þau út til neytenda. Hefur fyrirtækið gert samninga við erlenda rétthafa um fjölföldun og dreifingu myndefnis hér á landi. Enn fremur tekur fyrirtækið að sér fjölföldun myndbanda fyrir önnur fyrirtæki sem eru rétthafar myndbandaefnis hér á landi á sama hátt og Bergvík s/f.

Rannsóknardeild ríkisskattstjóra gerði athugun árið 1987 á bókhaldi, tekjuskráningu og söluskattsskilum aðalstefnanda vegna sameignarfélagsins Bergvíkur rekstrarárin 1985 og 1986. Samkvæmt skýrslu rannsóknardeildarinnar, sem dags. er 22. júní 1987, var söluskattsskyld velta Bergvíkur s/f vantalin um kr. 3.398.389 rekstrarárið 1985 og um kr. 3.828.157 rekstrarárið 1986. Var á því byggt, að ekki hefði verið talin með veltu fjölföldun myndbanda til eigin nota. Niðurstaða rannsóknarinnar og ætlaðar söluskattshækkanir voru kynntar aðalstefnanda með bréfi ríkisskattstjóra, dags. 15. október 1987, og var þeim andmælt af hálfu aðalstefnanda með bréfi, dags. 29. október 1987. Með úrskurði ríkisskattstjóra, dags. 15. febrúar 1988, var aðalstefnanda gert að greiða viðbótarsölugjald fyrir rekstrarárið 1986, að fjárhæð kr. 768.000, auk álags, að fjárhæð kr. 542.720. Viðbótarsölugjald vegna rekstrarársins 1985 var hins vegar lagt á sameignarfélagið Bergvík og er ekki til umfjöllunar í þessu máli. Umboðsmaður aðalstefnanda kærði úrskurðinn til ríkisskattstjóra með bráðabirgðakæru, dags. 29. febrúar 1988, og athugasemdum í framhaldi af henni 26. mars 1988. Með úrskurði ríkisskattstjóra, dags. 3. maí 1988, var kveðið á um það, að viðbótarsölugjald rekstrarársins 1986 ásamt álagi skyldi standa óbreytt. Með bréfi umboðsmanns aðalstefnanda, dags. 17. maí 1988, var úrskurður þessi kærður til ríkisskattanefndar. Var gerð sú krafa að úrskurðað viðbótarsölugjald ásamt álagi yrði fellt niður. Til vara var gerð sú krafa að úrskurðað álag yrði fellt niður. Ríkisskattanefnd kvað upp úrskurð 19. júlí 1989 þar sem kröfu aðalstefnanda um niðurfellingu viðbótarsölugjalds var hafnað. Álag samkvæmt 1. tl. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt vegna ársins 1986, að fjárhæð kr. 153.600, var fellt niður svo og álag að fjárhæð kr. 850.919 samkvæmt 2. tl. 2. mgr. 21. gr. sömu laga vegna ársins 1986. Niðurfellt álag nam því samtals kr. 1.004.519.

Aðalstefnandi greiddi viðbótarsölugjaldið í tvennu lagi, 20. október 1989 kr. 420.396 og eftirstöðvarnar 15. janúar 1990.

Mál þetta hefur stefnandi í aðalsök höfðað til þess að fá úrskurð ríkisskattanefndar felldan úr gildi og til endurgreiðslu á viðbótarsölugjaldi. Stefndi í aðalsök hefur höfðað gagnsök í málinu til greiðslu á niðurfelldum dráttarvöxtum samkvæmt greindum úrskurði ríkisskattanefndar jafnframt því sem krafist er að sá úrskurður verði felldur úr gildi að því er til þeirra dráttarvaxta tekur. Aðalsök og gagnsök hafa verið sameinaðar til úrlausnar í máli þessu.

II.

Af hálfu aðalstefnanda er m.a. tekið fram varðandi málavexti að við innflutning myndbanda-„masteranna" sé ekki greiddur söluskattur. Þegar myndbönd séu framleidd fyrir aðra en fyrirtækið sé sú þjónusta og tilheyrandi vörur í flestum tilfellum seldar án söluskatts, enda um vöru að ræða sem ætluð sé til endursölu. Þegar félagið selji myndbandaleigum myndbönd, sem það sjálft sé rétthafi að, sé söluskattur greiddur af andvirðinu.

Í niðurstöðu skýrslu rannsóknardeildar ríkisskattstjóra, sem dagsett er 22. júní 1987, komi fram að félagið hafi vantalið söluskattsskylda veltu um það, sem nemi fjölföldun á myndböndum sem það sé rétthafi að. Sé talið að þessi fjölföldun sé til eigin nota, þar sem fyrirtækið hafi leigt myndböndin út en ekki selt þau. Í skýrslunni sé áætlað það sem talið sé „meðalframleiðsluverð spóla" og það margfaldað með ætluðum fjölda leigðra myndbanda, sem talinn sé sá sami og fjöldi framleiddra myndbanda til eigin nota. Sé vantalin söluskattsskyld velta þannig talin nema samtals kr. 7.226.546 fyrir árin 1985 og 1986. Í framhaldi af skýrslu þessari hafi ríkisskattstjóri ákvarðað aðalstefnanda viðbótarsölugjald hinn 15. febrúar 1988 fyrir rekstrarárið 1986. Viðbótarsölugjald fyrir rekstrarárið 1985 hafi hins vegar verið lagt á félagið og sé samtímis máli þessu höfðað dómsmál um ágreining vegna þeirrar álagningar.

Endanleg dómkrafa aðalstefnanda sundurliðast þannig:

Viðbótarálagning ársins 1986	kr.	768.000
Dráttarvextir á þá álagningu skv. yfirliti tollstjóra á dskj. nr. 12	–	55.296
Kostnaður skv. því yfirliti	–	26.345
Samtals	kr.	849.641

Áskilinn er réttur til að krefja ríkissjóð síðar um mismun á ofangreindri fjárhæð og þeirri sem greidd var, kr. 879.778, sem felist í dráttarvöxtum sem fallið hafa á frá 15.10.89 til 15.1.90.

Aðalstefnandi byggir málsókn sína á eftirfarandi:

Álagning viðbótargjalds vegna rekstrarársins 1986 hafi ranglega verið lögð á sig persónulega. Það sé félagið sem skili söluskattsskýrslum og hafi því átt að leggja hugsanlega álagningu á það. Hin umdeilda álagning hafi ekki lagastoð, þar sem ekki sé um söluskattsskylda veltu að ræða.

Aðalstefnandi byggir á því að afhending myndbanda til viðskiptavina félagsins hafi verið sala en ekki útleiga, eins og skattyfirvöld haldi fram. Greiddur hafi verið söluskattur af þeim viðskiptum. Þar sem um sölu hafi verið að ræða en ekki útleigu skipti það sköpum um skyldu til að greiða söluskatt þann, sem um sé deilt í málinu. Aðalstefnandi telji því, að þar sem myndböndin hafi ekki verið áfram í eigu félagsins, sé það ekki neytandi þeirra í skilningi 3. gr. söluskattslaga nr. 10/1960 og beri ekki að greiða hinn umdeilda söluskatt. Sé ekki unnt að fallast á þetta sjónarmið verði a.m.k. að líta svo á að jafna verði afhendingu á myndböndum til viðskiptavina til sölu og fara með afhendinguna eins og svo væri.

Aðalstefnandi heldur því fram, að áritun á reikninga, sem fylgja með skýrslu rannsóknardeildar ríkisskattstjóra um leigu til tveggja ára, stafi af leiðbeiningum skattyfirvalda til þeirra aðila sem rekið hafa þessa tegund starfsemi. Hafi sumir rétthafar tekið á sig þá skyldu að skila erlendum dreifingarrétthöfum aftur myndböndum eða eyðileggja þau til verndar höfundarrétti. Bent er á í þessu sambandi að höfundarréttur sé undanþeginn söluskatti, sbr. 11. tl. B-liðar 6. gr. söluskattslaga nr. 10/1960. Ef athuguð sé bókhaldsleg meðferð myndbandanna og þegar höfð sé í huga sú staðreynd að myndböndin séu í raun aldrei afhent félaginu til baka sjáist að þau séu seld en ekki leigð.

Söluskattur vegna eigin framleiðslu, þ.e. hið umdeilda sölugjald, hafi ekki verið reiknað inn í söluverð myndbanda sem félagið hafi selt viðskiptavinum sínum og slíkur söluskattur hafi ekki verið leyfður til frádráttar á síðari stigum viðskipta. Sé ljóst að ekki sé jöfnuður á álagningu söluskatts, annars vegar ef myndbönd séu flutt beint inn og hins vegar ef þau séu framleidd hér á landi.

Aðalstefnandi styður kröfu sína um, að álagningin hafi ekki lagastoð, enn fremur við að skv. 21. tl. 13. gr. rgj. nr. 586/1982 um söluskatt sé sala kvikmynda undanþegin söluskatti.

Söluskattsinnheimta af hálfu félagsins hafi verið framkvæmd með fullri vitund skattyfirvalda. Aðalstefnandi telur að skattyfirvöld hafi sýnt tómlæti þar sem framkvæmd söluskattsinnheimtu af umræddum viðskiptum hafi varað um langan tíma áður en athugasemd hafi verið gerð við þau og að það leiði til þess að taka eigi dómkröfu hans til greina.

Telji dómurinn að félagið hafi yfirleitt vantalið söluskattsskylda veltu mótmælir aðalstefnandi fjárhæð sölugjaldsins. Rannsóknardeild ríkisskattstjóra áætli í skýrslu sinni ýmsa þætti í rekstri félagsins, s.s. meðalsöluverð myndbanda, og með því að deila því í meðalleigutekjur í hverjum mánuði sé fundinn út fjöldi seldra myndbanda í mánuði. Fjöldi framleiddra myndbanda fyrir aðra rétthafa sé enn fremur áætlaður og tíundaðar framleiðslutekjur mánaðar án þess að gera grein fyrir hvernig sú tala sé fundin. Á þennan hátt sé fengið meðalframleiðsluverð myndbanda í hverjum mánuði. Útreikningurinn sé þó ekki nákvæmari en svo að í janúarmánuði 1985, þegar engar spólur séu framleiddar og engar tekjur séu, sé meðalframleiðsluverð kr. 557. Velta fyrir fjölföldun eigin mynda fáist með því að deila svokölluðu meðalframleiðsluverði í fjölda seldra myndbanda.

Tölum í framangreindum útreikningi er mótmælt sem röngum. Því er mótmælt að framleiðsluverð eða tekjur vegna fjölföldunar til annarra rétthafa eigi að leggja til grundvallar verðákvörðun á hugsanlegri úttekt til eigin nota. Einnig er því mótmælt að miða eigi við heildarframleiðsluverð eða tekjur. Í því verði geti verið þættir, sem séu undanþegnir söluskatti. Þannig sé textun, sem sé talsverður hluti vinnu við fjölföldunina, undanþegin söluskatti.

Aðalstefnandi byggir málsókn sína einkum á 1. og 2. mgr. 3. gr. söluskattslaga nr. 10/1960. Einnig telur hann, að ákvæði 9. gr. sömu laga um ákvörðun á álagningarstofni við úttekt til eigin nota leiði til að ekki skuli byggja á áætluðum tölum.

Krafa um dráttarvexti styðjist við 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, krafa um málskostnað við 1. mgr. 175. gr. og 3. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði og krafa um vexti af málskostnaði við 3. mgr. 175. gr. sömu laga.

III.

Varðandi þá málsástæðu aðalstefnanda, að viðbótargjaldið hafi ranglega verið lagt á hann persónulega, byggir aðalstefndi á því, að árið 1985 hafi sölugjaldsskýrslur verið gerðar í nafni Bergvíkur sf., en fyrir árið 1986 í nafni aðalstefnanda vegna Bergvíkur sf. Hann sé samkvæmt þeim skattaðilinn. Telja verði að of seint sé aftur snúið með aðildina við álagningu viðbótargjaldsins.

Varðandi þá málsástæðu aðalstefnanda, að álagning viðbótargjaldsins hafi ekki haft lagastoð, er á því byggt af hálfu aðalstefnda, að ekki hafi verið gerð skil á söluskatti fyrir eigin starfsemi við fjölföldun á myndböndum, sem Bergvík sf. hafi myndréttinn að og noti til útleigu. Um þá málsástæðu sé fjallað við kærumeðferð málsins, sbr. úrskurð ríkisskattstjóra frá 15. febrúar 1988, þar sem segir á bls. 3: „Vegna þessa skal tekið fram að skattlagning eigin nota skv. úrskurði þessum byggist á því að þar sem fjölfölduð myndbönd eru áfram í eigu gjaldanda og eru ætluð til útleigu en ekki endursölu telst hann vera „neytandi“ þeirra, í skilningi 1. mgr. 3. gr. l. nr. 10/1960, þ.e. um er að ræða úttekt til eigin nota á framleiddri vöru, sem söluskattsskyld er skv. 1. mgr. 2. gr. l. nr. 10/1960. Nánari útfærslu og skýringu þessa ákvæðis er að finna í 5. tl. 1. mgr. 10. gr. rgj. nr. 486/1982. Þar kemur fram, að til söluskattsskyldrar sölu á vöru, verðmætum og þjónustu teljist m.a.: „Úttekt úr eigin fyrirtæki, hvort heldur er til einkanota eigandans eða til nota í atvinnufyrirtækinu sjálfu. Gildir þetta bæði um aðkeypta vöru og vöru sem er framleidd eða sætir aðvinnslu í fyrirtækinu, svo og vinnu og þjónustu.“. . .“ Hér sé því við að bæta að orðalag reglugerðarákvæðisins sé lögfest efnislega með 2. gr. laga nr. 35/1986, er gildi tók 21. maí 1986. Hafi það verið gert ex tuto í tilefni af úrskurði ríkisskattanefndar í ágreiningsmáli við Hf. Eimskipafélag Íslands, er síðar hafi verið dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur. Frádráttarheimildin í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 10/1960 verði ekki skýrð rýmra en orð hennar segi til um, „selja aftur í atvinnuskyni“. Myndi slíkt andstætt viðurkenndum hætti á skýringu á skattundanþágum.

Því er eindregið mótmælt að jafna megi leigusamningunum til sölusamninga. Fyrir þeim séu fullgild viðskiptaleg rök og samningar og ekkert sem hnekki leiguforminu. Engan veginn geti verið um sölu að ræða, heldur sé hér um hreina leigu að ræða. Þá er því mótmælt sem staðleysu að áritun um leiguskilmála á reikninga Bergvíkur sf. „stafi af leiðbeiningum skattyfirvalda“.

Aðalstefnandi verði við sjálfan sig að sakast, hafi hann ekki fylgt ákvæðum 2. mgr. 2. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 10. gr. sömu laga, og reiknað hið umdeilda viðbótargjald með í endurgjaldi því er hann hafi krafið viðskiptamenn sína um.

Engin rök hafi verið að því leidd, að skattyfirvöld hafi lagt blessun sína yfir söluskattsskil aðalstefnanda. Er því mótmælt. Ljóst sé, að það geti ekki átt við ríkisskattstjóra. Í því efni er vísað til 101. gr. laga nr. 75/1981, sbr. 28. gr. laga nr. 10/1960. Skattkrafan sé byggð á lögum. Vansköttun hjá skattstjóra bindi ekki hendur ríkisskattstjóra um leiðréttingu.

Varðandi mótmæli aðalstefnanda um fjárhæð sölugjaldsins sé þá athugasemd að gera, að áætlun þess sé í verkahring ríkisskattstjóra og ríkisskattanefndar í þessu tilviki. Ríkisskattanefnd hafi kveðið upp fullnaðarúrskurð að þessu leyti. Tæpast sé þess að vænta, að dómstóll taki sér fyrir hendur að hnekkja honum tölulega. Heimild ríkisskattstjóra til að áætla gjaldstofn í þessu falli sýnist ótvíræð. Varðandi hana vísast til 7. mgr. 21. gr. og 2. mgr. 28. gr. laga nr. 10/1960, 16. gr. og 1. mgr. 17. gr. rgl. nr. 486/1982. Einnig sé rétt að líta til 96. gr. laga nr. 75/1981, sbr. 1. mgr. 28. gr. laga nr. 10/1960. Af skýrslu rannsóknardeildar ríkisskattstjóra (4.1., 4.2., og 4.3.) sé auðsætt að enginn reikningur sé til í bókhaldinu yfir hinn vantalda gjaldstofn. Því hafi borið að áætla hann með hliðsjón af frumgögnum og öðrum atvikum. Aðalstefnanda hafi borið, er hann fékk í hendur skýrslu rannsóknardeildar ásamt boðaðri áætlun sölugjaldsins, ef hann vildi komast hjá áætluninni, að telja hinn vantalda gjaldstofn fram með fullnægjandi hætti. Það hafi hann ekki gert. Aðalstefnandi hafi sönnunarbyrðina um fjárhæð gjaldstofnsins. Henni verði ekki snúið við.

Að öðru leyti en að framan greini sé vísað til kröfugerðar og úrskurða ríkisskattstjóra og ríkisskattanefndar fyrir sýknukröfunni, sem liggi fyrir í málinu.

Mótmælt er sérstaklega þeim liðum stefnufjárhæðar, sem eru umfram kr. 768.000.

Mótmælt er vöxtum og upphafstíma vaxta.

Kröfu aðalstefnanda um álag á málskostnað skv. 3. mgr. 177. gr. eml. er vísað á bug. Varðandi málskostnað er vísað til 177. gr. eml.

IV.

Aðalkrafa í gagnsök er sett þannig fram tölulega:

Meðaldráttarvextir frá 16. mars 1988 til 16. mars 1989	
37,10% af kr. 768.000	kr. 284.928
+13,30% dráttarvextir af kr. 1.052.928	
frá 16. mars 1989 til 19. júlí s.á.	kr. 140.039
	kr. 424.967

Varakrafa í gagnsök er sett þannig fram tölulega:

Meðaldráttarvextir frá 12. maí 1988 til 12. maí 1989	
35,60% af kr. 768.000	kr. 273.408
+7,30% dráttarvextir af kr. 1.041.408	
frá 12. maí 1989 til 19. júlí s.á.	kr. 70.023
	kr. 343.431

Mismunur aðal- og varakröfu er sá einn við hvaða upphafstíma dráttarvextir eru miðaðir.

Í gagnsök byggir gagnstefnandi aðallega á því, að með vísan til 1. mgr. 21. gr. söluskattslaga skuli aðili sæta álagi til viðbótar söluskatti, ef söluskattur hefur ekki verið greiddur á tilskildum tíma eða söluskattsskýrslu hefur ekki verið skilað eða henni hefur verið ábótavant. Staðfest sé af ríkisskattanefnd að um vanframtalda söluskattsskylda veltu hafi verið að ræða hjá gagnstefnda. Hafi því verið fyrir hendi ótvíræð lagaskylda til að bæta álagi við. Með því að ríkisskattanefnd hafi fellt niður dráttarvexti eftir 16. mars 1988 skv. 2. tl. 2. mgr. 21. gr. laganna hafi hún farið út fyrir verksvið sitt. Til þess hafi hún ekki haft heimild, þar sem fyrir henni hafi ekki annað legið til úrskurðar en álagning ríkisskattstjóra á hinum vangreidda söluskatti samkvæmt bréfi hans frá 15. febrúar 1988, sbr. úrskurð hans frá 3. maí s.á. Þetta styðjist við 13. gr. söluskattslaganna, því að samkvæmt henni sé kveðið á um, að kæruheimildin nái aðeins til söluskattsins sjálfs. Enn fremur segi í 5. mgr. sömu greinar, að áfrýjun skattákvörðunar eða deila um skattskyldu hvorki fresti eindaga skattsins né leysi undan viðurlögum sem lögð séu á vegna vangreiðslu hans.

Varakrafan er byggð á sama grunni og aðalkrafa. Eini munurinn á þeim sé upphafstími vaxtanna. Telji dómurinn að ríkisskattanefnd hafi haft heimild til að fella niður dráttarvexti eftir 16. mars 1988 sé þó ljóst að eftir að krafan sé komin til innheimtu hjá innheimtumanni eða 12. maí 1988, þá sé hún ótvírætt komin undan lögsögu álagningaryfirvalda að því er vöxtum viðkemur. Ef einhver geti fellt niður dráttarvexti af skuldum við ríkissjóð þá sé vart öðrum til að dreifa en fjármálaráðherra.

V.

Gagnstefndi byggir sýknukröfu sína á því að ríkisskattanefnd sé bær aðili til að úrskurða í ágreiningsmálum um söluskatt og álag og dráttarvexti á hann. Í því sambandi er bent á 2. mgr. 13. gr. laga nr. 10/1960 þar sem heimilað sé að áfrýja úrskurði skattstjóra til ríkisskattanefndar og samkvæmt 3. mgr. sé fjármálaráðherra heimilt að skjóta ákvörðunum skattstjóra til ríkisskattanefndar. Heimildir þessar séu ekki bundnar við söluskatt einan. Í 6. mgr. 21. gr. söluskattslaganna sé skattstjórum veitt heimild til að fella niður álag skv. 2. mgr. 21. gr., ef skattaðili hefur fært gildar ástæður sér til afsökunar að mati skattyfirvalda.

Álag samkvæmt 2. mgr. 21. gr. sé, eins og fram komi í málsgreininni, annars vegar álag samkvæmt 1. tl. og hins vegar álag samkvæmt 2. tl. Sé ljóst, að skattyfirvöldum sé heimilað samkvæmt framangreindri 6. mgr. 21. gr. að fella niður bæði álag samkvæmt 1. tl. og 2. tl. Þetta styðjist og við 1. mgr. 25. gr. i.f., þar sem ástæða þyki að tilgreina sérstaklega, að álag samkvæmt 1. tl. 2. mgr. 21. gr. dragist frá sektarfjárhæð. Þá styðji framkvæmd laganna þessa túlkun á þeim, en ríkisskattanefnd hafi árum saman fellt niður álag bæði samkvæmt 1. og 2. tl. 21. gr. laganna.

Samkvæmt ofanrituðu sé mótmælt þeirri málsástæðu gagnstefnanda að ríkisskattanefnd hafi farið út fyrir umboð sitt með því að fella niður álag samkvæmt 2. tl. 2. mgr. 21. gr. Þá er því mótmælt að fyrir ríkisskattanefnd hafi ekki legið annað til úrskurðar en álagning ríkisskattstjóra á hinum vangreidda söluskatti. Í því sambandi sé vísað til varakröfu gagnstefnda til ríkisskattanefndar.

Í úrskurði ríkisskattanefndar frá 19. júlí 1989 komi fram að nefndin telur „að virtum atvikum“, að fallast skuli á varakröfu kæranda um, að viðbótarálag skuli fellt úr gildi. Af þessu megi leiða að nefndin hafi talið gildar ástæður til að fella niður álag það sem skattstjóri hafi úrskurðað. Úrskurður ríkisskattanefndar sé fullnaðarúrskurður og því beri að hlíta honum hvað þetta atriði varði enda hafi nefndin ekki farið út fyrir valdsvið sitt með því að fella niður álagið.

Þá er mótmælt þeirri málsástæðu gagnstefnanda að kæruheimild samkvæmt 13. gr. söluskattslaganna nái aðeins til söluskattsins sjálfs. Með sömu rökum og gagnstefnandi beiti megi halda því fram að óheimilt sé að skjóta ágreiningi um álag samkvæmt 2. mgr. 21. gr. til dómstóla samkvæmt 14. gr. söluskattslaganna.

Ljóst sé að dómstólar geti aldrei dæmt dráttarvexti lengra aftur í tímann en frá 11. degi eftir að innheimtumaður hafi fengið kröfu til innheimtu, sbr. 4. mgr. 12. gr. laganna.

Þá er því mótmælt að heimild skattyfirvalda til niðurfellingar á álagi samkvæmt 2. mgr. 21. gr. laganna sé takmörkuð við tímann fram til þess að söluskattsálagning sé komin til innheimtu hjá innheimtumanni. Sú ætlaða takmörkun eigi sér ekki stoð í lögum.

Með vísan til framangreinds sé kröfu gagnstefnanda um greiðslu álags mótmælt.

Málskostnaðarkrafan er byggð á 177. gr. eml.

Gefið hafa skýrslur fyrir dómi í máli þessu aðalstefnandi, Guðmundur Ólafsson, svo og vitnin Árni Sigurjónsson, Ólafur Guðmundsson, Hafdís Ásgeirsdóttir, Ingibergur Jón Þorvaldsson, Haraldur Árnason og Höskuldur Jónsson.

VI.

Í aðalsök byggir stefnandi málsókn sína í fyrsta lagi á því að hin umdeilda viðbótarálagning sölugjalds hafi ranglega verið lögð á sig einan persónulega. Ekki verður á þessa málsástæðu fallist þar sem fyrir liggur samkvæmt fram lögðum söluskattsskýrslum og úrskurði ríkisskattstjóra frá 15. febrúar 1988 að söluskatti vegna Bergvíkur s/f var skilað í nafni aðalstefnanda rekstrarárið 1986, en hann var einn af eigendum sameignarfélagsins.

Þá byggir aðalstefnandi á því að álagningin hafi ekki lagastoð þar sem ekki sé um söluskattsskylda veltu að ræða. Varðandi lagagrundvöll skattálagningar á aðalstefnanda byggja skattyfirvöld á því, að aðalstefnandi hafi verið neytandi í skilningi 1. mgr. 3. gr. laga um söluskatt nr. 10/1960, en samkvæmt því ákvæði telst sá vera neytandi, sem ekki endurselur vöru eða vinnu í atvinnuskyni. Á því er byggt, að myndbönd, sem fjölfölduð hafi verið, séu áfram í eigu gjaldanda og séu ætluð til útleigu en ekki endursölu, þ.e. um sé að ræða úttekt til eigin nota á framleiddri vöru sem söluskattsskyld sé samkvæmt 2. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 5. tl. 1. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 486/1982 um söluskatt. Um eigin not gjaldanda að þessu leyti segir svo í úrskurði ríkisskattstjóra frá 15. febrúar 1988:

„. . . þar sem hluti framleiðslunnar, þ.e. þau myndbönd sem hann á myndréttinn að, eru áfram í eigu gjaldanda telst vera um framleiðslu til eigin nota en ekki til endursölu að ræða. Eigin not felast síðan í útleigu í atvinnuskyni. Í því tilviki, sem hér um ræðir, er um framleiðslu skattskyldrar vöru að ræða, og ber að greiða af vörunni sölugjald, annaðhvort við endursölu hennar til neytanda eða úttekt hennar til eigin nota. Skattlagning vörunnar sjálfrar er óháð því með hverjum hætti hún er notuð, en noti eigandi vörunnar hana með þeim hætti að söluskattsskylt sé samkvæmt söluskattslögum verður notkunin sjálfstætt andlag skattlagningar. Samkvæmt því er um aðskilin andlög skattlagningar að ræða, þ.e. annars vegar skattlagning vörunnar (myndbandsins) og hins vegar notkunarinnar (þ.e. útleigunnar).“

Samkvæmt framansögðu skiptir meginmáli hvort aðalstefnandi hefur leigt eða selt myndbönd þau sem hér um ræðir til viðskiptavina sinna. Við skýrslutöku hjá rannsóknardeild ríkisskattstjóra hafa forráðamenn Bergvíkur s/f skýrt frá því að myndbönd þeirra séu ávallt leigð myndbandaleigum og leigutími sé yfirleitt 18–24 mánuðir. Þá eru reikningar frá Bergvík s/f, sem rannsókninni fylgja, áritaðir um leigu í tvö ár. Ósönnuð er sú fullyrðing aðalstefnanda að áritun reikninga að þessu leyti sé samkvæmt leiðbeiningum skattyfirvalda. Þótt myndbönd þessi hafi ekki verið eignfærð í bókhaldi félagsins eða skilað aftur að leigutíma loknum verður því ekki jafnað við sölumeðferð andstætt ótvíræðum yfirlýsingum um leigu myndbandanna. Þá er á það að líta að sala myndbandanna kann að vera vandkvæðum bundin vegna samninga við erlenda rétthafa myndefnis, auk þess sem til þess geta legið viðskiptaleg sjónarmið að leigja myndböndin í stað þess að selja þau. Að þessu virtu verður ekki fallist á þá málsástæðu aðalstefnanda, að myndböndin hafi verið seld. Verður því að fallast á þá túlkun skattyfirvalda að myndbönd þessi hafi verið eign gjaldanda og útleiga þeirra því verið úttekt til eigin nota á framleiddri vöru sem söluskattsskyld sé samkvæmt 2. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 5. tl. 1. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 486/1982 um söluskatt. Leigugjald var svo gjaldskylt samkvæmt f-lið 4. gr. laganna, sbr. 7. tl. 10. gr. greindrar reglugerðar.

Þá byggir aðalstefnandi á því að lagastoð álagningar skorti þar sem kvikmyndir séu undanþegnar söluskatti samkvæmt 21. tl. 13. gr. greindrar reglugerðar um söluskatt. Í því reglugerðarákvæði kemur fram að söluskattsundanþága er bundin við sölu eða leigu á kvikmyndum, sem gerðar eru til sýninga í kvikmyndahúsum og sjónvarpi, þar með taldar auglýsingakvikmyndir. Ekki verður talið að ákvæði þetta geti átt við um myndbönd, sem ætluð eru til einkanota. Verður því ekki heldur á þessa málsástæðu aðalstefnanda fallist.

Sú málsástæða aðalstefnanda að hið umdeilda sölugjald hafi ekki verið reiknað inn í framleiðsluverð myndbandanna, hvað þá að slíkur söluskattur sé ekki frádráttarbær á síðari stigum, breytir engu um skattskyldu hans, sbr. 10. gr. laga nr. 10/1960.

Viðbótarálagning sölugjaldsins var ákvörðuð af ríkisskattstjóra að undangenginni sérstakri rannsókn á bókhaldi og söluskattsskilum aðalstefnanda vegna reksturs sameignarfélagsins Bergvíkur. Skattaleg meðferð málsins að þessu leyti var í samræmi við ákvæði 16. gr. söluskattslaga nr. 10/1960, sbr. 11. gr. laga nr. 10/1974. Málsástæður aðalstefnanda um samþykki eða tómlæti skattyfirvalda varðandi söluskattsskil félagsins eiga því ekki við rök að styðjast.

Samkvæmt framansögðu verður fallist á þá niðurstöðu rannsóknardeildar ríkisskattstjóra að um vantalda söluskattsskylda veltu Bergvíkur s/f hafi verið að ræða rekstrarárið 1986.

Aðalstefnandi hefur einnig mótmælt viðbótarálagningunni tölulega. Velta vegna fjölföldunar myndbanda sem félagið sé rétthafi að sé byggð á því sem talið sé framleiðsluverð hvers mánaðar, sem aftur sé byggt á framleiðslutekjum. Þessi aðferð við að áætla söluskattsskylda veltu telur aðalstefnandi að standist ekki sem grundvöllur álagningarinnar.

Í skýrslu rannsóknardeildar ríkisskattstjóra segir svo um þetta: „Samkvæmt 9. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt skal miða við almennt gangverð í sams konar viðskiptum þegar fundið er verð á vörum og þjónustu sem afhent er án endurgjalds. Til þess að finna almennt gangverð á þessari tilteknu þjónustu þurfti að finna fjölda þeirra myndbanda, sem Bergvík s/f fjölfaldaði á mánuði til eigin nota, og margfalda þann fjölda með meðalframleiðsluverði hvers myndbands sem framleitt er fyrir aðra dreifingaraðila í mánuði. Farin var sú leið að finna meðalleiguverð eins myndbands í hverjum mánuði. Síðan var þeirri tölu deilt upp í heildarleigutekjur mánaðarins. Þá fékkst fjöldi leigðra myndbanda í mánuðinum. Til þess að Bergvík s/f geti leigt út myndband, sem þeir eiga myndréttinn á, þá verða þeir fyrst að fjölfalda það, þannig að fjöldi leigðra myndbanda er sá sami og fjöldi framleiddra myndbanda til eigin nota. Fjöldi framleiddra myndbanda fyrir aðra dreifingaraðila, í hverjum mánuði, var talinn og deilt með þeirri tölu í framleiðslutekjur mánaðarins og þá fékkst út meðalframleiðsluverð hvers myndbands. Þegar það var fundið þá var það margfaldað með fjölda leigðra myndbanda í mánuðinum og bætt við útkomuna söluskatti. Útkoman var að lokum vantalin söluskattsskyld velta mánaðarins, sbr. töflur nr. 1 og 2 með skýrslu þessari.“

Svo sem fram er komið var ekki talinn fram söluskattur vegna framleiðslu þeirra myndbanda sem Bergvík s/f átti myndrétt að. Af þeim sökum var ríkisskattstjóra heimilt að áætla söluskattinn samkvæmt 7. mgr. 21. gr. laga nr. 10/1960. Við áætlun sína studdist ríkisskattstjóri við bókhaldsgögn Bergvíkur s/f, og verður ekki séð, að sú aðferð, sem notuð var til að áætla söluskattsskylda veltu, hafi verið þeim annmörkum háð að ekki verði á henni byggt.

Kröfu aðalstefnanda á þessum grundvelli er því einnig hafnað.

Ber því að sýkna aðalstefnda af öllum kröfum aðalstefnanda í aðalsök.

Gagnsök í málinu snýst um það, hvort ríkisskattanefnd hafi haft heimild til að fella niður dráttarvexti (álag) af hinum vangreidda söluskatti frá álagningu hans eða frá því að krafan var komin til innheimtu á vegum tollstjóra og til 19. júlí 1989.

Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 34. gr. reglugerðar nr. 486/1982, má áfrýja úrskurðum skattstjóra til ríkisskattanefndar, sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Samkvæmt 6. mgr. 21. gr. laganna, sbr. 38. gr. greindrar reglugerðar, mega skattyfirvöld fella niður álag samkvæmt 2. mgr. þeirrar greinar, ef aðili færir gildar ástæður sér til afsökunar að mati skattyfirvalda. Álag samkvæmt 2. mgr. 21. gr. söluskattslaganna er tvenns konar. Samkvæmt 1. tl. er um að ræða álag, allt að 20%, til viðbótar þeirri fjárhæð sem vangreidd var, en samkvæmt 2. tl. er um að ræða álag samsvarandi dráttarvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma.

Úrskurði ríkisskattstjóra var skotið til ríkisskattanefndar. Af hálfu kæranda var uppi höfð sú varakrafa að viðbótarálag yrði fellt niður. Á þá kröfu var fallist með úrskurði ríkisskattanefndar. Með vísan til 6. mgr. 21. gr. laga nr. 10/1960 var ríkisskattanefnd heimilt að fella álagið niður. Ekki verður séð að sú lagaheimild sé takmörkuð með þeim hætti sem gagnstefnandi heldur fram og er ekki fallist á þær málsástæður hans. Ber því að sýkna gagnstefnda af öllum kröfum gagnstefnanda í gagnsök.

Málskostnaður fellur niður bæði í aðalsök og gagnsök.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Aðalstefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum aðalstefnanda, Guðmundar Ólafssonar, í aðalsök.

Gagnstefndi, Guðmundur Ólafsson, skal vera sýkn af kröfum gagnstefnanda, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, í gagnsök.

Málskostnaður í aðalsök og gagnsök fellur niður.

Þriðjudaginn 29. mars 1994.

Nr. 300/1991. **Halldór Fannar Ellertsson**
(Sigurður Georgsson hrl.)
gegn
dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)
og gagnsök

Refsivist. Fangelsi. Stjórnarskrá. Agaviðurlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. júlí 1991. Hann krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að öðru leyti en því, að fjárhæð dæmdra skaðabóta verði hækkuð í 500.000 krónur, en til vara í aðra og lægri fjárhæð. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 5. desember 1991 fékk hann gjafsókn fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu málinu með stefnu 12. ágúst 1991. Þeir krefjast þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og þeir sýknaðir af öllum kröfum aðaláfrýjanda og dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara er gerð krafa um lækkun skaðabóta og að málskostnaður verði felldur niður.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Aðaláfrýjandi reisir málsóknina á því, að óheimilt hafi verið að framlengja fangavist hans um 10 daga, eins og gert hafi verið. Telur hann 3. mgr. 26. gr. laga nr. 48/1988 um fangelsi og fangavist, sem í gildi var, er hann afplánaði refsivist sína, vera í andstöðu við 2. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Jafnframt brjóti ákvæðið í bága við Mannréttindasáttmála Evrópu, sem Ísland hafi fullgilt með auglýsingu nr. 11/1954 um fullgildingu Evrópuráðssamnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis. Heldur hann því fram, að agaviðurlögum verði aðeins beitt svo, að samrýmist dæmdri refsingu. Af hálfu gagnáfrýjenda er á því byggt, að úrskurður yfirfangavarðar hafi verið fullkomlega lögmætur og ekki sé unnt að fallast á, að framangreint ákvæði laga nr. 48/1988 sé andstætt 2. gr. stjórnarskrár og ákvæðum mannréttindasáttmálans.

Í 26. gr. laga nr. 48/1988 voru ákvæði um agaviðurlög vegna brota fanga á reglum fangelsis. Meðal þeirra viðurlaga, sem beita mátti, var einangrun í allt að 30 daga. Umdeilt ákvæði 3. mgr. 26. gr. hljóðaði svo: „Sá tími, sem fangi er hafður í einangrun, telst ekki til refsitímans.“ Ákvæðið var fellt úr gildi með 2. gr. laga nr. 31/1991. Samkvæmt 26. gr. var það forstöðumaður, sem ákvað agaviðurlög. Fallast ber á það með héraðsdómara, að það hafi hann gert sem stjórnvald og ákvarðanir hans því tekið mið af meðferð stjórnvaldserinda.

Samkvæmt 2. gr. stjórnarskrárinnar fara dómendur með dómsvaldið. Í því hlutverki felst meðal annars að ákvarða mönnum refsivist vegna ólögmætrar hegðunar, og eru ekki aðrir handhafar ríkisvalds bærir til þess. Er það grundvallarregla íslensks réttar, sem meðal annars á sér stoð í 65. gr. stjórnarskrárinnar, að enginn verður sviptur frelsi sínu, nema úrskurður dómara komi til. Jafnframt verður málsmeðferðin, sem leiðir til þess úrskurðar, að uppfylla ákveðin skilyrði, sem nú koma aðallega fram í lögum nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, en á þeim tíma, er um getur í málinu, í lögum nr. 74/1974 um sama efni. Ákvæði 26. gr. laga nr. 48/1988, er lengdi refsivist og fékk forstöðumönnum fangelsa ákvörðunarvald þar um, var því í andstöðu við framangreind ákvæði stjórnarskrár.

Áfrýjandi sætti samkvæmt framansögðu ólögmætri frelsisskerðingu umfram dæmda refsivist og á þegar af þeirri ástæðu rétt til bóta úr ríkissjóði. Þykja þær hæfilega ákveðnar í hinum áfrýjaða dómi. Eins og hér háttar til, þykir hinn skammi fyrningarfrestur 157. gr. þágildandi laga um meðferð opinberra mála ekki eiga við. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur.

Rétt er, að allur kostnaður aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði sem gjafsóknarkostnaður, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Allur kostnaður aðaláfrýjanda, Halldórs Fannars Ellertssonar, af áfrýjun máls þessa greiðist úr ríkissjóði sem gjafsóknarkostnaður, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. maí 1991.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 17. apríl 1991, hefur Halldór Fannar Ellertsson, kt. 301150-3429, Iðufelli 4, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, þingfestri 29. maí 1990, á hendur Óla Þ. Guðbjartssyni, kt. 270835-4229, dómsmálaráðherra, Sólvöllum 7, Selfossi, og Ólafi Ragnari Grímssyni, kt. 150543-3229, fjármálaráðherra, Barðaströnd 5, Seltjarnarnesi, f.h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda kr. 500.000, auk dráttarvaxta [...]. Loks er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en stefnandi fékk gjafsókn með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 27. mars 1991. [...]

Af hálfu stefndu er aðallega krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda í málinu og þeim verið tildæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til vara er gerð krafa um að stefnufjárhæðin verði stórlega lækkuð og málskostnaður falli niður í því tilviki.

Málið var tekið til dóms að loknum munnlegum málflutningi 13. mars 1991, en síðan endurupptekið, munnlega flutt og dómtekið að nýju 17. apríl 1991.

Málsatvik, málsástæður og lagarök.

Stefnandi hóf afplánun 280 daga refsivistar vegna skilorðsrofs 30. ágúst 1988. Meginhluta þess tíma var stefnandi vistaður í fangelsinu að Kópavogsbraut 17 í Kópavogi. Er stefnandi átti skammt eftir af afplánunartímanum fékk hann leyfi til að sækja AA-fund. Þegar hann kom af fundinum taldi Sigríður Jónsdóttir varðstjóri hann undir áhrifum vímuefna og lokaði hann inni í klefa. Síðar sama dag var stefnandi fluttur úr fangelsinu við Kópavogsbraut í Síðumúlafangelsi og hafður þar í einangrun. Við yfirheyrslu 7. júní játaði hann að hafa tekið inn nokkrar mogadon- og diazepamtöflur. Sama dag kvað Ari Ingimundarson yfirfangavörður upp úrskurð um einangrun stefnanda í 10 daga frá 4. til 14. júní 1989. Var úrskurðurinn grundvallaður á 26. gr. laga um fangelsi og fangavist nr. 48/1988. Í úrskurðinum var stefnanda gefið að sök að hafa smyglað 10 mogadon- og 10 diazepamtöflum í fangelsið að Kópavogsbraut 2. júní og neytt hluta lyfjanna í fangelsinu 3. júní 1989. Að lokinni 10 daga einangrun 14. júní var stefnandi fluttur í Hegningarhúsið við Skólavörðustíg. Lauk afplánun stefnanda 18. júní eða 290 dögum eftir að hún hófst.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram að honum hafi ekki verið gefinn kostur á að njóta aðstoðar lögmanns og að ekki hafi verið flutt fram nein vörn vegna hins meinta agabrots. Þá sé ekki að sjá að stefnanda hafi verið bent á að hann gæti kært úrskurðinn til æðra stjórnvalds.

Stefnandi kveður málsóknina reista á því að ólögmætt hafi verið að framlengja fangavist stefnanda um 10 daga.

Í fyrsta lagi telur stefnandi ákvæði 3. mgr. 26. gr. l. nr. 48/1988, sem mæli fyrir um, að sá tími, sem fangi sé hafður í einangrun, teljist ekki til refsitíma, vera andstætt 2. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 en þar sé boðið að dómendur fari með dómsvaldið. Af því leiði að fangaverðir og lögreglumenn geti ekki dæmt eða úrskurðað um lengingu eða styttingu á refsivist manna. Agaviðurlögum verði einungis beitt svo, að samrýmist dæmdri refsingu.

Í öðru lagi brjóti ákvæðið í bága við a-lið 1. mgr. 5. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu sem Ísland hafi fullgilt með auglýsingu nr. 11/1954 um fullgildingu Evrópuráðssamnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis. Í Mannréttindasáttmála Evrópu séu skýr og afdráttarlaus ákvæði sem banni refsivist án dóms.

Í þriðja lagi sé lagaákvæðið andstætt evrópskum fangelsisreglum, gr. 36.1., þar sem kveðið sé á um að aldrei megi refsa fanga tvisvar fyrir sama verknað.

Í munnlegum málflutningi var einnig byggt á því af hálfu stefnanda að fyrrnefndur úrskurður væri andstæður 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu þar sem stefnandi hefði ekki fengið réttláta málsmeðferð.

Í munnlegum flutningi málsins kom einnig fram, að stefnandi krefðist eingöngu miskabóta á grundvelli 1. mgr. 264. gr. l. nr. 19/1940, samanber grunnrök 153. gr. l. nr. 74/1974. Stefndi rökstyður bótakröfu sína enn fremur með því að samkvæmt 5. mgr. 5. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu skuli aðili eiga lögmæta og framkvæmanlega bótakröfu. Stefnandi telur það vera brot á ákvæðum sáttmálans ef íslensk lög útiloki bótakröfu stefnanda.

Stefnandi telur bótakröfuna hæfilega en að við úrlausn þess, hvað teljist hæfilegar bætur, verði að styðjast við fordæmi. Þá telur stefnandi, að þótt hann hafi alloft hlotið refsidóma og afplánað fangavist, sé ekki þar með sagt, að léttbærara hafi verið fyrir hann en aðra menn að þola hina ólögmætu framlengingu refsivistarinnar.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt að dómskjöl nr. 20 og 21 fái komist að í málinu þar sem þau séu málinu óvðkomandi og þeirra hafi verið aflað með ólögmætum hætti. Einnig séu þau trúnaðarskjöl og framlagning þeirra andstæð 105. gr. l. nr. 85/1936.

Stefndu byggja á því að úrskurður yfirfangavarðarins hafi byggst á skýru ákvæði 3. mgr. 26. gr. l. nr. 48/1988. Ákvæðið eigi sér langa sögu og sé efnislega samhljóða 2. mgr. 46. gr. l. nr. 19/1940 sem fellt hafi verið úr gildi með l. nr. 48/1988.

Stefndu kveða ríka þörf vera fyrir fangelsisyfirvöld að halda uppi aga í fangelsum og ef ekki væri til staðar heimild fyrir þau til að grípa til umsvifalausra og skilvirkra viðurlaga, gæti það leitt til minna frjálsræðis í fangelsum. Einnig gæti komið til mismununar fanga eftir því hvenær afplánunartímans og hvar agabrotið ætti sér stað.

Stefndu kveða l. nr. 48/1988 ekki vera eina dæmið um að stjórnvöldum sé í lögum fengið þvingunarvald og refsivald. Ekki sé um að ræða skýra aðgreiningu milli dómsvalds, framkvæmdavalds og löggjafarvalds. Verksvið dómstóla markist af settum lögum og dómstólar eigi að dæma eftir lögunum. Tiltekin mál falli undir dómsvald samkvæmt 60., 61. og 65. gr. stjórnarskrárinnar en að öðru leyti marki almenni löggjafinn skilin milli dómsvalds og framkvæmdavalds. Löggjafinn hafi fulla heimild til að ákveða í lögum hvernig með agaviðurlög skuli fara. Stjórnvöld sjái um fullnustu refsidóma og eðlilegt sé að þau geti ákveðið agaviðurlög. Ákvæði 3. mgr. 26. gr. l. nr. 48/1988 brjóti því ekki í bága við 2. gr. stjórnarskrárinnar.

Stefndu telja Mannréttindasáttmála Evrópu ekki hafa lagagildi hér á landi og ákvæði sáttmálans öðlist ekki lagagildi fyrr en lögum hafi verið breytt með lögformlegum hætti.

Stefndu telja 6. gr. sáttmálans ekki eiga við þar sem stefnandi hafi ekki mátt þola agaviðurlög vegna refsiverðs brots. Þá er því mótmælt að hægt sé að byggja á evrópskum fangelsisreglum þar sem þær séu ekki samningur og hafi ekki lagagildi. Þá komi gr. 36.1. ekki til skoðunar þar sem stefnanda hafi ekki verið refsað tvisvar fyrir sama brotið.

Stefndu kveða stefnanda hafa notið lögmannsaðstoðar á þeim tíma sem úrskurðurinn var kveðinn upp og að ekkert sé við framlagningu dómskjals nr. 20 að segja, þar sem ákvörðun um áfrýjun refsidóms í opinberu máli sé tæpast trúnaðarskjal.

Stefndu telja stefnanda ekki eiga rétt á neinum skaðabótum þar sem ekki hafi verið um fjártjón að ræða og lagaheimild fyrir miskabótakröfu skorti.

Stefndu telja að ef bótaréttur hafi stofnast hljóti ákvæði 18. kafla l. nr. 74/1974 fullkomlega að eiga við í þessu máli, þar sem í þeim kafla séu sérákvæði um bætur, meðal annars fyrir frelsisskerðingu, sem gangi framar almenna miskabótaákvæðinu í 264. gr. l. nr. 19/1940. Bótakrafan verði þó ekki byggð á 153. gr. l. nr. 74/1974 þar sem stefnandi hafi ekki verið saklaus þegar hann var úrskurðaður í einangrun. Þá telja stefndu að ekki sé fullnægt skilyrði 2. tl. 1. mgr. 150. gr., og sé því ljóst, að stefnandi eigi engan bótarétt. Einnig krefjast stefndu sýknu á grundvelli 157. gr. l. nr. 74/1974 þar sem stefnandi hafi ekki höfðað bótamál innan 6 mánaða frá því að hann var látinn laus úr fangelsi.

Stefndu gera kröfu um stórfellda lækkun stefnukröfunnar og mótmæla vaxtakröfu.

Forsendur og niðurstaða.

26. gr. l. nr. 48/1988 hefur að geyma ákvæði um agaviðurlög vegna brota fanga á reglum fangelsis. Samkvæmt 4. tl. 1. mgr. 26. gr. fyrrnefndra laga er einangrun í allt að 30 daga meðal þeirra viðurlaga sem beita má. Þegar úrskurður sá, sem um er deilt í máli þessu, var kveðinn upp, var svohljóðandi ákvæði að finna í 3. mgr. 26. gr.: „Sá tími, sem fangi er hafður í einangrun, telst ekki til refsitímans.“ Tilvitnað ákvæði var fellt brott úr lögunum með 2. gr. l. nr. 31/1991 sem gildi tóku 17. apríl 1991.

Í samræmi við fyrrgreint ákvæði hafi úrskurður um 10 daga einangrun stefnanda frá 4. júní 1988 þau áhrif að vistun hans í fangelsi, sem ljúka átti 8. júní 1988, lauk ekki fyrr en 18. júní 1988. Fangelsisdvöl stefnanda varð því 10 dögum lengri en eftirstöðvar hinnar dæmdu refsingar. Eins og 3. mgr. 26. gr. l. nr. 48/1988 var framkvæmd af fangelsisyfirvöldum var ákvörðun Ara Ingimundarsonar yfirfangavarðar um 10 daga einangrun stefnanda því í raun úrskurður um refsingu.

Í 2. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, er kveðið á um að dómendur skuli fara með dómsvald. Hugtakið dómsvald er þó ekki skilgreint í stjórnarskránni en ákvæðið byggist á því, að tiltekin starfsemi ríkisins teljist, eðlis síns vegna, til dómstarfa. Þegar sleppir þeim stjórnarskrárákvæðum, sem fá dómendum tiltekin verkefni, er almennt viðurkennt, að almenni löggjafinn hafi nokkurt svigrúm til ákvörðunar á því hvaða starfsemi ríkisvaldsins dómendur skuli fara með.

Meginhlutverk dómstóla er að skera úr tilteknum ágreiningsatriðum. Alltítt er þó að stjórnvöldum sé að lögum fengið vald til að skera úr um réttarágreining á tilteknum sviðum. Dæmi um þetta er 26. gr. l. nr. 48/1988.

Í settum lögum er ákvörðun refsinga yfirleitt fengin dómstólum og verður að telja slíkar ákvarðanir dæmigerðar dómsathafnir. Í undantekningartilfellum er refsivald lagt í hendur stjórnvalds samkvæmt lögum. Ákvörðun refsingar er þess eðlis að gera verður strangar kröfur til þess aðila sem fengið er það vald.

Ákvarðanir um agaviðurlög samkvæmt 26. gr. l. nr. 48/1988 eru stjórnvaldsákvarðanir, teknar af forstöðumanni fangelsis. Hlutverk forstöðumanns er samkvæmt 2. mgr. 5. gr. að sjá um daglegan rekstur stofnunar. Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. fyrrnefndra laga skal dómsmálaráðherra ráða forstöðumann fangelsis. Ráða skal öðrum fremur mann sem hefur lokið viðurkenndu prófi frá háskóla. Enginn áskilnaður er gerður í lögunum um að úrskurðaraðili um agaviðurlög skuli hafa sérþekkingu í lögfræði, afbrotafræði, eða skyldum greinum.

Fyrrnefnd lög hafa ekki að geyma ákvæði um rétt fanga til að leita aðstoðar lögmanns eða til að verja sig sjálfur, áður en ákvörðun um agaviðurlög er tekin. Af athugasemdum, sem fylgdu 26. gr. í því frumvarpi, sem varð að l. nr. 48/1988, má ráða, að ákvörðun um agaviðurlög sæti stjórnsýslulegri kæru til dómsmálaráðuneytisins. Í lögunum sjálfum var þó ekki að finna ákvæði um rétt fanga til að kæra úrskurð um agaviðurlög og ekki ákvæði um að fangi skuli upplýstur um kæranleika úrskurðarins. Úr þessu hefur verið bætt með 1. gr. l. nr. 31/1991 um breyting á l. nr. 48/1988. Þá skortir íslensk lög almenn lagaákvæði um málsmeðferð fyrir stjórnvöldum og kæranleika stjórnvaldsathafna.

Ákvæði 3. mgr. 26. gr. l. nr. 48/1988 gaf úrskurði forstöðumanns fangelsis um einangrunarvist fanga þær réttarverkanir að úrskurðurinn var í raun ákvörðun um lengingu á dæmdri refsivist.

Með hliðsjón af þeim ramma, sem almenni löggjafinn setti um ákvarðanir um agaviðurlög, þykir ákvæði 3. mgr. 26. gr. l. nr. 48/1988 ekki hafa verið samrýmanlegt 2. gr. stjórnarskrárinnar.

Það haggar ekki þessari niðurstöðu að ákvæði 3. mgr. 26. gr. l. nr. 48/1988 var efnislega samhljóða 2. mgr. 46. gr. l. nr. 19/1940, sem féll úr gildi við gildistöku l. nr. 48/1988, en fram kemur í bréfi forstjóra Fangelsismálastofnunar til dómsmálaráðherra, dagsettu 5. desember 1989, að honum hafi ekki verið kunnugt um að því ákvæði hafi verið beitt í framkvæmd.

Evrópuráðssamningur um verndun mannréttinda og mannfrelsis, öðru nafni Mannréttindasáttmáli Evrópu, var fullgiltur fyrir Ísland á árinu 1953, samanber auglýsingu nr. 11/1954. Með fullgildingunni gekkst Ísland að þjóðarétti undir að hlíta ákvæðum sáttmálans. 1. gr. samningsins er svohljóðandi: „Samningsaðilar skulu tryggja hverjum þeim, sem innan yfirráðasvæðis þeirra dvelst, réttindi þau og frelsi, sem skilgreind eru í I. kafla samnings þessa.“

Í I. kafla er að finna svofellt ákvæði í 1. mgr. 5. gr.:

„1. Allir menn eiga rétt til frelsis og mannhelgi.

Engan mann skal svipta frelsi nema þegar um er að ræða eftirfarandi tilvik, enda skal þá gæta þeirrar aðferðar, sem mælt er í lögum:

a. löglegt varðhald manns, sem dæmdur hefur verið sekur af þar til bærum dómstóli;“.

Í stafliðum a-f í 1. mgr. 5. gr. eru þau tilvik tæmandi talin sem svipta má menn frelsi, en stafliður a þykir einn koma til álita í þessu máli.

Svo sem fyrr greinir, þykir sú frelsissvipting, sem stefnandi sætti samkvæmt úrskurði yfirfangavarðar, vera refsing. Úrskurðurinn var ekki kveðinn upp af dómstóli. Úrskurðaraðili var ekki óvilhallur aðili heldur stjórnvald sem sér um daglegan rekstur fangelsis og háð er skipunarvaldi æðra stjórnvalds. Þá tryggðu l. nr. 48/1988 ekki þá málsmeðferð, sem krafa er gerð um fyrir dómstólum. Sama dag og úrskurður um einangrun var kveðinn upp og birtur stefnanda ritaði hann undir yfirlýsingu þess efnis að hann óskaði eftir að dómi sakadóms Keflavíkur um 6 mánaða fangelsisrefsingu yrði áfrýjað. Þó að hæstaréttarlögmaður hafi ritað nafn sitt sem vottur að þessari yfirlýsingu hafa stefndu engar líkur að því leitt að stefnandi hafi notið aðstoðar lögmannsins varðandi úrskurð um einangrun eða verið viðstaddur birtingu hans.

Ekki verður af úrskurðinum né öðrum gögnum málsins ráðið að stefnandi hafi fengið tækifæri til að halda uppi vörnum eða til að leita sér aðstoðar löglærðs verjanda áður en úrskurður um einangrun var kveðinn upp, enda gera l. nr. 48/1988 ekki ráð fyrir því að fanga gefist tækifæri til að halda uppi vörnum.

Þegar ofangreint er virt, verður ekki talið, að forstöðumaður fangelsis sem úrskurðaraðili um agaviðurlög fanga sé stjórnvald, sem að lögum eða í framkvæmd megi jafna við dómstól hvað uppbyggingu og málsmeðferð áhrærir.

Telja verður því, að úrskurður um einangrunarvist stefnanda samkvæmt 26. gr. l. nr. 48/1988, sem fól í sér refsingu vegna ákvæðis 3. mgr. 36. gr., eins og áður er getið, hafi ekki verið kveðinn upp af bærum dómstóli og hafi því 1. mgr. 5. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu verið brotin með beitingu ákvæðisins.

Með hliðsjón af þeirri niðurstöðu þykir 6. gr. sáttmálans ekki koma til álita í máli þessu.

Stefnandi þykir ekki hafa sýnt fram á að honum hafi verið refsað tvisvar fyrir sama verknað og verður því ekki fallist á með honum að úrskurðurinn hafi brotið gegn 36.1. í evrópskum fangelsisreglum.

5. mgr. 5. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu er svohljóðandi: „Hver sá maður sem tekinn hefur verið höndum eða settur í varðhald eða gæslu gagnstætt ákvæðum þessarar greinar, skal eiga lögmæta, framkvæmanlega skaðabótakröfu.“

Stefndi hefur ekki sýnt fram á að framangreint brot á 1. mgr. 5. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu hafi valdið honum fjártjóni en hann hefur sett fram miskabótakröfu, byggða aðallega á 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en einnig á grunnrökum XVIII. kafla l. nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, sérstaklega 153. gr.

Það leiðir af eðli fangelsisvistar að hún hlýtur óhjákvæmilega að valda þeim andlegri þjáningu sem henni þarf að sæta. Má fallast á með stefnanda að fangelsisvist hans í 10 daga umfram dæmda refsingu hafi valdið honum andlegum þjáningum og þar með miska.

Í 1. mgr. 264. gr. l. nr. 19/1940 er kveðið á um, að ef maður á að lögum að svara bótum fyrir spjöll á líkama eða frelsi annars manns, megi dæma þeim, sem misgert er við, bætur fyrir miska.

Því hefur ekki verið haldið fram í máli þessu að stefnandi hafi verið saklaus af þeim agabrotum sem hann sætti einangrun vegna. Þykir því 153. gr. l. nr. 74/1974, sem kveður á um, að manni, sem saklaus hafi hlotið refsidóm, þolað refsingu eða upptöku eigna, beri að dæma bætur fyrir miska og óþægindi, eða önnur ákvæði XVIII. kafla l. nr. 74/1974 ekki taka beinlínis til þess tilviks sem hér um ræðir.

Samkvæmt grunnrökum 264. gr. l. nr. 19/1940 og XVIII. kafla l. nr. 74/1974 verður þó að telja heimilt að dæma þeim manni, sem sætt hefur óréttmætri frelsisskerðingu af hálfu opinberra yfirvalda, miskabætur úr ríkissjóði.

Þar sem það er niðurstaða málsins, að lagaákvæði það, sem fyrrnefndur úrskurður var byggður á, hafi strítt gegn 2. gr. stjórnarskrárinnar og að brotin hafi verið á stefnanda mannréttindi sem íslenska ríkið hefur skuldbundið sig til að tryggja þegnum sínum með staðfestingu Mannréttindasáttmála Evrópu, samanber og dóm Hæstaréttar frá 9. janúar 1990, þykir með hliðsjón af 5. mgr. 5. gr. samningsins og með vísan til framangreindra grunnraka 264. gr. l. nr. 19/1940 og XVIII. kafla l. nr. 74/1974 verða að fallast á með stefnanda að honum beri miskabætur úr hendi stefndu.

Stefnandi var látinn laus úr fangelsi 18. júní 1989, en mál þetta var höfðað með þingfestingu stefnu 29. maí 1990 eða tæpu ári síðar. Í Hæstaréttarmálinu nr. 262/1990: Ákæruvaldið gegn Halldóri Fannari Ellertssyni, sem dæmt var í Hæstarétti 22. febrúar 1990, var þess krafist af hálfu verjanda, að við ákvörðun refsingar yrði „tekið tillit til þess að ákærði sætti 4.–14. júní 1989 ólögmætri einangrunarvist . . .“ Í dómi Hæstaréttar kom fram að ekki væri unnt að taka afstöðu til úrskurðar yfirfangavarðar og kæmi hann því ekki til álita við ákvörðun refsingar ákærða í málinu.

Í 157. gr. l. nr. 74/1974 er ákvæði þess efnis að bótakrafa fyrnist á 6 mánuðum frá því að aðili var látinn laus úr refsivist. Þessi frestur er skemmri en almennt gildir um fyrningu bótakrafna. Þar sem niðurstaða málsins um bótaskyldu stefndu er ekki beinlínis reist á ákvæðum XVIII. kafla l. nr. 74/1974, heldur á grunnrökum kaflans, þykir með hliðsjón af 5. mgr. 5. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu ekki rétt að telja kröfu stefnanda um miskabætur fyrnda, enda er það fyrst með niðurstöðu í máli þessu sem stefnandi fær staðfestingu á að um óréttmæta lengingu á fangavist hans hafi verið að ræða.

Ber stefndu því að greiða stefnanda miskabætur sem þykja hæfilega ákveðnar 40.000 krónur. Lögmaður stefnanda ritaði stefndu bréf 27. febrúar 1990 og krafðist bóta fyrir hönd stefnanda. Í samræmi við 15. gr. l. nr. 25/1987 þykir rétt að hin dæmda fjárhæð beri dráttarvexti samkvæmt 10. og 12. gr. sömu laga frá 27. mars 1990 til greiðsludags.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Sigurðar Georgssonar hrl., 100.000 krónur, og greiðist þessi kostnaður samkvæmt gjafsóknarleyfi á dómskjali nr. 23.

Sigurður T. Magnússon, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan. Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Stefndu, dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, greiði stefnanda, Halldóri Fannari Ellertssyni, 40.000 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt 10., 12. og 15. gr. l. nr. 25/1987 frá 27. mars 1990 til greiðsludags.

Allur gjafsóknarkostnaður málsins fyrir bæjarþingi Reykjavíkur greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnanda, Sigurðar Georgssonar hrl., 100.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að telja, að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 29. mars 1994.

Nr. 10/1994. **Íslenska ríkið**
(Gunnlaugur Claessen hrl.)
gegn
Félagi vatnsvirkja hf.
(Helgi V. Jónsson hrl.)
(Pétur Guðmundarson hrl.)
og gagnsök

Hlutafélög. Hlutabréf. Sameignarfélög. Skattskylda. Tekjuskattur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson, Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari, og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. janúar 1994. Hann gerir eftirfarandi dómkröfur:

„1. Að úrskurður ríkisskattanefndar nr. 1 frá 8. janúar 1992 í kærumáli stefnda verði felldur úr gildi, að því er tekur til niðurfellingar á tekjuskatti, kr. 68.297, og stefnda verði gert að greiða þessa fjárhæð í samræmi við álagningu skattstjóra, dags. 21. október 1991.

2. Að viðurkennt verði með dóminum, að greiðsla kr. 7.232.055 (7% af kr. 103.315.073), er stefndi móttók sem arð af hlutafé frá Sameinuðum verktökum hf. árið 1990, sé skattskyld sem tekjur samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981.

Til vara er í þessum lið dómkröfu með sama hætti krafist viðurkenningar á skattskyldu á kr. 6.532.055 (7% af kr. 95.483.225 ÷ 151.771 = 6.532.055).

3. Krafist er dráttarvaxta af fjárhæð kröfuliðar 1 skv. 6. mgr. 110. gr. og 1. mgr. 112. gr. laga nr. 75/1981 með síðari breytingum og III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. desember 1991 til greiðsludags.“

Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. janúar 1994. Hann krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms um sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Í lögum nr. 6/1935 um tekjuskatt og eignarskatt var ákvæði þess efnis, að ekki teldist til tekna sá eignarauki, sem stafaði af því, að fjármunir skattgreiðanda hækkuðu í verði. Þetta gilti þó ekki um eign í hlutafélagi. Ef slík eign hækkaði í verði, var öll ráðstöfun hennar skattskyld, nema um væri að ræða sölu á hlutabréfum. Hin öra verðbólga, sem ríkti hér á landi um áratugaskeið, leiddi til þess, að misræmi gat orðið á skattskyldu eftir því, hvaða eignir var um að ræða. Úr þessu var reynt að bæta með því að heimila útgáfu jöfnunarhlutabréfa, án þess að þau bréf yrðu talin skattskyld hjá félaginu eða hluthöfum, enda var talið, að hér væri raunverulega um leiðréttingu að ræða vegna breytinga á gildi peninga.

Heimild til útgáfu skattfrjálsra jöfnunarhlutabréfa var fyrst lögleidd hér á landi með ákvæði D-liðar 7. gr. laga nr. 70/1962 um tekjuskatt og eignarskatt. Þau skilyrði voru fyrir skattfrelsi jöfnunarhlutabréfanna, að úthlutunin hefði ekki í för með sér breytta eignarhlutdeild hluthafa í hlutafélagi, að útgáfa bréfanna væri byggð á raunverulegum verðmætum í sjóðum, öðrum en skattfrjálsum varasjóði, eða öðrum eignum félagsins, sem verið hefðu í eigu þess í minnst þrjú ár, og samanlagt nafnverð jöfnunarhlutabréfanna, miðað við hlutafé félagsins, væri ekki hærra en svaraði til almennrar verðhækkunar frá stofnun félags eða frá innborgun hlutafjár. Í 22. gr. laganna var fjallað um endurmat eigna, og í H-lið var ákvæði, sem heimilaði atvinnufyrirtækjum á árunum 1962 til 1963 að meta áætlað endurkaupsverð fastafjármuna sinna og breyta bókfærðu verði á eignum samkvæmt því, og taldist slík verðhækkun ekki til skattskyldra tekna. Endurmat þetta náði aðeins til fyrnanlegra eigna.

Í lögum nr. 68/1971 um tekjuskatt og eignarskatt, D-lið 7. gr., var ákvæði um úthlutun jöfnunarhlutabréfa svipaðs efnis og framangreint ákvæði laga nr. 70/1962, að öðru leyti en því, að útgáfa bréfanna átti að byggjast á „raunverulegu verðmæti hreinna eigna félagsins, annarra en arðjöfnunarsjóðs eða skattfrjáls varasjóðs“. Í ákvæði til bráðabirgða IV (sem varð með lögum nr. 7/1972, ákvæði til bráðabirgða II) var gerð sú breyting, að á árunum 1971 og 1972 var útgáfa jöfnunarhlutabréfa ekki takmörkuð af verðhækkunarvísitölu, en henni settur nýr grunnur miðað við janúar 1973. Nýjar endurmatsreglur voru settar í lög nr. 7/1972 fyrir árin 1971 og 1972, sem miðuðu við fyrnanlegar eignir.

Með lögum um tekjuskatt og eignarskatt nr. 40/1978, sbr. lög nr. 7/1980, var reglunum um útgáfu jöfnunarhlutabréfa og endurmat eigna breytt. Þar var opnuð heimild til útgáfu jöfnunarhlutabréfa miðað við raunverulegt verðmæti hreinnar eignar hlutafélags í árslok 1978, óháð vísitölu liðinna ára, en útgáfa jöfnunarhlutabréfa eftir það bæði bundin hreinni eign og vísitölu. Þetta var hliðstæð heimild og veitt var með lögum nr. 68/1971, en sá munur var á, að ekki var áskilið, að útgáfan færi fram innan tiltekinna tímamarka. Í ákvæði til bráðabirgða IV, sbr. lög nr. 7/1980, voru reglur um endurmat eigna: „Á árinu 1979 skal framkvæma endurmat á þeim fyrnanlegu eignum, sbr. 32. gr. þessara laga og 15. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 7. gr. laga nr. 7/1972, sem voru í eigu skattaðila í byrjun þess árs. Endurmatið skal þannig framkvæmt að kostnaðarverði (stofnverði) skal breytt eftir verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár. Kostnaðarverð, þannig framreiknað, myndar nýjan fyrningargrunn sem fyrning reiknast af, í fyrsta sinn á árinu 1979. . . .Ríkisskattstjóri skal fyrir árslok 1979 reikna verðbreytingarstuðul fyrir eignir sem skattaðili hefur eignast á árunum 1964 til 1978. Stuðullinn skal miðast við breytingu á meðaltalsbyggingarvísitölu milli ára. . ." Þá koma nánari reglur um reikningslega útfærslu matsins, en síðan segir: „Reglur þessa ákvæðis gilda einnig um endurmat ófyrnanlegra eigna eftir því sem við á. – Skattaðilar, sem eiga eignir í ársbyrjun 1979 sem ber að endurmeta, skulu senda skattstjóra, eigi síðar en með skattframtali 1980, greinargerð um endurmatið í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður." Samkvæmt þessum endurmatsreglum var raunverulegt verðmæti hreinnar eignar leiðrétt miðað við árslok 1978, og var heimilt að verja þessari hreinu eign til útgáfu jöfnunarhlutabréfa. Um þá útgáfu var ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 40/1978 og lögum nr. 75/1981. Um úthlutun jöfnunarhlutabréfa, sem byggð var á breytingu hreinnar eignar eftir árslok 1978, átti að fara eftir ákvæðum 9. gr. laganna, en samkvæmt henni mátti samanlagt nafnverð jöfnunarhlutabréfanna „ekki vera hærra en svarar til hækkunar á hlutafé félagsins í samræmi við almennar verðhækkanir frá 1. janúar 1979 eða frá stofnun hlutafélags eða innborgun hlutafjár eftir þann tíma.“

II.

Gagnáfrýjandi máls þessa er hlutafélag, sem stofnað var árið 1957. Aðaleign félagsins hefur frá upphafi verið hlutabréf í Sameinuðum verktökum hf., og var gagnáfrýjandi eigandi að 7% hlutafjár í Sameinuðum verktökum hf., en aðaleign þess félags var á þessum tíma helmingseignarhluti í Íslenskum aðalverktökum sf. Gögn málsins bera með sér, að Sameinaðir verktakar hf. gáfu út jöfnunarhlutabréf a.m.k. frá árinu 1979. Ríkisskattstjóri setti reglur um mat á eignum miðað við 31. desember 1978 vegna heimildar hlutafélaga til útgáfu jöfnunarhlutabréfa. Að áliti ríkisskattstjóra var heimild Sameinaðra verktaka hf. til útgáfu jöfnunarhlutabréfa á árinu 1979 miðuð við 18.567.010 krónur samkvæmt efnahagsreikningi félagsins í árslok 1978. Ekki fór fram endurmat á eignarhluta félagsins í Íslenskum aðalverktökum sf., en miðað var við eignfært stofnfé 170.000 krónur. Hlutafé í árslok 1978 var 800.000 krónur. Allt fram til ársins 1990 var eignarhluti Sameinaðra verktaka hf. í Íslenskum aðalverktökum sf. talinn til eignar í efnahagsreikningi á upphaflegu stofnverði, en í skýringum með ársreikningum til þess tíma var athugasemd um, að raunvirði eignarhlutans væri hátt yfir nafnverði stofnfjár. Með bréfi 5. júní 1990 óskuðu Sameinaðir verktakar hf. þess, að ríkisskattstjóri endurskoðaði ákvörðun sína um heimild félagsins til útgáfu jöfnunarhlutabréfa á árinu 1979, þannig að tekið yrði tillit til 50% eignarhluta hlutafélagsins í sameignarfélaginu Íslenskum aðalverktökum og hann endurmetinn. Ríkisskattstjóri féllst ekki á erindi þetta. Var heimild félagsins til útgáfu jöfnunarhlutabréfa á árinu 1979 því óbreytt. Ríkisskattstjóri taldi hreina eign félagsins miðað við eignastöðu í árslok 1978 hafa verið 18.567.010 krónur, en Sameinaðir verktakar hf. töldu hreina eign hafa verið 40,9 milljónir króna, en þá hafði verið metin upp 170.000 króna stofnfjáreign Sameinaðra verktaka hf. í Íslenskum aðalverktökum sf. Samkvæmt reglum ríkisskattstjóra var öll útgáfuheimildin framreiknuð eftir vísitölu jöfnunarhlutabréfa, og taldi hann heimild til útgáfu jöfnunarhlutabréfa á árinu 1990 vera 103.315.073 krónur. Það ár gáfu Sameinaðir verktakar hf. út jöfnunarhlutabréf fyrir 105.483.225 krónur. Ríkisskattstjóri taldi það vera 2.168.152 krónur umfram heimild, sem hann skattlagði sem tekjur. Eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi, taldi ríkisskattanefnd aftur á móti, að endurmeta bæri eignarhluta Sameinaðra verktaka hf. í Íslenskum aðalverktökum sf., og hefði því Sameinuðum verktökum hf. verið heimilt að gefa út öll jöfnunarhlutabréfin, að fjárhæð 105.483.225 krónur, þannig að hluthafar í Sameinuðum verktökum hf. nytu skattfrelsis af þeirri útgáfu.

Eins og að framan er lýst, gáfu Sameinaðir verktakar hf. út skattfrjáls jöfnunarhlutabréf allt frá árinu 1979. Árið 1988 hóf félagið að gefa út jöfnunarhlutabréf og lækka hlutaféð um leið og greiða það út til hluthafa. Var þetta gert innan framangreindra marka heimildar ríkisskattstjóra til ársins 1990. Í ljós er leitt, að Sameinaðir verktakar hf. hækkuðu hlutaféð með útgáfu jöfnunarhlutabréfa á árunum 1988 til 1992 um rúmar 1.300.000.000 króna og lækkuðu það með útborgun til hluthafa á sama tíma um rúmar 1.200.000.000 krónur.

III.

Ágreiningur máls þessa hjá skattyfirvöldum snerist um heimild Sameinaðra verktaka hf. til útgáfu skattfrjálsra jöfnunarhlutabréfa árið 1990. Á aðalfundi félagsins 6. júní 1990 var stjórninni heimilað að auka hlutaféð um 105.483.225 krónur með útgáfu jöfnunarhlutabréfa. Jafnframt heimilaði fundurinn stjórninni að lækka hlutaféð um 95.483.225 krónur og greiða hluthöfum þá fjárhæð.

Ein af málsástæðum aðaláfrýjanda er sú, að ekki hafi verið lagalegur grundvöllur fyrir útgáfu jöfnunarhlutabréfa, og ákvörðun aðalfundarins 6. júní 1990 hefði engar réttarverkanir haft í þá átt, þar sem hvorki hlutafjáraukningin né hlutafjárlækkunin var tilkynnt til Hlutafélagaskrár og hlutabréfin voru aldrei gefin út. Samkvæmt 4. mgr. 37. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög er hækkun hlutafjár með útgáfu jöfnunarhlutabréfa ekki gild, fyrr en ákvörðun hefur verið skráð. Í athugasemdum með frumvarpi því, sem síðar varð að lögum um hlutafélög nr. 32/1978, segir, að ákvæðið hafi það í för með sér, að ekki megi gefa út jöfnunarhlutabréf, fyrr en ákvörðunin hafi verið tilkynnt og skráð. Samkvæmt þessu er það lögbundið skilyrði fyrir útgáfu skattfrjálsra jöfnunarhlutabréfa, að hún sé tilkynnt til Hlutafélagaskrár. Í 5. mgr. 42. gr. laganna er einnig boðið, að ákvörðun um lækkun hlutafjár skuli tilkynnt til Hlutafélagaskrár, og falli hún úr gildi, ef hún er ekki tilkynnt á réttum tíma. Samkvæmt skýrum ákvæðum hlutafélagalaga var því ákvörðun aðalfundar Sameinaðra verktaka hf. um útgáfu skattfrjálsra jöfnunarhlutabréfa ógild svo og ákvörðun um lækkun hlutafjárins. Ekki verður þó á það fallist með aðaláfrýjanda, að þetta leiði þegar til þess, að líta beri svo á, að skattleggja eigi þá fjárhæð, sem hluthafar fengu greidda vegna hlutafjárlækkunar, eins og um arð væri að ræða, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 75/1981. Eins og kröfugerð og aðild í málinu er háttað, reynir ekki heldur á það, hvort hluthöfunum beri að endurgreiða féð, sbr. 110. gr. hlutafélagalaga. Til úrlausnar í málinu verður þá, hvernig hátta skuli skattalegri meðferð hjá hluthöfum.

IV.

Í kafla I hér að framan er lýst reglum laga nr. 40/1978, sbr. lög nr. 7/1980 um útgáfu jöfnunarhlutabréfa og endurmat eigna miðað við raunverulegt verðmæti hreinna eigna í árslok 1978. Voru heimildir Sameinaðra verktaka hf. miðaðar við 18.567.010 krónur og hlutaféð var 800.000 krónur. Ekki verður séð, að þá hafi verið farið fram á það, að stofnfé Sameinaðra verktaka hf. í Íslenskum aðalverktökum sf. yrði endurmetið. Hér var um eins skiptis heimild til endurmats að ræða. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða IV í lögum nr. 40/1978, sbr. lög nr. 7/1980, átti að framkvæma endurmatið á árinu 1979 á þeim eignum, sem voru í eigu skattaðila í byrjun þess árs. Í 8. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IV í lögum nr. 7/1980 sagði: „Skattaðilar, sem eiga eignir í ársbyrjun 1979 sem ber að endurmeta, skulu senda skattstjóra, eigi síðar en með skattframtali 1980, greinargerð um endurmatið í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.“ Það var ekki fyrr en árið 1990, sem Sameinaðir verktakar hf. létu endurmeta stofnféð. Var þá heimild til endurmats samkvæmt framansögðu fallin niður.

Á árunum 1979 og 1980 setti embætti ríkisskattstjóra almennar viðmiðunarreglur um endurmat eigna við útreikning á úthlutunarheimild jöfnunarhlutabréfa. Þar voru m.a. þær reglur um mat á eignarhlut í öðrum félögum, að ekki skuli meta til hreinnar eignar hlut í sameignarfélagi nema á nafnverði stofnframlags, en heimilt var að endurmeta hlutabréf hlutafélags í öðru hlutafélagi að fullnægðum ákveðnum skilyrðum. Framkvæmd skattyfirvalda um endurmat var því mismunandi eftir því, hvort um var að ræða eignarhlut í sameignarfélagi eða hlutafélagi. Engin dæmi eru um, að stofnfé í sameignarfélögum hafi verið endurmetið til útgáfu jöfnunarhlutabréfa hjá hlutafélagi. Þótt framkvæmdin hafi verið á annan veg, þegar um eignarhluta í hlutafélagi var að ræða, verður ekki á það fallist, að um sé að ræða brot á jafnræðisreglu, þar sem hér er um ólík félagaform að ræða, sem mismunandi lagareglur gilda um, m.a. um ábyrgð eigenda, úttekt úr félagi og skattskyldu eignarhluta. Verður því að telja, að ekki hafi verið heimild til að endurmeta stofnfé Sameinaðra verktaka hf. í Íslenskum aðalverktökum sf.

Af framansögðu leiðir, að taka ber til greina kröfulið 1 í kröfugerð aðaláfrýjanda, en hún felur í sér, að úrskurður skattstjóra í Reykjanesumdæmi frá 21. október 1991 verði látinn gilda og gagnáfrýjanda gert að greiða 68.297 krónur í tekjuskatt með vöxtum, svo sem í dómsorði greinir.

Liður nr. 2 í kröfugerð aðaláfrýjanda er ekki samrýmanlegur kröfulið nr. 1, og verður því ekki tekin afstaða til hans samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Ber því að vísa þeim kröfulið frá héraðsdómi.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Öðrum kröfulið aðaláfrýjanda, íslenska ríkisins, er vísað frá héraðsdómi.

Úrskurður ríkisskattanefndar nr. 1 frá 8. janúar 1992 er felldur úr gildi.

Gagnáfrýjandi, Félag vatnsvirkja hf., greiði í tekjuskatt 68.297 krónur í samræmi við álagningu skattstjóra 21. október 1991 með dráttarvöxtum samkvæmt 6. mgr. 110. gr. og 1. mgr. 112. gr. laga nr. 75/1981 með síðari breytingum og III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. desember 1991 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Guðmundar Jónssonar

Ég tel ákvæði 2. tl. 111. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 ekki vera grundvöll til að hafna þeirri málsástæðu áfrýjanda, sem fram kemur í stefnu, að ákvarðanir aðalfundar Sameinaðra verktaka hf. um hækkun hlutafjár og síðan um lækkun þess hafi ekki haft réttarverkanir. Ég tel því, að sú málsástæða verði lögð til grundvallar í málinu, og er samþykkur þeirri ályktun héraðsdóms, að greiðsla til hluthafa vegna ógildrar lækkunar hlutafjár ætti samkvæmt ákvæði 110. gr. laga um hlutafélög nr. 32/1978 að ganga til baka. Samkvæmt því tel ég, að eins og atvikum er háttað, hafi þetta í för með sér, að sýkna beri stefnda að svo stöddu af kröfum áfrýjanda.

Að virtum öllum atvikum málsins tel ég, að málskostnaður eigi að falla niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 15. desember 1993.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. nóvember 1993, hefur fjármálaráðherra, Friðrik Sophusson, kt. 181043-4649, Arnarhvoli, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 30. apríl 1993, á hendur Félagi vatnsvirkja hf., kt. 570372-0929, Hafnahreppi, Gullbringusýslu.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að úrskurður ríkisskattanefndar nr. 1 frá 8. janúar 1992 í kærumáli stefnda verði felldur úr gildi, að því er tekur til niðurfellingar á tekjuskatti, kr. 68.297, og stefnda verði gert að greiða þessa fjárhæð við álagningu skattstjóra, dags. 21. október 1991.
2. Að viðurkennt verði með dóminum, að greiðsla kr. 7.332.055 (7% af kr. 103.315.073), er stefndi móttók sem arð af hlutafé frá Sameinuðum verktökum hf. árið 1990, sé skattskyld sem tekjur samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981.
3. Krafist er dráttarvaxta af fjárhæð kröfuliðar 1 skv. 6. mgr. 110. gr. og 1. mgr. 112. gr. laga nr. 75/1981 með síðari breytingum og III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. desember 1991 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda að mati réttarins.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað að mati réttarins.

II.

Stefndi, Félag vatnsvirkja hf., er eigandi að 7% hlutafjár í Sameinuðum verktökum hf. Aðaleign Sameinaðra verktaka hf. er eignarhluti í sameignarfélaginu Íslenskum aðalverktökum sf. Mál þetta snýst fyrst og fremst um heimild Sameinaðra verktaka hf. til úthlutunar skattfrjálsra jöfnunarhlutabréfa á árinu 1990, en á aðalfundi félagsins hinn 6. júní það ár var stjórn félagsins heimilað að auka hlutafé þess um kr. 105.483.225,00 með útgáfu jöfnunarhlutabréfa. Jafnframt heimilaði fundurinn stjórninni að lækka hlutaféð um kr. 95.483.225,00 og greiða hluthöfum þá fjárhæð. Bréfin voru aldrei gefin út og ákvörðunin um útgáfuna ekki tilkynnt Hlutafélagaskrá.

Ríkisskattstjóri hafði látið uppi það álit, að unnt væri að gefa út jöfnunarhlutabréf, að fjárhæð kr. 103.315.073,00, með þeim áhrifum, að bréfin væru skattfrjáls í hendi móttakanda. Þar sem hið stefnda félag er eigandi að 7% hlutafjár í Sameinuðum verktökum hf. komu í hlut þess 7% af kr. 105.483.225,00 eða kr. 7.383.825,00, þar af kr. 151,771,00, sem er umfram þá fjárhæð, sem ríkisskattstjóri taldi mögulega úthlutun skattfrjálsra jöfnunarhlutabréfa.

Með bréfi, dags. 21. október 1991, tók skattstjórinn í Reykjanesumdæmi framtal félagsins gjaldárið 1991 til endurreiknings og gerði stefnda að greiða tekjuskatt af ofangreindum kr. 151.771. Nam skattfjárhæðin kr. 68.297. Ríkisskattanefnd felldi hækkun skattstjóra niður með úrskurði 8. janúar 1992 með þeim rökum, að mat á eignarhluta Sameinaðra verktaka hf. í Íslenskum aðalverktökum sf. í árslok 1978 bæri ekki aðeins að miða við hlutdeild þeirra í stofnfé félagsins, heldur einnig í óskiptu eigin fé Íslenskra aðalverktaka sf.

Í forsendum úrskurðar ríkisskattanefndar segir svo:

„Svo sem fram er komið snýst deila aðilja máls þessa um það, hvaða skilning leggja beri í það ákvæði 1. mgr. 9. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sem setur útgáfu jöfnunarhlutabréfa án þess að hún teljist til skattskylds arðs af hlutabréfum það skilyrði, að hún sé *„byggð á raunverulegu verðmæti hreinnar eignar félagsins í lok þess árs sem næst er á undan útgáfuári, að teknu tilliti til opinberra gjalda sem tengd eru því ári*“. Er ágreiningsefnið, hvort í því sambandi skuli endurmeta eignarhluta Sameinaðra verktaka hf. í Íslenskum aðalverktökum sf. Þrátt fyrir framangreint orðalag er ekki ótvírætt, hvernig meta skuli raunverulegt verðmæti hreinnar eignar í þessu sambandi. Þegar horft er til framkvæmdar þessa ákvæðis er ljóst, að í reynd hefur verið vikið frá skattmati eigna. Fallast má á þá túlkun á ákvæðinu, því að ef miða hefði átt við skattmat, hefði löggjafinn vafalítið orðað ákvæðið öðruvísi. Þá þykja sjónarmið þau, er fram koma í athugasemdum við 7. gr. frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt, er varð að l. nr. 70/1962, um tekjuskatt og eignarskatt, styðja þessa niðurstöðu. Það þykir eiga að leiða til þess, að fallist verði á þá kröfu kæranda að endurmeta beri eignarhluta Sameinaðra verktaka hf. í nefndu sameignarfélagi við notkun heimildar til skattfrjálsrar útgáfu jöfnunarhlutabréfa, þó að það hafi ekki verið gert áður. Kemur þá til skoðunar hvaða mörk ákvæði 5. ml. 1. mgr. 9. gr. nefndra laga, með síðari breytingum, og ákvæði til bráðabirgða II með lögum nr. 75/1981 setji fjárhæð skattfrjálsrar útgáfu jöfnunarhlutabréfa og hvort Sameinaðir verktakar hf. hafi farið út fyrir þau mörk. Er eftirfarandi tekið fram í síðargreinda ákvæðinu:

> „*Úthlutun jöfnunarhlutabréfa, sem byggð er á raunverulegu verðmæti hreinnar eignar félags í árslok 1978 að teknu tilliti til opinberra gjalda sem tengd eru því ári, er ávallt heimil án þess að hún teljist til arðs, sbr. 9. gr. Til hreinnar eignar félags í þessu sambandi telst þó ekki varasjóður sem myndaður hefur verið samkvæmt eldri skattalögum, sbr. einnig 12. tl. 1. mgr. 31. gr. Skattfrelsi slíkrar úthlutunar er því skilyrði bundið að hún hafi ekki í för með sér breytta eignarhlutdeild hlutaðeigenda eða hluthafa í hlutafélagi. Um úthlutun jöfnunarhlutabréfa, sem byggð er á breytingu hreinnar eignar eftir árslok 1978, fer eftir ákvæðum 9. gr.*“

Í greinargerð með frumvarpi því, sem varð að þeim lögum, segir svo um þetta ákvæði:

> „*Hér er hliðstæð heimild til útgáfu jöfnunarhlutabréfa og veitt var með lögum nr. 68/1971, sbr. lög nr. 7/1972. Úthlutunin skal byggð á raunverulegri hreinni eign félags í árslok 1978, óháð vísitölu liðinna ára, en úthlutun eftir það verður bæði bundin hreinni eign og vísitölu eins og í gildandi lögum.*“

Með vísan til ofangreindra lagaákvæða og nefndrar greinargerðar verður að telja að þau mörk, sem lýst er í greinargerðinni, gildi um skattfrelsi úthlutunar jöfnunarhlutabréfa. Samkvæmt framtalsgögnum Sameinaðra verktaka hf. og Íslenskra aðalverktaka sf. gjaldárið 1979, sem liggja frammi í málinu, þykir mega telja að eignarhluti Sameinaðra verktaka hf. í því sameignarfélagi hafi í árslok 1978 numið þeirri fjárhæð, metinn samkvæmt þeirri reglu sem áður er sagt frá, að Sameinuðum verktökum hf. hafi á árinu 1990 verið heimilt að gefa út þau jöfnunarhlutabréf, sem um getur í máli þessu, með þeim afleiðingum, að hluthafar í Sameinuðum verktökum hf., þ.á m. kærandi, njóti skattfrelsis af þeirri útgáfu við ákvörðun opinberra gjalda gjaldárið 1991. Er því fallist á kröfu kæranda í máli þessu, en aðalkröfu og varakröfu ríkisskattstjóra hafnað.“

III.

Til stuðnings dómkröfum sínum hefur stefnandi einkum lagt áherslu á:

a) að reglan um úthlutun skattfrjálsra jöfnunarhlutabréfa sé undantekningarregla er beri að skýra þröngt,

b) að forsenda fyrir úthlutun skattfrjálsra jöfnunarhlutabréfa á óbókfært dulið varafé í fyrnanlegum eignum hafi verið sú, að endurmat í samræmi við heimildir laga um tekju- og eignarskatt hefði farið fram,

c) að heimildir til endurmats fyrnanlegra eigna og úthlutun jöfnunarhlutabréfa hafi tengst saman í lögum um tekju- og eignarskatt hverju sinni, eftir að ákvæði um úthlutun jöfnunarhlutabréfa hafi verið tekin inn í lögin, og hvergi í þeim lögum sé að finna ákvæði um sérstakt endurmat vegna úthlutunar jöfnunarhlutabréfa,

d) að endurmat sé bundið við fyrnanlegar eignir og hafi endurmat á ófyrnanlegum eignum fyrst verið heimilað með lögum nr. 7/1980,

e) að endurmat hefði átt að fara fram innan þess frests, sem tiltekinn er í lögum nr. 7/1980,

f) að með orðasambandinu „raunverulegu verðmæti hreinnar eignar félags“ sé verið að vísa til skilgreiningar á „hreinni eign“, eins og hún er skilgreind í lögum um tekju- og eignarskatt og útgáfuheimild jöfnunarhlutabréfa ákvarðast af skattmati skattskyldra eigna að frádregnum frádráttarbærum skuldum,

g) að með endurmati eigna við áramót 1978/1979 hafi skattaðilar með lögum fengið ákveðna útgáfuheimild skattfrjálsra jöfnunarhlutabréfa og nýting þessarar heimildar hafi verið frjáls en ekki hafi verið áskilinn réttur til framreiknings, hafi þessi útgáfuheimild ekki verið nýtt strax,

h) að hinn 1. janúar 1979 hafi hlutafé í Sameinuðum verktökum hf. verið kr. 800.000 og við þá fjárhæð beri að miða útreikning á hinni almennu verðhækkun skv. 9. gr. laga nr. 75/1981 að teknu tilliti til síðari breytinga á hlutafénu. Þannig reiknuð útgáfuheimild sé til að mæta verðhækkun eftir það tímamark. Við þessa útgáfuheimild bætist síðan sú heimild, sem til var miðað við árslok 1978 að endurmati gerðu, en hana beri ekki að framreikna,

i) að ekki sé heimild til að telja stofnfjárhlut í Íslenskum aðalverktökum sf. á hærra verði en nafnverði, sbr. 5. tl. 74. gr. laga nr. 75/1981.

Þá sé fram komið að á árunum 1988–1992 hafi verið gefin út jöfnunarhlutabréf fyrir kr. 1.372.641.918,00. Á sömu árum nemi lækkun hlutafjár, sem útborgað var til hluthafa, kr. 1.242.641.918,00. Sýnist því eftir standa af heildarútgáfunni kr. 130.000.000,00 eða sem næst 10%. Tæpast verði fram hjá því litið, að hér sé verið að sniðganga regluna í upphafi 9. gr. laga nr. 75/1981 um skattskyldu arðs af hlutum og hlutabréfum í félögum og undanþáguákvæðið um útgáfu jöfnunarhlutabréfa haft að yfirvarpi.

Ákvæði 58. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt um óvenjuleg skipti í fjármálum hljóti að taka yfir það tilvik, sem hér um ræðir. Það hljóti að teljast til óvenjulegra skipta í fjármálum að samþykkja útgáfu á jöfnunarhlutabréfum og fella hana úr gildi eða afturkalla hana síðan á sama hluthafafundi og greiða að því búnu féð út til hluthafa.

Þá sé það og upplýst, að jöfnunarhlutabréfin hafi aldrei verið gefin út.

Loks heldur stefnandi því fram, að eins og málið var lagt fyrir ríkisskattanefnd, hafi því verið verulega áfátt, bæði um lýsingu málavaxta og málsástæður. Ekki verði séð, að fyrir henni hafi legið upplýsingar um, að ákvörðun um útgáfu jöfnunarhlutabréfanna 1990 var ekki tilkynnt Hlutafélagaskrá, bréfin ekki gefin út o.s.frv. og engar málsástæður uppi hafðar út af þessu. Ekki hafi heldur verið leitað álits nefndarinnar á heimild til framreiknings útgáfu samkvæmt lögum nr. 75/1981, ákvæði til bráðabirgða II.

Við munnlegan málflutning gerði ríkislögmaður grein fyrir málsástæðum sínum þannig í 5 töluliðum:

1. Að hlutafjáraukningin hafi ekki verið tilkynnt til Hlutafélagaskrár og þannig ekki fullnægt skilyrði til skattfrjálsrar útgáfu jöfnunarhlutabréfa, sbr. 37. gr. i.f. og 76. gr. laga um hlutafélög nr. 32/1978, því hafi aldrei verið neinn lagagrundvöllur fyrir útgáfu jöfnunarhlutabréfanna,
2. að ákvörðun um hækkun og lækkun hlutafjár með útborgun til hluthafa hafi verið tekin til að sniðganga ákvæði 1. mgr. 9. gr. skattalaga, og eigi því 58. gr. s. l. við,
3. að óheimilt sé að endurmeta eignarhlut Sameinaðra verktaka hf. í stofnfé Íslenskra aðalverktaka sf. við mat á heimild til skattfrjálsrar útgáfu jöfnunarhlutabréfa,
4. að endurmat hafi ekki farið fram í tæka tíð,
5. að framreikningur úthlutunarheimilda hafi verið óheimill.

Málsástæðu í 1. lið var lýst sem aðalmálsástæðu, málsástæðu í 2. lið sem varamálsástæðu gagnvart henni, málsástæðu nr. 4 sem varamálsástæðu gagnvart málsástæðu nr. 3 og málsástæðu nr. 5 sem varamálsástæðu gagnvart málsástæðum nr. 3 og 4.

Telur stefnandi, að framangreindar málsástæður eigi hver um sig eða allar saman að leiða til þess, að fella beri úrskurð ríkisskattanefndar úr gildi og gera stefnda að greiða hina umstefndu fjárhæð. Jafnframt eigi þær að leiða til þess, að kröfulið 2 beri að taka til greina og dæma fjárhæðina, er þar greinir, sem skattskyldan arð hjá hlutafélaginu.

IV.

Til stuðnings sýknukröfu sinni hefur stefndi einkum fært fram þessar röksemdir:

a) að sú meginregla hafi lengi verið í gildi í skattalögum, að verðhækkunartekjur skuli ekki skattleggjast. Komi þetta t.d. fram í 9. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 6/1935 og nú síðast í 8. tl. 28. gr. laga nr. 75/1981. Áður en ákvæðin um verðtryggingar og leiðréttingar með hliðsjón af verðlagsbreytingum tóku gildi, hafi verið leitast við að koma í veg fyrir skattlagningu verðhækkunartekna með sérstökum ákvæðum um söluhagnað eigna. Söluhagnaður hafi þannig verið undanþeginn skattlagningu, ef eign hafði verið í eigu skattþegns um tiltekinn lágmarkstíma, sbr. t.d. E-lið 7. gr. laga nr. 68/1971. Í eldri lögum hafi verið sú undantekning frá þessari reglu, að hvers konar úthlutun til hluthafa vegna hlutafjáreignar þeirra hafi verið talin skattskyld. Undanþága þessi hafi þótt óeðlileg, enda leitt til skattlagningar verðhækkunartekna, sem meginregla laganna gerði ekki ráð fyrir. Ráð hafi verið fundið til að leysa úr vandamáli þessu með lögum nr. 40/1978 og þá lögfest sú meginregla, að skattleggja bæri eingöngu rauntekjur skattaðila og hlutafélögum heimilað að leiðrétta eigið fé til samræmis við raunverulegt verðmæti þess og gefa út jöfnunarhlutabréf til leiðréttingar á verðrýrnun hlutafjáreignar hluthafa. Verði sjónarmið stefnanda viðurkennd, hefði það í för með sér, að verðhækkunartekjur yrðu áfram skattlagðar þrátt fyrir lagabreytingar, sem fólust í setningu laga nr. 40/1978, sbr. lög nr. 75/1981, og það stríði gegn framkvæmd laganna, allt frá því að þau tóku gildi,

b) að reglan um úthlutun skattfrjálsra jöfnunarhlutabréfa skv. 9. gr. laga nr. 75/1981 sé staðfesting á þeirri meginreglu að ekki skuli skattleggja verðhækkunartekjur,

c) að ákvæði II til bráðabirgða í lögum nr. 75/1981 beri að túlka samkvæmt orðanna hljóðan, en þar segi, að úthlutun jöfnunarhlutabréfa, sem byggð er á raunverulegu verðmæti hreinnar eignar félags í árslok 1978, sé ávallt heimil, án þess að hún teljist til arðs,

d) að með orðasambandinu „raunveruleg hrein eign“ sé ekki verið að vísa til skilgreiningar á hreinni eign samkvæmt skattalögum heldur sé ætlunin að finna raunverulegt verðmæti hverrar einstakrar eignar, sem félag á, og fjárhæð skulda, sem félag skuldar,

e) að vinnureglur skattyfirvalda við ákvörðun heimildar skattfrjálsrar útgáfu jöfnunarhlutabréfa hafi byggst á allt öðru eignarmati en gert er við ákvörðun á eignarskattsstofni,

f) að með endurmatsreglum skattalaga sé verið að ákveða endurmat eigna til fyrningarstofns, til ákvörðunar á eignarskattsstofni og til útreiknings á skattskyldum söluhagnaði og hafi ekkert með mat á raunverulegri hreinni eign að gera,

g) að með orðalaginu „ávallt heimil“ í ákvæði II til bráðabirgða í lögum nr. 75/1981 séu í reynd engin tímamörk á heimild til útgáfu skattfrjálsra jöfnunarhlutabréfa sem miði við raunverulegt verðmæti hreinnar eignar félags í árslok 1978,

h) að engin efni séu til að fara með eignarhluta í sameignarfélagi með öðrum hætti en aðrar eignir, þ.m.t. eignarhlut í hlutafélagi, enda hvergi í lögum að finna ákvæði um að undanskilja eignarhlut í sameignarfélagi eða telja hann á nafnverði, þegar ákveða skal raunverulega hreina eign hlutafélags.

Þá andmælir stefndi þeirri málsástæðu, sem stefnandi hefur hreyft til stuðnings kröfu um ógildingu á úrskurði ríkisskattanefndar að útgáfa Sameinaðra verktaka hf. á hinum umdeildu jöfnunarhlutabréfum sé ógild þar sem útgáfa þeirra hafi ekki verið tilkynnt Hlutafélagaskrá, með þeim rökum:

a) að þessi málsástæða sé of seint fram komin,

b) að málið hafi farið lögboðnar kæruleiðir að öllu leyti,

c) að hún samrýmist ekki aðalkröfu stefnanda,

d) að ákvæði 37. gr. og 76. gr. hlutafélagalaga um tilkynningarskyldu taki ekki til tilviks þess sem hér um ræðir, þar sem raunveruleg breyting á samþykktum eða hlutafé hafi ekki verið gerð. Þá megi líta til sérreglna 44. gr. og 45. gr. hlutafélagalaga,

e) að Hlutafélagaskrá framfylgi ekki þeim kröfum um tilkynningarskyldu, sem lögin geri samkvæmt víðustu túlkun, sbr. t.d. 2. mgr. 147. gr. og 154. gr. laganna,

f) að líta megi til 3. mgr. 149. gr. hlutafélagalaga,

g) ákvæði hlutafélagalaga um tilkynningarskyldu séu sett til verndar lánardrottnum og hluthöfum og komi skattskilum ekki við, enda ekki verið beitt á því sviði.

Loks hefur stefndi gagnrýnt kröfugerð stefnanda og orðað, að málið eigi að sæta frávísun án kröfu.

Í tölulið 1 felist að stefnandi geri kröfu um, að endurálagning skattstjóra frá 21.10. 1991, sem stefndi kærði með bréfi, dags. 22.10. 1991, og skattstjóri staðfesti með úrskurði 29.10. 1991, standi, en sú álagning fól í sér, að úthlutun jöfnunarhlutabréfa í Sameinuðum verktökum hf. umfram heimild ríkisskattstjóra skuli teljast skattskyld hjá hluthöfum. Telur stefndi að álagning skattstjóra, sem ríkisskattanefnd ómerkti, geti ekki raknað við. Vaxtakrafa samkv. 3. tl. kröfugerðar geti ekki myndast fyrr en ný álagning hafi farið fram. Dráttarvaxtakrafan samrýmist því ekki 110. gr. l. nr. 75/1981. Töluliður 2 í dómkröfu stefnanda feli í sér kröfugerð umfram þá sem skattstjóri og ríkisskattstjóri gerðu fyrir ríkisskattanefnd. Hún samrýmist ekki aðaldómkröfu stefnanda skv. tölulið 1, sem, eins og áður segir, felur í sér kröfu um staðfestingu á úrskurði skattstjóra, sem viðurkenndi á grundvelli heimildar ríkisskattstjóra, að hluti jöfnunarhlutakröfuútgáfunnar fæli ekki í sér skattskylda arðgreiðslu. Dómkröfur stefnanda samkvæmt 1. og 2. tölulið séu því ekki samrýmanlegar og tl. 2 feli í raun í sér beiðni um lögfræðilegt álit. Þá sé krafa skv. 2. tl. of seint fram komin og komist ekki að nú, sbr. 100. gr. laga nr. 75/1981, áður en henni var breytt með lögum nr. 30/1992. Stefna og fleiri sóknarskjöl feli í sér skriflegan málflutning og brjóti því í bága við fyrirmæli einkamálalaga um málatilbúnað.

Álit réttarins.

Á aðalfundi Sameinaðra verktaka hf. hinn 6. júní 1990 var stjórn félagsins heimilað að auka hlutafé þess um kr. 105.483.225,- með útgáfu jöfnunarhlutabréfa. Jafnframt heimilaði fundurinn stjórninni að lækka hlutaféð um kr. 95.483.225,- og greiða hluthöfum þá fjárhæð. Mismunur er kr. 10.000.000,-. Stjórnin nýtti þessar heimildir, án þess þó að hlutabréf væru gefin út. Ákvörðun aðalfundarins og framkvæmd hennar var ekki tilkynnt Hlutafélagaskrá.

Þeirri málsástæðu, að útgáfa jöfnunarhlutabréfa sé ógild vegna fyrirmæla hlutafélagalaga, var nægilega hreyft í stefnu, til að stefndi hefði tækifæri til að verjast henni. Málsástæða, sem kemur fram við upphaf máls, verður ekki talin of seint fram komin í því máli.

Í 2. mgr. 76. gr. hlutafélagalaga er kveðið svo á, að *samþykkt um breyting á samþykktum hlutafélags skuli tilkynnt til Hlutafélagaskrár þegar í stað, og eigi öðlast breytingin gildi fyrr en hún hefur verið skráð.* Í 6. gr. er mælt svo fyrir í 4. tölulið, að greina beri *hlutafé* í *samþykktum* hlutafélaga.

Í 37. gr. hlutafélagalaga, sem fjallar um hækkun hlutafjár með útgáfu jöfnunarhlutabréfa, er sérstaklega kveðið svo á í 4. mgr., að slík hlutafjárhækkun sé *ekki gild fyrr en ákvörðun hefur verið skráð.* Í athugasemdum með frumvarpi því, er síðar varð að lögum um hlutafélög nr. 32/1978, segir um 37. gr., að ákvæðið hafi það í för með sér, að ekki megi gefa út jöfnunarhlutabréf fyrr en ákvörðunin hafi verið tilkynnt og skráð.

Ógildi hlutafjárhækkunarinnar myndi leiða til þess að úthlutun jöfnunarhlutabréfanna myndaði ekki skattstofn á hendi stefnda. Greiðsla til hluthafa vegna ógildrar lækkunar hlutafjár ætti skv. 110. gr. hlutafélagalaga að ganga til baka. Ef byggt yrði á því að vanræksla á skráningu hlutafjárhækkunarinnar gerði hana ógilda, leiddi það því til sýknu í máli þessu. Hér reynir því á reglur einkamálaréttarfars um forræði aðila á málsmeðferð og sakarefni og þó einkum reglu þá, sem lögfest er í 2. mgr. 111. gr. laga nr. 91/ 1991.

Stefnandi hefur hreyft þessari málsástæðu, en í andstæða stefnu, og haft hana uppi til stuðnings áfelliskröfu, sem hún nýtist ekki til.

Af hálfu stefnda er sýknu ekki krafist af þessari ástæðu, þvert á móti hefur stefndi lýst því sérstaklega yfir, að hann vilji ekki að dómur verði á henni byggður. Skattyfirvöld hafa fjallað um ágreining um skattskyldu vegna útgáfu jöfnunarhlutabréfanna án þess að láta sig skipta hvort fullnægt væri skilyrðum hlutafélagalaga um skráningu. **Við þessar réttarfarsaðstæður þykja ekki efni til að dómurinn sýkni af sjálfsdáðum á þeim grundvelli að hækkun hlutafjár sé ógild vegna fyrirmæla hlutafélagalaga.**

Heimild til lækkunar hlutafjár í því skyni að greiða lækkunarféð út til hluthafa felst í ákvæðum 2. mgr. 42. gr. hlutafélagalaga og ekkert er því til fyrirstöðu að það sé gert í tengslum við hlutafjárhækkun.

Þær greinar laga nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt, sem einkum koma til álita við úrlausn á ágreiningi málsaðila, eru ákvæði til bráðabirgða II og 9. gr.

Efni ákvæðis til bráðabirgða II í lögum nr. 75/1981 hefur áður verið rakið en fyrri málsgrein 9. gr. laga nr. 75/1981 er þannig:

„Til arðs af hlutum og hlutabréfum í félögum, sem um ræðir í 1. tl. 1. mgr. 2. gr., telst auk venjulegrar arðgreiðslu sérhver afhending verðmæta til hlutareiganda eða hlutthafa er telja verður sem tekjur af hlutareign þeirra í félaginu. Til arðs telst þó ekki úthlutun jöfnunarhlutabréfa sem hefur ekki í för með sér breytta eignarhlutdeild hlutareiganda eða hluthafa í hlutafélagi og telst því ekki heldur til skattskyldra tekna hlutareigandans. Útgáfa bréfanna skal byggð á raunverulegu verðmæti hreinnar eignar félagsins í lok þess árs sem næst er á undan útgáfuári, að teknu tilliti til opinberra gjalda sem tengd eru því ári. [Til hreinnar eignar félagsins í þessu sambandi telst þó ekki fjárfestingarsjóður, sbr. 11. tl. 31. gr. (l. 8/1984)]. Samanlagt nafnverð jöfnunarhlutabréfanna má ekki vera hærra en svarar til hækkunar á hlutafé félagsins í samræmi við almennar verðhækkanir frá 1. janúar 1979 eða frá stofnun hlutafélags eða innborgun hlutafjár eftir þann tíma. Ríkisskattstjóri ákveður hvernig reikna skal hina almennu verðhækkun. Arður af eigin hlutum eða hlutabréfum hlutafélags telst hvorki til tekna né gjalda hjá því.“

Úthlutun jöfnunarhlutabréfa er leiðrétting á eigin fé til samræmis við raunverulegt verðmæti þess og er þess vegna leiðrétting á verðrýrnun hlutafjáreignar. Með heimildarákvæðum í lögum um úthlutun á jöfnunarhlutabréfum leggur löggjafinn meðal annars grunn að því hvernig skattleggja skuli söluhagnað að því er varðar hlutabréf. **Með úthlutun jöfnunarhlutabréfa er verið að gera eigendum mögulegt að koma nafnverði hlutabréfa sinna á raunvirðisgrunn**, sem eftir það er miðað við í ákvörðun skattskylds söluhagnaðar við kaup og sölu hlutabréfa svo og við greiðslu arðs. Frá 1. janúar 1979 hefur úthlutunarheimild miðast við almennar verðhækkanir og er það ríkisskattstjóri sem ákveður hvernig hana skuli reikna, sbr. 5. og 6. ml. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 75/1981. Ákvæði þessi hníga að því að ekki skuli skattleggja verðhækkunartekjur.

Um ákvörðun raunvirðisgrunns hlutabréfa í hlutafélögum í árslok 1978 fer eftir ákvæðum til bráðabirgða II í lögum nr. 75/1981, sem segir að *úthlutun jöfnunarhlutabréfa, sem byggð er á raunverulegu verðmæti hreinnar eignar félags í árslok 1978* ... [sé] *ávallt heimil án þess að hún teljist til arðs. Kemur hér til álita, hvort raunverulegt verðmæti hreinnar eignar skuli byggja* **á bókfærðri hreinni eign til skatts** eða öðru því **eignamati, sem teldist nær vera raunverulegu verðmæti** hreinnar eignar. Endurmatið samkvæmt skattalögum er fyrst og fremst hugsað til að viðhalda raungildi afskrifta í atvinnurekstri og til að mæla skattskyldan söluhagnað þeirra eigna sem endurmetnar eru.

Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar til laga nr. 68/1971 var heimild til útgáfu jöfnunarhlutabréfa miðuð við *bókfærða hreina eign* hlutafélags. Í meðförum þingsins varð sú breyting á að útgáfuna skyldi byggja á *raunverulegu verðmæti hreinna eigna* félagsins. Verður ekki annað ráðið af þessu en að þingið hafi með orðalagsbreytingunni viljað gera **greinarmun** á **bókfærðri** hreinni eign og **raunverulegu verðmæti** hreinnar eignar. Ákvæði laga nr. 75/1981 eru efnislega og orðafarslega samhljóða ákvæðum laga nr. 68/1978 að þessu leyti. Með þetta í huga ber að skoða gildandi ákvæði.

Sú krafa stefnanda, að meta eigi úthlutunarheimild jafna skattskyldri hreinni eign, byggist á því, að jafnhliða úthlutunarheimild jöfnunarhlutabréfa samkvæmt skattalögum hafi farið fram endurmat á eignum samkvæmt sömu lögum, það hafi verið ætlun löggjafans að þetta tvennt færi saman. Stefndi í máli þessu vísar til þess að raunverulegt verðmæti hreinnar eignar félags sé annað en skattskyld hrein eign.

Þykir verða að taka undir það sjónarmið stefnda að **löggjafinn hefði orðað ákvæðið á annan hátt** og ótvíræðari (t.d. bókfært eigið fé, bókfærð hrein eign hlutafélagsins, skattskyld hrein eign hlutafélagsins), ef það hefði ekki verið ætlunin að meta þyrfti þessa úthlutunarheimild sjálfstætt og á annan veg en uppgjör til skatts segði til um.

Framkvæmd skattyfirvalda á bráðabirgðaákvæði II **hefur allt frá upphafi vikið frá skattmati eigna í verulegum mæli.** Með notkun sérstakra óútgefinna viðmiðunarreglna frá árunum 1979 og 1980 hefur embætti ríkisskattstjóra sett reglur um hvernig skattyfirvöldum beri að standa að sérstöku endurmati eigna við útreikning á úthlutunarheimild jöfnunarhlutabréfa og er þar vikið verulega frá endurmetnu bókfærðu verði þeirra varanlegu rekstrarfjármuna sem endurmetnir eru samkvæmt sérstökum ákvæðum skattalaga. Enn fremur er þar að finna reglur um mat á eignarhlut í öðrum félögum, þegar hlutafélag á hlut í öðru hlutafélagi, og einnig þá viðmiðunarreglu að ekki skuli meta til hreinnar eignar hlut í sameignarfélagi nema á nafnverði stofnframlags. Öll framkvæmd skattyfirvalda á þessu ákvæði hefur frá árinu 1979 byggst á þessum viðmiðunarreglum.

Við framkvæmd skattalaga ber að hafa í heiðri **jafnræðisreglu. Engin efni þykja standa til að meta áhættufé í atvinnurekstri mismunandi eftir félagsformum.** Sú viðmiðunarregla skattyfirvalda að meta eignarhlut í sameignarfélagi á bókfærðu stofnverði er í andstöðu við viðmiðunarreglu þeirra um sama efni þegar um hlutafélög er að ræða, þ.e. þegar hlutafélag á hlutabréf í öðru hlutafélagi. Þá ber einnig að líta til þess að engar eignir eða skuldir eru sérstaklega undanskildar þegar löggjöfin ákveður heimild til úthlutunar á jöfnunarhlutabréfum, byggða á raunverulegu verðmæti hreinnar eignar. Því þykir ljóst að **tilgangur löggjafarinnar** hafi verið **að allar eignir og allar skuldir kæmu inn í** það verðmat og á sambærilegum raunvirðisgrunni sem í lögunum er nefnt raunverulegt verðmæti hreinnar eignar félags í árslok 1978. **Sú mismunun gjaldenda, sem áðurnefndar viðmiðunarreglur leiða til, samrýmist ekki lögmætum skattlagningarsjónarmiðum** og fer í bága við grunnreglu 77. og 78. gr. stjórnarskrár **um jafnræði skattþegna.**

Með lögum nr. 40/1978, sbr. nú lög nr. 75/1981, voru gerðar ýmsar grundvallarbreytingar á reikningsskilum atvinnurekstrar. **Að meginstofni til voru þær breytingar allar í þá átt að taka upp vísitöluútreikninga og aðlaga reikningsskil að verðbólgu.** Þessir vísitöluútreikningar hafa það allir að sameiginlegu markmiði að færa fjárhæðir til verðlags hvers árs á samfelldan og skipulegan hátt frá árslokum 1978 og frá einu ári til þess næsta. **Allt endurmat varanlegra rekstrarfjármuna byggist á því, að sú fjárhæð, sem fundin var sem framreiknað kostnaðarverð eða hrein eign í árslok 1978, sé síðan framreiknuð frá einu ári til annars** á samfelldan, skipulagðan hátt, **með verðbreytingastuðli, sem notaður er við ákvörðun á afskriftum, bókfærðu verði eigna og söluhagnaði. Hið sama á við um hlutafé** og varanlega rekstrarfjármuni, sbr. 2. ml. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 75/1981, en þar segir, að við ákvörðun söluhagnaðar varðandi hlutabréf skuli framreikna upphaflegt kaupverð samkvæmt verðbreytingastuðli.

Því ber að hafna því sjónarmiði stefnanda, að ekki séu fyrir hendi heimildir til framreiknings úthlutunarheimilda skattfrjálsra jöfnunarhlutabréfa miðað við árslok 1978. Öll ákvæði laga nr. 75/1981 um framreikning fjárhæða svo og stefna laganna ásamt allri framkvæmd skattyfirvalda á þeim frá árinu 1979 bera þess ótvírætt vitni, að sá almenni skilningur hefur ríkt **að allar fjárhæðir framreiknist frá árslokum 1978** og síðan áfram, enda segir svo berum orðum í ákvæði II til bráðabirgða í lögum nr. 75/1981.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Már Pétursson héraðsdómari kveður upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Sigurði Tómassyni, löggiltum endurskoðanda, og Steingrími Gauti Kristjánssyni héraðsdómara.

Dómsorð:

Stefndi, Félag vatnsvirkja hf., á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 29. mars 1994.

Nr. 493/1993. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Sigurði Jóhanni Jónassyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Líkamsárás. Stjórnarskrá. Sakbending. Vítur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu til Hæstaréttar og krefst sýknu. Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu með stefnu 17. nóvember 1993 og krefst staðfestingar héraðsdóms.

Við dómsmeðferð málsins í héraði var leitt í ljós, að ákærða var haldið í gæslu lögreglunnar í Vestmannaeyjum, frá því að hann var handtekinn skömmu eftir kl. 08.10 laugardaginn 31. júlí 1993 og þar til um eða upp úr hádegi sunnudaginn 1. ágúst. Hann var eigi leiddur fyrir dómara. Er þetta brot á ákvæðum 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og 102. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Þá kom fram við dómsmeðferðina, að vitnin Svavar Halldór Jóhannsson og Styrmir Gíslason voru látin bera kennsl á ákærða í fangaklefa á lögreglustöðinni í Vestmannaeyjum. Að sögn lögreglumanns stóð vitnið Svavar í gættinni og sá ákærða sofandi í fleti sínu. Vitnið Styrmir sá ákærða í gegnum lúgu á hurð fangaklefans, en vitnið hafði áður vísað á hann í mannfjölda.

Framangreindar starfsaðferðir lögreglunnar í Vestmannaeyjum eru stórlega vítaverðar. Þar sem sönnunarfærsla í málinu ræðst ekki af þessum atriðum, þykja þó ekki næg efni til þess, að þau komi í veg fyrir sakfellingu ákærða. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans að öðru leyti.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 10. nóvember 1993.

Ár 1993, miðvikudaginn 10. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Pétri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 578/1993: Ákæruvaldið gegn Sigurði Jóhanni Jónassyni sem tekið var til dóms 2. nóvember sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 12. október sl., á hendur ákærða, Sigurði Jóhanni Jónassyni, Víkurási 4, Reykjavík, fæddum 21. júlí 1973, fæðingarnúmer 568, „fyrir líkamsárás með því að hafa árla morguns laugardaginn 31. júlí 1993 í Herjólfsdal í Vestmannaeyjum skorið Svavar Halldór Jóhannsson, fæddan 4. nóvember 1979, með hnífi í hægri upphandlegg með þeim afleiðingum að hann hlaut 5 sm langan skurð, sem sauma þurfti saman með 15 saumum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Málavextir.

Um mánaðamótin júlí-ágúst í sumar stóð yfir svonefnd þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. Laugardagsnóttina 31. júlí var margt fólk á ferli í Herjólfsdal á Heimaey, þar á meðal piltarnir Svavar Halldór Jóhannsson, 14 ára, og Styrmir Gíslason, 15 ára. Rétt hjá veitingatjaldinu hittu þeir ókunnugan mann sem þeir tóku tali í nokkrar mínútur. Fór það allt fram í bróðerni. Að skilnaði sagðist maðurinn myndu koma þeim til hjálpar, ef á þyrfti að halda. Væri hann kallaður Siggi svarti. Kvaddi hann þá með handabandi, fyrst Styrmi, en þegar hann hafði tekið í höndina á Svavari brá hann hnífi og skar hann djúpan skurð í hægri framhandlegg. Svavar leitaði ásjár í hjúkrunarstöð þarna í dalnum, og var þar gert að sárinu. Eftir alllanga stund var ákærði handtekinn þarna í dalnum eftir ábendingu Styrmis. Ákærði var með lítinn sjálfskeiðing, þegar hann var handtekinn.

Ákærði hefur frá upphafi neitað sök. Kveðst hann ekkert vita um atvikið og ekkert geta um það upplýst. Hér fyrir dómi hefur hann sagt að hann hafi verið með stúlku þessa nótt, sem heiti Sigríður, en hann geti ekki sagt á henni nánari deili. Kveðst hann hafa óskað eftir því, þegar hann var handtekinn, að reynt yrði að hafa upp á stúlkunni, en því hafi ekki verið sinnt. Tveir lögreglumenn, sem komu að málinu í upphafi, kannast ekki við, að ákærði hafi nefnt þetta við þá og ekkert er um þetta í skýrslu hans hjá lögreglunni í Vestmannaeyjum. Kom þar reyndar fram hjá honum að hann hefði verið á sjó þegar þetta gerðist og hefði hann því ekki getað verið þarna að verki. Ákærði kannast við að hafa verið kallaður Siggi svarti þegar hann var tíu ára en hann segir að hann kynni sig ekki þannig fyrir ókunnugum.

Styrmir Gíslason var viss í sinni sök þegar hann vísaði á ákærða í upphafi og hann bar á hann kennsl í fangaklefa kvöldið eftir. Hér fyrir dómi sá hann ákærða aftur og kvaðst vera alveg öruggur um að hann væri maðurinn sem skar Svavar.

Svavar Halldór Jóhannsson bar kennsl á ákærða þar sem hann var í haldi í fangaklefa um hádegið þennan laugardag. Hér fyrir dóminum sá hann ákærða og kvaðst hann vera alveg viss um að ákærði væri maðurinn sem skar hann. Hann kvaðst hafa séð hnífinn sem maðurinn beitti og gaf á honum lýsingu sem gæti átt við hníf ákærða.

Niðurstaða.

Svavar Halldór Jóhannsson og Styrmir Gíslason hafa eindregið borið kennsl á ákærða. Er á það að líta, að Styrmir fann hann í mannfjölda og vísaði á hann, og ekki síður hitt, að þeir höfðu gott tækifæri til þess að sjá hann, þegar þeir töluðu við hann í upphafi. Þá hefur Svavar lýst hnífi mannsins svo að átt getur við hníf ákærða. Ákærði hefur verið kallaður Siggi svarti. Ákærði hefur verið óstöðugur í skýrslum sínum. Er að þessu athuguðu sannað þrátt fyrir neitun hans, að hann hefur skorið Svavar Halldór með hnífi, eins og lýst er í ákæru. Ber að sakfella hann fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

Viðurlög.

Refsingu ákærða ber að ákveða með hliðsjón af því að hann beitti hnífi á ungan pilt af engu tilefni. Þykir hún vera hæfilega ákveðin varðhald í 60 daga. Þar sem ákærði hefur ekki gerst sekur áður um hegningarlagabrot þykir mega ákveða að fresta framkvæmd þessarar refsingar og að hún falli niður að liðnum þremur árum haldi hann almennt skilorð hegningarlaganna. Þá þykir hæfilegt að auki að gera ákærða 50.000 króna sekt og ákveða, að 14 daga varðhald komi í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Loks ber að dæma ákærða til þess að greiða allan kostnað af sökinni, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns Helga Birgissonar, héraðsdómslögmanns, 35.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Jóhann Jónasson, sæti varðhaldi í 60 daga. Framkvæmd þessarar refsingar er frestað og fellur hún niður að liðnum þremur árum, haldi ákærði almennt skilorð hegningarlaga.

Ákærði greiði 50.000 króna sekt og kemur 14 daga varðhald í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Helga Birgissonar héraðsdómslögmanns, 35.000 krónur.

Þriðjudaginn 29. mars 1994.

Nr. 524/1993. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson hrl.)
gegn
Önnu Maríu Helgadóttur
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu, út gefinni 30. ágúst 1993, og krefst sakfellingar samkvæmt ákæru, refsiákvörðunar og sviptingar ökuréttar. Ákærða krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, stöðvaðist lögreglubifreiðin nær samtímis bifreið þeirri, sem ákærða er sökuð um að hafa ekið undir áhrifum áfengis. Var því mjög naumur tími til sætaskiptanna. Þrátt fyrir þetta er ekki loku fyrir það skotið, að ökumaðurinn og ákærða hafi haft ráðrúm til að skipta um sæti, áður en lögreglumennirnir komu að ákærðu undir stýri, en enginn þeirra sá hana aka bifreiðinni. Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, sbr. 45. gr. og 46. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Allur áfrýjunarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 18. ágúst 1993.

Ár 1993, miðvikudaginn 18. ágúst, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Allani Vagni Magnússyni héraðsdómara í Dómhúsinu við Lækjartorg, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-97/1993: Ákæruvaldið gegn Önnu Maríu Helgadóttur, sem dómtekið er í dag.

Mál þetta var höfðað með ákæruskjali lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 16. febrúar 1993, á hendur Önnu Maríu Helgadóttur, Dísarási 14, Reykjavík, kt. 030868-2919, „fyrir að aka bifreiðinni HR-170 aðfaranótt sunnudagsins 2. ágúst 1992 undir áhrifum áfengis frá Strákagili við Bása í Þórsmörk í Rangárvallasýslu stuttan spöl til vesturs eftir vegi að Básum, en sneri síðan við og ók til baka í átt að Básum, uns lögregla stöðvaði aksturinn.

Telst þetta varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987“.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Málavextir.

Aðfaranótt sunnudagsins 2. ágúst 1992 voru lögreglumenn við löggæslu og eftirlit á Þórsmerkursvæðinu. Sem þeir voru staddir við aðsetur lögreglunnar við Álfakirkju veittu þeir athygli bifreiðinni HR-170 sem ekið var frá Strákagili við Bása til vesturs í átt til þeirra. Bifreið þessi er Toyotajeppi. Þegar bifreiðin nálgaðist hugðust þeir stöðva akstur hennar en þá sneri ökumaður við og ók aftur í átt að Básum. Veittu lögreglumenn bifreiðinni eftirför og stöðvuðu akstur hennar skammt frá afleggjara að Básum og höfðu tal af þeim, sem þeir töldu ökumann, og var það ákærða.

Lögreglumenn fundu allsterka áfengislykt af ákærðu og sögðu hana hafa viðurkennt áfengisneyslu og að hún hefði verið að koma frá Strákagili og hafa ætlað yfir Krossá í Slyppugil. Ákærða var færð í Húsadal þar sem læknir tók af henni blóðsýni, og reyndist magn alkóhóls í blóði vera 1,95‰.

Í skýrslu um ölvun við akstur, sem gerð er umrædda nótt kl. 3.25, segir, að ákærða hafi svarað því játandi að hún hafi verið að aka og að hún hafi verið að drekka áfengi, fundið til áfengisáhrifa við aksturinn og ekki drukkið eftir að akstri lauk og að hún hafi verið að koma úr Strákagili. Ákærða undirritaði skýrslu þessa.

Daginn eftir sagði ákærða vitninu Valgeiri Ægi Ingólfssyni frá því, að hún hefði ekki ekið bifreiðinni um nóttina heldur skipt um sæti við ökumann sem hafi verið Viðar Marinósson.

Faðir ákærðu hafði símasamband við vitnið Gils Jóhannsson, lögreglumann á Hvolsvelli 3. ágúst 1992 og sagði vitninu frá því, að dóttir sín hefði verið að taka á sig sök fyrir annan, og jafnframt talaði ákærða við vitnið, en vitnið mundi ekki hvað þau ræddu.

Ákærða gaf síðan skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þriðjudaginn 11. ágúst 1992 og kvaðst þá hafa verið farþegi í umræddri bifreið en ökumaður hafi verið Viðar Marinósson sem hafi tekið að sér að aka henni og bróður hennar að Slyppugili. Hafi þau Viðar skipt um sæti eftir að hann hefði stöðvað bifreiðina og drepið á vélinni. Hafi hún setið aftur í ásamt Guðmundi Antoni Helgasyni, bróður sínum.

Dró ákærða þar með fyrri framburð sinn til baka og lýsti því að það hafi ekki verið hún heldur Viðar sem ók í umrætt sinn.

Viðar Marinósson, Steinaseli 6, Reykjavík, gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík 28. september 1992. Hann sagðist hafa ekið bifreiðinni í umrætt sinn. Hann hefði drukkið skömmu áður einn áfengan bjór, Löwenbräu, og ekki viljað eiga á hættu að lenda í vandræðum þess vegna þegar lögreglan stöðvaði þau. Hafi hann því talað við ákærðu sem honum hafi virst ódrukkin og hafi hún tekið á sig að hafa ekið bifreiðinni. Unnusta hans, Bryndís Guðmundsdóttir, hafi einnig verið í bifreiðinni, en búin að drekka. Hann kvaðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Honum hafi ekki fundist ákærða ölvuð og gat enga skýringu gefið á því aðra en þá að honum hafi fundist hún ódrukkin. Hún hefði ekki verið með vitninu fyrr um kvöldið, hann hafi hitt hana rétt fyrir aksturinn.

Þegar hann sá lögregluna koma kvaðst hann hafa snúið við og ekið til baka og staðnæmst síðan, og þá hafi þau ákærða skipt um sæti, en hún hafði setið aftur í.

Vitnið Óli Kristinn Ottósson lögreglumaður sagði í skýrslu sinni fyrir dómi að er bifreiðinni HR 170 hefði verið ekið í átt að varðstjóraskýlinu og síðan snúið við áleiðis inn í Bása hafi hann ásamt tveimur lögreglumönnum veitt bifreiðinni eftirför á lögreglubifreið og hafi hann þurft að auka hraða lögreglubifreiðarinnar þar til hún var komin að jeppanum og hafi hann þurft að nauðhemla og aka síðan fram með jeppanum hægra megin. Hann sá ákærðu undir stýri, eftir að bifreiðin hafði stöðvast, en sagðist ekki hafa séð hver var ökumaður. Þá sagði vitnið að hann hefði ekki séð hvað gerðist inni í jeppanum. Hins vegar hafi ákærða viðurkennt fyrir vitninu að hún hefði verið að aka bifreiðinni og málið verið meðhöndlað í samræmi við það.

Vitnið Sölvi Rafn Rafnsson héraðslögreglumaður sagði í skýrslu sinni hér fyrir dómi að þeir hefðu elt Toyotuna á lögreglubifreið. Þegar þeir voru komnir að henni beygðu þeir fram með Toyotunni, og hefði lögreglubifreiðin varla verið stöðvuð, þegar vitnið og félagi hans stukku út og opnuðu dyr á Toyotunni, og sat ákærða þá undir stýri. Toyotan hafði þá stöðvast en vitnið sagði, að bifreiðarnar hafi stöðvast samtímis. Vitnið kvaðst ekkert geta sagt um, hvort ákærða hefði ekið bifreiðinni, en hann hefði séð hana undir stýri, eftir að bifreiðin stöðvaðist.

Vitnið Sveinn Ægir Árnason lögreglumaður sagði í skýrslu sinni, að í umrætt sinn hefðu þeir Sölvi og Óli veitt bifreiðinni eftirför og elt hana uppi. Ekki sá vitnið hvað gerðist inni í bílnum. Þeir renndu með hliðinni á honum, um leið og hann staðnæmdist. Vitnið sá inn í bílinn, um leið og þeir komu að honum. Vitnið sá ákærðu ekki aka, en hún sat undir stýri, er dyrnar voru opnaðar. Hann kvaðst ekki hafa séð neina hreyfingu í bifreiðinni, meðan hún var á ferð.

Vitnið Viðar Marinósson sagði að hann hefði verið ökumaður bifreiðarinnar umrætt skipti. Hann hefði ekki fundið til áfengisáhrifa, og þegar hann sá lögregluna, sneri hann við og ók til baka. Hann kvaðst hafa verið búinn að drekka bjór og hafa haft atvinnu af akstri á dráttarbílum og óttast, að hann lenti í vandræðum ef hann yrði stöðvaður og lögregla hefði afskipti af honum. Hann hefði spurt ákærðu, hvort hún væri ekki til í að skipta við sig, og hefði hún verið til í það og þau skipt um sæti. Í því hefði lögreglumaðurinn opnað dyrnar. Hann kvaðst ekki hafa séð ölvunareinkenni á ákærðu.

Hann sagði að ákærða hefði setið hægra megin að aftan og hann fært sig að farþegasætinu og ákærða sest í ökumannssætið.

Vitnið Bryndís Guðmundsdóttir sagði í skýrslu sinni að hún hefði setið í farþegasæti að framan. Hún kvað Viðar hafa verið ökumann, og hefði hann beðið sig um að skipta við sig um sæti en hún ekki viljað það. Viðar hefði þá beðið ákærðu um að skipta við sig um sæti eftir að bifreiðin hafði verið stöðvuð. Lögreglubifreiðin hefði verið um það bil að stöðvast rétt fyrir aftan þau um það bil er ákærða og Viðar skiptu um sæti. Viðar hefði farið úr ökumannssætinu og aftur í, og hefði ákærða stokkið fram í sætið og verið rétt komin í það, er lögreglan opnaði bíldyrnar.

Vitnið Guðmundur Anton Helgason, bróðir ákærðu, var farþegi í bifreiðinni umrætt sinn. Hann sagði að Viðar hefði ekki viljað stöðva bifreiðina þegar hann varð lögreglunnar var heldur snúið við og ekið allgreitt. Viðar hefði beðið vitnið Bryndísi að skipta um sæti við sig, en hún ekki viljað. Ákærða hefði boðist til að skipta um sæti við Viðar, og hefðu þau gert það.

Niðurstaða.

Þegar litið er til framburðar vitnisins Viðars Marinóssonar um, að hann hafi ekið bifreiðinni og að ákærða hefði skipt um sæti við hann, svo og skýrslna vitnanna Bryndísar Guðmundsdóttur og Guðmundar Antons Helgasonar og enn fremur þess, að enginn lögreglumannanna sá ákærðu aka bifreiðinni umrætt sinn, þykir ekki komin fram fullnægjandi sönnun um sekt ákærðu og verður hún því sýknuð af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Ragnars Aðalsteinssonar hrl., 70.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærða, Anna María Helgadóttir, skal sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins.

Allur kostnaður sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hennar, Ragnars Aðalsteinssonar hrl., greiðist úr ríkissjóði.

Þriðjudaginn 29. mars 1994.

Nr. 56/1994. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson hrl.)
gegn
Anneyju Ölfu Jóhannsdóttur
(Jónatan Sveinsson hrl.)

Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. janúar 1994 og krefst sakfellingar samkvæmt ákæru, refsiákvörðunar og að ákærða verði svipt ökurétti ævilangt. Ákærða krefst staðfestingar héraðsdóms.

Í ákæru er ákærðu gefið að sök, auk ölvunaraksturs samkvæmt 1. mgr., sbr. 3. mgr., 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, að hafa brotið gegn 1. mgr. 4. gr. sömu laga. Verknaðarlýsingu í ákærunni um þann þátt er ábótavant. Þá liggur ekki fyrir sérfræðileg greinargerð um samhengi mælinga á áfengismagni í blóðsýni og þvagsýni ákærðu. Að þessu athuguðu, en að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms, verður hann staðfestur.

Fella ber áfrýjunarkostnað sakarinnar á ríkissjóð, eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Anneyjar Ölfu Jóhannsdóttur, Jónatans Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 11. nóvember 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 30. september sl., er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 15. júní 1993, „á hendur Anneyju Ölfu Jóhannsdóttur, kt. 290149-4449, Sólvöllum 19, Akureyri, fyrir að aka föstudaginn 7. maí 1993 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R-74609 frá býlinu Grýtu, Eyjafjarðarsveit, áleiðis til Akureyrar þar til hún ekur bifreiðinni út af veginum við býlið Laugaland í sömu sveit.

Telst þetta varða við 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og til sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. gr. og 102. gr. nefndra umferðarlaga, sbr. nú lög nr. 44/1993“.

Verjandi ákærðu, Þorsteinn Hjaltason héraðsdómslögmaður, krefst þess að ákærða verði sýknuð af öllum kröfum ákæruvalds og að sér verði dæmd hæfileg málsvarnarlaun úr ríkissjóði.

Málsatvik.

Föstudaginn 7. maí sl. kl. 20.00 var lögreglunni á Akureyri tilkynnt, að ákærða hefði ekið fólksbifreið sinni, R-74609, út af akbrautinni skammt frá býlinu Laugalandi í Eyjafjarðarsveit. Upplýst var að ákærða hafði eftir óhappið farið að býlinu Grýtu ásamt ungri dóttur sinni. Á leið á vettvang barst lögreglumönnum tilkynning þess efnis að ákærða væri á heimili hreppstjóra sveitarinnar, Kristjáns Theódórssonar, Brúnum, og var ákærða handtekin þar og færð til Akureyrar á lögreglustöð vegna ætlaðs ölvunaraksturs. Bifreið ákærðu var skilin eftir þar sem hún var utan vegar við þverbraut skammt vestan Eyjafjarðarbrautar eystri. Samkvæmt blóðtökuvottorði vaktlæknis var tekið blóðsýni úr ákærðu kl. 21.15. Enn fremur var samkvæmt gögnum lögreglu og áritun læknis fengið þvagsýni hjá ákærðu. Alkóhólmagn í blóðsýni ákærðu reyndist samkvæmt rannsókn Rannsóknarstofu í lyfjafræði 1,89‰, en 2,75‰ í þvagsýninu. Samkvæmt gögnum lögreglu, þ.á m. varðstjóraskýrslu, sem tekin var kl. 20.45, neitaði ákærða kæruefninu og bar að hún hefði hafið neyslu áfengis eftir umferðaróhappið.

Ákærða var yfirheyrð um kæruefnið hjá rannsóknardeild lögreglunnar á Akureyri þann 7. júní 1993. Ákærða skýrði þá frá því að hún hefði um klukkan 18.30 hinn 7. maí ekið bifreiðinni R-74609 frá býlinu Grýtu í Eyjafjarðarsveit, og hefði ætlan sín verið að aka til Akureyrar. Hún kvaðst þá hafa verið vel fyrirkölluð og án áfengisáhrifa. Á móts við býlið Laugaland kvaðst ákærða hafa misst vald á bifreiðinni er sprakk á hægra framhjólbarða. Ákærða kvað þetta hafa gerst eftir um 5–7 mínútna akstur, er hún ók af bundnu slitlagi með þeim afleiðingum, að bifreið hennar hafnaði utan akbrautarinnar. Ákærða kvaðst ásamt ungri dóttur sinni hafa sloppið frá óhappinu án meiðsla en verið mjög brugðið og hrædd. Vegna þess ástands kvaðst hún hafa gripið til hvítvínsflösku, sem fyrrum eiginmaður hennar, Birgir Jónsson, hafði skilið eftir í bifreiðinni, og drukkið um helming innihaldsins. Ákærða gat þess fyrir dómi að hún væri alkóhólisti. Eftir áfengisdrykkjuna kvaðst ákærða hafa tekið dótturina úr bifreiðinni og farið með hana upp á akbrautina. Um 10–20 mínútum eftir óhappið kvaðst ákærða hafa fengið bílferð með tveimur ungum mönnum aftur að býlinu Grýtu. Þar á heimilinu kvaðst ákærða hafa drukkið úr 1½ flösku af hvítvíni og enn fremur eitthvað af sterku áfengi. Eftir um einnar klukkustundar dvöl að Grýtu, um klukkan 20.00, kvaðst ákærða hafa farið með Kristjáni Theódórssyni hreppstjóra að býlinu Brúnum.

Framburður vitna.

Vitnið Sigurður Karl Jóhannsson, f. 1975, skýrði frá því hjá lögreglu að hann hefði umrætt kvöld ekið norður Eyjafjarðarbraut eystri ásamt kunningja sínum, Þór Jónsteinssyni, fram á ákærðu og dóttur hennar á móts við býlið Laugaland. Hann kvaðst og hafa veitt athygli fólksbifreið ákærðu þar sem hún var utan vegar um 20 metra frá akbrautinni. Að beiðni ákærðu kvaðst hann hafa ekið henni að býlinu Grýtu. Á þeirri leið kvaðst hann hafa fundið megna áfengislykt frá vitum ákærðu og var það mat hans, sem hann byggði m.a. á útliti og framkomu, að ákærða væri undir áhrifum áfengis, enda hún sjálf haft orð á því. Vitnið bar, að ákærða hefði ekki rætt sérstaklega um óhappið, en borið þá ósk fram að þeir félagar skýrðu ekki öðrum frá því. Vitnið upplýsti að eftir að ákærða var farin úr bifreiðinni hefði hann ekið aftur að bifreið hennar. Hann kvaðst þá hafa veitt því athygli að áfengisflaska lá á gólfinu farþega megin. Loks kvaðst hann hafa aftengt straum af bifreiðinni.

Vitnið staðfesti framangreinda skýrslu við aðalmeðferð málsins fyrir dómi. Hann kvað bifreið ákærðu hafa verið utan akbrautar við gatnamót Eyjafjarðarbrautar og Þverbrautar að Hrafnagili. Eigi gat vitnið með vissu sagt til um hvenær þeir hittu ákærðu, en vísaði til þess að á vinnustað hans, Stóra-Hamri í Eyjafjarðarsveit, væri kvöldmjöltum lokið um klukkan 18.00. Vitnið skýrði og frá því að það hefði tekið um 5 mínútur að aka ákærðu frá slysstað og að býlinu Grýtu. Á þeim tíma kvaðst hann lítillega hafa rætt við ákærðu og þá heyrt frásögn hennar um áfengisneyslu.

Framburður vitnisins Þórs Jónsteinssonar, f. 1975, við aðalmeðferð málsins var í öllum aðalatriðum samhljóða framburði vitnisins Sigurðar Karls. Vitnið taldi þó að þeir félagar hefðu hitt ákærðu rétt fyrir klukkan 19.00.

Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærðu neyta áfengis en bar að hún hefði haft orð á því að hún hefði drukkið u.þ.b. ½ hvítvín. Vitnið kvaðst og hafa fundið áfengislykt af ákærðu, hún borið einkenni áfengisdrykkju, en þó verið róleg og afslöppuð í framkomu. Vitnið minntist þess ekki að ákærða hefði haft orð á orsökum útafakstursins.

Vitnið Kristján Theódórsson, hreppstjóri og bóndi að Brúnum í Eyjafjarðarsveit, skýrði frá því fyrir dómi að ákærða hefði um klukkan 20.00 að kveldi 7. maí hringt á heimili hans frá Grýtu og tilkynnt að hún hefði þá nokkru áður misst stjórn á bifreið sinni með þeim afleiðingum að hún hefði hafnað utan vegar. Vitnið bar að ákærða hefði og haft orð á því að bifreið hennar hefði látið undarlega skömmu fyrir óhappið. Vitnið kvað ákærðu hafa óskað þess að hann aðstoðaði hana við að ná bifreiðinni upp á akbrautina. Vitnið kvaðst hafa orðið við þessari beiðni og því hafa ekið sem leið lá frá heimili sínu og að býlinu Grýtu, um 2 km akstursleið. Vitnið kvaðst hafa dvalið þar innan dyra í u.þ.b. 5–10 mínútur og hitt þar m.a. húsráðanda og fyrrum eiginmann ákærðu, Birgi Jónsson. Vitnið kvaðst hafa veitt því athygli, að ákærða var eitthvað undir áhrifum áfengis. Vegna þessa ástands kvaðst vitnið hafa talið ófært að hún tæki við stjórn bifreiðarinnar, en þó fallist á að aka henni á slysstað, u.þ.b. 3 km vegalengd, til þess að hún gæti náð í veski sitt sem hún hafði skilið eftir í bifreiðinni. Vitnið kvað bifreið ákærðu, R-74609, hafa verið utan akbrautar um 100 metrum norðan og vestan við gatnamót Þverbrautar og Eyjafjarðarbrautar eystri. Að beiðni ákærðu kvaðst vitnið hafa náð í hvítvínsflösku í bifreið hennar auk veskisins. Vitnið kvað flöskuna hafa verið á gólfi bifreiðarinnar við framfarþegasætið. Taldi vitnið, að yfir helmingur af áfengismagninu hefði verið eftir í flöskunni. Að þessu loknu kvaðst vitnið hafa ekið ákærðu á heimili sitt, en þar hefði hún verið handtekin af lögreglu um klukkan 20.30. Vitnið kvaðst ekki hafa veitt því athygli hvort ákærða drakk af nefndri áfengisflösku. Hins vegar kvaðst vitnið hafa hellt innihaldi flöskunnar niður í hugsunarleysi eftir að lögreglan hafði fjarlægt ákærðu af heimili hans. Síðar umrætt kvöld kvaðst vitnið og hafa gætt frekar að bifreið ákærðu og þá séð að hægri framhjólbarði var loftlaus.

Vitnið Birgir Jónsson, fyrrverandi eiginmaður ákærðu, bar fyrir dómi að ákærða hefði að kveldi 7. maí ekið bifreiðinni R-74609 frá heimili hans, Grýtu. Vitnið kvað ákærðu þá hafa verið án áfengisáhrifa. Vitnið kvað ákærðu skömmu síðar hafa komið aftur á heimili hans, miður sín með barn þeirra, og haft á orði að bifreið hennar hefði skemmst. Í framhaldi af því kvað vitnið ákærðu hafa hafið áfengisneyslu. Fyrir dómi treysti vitnið sér ekki til að segja til um tíma, þ.á m. komu Kristjáns Theódórssonar á heimilið. Vitnið upplýsti, að hann hefði átt áfengisflöskur í bifreið ákærðu, þ.á m. Christian Brother hvítvín, og gat þess, að flöskurnar hefðu verið í bifreiðinni tveimur dögum eftir óhappið.

Niðurstaða.

Ákærða hefur eindregið neitað sök í máli þessu. Þannig hefur hún allt frá fyrstu afskiptum lögreglu haldið því fram að hún hafi hafið neyslu áfengis eftir að bifreiðin R-74609 hafnaði utan malarborinnar akbrautar skammt frá býlunum Brúnum og Laugalandi í Eyjafjarðarsveit. Ákærða hefur staðhæft, að nefndur atburður hafi gerst um klukkan 18.30, er skyndilega sprakk á hægra framhjólbarða. Ákærða hefur loks haldið því fram að skömmu eftir útafaksturinn hafi hún drukkið nokkurt magn áfengis, en í framhaldi af því verulegt magn áfengis á heimili fyrrverandi eiginmanns, þar sem hún dvaldi í um klukkustund. Ákærða hefur gefið þá skýringu á áfengisdrykkju sinni að hún hafi verið mjög miður sín eftir umferðarslysið. Vísaði ákærða m.a. til þess að tveggja ára dóttir hennar hefði verið í öryggissæti bifreiðarinnar í greint sinn.

Af gögnum lögreglu verður ekki séð að bifreið ákærðu hafi verið athuguð eftir óhappið eða vettvangur yfirleitt við vegamót Þverbrautar og Eyjafjarðarbrautar eystri. Þá er upplýst að blóðsýni til alkóhólrannsóknar var tekið úr ákærðu allt að 2½ klst., eftir að hún hóf áfengisneyslu, og rúmlega 1 klst. eftir að neyslu hennar lauk. Ekki er sérstaklega vikið að því í rannsóknargögnum hvenær þvagsýni ákærðu var látið í té.

Þegar framangreint er virt og jafnframt litið til framburðar vitna fyrir dómi þykir með vísan til VII. kafla laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 varhugavert að telja alveg nægjanlega sannað að ákærða hafi verið með áfengisáhrifum er bifreið hennar fór út af akbrautinni við Laugaland í Eyjafjarðarsveit. Þá hefur eigi verið sýnt fram á, að ákærða hafi með saknæmum hætti átt sök á útafakstrinum þannig að varði við tilgreint ákvæði umferðarlaga.

Ber því að sýkna ákærðu af kröfum ákæruvalds í máli þessu og leggja allan sakarkostnað á ríkissjóð, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Þorsteins Hjaltasonar héraðsdómslögmanns, krónur 50.000,00.

Ólafur Ólafsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan, en uppkvaðning hefur tafist nokkuð vegna embættisanna.

Dómsorð:

Ákærða, Anney Alfa Jóhannsdóttir, á að vera sýkn saka í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Þorsteins Hjaltasonar héraðsdómslögmanns, krónur 50.000,00, greiðist úr ríkissjóði.

Þriðjudaginn 29. mars 1994.

Nr. 490/1993. **Ákæruvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Jóni Kristjáni Jacobsen

(Kristján Stefánsson hrl.)

Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Bjarni K. Bjarnason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði héraðsdómi í heild sinni og krefst sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins. Af hálfu ákæruvalds var málinu skotið til Hæstaréttar með stefnu 17. nóvember 1993, og krefst það staðfestingar héraðsdóms.

Eins og fram kemur í héraðsdómi, hefur ákærði frá upphafi neitað því að hafa ekið bifreiðinni JK-417, eftir að hann hóf að neyta áfengis aðfaranótt 31. júlí 1992. Bar hann fyrst hjá lögreglu, að stúlka, sem hann þekkti ekki, hefði ekið. Fyrir dómi kvaðst hann ekki vera viss um, hvort það var stúlka eða karlmaður, er ók.

Í lögregluskýrslu kemur fram, að Sigmar Hafsteinn Lárusson sat undir stýri bifreiðarinnar, er lögreglumenn veittu henni athygli við Umferðarmiðstöðina. Gaf hann þá skýringu hjá lögreglu, að hann hefði sest undir stýri, til að lögreglan færi ekki að kanna málið, þar sem ákærði „stóð við afgreiðslulúguna og lét eins og asni“. Verður að telja þetta ótrúverðuga skýringu. Einnig ber hér á það að líta, að í upphafsskýrslu sinni hjá lögreglu sagði Sigmar Hafsteinn ranglega, að ákærði ætti vínbirgðir þær, sem fundust í bifreiðinni greint sinn, en játaði síðar, að hann hefði sjálfur stolið þeim.

Stúlka sú, sem yfirgaf bifreiðina við Umferðarmiðstöðina, kom ekki til yfirheyrslu hjá lögreglu fyrr en 19. október 1992 eða rúmlega tveimur og hálfum mánuði eftir umræddan atburð. Þrátt fyrir framburð hennar er á það að líta, að í upphafi lögreglurannsóknar hélt ákærði því ákveðið fram, að stúlka hefði ekið bifreiðinni að Umferðarmiðstöðinni.

Engin samprófun fór fram milli ákærða og vitnanna.

Þegar allt þetta er haft í huga, þykir varhugavert að telja, að fram sé komin fullnægjandi sönnun þess, að ákærði hafi ekið umrætt sinn undir áhrifum áfengis, eins og í ákæru greinir, sbr. 46. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Ber því að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins.

Samkvæmt framangreindum úrslitum verður allur kostnaður máls þessa í héraði og fyrir Hæstarétti felldur á ríkissjóð, eins og nánar segir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Kristján Jacobsen, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, Kjartans Norðdahl héraðsdómslögmanns, 35.000 krónur, og skipaðs verjanda fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 15. október 1993.

Ár 1993, föstudaginn 15. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Hirti O. Aðalsteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 371/1993: Ákæruvaldið gegn Jóni Kristjáni Jacobsen, sem tekið var til dóms 21. september sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 14. júní sl., á hendur ákærða, Jóni Kristjáni Jacobsen, Hverfisgötu 50, Reykjavík, kt. 261266-5989, „fyrir að aka bifreiðinni JK-417 aðfaranótt föstudagsins 31. júlí 1992 undir áhrifum áfengis frá bifreiðastæði við Austurstræti 14 í Reykjavík að húsi ofarlega í Þingholtunum og þaðan að Umferðarmiðstöðinni við Vatnsmýrarveg.

Þetta telst varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttinda skv. 101. og 102. gr. umferðarlaga“.

Málavextir.

Föstudaginn 31. júlí sl. kl. 03.37 voru lögreglumenn staddir við B.S.Í., er þeir veittu athygli bifreiðinni JK-417, þar sem hún stóð fyrir framan sölulúgu og var vél hennar í gangi. Segir í lögregluskýrslu að Sigmar Hafsteinn

Lárusson hafi setið í ökumannssæti og var hann einn í bifreiðinni, en ákærði var að versla í sölulúgunni. Lögreglumennirnir óku að Hótel Loftleiðum og hugðust halda að B.S.Í. aftur til að athuga með bifreiðina. Lögreglumennirnir mættu bifreiðinni er hún ók austur Vatnsmýrarveg og veittu þeir henni eftirför. Er komið var inn á Skógarhlíð sáu þeir bifreiðina kyrrstæða þar og ákærða og Sigmar á hlaupum í átt að Eskihlíð og hurfu þar sjónum. Þeir voru handteknir eftir nokkra leit í húsi á horni Barmahlíðar og Reykjahlíðar. Kveikjuláslyklar bifreiðarinnar fundust ekki, en ákærði og Sigmar voru færðir á Slysadeild til töku blóðsýnis og síðan færðir í fangageymslu. Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 1,45‰.

Ákærði var yfirheyrður hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík síðdegis sama dag og skýrði svo frá að hann hefði ekið bifreiðinni fyrr um kvöldið og lagt henni síðan á Tryggvagötu. Kvaðst ákærði hafa farið inn á veitingastað ásamt Sigmari og neytt þar áfengis og kvaðst hann hafa orðið mjög ölvaður og því muna atvik illa. Ákærði kvaðst þó neita því að hafa ekið bifreiðinni eftir að hann hóf áfengisneyslu og taldi hann að einhver stúlka, sem þeir hittu, hefði ekið bifreiðinni í samkvæmi og síðan á Umferðarmiðstöðina.

Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði umrætt sinn ekið bifreiðinni niður í bæ um klukkan 11 um kvöldið og lagt henni á svokölluðu Hallærisplani. Ákærði kvaðst ekki hafa verið búinn að neyta áfengis en kvaðst hafa farið inn á veitingastað ásamt Sigmari, félaga sínum, og þar kveðst ákærði hafa neytt áfengis.

Ákærði kvaðst muna frekar illa eftir málinu vegna ölvunar sinnar en neitaði því að hafa ekið bifreiðinni eftir að hafa neytt áfengis.

Ákærði kvað sig ráma í, að stúlka, sem hann vissi engin deili á, hefði ekið bifreiðinni. Ákærði kvaðst ekki vita hvað varð um stúlkuna. Ákærði tók fram að hann kvaðst ekki viss um, að stúlka hefði ekið bifreiðinni, alveg eins væri mögulegt, að einhver karlmaður hefði ekið henni.

Vitnið Sigmar Hafsteinn Lárusson, kt. 060372-3039, til heimilis að Vatnsendabletti 102, Kópavogi, skýrði svo frá fyrir dómi, að ákærði hefði umrætt sinn komið á bifreið til vitnisins, og hefðu þeir farið í bíó. Kvað vitnið, að eftir það hefðu þeir farið niður í bæ og inn á veitingastaðinn Café Amsterdam. Vitnið kvaðst hafa neytt áfengis þarna og kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis, en þó ekki miklum. Vitnið kvaðst ekki hafa séð hvort ákærði neytti áfengis þarna. Vitnið kvað þá hafa farið af veitingastaðnum og ekið um bæinn og var Rakel þá komin í bifreiðina og ók ákærði bifreiðinni. Vitnið kvaðst ekki hafa séð áfengisáhrif á ákærða. Vitnið kvað þá hafa ekið að Umferðarmiðstöðinni. Vitnið kvað ákærða hafa verslað eitthvað þarna og kvað vitnið, að lögreglan hefði komið á vettvang, og rámaði vitnið óljóst í, að það hefði þá sest í ökumannssæti bifreiðarinnar, en vitnið kvaðst ekki gera sér grein fyrir hvers vegna.

Borinn var undir vitnið framburður þess hjá lögreglu, að ákærði hefði verið ölvaður og að vitnið hefði sest undir stýri bifreiðarinnar til þess að lögreglan færi ekki að kanna málið.

Vitnið kvaðst ekki geta skýrt þetta misræmi öðruvísi en svo að það myndi þetta ekki betur.

Vitnið kvað, að ákærði hefði síðan ekið bifreiðinni frá Umferðarmiðstöðinni, og kvað vitnið, að þeir hefðu síðan hlaupið burtu frá bifreiðinni, þegar þeir urðu lögreglu varir, og var ástæðan nokkurt magn áfengis, sem var í bifreiðinni.

Vitnið Rakel Arnardóttir, kt. 040773-3479, til heimilis að Klapparstíg 26, Reykjavík, skýrði svo frá fyrir dómi, að það hefði umrætt sinn verið niðri í bæ og kvaðst hafa vantað far heim til sín og kvaðst hafa hitt pilta sem ætluðu að aka vitninu heim.

Vitnið kvaðst kannast við annan piltinn. Vitnið kvað þau hafa setið í bifreiðinni kyrrstæðri smástund, og síðan settist ákærði undir stýri og ók um bæinn. Vitnið kvað þá hafa viljað fara í samkvæmi, en vitnið kvaðst ekki hafa viljað það, en látið til leiðast og voru þau í 15 til 20 mínútur í samkvæminu. Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærða neyta áfengis þar. Vitnið kvað, að ákærði hefði ekið bifreiðinni að Umferðarmiðstöðinni, þar sem vitnið fór úr henni og þar sem vitnið sá að ákærði var drukkinn vildi vitnið ekki vera lengur í bifreiðinni. Vitnið kvaðst hafa séð áfengisáhrif á ákærða og þá kvaðst vitnið hafa merkt það af aksturslagi hans að hann var undir áhrifum áfengis. Þá kvaðst vitnið hafa séð ákærða neyta einhvers í bifreiðinni, sem vitnið taldi áfengisblöndu, enda fékk það sjálft sopa af blöndunni. Vitnið kvað ákærða hafa ekið bifreiðinni allan tímann. Vitnið kveðst hafa drukkið einn og hálfan bjór og síðan eitthvert áfengi í bifreiðinni.

Niðurstaða.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins neitað því að hafa ekið umræddri bifreið eftir að hann hóf neyslu áfengis. Ákærði hefur hins vegar ekki getað gefið viðhlítandi skýringar á því hver ók bifreiðinni og hefur ekki getað gert sér grein fyrir því hvort það var karl eða kona. Hefur ákærði borið því við að sökum ölvunarástands síns muni hann þetta ekki gjörla. Vitnin Sigmar Hafsteinn og Rakel eru bæði sammála um það að ákærði hafi ekið bifreiðinni.

Þegar litið er til framburðar ofangreindra vitna og niðurstöðu alkóhólrannsóknar, þykir ekki varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsiákvæða.

Sakaferill, viðurlög.

Samkvæmt sakavottorði ákærða sættist hann á árunum 1985 til 1991 4 sinnum á sektargreiðslur vegna umferðarlagabrota, og þann 13. maí 1992 sættist hann á sektargreiðslu fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöf. Þann 23. desember sl. var ákærði dæmdur í 8 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöf.

Brot það, sem hér er fjallað um, var framið áður en síðastgreindur dómur gekk og verður því höfð hliðsjón af ákvæðum 78. gr. almennra hegningarlaga við ákvörðun refsingar ákærða. Dómsmeðferð máls þessa hófst áður en skilorðstíma samkvæmt síðastgreindum skilorðsdómi lauk. Þykir rétt með vísan til 60. gr. almennra hegningarlaga að láta skilorðsdóminn haldast, enda þykir brot ákærða aðeins varða sektum.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 35.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 10 daga.

Svipta ber ákærða ökurétti eins og krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim er þar greinir, sjá nú lög nr. 44/1993. Þykir hæfilegt að svipta ákærða ökurétti í 12 mánuði frá birtingu dómsins að telja. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis, sbr. 104. gr. umferðarlaga.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kjartans Norðdahl hdl., 35.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Kristján Jacobsen, greiði 35.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 10 daga.

Ákærði er sviptur ökurétti í 12 mánuði frá birtingu dómsins að telja. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kjartans Norðdahl hdl., 35.000 krónur.

Mánudaginn 11. apríl 1994.

Nr. 443/1883. **Faxamarkaðurinn hf.**
gegn
Faxi hf.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Faxamarkaðurinn hf., sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Fimmtudaginn 14. apríl 1994.

Nr. 117/1992. **Pétur Guðjónsson**
(Hjalti Steinþórsson hrl.)
gegn
Siglubergi hf.
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Kaupgjaldsmál. Sjómannalög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. mars 1992. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 1.500.000 krónur með nánar tilgreindum ársvöxtum frá 15. apríl 1989 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda 45.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Við ákvörðun málskostnaðar er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Pétur Guðjónsson, greiði stefnda, Siglubergi hf., 45.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Grindavíkur 6. janúar 1992.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. desember 1991 að loknum munnlegum málflutningi, höfðaði Pétur Guðjónsson, kt. 220824-6679, Hvassahrauni 1, Grindavík, á hendur Siglubergi hf., kt. 690788-2419, Ægisgötu 2, Grindavík, með stefnu, birtri 23. apríl 1991. Dómkröfur stefnanda í endanlegu horfi eftir lækkun vaxtakröfu eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 1.500.000 í skaðabætur vegna ólögmætrar uppsagnar með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Stefndi hefur krafist sýknu af öllum dómkröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað [...].

II.

Stefnandi starfaði sem skipstjóri á v/b Valabergi, GK-399, sem stefndi átti og gerði út. Í desembermánuði 1988 virðist hafa komið upp missætti með stefnanda og forráðamönnum stefnda. Fór svo að annar skipstjóri tók við skipinu um áramótin 1988–89. Aðila þessa máls greinir verulega á um hver tildrög að starfslokum stefnanda voru, hver hafi haft frumkvæði að þeim, hvort stefnandi hafi fallið frá uppsagnarfresti og hvort stefnanda hafi verið meinað að starfa út uppsagnarfrest sinn. Þykir því ástæða til að greina nokkuð ýtarlega frá málavöxtum, eins og báðir aðilar hafa greint frá þeim í stefnu, greinargerðum sínum og við töku aðilaskýrslna, en skýrslur gáfu fyrir dóminum forsvarsmenn hins stefnda félags, Pétur Antonsson stjórnarformaður, Jón Pétursson útgerðarstjóri og Jóhann Pétur Andersen, fyrrum framkvæmdastjóri, auk stefnanda.

Stefnandi skýrir svo frá málavöxtum í stefnu sinni, að hann hafi sjálfur í lok desember 1988 sagt upp starfi sínu hjá stefnda. Þetta hafi hann gert frá og með 1. janúar 1989 með lögfestum þriggja mánaða fyrirvara. Áður en sú uppsögn hafi komið til framkvæmda, hafi stefndi hins vegar sagt sér upp fyrirvaralaust þann 28. desember og reynt að fá stefnanda til að undirrita yfirlýsingu þess efnis að hann félli frá þriggja mánaða uppsagnarfresti. Stefndi hafði meinað stefnanda að vinna út uppsagnarfrest sinn og ekki greitt honum nein laun þrátt fyrir greiðslutilmæli.

Stefnandi hefur í aðilaskýrslu sinni hér fyrir dóminum skýrt nánar frá málavöxtum eins og þeir horfa við honum: Þann 16. desember hafi hann verið á leið til hafnar í Grindavík og átt samtal í síma við forsvarsmenn stefnda, þá Jóhann Pétur Andersen, þáverandi framkvæmdastjóra stefnda, og Pétur Antonsson, stjórnarformann stefnda. Þeir hafi fundið að því, að stefnandi væri á leið heim í jólafrí svo snemma og auk þess haft aðrar aðfinnslur um störf sín. Hann hafi svo verið boðaður á fund á skrifstofu útgerðarinnar þetta sama kvöld. Við það tækifæri hafi Jóhann Pétur lýst því yfir að hann myndi ekki hafa Valabergið áfram í sinni „umsjá“ ef stefnandi yrði áfram skipstjóri. Stefnandi kvaðst þá hafa tjáð forsvarsmönnum stefnda, að ef þeir hygðust segja sér upp, skyldu þeir hafa samband við hann fyrir 22. desember.

Ekkert samband hefði þó verið haft við sig fyrr en 27. desember, en þá hefði Pétur Antonsson hringt í stefnanda og tilkynnt honum að ákveðið hefði verið að hann ætti að hætta með skipið, og var stefnandi þá boðaður á fund á heimili Péturs daginn eftir, þ.e. þann 28. Stefnandi kvaðst hafa komið til Péturs á tilsettum tíma og lítið hafi farið þeim í milli annað en að Pétur Antonsson bað hann að skrifa undir yfirlýsingu um að hann segði sjálfur upp störfum, félli frá uppsagnarfresti og hann ætti engar kröfur á hendur útgerðinni vegna ráðningarslitanna (dskj. nr. 15). Stefnandi hafði alfarið neitað að skrifa undir þessa yfirlýsingu og hafi hann lýst allri ábyrgð á hendur útgerðinni.

Um kvöldið 27. desember hafi hann svo tekið föggur sínar frá borði enda litið svo á að sér hefði verið bannað að starfa áfram sem skipstjóri. Aðspurður um uppsagnarbréf sitt, dags. 26. desember en póstlagt 28. s.m., er hann sendi útgerðinni, bar stefnandi að það hefði farið í póst fyrir slysni, enda hafi þá þegar verið búið að segja sér upp.

Forsvarsmenn stefnda hafa skýrt frá málavöxtum, bæði hér fyrir dómi og í skriflegum upplýsingum sem vísað er til í greinargerð, á þann veg að upp hafi komið samskiptaörðugleikar með stefnanda og forsvarsmönnum hins stefnda félags. Þann 16. desember 1988 hafi Pétur Antonsson og Jóhann Pétur Andersen rætt við stefnanda í síma og við það tækifæri hafi hann sagt orðrétt: „Ég er bara hættur“. Pétur Antonsson hafi beðið stefnanda um að vera rólegan en ræða þetta nánar er hann kæmi í land. Áttu forsvarsmenn stefnda, þeir Pétur og Jóhann Pétur, fund með stefnanda að kvöldi 16. desember. Þar hafi stefnandi verið spurður að því hvort ekki væri hægt að bæta samvinnu milli útgerðarinnar og hans en hann hafi talið það af og frá. Bera Pétur Antonsson, Jóhann Pétur Andersen og Jón Pétursson útgerðarstjóri, sem kom inn á fundinn, að stefnandi hafi lokið máli sínu með því að segja að hann gæti þá hætt strax, útgerðinni að kvaðalausu og án eftirkrafna. Var þá ákveðið að taka uppsagnartilboðið til umhugsunar.

Þann 27. desember höfðu forsvarsmenn stefnda tekið ákvörðun um að ganga að uppsagnartilboðinu og var stefnanda tilkynnt það þann dag. Pétur Antonsson hefur skýrt svo frá að þann 28. hafi stefnandi komið til heimilis síns en ekki viljað skrifa undir téða yfirlýsingu eða samkomulag sökum þess að hann legði ekki í vana sinn að skrifa undir svona lagað. Eftir 28. desember hafi svo verið farið að huga að því að ráða annan skipstjóra vegna þess að stefnandi hafði tekið föggur sínar frá borði og gerði sig ekki líklegan til að koma til starfa á ný. Þann 29. desember hafi uppsagnarbréf stefnanda borist til félagsins, dagsett 26. desember en póstlagt þann 28. Nýr skipstjóri hafi svo verið ráðinn þann 30. desember. Forsvarsmenn hins stefnda félags hafa tekið fram að stefnanda hafi aldrei verið meinað að vinna út uppsagnarfrestinn er hann hafi átt rétt á.

1. Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því að ráðningarsamningi sínum við stefnda um stöðu skipstjóra á Valabergi GK-399 hafi verið sagt upp fyrirvaralaust þann 28. desember 1988. Stefnandi hafi ávallt staðið við sinn hluta samningsins og því heimili engin atvik hin fyrirvaralausu samningsrof.

Stefnanda hafi verið meinað að vinna út löglegan þriggja mánaða uppsagnarfrest sinn sem sjáist á því að nýr skipstjóri hafi verið ráðinn til starfa áður en uppsögnin kom til framkvæmda. Stefnandi vísar í því sambandi sérstaklega til skriflegs vottorðs þess skipstjóra er ráðinn var til að taka við af honum, Guðjóns Einarssonar, en í því komi fram að hann hafi hafið störf hjá hinu stefnda félagi 20. desember 1988 (dskj. nr. 14). Þar með sé ótvírætt að stefnandi átti engan kost á því að koma aftur til starfa eftir jólafrí.

Forsvarsmenn stefnda hafi margneitað að greiða laun í uppsagnarfresti þrátt fyrir ítrekuð greiðslutilmæli og beri því að greiða bætur í samræmi við l. 35/1985, einkum 2. mgr. 9. gr. og 45. gr., lög um greiðslu verkkaups nr. 28/1930 og kjarasamninga. Varðandi kröfufjárhæð er byggt á 145. gr. l. 85/1936. Svari bótakröfurnar til staðgengilskaups í þriggja mánaða uppsagnarfresti en stefnandi hafi aldrei fallist á að falla frá frestinum, eins og forsvarsmenn stefnda hafi haldið fram, og aldrei gert neitt tilboð í þá veru.

Krafan um málskostnað byggist á 177. gr. l. 85/1936 og krafan um virðisaukaskatt á l. nr. 50/1988, en stefnandi reki ekki virðisaukaskattsskylda starfsemi og sé því nauðsynlegt að fá dæmdan virðisaukaskatt á málskostnað.

2. Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi sjálfur sagt upp störfum og tekið sérstaklega fram að hann skyldi hætta strax án nokkurra eftirkrafna. Hann hafi fyrst gert forsvarsmönnum stefnda tilboð þess efnis þann 16. desember 1988 og svo staðfest það með uppsagnarbréfi sínu, dags. 26. desember. Forsvarsmenn stefnda hafi tekið þessu tilboði stefnanda og því eigi kröfur hans enga stoð.

Stefndi mótmælir því, að stefnanda hafi verið meinuð störf í uppsagnarfrestinum. Staðreyndin sé sú, að stefnandi hafi tekið föggur sínar frá borði, áður en hann sendi stefnda uppsagnarbréf og með því hafi verið ljóst, að hann kæmi ekki aftur til starfa, enda hafi það verið í samræmi við fyrri yfirlýsingar hans. Ráðning nýs skipstjóra hafi ekki komið til fyrr en sýnt var að stefnandi var farinn af sjálfsdáðum úr skiprúmi fyrir fullt og fast, þ.e. þann 30. desember 1988, og því engan veginn hægt að draga þá ályktun að ráðningin hafi farið fram í því skyni að varna stefnanda að koma til vinnu. Lögmaður stefnda hefur mótmælt vottorði Guðjóns Einarssonar á dskj. 14 sem röngu. Þá hafi stefnandi aldrei haft neitt frumkvæði að því að koma aftur til starfa.

Stefndi mótmælir með öllu þeim staðhæfingum stefnanda, að sér hafi verið vikið fyrirvaralaust úr starfi. Ekkert hafi verið lagt fram til stuðnings þeim staðhæfingum, en gögn málsins, þ.á m. uppsagnarbréf stefnanda, veiti vísbendingu í gagnstæða átt. Stefndi álítur að dómvenja sé fyrir því að sönnunarbyrði um það, að sjómanni hafi verið sagt upp fyrirvaralaust, hvíli á þeim, sem heldur fram að sér hafi verið sagt upp. Þá vekur stefndi athygli á því að stefnanda hafi verið greidd laun allt til þess tíma er hann tók föggur sínar frá borði og hætti sjálfur. Því megi ljóst vera að stefnanda hafi aldrei verið sagt upp af stefnda, hvorki fyrr né síðar.

III.

Ekki er ótvírætt með hvaða hætti starfslok stefnanda hjá stefnda bar að. Hvorugum aðila hefur tekist að sanna, svo að öruggt sé, hvað þeim fór á milli á fundi þeirra þann 16. desember 1988, í símtali 27. desember og fundi þann 28. sama mánaðar. Ekki eru aðrir til frásagnar um þessa atburði en stefnandi og fyrirsvarsmenn stefnda. Það, sem hins vegar liggur fyrir, er uppsagnarbréf stefnanda til stefnda, dagsett 26. desember og póstlagt þann 28. Stefnandi bar fyrir dóminum, að bréf þetta hefði verið póstlagt fyrir slysni, en dómurinn telur að þegar bréfið kom til stefndu, þann 29., hafi ráðningarsamningnum verið slitið.

Samkvæmt þessu hefur stefnanda ekki tekist að sanna að stefndi hafi sagt honum upp störfum fyrirvaralaust.

Ekki verður talið, að stefnda hafi tekist að sanna, að stefnandi hafi fallið frá rétti sínum til að vinna út löglegan þriggja mánaða uppsagnarfrest sinn eða að hann hafi að öðru leyti afsalað sér kröfum vegna ráðningarslitanna á fundum þeirra, né heldur kemur það fram í nefndu uppsagnarbréfi hans.

Það sem eftir stendur er þá hvort stefnanda hafi verið meinað að starfa frá 1. janúar 1989 og til 1. apríl sama ár. Stefnandi hefur borið að eftir samtal hans við Pétur Antonsson, stjórnarformann hins stefnda félags, þann 28. desember hafi hann farið til skips og „gengið frá sínum málum“. Með hliðsjón af þessu sem og því, að stefnandi kom ekki aftur um borð, án þess að honum væri synjað um það berum orðum, og öðrum atvikum, verður að telja að stefnanda hafi ekki tekist að sýna fram á að honum hafi verið meinað að starfa umræddan uppsagnarfrest.

Verður því eftir þessum málalokum að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í málinu, en rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi Sigluberg hf., kt. 690788-2419, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Péturs Guðjónssonar, kt. 220824-6679, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 14. apríl 1994.

Nr. 209/1992. **Kristmundur Ingibjörnsson**
(Hjalti Steinþórsson hrl.)
gegn
Fiskiðju Sauðárkróks hf.
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Kaupgjaldsmál. Sjómannalög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 12. maí 1992. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 253.068 krónur með vöxtum og vaxtavöxtum samkvæmt 10. og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. júlí 1991 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krefst hann viðurkenningar á sjóveðsrétti í skipi stefnda, Tjaldanesi ÍS-522, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Vinnuskylda í þágu stefnda hvíldi á áfrýjanda á uppsagnartíma frá 1. apríl til 30. júní 1991. Ósannað er gegn eindregnum mótmælum stefnda, að áfrýjandi hafi verið leystur undan þeirri skyldu, hvorki áður en hann réð sig til annars vinnuveitanda né síðar á uppsagnartímanum. Réttur hans til launa úr hendi stefnda féll því niður frá þeim tíma, er hann af þessari ástæðu gat ekki lengur efnt samningsskyldur sínar gagnvart honum. Með skírskotun til þessa og forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Við ákvörðun málskostnaðar er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Kristmundur Ingibjörnsson, greiði stefnda, Fiskiðju Sauðárkróks hf., 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Sauðárkróks 20. febrúar 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi þann 24. janúar sl., höfðaði Kristmundur Ingibjörnsson, kt. 170152-2049, Nönnustíg 2, Hafnarfirði, með stefnu, birti 3. október 1991 fyrir Þórólfi Gíslasyni, stjórnarformanni Fiskiðju Sauðárkróks hf., f. h. félagsins til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 253.068, ásamt vöxtum og vaxtavöxtum skv. 10. og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. júlí 1991 til greiðsludags auk málskostnaðar [...], enn fremur, að stefnda verði dæmt skylt að þola staðfestingu á sjóveði í skipi þess, Tjaldanesi ÍS-522, skipaskráningarnúmer 127, fyrir ofangreindum kröfum, en á skipi þessu starfaði stefnandi í þágu stefnda. Skipið hét áður Ólafur Þorsteinsson SK-77, en þrátt fyrir nafnbreytinguna er það enn skráð eign stefnda.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar [...].

I.

Stefnandi kveður málavexti þá, að hann hafi verið 1. stýrimaður á Ólafi Þorsteinssyni SK-77, sem stefndi hafi átt og gert út. Hinn 26. mars 1991 hafi stefnanda verið sagt upp störfum frá og með 1. apríl 1991 með uppsagnarfresti skv. sjómannalögum sem er 3 mánuðir og hafi þetta verið tekið fram í uppsagnarbréfinu. Hafi því störfum stefnanda átt að ljúka 30. júní 1991.

Stefnandi kveður, að hann hafi starfað áfram þar til 21. apríl 1991, en þá hafi skipinu verið lagt og sér tjáð, að sér væri óhætt að fá sér vinnu annars staðar.

Stefnandi kveðst hafa fengið greidd laun til 21. apríl 1991 en síðan þá hafi hann ekki fengið nein laun greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og því sé sér þörf á að höfða mál þetta.

Stefnandi kveður skipinu hafa verið lagt í byrjun aprílmánaðar, en þá hafi ekki legið fyrir hvort það yrði um stundarsakir eða til lengri tíma. Á þessum tíma hafi ekkert legið fyrir um það, hvort skipinu yrði haldið úti á uppsagnartímanum.

Stefndi kveðst hafa greitt stefnanda laun, kauptryggingu, til þess tíma er stefndi fékk staðfestingu á því að stefnandi hefði ráðið sig í vinnu hjá öðru fyrirtæki. Með þeirri ráðningu taldi stefndi að stefnandi hefði rift ráðningarsamningi sínum við stefnda. Þar sem stefnandi hafði ráðið sig í vinnu hjá öðrum atvinnurekanda án þess að ræða við stefnda um starfslok, taldi stefndi, að sér væri óskylt að greiða stefnanda frekari laun og stöðvaði því launagreiðslur til hans.

Stefndi hefur mótmælt því að skipinu hafi verið lagt þann 21. apríl og stefnanda verið sagt að hann gæti ráðið sig þegar í aðra vinnu.

Vitnið Finnur Sigurbjörnsson skipstjóri skýrði svo frá fyrir dóminum, að hann hefði sagt áhöfn skipsins frá fyrirhugaðri uppsögn að beiðni framkvæmdastjórans, Einars Svanssonar. Hann hefði enn fremur lagt þann skilning í samræður sínar og framkvæmdastjóra stefnda, að hann ætti að skýra áhöfninni frá því að hún mætti fara að leita sér að öðru starfi. Vitnið segir að hvorki í samtali sínu við framkvæmdastjórann né við áhöfnina hafi verið rætt um launagreiðslur í uppsagnarfrestinum. Aðspurt skýrði vitnið svo frá að hann hefði aldrei sagt við áhöfnina að þeir ættu að tilkynna útgerðinni ef þeir færu í aðra vinnu, en hann hefði talið eðlilegt, að þeir myndu gera það, og að það hafi verið sinn skilningur í samræðum við framkvæmdastjóra stefnda.

Einar Svansson, framkvæmdastjóri stefnda, hefur borið fyrir dóminum að hann hafi ekki gefið skipstjóranum þau fyrirmæli að áhöfnin mætti fara að leita sér að öðru starfi.

II.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi reisir kröfu sína um greiðslu vangoldinna launa út uppsagnarfrest á 2. mgr. 9. gr., sbr. 2. mgr. 27. gr., sbr. og 1. mgr. 25. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Auk þess byggir stefnandi á uppsagnarbréfi því sem stefndi sendi stefnanda, en í því hafi verið kveðið á um 3 mánaða uppsagnarfrest, sem stefnandi telur stefnda þar með hafa skuldbundið sig til að greiða.

Stefnandi segir kröfu sína í málinu tölulega miðaða við lágmarkskaup 1. stýrimanns, þ.e. kauptryggingu, en hún greiðist ef ekkert fiskast.

Stefnandi segir það aldrei hafa verið rætt við sig af hálfu stefnda, að stefndi myndi leyfa honum að fara svo að hann ætti góða möguleika til að komast í annað skiprúm, og það sé ekki eitt af þeim atriðum, sem leysi útgerðarmenn undan skyldu til greiðslu kaups á uppsagnarfresti. Stefnandi segir að enginn samningur hafi legið fyrir þar sem stefndi leysti stefnanda undan starfsskyldum sínum gegn því að ekki yrði um launakröfur af hans hálfu að ræða.

Stefnandi telur, að 25. gr. sjómannalaga hafi að geyma fyrirmæli um meðalhófsbætur, og kveður þann skilning sinn styðjast við dómvenju þar um. Því eigi það ekki að hafa nein áhrif þótt stefnandi hafi haft laun annars staðar frá á uppsagnarfresti.

Kröfu sína um málskostnað kveðst stefnandi styðja við ástæður málaferlanna sem séu vanefndir stefnda á greiðsluskyldu hans skv. lögum, einnig við 177. gr. laga nr. 85/1936. Stefnandi kveðst ekki vera virðisaukaskattsskyldur aðili og því sé sér nauðsyn á að fá skattinn tildæmdan úr hendi stefnda.

Kröfu sína um staðfestingu á sjóveði byggir stefnandi á ákvæðum siglingalaga nr. 34/1985, einkum 197. til 203. gr.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi kveður að í uppsagnarbréfi stefnda til stefnanda komi skýrt fram að störfum stefnanda skyldi ljúka þann 30. júní 1991.

Stefndi vísar í greinargerð með 27. gr. siglingalaga nr. 35/1985 máli sínu til stuðnings en þar telur hann þá grundvallarreglu vinnuréttar áréttaða að til þess að eiga rétt til launa, verði launþegi að inna vinnu af hendi eða vera reiðubúinn til þess, nema lögmæt forföll hamli.

Stefndi telur að með því að stefnandi hafi ráðið sig til vinnu á ráðningartímanum hjá öðrum atvinnurekanda án þess að semja við stefnda um lausn úr skiprúmi hjá stefnda hafi stefnandi einhliða rift ráðningu sinni við stefnda.

Stefndi kveður að sér hafi verið heimilt að beita fyrir sig bótaákvæði 2. mgr. 60. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, en það hafi hann ekki gert.

Stefndi kveður að hefði stefnandi hirt um að óska eftir því við stefnda að fá lausn úr starfi á uppsagnartímanum hefði það væntanlega gengið eftir, en þá að sjálfsögðu á þeirri forsendu, að stefndi myndi ekki verða krafinn um laun eftir að stefnandi væri kominn í aðra vinnu.

Stefndi kveður að stefnandi hafi einhliða rift ráðningarsamningi sínum við stefnda, og því beri að sýkna stefnda að launakröfu stefnanda.

Stefndi hefur mótmælt túlkun stefnanda á Hæstaréttardómi 1988, 943.

III.

Niðurstaða.

Það er óumdeilt í máli þessu að stefnanda var sagt upp störfum á lögmætan hátt með bréfi sem lagt er fram sem dómskjal nr. 6. Í bréfi þessu kemur skýrt fram að störfum stefnanda hjá stefnda skyldi ljúka þann 30. júní 1991.

Skipstjórinn á Ólafi Þorsteinssyni SK-77 hefur borið það fyrir dómi að hann hafi einungis fengið bein fyrirmæli frá framkvæmdastjóra stefnda um að skýra stefnanda frá fyrirhugaðri uppsögn og samræður sínar við framkvæmdastjóra stefnda hafi hann skilið á þann veg að hann ætti að skýra áhöfninni frá því að þeir mættu leita sér að annarri atvinnu. Framkvæmdastjóri stefnda hefur mótmælt því, að hann hafi gefið skipstjóranum leyfi til að skýra áhöfninni frá því að þeim væri heimilt að leita sér að annarri atvinnu. Í vitnisburði skipstjórans kom fram, að hann hefði ekki fengið nein fyrirmæli um að ræða launagreiðslur til áhafnarinnar í uppsagnarfresti, enda hafi hann ekki gert það.

Ákvæði uppsagnarbréfsins er mjög skýrt og kveður á um vinnulok þann 30. júní 1991. Er ekki unnt að líta svo á, að því ákvæði hafi verið hnekkt með ummælum skipstjórans.

Í 27. gr. sjómannalaga er skýrt kveðið á um það að skipverji taki laun til þess dags er ráðningu hans lýkur. Í greinargerð með því ákvæði segir m.a. að til þess að skipverji eigi rétt til launa verði hann að inna vinnu af höndum eða vera reiðubúinn til þess. Verður að telja að þar sem stefnandi hafi ráðið sig í aðra vinnu, sbr. yfirlýsingu á dómskjölum nr. 13 og 15, frá 12. apríl 1991, þ.e. áður en ráðningu hans hjá stefnda skyldi lokið 30. júní 1991, hafi honum ekki verið unnt að efna fyrri ráðningarsamning sinn.

Forsenda þess, að skipverji fái bætur skv. 25. gr. sjómannalaga, er, að skipverja sé vikið úr skiprúmi áður en ráðningartími hans sé liðinn. Ráðningartíma stefnanda skyldi ljúka 30. júní 1991, sbr. dómskjal nr. 6. Stefnanda var því ekki vikið úr starfi fyrir 30. júní 1991.

Þegar af þessum ástæðum verða kröfur stefnanda ekki teknar til greina.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda kr. 50.000 í málskostnað.

Dóm þennan kvað upp Hjördís Stefánsdóttir fulltrúi.

Dómsorð:

Stefndi, Fiskiðja Sauðárkróks hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Kristmundar Ingibjörnssonar, í máli þessu.

Stefnandi, Kristmundur Ingibjörnsson, greiði stefnda, Fiskiðju Sauðárkróks hf., kr. 50.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 14. apríl 1994.

Nr. 210/1992. **Steinþór Sigurbjörnsson**
(Hjalti Steinþórsson hrl.)
gegn
Fiskiðju Sauðárkróks hf.
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Ómerking. Heimvísun. Réttarfar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 12. maí 1992. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 253.068 krónur með vöxtum og vaxtavöxtum samkvæmt 10. og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. júlí 1991 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krefst hann viðurkenningar á sjóveðsrétti í skipi stefnda, Tjaldanesi ÍS-522, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Samkvæmt dómsgerðum héraðsdóms í máli þessu var háð í því dómþing 24. janúar 1992. Í upphafi þinghaldsins voru lögð fram nokkur dómskjöl og skráð í þingbók, að lögmenn aðila lýstu yfir, að gagnaöflun í málinu væri lokið. Síðan var bókað: „Hófust nú aðila- og skýrslutökur.“ Þá greinir frá því, að fyrir dóm hafi komið „aðilinn Kristmundur H. Ingibjörnsson“, og er bókuð aðilaskýrsla hans, en í framhaldi af henni framburður tveggja vitna. Í ljós hefur komið, að yfirheyrslur þessar fóru aldrei fram í málinu, heldur í öðru máli, sem höfðað var samtímis af nefndum Kristmundi gegn stefnda. Áfrýjandi kom og ekki fyrir dóm til að tjá sig um sakarefnið, svo sem nauðsyn bar til, eins og háttað er atvikum málsins og ágreiningi málsaðila.

Vegna þessa megingalla á málsmeðferð héraðsdómara verður ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins frá og með áðurnefndu þinghaldi og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu héraðsdóms að nýju.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins frá og með þinghaldi 24. janúar 1992 eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Sauðárkróks 20. febrúar 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi þann 24. janúar sl., höfðaði Steinþór Sigurbjörnsson, kt. 181256-5839, Kárastíg 5, Hofsósi, með stefnu, birtri 3. október 1991, fyrir Þórólfi Gíslasyni, stjórnarformanni Fiskiðju Sauðárkróks hf., f. h. félagsins til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 253.068, ásamt vöxtum og vaxtavöxtum skv. 10. og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. júlí 1991 til greiðsludags auk málskostnaðar [...], enn fremur að stefnda verði dæmt skylt að þola staðfestingu á sjóveði í skipi þess, Tjaldanesi ÍS-522, skipaskráningarnúmer 127, fyrir ofangreindum kröfum, en á skipi þessu starfaði stefnandi í þágu stefnda. Skipið hét áður Ólafur Þorsteinsson SK-77, en þrátt fyrir nafnbreytinguna er það enn skráð eign stefnda.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar [...].

I.

Stefnandi kveður málavexti þá, að hann hafi verið yfirvélstjóri á Ólafi Þorsteinssyni SK-77, sem stefndi hafi átt og gert út. Hinn 26. mars 1991 hafi sér verið sagt upp störfum frá og með 1. apríl 1991 með uppsagnarfresti skv. sjómannalögum sem er 3 mánuðir og hafi þetta verið tekið fram í uppsagnarbréfinu. Hafi því störfum stefnanda átt að ljúka 30. júní 1991.

Stefnandi kveður að hann hafi starfað áfram þar til 21. apríl 1991 en þá hafi skipinu verið lagt og sér tjáð, að sér væri óhætt að fá sér vinnu annars staðar.

Stefnandi kveðst hafa fengið greidd laun til 21. apríl 1991 en síðan þá hafi hann ekki fengið nein laun greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og því sé sér þörf á að höfða mál þetta.

– – –

[Sbr. héraðsdóm í málinu: Kristmundur Ingibjörnsson gegn Fiskiðju Sauðárkróks hf., bls. 805 hér að framan.]

III.

Niðurstaða.

Það er óumdeilt í máli þessu að stefnanda var sagt upp störfum á lögmætan hátt með bréfi sem lagt er fram sem dómskjal nr. 6. Í bréfi þessu kemur skýrt fram að störfum stefnanda hjá stefnda skyldi ljúka þann 30. júní 1991.

Skipstjórinn á Ólafi Þorsteinssyni SK-77 hefur borið það fyrir dómi, að hann hafi einungis fengið bein fyrirmæli frá framkvæmdastjóra stefnda um að skýra stefnanda frá fyrirhugaðri uppsögn og samræður sínar við framkvæmdastjóra stefnda hafi hann skilið á þann veg að hann ætti að skýra áhöfninni frá því að þeir mættu leita sér að annarri atvinnu. Framkvæmdastjóri stefnda hefur mótmælt því, að hann hafi gefið skipstjóranum leyfi til að skýra áhöfninni frá því að þeim væri heimilt að leita sér að annarri atvinnu. Í vitnisburði skipstjórans kom fram, að hann hefði ekki fengið nein fyrirmæli um að ræða launagreiðslur til áhafnarinnar í uppsagnarfresti, enda hafi hann ekki gert það.

Ákvæði uppsagnarbréfsins er mjög skýrt og kveður á um vinnulok þann 30. júní 1991. Er ekki unnt að líta svo á, að því ákvæði hafi verið hnekkt með ummælum skipstjórans.

Í 27. gr. sjómannalaga er skýrt kveðið á um það að skipverji taki laun til þess dags er ráðningu hans lýkur. Í geinargerð með því ákvæði segir m.a. að til þess að skipverji eigi rétt til launa verði hann að inna vinnu af höndum eða vera reiðubúinn til þess. Verður að telja að þar sem stefnandi hafi ráðið sig í aðra vinnu, sbr. yfirlýsingu á dómskjölum nr. 12 og 14, frá 22. apríl 1991, þ.e. áður en ráðningu hans hjá stefnda skyldi lokið 30. júní 1991, hafi honum ekki verið unnt að efna fyrri ráðningarsamning sinn.

Forsenda þess, að skipverji fái bætur skv. 25. gr. sjómannalaga, er, að skipverja sé vikið úr skiprúmi áður en ráðningartími hans sé liðinn. Ráðningartíma stefnanda skyldi ljúka 30. júní 1991, sbr. dómskjal nr. 6. Stefnanda var því ekki vikið úr starfi fyrir 30. júní 1991.

Þegar af þessum ástæðum verða kröfur stefnanda ekki teknar til greina.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda kr. 50.000 í málskostnað.

Dóm þennan kvað upp Hjördís Stefánsdóttir fulltrúi.

Dómsorð:

Stefndi, Fiskiðja Sauðárkróks hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Steinþórs Sigurbjörnssonar, í máli þessu.

Stefnandi, Steinþór Sigurbjörnsson, greiði stefnda, Fiskiðju Sauðárkróks hf., kr. 50.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 14. apríl 1994.

Nr. 387/1993. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Eggerti Bjarna Arnórssyni
(Örn Clausen hrl.)

Líkamsárás. Brot gegn valdstjórninni. Handtaka. Húsleit. Friðhelgi heimilis. Stjórnarskrá. Bifreiðar. Umferðarlög. Ökuréttarsvipting. Sameining mála.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 30. ágúst 1993, en af hálfu ákæruvalds var málinu skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 6. september sama ár til þyngingar á refsingu og enn frekari sviptingar ökuréttar.

Þá áfrýjaði ákærði dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 16. nóvember 1993, og skaut ríkissaksóknari því máli til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 1. desember sama ár til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu og „til greiðslu miskabóta, að fjárhæð kr. 1.000.000. . . .“. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti var bótakrafan ekki höfð uppi, enda kemur hún eigi til álita hér fyrir dómi, sbr. 1. mgr. 173. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Málin hafa verið sameinuð í Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 30. ágúst 1993.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 16. nóvember 1993.

Lögreglumönnum er heimilt að handtaka mann, sem ekki hefur gegnt kvaðningu til að gefa skýrslu í opinberu máli, sbr. d-lið 98. gr. laga nr. 19/1991. Samkvæmt 1. mgr. 90. gr. sömu laga, sbr. 89. gr., skal leit að manni í þessu skyni á heimili hans ákveðin með úrskurði dómara, nema samþykki hans sjálfs komi til, sbr. og 66. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.

Ákærði bjó í foreldrahúsum og hafði þar til afnota sérstakt herbergi. Það var varið af ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi heimilis. Samþykki föður ákærða sem húsráðanda nægði ekki til þess, að lögreglumenn mættu leita inngöngu í herbergið án dómsúrskurðar eða samþykkis ákærða. Þar sem hvorugu var til að dreifa, brast lögreglu heimild til þess umrætt sinn að fara inn í herbergi ákærða og handtaka hann.

Með skýrslum lögreglumanna og ákærða sjálfs er sannað, að hann veitti Aðalsteini Bernharðssyni lögreglumanni þá áverka, sem lýst er í ákæru og læknisvottorði. Ber því að staðfesta sakarmat héraðsdómara um brot ákærða gegn 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða gat ekki dulist, að einkennisklæddir lögreglumenn, sem komnir voru inn á heimili hans, voru að gegna skyldustarfi sínu. Það er meginregla íslenskrar stjórnskipunar, að enginn geti komið sér hjá að hlýða yfirvaldsboði í bráð, þótt hann vefengi heimildir stjórnvalda, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar. Ákærði hafði réttmæta ástæðu til þess að draga í efa, að lögreglumönnum væri að svo stöddu heimilt að handtaka sig. Það veitti honum þó engan rétt til þess að hindra þá með ofbeldi við framkvæmd starfa sinna. Hann hefur því gerst sekur um brot gegn valdstjórninni samkvæmt 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga. Það haggar ekki þessari niðurstöðu, að framferði lögreglu var ólögmætt, en ákærða eru önnur úrræði tiltæk til þess að leita réttar síns að lögum.

Eins og atvikum var háttað samkvæmt framansögðu, þykir mega staðfesta refsiákvörðun héraðsdóms.

Ákærði skal greiða allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Eggert Bjarni Arnórsson, sæti fangelsi í þrjá mánuði. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppsögu þessa dóms, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði skal greiða 23.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi sjö daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms 30. ágúst 1993 um sviptingu ökuréttar ákærða í einn mánuð frá birtingu þess dóms.

Ákærði skal greiða allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðra verjenda sinna, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 45.000 krónur, og Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 100.000 krónur.

A. Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 30. ágúst 1993.

Ár 1993, mánudaginn 30. ágúst, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Allani Vagni Magnússyni héraðsdómara í Dómhúsinu við Lækjartorg, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-247/1993: Ákæruvaldið gegn Eggerti Bjarna Arnórssyni, sem dómtekið var 26. ágúst sl.

Mál þetta var höfðað með ákæruskjali lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 19. apríl 1993, á hendur Eggerti Bjarna Arnórssyni, kt. 130954-5109, Meistaravöllum 29, Reykjavík, „fyrir að hafa aðfaranótt sunnudagsins 5. júlí 1992 undir áhrifum áfengis ekið bifreiðinni R-73244 á 86 km/kl hraða austur Eiðsgranda í Reykjavík, ekið síðan suður Grandaveg og inn á Meistaravelli, þar sem lögregla hafði afskipti af honum. .

Telst þetta varða við 1. mgr. 37. gr. og 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987“.

Sunnudaginn 5. júlí 1992 veittu lögreglumenn, sem voru á eftirlitsferð og með ratsjá í gangi, bifreiðinni R-73244 athygli, þar sem henni var ekið austur Eiðsgranda og kom inn í ratsjá á 86 km hraða miðað við klukkustund. Var bifreiðinni beygt suður Grandaveg og hófu lögreglumenn eftirför. Var bifreiðinni ekið nokkuð greitt Grandaveg að Meistaravöllum þar sem henni var beygt suður Meistaravelli og ekið að húsi númer 29 og lagt þar í stöðureit á bifreiðastæðinu. Ökumaður, sem var einn í bílnum, var ákærði. Lögreglumenn fundu áfengisþef leggja frá ákærða og var hann því látinn blása í blöðru. Er lögreglumenn tilkynntu ákærða að flytja ætti hann á lögreglustöð og einnig bifreið hans, brást hann illur við og ætlaði út úr bílnum og varð svo óður að sögn lögreglumanna að þeir urðu að setja ákærða í járn og fá til stóra lögreglubifreið til að flytja ákærða á brott. Ákærði var fluttur að slysadeild Borgarspítalans þar sem Þórdís Kjartansdóttir læknanemi tók frá honum blóðsýni og reyndist magn alkóhóls í því 0,68‰. Að því loknu var hann fluttur á lögreglustöðina við Hverfisgötu og fluttur í fangageymslu. Ekki var tekin varðstjóraskýrsla af ákærða og 6. apríl 1993 kom hann til skýrslutöku hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík en kvaðst þá vilja vísa máli þessu til dómara og ekki ræða frekar við lögreglu um það.

Í skýrslu ákærða fyrir dómi kvað hann atvikalýsingu í ákæru rétta að öðru leyti en því að hann hefði ekki verið undir áfengisáhrifum né heldur hefði hann ekið á ólöglegum hraða. Hann kvaðst hafa verið að koma frá Rauða ljóninu, sem er við Eiðistorg, og verið að aka eftir Eiðsgranda og séð þá lögreglumenn á tali við ökumann rauðrar Volvo-bifreiðar, en lögreglubifreið fyrir aftan Volvoinn. Er hann ók fram hjá, hafi annar þeirra snarast inn í lögreglubifreiðina, en ekki varð ákærði þess var, að honum væri veitt eftirför. Hann sagði að er hann var kominn að heimili sínu að Meistaravöllum 29 og út úr bifreið sinni og búinn að læsa henni hefði lögreglubifreiðina borið að, hann verið spurður um ökuskírteini og beðinn um að blása í blöðru og verið sagt að farið yrði með hann „í bíltúr“. Hann kvaðst hafa reynt að komast á brott en lögreglumenn hefðu járnað sig, og síðan hafi verið kallaðir til fleiri og hann síðan fluttur á einhvern stað þar sem hann sá bílastæði og móa og hafi blóð verið tekið frá honum í lögreglubifreiðinni, en honum verið haldið á meðan af lögreglumönnum.

Vitnið Þórdís Kjartansdóttir læknir sagði í skýrslu sinni fyrir dómi, að hún hefði þurft að fara út í lögreglubifreið til að taka blóð frá manni og hafi lögreglumenn haldið honum á meðan.

Vitnin Baldvin Viggósson, Heimir H. Eðvarðsson og Guðmundur Guðjónsson komu allir fyrir dóminn og staðfestu að þeir hefðu verið við ratsjármælingar og séð bifreið ákærða aka eftir Eiðsgranda umrætt sinn og hafa elt ákærða að Meistaravöllum 29 þar sem hann var spurður um atvik og síðan járnaður og fluttur að slysadeild í annarri lögreglubifreið, en vitnið Heimir fór með í þeirri bifreið. Hann mundi ekki eftir atvikum er blóð var tekið frá ákærða.

Sannað er með framburði lögreglumannanna sem studdur er gögnum úr dagbók lögreglunnar um ratsjármælingar að ákærði ók á 86 km hraða miðað við klukkustund eftir Eiðsgranda umrætt sinn, og varðar það brot ákærða við 37. gr. umferðarlaga en leyfður ökuhraði var 50 km miðað við klukkustund á þessum vegarkafla.

Enda þótt blóðsýni hafi verið tekið frá ákærða við óvenjulegar aðstæður þykir ekki hafa komið fram að meðferð blóðsýnis hafi verið áfátt og er komin fram fullnægjandi sönnun um að magn áfengis í blóði ákærða hafi verið yfir þeim mörkum sem greinir í 2. mgr. 45. gr. umferðarlaga og gerðist ákærði brotlegur við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr., umferðarlaga með akstri sínum umrætt sinn.

Ákærði var dæmdur fyrir brot á 25. gr., 1. mgr. 27. gr og 38. gr. umferðarlaga 4. júlí 1983 og ekki gerð sérstök refsing en sviptur ökuréttindum í 1 ár frá 16. júní 1981.

Þá hefur ákærði verið dæmdur fyrir brot á lögum um ávana- og fíkniefni og 106. gr. almennra hegningarlaga, síðast 12. janúar 1984.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 23.000 króna sekt og komi 7 daga varðhald í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms.

Þá ber að svipta ákærða ökurétti samkvæmt 1. mgr. 102. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 44/1993, og verður ákærði sviptur ökurétti í 1 mánuð frá dómsuppsögu.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hrl., 45.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Eggert Bjarni Arnórsson, greiði 23.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 7 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna.

Ákærði er sviptur ökurétti í 1 mánuð frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hrl., 45.000 krónur.

B. Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 16. nóvember 1993.

Ár 1993, þriðjudaginn 16. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Pétri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 488/1993: Ákæruvaldið gegn Eggerti Bjarna Arnórssyni, sem tekið var til dóms 10. sama mánaðar.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 14. september 1993, á hendur ákærða, Eggerti Bjarna Arnórssyni, Meistaravöllum 29, Reykjavík, fæddum 13. september 1954, fæðingarnúmer 510, „fyrir brot gegn valdstjórninni og líkamsárás með því að hafa að morgni þriðjudagsins 23. mars 1993 á heimili ákærða á annarri hæð í fjölbýlishúsinu Meistaravöllum 29, er lögreglumennirnir Aðalsteinn Bernharðsson, Guðmundur Örn Guðjónsson, Guðmundur Ómar Þráinsson og Kristján Kristjánsson, sem allir eru í lögregluliði Reykjavíkur, voru komnir til að handtaka ákærða, sem hafði ekki gegnt kvaðningu um að gefa skýrslu í opinberu máli, slegið Aðalstein hnefahögg í andlitið. Afleiðingar þessa höggs urðu þær að Aðalsteinn hlaut blæðingu undir slímhúð á hægra auga og dofa á svæði neðan augntóftartaugar sömum megin, einnig brot í hægra kinnbeini og mölbrot á nefbeini svo og brot í ethmoidal og mediala augntóftarvegg. Þurfti Aðalsteinn að gangast undir aðgerð vegna þessa.

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. og 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Guðmundur Ágústsson héraðsdómslögmaður gerir þá kröfu í málinu fyrir hönd Aðalsteins Bernharðssonar, að ákærði verði dæmdur til að greiða honum kr. 1.000.000 í miskabætur“.

Málavextir.

Þriðjudagsmorguninn 23. mars sl. fóru fjórir lögreglumenn á tveimur bifreiðum til þess að handtaka ákærða, sem hafði ekki gegnt kvaðningu um að gefa skýrslu í opinberu máli hjá lögreglunni í Reykjavík 30. nóvember árið áður. Lögreglumennirnir höfðu ekki aflað sér handtökuskipunar dómara en höfðu meðferðis afrit af kvaðningunni og lögregluskýrslu um birtingu hennar. Ákærði býr hjá foreldrum sínum í fjölbýlishúsinu nr. 29 við Meistaravelli. Leigir hann þar eitt herbergi. Þegar þangað kom fóru tveir lögreglumannanna fyrst inn og kvöddu dyra, þeir Aðalsteinn Bernharðsson og Guðmundur Örn Guðjónsson. Faðir ákærða, Arnór Óskarsson, kom til dyra og kvað ákærða vera heima.

Aðalsteinn Bernharðsson segir að eftir að þeir höfðu gert grein fyrir erindi sínu hafi Arnór, faðir ákærða, farið inn til hans og fært honum þau tíðindi að lögreglumenn væru komnir til þess að handtaka hann en komið aftur að vörmu spori og sagt að ákærði vildi ekkert við þá tala. Vitnið kveðst ekki muna hvort ákærði hafi spurt þá hvort þeir væru með handtökuskipun, og ef ekki, skyldu þeir fara og ná í hana. Einhver orðaskipti hafi farið á milli þeirra en vitnið kveðst ekki geta rifjað þau upp og kennir um högginu sem hann hlaut. Kveðst hann ekki vilja útiloka að ákærði hafi skorað á þá að fara. Þeir hafi spurt Arnór hvort þeir mættu koma inn og hafi hann leyft það. Hafi þeir haft samband við félaga sína sem biðu í bíl fyrir utan og beðið þá um aðstoð. Hafi þeir komið upp og Arnór leyft að þeir kæmu líka inn eftir að vitnið hafði spurt hann að því. Vitnið kveðst hafa spurt Arnór hvort læst væri inn til ákærða og kvaðst hann myndu athuga það og opnaði inn til ákærða og sagði við hann að nú væru þeir komnir fjórir til þess að sækja hann. Kveðst vitnið hafa fylgt á hæla Arnóri inn í herbergið. Vitnið kveðst ekki minnast þess að hafa tekið á ákærða og reynt að snúa hann niður. Hafi Arnór verið á milli þeirra og hann ekki séð ákærða vel fyrir honum og haldið auk þess á kvaðningunni og skýrslunni í annarri hendi. Ákærði hafi legið í rúminu og hafi hann stokkið upp en vitnið kveðst hafa beðið hann um að vera rólegan. Hafi ákærði þá slegið hann þungt högg á gagnaugað.

Guðmundur Örn Guðjónsson segir föður ákærða hafa hleypt þeim inn eftir að þeir báru upp erindi sitt við hann. Ákærði hafi litið fram á ganginn og skellt aftur herbergishurðinni. Þeir hafi þá kallað í hina tvo til aðstoðar og hafi faðir ákærða einnig hleypt þeim inn og opnað inn til hans og sagt honum að þeir væru komnir fjórir til að taka hann. Ákærði hafi rokið fram úr rúminu og reynt að loka á þá. Þeir Arnór og Aðalsteinn hafi staðið rétt fyrir innan þröskuldinn og ákærði því ekki getað lokað. Aðalsteinn hafi beðið hann um að vera rólegan en ákærði hafi þá slegið hann. Vitnið kveðst hafa staðið rétt fyrir aftan Aðalstein þegar hann hafði gengið inn til ákærða. Kveður hann ákærða hafa sagt þeim að fara út en ekki minnist hann þess að neitt væri talað um handtökuskipun í því sambandi.

Guðmundur Ómar Þráinsson aðstoðarvarðstjóri kveðst hafa beðið fyrir utan á meðan hinir tveir fóru inn. Hafi borist beiðni frá þeim hinum um að þeir kæmu inn líka. Hafi húsráðandi hleypt þeim inn í íbúðina. Þeir Aðalsteinn og húsráðandi hafi gengið fyrstir inn til ákærða og kveðst vitnið hafa fylgt á eftir. Ákærði hafi rokið upp úr rúminu og öskrað eitthvað en vitnið heyrði ekki orðaskil. Hafi Aðalsteinn beðið hann að vera rólegan en ákærði þá slegið Aðalstein sem hafi hnigið niður á hnén. Vitnið segist hafa gripið í ákærða sem hafi reynt að slá hann en vitnið kveðst hafa vikið sér undan. Þeir hafi svo fallið niður í rúm ákærða og vitnið orðið undir. Hafi ákærði m.a. klórað vitnið í andlitið. Þeir tveir, sem fyrir aftan þá stóðu, hafi svo komið inn í herbergið og ákærði verið yfirbugaður og járnaður.

Kristján Kristjánsson lögreglumaður kveður Aðalstein hafa komið niður og beðið þá Guðmund Ómar að þeir fylgdu honum upp. Hafi þeir farið inn í íbúðina. Ekki kveðst hann minnast þess að húsráðendur hafi verið spurðir sérstaklega hvort liðsaukinn mætti koma þar inn líka en opið hafi verið inn í íbúðina. Aðalsteinn hafi spurt Arnór hvort hann héldi að læst væri inn til ákærða. Hafi Arnór farið og opnað inn til hans og Aðalsteinn fylgt á hæla honum. Næstur honum hafi farið Guðmundur Ómar og vitnið og Guðmundur Örn hafi staðið þar fyrir aftan. Ákærði hafi legið á rúminu. Hafi hann rokið upp úr rúminu um leið og dyrnar voru opnaðar. Ekki kveðst vitnið muna hvað ákærði sagði en eitthvað hafi það verið. Hafi Aðalsteinn beðið ákærða að vera rólegan og ákærði þá slegið hann.

Ákærði hefur skýrt frá því að faðir hans hafi vakið hann af svefni þennan morgun og sagt að lögreglan væri að spyrja eftir honum. Kveðst ákærði hafa farið fram úr og litið fram og þá séð lögreglumennina á ganginum. Kveðst hann hafa spurt þá hvort þeir væru með handtökuheimild. Þeir hafi kveðið nei við en ákærði kveðst þá hafa sagt við þá að þeir skyldu þá fara og sækja hana. Þeir hafi þá kallað á móti að þeir væru sendir til þess að handtaka hann, sækja hann eða semja við hann og eitthvað fleira sem ákærði man ekki. Hafi hann sagt að hann ætti ekkert fleira vantalað við þá og lokað herbergisdyrunum. Hann hafi gripið buxur sínar og verið að bogra við að fara í þær og snúið bakhlutanum að dyrunum. Hafi hann þá heyrt tvo dynki eins og hlaupið væri á hurðina. Hafi hann einhvern veginn staðið þannig undir hurðarhúninum að dyrnar hafi verið eins og læstar. Hafi hann þá heyrt að lögreglumennirnir spurðu um herbergislyklana og hafi hann þá gripið peysu sína til þess að fara í og vera við öllu búinn. Hurðin hafi smollið upp í þeirri andrá en hann tekið í hurðarhúninn að innan og skipað lögreglumönnunum að fara út og beint því til Guðmundar Arnar að hann afstýrði þessu húsbroti. Hafi þeir sagt að faðir hans hefði leyft þeim að vera þarna inni. Kveðst hann hafa sagt að sig varðaði ekkert um það, hann réði yfir þessu herbergi. Myndi hann henda þeim út. Mörg orð önnur hafi fallið á milli þeirra og sé allt ranghermt hjá þeim um þau. Hann segir lögreglumennina ekki hafa verið með neitt í höndunum. Þá kveður hann föður sinn hafa staðið fyrir aftan þá en ekki inni í herberginu eins og þeir segi. Hafi hann reynt að ryðja þeim út og loka á þá en ekki tekist það þar sem annar hafi alltaf staðið að baki hinum. Hafi lögreglumaðurinn rokið á sig og reynt að „troða“ sér í gólfið en ákærði kveðst hafa haldið sér uppi á hurðarhúninum. Hann hafi getað ýtt lögreglumanninum til baka en hann komið aftur. Kveðst ákærði hafa slegið til hans til þess að fæla hann frá og Aðalsteinn vikið sér undan en í því hafi Guðmundur Örn slegið sig og hafi högg hans komið undir handlegg ákærða og hafnað í andliti hans. Við þetta hafi högg ákærða breytt um stefnu og kveðst hann þá hafa fundið að hnefi hans „lenti utan í einhverju“ en sjálfur hafi hann slegist „í loft upp“ og lent við rúmstokkinn. Hann hafi því ekki séð hvað gerðist fyrir framan dyrnar. Ekki hafi komið skráma á fingur hans eða hendur við þetta og viti hann ekki hvernig hann eigi að hafa valdið áverkanum á Aðalsteini. Annaðhvort hafi Aðalsteinn dottið á stól, sem hafi verið þarna fyrir framan dyrnar, eða þá að Guðmundur Örn, sem hafi verið við hliðina á honum, rekist utan í hann. Hafi verið blóð á gólfinu við stólhornið.

Vitnið Arnór Óskarsson, faðir ákærða, hefur skýrt frá því, að hann hafi farið til dyra þegar lögregluna bar að garði. Hafi þeir sagt honum erindið. Kveðst vitnið hafa opnað herbergisdyrnar hjá ákærða og sagt honum að lögreglan væri komin og vildi hafa tal af honum til þess að semja um ófrágengið mál. Ákærði hafi komið fram í dyrnar og sagt að hann vildi ekkert við þá tala. Lögreglumennirnir hafi þá spurt vitnið hvort ákærði hefði herbergið og hvort vitnið hefði lykil. Hafi annar þeirra sagt að þeir gætu bara prófað hvort það væri læst og opnað og gengið inn. Vitnið kveðst eftir smástund hafa litið inn á eftir honum og þá séð hvar lögreglumaðurinn hélt annarri hendi um hurðarhúninn, en hinni steinbítstaki um háls ákærða aftan frá og þvingaði hann niður. Vitnið kveðst svo hafa heyrt kallað, annaðhvort að einhver hefði verið sleginn eða einhver meiðst. Hefði verið beðið um að kallað væri á sjúkrabíl. Þá segist vitnið hafa heyrt vein í ákærða. Hafi hann séð hvar tveir lögreglumenn héldu ákærða í tökum á sófa og annar haldið um háls honum. Þeir hafi svo járnað ákærða og sleppt hálstakinu og hafi þá ákærði fyrst getað komið upp hljóði. Þeir hafi síðan farið út með hann og heldur fruntalega.

Samkvæmt læknisvottorði Önnu Bjarkar Magnúsdóttur, aðstoðarlæknis á háls-, nef- og eyrnadeild Borgarspítalans, hlaut Aðalsteinn brot á hægra kinnbeini, mölbrot á nefbeini og brot á augntóftarvegg. Engin merki fundust um kjálkabrot. Í örorkumatsgerð Björns Önundarsonar læknis, dagsettri 29. september sl., sem lögð hefur verið fram undir rekstri málsins, kemur einnig fram að Aðalsteinn finnur enn til dofa hægra megin í andlitinu, líkast því sem er eftir deyfingu hjá tannlækni. Þá séu þrengsli við öndun um hægri nös öðru hverju, einkum í köldu veðri. Við skoðun fann læknirinn fyrir stalli í hægri augntóft, og þá voru merki um dofa í andlitinu hægra megin. Hægra munnvik stendur lítið eitt hærra þegar Aðalsteinn brosir. Telur læknirinn hægri augntóftartaug hafa skaðast og sé ekki að vænta frekari bata. Metur hann varanlega örorku hans 10%.

Niðurstaða.

Sannað er með skýrslum lögreglumannanna og ákærða að hann sló Aðalstein Bernharðsson þungt hnefahögg í andlitið og olli honum þeim áverka sem lýst hefur verið. Hefur ákærði með þessu orðið sekur um brot gegn 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

Lögreglumennirnir voru sendir heim til ákærða til þess að handtaka hann þar tæpum fjórum mánuðum eftir að hann gegndi ekki kvaðningu um að koma til skýrslugjafar í lögreglustöðinni. Fyrir liggur að ekki var leitað eftir úrskurði dómara um húsleit eins og kveðið er á um í 90., sbr 89. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Þá verður að skilja d-lið 98. gr. sömu laga með þeim fyrirvara að handtöku beri að framkvæma án ástæðulauss dráttar frá því að maður gegnir ekki kvaðningu um að gefa skýrslu í opinberu máli. Með aðför lögreglunnar var brotið gegn heimilisfriði ákærða sem tryggður er með 66. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Ber að þessu athuguðu að sýkna ákærða af broti gegn valdstjórninni.

Guðmundur Ágústsson hdl. hefur uppi bótakröfu fyrir hönd Aðalsteins Bernharðssonar á hendur ákærða. Bréf lögmannsins hljóðar svo:

„Ég leyfi mér fyrir hönd umbj. míns Aðalsteins Bernharðssonar, Álfheimum 44, Reykjavík, að leggja fram bótakröfu vegna meintrar líkamsárásar Eggerts Arnórssonar er umbj. minn einkennisklæddur og við skyldustörf fyrir lögregluna í Reykjavík gerði tilraun til handtöku á nefndum Eggerti á heimili hans. Án nokkurs tilefnis var umbj. minn kýldur þannig að hann þrí-kjálkabrotnaði og er nú með öllu tilfinningalaus hægra megin í andliti þar sem höggið hafði þau áhrif að í sundur fór taug í andliti hans. Eru mein hans varanleg að mati lækna.

Gerð er krafa um miskatjón, að kærða verði gert að greiða umbj. mínum kr. 1.000.000,00.

Tekið skal fram að of snemmt er að fullyrða um frekari afleiðingar árásarinnar og er því fyrirvari gerður um að koma að frekari bótakröfum á síðari stigum málsins.“

Lögmaðurinn kom fyrir dóminn til þess að skýra kröfu sína nánar. Var þetta þá bókað eftir honum: „Lögmaðurinn krefst þess að ákærða verði gert að greiða Aðalsteini Bernharðssyni kr. 1.000.000 vegna þess tjóns sem hann hefur orðið fyrir vegna líkamsárásar. Lögmaðurinn vísar til örorkumats, þar sem fram kemur, að Aðalsteinn hafi verið 100% öryrki í tvo mánuði, 50% í einn mánuð og varanleg örorka hans 10%. Þá tekur lögmaðurinn fram að nánari rökstuðningur fyrir skaðabótakröfunni sé sá að þar sé um að ræða bæði fjárhagstjón og miska. Lögmaðurinn upplýsir einnig að ekki liggi fyrir ennþá niðurstaða tryggingarstærðfræðings.“

Ekki er að finna neinn stað í málskjölunum fyrir þeirri fullyrðingu lögmannsins að Aðalsteinn hafi kjálkabrotnað heldur er skýrt tekið fram í læknisvottorði að engin merki finnist um kjálkabrot. Rökstuðningur fyrir bótakröfunni er þannig beinlínis rangur í verulegu atriði. Þá er kröfugerðin sjálf óljós og engan rökstuðning er þar að finna fyrir fjárhagstjóni og engin gögn um það hafa verið lögð fram. Ber að vísa kröfunni frá dómi.

Ákærði á að baki nokkurn sakaferil. Hefur hann verið tvisvar dæmdur fyrir fíknilagabrot, í 8 mánaða fangelsi 1980 og 9 mánaða fangelsi 1982. Þá var hann 1983 dæmdur fyrir ölvun og réttindaleysi við akstur sem hann hafði gerst sekur um árið 1981. Árið 1983 var hann einnig dæmdur í 30 daga fangelsi fyrir brot gegn 106. gr. almennra hegningarlaga. Loks var ákærði dæmdur í sekt nú í ágúst fyrir ölvun við akstur og ökuhraða. Refsingu ákærða ber að tiltaka með hliðsjón af því að á honum hafði verið brotinn réttur þegar hann sló lögreglumanninn. Þykir hún vera hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði. Rétt er að fresta framkvæmd refsingarinnar og ákveða að hún falli niður að liðnum 3 árum frá dómsuppsögu, haldi ákærði almennt skilorð hegningarlaganna.

Dæma ber ákærða til þess að greiða sakarkostnað að hálfu á móti ríkissjóði. Með sakarkostnaðinum eru saksóknarlaun í ríkissjóð, sem ákveðast 20.000 krónur, og málsvarnarlaun Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, sem ákveðast 60.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Eggert Bjarni Arnórsson, sæti fangelsi í 3 mánuði. Framkvæmd refsingarinnar er frestað og fellur hún niður að liðnum 3 árum, haldi ákærði almennt skilorð almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði 20.000 krónur í saksóknarlaun í ríkissjóð og 30.000 krónur í verjandaþóknun til Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns. Úr ríkissjóði greiðist 30.000 krónur í málsvarnarlaun til verjandans. Annan sakarkostnað greiði ákærði að hálfu á móti ríkissjóði.

Fimmtudaginn 14. apríl 1994.

Nr. 85/1994. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Andrési Páli Kolbeinssyni
(Örn Clausen hrl.)

Viðurlagaákvörðun. Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu einvörðungu um ákvörðun refsingar. Af hálfu ákæruvalds var því skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 11. febrúar 1994, og er krafist staðfestingar á refsiákvörðun hins áfrýjaða dóms.

Með hliðsjón af sakaferli ákærða verður refsiákvörðun héraðsdómara staðfest.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Andrés Páll Kolbeinsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 15.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 1. febrúar 1994.

Ár 1994, þriðjudaginn 1. febrúar, er lagður svohljóðandi dómur á sakamálið nr. 22/1994: Ákæruvaldið gegn Andrési Páli Kolbeinssyni í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari dæmir málið.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, hefur ríkissaksóknari höfðað fyrir dóminum á hendur Andrési Páli Kolbeinssyni, kt. 251170-5769, Mávahlíð 17, Reykjavík, með ákæruskjali, út gefnu 11. janúar 1994 og birtu 25. s.m., fyrir þjófnað með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 29. maí 1993 farið inn í bifreiðina RP-031, þar sem hún stóð ólæst við Laugaveg 97 í Reykjavík, og stolið úr henni tveimur armbandsúrum, tveimur handtöskum, silfurhring, silfurhálsmeni, eyrnalokkum, seðlaveski með greiðslukortum og leðurjakka. Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Í málinu krefst Ragnheiður Margeirsdóttir, kt. 021072-4869, Stapaseli 7, Reykjavík, skaðabóta úr hendi ákærða að fjárhæð kr. 70.000.

Ákærði hefur skýlaust gengist við sakargiftum og ekkert bendir til annars en að hann hafi aðhafst það sem hann er sakaður um. Málið hefur verið rekið samkvæmt ákvæðum 125. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Frá því á árinu 1990 hefur ákærði, auk annars, verið dæmdur þrisvar fyrir þjófnað. Þann 11. júní 1991 var honum veitt reynslulausn í tvö ár. Hann telst hafa staðist skilorð reynslulausnarinnar.

Verjandi ákærða krefst vægustu refsingar og frávísunar á bótakröfu vegna vanreifunar. Þann 23. september 1993 kom Ragnheiður Margeirsdóttir, eigandi hinna stolnu muna, á skrifstofu RLR og tók við þýfinu. Þá sagði hún enn vanta nokkra muni sem ekki eru taldir í ákæru og hún áleit ca. 70.000 króna virði. Samkvæmt þessu þykir bera að fallast á kröfu verjandans um frávísun. Þegar alls þessa er gætt þykir samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 70. gr. alm. hegningarlaga, einkum 5. tl., nú bera að dæma stefnanda í þriggja mánaða fangelsi og til greiðslu sakarkostnaðar eins og nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Andrés Páll Kolbeinsson, sæti þriggja mánaða fangelsi og greiði sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausens hrl., kr. 18.000,00. Bótakröfu Ragnheiðar Margeirsdóttur er vísað frá dómi.

Fimmtudaginn 14. apríl 1994.

Nr. 25/1994. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
X
(Örn Clausen hrl.)

Nauðgun. Tilraun. Sératkvæði. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Hjörtur Torfason og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Málinu var áfrýjað með stefnu 30. desember 1993 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar á refsingu og greiðslu miskabóta, að fjárhæð 1.200.000 krónur, auk kostnaðar vegna lögmannsaðstoðar og vaxta. Ákærði krefst sýknu af öllum kröfum ákæruvalds, þar á meðal bótakröfu.

I.

Í máli þessu er ákærði sakaður um að hafa þröngvað konunni Y, þá 28 ára að aldri, til holdlegs samræðis aðfaranótt föstudagsins 20. mars 1992. Á atburðurinn að hafa átt sér stað í kjallaraherbergi í húsi hans við Laugaveg í Reykjavík, sem er skammt frá dvalarstað hennar á þessum tíma. Ákærði og Y höfðu þá verið ein í herberginu nokkra stund. Þau þekktust ekki, en Y hafði nokkru áður komið í húsið til að taka þátt í gleðskap, sem þar fór fram á vegum ákærða. Ákærða og Y ber saman um aðdraganda þess, að þau urðu ein eftir í umræddu herbergi, og kveðst hvorugt þeirra hafa farið þangað með kynmök í huga. Þeim ber einnig saman um, að stutt hlé hafi orðið á samskiptum þeirra í kjallaraherberginu, er Y var orðin nakin og hugðist bregða sér á salerni. Að öðru leyti eru þau sammála um það eitt að hafa legið allsnakin á gólfi herbergisins, þegar barið var að dyrum og ákærði fór til dyra. Lauk samskiptum þeirra þá með því, að Y hljóp út úr húsinu eins og hún var á sig komin, og leitaði skjóls í húsi vinkonu sinnar, L, sem er örskammt frá.

II.

Það var laugardaginn 21. mars 1992, að Y kom á lögreglustöðina í Reykjavík og skýrði frá nauðgun, sem átti að hafa gerst aðfaranótt föstudagsins. Í lögregluskýrslu var skráð lýsing hennar á málavöxtum. Í lok skýrslunnar er bókað:

„Hún hafi ekki haft samband við lögreglu fyrr en nú þar sem hún hafi ætlað að hafa sjálf upp á þeim kærða en séð svo að það gengi ekki.“

Rannsóknarlögreglu ríkisins var þegar tilkynnt um málið, og tók rannsóknarlögregluþjónn við framhaldsrannsókn. Hann fór þegar á lögreglustöðina og hafði tal af kæranda. Í upplýsingaskýrslu hans, sem gerð var sama dag, er lýsing á málsatvikum. Í báðum skýrslum þessum er meginefni lýsingar kæranda á atburðinum á þessa leið: Að hún hafi farið niður í kjallara með húsráðanda og fleirum, og þar hafi þau skoðað hljóðupptökuherbergi, „músik-stúdíó“. Aðrir en þau tvö hafi yfirgefið herbergið, hann hafi læst hurðinni, veist að henni, klætt hana eða rifið hana úr öllum fötunum, lagt hana á hart steingólfið, þvingað sundur læri hennar og komist inn í hana. Hann hafi ekki náð fullnægingu, þar sem bankað hafi verið á dyrnar. Hann hafi staðið á fætur og farið til dyra. Hún hafi þá hlaupið nakin út úr húsinu og til vinkonu sinnar. Í skýrslu rannsóknarlögreglumannsins segir:

„Y kvaðst síðan hafa farið heim til sín en þá hafi sambýlismaður sinn verið sofandi og hafi hún þá sjálf lagst til svefns.“

Í lok skýrslu þessarar er bókað:

„Framburður Y var mjög reikull enda kvaðst hún hafa verið mjög ölvuð er atburðurinn átti sér stað. Formlegri skýrslutöku hjá RLR var frestað til mánudagsins 23. 03. 92 að ósk Y.“

Í hvorugri skýrslunni er haft eftir kæranda að hún hafi hrópað á hjálp.

Mánudaginn 23. mars um kl. 15.30 hringdi Z, sambýlismaður kæranda, enskumælandi maður, til rannsóknarlögreglu og talaði við lögreglufulltrúa. Hann skýrði frá för sinni og kæranda að húsi ákærða þá fyrir stundu og nafni þess manns sem þau hafi þar hitt og kæran beinist að. Þá kom kærandi í símann og lýsti einnig för þessari. Er svo bókuð frásögn hennar:

„. . . að þar hafi talast við sá sem hún kærði og kærasti hennar.

Kærastinn væri æstur vegna málsins og hún ætti í vissum vanda vegna þess. Var konunni bent á að hún hefði ekki enn lagt fram formlega kæru og áhersla lögð á það við hana, að hún hefði samband á ný til að ákveða tíma, svo taka mætti af henni formlega skýrslu um málavexti, og draga ekki þá ákvörðun fram yfir næstkomandi árdegi. Sagðist hún hafa samband og virtist átta sig á stöðu málsins“.

Ekkert gerðist þá frekar í máli þessu, og bókaði lögreglufulltrúinn um rannsóknarlok mánudaginn 6. apríl kl. 9.27:

„Í máli þessu hafa borist vottorð dr. Arnars Haukssonar og niðurstaða rannsóknar á sýnum frá prófessor Gunnlaugi Geirssyni, með þeirri niðurstöðu, að engar sæðisfrumur hafi greinst í skoðuðum 4 sýnum.

Konan, Y, hefur ekki lagt fram kæru í máli þessu. Henni er ljós staða málsins í dag og að ekki verði á því framhald eins og gögnin liggja fyrir.“

Af sóknargögnum málsins verður ráðið, að kærandi hafi leitað til lögmanns, sem hafi veitt henni ráðgjöf og leiðbeiningar mánudaginn 30. mars og aftur mánudaginn 6. apríl kl. 13.30.

Mánudaginn 13. apríl kom kærandi til rannsóknarlögreglu kl. 13.36 í fylgd starfsmanns Stígamóta, er var viðstaddur yfirheyrslu. Nú gaf kærandi þá formlegu skýrslu, sem beðið hafði verið eftir, kærði ákærða formlega fyrir nauðgun og áskildi sér rétt til að koma að skaðabótakröfu á síðari stigum málsins. Kærandi lýsti nú atburðinum nánar. Hún kvaðst muna, að hún hefði orðið ofsahrædd þegar maðurinn réðst á hana, en hún hefði tvisvar áður orðið fyrir því, að sér væri nauðgað. Hún hafi barist á móti, en maðurinn hafi lagt hana á gólfið, sem hafi verið mjög hart. Hún hafi reynt, eins og hún gat, að verjast því, að hann kæmi fram vilja sínum, en hann hafi borið sig ofurliði. Meðan á samförunum stóð, hafi maðurinn margreynt að fá hana til að horfast í augu við sig, en því hafi hún neitað. Svo segir í skýrslunni:

„Ég man eftir því að ég hrópaði hástöfum á hjálp meðan maðurinn var á mér og var þá skyndilega bankað á dyrnar. Maðurinn rauk á fætur og opnaði og notaði ég þá tækifærið og hljóp út. Klæðlaus hljóp ég heim til mín að . . . þar sem ég bankaði en unnusti minn hefur líklega verið sofandi. Þar tók ég þá ákvörðun að leita heim til vinkonu minnar sem heitir L . . . og á heima á . . . . Þessa leið hljóp ég klæðlaus og man ég ekki eftir því að verða vör annarra vegfarenda.

Þegar ég hljópst á brott út úr herberginu hjá manninum þá gerði ég mér ekki grein fyrir því hver það var er hafði bankað, en það hefur líklega verið viku síðar sem ég kom á veitingastaðinn Laugavegi 22 og hitti R, að hann sagði við mig „Hvað segir allsbera stelpan sem hljóp út úr húsinu?" Ég spurði þá R að því hvort það hefði verið hann er hefði bankað á dyrnar og svaraði hann því játandi."

Í þessari skýrslu kæranda hjá rannsóknarlögreglu 13. apríl kom því fram í fyrsta sinn að hún hafi hrópað hástöfum á hjálp og þá hafi skyndilega verið bankað á dyrnar. Ekki hafði heldur áður komið fram að hún hafi hitt vitnið R „viku síðar", þ.e. föstudaginn 27. eða laugardaginn 28. mars, og þau hafi rætt um atburð þennan. Rannsókninni var nú haldið áfram og lauk 7. maí með lokaskýrslu kæranda.

III.

Vitnið L gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu 15. apríl. Aðspurt um ástand kæranda, er hún knúði dyra á heimili hennar umrædda nótt, svaraði vitnið: „Það hefur sjálfsagt verið einhver áfengislykt af henni, en mér fannst ég finna af henni hasskeim." Vitnið kveður Y hafa fengið að hringja til unnusta síns og farið skömmu síðar. Fyrir héraðsdómi 2. nóvember 1993 bar vitnið, að sambýlismaður kæranda hefði komið eftir um það bil klukkustund og þau fljótlega farið heim. Dró vitnið þar til baka, að sér hefði fundist hasslykt af Y.

Y hefur ekki hvikað frá þeirri staðhæfingu, að hún hafi gist hjá L um nóttina og verið á heimili hennar fram yfir hádegi á föstudeginum, þannig að framburði hennar og vitnisins L ber ekki saman um heimför Y og þátt sambýlismanns hennar þar að lútandi.

Vitnið R, sem kærandi hafði nefnt í skýrslu sinni hjá rannsóknarlögreglu 13. apríl, þegar hún kærði ákærða formlega fyrir nauðgun, gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu 14. apríl. Við það tækifæri bar vitnið, að það hefði ásamt F verið við drykkju heima hjá vitninu að Laugavegi . . . Þeir hefðu síðan farið út og lagt leið sína niður Laugaveg. Á göngu sinni hefðu þeir heyrt mikil hróp í konu. Þeir hefðu gengið yfir götuna og að húsinu sem hljóðin komu frá. Vitnið hefði gengið upp tröppur hússins og barið fast að dyrum. Skyndilega hefðu dyrnar opnast og út hlaupið nakin stúlka, sem hvarf út í nóttina og snjóinn niður Laugaveginn. Á eftir stúlkunni hefði komið nakinn maður í dyrnar. Vitnið tók fram, að það minntist þess ekki að hafa hitt þessa stúlku eftir þetta, en það hefði þó kannast við hana, er hún hljóp fram hjá, og haldið, að þau hefðu einhverju sinni verið saman í áfengismeðferð. Vitnið tók og fram, að manninn í dyrunum hefði það ekki þekkt og ekki séð áður.

Vitnið F gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu 7. maí og bar mjög á sama veg og R, en kvaðst aðspurt ekki þekkja stúlkuna neitt.

Vitnið R kom fyrir dóm 2. nóvember 1993 og bar þá, að það hefði á þessum tíma búið að Laugavegi .... Hefði það verið statt heima hjá sér umrædda nótt ásamt F og þeir setið við kaffidrykkju. Þá hefði vitnið heyrt inn í íbúð sína öskur í manneskju, sem hrópaði á hjálp. Þeir hefðu báðir farið út, gengið á hljóðið og að húsi við Laugaveg. Vitnið bar á sama veg og áður um hvað gerðist við útidyrnar. Þegar vitninu var bent á ósamræmið í frásögn þess um, hvar það hefði verið statt, er hljóðin heyrðust, ítrekaði vitnið, að það hefði verið statt að Laugavegi .... Vitnið ítrekaði einnig og kvaðst þess fullvisst, að stúlkan hefði hlaupið út um aðaldyr hússins. Þá greindi vitnið frá því, að verið gæti, að þeir félagar hefðu komið í þetta hús fyrr um nóttina. Í lok framburðarins fyrir dómi fór vitnið yfir skýrslu sína hjá rannsóknarlögreglu frá 14. apríl 1992. Staðfesti það skýrsluna rétta og „því sé það réttara sem í skýrslunni segir, en það sem hann hefur sagt hér fyrir dómi varðandi hvar þeir F hafi verið staddir þegar þeir heyrðu hrópin. Hann vilji þó taka fram að þeir hafi verið nýfarnir út úr húsinu þegar þeir heyrðu þessi hróp“.

Vitnið F kom einnig fyrir dóm og bar þá, að það myndi ekki, hvort þeir félagar hefðu verið staddir heima hjá R eða úti á Laugavegi, þegar þeir heyrðu í stúlkunni. Hefði hljóðið komið frá húsi hinum megin við götuna, nokkurn veginn beint á móti húsi því, sem R bjó í. Meðan á orðaskiptunum við manninn í dyrunum stóð hefði nakin stúlka skotist út um dyrnar og hlaupið út á Laugaveg. Nánar aðspurt út um hvaða dyr stúlkan kom, svaraði vitnið, að það hefði aldrei séð nema baksvip hennar og hún hafi örugglega ekki komið út um dyrnar, sem þeir börðu á. Þá greindi vitnið frá því, að það hefði komið á efstu hæð hússins ásamt R fyrr um nóttina.

Ákærði var fyrst yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglu 14. apríl. Hann bar, að þau Y hefðu verið trufluð, þar sem þau lágu nakin á gólfinu og voru að láta vel hvort að öðru, þegar barið var á aðaldyr hússins. Í skýrslu sinni neitaði ákærði því, að konan hefði hrópað á hjálp. Fyrir dómi bar ákærði á sama veg um þetta.

IV.

Af því, sem rakið hefur verið úr framburði, verður að telja í ljós leitt, að félagarnir R og F hafi barið á aðaldyr hússins, ákærði hafi farið upp á hæðina og opnað dyrnar, en kærandi hafi þá farið út um kjallaradyrnar. Til þess að komast heim til sín að . . . sem er bakhús, þurfti kærandi aðeins að hlaupa beint yfir götuna og meðfram austurgafli hússins nr. . . . og til vinstri að baki húsanna, sem standa við Laugaveginn. Hún gat einnig farið um undirgöng milli húsa nr. . . . . Kærandi hefur ýmist borið, að hún hafi farið beint heim til L eða fyrst farið heim til sín og knúið dyra og síðan til L. Bakhlið húss L snýr að húsi kæranda, og er eitt hús í milli, og hefur kærandi getað farið þar yfir girðingar, en ekkert er vitað, hvaða leið hún fór.

Kærandi og sambýlismaður hennar, Z, höfðu rifist heiftarlega kvöldið áður, og hafði hún eftir það farið og sest að drykkju í veitingahúsi við Laugaveg. Hún slóst síðan í för hóps fólks á leið í gleðskap í hús ákærða, þar sem hún lék á gítar og söng. Í gleðskap þennan komu vitnin R og F, en það kom ekki fram í framburði þeirra, er þeir greindu frá því, að þeir hefðu heyrt hljóð frá konu koma „úr húsi“ við Laugaveg.

Húsið Laugavegur . . . er að baki húsa við þá götu austan Vitastígs í u.þ.b. 140 metra fjarlægð frá húsi ákærða. Húsið að Laugavegi . . . er vestur undir Vatnsstíg. Mjög ólíklegt verður að teljast, að óp hafi heyrst frá kjallaraherberginu sunnan megin í húsi ákærða að húsum þessum, en sambyggt hús er við austurgafl á húsi ákærða. Hafi kærandi í raun hrópað, eins og hún kveðst hafa gert, og vitnin tvö heyrt ópin, þá er líklegt, að íbúar í nærliggjandi húsum hefðu heyrt hrópin einnig. Þetta var ekki kannað.

V.

Framburður Y er reikull, og í honum gætir ósamræmis um margt, sem máli skiptir. Þá stangast ýmislegt í frásögn hennar á við framburð vitna. Framburður hennar um vitneskju sína um nafn ákærða er á reiki. Hún vissi ekki, hvað hann hét, þegar hún skýrði frá nauðgun laugardaginn 21. mars. Mánudaginn 23. mars hringdi sambýlismaður hennar til rannsóknarlögreglu og skýrði frá för þeirra að húsi ákærða þá rétt áður og að þau hefðu hitt ákærða, og var fullt nafn hans tilkynnt í símtali þessu, sem kærandi tók einnig þátt í. Í skýrslu sinni mánudaginn 13. apríl sagði kærandi hins vegar frá því, að hún hefði hitt vitnið R á veitingastað viku eftir atburðinn. Hún hefði þá spurt R um manninn og „hvort hann héti X", en R hafi neitað að svara. Segist kærandi þá hafa aflað sér upplýsinga um nafn mannsins hjá vitninu S.

Y viðurkenndi fyrir dómi, að ekkert hefði séð á fatnaði sínum, er hún fékk hann afhentan, en samkvæmt frásögn hennar átti ákærði að hafa rifið hana úr öllum fötum, er hún streittist á móti, þar á meðal sokkabuxum, brjóstahaldara og nærbuxum.

Helstu áverkar á líkama Y voru samkvæmt læknisvottorði bólga á hægra gagnauga og mar á vinstra kjálkabarði líkt og eftir fast tak fingurs, en að auki bar hún marga marbletti. Fyrir dómi kvaðst hún ekki minnast áverka á andliti. Læknisskoðun á Y fór ekki fram fyrr en á laugardagskvöldi. Rýrir sá dráttur óhjákvæmilega gildi hennar í málinu.

Framburður vitnanna R og F er nokkuð á reiki um það, hvar þeir voru staddir, er þeir heyrðu neyðaróp konu, svo og um atburðarásina, eftir að þeir höfðu knúið dyra á húsi ákærða.

Ákærði hefur staðfastlega haldið því fram, að hann hafi í engu beitt Y valdi umrædda nótt, og synjað fyrir, að hún hafi hrópað á hjálp. Ósannað er, að hann hafi borið merki áverka af völdum Y.

Lögreglurannsókn í máli þessu var um sumt áfátt. Rannsókn á vettvangi fór ekki fram fyrr en 15. apríl, og alveg fórst fyrir að yfirheyra íbúa í nágrenni húss ákærða, en til þess var brýnt tilefni vegna framburðar Y og vitna um hróp hennar og andstæðrar fullyrðingar ákærða í því efni. Þá fórst fyrir, að tekin væri skýrsla af sambýlismanni kæranda.

IV.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, verður að telja verulegan vafa leika á um helstu þætti máls þessa. Einkum þykir frásögn vitnanna tveggja um neyðaróp frá Y hafa á sér ólíkindablæ. Þá er til þess að líta, að vitnin voru, eins og áður sagði, í gleðskap í húsi ákærða fyrr um nóttina og hafa getað talið sig eiga þangað erindi aftur og því knúið dyra. Sú staðreynd, að kærandi hljóp allsnakin úr húsi ákærða, eftir að hafa heyrt barið að dyrum, og til L, vinkonu sinnar, um kl. 4.30 um nóttina er ekki út af fyrir sig nægileg vísbending um, að ákærði hafi beitt hana ofbeldi.

Þegar allt framanskráð er virt, þykir varhugavert að telja sannað, gegn eindreginni neitun ákærða frá upphafi rannsóknar málsins, að hann hafi gerst sekur um þann verknað, sem honum er gefinn að sök í ákæru, sbr. 46. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Ber því að sýkna ákærða af refsikröfu ákæruvaldsins. Með þeirri niðurstöðu verður bótakröfu kæranda vísað frá dómi, sbr. 3. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 180.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, X, skal vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Skaðabótakröfu Y er vísað frá dómi.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, samtals 180.000 krónur.

Sératkvæði
Hrafns Bragasonar

I.

Atburður sá, sem varð tilefni máls þessa, gerðist aðfaranótt 20. mars 1992. Kærandi leitaði ekki til lögreglu vegna hans fyrr en kl. 16.20 21. mars s.á. Var þann dag rætt við hana fyrst af hálfu lögreglunnar í Reykjavík, en síðan af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins. Var hún þá í fylgd sambýlismanns síns, en hann virðist hafa haft af því nokkurn atbeina, að leitað var til lögreglu. Var kærandi síðan færð til læknisskoðunar. Rannsóknarlögreglumaður hafði tal af henni 23. mars s.á. og lagði þá á það áherslu við kæranda, að hún hefði ekki lagt fram formlega kæru og mætti ekki láta það dragast lengur en til árdegis næsta dag, svo að taka mætti af henni formlega skýrslu. Lögreglumaðurinn bókar rannsóknarlok 6. apríl s.á. Þá lágu fyrir vottorð lækna. Formleg skýrsla var síðan ekki tekin af kæranda fyrr en 13. apríl s.á. Hafði hún þá leitað sér ráðgjafar lögmanns og hjá félaginu Stígamótum. Í þeirri yfirheyrslu sagði hún fyrst, að hún hefði hrópað á hjálp. Skýrsla af ákærða var þá fyrst tekin og vettvangur rannsakaður. Í framhaldi af því koma fram vitnin R og F og skýra frá því, er þeir börðu að dyrum hjá ákærða aðfaranótt 20. mars 1992 og hvernig hann lauk upp fyrir þeim. Þeir höfðu verið þar fyrr um nóttina í boði hans ásamt fleira fólki.

II.

Fram er komið, að kærandi dró að kæra umræddan atburð. Ekki nýtur skýrslna um, hvað á daga hennar dreif frá atburðinum og til þess er hún leitar til lögreglu. Sönnunargildi læknisfræðilegra gagna verður af þessum sökum takmarkað, og geta þau ekki skorið úr um mál þetta. Klæðnaður kæranda benti ekki til, að henni hefði verið misboðið, og vettvangsrannsókn ekki heldur, enda þýðingarlítil um þremur vikum eftir atburðinn. Sakfelling yrði þannig eingöngu að byggjast á framburði kæranda og annarra vitna. Frásagnir kæranda voru í upphafi reikular, eins og getur í lögregluskýrslu. Í atkvæði dómaranna Garðars Gíslasonar og Gunnars M. Guðmundssonar er rakið, hvernig vitnið R og að hluta vitnið F hafa reynst óstöðug í skýrslum sínum og framburði um atriði, sem máli skipta. Ákærði hefur aftur á móti reynst stöðugur í skýrslum og framburði sínum, og hefur hann staðfastlega neitað öllum sakargiftum. Í máli þessu nýtur þannig ekki sakargagna, sem áfellisdómur verður á byggður, sbr. 46. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, og ber að sýkna ákærða samkvæmt 45. gr. sömu laga.

Af framanskráðu leiðir, að ég er samþykkur niðurstöðu dómaranna Garðars Gíslasonar og Gunnars M. Guðmundssonar í máli þessu.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar og Guðmundar Jónssonar

Ákærði hefur frá upphafi staðhæft, að ekki hafi komið til samfara milli hans og konunnar, heldur aðeins atlota, og kveður hann þau hafa átt sér stað með samþykki hennar. Föt konunnar báru þess ekki vott, að hún hefði verið færð úr þeim með ofbeldi. Á hinn bóginn bar hún áverka víða um líkamann, sem bent gátu til átaka nokkru áður, þegar hún gekkst undir læknisskoðun tæpum tveimur sólarhringum eftir atburðinn. Auk þessa liggur fyrir sú frásögn vitnanna R og F, að þeir hafi heyrt neyðaróp frá húsi ákærða og kvatt þar dyra þeirra vegna. Verður að fallast á það með héraðsdómara, að ekki sé unnt að hafna þessu meginatriði í framburði þeirra, þótt þeir séu ósamhljóða að ýmsu leyti. Loks hefur vitnið L greint skilmerkilega frá því, að konan hafi verið mjög miður sín, er hún leitaði til hennar, og reynt að skýra frá því, að hún hafi lent í átökum til að verjast nauðgun.

Í ljósi þessa verður að telja nægilega sannað, að til þess hafi komið í samskiptum ákærða og konunnar, að hann hafi beitt hana líkamlegri þvingun í því skyni að knýja hana til samfara. Eins og upplýsingum í málinu og sönnunaraðstöðu er háttað, er þó varhugavert að fullyrða gegn eindreginni neitun ákærða, að atferli hans hafi náð svo langt, að eiginlegar samfarir hafi átt sér stað. Samkvæmt því ber að meta háttsemi ákærða sem tilraun til nauðgunar, er varði við 194. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1994.

Refsingu ákærða teljum við hæfilega ákveðna fangelsi 10 mánuði, en hann hefur ekki áður orðið sekur um brot gegn almennum hegningarlögum. Miskabætur til konunnar séu hæfilegar 250.000 krónur, en kostnaður vegna lögmannsaðstoðar 30.000 krónur. Beri ákærða að greiða henni þessar fjárhæðir með sömu vöxtum og á var kveðið í héraðsdómi. Hann greiði einnig sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 15. nóvember 1993.

Ár 1993, mánudaginn 15. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni, settum héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 533/1993: Ákæruvaldið gegn X, sem tekið var til dóms 3. nóvember sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 24. september 1993, á hendur X, Laugavegi 52, Reykjavík, „fyrir nauðgun með því að hafa aðfaranótt föstudagsins 20. mars 1992 á heimili sínu ráðist á Y, fædda [...] 1963, og með ofbeldi þröngvað henni til holdlegs samræðis.

Telst þetta varða við 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar".

Þá gerir Y kröfu til miskabóta úr hendi ákærða, að fjárhæð 1.200.000 krónur, og kostnaðar vegna lögmannsaðstoðar, að fjárhæð 95.778 krónur, auk vaxta.

Málavextir.

Laugardaginn 21. mars 1992 kl. 16.20 kom Y, fædd [...] 1963, á lögreglustöðina í Reykjavík þeirra erinda að kæra nauðgun. Kvað hún mann um þrítugt, sem hún þekkti engin deili á, hafa nauðgað sér í kjallaraherbergi í húsi við Laugaveg aðfaranótt föstudagsins 20. sama mánaðar. Hefði sér tekist að flýja klæðlausri úr húsinu og leitað ásjár í húsi við Hverfisgötu.

Kærandi hefur skýrt svo frá að fimmtudagskvöldið 19. s.m. hafi hún farið á veitingahús við Laugaveg og neytt þar áfengis. Milli miðnættis og 01 hafi hún yfirgefið staðinn og gengið áleiðis heim til sín að Laugavegi 49a, en á leiðinni þangað hafi hún hitt Z, þáverandi sambýlismann sinn. Hafi þeim orðið sundurorða, orðið æst og rifist. Er þau voru komin að húsinu, hefði hún snúið við, Z hafi farið inn í húsið, en hún farið aftur út á Laugaveg. Þar hafi hún hitt fólk, sem hún farið með í hús við Laugaveg, skammt þar frá. Þar hafi verið fólk að skemmta sér og áfengi haft um hönd. Hafi hún gengið inn í húsið upp tröppur og því næst upp stiga upp á aðra hæð. Engin húsgögn hafi verið á hæðinni að undanskildum nokkrum stólum sem fólk hafi setið á, en auk þess hafi fólk setið á gólfinu. Hafi hún sest á stól, rætt við fólkið og farið að syngja ásamt því. Er hún var búin að vera þarna a.m.k. klukkustund, hafi hún ásamt manni að nafni S og ákærða farið niður í kjallarann og þar inn í herbergi. Hafi þeir ákærði og S farið að ræða saman, en hún að skoða það sem við hafi blasað í herberginu. Í því hafi verið tveir eða þrír hljóðgervlar og e.t.v. nokkrir stólar. Hafi hún skoðað þessi tæki ásamt tvímenningunum. Eftir á að giska hálfa klukkustund hafi S farið út úr herberginu. Hafi þau ákærði farið að ræða saman og einkum hafi hún spurt ákærða út í hljóðfærin, enda haft áhuga á þeim. U.þ.b. 15 mínútum eftir að S fór úr herberginu hafi ákærði, án nokkurs fyrirvara, þrifið í peysu hennar, við bringspalir, snúið upp á peysuna og kippt sér úr henni. Hún hafi reynt að streitast á móti og verið á fleygiferð um herbergið bæði á gólfinu og upp að veggjum. Hafi ákærða tekist að afklæða hana, en auk peysunnar hafi hún verið í gallabuxum, sokkabuxum, uppreimuðum skóm, brjóstahaldara og nærbuxum. Kveðst hún muna, að ofsaleg læti hefði verið í herberginu. Ákærða hafi tekist að afklæða hana á skömmum tíma, en hún streist á móti eins og hún gat á meðan á því stóð. Taldi kærandi að eftir að ákærði var búinn að afklæða hana hefði hann afklæðst sjálfur. Á þessu tímamarki myndi hún ekki glögglega hvað gerðist. Lætin hafi byrjað, þegar ákærði þreif hana úr peysunni og öðrum fötum og hún stóð þarna nakin á gólfinu. Eftir að hún var orðin nakin, hefði komið rólegri kafli, en hún myndi, að þá hefði hún spurt ákærða hvort hún mætti fara á salernið. Hafi hún spurt þessa í þeim tilgangi einum að komast út úr húsinu. Kvaðst hún ekki hafa þorað að spyrja, hvort hún mætti fara, því að hún hefði vitað, að það myndi hann ekki heimila henni. Hefði hann bent sér á að salernið væri frammi á ganginum. Minnti sig, að herbergið hefði verið lokað, en áleit, að það hefði verið ólæst. Kvaðst hún hafa opnað dyrnar og leitað strax útgönguleiðar, en þá hefði ákærði komið á eftir sér og sagt sem svo: „Þú ferð ekki neitt.“ Hefði hann verið mjög reiður og höstugur. Hann hafi tekið sig í bóndabeygju, haldið sér fastri og gengið með sig þannig inn í herbergið. Hafi hún grátbeðið ákærða að gera sér ekkert, en hann hafi skellt sér á gólfið. Hafi hún streist á móti og reynt að halda saman lærunum með höndunum, en án árangurs, enda ákærði sterkari. Hafi hann spennt sundur fætur hennar og tekist að stýra getnaðarlim sínum inn í leggöng hennar og hafið samfarahreyfingar. Hafi hún legið á gólfinu undir ákærða og myndi að hún hafði snúið höfðinu til vinstri og hrópað upp yfir sig háum rómi. Hafi hún streist á móti eins og hún gat, en árangurslaust. Ætti hún ekki önnur orð til að lýsa atgangi ákærða en að hann hafi verið „dýróður“, meðan hann hafði samfarirnar við hana. Taldi hún ákærða hafa verið með getnaðarliminn í leggöngum hennar dágóðan tíma og áleit að nærri léti að það hafi verið 5–10 mínútur. Allan þann tíma hafi hún legið á bakinu og ákærði milli fóta hennar. Kvaðst hún muna, að meðan á þessu stóð, hefði hún hrópað án afláts á hjálp. Meðan á þessum hrópum hennar og köllum stóð, hefði verið barið kröftuglega á útidyr í húsinu. Hafi ákærða þá brugðið, hlustað eftir bankinu og í framhaldi af því staðið upp og hún jafnframt og þau farið út úr herberginu og hlaupið að útidyrahurðinni. Taldi hún þau hafa komið nokkurn veginn jafnt að kjallaradyrum hússins, sem séu í beinni sjónlínu frá dyrum framangreinds herbergis. Kvaðst hún halda að ákærði hafi opnað dyrnar, en hún hafi hlaupið allsnakin út um þær og sem leið lá að heimili sínu og knúið þar dyra, en þar sem enginn svaraði hefði hún ákveðið að leita ásjár hjá L, vinkonu sinni, að Hverfisgötu ... Vitnið kvaðst hafa greint, um leið og hún hljóp út um dyrnar, að þar hafi staðið maður eða menn, en hún hafi haldið för sinni áfram án þess að virða þá fyrir sér. Minnti vitnið, að er út var komið hefði hún þurft að fara upp kjallaratröppur, og þegar hún hljóp áfram, hefði orðið á vegi hennar hlið sem verið hafi opið. Hún hafi knúið dyra hjá L og fengið að gista hjá henni það sem eftir lifði nætur. Taldi hún sig hafa verið á heimili hennar fram yfir hádegi á föstudeginum.

Vitnið kvað ákærða ekki hafi sýnt sér kynferðislegan áhuga fyrr um nóttina. Andlegu ástandi sínu gæti hún lýst þannig að hún hafi verið mjög skelfd og einhvern veginn í „transi" og óttaslegin. Er hún var spurð hvort ákærði hefði lokað dyrunum, eftir að hann hafði borið hana inn í herbergið, bar vitnið að hann hefði skellt sér beint á gólfið, og því teldi hún, að dyrnar hafi ekki verið lokaðar. Ákærði hafi ekki reynt að fá sig til að taka þátt í samförunum með vilja; hann hafi hreinlega hjakkað á sér allt þar til yfir lauk. Hún minntist þess, að ákærði hefði margskipað sér að horfast í augu við sig. Þá teldi hún, að ákærða hafi ekki orðið sáðfall, en gæti þó ekki útilokað það. Þá hafi hún ekki orðið vör við að ákærði hafi reynt að stöðva för hennar út úr húsinu. Andlegt ástand sitt, þegar hún hljóp út úr húsinu, hafi verið þannig að hún hafi verið ofsahrædd og er hún kom til L hafi hún verið öll skjálfandi. Hún hafi fundið til áfengisáhrifa þessa nótt og lýsti þeim þannig að þau hafi verið í meðallagi. Þá héldi hún að ákærði hafi verið undir áfengisáhrifum. Hún hafi borið áverka eftir samskipti sín við ákærða, en sig ræki ekki minni til að hafa veitt ákærða áverka, meðan á samförunum stóð. Hafi hún ekki þorað að veita ákærða áverka af ótta við, að hann myndi drepa sig. Er hún var spurð hvort hún gæti gefið skýringu á því hvers vegna hún hefði ekki farið til lögreglu þegar í stað eftir atburðinn, kvað hún sig hafa verið hrædda. Sama skýring væri á því hvers vegna hún hefði ekki sett fram formlega kæru á hendur ákærða fyrr en raun bar vitni. Atburður þessi hafi haft slæm áhrif á sig. Sé hún nú hrædd við að ganga einsömul á götum úti og skipti þá ekki máli á hvaða tíma sólarhrings það sé. Ef hún mæti fólki, einkum karlmönnum, fái hún hræðslutilfinningu og fari í vörn gagnvart þeim. Þá hafi hún orðið bældari, en ekki leitað aðstoðar sálfræðinga eða geðlækna vegna þessa. Er hún fékk afhentan fatnað þann sem hún klæddist umrætt kvöld hafi ekkert verið athugavert við hann. Hún hafi hins vegar ekki notað fatnaðinn eftir þetta, ekki haft löngun til þess.

Vitnið kvað það rétt, að hún og Z hefðu farið að umræddu húsi. Taldi hún það hafa verið 2–3 dögum síðar, og væri hún viss um, að þau hefðu farið þangað áður en hún fór til lögreglu. Z hafi knúið dyra og ákærði komið til dyra, en sjálf hafi hún staðið úti á gangstétt meðan þeir ræddu saman. Vitnið kvaðst ekki hafa heyrt hvað mönnunum fór á milli, en Z hafi sjáanlega verið reiður.

Er hún var spurð, hvort hún væri viss um, að hún hefði hlaupið út um sömu dyr og barið var á, kvað hún svo vera, og hafi menn verið þar utan dyra. Vitnið kvaðst lítið hafa sagt L frá hvað gerst hafði þegar hún kom til hennar um nóttina, enda verið í miklu uppnámi. Fljótlega hafi hún þó farið að sofa, en greint henni frá atburðum áður en hún fór frá henni eftir hádegið á föstudeginum.

Vitnið vann eið að framburði sínum.

Ákærði hefur í meginatriðum skýrt svo frá að fimmtudagskvöldið 19. mars 1992 hafi hann farið á veitingahús við Laugaveg og verið þar fram undir lokun, kl. 01. Með sér hafi farið þaðan heim til sín tveir menn, M og J, en fleira fólk slæðst með. Telur ákærði, að samtals hafi um 10 manns verið heima hjá sér þegar flest var. Auk þessara tveggja kvaðst ákærði hafa þekkt þarna S, en annað fólk hafi hann ekki kannast við. Áfengi hafi verið haft um hönd og hafi fólkið haldið sig á efri hæð hússins. Ákærði kvaðst muna eftir Y þarna. Hafi hún spilað á gítar og sungið. Eftir u.þ.b. hálftíma hafi hann farið niður í kjallara ásamt S og M til að sýna þeim tónlistarstúdíó í herbergi á suðausturhorni hans. Y hafi haft áhuga á að koma með, svo að þau hafi farið fjögur niður í herbergið. Eftir u.þ.b. 15 mínútur hafi S og M farið, og taldi ákærði, að þeir hefðu farið úr samkvæminu. Taldi ákærði, að 5–6 manns hefðu verið eftir uppi á annarri hæð hússins, þegar þau fjögur fóru niður í kjallarann. Þau Y hafi setið á gólfinu í herberginu um hríð og hlustað á tónlist og undir tónlistinni hafi þau farið að láta vel hvort að öðru með kossum, strokum og faðmlögum. Kvað ákærði Y hafa átt upptökin að þessum atlotum með því að leita á sig kynferðislega, og hafi hún vakið kynferðislegan áhuga hjá sér. Hafi hann skilið þetta þannig, að hún hafi haft kynferðislegan áhuga á sér. Hann hafi hjálpað Y að fara úr fötunum og hún sér. Hafi hún verið í hnepptri ullarpeysu, brjóstahaldara, gallabuxum með rennilásum neðst á utanverðum skálmum, sokkabuxum, nærbuxum og hálfuppreimuðum skóm. Eftir u.þ.b. 10–15 mínútna atlot á gólfinu hafi Y sagst þurfa að fara á salernið og beðið sig að sýna sér hvar það væri. Hafi hann bent henni á hvar það væri, en beðið inni í herberginu á meðan. Hafi hún komið aftur að vörmu spori og eftir það hafi atlot þeirra haldið áfram enn um hríð með sama hætti sem fyrr. Hafi hann strokið henni um bakið og brjóstin, en minntist þess ekki að hafa strokið henni um aðra líkamshluta, en hann hafi aldrei í þessum atlotum snert kynfæri hennar. Meðan á atlotum þeirra stóð hafi verið barið á útidyrahurð að aðalinngangi hússins og hafi hann þegar farið að sinna því. Dyr herbergsins hafi verið opnar og því hafi hann heyrt vel þegar barið var. Hafi hann farið klæðlaus til dyra og opnað. Úti hafi staðið tveir menn og nánast um leið og hann opnaði dyrnar hafi mennirnir snúið sér við og annar þeirra sagt: „Þarna hleypur nakinn kvenmaður.“ Í framhaldi af því hafi hinn maðurinn sagt: „Best að lumbra á honum þessum.“ Hafi hann orðið hræddur við mennina og reynt að loka dyrunum, en jafnframt hótað þeim að hringja til lögreglunnar. Við það hafi þeir farið og hann getað lokað. Í beinu framhaldi hafi hann farið aftur niður í herbergið til að gæta að Y, sem þá hafi verið á bak og burt, en föt hennar legið á gólfi herbergisins. Kvaðst ákærði hafa tínt saman fötin og hugsað sér að skila henni þeim. Hafi hann síðan lagst til svefns í herberginu. Kvaðst hann hafa talið, að allir hefðu verið farnir út úr húsinu, þegar hér var komið, enda hefði fólkið verið að tínast út á sama tíma og S og M. Tók ákærði fram, að Y hefði aldrei, meðan þau voru þarna í kjallaranum, hrópað eða kallað.

Ákærði tók fram, að á þessum tíma hefði hann og fjölskylda hans ekki búið í húsinu. Hefði hann verið að innrétta íbúðina og allt verið á rúi og stúi innan húss.

Ákærði kvaðst ekki hafa náð til Y til að afhenda henni fötin. Hann hafi ekki þekkt hana og enginn virst vita hvar hún væri, en um miðjan dag á mánudeginum, þegar hann var að vinna í húsinu, hafi verið barið á dyrnar og þar hafi verið kominn maður af erlendu þjóðerni, en Y staðið álengdar við húshornið. Hafi maðurinn sagt á ensku: „Er þetta maðurinn?“ Kvaðst ákærði þá hafa heyrt Y segja: „Ég man það ekki, ég veit það ekki.“ Hafi maðurinn haft í frammi miður sæmileg orð við sig,og fram hafi komið í máli hans að hann væri búinn að kæra sig fyrir nauðgun. Maðurinn hafi viljað fá föt Y, en þar sem hann hafi verið með hótanir við sig og í garð fjölskyldu sinnar, hafi hann talið vissara að láta lögregluna hafa fötin. Sama dag og maðurinn hitti hann hafi hann tekið nærbuxur Y og sökkt þeim í málningardós, en tekið þær síðan upp úr henni, sett í dós undan sælgæti og geymt þær í henni. Kvaðst hann ekki hafa aðra skýringu á þessu athæfi sínu en þá, að hann hafi orðið hræddur vegna hótana mannsins og væri sú skýring nærtækust að hann hafi gert þetta í einhvers konar örvilnan. Fyndist sér, eftir á að hyggja, að það hafi verið fáránlegt að gera þetta og óskýranlegt. Tók ákærði fram að Rannsóknarlögregla ríkisins hefði sótt dósina með nærbuxunum að lokinni yfirheyrslu yfir sér að kvöldi 14. apríl 1992, en annan fatnað Y hefði hann afhent rannsóknarlögreglunni fyrr þann dag.

Er ákærði var spurður, hvers vegna hann hefði ekki afhent nærbuxurnar um leið og hin fötin, úr því að hann hefði ætlað að afhenda lögreglunni öll fötin, bar ákærði, að sér hefði verið kunnugt um, að fyrir lægi kæra á hendur sér fyrir nauðgun, en hann hefði ekki skýringu á reiðum höndum hvers vegna hann hefði ekki tekið þær með sér. Er ákærði var spurður, hvort hann hefði einhverja skýringu á því hvers vegna hann hefði aðeins sökkt nærbuxum Y í málninguna, en ekki öðrum fötum hennar, kvaðst hann hafa verið hræddur við hótanir mannsins. Eftir að hann hafði sökkt nærbuxunum í málninguna hafi hann áttað sig á að þetta var óskynsamlegt, tekið þær úr málningunni, sett í dósina undan sælgætinu og ákveðið að geyma fötin, þar með taldar nærbuxurnar. Tók ákærði fram, að nærbuxurnar hefðu verið heilar, þegar hann afhenti þær. Er ákærði var spurður, hvort þau hefðu setið eða legið við atlotin eftir að Y kom af salerninu bar ákærði að bæði fyrir og eftir hefðu þau legið, og hefði hann legið ofan á Y og þau snúið hvort að öðru. Er ákærði var spurður, hvar Y hefði verið, þegar hann fór upp til að svara bankinu á útidyrahurðina, bar ákærði, að hún hefði legið áfram á gólfinu, þegar hann yfirgaf herbergið og hafi dyrnar verið opnar. Þá hafi hann ekki orðið var við Y á leið sinni upp stigann að aðaldyrunum. Er ákærði var spurður hvort mennirnir fyrir utan dyrnar hefðu gefið einhverja skýringu á því, hvers vegna þeir hefðu barið að dyrum, kvað ákærði þá ekki hafa gert það. Kvaðst hann telja, að þeir hefðu verið að koma aftur í „partíið". Er ákærði var spurður, hvort hann hefði reynt að ná til Y á leið sinni til dyra, svaraði hann neitandi. Er ákærði var spurður, hvort Y hefði hlaupið út um þær dyr sem hann opnaði, þ.e. aðalinnganginn, svaraði ákærði neitandi. Hann hafi aldrei orðið var við Y. Er ákærði var spurður, hver tilgangur hans hefði verið með atlotunum, bar ákærði, að hann hefði verið sá að eiga kynmök við konuna. Þá neitaði ákærði því, að konan hefði, meðan á atlotunum stóð, nokkurn tíma verið þeim mótfallin. Sömuleiðis neitaði ákærði að hafa beitt konuna harðræði af einhverju tagi meðan á þeim stóð. Þá kvað hann það af og frá að Y hefði hlotið áverka af sínum völdum. Þá kvað hann Y ekki hafa sýnt sér kynferðislegan áhuga fyrr þessa sömu nótt og hann hafi ekki sýnt Y kynferðislegan áhuga fyrr um nóttina. Þá kvaðst ákærði ekki hafa hlotið neina áverka eftir samskipti sín og Y. Hann kvaðst hafa verið lítillega undir áfengisáhrifum umrædda nótt. Y hafi einnig verið undir áfengisáhrifum, en þau hafi verið í minna lagi; hún hafi verið með fullri rænu. Þá kvað hann gólfefni herbergisins hafa verið þunnt filtefni og motta þar ofan á og á henni hefðu þau legið.

– – –

Niðurstaða.

Ákærði og Y hafa verið stöðug í skýrslum sínum um öll meginatriði málsins, en greinir á um hvort þau hafi haft samfarir á heimili ákærða umrædda nótt. Voru þau bæði ölvuð og þekktust ekki. Hefur ákærði staðfastlega neitað að til samfara hafi komið. Hann hefur hins vegar greint frá því að meðan á atlotum þeirra stóð hafi hann legið ofan á kæranda.

Svo sem áður er að vikið kom kærandi ekki til lögreglu fyrr en um eða laust eftir kl. 16 laugardaginn 21. mars og var læknisskoðun framkvæmd um kl. 20 sama dag. Formlega kæru setti kærandi síðan fram þann 13. apríl s.á. og vettvangsrannsókn fór fram tveimur dögum síðar. Skýrsla var tekin af ákærða hjá rannsóknarlögreglu 14. s.m., og afhenti hann þá fatnað þann sem kærandi hafði skilið eftir í húsi hans að frátöldum nærbuxum, sem hann afhenti að aflokinni skýrslutöku. Engrar rannsóknar nýtur við á fatnaði kæranda utan hvað reynt var að rannsaka nærbuxurnar, sem ekki reyndist unnt vegna málningarinnar, en kærandi hefur borið að hún hafi ekkert athugavert séð við fatnaðinn er hún athugaði hann eftir afhendingu. Þá veita vettvangsathuganir engar upplýsingar um hvort átök hafi átt sér stað enda langt um liðið er þær fóru fram.

Ákærði hefur neitað að hafa veitt kæranda nokkra áverka. Lýsing kvensjúkdómalæknisins í læknisvottorði á áverka kæranda og ályktanir hans um aldur áverkanna benda hins vegar sterklega til þess að hún hafi sætt harðræði umrædda nótt. Er ekkert það fram komið í málinu sem bendir til að kærandi hafi hlotið þessa áverka annars staðar.

Vitnin R og F hafa borið, að þeir hafi heyrt neyðaróp, sem komið hafi frá umræddu húsi, og séð, er hún hljóp nakin frá húsinu. Er framburður þeirra um öll meginatriði samhljóða og trúverðugur. Þá hefur vitnið L borið um komu Y klæðlausrar heim til sín umrædda nótt og að hún hafi þá verið í mikilli geðshræringu. Bendir framburður þessara vitna eindregið til að eitthvað alvarlegt hafi komið fyrir Y um nóttina. Ákærði hefur neitað að kærandi hafi nokkurn tíma, meðan hún var í herberginu, hrópað eða kallað, og skýrt komu vitnanna F og R að húsi hans með því, að þeir hafi verið að sækjast eftir að komast í gleðskap. Framburður ákærða um þetta er með öllu ómarktækur og ber að hafna honum.

Þegar framanritað er virt og atvik málsins í heild sinni, þykir þrátt fyrir staðfasta neitun ákærða ekki varhugavert að telja sannað að ákærði hafi gerst sekur um þann verknað sem honum er gefinn að sök í ákæru, og þar með orðið sekur um brot gegn 194. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 40/1992.

Af hálfu kæranda hefur verið gerð miskabótakrafa að fjárhæð 1.200.000 krónur auk innheimtuþóknunar, virðisaukaskatts og dráttarvaxta. Krafan var sett fram í bréfi Róberts Árna Hreiðarssonar hdl. til ríkissaksóknara, dagsettu 29. júní 1992. Ákærði hefur mótmælt bótakröfunni og krefst sýknu af henni. Ber með heimild í 264. gr. almennra hegningarlaga að taka hana til greina og er hún hæfilega ákveðin 500.000 krónur, ásamt vöxtum eins og í dómsorði greinir.

Kærandi naut aðstoðar lögmanns við gerð bótakröfu. Þykir kostnaður vegna þess hæfilega ákveðinn 40.000 krónur, þar með talinn virðisaukaskattur, sbr. 4. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991.

Samkvæmt framansögðu verður ákærði dæmdur til að greiða 540.000 krónur. Skal sú fjárhæð bera vexti svo sem nánar greinir í dómsorði, en ekki verður séð að bótakrafan hafi verið birt ákærða fyrr en við birtingu ákæru þann 19. október sl. Dráttarvaxta er hins vegar krafist frá tjónsdegi.

Viðurlög.

Ákærði hefur ekki sakaferil sem þýðingu hefur fyrir mál þetta. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 70.000 krónur, og málsvarnar- og réttargæslulaun verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 100.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í 18 mánuði.

Ákærði greiði Y 540.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr., sbr. 8. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 19. október 1993 til uppkvaðningar dóms þessa, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 70.000 krónur, og málsvarnar- og réttargæslulaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 100.000 krónur.

Fimmtudaginn 14. apríl 1994.

Nr. 141/1994. **Karma hf.**
(sjálfur)
gegn
sýslumanninum í Neskaupstað

Kærumál. Gjaldþrot. Skipti. Aðfarargerð. Hæfi stjórnvalds.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 8. mars 1994, sem barst Hæstarétti 22. sama mánaðar. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og honum dæmdur málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður.

Varnaraðili krefst staðfestingar á úrskurði héraðsdómara og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Héraðsdómari hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar, sbr. 2. mgr. 147. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 2. mgr. 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Málsatvikum er lýst í hinum kærða úrskurði.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar er fallist á niðurstöðu hans um málsástæður sóknaraðila, er lúta að hæfi sýslumannsins í Neskaupstað við aðfarargerð hjá sóknaraðila 4. nóvember 1993.

Svo sem rakið er í úrskurði héraðsdómara, var stjórnarformaður sóknaraðila viðstaddur aðfarargerðina, og var bókað eftir honum, að hann benti á steypuhrærivél og sængurverasett, og teldi hann, að þær eignir dygðu ekki fyrir kröfu þeirri, er krafist var fjárnáms fyrir. Var þá bókað árangurslaust fjárnám, og er það ekki rétt, sem skilja má af hinum kærða úrskurði, að gert hafi verið fjárnám í umræddum hlutum.

Við meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Austurlands hélt stjórnarformaður sóknaraðila því fram, að um frekari eignir væri að ræða en bent var á við aðfarargerðina. Í greinargerð, sem lögð var fram í þinghaldi 19. janúar 1994, kvaðst hann myndu benda á frekari eignir í því þinghaldi. Hann benti þá einungis á fiskvinnsluvél þá, sem greint er frá í hinum kærða úrskurði. Málið var tekið til úrskurðar þennan dag, en 2. febrúar var málið endurupptekið og því beint til sóknaraðila, að hann legði fram frekari gögn. Var veittur frestur til 7. febrúar. Engar nýjar upplýsingar komu þá fram af hálfu sóknaraðila, en bókað var eftir forsvarsmanni hans, að hann teldi, að „verðmæti eigna fyrirtækisins dugi fyrir réttmætum kröfum". Eins og fram kemur í hinum kærða úrskurði, á sóknaraðili engin óafgreidd erindi hjá Skattstofu Austurlandsumdæmis. Samkvæmt bréfi skattstofunnar til varnaraðila 21. mars 1994, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, hefur sóknaraðili ekki skilað skattframtölum frá stofnun félagsins á árinu 1989 að undanskildu bráðabirgðauppgjöri vegna þess árs. Með úrskurði 15. mars sl. hafnaði skattstjóri innskattskröfu sóknaraðila fyrir tímabilið nóvember–desember 1993.

Í hinum kærða úrskurði er vikið að lager og tækjum sóknaraðila, sem fullvíst yrði að telja, að báðir aðilar hafi vitað um við aðfarargerðina. Í málinu liggja engin gögn frammi þar að lútandi. Hafi sýslumanni verið kunnugt um slíkar eignir, hefði honum verið rétt að kanna þær frekar með hliðsjón af 64. gr. laga nr. 90/1989 um aðför. Þegar litið er til þeirra upplýsinga, er stjórnarformaður sóknaraðila gaf við aðfarargerðina og síðar við meðferð máls þessa fyrir héraðsdómi, eru hins vegar ekki efni til að draga í efa, að gerðin gefi í meginatriðum rétta mynd af fjárhag sóknaraðila. Ber því að fallast á þá niðurstöðu héraðsdómara, að fullnægt sé lagaskilyrðum til að taka bú varnaraðila til gjaldþrotaskipta, sbr. 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991. Hinn kærði úrskurður verður því staðfestur og sóknaraðili dæmdur til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Karma hf., greiði varnaraðila, sýslumanninum í Neskaupstað, 25.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Austurlands 28. febrúar 1994.

I.

Mánudaginn 28. febrúar 1994 er dómþing Héraðsdóms Austurlands háð að Lyngási 15, Egilsstöðum, af Bernhard Bogasyni fulltrúa og kveðinn upp úrskurður í málinu nr. X-1/1994: Sýslumaðurinn í Neskaupstað gegn Karma hf., ágreiningur vegna kröfu um gjaldþrotaskipti.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar hinn 7. febrúar sl., var þingfest þann 7. janúar sl. þegar fyrirsvarsmenn Karma hf., kt. 680789-1429, Neskaupstað, höfðu uppi mótmæli við kröfu sýslumannsins í Neskaupstað, kt. 490169-1429, um að bú Karma hf. yrði tekið til gjaldþrotaskipta.

II.

Sóknaraðili, sýslumaðurinn í Neskaupstað, hefur gert þá kröfu að bú Karma hf. verði tekið til gjaldþrotaskipta.

Varnaraðili, Karma hf., hefur gert eftirfarandi kröfur: að kröfu sýslumannsins í Neskaupstað um, að bú félagsins verði tekið til gjaldþrotaskipta, verði hafnað, að fjárnámsgerð, er fram fór 4. nóvember 1993, verði úrskurðuð ógild. Þá hefur af hálfu Karma hf. verið krafist málskostnaðar skv. fram lögðum málskostnaðarreikningi og miskabóta að mati dómsins.

Sýslumaðurinn í Neskaupstað styður kröfu sína við 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Vísað er til árangurslauss fjárnáms, er fram fór hjá skuldara þann 4. nóvember 1993, fyrir kröfu skiptabeiðanda, sem er vegna ógreiddra opinberra gjalda. Af hálfu sýslumannsins hefur öllum kröfum Karma hf. verið mótmælt. Sýslumaðurinn mótmælti því hins vegar ekki að varnir vegna fjárnámsgerðarinnar kæmust að í máli þessu.

Varnaraðili hefur vísað til þess, að fjárnám það, er fram fór 4. nóvember 1993, sé ógilt, þar sem sýslumaðurinn, er það framkvæmdi, hafi verið vanhæfur til að fara með málið. Þá byggjast varnir Karma hf. einnig á því að fjárnámið gefi ekki rétta mynd af fjárhag félagsins og því sé skilyrðum 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. ekki uppfyllt.

Dómurinn ákvað, með hliðsjón af ákvæðum 2. mgr. 92. gr. laga nr. 90/1989, að taka til efnismeðferðar mótmæli varnaraðila varðandi gildi fjárnámsgerðarinnar, þrátt fyrir það að þau mótmæli hefðu ekki komið fram innan 8 vikna og sætti þetta ekki mótmælum skiptabeiðanda. Hinn 4. janúar sl. barst Héraðsdómi Austurlands erindi Karma hf. þar sem krafist var ógildingar á fjárnáminu með framangreindum rökum og ákveðið var að fjalla um ágreininginn í máli þessu.

Eins og á stendur í máli þessu þykir nauðsynlegt að reifa nokkuð ýtarlega málsatvik og málatilbúnað aðila.

Bókun fjárnámsgerðar þeirrar, er fram fór 4. nóvember sl., er svohljóðandi:

„Fimmtudaginn 4.11. 1993 kl. 12.00 tók Bjarni Stefánsson, sýslumaður í Neskaupstað, fyrir í skrifstofu embættisins, Miðstræti 18, Neskaupstað:

Aðfarargerð nr. 61/1993.

Gerðarbeiðandi:	sýslumaðurinn í Neskaupstað,	kt. 490169-4589.
Gerðarþoli:	Karma hf.,	kt. 680789-1429.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Ásgeir Lárusson.

Lagt er fram:
nr. 1 aðfararbeiðni,
nr. 2 greiðslustöðuyfirlit,
nr. 3 boðunarbréf.

Gerðarbeiðandi krefst fjárnáms fyrir kröfu að fjárhæð kr. 4.821.853, sem sundurliðast þannig:

höfuðstóll	kr.	3.782.692
dráttarvextir frá gjalddaga til 19.10.93	kr.	1.029.161
aðfarargjald í ríkissjóð	kr.	10.000
	kr.	4.821.853

auk áfallandi dráttarvaxta samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 til greiðsludags, kostnaðar af þessari gerð og alls kostnaðar af frekari fullnustugerðum ef til þeirra kemur.

Fyrir gerðarþola mætir Gestur Janus Ragnarsson stjórnarformaður ásamt Pétri Óskarssyni.

Honum er kynnt kröfugerð gerðarbeiðanda og leiðbeint um stöðu sína við gerðina, en verður ekki við áskorun um að greiða kröfu gerðarbeiðanda.

Skorað er á málsvara gerðarþola að benda á eignir til fjárnáms.

Mætti kveður Karma hf. eiga eina steypuhrærivél og sængurverasett og kveðst ekki telja að þær eigur félagsins dugi fyrir kröfunni.

Fjárnáminu er því lokið *án árangurs* og er það gert með vísan til 8. kafla laga nr. 90/1989.

Lagt er fram:
Nr. 4 yfirlýsing umboðsmanns gerðarþola.

Að lokinni skoðun á málskjali nr. 4 tekur sýslumaður svofellda

ÁKVÖRÐUN:

„Með vísan til 4. gr. laga nr. 90/1989 er kröfu umboðsmanns gerðarþola um, að sýslumaður víki sæti, hafnað. Sýslumaður samþykkir (sic) að Ásgeir Lárusson, starfsmaður við embættið, mæti f.h. gerðarbeiðanda við fjárnámið.“

Málsvara gerðarþola er leiðbeint um þýðingu fjárnámsins.

Mætta er kynnt efni þessarar bókunar. Hann kveðst áskilja sér allan rétt til að skjóta málinu til Héraðsdóms Austurlands. Einnig fer hann fram á að framangreindir hlutir verði vörslusviptir. Sýslumaður mun taka ákvörðun um hvort af vörslusviptingu verður.

Gerðinni er þannig lokið.
Gestur Janus Ragnarsson (sign.)
Pétur Óskarsson (sign.)
Ásgeir Lárusson (sign.)
Bjarni Stefánsson (sign.)

Vottur:
Íris Alfreðsdóttir (sign.)“

Á meðan meðferð máls þessa hefur staðið yfir, hefur krafa skiptabeiðanda lækkað þar sem varnaraðili hefur skilað inn skýrslum varðandi virðisaukaskatt og staðgreiðslu. Samkvæmt greiðslustöðuyfirlitum lögðum fram í þinghaldi þann 7. febrúar sl., þann dag er málið var tekið til úrskurðar, nam gjaldfallin krafa skiptabeiðanda kr. 3.420.453, miðað við að ofangreindar skýrslur séu í samræmi við bækur fyrirtækisins. Til viðbótar hafa verið lagðar kr. 535.363 á varnaraðila til fyrirframgreiðslu skatta vegna ársins 1994 er greiða skal með jöfnum greiðslum mánaðarlega þar til endanleg álagning skattyfirvalda liggur fyrir.

III.

Af hálfu varnaraðila hefur krafa um ógildingu fjárnámsins vegna vanhæfis sýslumannsins verið byggð á því að vegna fyrri afskipta sýslumannsins af fyrirtækinu verði ekki séð að sýslumaðurinn geti litið hlutlaust á málefni þess. Varnaraðili hefur lýst forsögu málsins á þann veg, að sýslumaðurinn hafi tekið fyrir kröfu byggingarfulltrúans í Neskaupstað um að verslun Karma hf. yrði lokað þar sem tilskilin leyfi hafi ekki verið fengin fyrir rekstrinum á þeim stað sem hún er rekin á en varnaraðili rekur litla matvöruverslun í Neskaupstað. Fyrirsvarsmenn Karma hf. hafa haldið því fram að afskipti sýslumannsins hafi einkennst af hlutdrægni og teknar hafi verið ómálefnalegar ákvarðanir vegna þess máls. Þáverandi stjórnarformaður fyrirtækisins hafi verið boðaður á fund lögreglustjóra og sýslumaður haft uppi hótanir, m.a. um fangelsisrefsingu. Þáverandi stjórnarformaður hafi ekki komið nálægt rekstrinum og það hafi sýslumaður vitað en hann hafi hins vegar ætlað að meina núverandi stjórnarformanni að vera viðstaddur fyrirtökuna. Málið hafi síðan verið til meðferðar hjá sýslumanninum þar til hann kallaði fyrirsvarsmenn Neskaupstaðarbæjar á sinn fund „til að fá samþykki þeirra fyrir því að vísa lokunarmáli Karma hf. inn á sakavettvang til ríkissaksóknara", eins og komist er að orði í greinargerð varnaraðila. Fyrirsvarsmenn Karma hf. hafa haldið því fram að greinilegt sé af öllum vinnubrögðum sýslumannsins að hans ásetningur standi til að loka verslun Karma hf. með öllum ráðum.

Varnaraðili hefur haldið fram að hlutdrægni sýslumannsins við fjárnámsgerðina hafi glögglega komið fram með því að hann veitti ekki umbeðinn frest skv. 26. gr. aðfararlaga nr. 90/1989. Gert hafi verið fjárnám í sængurfatnaði sem beinlínis sé bannað skv. ákvæðum 43. gr. laga nr. 90/1989 og því komi fram „sönnun þess mikla eigin vilja sýslumannsins að ná fram vilja til lokunaraðgerða á hendur Karma hf." eins og komist er að orði í greinargerð varnaraðila.

Við munnlegan flutning málsins mótmælti sýslumaður, að störf hans, sem unnin voru að kröfu byggingarfulltrúans í Neskaupstað í samræmi við ákvæði byggingarlaga nr. 54/1978, hafi verið unnin af hlutdrægni eða að ómálefnalegar ákvarðanir hafi verið teknar af hans hálfu í því máli. Einungis hafi verið unnið í samræmi við ákvæði laga og málið sent ríkissaksóknara til frekari ákvörðunar og vísað til c-liðar 2. gr. laga nr. 19/1991 í því sambandi. Bent var á af hálfu sýslumannsins, að túlka mætti ákvæði byggingarlaga á þann veg að lögreglustjóri hefði heimildir til stöðvunar framkvæmda sem í bága færu við lögin en hann hins vegar tekið þá ákvörðun að senda málið ríkissaksóknara til frekari ákvörðunar eftir að neitað var að verða við tilmælum um að stöðva reksturinn. Það geti því ekki bent til eindregins vilja til að loka versluninni né verið vísbending um að teknar hafi verið ómálefnalegar ákvarðanir. Ekki hafi verið hafðar uppi refsikröfur af hálfu bæjaryfirvalda í Neskaupstað og því væri það misskilningur af hálfu fyrirsvarsmanna Karma hf. þegar þeir töluðu um að málið hefði verið sent inn á sakavettvang. Málið hefði einungis verið unnið til ríkissaksóknara þannig að hugsanlega mætti höfða mál til brottnáms ólögmæts ástands. Þá benti sýslumaðurinn á að farið hefði verið að óskum fyrirsvarsmanna Karma hf. við fyrirtöku málsins.

Þá vísaði sýslumaðurinn til þess að fjárnámið þann 4. nóvember sl. hefði verið framkvæmt eftir gildandi reglum. Skorað hefði verið á gerðarþola að benda á eignir til tryggingar kröfunni, en bent hefði verið á eignir, er óumdeilanlega hefðu ekki dugað fyrir kröfunni. Fjárnáminu hefði því verið lokið sem árangurslausu og fyrirsvarsmönnum Karma hf. leiðbeint um þýðingu þeirra málalykta. Þess hefði verið krafist við fjárnámið að sýslumaðurinn viki sæti en þeirri kröfu verið hafnað með formlegri ákvörðun. Fram kom hjá sýslumanninum að óskað hefði verið eftir fresti af hálfu gerðarþola en þeirri ósk hafi verið hafnað án þess að um það hefði verið bókað sérstaklega.

IV.

Álit dómsins.

Telja verður að krafa varnaraðila um, að hafna beri kröfu um gjaldþrotaskipti á grundvelli fjárnáms þess er fram fór þann 4. nóvember 1993, vegna vanhæfis sýslumannsins, sé grundvölluð á 7. tl. 5. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 4. gr. laga nr. 90/1989, þ.e. að fyrir hendi séu einhver þau atvik eða aðstæður sem séu fallnar til þess að draga óhlutdrægni sýslumannsins með réttu í efa. Er hér á ferðinni regla sem byggist á þeim sjónarmiðum að treysta megi að gætt sé réttra vinnubragða við meðferð mála, ytri atvik megi ekki benda til þess að ákvarðanir gætu verið teknar af hlutdrægni. Hins vegar dugir ekki að sá, sem krefst vikningar embættismanns, beri kala til embættismannsins eða telji hann óvinveittan sér, sýna þarf fram á óvild embættismannsins, hlutdræg vinnubrögð hans eða önnur atvik er bendi til þess að ákvarðanir hans gætu verið teknar af hlutdrægni.

Af endurritum úr gerðabókum sýslumannsins vegna fyrirtöku kröfu byggingarfulltrúans á Neskaupstað um lokun verslunar varnaraðila þann 10. febrúar 1993 verður ráðið að farið hafi verið að óskum þáverandi stjórnarformanns Karma hf. um að núverandi stjórnarformaður yrði viðstaddur fyrirtökuna auk stjórnarformannsins. Þá má sjá af gerðabókinni, að bókaðar hafa verið athugasemdir að ósk stjórnarformannsins og að bókun hafi verið upp lesin og undirrituð af stjórnarformanninum án athugasemda. Ekki var óeðlilegt að þáverandi stjórnarformaður, sem er dóttir núverandi stjórnarformanns, væri boðaður til fyrirtökunnar, en hún er enn skráður framkvæmdastjóri félagsins og sú eina er hefur prókúruumboð fyrir félagið. Þá er fram komið að verslun Karma hf. er rekin á grundvelli verslunarleyfis sem gefið var út til fráfarandi stjórnarformanns.

Þann 12. febrúar var málið aftur tekið fyrir og hafnaði sýslumaður því þá fyrst í stað að aðstoðarmaður fyrirtækisins yrði viðstaddur fyrirtökuna en féllst síðar á það þegar hann framvísaði umboði frá stjórn fyrirtækisins. Lögð var fram greinargerð frá fyrirtækinu og af gerðabók verður ráðið að athugasemdir af hálfu fyrirsvarsmanna hafi verið færðar til bókar og bókun hafi verið upp lesin án athugasemda. Við fyrirtökuna kröfðust fyrirsvarsmenn Karma hf. þess að lögreglustjórinn viki sæti og tók hann sér frest til ákvörðunar þar um. Hafnaði hann síðar þeirri kröfu.

Svo virðist sem fyrirsvarsmenn Karma hf. hafi fengið að koma að öllum gögnum og bókaðar hafi verið athugasemdir þeirra varðandi málið. Sýslumaður vann að málinu í samræmi við 31. gr. byggingarlaga nr. 54/1978 er kveður á um að lögreglustjóra sé skylt að veita byggingarfulltrúa aðstoð við stöðvun framkvæmda sem í bága fara við ákvæði byggingarlaga eða byggingarreglugerðar. Ekki voru neinar framkvæmdir stöðvaðar heldur málið sent ríkissaksóknara á grundvelli c-liðar 2. gr. laga um meðferð opinberra mála. Verður því ekki á það fallist að meðferð sýslumannsins á kröfu byggingarfulltrúans í Neskaupstað hafi verið á þann veg að sýslumaðurinn sé vanhæfur til að sinna fyrirtökum á fjárnámsbeiðnum þeim er standa á fyrirtækinu.

Þá verður ekki talið að nokkuð það hafi komið fram við fjárnámsgerð þá sem um er deilt í máli þessu sem sýni fram á hlutdrægni sýslumannsins. Kveðið er á um það í 26. gr. laga um aðför að frestir skuli að jafnaði ekki veittir. Af greinargerð með 26. gr. laga um aðför verður ráðið að sýslumanni sé ekki heimilt nema í sérstökum undantekningartilvikum að fresta aðför í andstöðu við ofangreinda meginreglu lagagreinarinnar. Ekki hefur verið sýnt fram á að slík tilvik eigi við í þessu máli.

Samkvæmt bókun við fjárnámsgerðina var skorað á fyrirsvarsmenn varnaraðila að benda á eignir til fjárnáms. Svo virðist sem fyrirsvarsmenn varnaraðila hafi tekið hlutunum með léttúð og m.a. bent á sængurverasett. Í greinargerð þeirri, er lögð hefur verið fram af hálfu varnaraðila, er vísað til þess að óheimilt hafi verið að gera fjárnám í slíkri eign samkvæmt 43. gr. laga um aðför. Þessi rök eiga ekki við þar sem bent var á sængurverasettið sem eign varnaraðila Karma hf. Nefnd 43. gr. á að sjálfsögðu einungis við þegar fjárnám er gert hjá einstaklingum enda í lagagreininni vísað til þess að fjárnámsbannið sé sett til að gerðarþoli geti haldið látlaust heimili. Ljóst er að fyrirtæki halda ekki heimili. Fram hefur komið að fyrirsvarsmönnum varnaraðila var leiðbeint um þýðingu gerðarinnar og þeir hafa lýst því fyrir dóminum að þeir hafi áttað sig á þýðingu árangurslauss fjárnáms.

Samanber 2. mgr. 4. gr. laga nr. 90/1989 veldur það ekki vanhæfi sýslumanns að hann fari með innheimtu kröfu samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum eins og um er að ræða í þessu máli.

Samkvæmt framansögðu ber því að hafna málatilbúnaði varnaraðila um ógildingu fjárnámsins vegna vanhæfis sýslumannsins þar sem ekkert bendir til þess að sýslumaðurinn hafi verið hlutdrægur við meðferð mála varnaraðila.

V.

Af hálfu varnaraðila hefur því verið haldið fram að hið árangurslausa fjárnám gefi ekki rétta mynd af fjárhag Karma hf. Skilyrði gjaldþrotaskipta skv. 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. er að fjárnám það, sem krafa er grundvölluð á, gefi rétta mynd af fjárhag skuldara. Aðilar virðast hafa verið sammála um, að þær eignir, sem bent var á, dygðu ekki fyrir kröfu gerðarbeiðanda. Af hálfu varnaraðila var ekki bent á frekari eignir þrátt fyrir skyldu og áskorun þar um. Telja verður fullvíst að aðilar hafi vitað af því að verslunin Karma ætti lager og tæki. Hins vegar verður það ekki talið hnekkja hinu árangurslausa fjárnámi að ekki var bent á þær eignir fyrir kröfu gerðarbeiðanda sem þá nam kr. 4.821.853.

Við meðferð þessa máls hefur af hálfu varnaraðila verið vísað til þess að fleiri eignir séu í eigu fyrirtækisins, þ.á m. fiskvinnsluvél. Ekki hefur verið sýnt fram á verðmæti þeirrar vélar og raunar hefur ekki verið lögð fram eignarheimild varnaraðila fyrir vélinni. Hins vegar fylgir gögnum málsins yfirlýsing Magna Sveinssonar þar sem hann staðfestir að hafa keypt vél þessa á uppboði á árinu 1991 og síðar selt eigendum Karma hf. vélina. Þá liggur frammi í málinu yfirlýsing frá Karli Ágústssyni, starfsmanni Baader-umboðsins á Íslandi, þar sem fram kemur, að vél af þeirri gerð, sem varnaraðili kveðst eiga, gæti selst á 600.000,- til 1.000.000,- kr., sé hún í „vinnsluhæfu ástandi“. Engin gögn hafa hins vegar verið lögð fram um raunverulegt virði vélar varnaraðila þar sem tillit sé tekið til ástands hennar o.s.frv.

Dómari endurupptók mál þetta eftir flutning þess 19. janúar sl. og beindi því til varnaraðila að leggja fram frekari gögn um eignir fyrirtækisins. Ákvörðun dómarans um endurupptöku byggðist á því, að kröfur skiptabeiðanda hefðu lækkað nokkuð frá því að fjárnámið var gert hinn 4. nóvember þar sem af hálfu varnaraðila hefur verið skilað skýrslum varðandi virðisaukaskatt og staðgreiðslu eins og áður er greint. Þrátt fyrir frest til gagnaöflunar voru ekki lögð fram önnur gögn af hálfu varnaraðila en ofangreind yfirlýsing Karls Ágústssonar. Málsvari varnaraðila krafðist þess hins vegar að bókað yrði að fyrirtækið ætti nægar eignir til tryggingar réttmætum kröfum. Sú yfirlýsing varð ekki skilin á annan veg en varnaraðili teldi áætlun skattyfirvalda ekki réttmæta kröfu.

Fram er komið í málinu að varnaraðili hefur ekki skilað skattframtölum síðustu 4 ár og því standa áætlanir á fyrirtækinu. Varnaraðili hefur lýst því að bókhaldsgögn vegna tekjuársins 1989 hafi týnst. Að sögn fyrirsvarsmanna varnaraðila er bókhald síðustu ára ófært en „uppraðað“. Af þessum ástæðum hafa reikningar fyrirtækisins ekki verið lagðir fram í málinu og varnaraðili lagði ekki fram neitt af bókhaldsgögnum fyrirtækisins. Hins vegar hefur verið lagt fram uppkast að rekstrarreikningi vegna ársins 1992 þar sem fram kemur að tap ársins hafi numið kr. 772.913,-. Þá hefur verið lagt fram eins konar milliuppgjör vegna tímabilsins frá 1. janúar 1990 til 1. október 1990. Þar kemur fram að um mjög óverulega starfsemi var að ræða á því ári og heildartekjur fyrirtækisins hafi verið kr. 66.190,-.

Ljóst er að kröfur sóknaraðila voru og eru að langmestu leyti byggðar á áætlunum. Líta ber til þess, að álagning skattyfirvalda sem byggð er á áætlun, er jafnréttmæt krafa og sú krafa, sem grundvölluð er á framtölum skattgreiðanda, sbr. m. a. 2. mgr. 96. gr. laga nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt. Við fjárnámsgerðina þann 4. nóvember sl. mótmælti varnaraðili kröfum skiptabeiðanda, þar sem um áætlanir væri að ræða. Á þeim tæpu fjórum mánuðum, sem síðan eru liðnir, virðist sem lítið hafi verið gert til að fá þessar áætlanir leiðréttar, en tvö bréf frá skattstjóra Austurlands liggja frammi í málinu þar sem fram kemur að varnaraðili eigi ekki óafgreidd skatterindi hjá embættinu. Er því ekki fært að virða varnaraðila það til hagsbóta þótt krafa skiptabeiðanda sé byggð á áætlunum.

Af hálfu sóknaraðila hefur verið lagt fram yfirlit yfir virðisaukaskattsgreiðslur varnaraðila á síðustu þremur árum. Þar kemur fram að virðisaukaskattsskyld velta fyrirtækisins hafi verið kr. 17.521.368,-. Hins vegar hefur fyrirtækið fengið greiddar samtals kr. 80.029,- úr ríkissjóði á tímabilinu vegna þess að innskattur hefur verið meiri en útskattur. Á vottorði frá Hlutafélagaskrá kemur fram, að hlutafé félagsins sé kr. 20.000,-.

Þegar framangreint er virt í heild þykir sýnt að rekstur fyrirtækisins geti ekki staðið undir skuldbindingum fyrirtækisins við skiptabeiðanda. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að fyrirtækið eigi eignir sem tryggja myndu kröfur skiptabeiðanda, þótt verið geti, að varnaraðili eigi fiskvinnsluvél og að lager og tæki félagsins gætu verið einhvers virði. Ekki verður séð, að fært sé að hafna kröfu skiptabeiðanda á þeim grundvelli, að ekki hafi verið staðreynt virði eigna skuldara, þar sem skuldari benti ekki á eignir þessar til tryggingar við fjárnám og hefur ekki sýnt fram á það við meðferð máls þessa, að eignir þessar hrökkvi fyrir skuldum. Telja verður, eins og atvikum máls þessa er háttað, að varnaraðila beri að sýna fram á gjaldfærni, vilji félagið fá hnekkt kröfu skiptabeiðanda. Er því ekki ástæða til að ætla, að fjárnámsgerð sú, er fram fór 4. nóvember 1993, gefi ranga mynd af fjárhag skuldara í þá veru að hafna beri kröfu um gjaldþrotaskipti. Ber því með skírskotun til 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. að verða við kröfu sýslumannsins í Neskaupstað um að bú Karma hf., kt. 680789-1429, verði tekið til gjaldþrotaskipta.

Sóknaraðili hefur ekki krafist málskostnaðar.

Úrskurðarorð:

Bú Karma hf., kt. 680789-1429, skal taka til gjaldþrotaskipta.

Mánudaginn 18. apríl 1994.

Nr. 152/1994. **Endurskoðun hf.**
(Helgi V. Jónsson hrl.)
gegn
þrotabúi Brynjólfs hf.
(Kjartan Ragnars hrl.)

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Skuldaröð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu með heimild í 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. til Hæstaréttar með kæru 15. mars 1994, sem barst réttinum 29. sama mánaðar. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og krafa hans í þrotabú varnaraðila verði viðurkennd sem búskrafa samkvæmt 4. tl. 110. gr., sbr. 3. mgr. 111. gr., laga nr. 21/1991, og að hún greiðist af andvirði veðsettra eigna á undan veðtryggðum kröfum. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Í báðum tilvikum er krafist kærumálskostnaðar.

Á málinu eru ekki þeir annmarkar, að varði frávísun þess frá Hæstarétti.

Sú vinna sóknaraðila, er krafa hans byggist á, var innt af hendi fyrir Brynjólf hf. á árinu 1992, eftir að félaginu hafði verið veitt leyfi til greiðslustöðvunar. Samkvæmt fram lögðum reikningum sóknaraðila fólst hún annars vegar í frágangi bókhalds og gerð áætlaðs efnahagsreiknings fyrir árið 1991 og hins vegar í skýrslugerð vegna tilrauna til nauðasamninga og gerð endurgreiðslubeiðna til Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins, sbr. lög um hann nr. 39/1990, sbr. lög nr. 29/1992.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt bréf Guðnýjar Björnsdóttur héraðsdómslögmanns til lögmanns sóknaraðila 14. mars 1994. Þar segir svo: „Undirrituð var aðstoðarmaður Brynjólfs hf. á greiðslustöðvunartímabili fyrirtækisins janúar til júní 1992. Á tímabilinu var unnið að undirbúningi fyrirhugaðra nauðasamninga en að loknu greiðslustöðvunartímabili fékk fyrirtækið heimild til að leita nauðasamninga. Á árinu 1991 hafði Brynjólfur hf. keypt þjónustu af Endurskoðun hf. Þjónusta, sem Endurskoðun hf. innti af hendi á greiðslustöðvunartíma, var framkvæmd að beiðni aðstoðarmanns og var sú þjónusta nauðsynleg forsenda þess að heimild fengist til nauðasamninga.“ Í kröfulýsingu Guðnýjar Björnsdóttur í bú varnaraðila kemur og fram, að sóknaraðili hafi að beiðni hennar og framkvæmdastjóra Brynjólfs hf. látið félaginu í té nauðsynlega þjónustu við undirbúning nauðasamninganna, „þ.á m. yfirlit um skuldir sem var algjör forsenda fyrir því að greiðsla fengist úr Verðjöfnunarsjóði“.

Undir 4. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991 falla „kröfur sem hafa orðið til eftir frestdag með ráðstöfunum skuldara sem voru samþykktar af aðstoðarmanni hans við greiðslustöðvun eða umsjónarmanni með nauðasamningsumleitunum hans, enda hafi ráðstafanirnar verið heimilar skv. 19.-21. gr.“. Í 4. tl. 2. mgr. 20. gr. laganna er heimild handa skuldara til þess að greiða á greiðslustöðvunartíma óumflýjanlegan kostnað af tilraunum til þess að koma nýrri skipan á fjármál sín. Kröfur sóknaraðila um endurgjald fyrir áðurnefnda þjónustu í þágu Brynjólfs hf. eftir frestdag njóta réttarstöðu samkvæmt 4. tl. 110. gr., sem er nýmæli í íslenskri löggjöf um gjaldþrotaskipti.

Samkvæmt 3. mgr. 111. gr. laga nr. 21/1991 ganga kröfur, er eiga undir 2.- 4. tl. 110. gr., aðeins fyrir veðtryggðum kröfum samkvæmt 111. gr. að því leyti, sem þær varða þá eign, sem veðréttur eða tryggingarréttindi eru í. Í málinu nýtur engra gagna um veðsettar eignir varnaraðila né hvert var umfang starfa sóknaraðila vegna þeirrar greiðslu úr Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins, sem innt var af hendi beint til veðhafa, eins og lýst er í hinum kærða úrskurði, og nam 19.645.692 krónum. Þá hefur sóknaraðili enga grein gert fyrir því, að hvaða marki vinna hans kann að öðru leyti að hafa varðað veðsettar eignir. Þykir því ekki unnt að taka afstöðu til þess, hvort kröfur hans gangi framar veðkröfum samkvæmt 111. gr. laga nr. 21/1991.

Samkvæmt framansögðu verður hinn kærði úrskurður felldur úr gildi og krafa sóknaraðila viðurkennd sem búskrafa samkvæmt 4. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991 með þeirri takmörkun, sem leiðir af 3. mgr. 111. gr. laganna.

Varnaraðili skal greiða sóknaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Krafa sóknaraðila, Endurskoðunar hf., í þrotabú Brynjólfs hf. samkvæmt kröfulýsingu frá 14. desember 1992 er viðurkennd sem krafa eftir 4. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. með þeirri takmörkun, sem leiðir af 3. mgr. 111. gr. laganna.

Varnaraðili, þrotabú Brynjólfs hf., greiði sóknaraðila 80.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 4. mars 1994.

Mál þetta var þingfest 8. nóvember 1993 og tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi þann 4. febrúar 1994.

Endanlegar dómkröfur sóknaraðila, Endurskoðunar hf., kt. 590975-0449, Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, eru þær, að krafa sóknaraðila í þrotabú varnaraðila verði samþykkt sem búskrafa samkvæmt kröfulýsingu frá 14.12. 1992 og að hún greiðist af andvirði veðsettra eigna á undan veðtryggðum kröfum. Þá er gerð krafa um greiðslu dráttarvaxta samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma af höfuðstól, kr. 340.989 frá 7.7. 1992 til 23.9. 1992, en af kr. 525.103 frá þeim degi til greiðsludags. Loks er þess krafist að varnaraðili verði dæmdur til að greiða sóknaraðila málskostnað skv. fram lögðum málskostnaðarreikningi og að málskostnaður beri dráttarvexti.

Dómkröfur varnaraðila, þrotabús Brynjólfs hf., kt. 480169-4659, Suðurlandsbraut 14, Reykjavík, eru að kröfu sóknaraðila verði hafnað og að sóknaraðili verði dæmdur til að greiða varnaraðila hæfilegan málskostnað.

Málavextir.

Þann 9. janúar 1992 fékk Brynjólfur hf. leyfi til greiðslustöðvunar og var Guðný Björnsdóttir hdl. skipaður aðstoðarmaður. Í aprílbyrjun s.á. var óskað eftir framlengingu á greiðslustöðvun, eftir að varnaraðila varð kunnugt um frumvarp til laga um viðauka við l. nr. 39/1990 um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, sem varð að lögum nr. 29/1992, en samkvæmt því fengist innstæða úr Verðjöfnunarsjóði ekki greidd, væri bú félagsins undir skiptum. Að beiðni aðstoðarmanns og framkvæmdastjóra vann sóknaraðili að undirbúningi nauðasamninga, skýrslugerð, við aðstoð á frágangi bókhalds og gerð áætlaðs efnahagsreiknings fyrir árið 1991, auk annarrar þjónustu. Var vinnan unnin á tímabilinu janúar til september 1992. Greiðsla úr Verðjöfnunarsjóði, kr. 19.645.692, gekk ekki inn í bú varnaraðila, heldur beint til veðhafa.

Krafa sóknaraðila er byggð á skuld varnaraðila við sóknaraðila skv. tveimur reikningum, samtals að fjárhæð kr. 525.203:

1. reikningi nr. 20589 frá 7.7. 1992, að fjárhæð kr. 340.989, fyrir vinnu og aðra þjónustu, unna á tímabilinu janúar 1992 til júní 1992 við frágang bókhalds og gerð áætlaðs efnahagsreiknings fyrir árið 1992,

2. reikningi nr. 20858 frá 23.9. 1992, að fjárhæð kr. 184.114, fyrir aðstoð á tímabilinu júlí til september 1992 við skýrslugerð vegna tilrauna til nauðasamninga og gerð endurgreiðslubeiðna til Verðjöfnunarsjóðs.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðnum 29. september 1992, var bú Brynjólfs hf. tekið til gjaldþrotaskipta. Meðal krafna, sem lýst var í þrotabúið, var krafa sóknaraðila. Aðallega var krafist viðurkenningar kröfunnar sem búskröfu sem greiðast skyldi af andvirði veðsettra eigna á undan veðtryggðum kröfum, en til vara var kröfunni lýst sem forgangskröfu. Krafan var viðurkennd sem forgangskrafa samkv. 8. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991. Lögmaður sóknaraðila mótmælti afstöðu skiptastjóra til kröfu hans. Ekki tókst að jafna ágreininginn um kröfuna. Með bréfi skiptastjóra varnaraðila, mótteknu í Héraðsdómi Reykjaness 22. september 1993, var leitað úrlausnar héraðsdómara um ágreininginn.

Málsástæður.

Af hálfu sóknaraðila er á því byggt að vinna sóknaraðila hafi verið unnin að beiðni aðstoðarmanns og framkvæmdastjóra varnaraðila á greiðslustöðvunartíma. Vinnan hafi af hálfu aðstoðarmanns verið talin nauðsynleg til þess að greiðsla fengist úr Verðjöfnunarsjóði. Vísar sóknaraðili til 4. tl. 110. gr., sbr. 3. mgr. 111. gr., laga nr. 21/1991 og einnig athugasemda í greinargerð við 4. tl. 110. gr. Bæði óeðlilegt og ósanngjarnt væri að veðhafar nytu hagsbóta af veittri þjónustu sóknaraðila á hans kostnað. Uppgjör inneigna í Verðjöfnunarsjóði hafi verið mjög óvenjulegt. Hinn hefðbundni uppgjörsmáti, þ.e. að greiðsla renni í bú fyrirtækisins, hefði leitt til þess, að kostnaður, sem lagt hafði verið í, hefði greiðst. Hljóti því að gilda sérstök sjónarmið í þessu tilviki með tilliti til rétthæðar kröfu við gjaldþrotaskipti.

Krafa um dráttarvexti er byggð á 10. gr. og 12. gr. laga nr. 25/1987, sbr. og

114. gr. laga nr. 21/1991, og krafan um málskostnað á 129. gr., sbr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Varnaraðili styður kröfur sínar þeim rökum í fyrsta lagi, að kröfu sóknaraðila verði að hafna vegna vanreifunar, þar sem hann hafi engin gögn lagt fram til að sanna og rökstyðja þá fullyrðingu sína, að krafa hans fullnægði skilyrðum 4. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 19.–21. gr. Í öðru lagi, að efnisleg skilyrði skorti til að viðurkenna kröfu sóknaraðila samkvæmt 4. tl. 110. gr., sbr. 19.–21. gr. Leiði þetta þegar af athugun á 8. tl. 112. gr. laganna, þar sem segi, að „kröfur um þóknun aðstoðarmanns við greiðslustöðvun og umsjónarmanns með nauðasamningsumleitunum ásamt nauðsynlegum kostnaði sem þeir hafa lagt út fyrir eftir frestdag“. Hér sé m.ö.o. lögákveðið, hvernig kröfu sóknaraðila skuli skipað í skuldaröð, og verði sóknaraðili að una því. Mjög væri óeðlilegt, ef krafa endurskoðenda ætti að geta verið rétthærri en krafa aðstoðarmanns í greiðslustöðvun eða krafa umsjónarmanns nauðasamningsumleitana. Slík niðurstaða fái einfaldlega ekki staðist, eins og ráðið verði enn frekar af athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 21/1991.

Öll skilyrði skorti til að viðurkenna kröfu sóknaraðila sem kröfu samkvæmt 4. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991. M.a. hafi sóknaraðili ekki leitast við að sýna fram á, að aðstoðarmaður í greiðslustöðvun hafi samþykkt verkbeiðni þá sem reikningar sóknaraðila byggjast á, en það muni hafa verið fyrrverandi framkvæmdastjóri Brynjólfs hf., sem óskaði eftir því við sóknaraðila, að hann tæki verkið að sér.

Niðurstaða.

Í 4. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991 er sett það fortakslausa skilyrði fyrir því að kröfur, sem orðið hafa til eftir frestdag, geti notið stöðu búskröfu, að aðstoðarmaður hafi samþykkt ráðstöfunina, sem leiddi til þess að krafan varð til, og einnig að ráðstöfunin hafi verið heimil eftir reglum 19.–21. gr. laganna.

Í máli þessu er ekki við annað að styðjast um afstöðu aðstoðarmanns við greiðslustöðvun til þeirrar vinnu sem að baki reikningum þeim liggja, sem kröfur í málinu eru reistar á, en það sem fram kemur í kröfulýsingu aðstoðarmannsins í þrotabú varnaraðila, en þar segir: „. . .og einnig lét Endurskoðun hf. að beiðni aðstoðarmanns og framkvæmdastjóra Brynjólfs hf. í té nauðsynlega þjónustu við undirbúning nauðasamninganna þ.á m. yfirlit um skuldir, sem var algjör forsenda fyrir því að greiðsla fengist úr Verðjöfnunarsjóði“.

Ekkert liggur fyrir um að aðstoðarmaðurinn hafi fyrir fram samþykkt hvert það verk sem leiddi til myndunar kröfu sóknaraðila. Þá þykir ekki hafa verið sýnt fram á að vinnan hafi öll verið nauðsynleg og lánardrottnum til hagsbóta. Þykir sóknaraðili því ekki hafa sýnt fram á að krafa hans fullnægði skilyrðum 4. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 19.–21. gr.

Samkvæmt þessu þykir lagaskilyrði skorta fyrir því að viðurkenna kröfu sóknaraðila sem kröfu samkvæmt 4. tl. 110. gr. l. nr. 21/1991.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kr. 40.000 í málskostnað að viðbættum virðisaukaskatti.

Úrskurð þennan kveður upp Þorgerður Erlendsdóttir fulltrúi.

Úrskurðarorð:

Kröfu sóknaraðila, Endurskoðunar hf., um að krafa sóknaraðila í þrotabú varnaraðila, Brynjólfs hf., verði viðurkennd sem búskrafa, er hafnað.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kr. 40.000 í málskostnað að viðbættum virðisaukaskatti.

Mánudaginn 18. apríl 1994.

Nr. 139/1944. **Vátryggingafélag Íslands hf.**
(Hákon Árnason hrl.)
gegn
Vaessen-Schoemaker Chemische Ind.B.V.
(Valgarður Sigurðsson hrl.)

Kærumál. Framsal kröfuréttinda. Úthlutun uppboðsandvirðis. Aðför.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 11. mars sl., sem barst réttinum með kærumálsgögnum 21. sama mánaðar. Kæruheimild er í 3. mgr. 95. gr., sbr. 1. mgr. 92. gr., laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 3. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og fjárnámsgerð sýslumannsins í Hafnarfirði, sem fram fór að kröfu varnaraðila 16. desember 1993 hjá Polaris hf., verði dæmd ógild. Þá krefst hann þess, að honum verði dæmdur málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Málsatvikum er lýst í úrskurði héraðsdómara.

Fallist er á þá niðurstöðu hins kærða úrskurðar með vísan til forsendna hans að hafna beri frávísunarkröfu varnaraðila.

Í ávísun Polaris hf. 25. júní 1993 fólst áskorun til væntanlegs greiðanda um að greiða sóknaraðila þá fjárhæð, sem félaginu kynni að verða úthlutað af uppboðsandvirði fasteignarinnar Aratúns 21, Garðabæ. Áskorunin fól ekki í sér framsal kröfuréttinda, og var Polaris hf. því eigandi kröfunnar, þegar fjárnám fór fram 3. nóvember 1993, svo sem byggt var á af hálfu félagsins við rekstur máls þess gegn Kjörís hf. o.fl. og fram kemur í niðurstöðu úrskurðar Héraðsdóms Reykjaness 4. október 1993, sem staðfestur var með dómi Hæstaréttar 15. nóvember sama ár. Gekk aðfararveðið samkvæmt fjárnáminu 3. nóvember sl., sem endurupptekið var hjá sýslumanninum í Hafnarfirði 16. desember 1993, framar rétti sóknaraðila samkvæmt ávísuninni. Breytir hér engu tilkynning Polaris hf. til sýslumannsins í Hafnarfirði 11. nóvember sl. þess efnis, að umrædd greiðsla hafi verið „framseld“. Er því fallist á þá niðurstöðu héraðsdómara, að hafna beri kröfu sóknaraðila um, að ógilt verði fjárnám sýslumannsins í Hafnarfirði frá 16. desember 1993 í umdeildri greiðslu af uppboðsandvirði fasteignarinnar Aratúns 21, Garðabæ.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Vátryggingafélag Íslands hf., greiði varnaraðila, Vaessen-Schoemaker Chemische Ind.B.V., 60.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 1. mars 1994.

I.

Mál þetta, sem rekið er eftir 15. kafla laga nr. 90/1989 um aðför, var þingfest 21. janúar 1994 og tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 7. febrúar 1994.

Sóknaraðili, Vátryggingafélag Íslands hf., Ármúla 3, Reykjavík, gerir þá kröfu, að ógilt verði með úrskurði dómsins fjárnámsgerð sýslumannsins í Hafnarfirði nr. 36/1993/03962, sem fram fór hjá Polaris hf., Ármúla 40, Reykjavík, 16. desember 1993 að kröfu varnaraðila og gert var fjárnám fyrir kr. 605.316 í greiðslu uppboðsandvirðis vegna 1. veðréttar í fasteigninni Aratúni 21, Garðabæ, samkvæmt úrskurði Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðnum 4. október 1993 í málinu nr. Z-4/1993.

Varnaraðili, Vaessen-Schoemaker Chemische Ind. B.V., Hollandi, gerir þá kröfu aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi, en til vara, að staðfest verði fjárnámsgerð sýslumannsins í Hafnarfirði, sem fram fór að kröfu varnaraðila 16. desember 1993. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar úr hendi sóknaraðila að mati dómsins.

Sáttaumleitanir dómarans hafa engan árangur borið.

II.

Málavextir eru þeir, að með bréfi varnaraðila, dags. 10. mars 1993, var gerð sú krafa, að sýslumaðurinn í Reykjavík gerði fjárnám hjá Polaris hf., Ármúla 40, Reykjavík, til tryggingar skuld, að höfuðstól 10.980 hollenskar flórínur, auk vaxta og kostnaðar, samtals kr. 500.146 miðað við gengi 35,114, 10. mars 1993. Krafa þessi byggðist á stefnu, áritaðri um aðfararhæfi, þann 24. febrúar 1993.

Krafa varnaraðila var tekin fyrir hjá sýslumanninum í Reykjavík þann 3. nóvember 1993. Af hálfu varnaraðila mætti Valgarður Sigurðsson hrl., en af hálfur Polaris hf. var ekki mætt. Taldi sýslumaður að skilyrðum 1. mgr. 24. gr. laga nr. 90/1989 væri fullnægt til að gerðin færi fram, þótt ekki væri mætt fyrir gerðarþola. Að ábendingu varnaraðila var gert fjárnám í kröfu Polaris hf. til úthlutunar af uppboðsandvirði fasteignarinnar Aratúns 21, Garðabæ, vegna kröfu á 1. veðrétti, samkvæmt úrskurði Héraðsdóms Reykjaness frá 4. október 1993 í málinu nr. Z-4/1993: Polaris hf. gegn Kjörís hf. o.fl. Í kjölfar fjárnámsins ritaði lögmaður varnaraðila sýslumanninum í Hafnarfirði bréf, dags. 3. nóvember 1993, sem áritað var um móttöku 4. sama mánaðar, þar sem sýslumanninum var tilkynnt um að gert hefði verið fjárnám í kröfu Polaris hf. til úthlutunar af uppboðsandvirði eignarinnar, auk þess sem gerð var krafa um að haldið yrði eftir nægilega hárri fjárhæð til greiðslu fjárnámsskuldarinnar og greitt til skrifstofu lögmannsins.

Með bréfi varnaraðila, dags. 14. desember 1993, var þess krafist, að sýslumaðurinn í Reykjavík tæki upp framangreinda fjárnámsgerð, gerðin yrði byrjuð en framsend til sýslumannsins í Hafnarfirði, þar sem gerðinni yrði lokið með því að gert yrði fjárnám að nýju hjá gerðarþola til tryggingar kröfu varnaraðila. Krafan nam þá samtals kr. 605.316,50 miðað við gengi 37,6307 þann 14. desember 1993, auk áfallandi dráttarvaxta og kostnaðar. Varðandi lagarök fyrir kröfu sinni vísaði varnaraðili til 4. mgr. 57. gr. og 55. gr. laga nr. 90/1989 um aðför. Taldi varnaraðili sér skylt að óska endurupptöku hjá þeim sýslumanni, sem lauk gerðinni, sbr. 68. gr. aðfararlaga, en þar sem fjárnámsandlagið væri í umdæmi sýslumannsins í Hafnarfirði, óskaði varnaraðili að fjárnámsbeiðnin yrði framsend honum til framhalds og lúkningar gerðarinnar.

Sýslumaðurinn í Reykjavík framsendi sýslumanninum í Hafnarfirði beiðni varnaraðila um endurupptöku fjárnámsins hjá Polaris hf. frá 3. nóvember 1993 með vísan til 3. mgr. 17. gr. aðfararlaga.

Krafa varnaraðila um endurupptöku umrædds fjárnáms var tekin fyrir hjá sýslumanninum í Hafnarfirði þann 16. desember 1993. Af hálfu varnaraðila mætti Valgarður Sigurðsson hrl., en Jón Ingvar Pálsson hdl. mætti af hálfu Polaris hf., gerðarþola. Einnig var mættur Ingvar Sveinbjörnsson hdl. af hálfu sóknaraðila. Samkvæmt staðfestu endurriti úr gerðabók sýslumanns var eftirfarandi fært til bókar:

> „. . .
> Umboðsmaður gerðarbeiðanda krefst þess að fjárnám verði gert í greiðslu skv. kröfu sem fjárnám var gert í þann 3. nóvember sl. hjá sýslumanninum í Reykjavík. Umboðsmenn gerðarþola og VÍS hf. mótmæla fjárnáminu á þeim grundvelli að umrædd krafa hafi verið framseld áður en fjárnámið var gert og leggja fram ávísun á fjárhæð kröfunnar til VÍS hf., sem dagsett er þann 25. júní 1993.
> Umboðsmaður gerðarbeiðanda bendir á að héraðsdómurinn hafi fallið þann 4. október 1993, en hæstaréttardómurinn þann 15. nóvember og telur að *framsalið hafi ekki orðið virkt* fyrr en þá. Hann krefst þess að gerðinni verði fram haldið. Hann mótmælir jafnframt að umboðsmaður VSÍ hf. fái komið fram mótmælum, þar sem hann sé ekki aðili að þessu máli. Skv. 4. mgr. 57. gr. l. nr. 90/1989 skal sýslumaður endurupptaka gerð að kröfu gerðarbeiðanda og taka greiðsluna fjárnámi.
> Með vísan til þessa er umrædd greiðsla á uppboðsandvirði vegna kröfu á 1. veðrétti í Aratúni 21, Garðabæ, skv. úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 4. október 1993 í máli nr. Z-4/1993 tekin fjárnámi.
> Umboðsmaður VSÍ mótmælir fjárnámi þessu á grundvelli 28. gr. l. nr. 90/1989.
> Mótmælin eru ekki tekin til greina.
> Umboðsmenn gerðarþola og VÍS hf. lýsa því yfir að ákvörðun þessi verði borin undir héraðsdóm. Sýslumaður mun geyma umrædda fjármuni á bók á vegum sýslumannsins í Hafnarfirði, þar til málalok liggja fyrir.
> . . .“

Með bréfi sóknaraðila, dags. 10. janúar 1994, sem barst dóminum 14. sama mánaðar, var krafist úrlausnar héraðsdóms um framangreinda fjárnámsgerð sýslumannsins í Hafnarfirði.

III.

Fjárkrafa sú, sem tekin var fjárnámi þann 3. nóvember 1993, var krafa Polaris hf. til úthlutunar af uppboðsandvirði fasteignarinnar Aratúns 21, Garðabæ, samkvæmt úrskurði Héraðsdóms Reykjaness frá 4. október 1993. Sá úrskurður var með skírskotun til forsendna hans staðfestur með dómi Hæstaréttar þann 15. nóvember 1993 í málinu nr. 437/1993: Húsbréfadeild Húsnæðisstofnunar ríkisins, Búnaðarbanki Íslands, Garðabæ, Kjörís hf., Sjóvá-Almennar tryggingar hf. og Echo hf. gegn Polaris hf. Þykir ástæða til að gera grein fyrir dómsmáli þessu.

Í úrskurði héraðsdóms kemur fram að með leigusamningi, dags. 11. mars 1988, leigði Polaris hf. Sævari Carlssyni rekstur söluturns að Lækjargötu 8, Reykjavík, frá 15. mars 1988 til 15. mars 1990. Leigufjárhæðin var kr. 300.000 fyrir hvern mánuð, alls kr. 7.200.000 fyrir leigutímann, bundin við hækkun lánskjaravísitölu. Skyldi leigan greiðast fyrir fram mánaðarlega fyrsta hvers mánaðar með víxlum og/eða skuldabréfum.

Samkvæmt leigusamningi aðila skyldi leigutaki veita leigusala veðtryggingu í fasteigninni Aratúni 21, Garðabæ, til tryggingar öllum greiðslum samkvæmt leigusamningnum. Í samræmi við þetta gaf leigutaki út veðtryggingarbréf, 15. mars 1988 á 8. veðrétti með uppfærslurétti, til tryggingar skaðlausri og skilvísri greiðslu á skuld eins og hún væri hverju sinni samkvæmt umræddum leigusamningi. Veðtryggingarbréfið var til tryggingar höfuðstól, vöxtum, kostnaði, vátryggingaiðgjöldum eða öðru að engu undanskildu, allt að fjárhæð kr. 3.000.000, bundið lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 1968 stigum. Sama dag voru út gefin af Ísbúðinni Lækjargötu, einkafirma leigutaka, þrjú skuldabréf til leigusala, hvert að fjárhæð 2.000.000, bundin lánskjaravísitölu. Bréf þessi voru afhent Polaris hf. 16. mars 1988 vegna leigu söluturnsins frá 15. júlí 1988 út leigutímann samkvæmt leigusamningi aðila.

Þann 18. mars 1988 framseldi Polaris hf. skuldabréfin til Brunabótafélags Ísands (nú Vátryggingafélags Íslands hf., sóknaraðila í máli þessu) og tókst jafnframt á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu bréfanna ásamt Páli G. Jónssyni. Greiðslufall varð af umræddum skuldabréfum, og höfðaði sóknaraðili áskorunarmál til greiðslu bréfanna. Var áskorunarstefna áritluð um aðfararhæfi 12. nóvember 1990 á hendur Polaris hf. og Páli G. Jónssyni, en leigutaki var úrskurðaður gjaldþrota 5. júlí 1990. Samkvæmt yfirlýsingu sóknaraðila, dags. 25. júní 1993, sem staðfest var fyrir dómi af Inga R. Helgasyni, stjórnarformanni sóknaraðila, leysti Polaris hf. til sín að fullu þann dag skuldabréfin með samtals kr. 12.438.529.

Fasteignin Aratún 21, Garðabæ, var seld á framhaldsuppboði þann 19. nóvember 1992. Kaupandi var Búnaðarbanki Íslands, Garðabæ, og var kaupverðið kr. 10.400.000. Meðal lýstra krafna í söluandvirði eignarinnar var krafa Polaris hf. um greiðslu kr. 10.448.364,70 samkvæmt áðurgreindu veðtryggingarbréfi á 1. veðrétti. Í frumvarpi sýslumannsins í Hafnarfirði að úthlutunargerð, dags. 17. mars 1993, var gert ráð fyrir, að Polaris hf. yrði úthlutað kr. 4.885.799 næst á eftir lögveðskröfum. Kjörís hf., Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Búnaðarbanki Íslands, Garðabæ, Echo hf., Húsbréfadeild

Húsnæðisstofnunar ríkisins og Gjaldheimtan í Reykjavík höfðu uppi andmæli við úthlutun til Polaris hf. og þann 26. apríl 1993 ákvað sýslumaðurinn, að Polaris hf. fengi ekki úthlutað af uppboðsandvirði eignarinnar. Þessa ákvörðun sýslumannsins bar Polaris hf. undir úrlausn héraðsdóms og tóku allir þeir, er andmælt höfðu úthlutuninni, til varna í málinu.

Í úrskurði héraðsdóms var komist að þeirri niðurstöðu, að Polaris hf. skyldi fá úthlutað kr. 4.934.451 af uppboðsandvirði fasteignarinnar Aratúns 21, Garðabæ, á grundvelli áðurgreinds veðtryggingarbréfs, sem gefið var út til tryggingar greiðslum samkvæmt leigusamningi Polaris hf. og Sævars Carlssonar. Byggðist niðurstaðan meðal annars á því, að ósannað væri, að Polaris hf. hefði tekið við áðurgreindum þrem skuldabréfum leigutaka sem fullnaðargreiðslu á leigu. Þar sem greiðslufall varð af bréfum þessum, hefðu þau ekki nýst Polaris hf. sem greiðsla. Hefði því hið fyrra skuldasamband Polaris hf. og Sævars Carlssonar samkvæmt leigusamningi aftur orðið virkt. Svo sem áður greinir var úrskurður þessi staðfestur með dómi Hæstaréttar Íslands frá 15. nóvember 1993.

IV.

Eins og lýst er í framangreindum úrskurði héraðsdóms, framseldi Polaris hf. til Brunabótafélags Íslands þrjú skuldabréf, út gefin 15. mars 1988 af Ísbúðinni Lækjargötu, einkafirma Sævars Carlssonar, hvert að fjárhæð kr. 2.000.000, og tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð ásamt Páli G. Jónssyni. Þann 25. júní 1993 leysti Polaris hf. bréf þessi til sín með kr. 12.438.529. Samdægurs gaf Polaris hf. út svohljóðandi yfirlýsingu, undirritaða af Páli G. Jónssyni:

> „Polaris hf., kt. 500269-5539, ávísar hér með til Vátryggingafélags Íslands hf. fjárhæð þeirri, sem fyrirtækinu verður hugsanlega úthlutað með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness vegna nauðungarsölu á fasteigninni Aratúni 21, Garðabæ, sem fram fór 19. nóvember 1992. Fjárhæðin á að ganga til greiðslu á skuldabréfi að fjárhæð kr. 11.000.000,- ellefu milljónir – sem er útgefið í dag af Nýja verslunarfélaginu hf., kt. 640691-1909, með sjálfskuldarábyrgð Polaris hf., kt. 500269-5539.“

Á grundvelli þessarar ávísunar greiddi sýslumaðurinn í Hafnarfirði sóknaraðila kr. 4.341.817 af uppboðsandvirði eignarinnar þann 17. nóvember 1993. Sýslumaðurinn boðaði hins vegar til fundar þann 16. desember 1993 vegna úthlutunar á hluta uppboðsandvirðis sökum aðfararveðs varnaraðila frá 3. nóvember 1993. Á þann fund var mætt af hálfu málsaðila og Polaris hf. Í endurriti úr gerðabók sýslumanns kemur fram, að gert hafi verið fjárnám fyrir kr. 592.634, en sá hluti uppboðsandvirðisins hafi bætt við sig vöxtum, kr. 19.877, og nemi því samtals kr. 612.511. Þá segir, að Polaris hf. hafi með bréfi, dags. 11. nóvember 1993, tilkynnt sýslumanni, „að umrædd greiðsla hafi verið framseld Vátryggingafélagi Íslands“. Sá fulltrúi sýslumanns, sem fór með úthlutun uppboðsandvirðis vegna nauðungarsölu eignarinnar, ákvað að afhenda fulltrúa aðfarardeildar embættisins kr. 612.511 til meðferðar í tengslum við endurupptöku aðfarargerðarinnar og að á þeim vettvangi yrði tekin ákvörðun um rétt málsaðila til fjárins. Við þá fyrirtöku sýslumannsins var að kröfu varnaraðila ákveðið, að fram færi fjárnám í greiðslu uppboðsandvirðis, svo sem áður er lýst, en málarekstur þessi lýtur að þeirri ákvörðun.

V.

Af hálfu sóknaraðila er á því byggt, að þrátt fyrir það að varnaraðili hafi undir höndum aðfararhæfa stefnu á hendur Polaris hf. og geti bent á eignir til fjárnáms, sé réttur hans til að krefjast fjárnáms í kröfuréttindum takmarkaður við kröfuréttindi, sem sannanlega séu í eigu gerðarþola. Gerðarþoli hafi með yfirlýsingu, dags. 25. júní 1993, ávísað rétti sínum til sóknaraðila löngu áður en fjárnámið fór fram og gildi þeirrar ávísunar hafi ekki verið vefengt. Þar með hafi kröfuréttindi gerðarþola verið framseld sóknaraðila, og gangi réttur samkvæmt því framsali framar rétti samkvæmt síðara aðfararveði varnaraðila.

Við fyrirtöku á kröfu varnaraðila um endurupptöku fjárnáms þann 16. desember 1993 hafi lögmaður varnaraðila haldið því fram, að framsal kröfunnar hafi ekki orðið virkt, fyrr en dómur Hæstaréttar Íslands féll 15. nóvember 1993. Þessi málsástæða fái ekki staðist. Eignayfirfærslan, sem felist í ávísuninni, standi sjálfstætt og óháð niðurstöðu Hæstaréttar. Þó að niðurstaða Hæstaréttar væri talin skipta máli, hafi réttur Polaris hf. verið staðfestur með dóminum. Um ávísun á greiðslu gildi almennar reglur um framsal kröfuréttinda og verði ekki ráðið af lögum að gera þurfi sérstakar tryggingarráðstafanir til að tryggja slíkar ávísanir gagnvart skuldheimtumönnum framseljanda. Þótt dómur Hæstaréttar, sem staðfesti réttmæti kröfu Polaris hf., hafi fallið eftir að fyrra fjárnámið átti sér stað, verði ekki þar með sagt að krafa Polaris hf. hafi ekki verið til fyrir þann tíma, heldur þvert á móti. Því hafi Polaris hf. verið fullkomlega heimilt þann 25. júní 1993 að ávísa greiðslu til sóknaraðila.

Af framangreindum ástæðum telur sóknaraðili að ógilda beri fjárnámið frá 16. desember 1993 í kröfu til úthlutunar uppboðsandvirðis fasteignarinnar Aratúns 21, Garðabæ, og leggja fyrir sýslumanninn í Hafnarfirði að afhenda sóknaraðila greiðsluna.

VI.

Aðalkröfu sína um frávísun styður varnaraðili þeim rökum, að lagaskilyrði skorti til þess að krefjast úrlausnar héraðsdóms um fyrirliggjandi aðfarargerð. Vísar varnaraðili í því sambandi til 1. mgr. 92. gr. laga nr. 90/1989 um aðför. Þar sé að finna heimild fyrir málsaðila til að vísa ágreiningi um aðfarargerð til úrlausnar héraðsdómara. Heimild þessi taki einnig til þriðja manns, eigi hann hagsmuna að gæta. Heimild hans sé þó þeim takmörkunum háð, að hann geti einungis krafist úrskurðar héraðsdóms um aðfarargerð, hafi hann ekki mætt við framkvæmd hennar. Þessi skilningur komi skýrt fram í greinargerð með frumvarpi, sem varð að lögum nr. 90/1989. Tilgangur þessarar heimildar til handa þriðja manni sé að tryggja þeim, er ekki hafi haft tækifæri til þess að koma sjónarmiðum sínum að við gerðina sjálfa, rétt til endurskoðunar héraðsdóms. Þar sem sóknaraðili hafi mætt við gerðina sjálfa þann 16. desember 1993 og mótmælt framgangi hennar, beri að vísa málinu frá dómi ex officio. Við munnlegan flutning málsins mótmælti lögmaður sóknaraðila kröfu varnaraðila um frávísun málsins.

Varakröfu sína um staðfestingu fjárnámsgerðarinnar frá 16. desember 1993 byggir varnaraðili á því, að gerðin sé formlega rétt og málsaðila greini ekki á um réttmæti fjárkröfu varnaraðila á hendur Polaris hf. Með fjárnámi sýslumannsins í Reykjavík þann 3. nóvember 1993 hafi varnaraðili öðlast óbeinan eignarrétt yfir hluta af kröfu Polaris hf. til uppboðsandvirðis fasteignarinnar Aratúns 21, Garðabæ. Þar með hafi orðið aðilaskipti að hluta kröfunnar, sem tilkynnt hafi verið sýslumanninum í Hafnarfirði með bréfi, dags. 3. nóvember 1993, sbr. 2. mgr. 57. gr. laga nr. 90/1989. Af lagatæknilegum ástæðum hafi umdeild fullnustugerð í máli þessu verið nauðsynleg. Sú gerð sé að efnisniðurstöðu bundin þeirri fyrri og rökbundið framhald hennar. Þegar fjárnámið frá 3. nóvember 1993 fór fram, hafi krafa Polaris hf. til úthlutunar af söluandvirði eignarinnar verið til meðferðar hjá dómstólum. Að fenginni niðurstöðu Hæstaréttar, þar sem krafan var staðfest, varð í samræmi við skýr fyrirmæli 4. mgr. 57. gr. laga nr. 90/1989 að krefjast þess, að fjárnámið yrði endurupptekið og fjárnám gert í greiðslunni sjálfri.

Varnaraðili telur, að réttur hans, samkvæmt fjárnámi frá 3. nóvember 1993 í kröfu Polaris hf. og eftirfarandi fjárnám 16. desember 1993 í greiðslu kröfunnar gangi framar rétti sóknaraðila samkvæmt ávísun Polaris, dags. 25. júní 1993. Slík ávísun á greiðslu tryggi ekki óbeinan eignarrétt yfir kröfu og engin aðilaskipti verði að kröfunni. Ávísun sé loforð til handhafa hennar, að á gjalddaga kröfu eða þegar greiðsla sé innt af hendi, muni kröfuhafi afhenda handhafa greiðsluna og þannig losna undan skyldu sinni. Ávísunin tryggi handhafa hennar ekki rétt til að krefjast greiðslunnar sjálfur og hann geti ekki beitt skuldara neinum þeim vanefndaúrræðum, sem kröfuhafi, framsalshafi eða veðhafi kröfunnar geti beitt. Þetta megi enn fremur ráða af því, að kröfuhafi geti samið um kröfuna við skuldarann, fellt hana niður að hluta eða öllu, án þess að handhafi ávísunar tilvonandi greiðslu geti hindrað það á nokkurn hátt, andstætt því sem gildi um veðhafa kröfunnar.

Þá telur varnaraðili, að sóknaraðili haldi því fram fyrir dómi, eftir því sem við eigi og þjóni málstað hans, að hann eða Polaris hf. eigi þá kröfu, sem um er þrætt. Staðreynd málsins sé þó sú, að samkvæmt yfirlýsingu sóknaraðila sjálfs fyrir rétti í dómsmáli út af úthlutun uppboðsandvirðis fasteignarinnar Aratúns 21, Garðabæ, hafi Polaris hf. átt kröfuna, enda forsenda fyrir niðurstöðu Hæstaréttar. Það sé staðreynd, að Polaris hf. átti umrædda kröfu þegar fjárnám í henni fór fram í kjölfar úrskurðar undirréttar. Haldi sóknaraðili því fram, að hann hafi í raun átt kröfuna, sé hann að lýsa yfir því, að hann hafi gefið ranga yfirlýsingu fyrir rétti.

Við munnlegan flutning málsins hélt lögmaður varnaraðila því fram, að rangt hefði verið eftir sér bókað hjá sýslumanninum í Hafnarfirði við umdeilda fjárnámsgerð, þar sem segir, að framsal hafi ekki orðið virkt fyrr en með dómi Hæstaréttar 15. nóvember 1993. Framsali Polaris hf. til sóknaraðila á kröfu til uppboðsandvirðis fasteignarinnar Aratúns 21, Garðabæ, hafi ávallt verið eindregið mótmælt.

VII.

Þann 3. nóvember 1993 gerði sýslumaðurinn í Reykjavík fjárnám í kröfu Polaris hf. til úthlutunar uppboðsandvirðis fasteignarinnar Aratúns 21, Garðabæ, til tryggingar á skuld Polaris hf. við varnaraðila. Við þá aðfarargerð var hvorki mætt af hálfu gerðarþola né sóknaraðila. Varnaraðili krafðist endurupptöku gerðarinnar með bréfi, dags. 14. desember 1993, til að unnt væri að gera fjárnám í greiðslu kröfunnar, sbr. 4. mgr. 57. gr. laga nr. 90/1989 um aðför. Þá kröfu framsendi sýslumaðurinn í Reykjavík til sýslumannsins í Hafnarfirði að beiðni varnaraðila, svo sem honum var heimilt samkvæmt 3. mgr. 17. gr. laganna. Við þá gerð, sem fram fór 16. desember 1993, var mætt af hálfu sóknaraðila og fjárnámi í umræddri greiðslu mótmælt, en sóknaraðili átti sjálfstæðan rétt til endurupptöku gerðarinnar samkvæmt 2. mgr. 67. gr. laganna. Málarekstur þessi lýtur að þeirri gerð og ágreiningi aðila um hvort réttur sóknaraðila, samkvæmt ávísun gerðarþola, Polaris hf., dags. 25. júní 1993, gangi framar aðfararveði varnaraðila frá 3. nóvember 1993.

Samkvæmt 1. mgr. 92. gr. laga nr. 90/1989 um aðför er þriðja manni, sem hagsmuni hefur af aðfarargerð, heimilt að krefjast úrlausnar héraðsdómara um gerðina. Ótvírætt er, að þessi heimild er fyrir hendi óháð því, hvort viðkomandi aðili hefur mætt hjá sýslumanni við gerðina og andmælt henni. Verður því ekki fallist á aðalkröfu varnaraðila um frávísun málsins.

Svo sem áður er rakið var Polaris hf. úthlutað kr. 4.934.451 af uppboðsandvirði fasteignarinnar Aratúns 21, Garðabæ, á grundvelli veðtryggingarbréfs til tryggingar leigusamningi, dags. 11. mars 1988, um rekstur söluturns að Lækjargötu 8, Reykjavík. Til greiðslu á samningi þessum hafði leigutaki afhent Polaris hf. þrjú skuldabréf, hvert að fjárhæð kr. 2.000.000, en þau bréf framseldi Polaris hf. til sóknaraðila. Greiðslufall varð af bréfum þessum og leysti Polaris hf. þau til sín 25. júní 1993. Samdægurs ávísaði Polaris hf. til sóknaraðila fjárhæð þeirri, sem fyrirtækinu yrði hugsanlega úthlutað af uppboðsandvirði fasteignarinnar á grundvelli veðtryggingarbréfsins. Ætla verður að tilgangur þessara lögskipta Polaris hf. og sóknaraðila hafi verið að tryggja efndir við nauðungarsölu á fjárkröfu Polaris hf. vegna umrædds leigusamnings og að þeirri fullnustu yrði ráðstafað til sóknaraðila.

Í greindri ávísun Polaris hf. kemur fram, að greiðsla sú, sem kynni að fást af uppboðsandvirði, skuli ganga til greiðslu á skuldabréfi, að fjárhæð kr. 11.000.000, út gefnu af Nýja verslunarfélaginu hf. með sjálfskuldarábyrgð Polaris hf. Á það verður ekki fallist með sóknaraðila, að ávísun Polaris hf. hafi falið í sér framsal kröfuréttinda, heldur hafi verið um að ræða gerning, ætlaðan til tryggingar á efndum skuldabréfs, sem ávísunin sjálf tiltekur. Þar sem tilkynningu var ekki í tæka tíð beint til greiðanda, sýslumannsins í Hafnarfirði, kemur ekki til álita að stofnast hafi tryggingarréttindi, sem gangi framar aðfararveði varnaraðila. Eins og atvikum háttar gat ekki annað og meira falist í ávísuninni en áskorun Polaris hf. á greiðanda að ráðstafa til sóknaraðila því, sem kæmi til greiðslu. Hafnað er því kröfu sóknaraðila, að ógilt verði fjárnám sýslumannsins í Hafnarfirði frá 16. desember 1993 í greiðslu af uppboðsandvirði fasteignarinnar Aratúns 21, Garðabæ.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kr. 90.000 í málskostnað.

Benedikt Bogason dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfu varnaraðila, Vaessen-Schoemaker Chemische Ind. B.V., um frávísun málsins er hafnað.

Kröfu sóknaraðila, Vátryggingafélags Íslands hf., um að ógilt verði fjárnám sýslumannsins í Hafnarfirði frá 16. desember 1993 í greiðslu

Polaris hf. af uppboðsandvirði fasteignarinnar Aratúns 21, Garðabæ, er hafnað.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kr. 90.000 í málskostnað.

Þriðjudaginn 19. apríl 1994.

Nr. 168/1994. **Ákæruvaldið**
gegn
Ólafi Gunnarssyni
(Páll A. Pálsson hrl.)
Þorgeiri Jóni Sigurðssyni
Helga Ólafssyni
Jóhanni Tómasi Zimsen
Þorsteini Sæmundssyni
Guðlaugi Tryggva Stefánssyni
Guðmundi Gesti Sveinssyni
Jónasi Páli Guðlaugssyni
Herbirni Sigmarssyni
Arnari Reynissyni
Jóhanni Jónmundssyni
Vilhjálmi Svan Jóhannssyni
Halldóri Margeiri Ólafssyni
Ingu Árnadóttur
Einari Guðjóni Einarssyni
Knúti Arnari Hilmarssyni
Jónasínu Þórðardóttur og
Ólafi Jóhannssyni

Kærumál. Réttarstaða sakbornings.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 12. apríl 1994, og barst hún réttinum sama dag. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og synjað verði þeim kröfum verjenda ákærðu, að ákærðu fái að vild að kynna sér dómskjöl eftir þingfestingu málsins, áður en kemur að yfirheyrslum yfir þeim fyrir dómi.

Varnaraðilar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

I.

Fyrir gildistöku laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála var það meginregla, að dómari kynnti sökunaut efni fram lagðra gagna í opinberu máli, þegar er honum þótti það mega verða án hættu á því, að vitneskja hins sakaða þar um yrði notuð til þess að torvelda eða seinka rannsókn máls, og aldrei síðar en í lok rannsóknar fyrir dómi, sbr. 78. gr. laga nr. 74/1974. Með hinum nýju lögum hafa dómsrannsóknir í fyrri mynd verið lagðar niður, en dómur verður byggður á sönnunargögnum, sem fram eru færð við meðferð máls fyrir dómi, sbr. 1. mgr. 48. gr. laga nr. 19/1991. Sönnunarbyrði um sekt sakbornings hvílir eftir sem áður á ákæruvaldinu, sbr. 45. gr. laganna.

Eftir núgildandi réttarfarsreglum á sökunautur rétt á að kynna sér til hlítar við upphaf málsmeðferðar fyrir dómi, á hverju málatilbúnaður ákæruvalds á hendur honum er reistur. Sú regla getur eftir efni máls sætt nokkrum afbrigðum. Í 1. mgr. 43. gr. laga nr. 19/1991 er mælt fyrir um rétt verjanda til þess að fá, jafnskjótt og unnt er, endurrit af öllum málskjölum og aðstöðu til að kynna sér þau gögn, sem ekki verða endurrituð. Í ákvæðinu segir jafnframt, að ekki megi „láta sakborningi í té eintak af endurriti eða kynna honum efni þess, nema dómari eða rannsóknari samþykki“. Þetta lagaákvæði tekur bæði til mála á rannsóknarstigi og málsmeðferðar fyrir dómi. Samkvæmt 2. mgr. 122. gr. laganna skal ákærði spurður um það við þingfestingu máls, hvort hann játi efni ákæru rétt, og skal honum þá „eftir atvikum“ kynnt efni fram lagðra skjala, ef hann er viðstaddur.

Lög um meðferð opinberra mála byggjast á þeirri grundvallarreglu, að staða ákæruvalds og sakborninga fyrir dómi sé jöfn. Það fer ekki í bága við sjónarmið um jafnræði og réttláta dómsmeðferð, að sakborningur verði yfirheyrður um sakarefni fyrir óháðum dómstóli, áður en hann kynnir sér skjöl málsins, þar á meðal framburð annarra sökunauta, enda standi réttmætar og efnislegar ástæður til þess. Ákæruvaldinu kynni að öðrum kosti að vera gert ókleift að sinna hlutverki sínu um sönnunarfærslu. Verjendur ákærðra manna eiga hins vegar skýlausan rétt til að kynna sér öll gögn máls á hverju stigi þess, og gæta þeir þannig lögvarinna hagsmuna skjólstæðinga sinna.

II.

Í greinargerð sinni til Hæstaréttar segir ríkissaksóknari meðal annars:

„Í því máli sem hér um ræðir eru 18 menn ákærðir fyrir brot gegn löggjöf um ávana- og fíkniefni, þar af 3 þeirra fyrir stórfelld brot, auk þess sem nokkrir eru ennfremur ákærðir fyrir skjalafals og auðgunarbrot. Um er að ræða innflutning á miklu magni fíkniefna hingað til lands í mörgum ferðum og ráðstöfun efnanna hér á landi. Í sumum tilvikum gætir verulegs ósamræmis í framburði ákærðu, einkum varðandi efnismagn, svo og um hlut ákærðu í einstökum þáttum málsins. Telja verður, að mál þetta hafi að þessu leyti mikla sérstöðu. Einungis hefur verið lagt hald á lítinn hluta þeirra efna, sem ætlað er að ákærðu hafi flutt til landsins. Sýnileg sönnunargögn eru af þeim sökum mjög af skornum skammti, sem leiðir til þess að framburður ákærðu og vitna fyrir dómi fá aukið vægi við sönnunarfærslu í málinu. Fari svo að ákærðu verði heimilað að kynna sér skjöl málsins að vild á þessu stigi býður það tvímælalaust heim þeirri hættu, að ákærðu leggi mat á sönnunarstöðu málsins og muni fyrir dómi aðlaga framburð sinn framburði annarra, eftir því sem henta þykir. Með þessu gætu ákærðu spillt sönnunarfærslu í málinu og torveldað og seinkað dómsmeðferð þess.“

Eins og mál þetta horfir við, verður á það fallist, að ákæruvaldið hafi fært fram réttmætar og efnislegar ástæður fyrir kröfu sinni.

III.

Samkvæmt framansögðu verður hinn kærði úrskurður felldur úr gildi og þeim kröfum verjenda ákærðu hafnað, að ákærðu fái að kynna sér að vild skjöl málsins, áður en þau hafa verið yfirheyrð fyrir dómi.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Ákærðu, Ólafi Gunnarssyni, Þorgeiri Jóni Sigurðssyni, Helga Ólafssyni, Jóhanni Tómasi Zimsen, Þorsteini Sæmundssyni, Guðlaugi Tryggva Stefánssyni, Guðmundi Gesti Sveinssyni, Jónasi Páli Guðlaugssyni, Herbirni Sigmarssyni, Arnari Reynissyni, Jóhanni Jónmundssyni, Vilhjálmi Svan Jóhannssyni, Halldóri Margeiri Ólafssyni, Ingu Árnadóttur, Einari Guðjóni Einarssyni, Knúti Arnari Hilmarssyni, Jónasínu Þórðardóttur og Ólafi Jóhannssyni, er óheimilt að kynna sér fram lögð skjöl málsins, áður en þau verða hvert fyrir sig yfirheyrð fyrir dómi.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 12. apríl 1994.

Ár 1994, þriðjudaginn 12. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður í málinu nr. S-189/1994: Ákæruvaldið gegn Ólafi Gunnarssyni o.fl.

Málsatvik.

Hinn 8. þ.m. var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur framangreint mál ákæruvaldsins gegn 18 einstaklingum.

Við þingfestingu málsins óskuðu verjendur eftir afstöðu ákæruvaldsins til þess hvort einstökum ákærðum aðilum málsins væri ekki heimilt að kynna sér fram lögð dómskjöl.

Fulltrúi ákæruvaldsins lýsti því þá yfir og vísaði til 2. ml. 1. mgr. 43. gr. laga nr. 19/1991 (lögin hér á eftir skammstöfuð oml.) að skilningur ákæruvaldsins væri sá, að ákærðu hefðu ekki heimild til að kynna sér fram lögð dómskjöl fyrr en að lokinni dómsyfirheyrslu hvers og eins hinna ákærðu. Fulltrúi ákæruvaldsins lýsti því jafnframt yfir að það væri mat ákæruvaldsins að slíkir rannsóknarhagsmunir væru enn fyrir hendi í máli þessu, að ekki væru efni til, að einstakir ákærðir aðilar fengju heimild til að kynna sér dómskjölin fyrr en að lokinni dómsyfirheyrslu hvers og eins.

Vegna afstöðu ákæruvaldsins gerðu verjendur ákærðu þá kröfu að dómarinn úrskurðaði um heimild einstakra ákærðra aðila til að kynna sér dómskjöl að vild og eftir atvikum í samráði við verjendur sína.

Verjendur töldu tilvísun ákæruvaldsins í 43. gr. oml. ekki eiga við eftir þingfestingu máls, heldur eigi lagagreinin aðeins við um svokallaða rannsóknarhagsmuni á frumstigi máls meðan mál sætir rannsókn lögreglu. Verjendur töldu skilning ákæruvaldsins andstæðan jafnræðisreglu opinbers réttarfars og ekki í samræmi við 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu.

Niðurstöður.

Í 2. ml. 1. mgr. 43. gr. oml., sem ákærandinn vísaði til, segir m.a., að ekki megi láta sakborningi í té eintak af endurriti eða kynna honum efni þess nema dómari eða rannsóknari samþykki.

Dómurinn telur að þessi lagagrein eigi ekki við eftir útgáfu ákæru og þingfestingu máls. Þessu til stuðnings má nefna að notað er hugtakið rannsóknari, sem notað er um þann sem stýrir rannsókn máls (hjá lögreglu), en það gæti verið starfsmaður ákæruvalds, sjá hér 4. mgr. 66. gr. oml. Eftir útgáfu ákæru er venjulega notað hugtakið ákærandi um þann, sem fer með mál af hálfu ákæruvaldsins, sbr. 31. gr. oml. og ýmis ákvæði í XV. kafla oml. um ákæranda eftir þingfestingu máls. Þá er notað hugtakið sakborningur í 2. ml. 1. mgr. 43. gr. oml., en eftir útgáfu ákæru nefnist sá, sem áður var sakborningur, ákærði, sbr. 1. mgr. 119. gr. oml.

Þótt sum ákvæði í VI. kafla oml. eigi bæði við mál á rannsóknarstigi lögreglu og um dómsmeðferðina telur dómurinn ekki unnt að skýra 2. ml. 1. mgr. 43. gr. oml. þannig að þar sé um að ræða heimild til að koma í veg fyrir að ákærður maður fái að sjá öll dómskjöl. Helgast þessi skoðun dómsins af ofanrituðum athugasemdum við hugtakanotkun í nefndri 43. gr. oml. og jafnframt af því, sem síðar segir um afstöðu ákæruvaldsins til kröfugerðar verjendanna.

Auk þess að vísa til 43. gr. oml. svo sem rakið var, vísaði kærandinn til þess til stuðnings afstöðu ákæruvaldsins, að í máli þessu væru uppi slíkir rannsóknarhagsmunir að ekki væri unnt að fallast á heimild einstakra ákærðra manna til að kynna sér sakargögn fyrr en að lokinni dómsyfirheyrslu.

Í máli þessu eru 18 einstaklingar ákærðir. Mjög margir þeirra sættu gæsluvarðhaldi á rannsóknarstigi málsins og þá allir í fyrstu vegna rannsóknarhagsmuna. Allir þessir aðilar hafa nú verið leystir úr haldi utan einn, sem enn sætir gæsluvarðhaldi, en það gæsluvarðhald er ekki grundvallað á rannsóknarhagsmunum, heldur á grundvelli 2. mgr. 103 gr. oml.

Í þessu sambandi er rétt að vísa til 112. gr. oml., þar sem segir, að er ákærandi hefur fengið í hendur gögn máls og gengið úr skugga um að rannsókn sé lokið, athugi ákærandinn hvort sækja skuli mann til sakar eða ekki. Telji ákærandinn það, sem fram er komið, ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis, á hann að láta við svo búið standa, en ella leggja málið fyrir dóm skv. 116. gr. oml.

Dómurinn telur skv. þessu að með útgáfu ákæru hafi af hálfu ákæruvaldsins verið tekin afstaða til þessa og því í raun lýst yfir að rannsókn máls sé lokið. Dómsmeðferðin er hins vegar eftir. Eftir útgáfu ákæru og þingfestingu máls er því ekki um neina rannsóknarhagsmuni að ræða eins og á rannsóknarstigi máls.

Í 2. mgr. 122. gr. oml. segir, að við þingfestingu máls skuli ákærði spurður, hvort hann játi efni ákæru rétta, og honum eftir atvikum kynnt efni fram lagðra skjala. Hafi ákærði ekki verið viðstaddur, skal kynna honum skjölin í þinghaldi, þegar ákærði kemur fyrst fyrir dóm eftir þingfestingu máls. Í þessu sambandi skiptir engu máli þótt ákærði hafi ekki verið yfirheyrður fyrir dómi um meint sakarefni.

Ýmis ákvæði oml. hafa að geyma ákvæði, sem eiga að tryggja jafnræði aðila. Dómurinn telur, að jafnræði aðila yrði mjög skert, ef ákærður aðili mætti ekki kynna sér dómskjöl. Jafnræði yrði ekki náð þótt skipaður verjandi mætti kynna sér skjölin og hefði þau undir höndum.

Þá má benda á 2. mgr. 34. gr. oml., sem gerir ráð fyrir því að aðili flytji mál sitt sjálfur. Ótækt væri að hann fengi ekki að sjá skjöl málsins fyrr en að lokinni dómsyfirheyrslu. Jafnræði væri þá alls ekki með aðilum.

Dómurinn telur þannig skv. því, sem nú hefur verið rakið, engin ákvæði í oml. fela í sér heimild til að koma í veg fyrir að ákærðir aðilar máls kynni sér fram lögð dómskjöl.

Ekki er á þessu stigi máls, eftir útgáfu ákæru og eftir þingfestingu, neinum rannsóknarhagsmunum fyrir að fara, sem heimila eða réttlæta slíkt, svo sem ákæruvaldið telur. Í þessu sambandi skal tekið fram, að dómurinn telur engu skipta hver afstaða einstakra ákærðu til meints sakarefnis er.

Þvert á móti telur dómurinn að þau atriði, sem rakin voru að framan, og reyndar fleiri tryggi, að ákærðir aðilar eigi rétt á að kynna sér fram lögð gögn, og reyndar er dómara skylt að sjá til þess, að gögnin séu kynnt, sbr. 2. mgr. 122. gr. oml.

Vegna alls þessa er krafa verjenda ákærðu í málinu nr. S-189/1994 tekin til greina og er ákærðu heimilt að kynna sér dómskjöl að vild.

Úrskurðarorð:

Ákærðu í málinu S-189/1994 er heimilt að kynna sér dómskjöl málsins að vild.

Fimmtudaginn 28. apríl 1994.

Nr. 312/1993. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Níelsi Adolf Ársælssyni
(Skúli Th. Fjeldsted hrl.)

Sjóslys. Manndráp af gáleysi. Réttindasvipting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Hjörtur Torfason.

Ákærði hefur áfrýjað máli þessu í heild sinni, og var því af hálfu ákæruvalds skotið til Hæstaréttar með stefnu 7. júlí 1993. Krefst ákæruvaldið staðfestingar á sakfellingu ákærða og þyngingar á refsingu hans ásamt lengingu á sviptingartíma skipstjórnarréttinda. Ákærði krefst aðallega sýknu af 1. lið ákæru ásamt því, að honum verði ekki gerð refsing eða réttindasvipting vegna sakarefna samkvæmt öðrum ákæruliðum.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöður hans um annað en sviptingu skipstjórnarréttinda, sem verði 2 ár frá birtingu dóms þessa. Tekur sviptingin bæði til réttinda skipstjóra og stýrimanns.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, svo sem um er mælt í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Níels Adolf Ársælsson, sæti varðhaldi 2 mánuði, en fresta skal fullnustu þeirrar refsingar og hún falla niður að liðnum 2 árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði 250.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 60 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur skipstjórnarréttindum í 2 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Skúla Th. Fjeldsted hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dómur Siglingadóms 10. maí 1993.

Málið var fyrst dómtekið 17. mars sl. Að tilmælum fulltrúa ríkissaksóknara ákvað dómurinn að taka málið til framhaldsmeðferðar og fór hún fram 27. apríl sl. Málið var dómtekið á ný þann dag.

Dómarar voru Friðgeir Björnsson dómsformaður og samdómendurnir Hrafnkell Guðjónsson, Jóhannes Ingólfsson, Sveinn B. Hálfdánarson og Þorgeir Pálsson.

Málið var höfðað fyrir Siglingadómi með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 4. desember 1991, „á hendur Níelsi Adolf Ársælssyni skipstjóra, Hamraborg, Tálknafirði, fæddum 17. september 1959, fæðingarnúmer 566, fyrir eftirgreind brot:

1.

Fyrir að hafa um kl. 04.30 aðfaranótt þriðjudagsins 5. júní 1990 sem skipstjóri mb. Eleseusar BA-328, 41 brúttólestar stálbáts, við dragnótaveiðar undan Blakkanesi í mynni Patreksfjarðar með yfirsjónum og vanrækslu orðið valdur að árekstri mb. Eleseusar og mb. Sæfugls BA-52, 6,14 brúttólesta trébáts, með því að halda ekki vörð í stjórnpalli er hann sigldi Eleseusi á mb. Sæfugl, þrátt fyrir það að ákærði hafi skömmu áður séð Sæfugl framan við Eleseus með skipverja að handfæraveiðum, með þeim afleiðingum að Sæfugl sökk nær samstundis og Haraldur Ólafsson, kt. 100324-2299, sem var einn á bátnum, lenti í sjónum skamma stund og lést af kulda og vosbúð. Telst þetta varða við 1. mgr. 238. gr. siglingalaga nr. 34/1985 og 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2.

Siglt mb. Eleseusi óhaffærum í ofangreindri veiðiferð, sem hófst að kvöldi 4. júní, með því að hafa ekki stýrimann um borð.

Telst þetta varða við 1. mgr. 6. gr. siglingalaga og 3. gr., 3. tl. 4. gr., sbr. 36. gr. laga um eftirlit með skipum nr. 51/1987, sbr. 4. gr., lið I a, laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna nr. 112/1984.

3.

Vanrækt að lögskrá breytingar á skipshöfn mb. Eleseusar frá síðustu lögskráningu á bátinn 14. janúar 1990 allt til 6. júní sama ár en í ofangreindri veiðiferð voru 3 skipverja mb. Eleseusar ekki lögskráðir á bátinn og einn skipverji, sem lögskráður var 14. janúar, hafði ekki verið skráður úr skiprúmi.

Telst þetta varða við 6. gr., sbr. 17. gr. laga um lögskráningu sjómanna nr. 43/1987.

4.

Vanrækt á síðastgreindu tímabili að halda dagbók um borð í mb. Eleseusi.

Telst þetta varða við 8. gr., sbr. 1. mgr. 9. gr., og 234. gr. siglingalaga, sbr. 1. mgr. 1. gr., 4. gr. og 12. gr. reglna um skipsbækur nr. 138/1986.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar skipstjórnarréttinda samkvæmt 3. mgr. 238. gr. siglingalaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Sækjandi málsins, Guðjón Magnússon, fulltrúi ríkissaksóknara, gerði sömu dómkröfu og í ákæru greinir.

Verjandi ákærða, Skúli Th. Fjeldsted hrl., krafðist eindregið sýknu, en að öðrum kosti, að vægustu refsingu, sem lög heimiluðu, yrði beitt.

Ákærði hefur II. stigs skipstjórnarpróf frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík frá árinu 1979. Skipstjóraréttindi fékk hann í mars 1982 og var skírteini hans gefið út af tollstjóranum í Reykjavík.

Ákærði var skipstjóri á bátnum Eleseusi BA-328 og fór í róður á honum frá Tálknafirði 4. júní 1990 með dragnót. Skipið er 41 rúmlest. Auk skipstjóra voru skipverjar 6 í þessum róðri. Enginn stýrimaður var í róðrinum, en ákærði segir stýrimanninn hafa verið í leyfi er í róðurinn var farið. Af skipverjum í þetta sinn voru einungis 4 lögskráðir. Skipsdagbók var ekki haldin.

Stýrishúsið á Eleseusi er í framanverðu skipinu. Þegar sá atburður varð, sem 1. liður ákæru nær til, var ákærði einn í brú, en aðrir skipverjar á dekki aftan við stýrishúsið og sáu ekki er skipin rákust saman. Ákærði er einn til frásagnar um þann atburð.

Ákærði kvaðst hafa m.a. farið „út á Núpa“, sem er veiðislóð á Patreksfjarðarflóa, og kastað þar. Þar hafi hann séð bátinn Sæfugl BA-52 á handfærum. Þessi bátur hafi verið mjög nærri annað slagið, en stundum fjær, en hann hafi verið að „kippa af og til“ og virst vera að leita að lóðningum. Hann hafi séð mann um borð í bátnum og allt hafi þar virst með eðlilegum hætti. Ákærði sagði að áður en hann tók fyrsta kastið hefði hann keyrt mjög nálægt Sæfugli en hann hafi verið að leita að lífi þarna í kring.

Ákærði kastaði í annað sinn og kvaðst hafa látið baujuna fara 2,65 mílur í Blakk og 5,5 mílur í Tálkna og siglt 240° misvísandi og haldið þeirri stefnu þar til hann hafi lent í árekstri við Sæfugl. Þá hafi hann verið kominn 2,4 mílur í Blakk og 5,4 mílur í Tálkna.

Það, sem að framan er rakið, er byggt á lögregluskýrslu, sem lögreglan í Barðastrandarsýslu tók af ákærða 5. júní 1990. Í sjóprófi, sem haldið var daginn eftir af fulltrúa sýslumannsins í Barðastrandarsýslu, staðfesti ákærði, að rétt hefði verið eftir sér haft í lögregluskýrslunni. Enn fremur segir í endurriti sjóprófs, að ákærði hafi verið prófaður sjálfstætt um málefnið, og hafi hann skýrt frá í fullu samræmi við lögregluskýrsluna.

Í lögregluskýrslunni segir m.a. þetta orðrétt:

> „Mætti kveðst hafa séð Sæfugl um 10 gráður á bakborða er hann lét baujuna fara og síðan kveðst hann hafa fylgst með honum á meðan hann lætur vírinn renna út sem festur var í áðurnefnda bauju. Mætti kveðst sigla á 7 til 8 mílna ferð þegar hann lætur vírinn renna út og þegar mætti er hálfnaður með kastið, búinn að setja 250 faðma út af vírnum sem er 520 faðma langur, þá er Sæfugl 20 gráður á bakborða 50–100 faðma framan við Eleseus og kveðst mætti hafa séð að maðurinn á Sæfugli var að skaka, séð að hann var með færin úti og var hann sjálfur við þau og kveður mætti Sæfugl hafa verið búinn að vera á sama stað og kyrr (sic) frá því að mætti byrjaði að kasta.
>
> Mætti kveður sjálfstýringuna hafa verið á allan tímann í köstuninni og kveðst mætti, þegar hér var komið sögu, hafa farið í afturhluta brúarinnar á Eleseusi, þar sem stjórntækin eru fyrir togspilið, til þess að fylgjast með útspiluninni á vírnum. Mætti kveðst hafa verið þar ca hálfa mínútu en síðan gengið fram að brúarstólnum, þar sem siglingatækin eru í bátnum, en í sömu andrá og hann kveðst hafa komið fram, kveðst hann hafa séð Sæfugl koma siglandi, þvert á bakborða framan við bátinn. Mætti kveðst hafa sett á ferð aftur á bak um leið og hann kveðst hafa séð bátinn en um leið kveðst hann hafa lent með stefni Eleseusar á stjórnborðskinnung Sæfugls á miðjum bátnum að því er mætti kveðst halda. Mætti kveðst ekkert hafa séð þá til mannsins um borð í Sæfugli og kveðst telja að það hafi verið vegna þess að stefnið á Eleseusi er hærra en stýrishúsið á Sæfugli. Þegar þetta skeð-

ur er Eleseus á 7 til 8 mílna ferð þar sem mætti náði rétt að grípa í olíugjöfina um leið og báturinn skellur á Sæfugli.“

Ákærði sagði í sjóprófi að Sæfugl hefði verið kyrrstæður hálfri mínútu áður en áreksturinn varð, en hann hafi talið bátinn vera á veiðum. Þá hafi báturinn verið í u.þ.b. 100 metra fjarlægð 20° á bakborða. Ákærði taldi Sæfugl hafa verið á 5–6 sjómílna hraða. Ákærði sagði enn fremur, að hann hefði ætlað að sigla um 150 metra frá Sæfugli fram hjá honum, þótt hann hafi ekki beinlínis verið búinn að ákveða það.

Ákærði sagði í Siglingadómi að hann hefði haft sjálfstýringuna á þegar hann kastaði. Sjálfstýringin væri stillt við höfuðáttavita skipsins sem væri segulkompás og hefði hann verið nýyfirfarinn og stilltur. Hann tæki stefnuna og stillti sjálfstýringuna eftir henni. Sjór hefði verið sléttur, ekkert hefði truflað sjálfstýringuna og báturinn hefði ekkert rásað.

Samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands var í Breiðuvík 4. júní 1990 VNV 1, léttskýjað, skyggni 50 km og dálítill sjór, en 5. júní var logn, skýjað, skyggni 30 km og sjólítið. Í Kvígindisdal hinn 4. júní var logn, skýjað, skyggni 65 km og sjór ládauður. Hinn 5. júní var sama veður nema alskýjað.

Ákærði kvað ástæðu þess, að hann hefði siglt svo nærri Sæfugli, vera þá, að hann hefði þurft að gæta þess að lenda ekki með veiðarfærin á hraunbrún, en þó sem næst henni, þar sem hún mætti hörðum botni, en á þessum mörkum hefði Sæfuglinn verið staddur.

Ítrekað spurður fyrir Siglingadómi sagði ákærði, að skipverjinn á Sæfugli hefði staðið við færavindu bátsins þegar hann hefði séð hann eftir að hafa verið hálfnaður með kastið en kvaðst ekki geta fullyrt hvort hann hefði verið að skaka. Skipverjinn hefði ekki verið í stýrishúsinu. Eftir u.þ.b. hálfa mínútu hefði hann séð Sæfugl koma siglandi á bakborða fyrir framan Eleseus og á 5 til 8 mílna ferð og svo til á sömu stundu hefðu skipin lent saman. Ákærði kvaðst þá hafa bakkað.

Ákærði sagði að hann hefði séð skipverjann á Sæfugli koma syndandi aftur með bakborðskinnungi Eleseusar. Bjarghring hefði verið kastað til hans sem hann hefði ekki náð, en þeim næsta, sem kastað var, hefði hann náð. Þá hefði skipverjinn verið um 2 metra frá skipinu, miðskips bakborðs megin. Vel hefði gengið að ná skipverjanum um borð og hefði hann ekki verið nema eina til eina og hálfa mínútu í sjónum. Ákærði kvaðst hafa lagt skipverjann á dekkið og spurt hann að því hvort hann hefði verið einn á bátnum og fleiri skipverjar hefðu spurt hins sama. Skipverjinn hefði svarað því játandi. Strax eftir það hefði skipverjinn fengið hjartaáfall. Lífgunartilraunir hefðu verið hafnar og hann hefði hringt í stjórnstöð Landhelgisgæslunnar og beðið um þyrlu með lækni um borð. Vandkvæði hefðu verið talin á því, en þyrla kom engu að síður með lækni um kl. 6.50, en atburðurinn varð kl. 5.22. Ákærði kvað lífgunartilraunum hafa verið haldið áfram af skipverjum þar til þyrla hafi komið með lækni. Einnig kom læknir með bát frá Patreksfirði. Ákærði kvað læknana hafa úrskurðað að maðurinn hefði látist fyrir þó nokkuð löngum tíma.

Skipverjinn á Sæfugli hét Haraldur Ólafsson.

Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu bað um réttarkrufningu og fór hún fram 6. júní. Ályktun í skýrslu um réttarkrufningu, sem er undirrituð af Gunnlaugi Geirssyni prófessor í réttarlæknisfræði, er svohljóðandi:

> „Samkvæmt því, sem fram kemur í lögregluskýrslum, svo og því er fannst við krufninguna má álykta að maðurinn hafi látist af vosbúð og kulda er hann féll í kaldan sjó. Engin merki drukknunar fundust. Maðurinn var með hægfara bólgusjúkdóm og skemmdir í lungum af þeim sökum (emphysema) og einnig var hann með hjartastækkun og þrengingu í kransæðum. Telja má að sjúkdómur í lungum og hjarta hafi verið slíkir að hann hafi þolað miður áhrif kuldans og geta því hafa verið meðverkandi í dauða hans.“

Neðansjávarmynd (video) var tekin af flaki Sæfugls. Á henni sést ákomustaður á stjórnborðssíðu. Hann er skýrt afmarkaður líkt og þar hafi verið höggvið skarð inn í bol bátsins. Sitt hvorum megin við ákomustaðinn er ekki að sjá skemmdir sem bent gætu til þess að skipin hefðu núist saman á ferð. Línur frá tveim færavindum liggja út frá bátnum nokkuð langt að því er virðist, en færavindurnar eru bakborðs megin. Líkur eru til að Haraldur heitinn hafi snúið baki í átt til Eleseusar þar sem hann stóð við færavindu en þar kveður ákærði hann hafa staðið.

Með bréfi, dags. 15. október sl., báðu saksóknari og verjandi um dómkvaðningu matsmanna og er bréf þeirra svohljóðandi:

> „Með vísan til 1. mgr. 63. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, förum við undirritaðir þess á leit við Siglingadóm að hann dómkveðji 2 kunnáttumenn til að skoða og meta bátsvél af gerðinni Bukh, 36 ha, árgerð 1989, sem nú er í vörslu lögreglunnar í Reykjavík á vegum rannsóknarnefndar sjóslysa.
>
> Vélin er talin vera úr mb. Sæfugli BA-52, sem sökk í árekstri við mb. Eleseus BA-328 5. júní 1990. Kom vélin upp úr sjó í veiðarfærum báts 15. júlí sl.
>
> Þess er óskað að matsmennirnir láti í té skriflegt og rökstutt álit sitt um hvort sjá megi á vélinni hvort hún hafi verið í gangi er báturinn sökk og hvort vélin hafi verið í gír.
>
> Hjálagt fylgja skýrslur lögreglunnar í Barðastrandarsýslu 21. júlí og

25. ágúst sl. og athugasemdir frá rannsóknarnefnd sjóslysa, dags. 20. júlí sl.“

Hinn 29. október voru þeir Andrés Guðjónsson, fyrrverandi skólameistari, og Þórir H. Konráðsson vélstjóri dómkvaddir til þess að framkvæma hið umbeðna mat.

Í skýrslu lögreglunnar í Barðastrandarsýslu, dags. 21. júlí 1992, kemur fram, að umrædd vél hafi komið upp í dragnót Ýmis BA frá Bíldudal miðvikudagsmorguninn 15 s.m. og að fulltrúi ríkissaksóknara hefði óskað eftir því, að hún yrði höfð í geymslu, þangað til annað yrði ákveðið, einnig að fulltrúi ríkissaksóknara hefði óskað eftir því að kannað yrði hvort ekki væri öruggt að umrædd vél væri úr Sæfugli BA-52. Samkvæmt upplýsingum skipstjórans á Ými var staðarákvörðun bátsins, þegar vélin kom upp, 654055 N og 241575 V, lengd og breidd. Þá segir í skýrslunni að enginn vafi leiki á því að umrædd vél sé úr öðrum báti en Sæfugli BA, þar sem ekki sé vitað til þess, að annar bátur hafi sokkið í Patreksfjarðarflóa á síðustu árum.

Í athugasemdum frá rannsóknarnefnd sjóslysa segir að samkvæmt skipaskrá sé vélin af tegundinni Bukh 36 ha, árgerð 1989.

Í vottorði Siglingamálastofnunar ríkisins, dags. 16. mars 1993, sem lagt var fram á dómþingi 17. mars sl. segir eftirfarandi:

> „Það vottast hér með að ranglega er skráð í skrá yfir opna vélbáta frá 1. janúar 1991 vélartegund og vélarstærð í Sæfugli BA-52, skipaskrárnr. 5441. Hið rétta er að í Sæfugli BA-52 var Bukh-vél, 36 hö, eins og kemur fram í skoðunarskýrslu dags. 22. júní 1989 undirskrifaðri af Kristni Haraldssyni, en ekki Lister-vél 16 kw eins og stendur í áðurnefndri skrá yfir opna vélbáta, sjá meðfylgjandi.“

Skoðunarskýrsla þessi hefur verið lögð fram í málinu.

Í sama þinghaldi voru lögð fram endurrit af skýrslum sem teknar voru af Sölva Sölvasyni, fulltrúa sýslumannsins á Patreksfirði, 16. mars sl.

Fyrir dóminn kom Júlíus Ólafsson, bróðir Haralds heitins Ólafssonar. Eftir honum er m.a. eftirfarandi skráð:

> „Mætti segir svo frá að Björn Björnsson, Brunnum 11, Patreksfirði, hafi keypt umræddan bát, Sæfugl, til Patreksfjarðar einhvern tíma upp úr 1980, og þá hafi báturinn verið vélarlaus. Síðan hafi Björn sett í bátinn vél af Bukh-gerð. Haraldur hafi síðan keypt bátinn af Birni, sennilega 1988 eða 1989. Haustið 1989 hafi Bukh-vélin brætt úr sér. Báturinn hafi þá verið uppi á kambi frá hausti 1989 fram á vor 1990. Þá hafi Haraldur keypt vél af Perkins-gerð, ca. 75–85 ha vél, af Aðalsteini Guðmundssyni, sem þá bjó í Aðalstræti, Patreksfirði. Svavar

Guðbjartsson, Örlygshöfn, Rauðasandshreppi, hafi síðan vorið 1990, sennilega í apríl, sett Perkins-vélina í bátinn, og hafi tekið hina úrbræddu Bukh-vél upp í laun fyrir sína vinnu. Þessi Perkins-vél hafi síðan verið í Sæfugli BA-52 er báturinn fórst 5. júní 1990. Mætti kveðst ekki í neinum vafa um þetta.“

Framangreindur Björn Björnsson kom fyrir fulltrúa sýslumanns og er skýrsla hans á sömu lund og skýrsla Júlíusar. Björn kvaðst vera viss um að Perkins-vélin hefði verið í bátnum, þegar hann fórst.

Svavar Guðbjartsson kom fyrir fulltrúa sýslumanns og kvað hann það vera rétt sem komið hefði fram í skýrslum Júlíusar og Björns. Síðan segir í skýrslunni:

> „Hann (þ.e. Svavar) hafi sett vél af Perkins-gerð, 74 ha., í Sæfugl BA-52 um vorið 1990. Þá hafi hann tekið Bukh-vélina úrbrædda upp í vinnulaun, gert hana upp og selt Herberti Andersen, Efri-Arnórsstöðum, og Valgeiri Davíðssyni, Hvammi, báðum í Barðastrandarhreppi. Mætti kveðst þess fullviss, að sú vél, er hann setti í bátinn, Perkins-vélin, hafi verið í honum er hann fórst þann 5. júní 1990.“

Vottorð Siglingamálastofnunar og framangreindar lögregluskýrslur urðu til þess að fulltrúi ríkissaksóknara lagði ekki fram matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna 17. mars sl., þar sem hann taldi að til skoðunar hefði verið önnur vél en sú sem í Sæfugli var er hann sökk.

Við framhaldsmeðferð málsins 27. apríl sl. lagði fulltrúi ríkissaksóknara fram umrædda matsgerð ásamt fleiri gögnum. Í matsgerðinni segir m.a. þetta:

> „Vélin er talin vera af Bukh-gerð, 36 ha, árgerð 1989, 4 strokka, í línu, sennilega af gerðinni 4K 105 Marineudstyr.
>
> Skoðunarbeiðandi bað um skriflegt rökstutt álit á því hvort sjá megi á vélinni hvort hún hafi verið í gangi þegar báturinn sökk og hvort hún hafi verið í gír. Álit okkar er að það séu líkur til þess að vélin hafi ekki verið í gangi þegar báturinn sökk.
>
> 1. Við skoðun og mælingar á vélinni bendir ekkert til þess að hún hafi orðið fyrir vatnsslagi. Stimplar voru jafnháir sem bendir til þess að stimpilstangir séu ekki bognar. Boltar sem herða niður strokklok voru allir með svo til sömu herslu sem bendir ekki til tognunar.
> 2. Ró á eldsneytisröri að eldsneytisloka nr. 4 var ekki hert, hún var ekki skrúfuð upp á eldsneytislokann heldur rétt tyllt. Gengjur og kónn voru með ryðlit sem og hrúðri, sem bendir til þess að þetta hafi verið lengi í þessu ástandi. Það má því álíta að það hafi ein-

> hver verið að vinna við vélina þegar báturinn sökk. Strokkfóðringin er ekki með sömu ummerkjum og hinar þrjár, það bendir allt til þess að þar hafi verið mjög ófullkomin brennsla, því að sótmyndun er meiri og mikil olía hefur verið í sótinu sem hefur hlíft strokknum við ryði.
>
> Hvað varðar seinni spurninguna, hvort vélin hafi verið í gír eða tengd skrúfu, þá er ekki hægt að fullyrði neitt um það. Það er olíugír við vélina, „converter", líkt og sjálfskipting í bíl. Þegar vélin er gangsett knýr hún olíudælu sem heldur uppi olíuþrýstingi á gírnum, þá fyrst verður hann virkur. Armur sem skiptir skrúfunni fram og aftur og tengir skrúfuna við vélina, hefur sennilega verið tengdur með vír í barka að stjórnpúlti í stýrishúsi. Þessi vír er slitinn úr sambandi og við það hefur stilling á skiptingunni breyst.
>
> Niðurstaða af athugun á gír er því sú að við getum með engu móti sagt af eða á um það hvort vélin hafi verið tengd skrúfu."

Matsgerðinni fylgja 8 ljósmyndir af vélinni.

Hinn 1. apríl sl. rita matsmenn fulltrúa ríkissaksóknara eftirfarandi bréf:

> „Varðar: Díselvél sem talin er vera úr mb. Sæfugli BA-52.
>
> Að beiðni yðar fengum við undirritaðir dómkvaddir matsmenn þá Guðmund Eiríksson vélvirkja, en hann vann í 25 ár hjá umboðsfyrirtækjum Perkins-díselvéla á Íslandi, Dráttarvélum, Véladeild Sambands ísl. samvinnufélaga og að síðustu hjá Jötni hf., og Karl Sighvatsson vélvirkjameistara, nú verkstjóra á viðgerðaverkstæði Véla og þjónustu hf., en Karl hefur um langt árabil unnið að viðgerðum á Perkins-vélum.
>
> Hjálagðar eru umsagnir þessara manna um tegund vélarinnar."

Fulltrúi ríkissaksóknara greindi frá því í dóminum vegna orðalags bréfs matsmanna að hann og matsmaðurinn Þórir hefðu komið sér saman um að matsmennirnir leituðu til þeirra manna sem hann teldi að þekktu best til véla af Perkins-gerð.

Umsögn Karls Sighvatssonar er svohljóðandi:

> „Þann 24. mars fór ég að beiðni Þóris Konráðssonar að Lúkasverkstæðinu að Síðumúla 3–5 ásamt Guðmundi Eiríkssyni. Skoðaði ég þar sjólegna bátavél sem auðsýnilega hafði legið lengi í sjó. Hlutir úr áli, sjókælir, hráolíuhús, smursíuhús, voru tærðir af vélinni, á henni var bátagír. Serial n: 4.236 U 836094 var læsilegt á vélarblokk. Það segir að hér er Perkins-díselvél smíðuð í Bretlandi. Ekki er hægt að segja um framleiðsluár, mögulegt er hægt að fá það uppgefið hjá vélarframleiðanda."

Vitnið Karl Sighvatsson staðfesti vottorð sitt fyrir dómi 27. mars sl. Hann kvað afleiðingar þess, að díselvél, sem væri í gangi, lenti í vatni, vera mismunandi eftir því hvort olíusía hennar væri svokölluð þurrsía eða vírsía. Væri í henni þurrsía, gæti vélin gengið, þar til á henni dræpist, án þess að hún skemmdist, þar sem hún tæki síður inn á sig vatn. Ef um vírsíu væri að ræða þá hefði það yfirleitt þær afleiðingar að vélin skemmdist, t.d. að stimpilstengur bognuðu. Þetta þurfti þó ekki að gerast ef snúningshraði vélarinnar væri lítill. Perkins-vél sem þessi drepi ekki á sér þótt til hennar rofni straumur eða hún hallist. Það gæti þó gerst ef vélin hallist, missi smurþrýsting og bræði úr sér. Til væri sjálfvirkur búnaður sem drepi á vélinni ef olíuþrýstingur fellur eða vélin yfirhitni. Ekkert bendi til þess að slíkur búnaður hefði verið á þessari vél.

Vottorð Guðmundar Eiríkssonar er svohljóðandi:

> „Samkvæmt beiðni þinni var bátavél, staðsett hjá Lúkasverkstæðinu Síðumúla, skoðuð. Ég staðfesti hér með eftirfarandi:
>
> Vél þessi er af gerðinni Perkins 4.236. Samanber skráð framleiðslunúmer sem lesið var af vélarblokk:
>
> 4.236 U 836049.
> 4 = stendur fyrir fjölda strokka.
> 236 = rúmtak vélar í tommum.
> U = framleiðsluland/Bretland.
> 836094 = raðnúmer vélar.“

Guðmundur Eiríksson gaf skýrslu fyrir dóminum 27. mars sl. og staðfesti vottorð sitt. Hann kvaðst ekki muna lengur hvort raðnúmer vélarinnar endaði á 49 eða 94, en það misræmi er að finna í vottorði hans. Vitnið sagði að díselvélar þyldu ekki að lenda í vatni í gangi án þess að brotna því að þjöppunarhlutfall þeirra sé svo hátt. Díselvél í hefðbundinni útfærslu drepi ekki á sér þótt straumur rofni til hennar og litlar líkur séu á að sama gerist þótt vélin hallist.

Hinn 23. mars sl. tók fulltrúi sýslumannsins á Patreksfirði skýrslur af Birni Björnssyni, Brunnum 9, Patreksfirði, Sævari Guðbjartssyni, Miðgarði, Örlygshöfn, Rauðasandshreppi, Júlíusi Ólafssyni, Túngötu 9, Patreksfirði, og Aðalsteini Júlíussyni, Túngötu 19, Patreksfirði, syni Júlíusar Ólafssonar. Þeim var öllum sýnd matsgerðin og myndir sem fylgja henni.

Björn kvað myndirnar ekki vera af vél af Bukh-gerð, en vel gæti verið að þær væru af Perkins-vél. Nefndi hann sem dæmi um það að á einni myndinni væri blásari eins og á Perkins-vél, en slíkir blásarar séu ekki á Bukhvélum.

Sævar Guðbjartsson kvaðst þess fullviss að myndirnar væru af Perkins-vél og af þeirri gerð sem var í Sæfugli þegar hann sökk. Í skýrslu Sævars segir m.a. þetta:

> „Þessu til staðfestingar á fyrstu mynd bendir mætti á kælingarpúst, tvo alternatora, 12 og 24 volta sinn á hvorri reim, mótorfestingar og járnvinkla undir vélinni. Þessa hluti vélarinnar kannast mætti við því að hann hafi sjálfur sett þá í vélina á sínum tíma. Á annarri mynd megi sjá þriðju reimina, sem drífi lensidælu. Þessa dælu hafi mætti sjálfur mixað á vélina. Á þriðju mynd megi sjá sjókældan vatnskæli, sem mætti hafi sjálfur mixað á vélina. Á fimmtu og sjöttu mynd megi sjá gír vélarinnar sem er af gerðinni PRM. Þar megi einnig sjá tengiplötu sem mætti smíðaði sjálfur og setti í vélina til að festa gírinn við hana. Mætti telur að ekki þurfi frekar vitna við, því að hér sé svo greinilega um sömu vél að ræða og var í Sæfugli BA á sínum tíma.“

Júlíus Ólafsson taldi engan vafa leika á því að ljósmyndirnar væru af Perkins-vél. Um sömu vél væri að ræða og hann hefði skoðað á hafnarbakka á Patreksfirði og hann talið vera úr Sæfugli. Sú vél hefði verið gul á lit eins og vélin á myndunum.

Aðalsteinn Júlíusson kvaðst hafa unnið nokkuð við vélina í Sæfugli og því þekkt vel til. Hann kvaðst ekki í nokkrum vafa um að um væri að ræða myndir af vél þeirri sem var í Sæfugli er hann sökk.

Samkvæmt sakavottorði, sem út var gefið 12. mars 1993, hefur ákærði sætt refsingum sem hér segir:

– – –

Niðurstaða dómsins.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við gögn málsins, er sannað, að hann hefur framið þau brot, sem hann er ákærður fyrir í 2.–4. lið í ákæru. Ákærði hefur með því gerst brotlegur við þau ákvæði laga og reglna sem tilgreind eru í framangreindum ákæruliðum.

Ákærða er fullkunnugt um að báturinn Sæfugl var á veiðum á sömu slóðum og hann sjálfur og honum bar af þeim sökum að sýna sérstaka aðgæslu.

Ákærði hefur lýst því að hann hafi séð Harald Ólafsson standa við færavindu um borð í Sæfugli þegar 50–100 faðmar voru á milli skipanna, en þá hafi Eleseus haft Sæfugl 20° á bakborða. Eftir hálfa mínútu þaðan í frá hafi hann séð að Sæfugl hafi verið kominn á siglingu og siglt fyrir framan Eleseus bakborðs megin og nánast á sömu stundu hafi orðið árekstur á milli skipanna. Á þessum tíma, sem líður þarna á milli, sér ákærði ekki Sæfuglinn.

Á þeirri frásögn ákærða, að hann hafi séð Harald Ólafsson við færavinduna á Sæfugli þykir mega byggja. Ef miðað er við að þá hafi fjarlægð á milli skipanna verið 100 faðmar, eins og ákærði segir að hafi getað verið að hámarki, og að Sæfugl hafi verið 20° á bakborða Eleseusar miðað við stefnu skipsins og að Eleseusi hafi verið siglt á 7–8 sjómílna hraða, þá ætti að hafa liðið tæp mínúta frá því að ákærði sér Harald heitinn við færavinduna, þar til að skipin lenda saman. Hafi vegalengdin verið skemmri, styttist þessi tími að sama skapi. Haraldur heitinn hefði því orðið á þeim tíma að fara inn í stýrishúsið, koma bát sínum af stað og sigla honum 60–70 metra, en sú sigling hefði tekið tæpa hálfa mínútu miðað við fullan 5 mílna hraða frá upphafi til enda siglingar. Þetta verður að telja nánast útilokað að hafi gerst.

Telja verður sannað að vél sú, sem skoðuð var af matsmönnum, sé úr Sæfugli og yfirgnæfandi líkur á, samkvæmt þeim gögnum sem um það hafa verið lögð fram í málinu, að hún hafi ekki verið í gangi þegar báturinn sökk.

Þá ber þess að gæta að allar líkur eru á að færi hafi verið úti þegar báturinn sökk, eins og sést af neðansjávarmynd af bátnum, en afar ólíklegt verður að telja að bátnum hafi verið siglt af stað með færi úti.

Þá er þess enn að gæta að ákoman á Sæfugli sýnist bera það með sér að siglt hafi verið á hann kyrrstæðan.

Samkvæmt framansögðu er sannað að báturinn Sæfugl hefur verið kyrrstæður og að ákærði hefur siglt á hann með þeim afleiðingum að hann sökk. Ákærði hefur þannig sýnt af sér vítavert gáleysi við stjórn skipsins Eleseusar og með þessari háttsemi brotið gegn 1. mgr. 238. gr. siglinglaga nr. 34/1985.

Í krufningarskýrslu er ályktun læknis sú að Haraldur heitinn hafi látist af vosbúð og kulda er hann féll í kaldan sjó. Verður á því byggt og samkvæmt því hefur ákærði gerst brotlegur við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í krufningarskýrslu læknisins segir og að telja megi að sjúkdómar í lungum og hjarta Haralds heitins hafi verið slíkir að hann hafi þolað miður áhrif kuldans og því hafa getað verið meðverkandi í dauða hans. Við ákvörðun refsingar ber að taka tillit til þessa svo og að hafa hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 250.000 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi 60 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins, enn fremur að ákærði sæti 2 mánaða varðhaldi, en fullnustu refsingarinnar þykir mega fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Þá þykir rétt samkvæmt 3. mgr. 238. gr. siglingalaga nr. 34/1985 að svipta ákærða réttindum til skipstjórnar í 18 mánuði frá birtingu dómsins.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs kr. 70.000, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, kr. 70.000.

Dómsorð:

Ákærði Níels Adolf Ársælsson greiði 250.000 kr. sekt til ríkissjóðs og komi varðhald í 60 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði sæti varðhaldi í 2 mánuði, en fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði er sviptur skipstjórnarréttindum í 18 mánuði frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 70.000, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Skúla Th. Fjeldsted hrl., kr. 70.000.

Fimmtudaginn 28. apríl 1994.

Nr. 214/1991. **Þorsteinn Kristjánsson,**
Ólafur Þór Thorlacius og
Ragnar Guðmundsson
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Guðrúnu Davíðsdóttur
(Ólafur Axelsson hrl.)

Lóðarsamningur. Brottflutningur húss.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. maí 1991. Þeir krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum stefndu, en til vara, að þeim verði dæmt heimilt að láta hið umstefnda sumarhús standa áfram á leigulandinu gegn greiðslu bóta, að fjárhæð 180.000 krónur, eða annarrar fjárhæðar að mati Hæstaréttar, og beri bótafjárhæðin sparisjóðsvexti frá 16. október 1990 til greiðsludags. Þá krefjast þeir málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda fyrir Hæstarétti.

Í málflutningi hér fyrir dómi benti lögmaður áfrýjenda á, að í héraði hefðu komið fram mótmæli gegn matsgerð þeirri, sem fyrir liggur í málinu, og krafðist hann þess, að ekki yrði á henni byggt. Matsgerð þessi var lögð fram við þingfestingu málsins 16. október 1990. Henni var fyrst mótmælt af hálfu áfrýjenda í munnlegum málflutningi í héraði 31. janúar 1991 sem rangri og óstaðfestri. Þau mótmæli voru of seint fram komin.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að fallast á það með héraðsdómara, að sumarhús áfrýjenda standi í heimildarleysi á landi stefndu. Málinu var ekki gagnáfrýjað, og krefst stefnda staðfestingar á héraðsdómi. Engar athugasemdir hafa komið frá áfrýjendum um formlega afgreiðslu héraðsdómara á kröfum stefndu í héraði. Staðfesta ber niðurstöðu héraðsdóms, þó svo, að frestur til að flytja umrætt hús af lóðinni eða rífa það er ákveðinn 3 mánuðir frá uppkvaðningu dóms þessa.

Áfrýjendur greiði stefndu in solidum 90.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að frestur sá, sem áfrýjendur, Þorsteinn Kristjánsson, Ólafur Þór Thorlacius og Ragnar Guðmundsson, hafa til að fjarlægja sumarhúsið ákveðst 3 mánuðir frá uppkvaðningu dóms þessa. Að þeim tíma liðnum er stefndu, Guðrúnu Davíðsdóttur, heimilt að fjarlægja eða láta fjarlægja sumarhúsið á kostnað áfrýjenda.

Áfrýjendur greiði stefndu in solidum 90.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 21. febrúar 1991.

Mál þetta, sem höfðað er af Ólafi Axelssyni hrl., Höfðabakka 9, Reykjavík, f.h. Guðrúnar Davíðsdóttur, kt. 061014-3229, Grund, Skorradalshreppi, Borgarfjarðarsýslu, gegn Þorsteini Kristjánssyni, kt. 230636-4009, Eyjabakka 16, Reykjavík, Ólafi Þór Thorlacius, kt. 211036-3709, Markarflöt 3, Garðabæ, og Ragnari Guðmundssyni, kt. 100237-3269, Goðalandi 13, Reykjavík, með stefnu, út gefinni 21. september 1990, var þingfest hér fyrir réttinum 16. október 1990 og dómtekið að loknum munnlegum aðalflutningi þess, 31. janúar sl.

Dómkröfur stefnanda.

Stefnandi krefst þess aðallega að dæmt verði að stefndu sé óheimilt að láta sumarhús sitt standa á landi stefnanda, Grund, Skorradal, og jafnframt að stefnanda verði heimilað að rífa og flytja burt eða flytja burt í heilu lagi sumarhúsið á kostnað stefndu.

Til vara krefst stefnandi þess að dæmt verði að stefndu sé óheimilt að láta sumarhús sitt standa á landi stefnanda, Grund, Skorradal, og jafnframt að stefndu verði dæmdir til að flytja sumarhúsið af landinu að viðlögðum dagsektum.

Til þrautavara krefst stefnandi þess að dæmt verði að stefndu verði in solidum gert að greiða stefnanda bætur, að fjárhæð kr. 180.000,00, ásamt dráttarvöxtum [...].

Þá krefst stefnandi þess að í öllum tilvikum verði stefndu dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað [...].

Dómkröfur stefndu.

Stefndu gera þær dómkröfur aðallega að þeir verði algjörlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda.

Til vara krefjast stefndu þess að þeir verði dæmdir til að greiða stefnanda bætur, að fjárhæð kr. 180.000,00, ásamt dráttarvöxtum frá þingfestingardegi, 16. október 1990, til greiðsludags.

Í báðum tilvikum er þess krafist að stefnandi verði dæmd til að greiða stefndu málskostnað [...].

Við munnlegan aðalflutning málsins breytti lögmaður stefndu orðalagi varakröfu þeirra þannig að hann krefst þess nú að stefndu verði dæmt heimilt að láta sumarhúsið standa áfram á spildunni gegn greiðslu bóta, að fjárhæð kr. 180.000,00, með vöxtum frá þingfestingardegi máls þessa til greiðsludags.

Málavextir.

Þess er fyrst að geta að ágreiningur er með aðilum málsins um tildrög þess að stefnandi heimilaði afnot umræddrar spildu undir sumarhús og umfang þeirrar heimildar.

Stefnandi heldur fram, að árið 1956 hafi hún heimilað stefnda Þorsteini og honum einum afnot 2000 fermetra landspildu í svonefndu Merkjagili í landi sínu, Grund í Skorradal, til að reisa þar sumarbústað. Um hafi verið að ræða óformlega leigu til 10 ára og hafi stefnanda Þorsteini verið gert ljóst að hann yrði að fjarlægja húsið að þeim tíma liðnum.

Stefndu halda því fram og byggja á því, sbr. nánar hér að neðan, að stefndu hafi allir þrír verið frá upphafi aðnjótandi þessarar heimildar sem hafi falið í sér ótímabundinn og endurgjaldslausan afnotarétt að landspildunni.

Stefndu reistu síðan í sameiningu á árunum eftir 1956 sumarhús á spildunni.

Með leigusamningi, dagsettum 21. nóvember 1970, gerðu stefnandi og stefndi Þorsteinn með sér skriflegt samkomulag um leiguafnot af spildunni. Var í þeim samningi áréttaður sá skilningur leigusala, að leigutaki væri stefndi Þorsteinn og aðeins hann. Samningurinn var uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila á fimm ára fresti og geymdi ákvæði um að leigutaki og stefndi Ólafur skyldu fjarlægja húsið af spildunni við lok leigutíma, leigusala að kostnaðarlausu.

Með bréfi, dagsettu 28. desember 1984, sagði stefnandi stefnda Þorsteini upp leiguafnotum spildunnar og bauð honum að verða á brott með sumarbústaðinn fyrir 1. apríl 1985.

Ekki varð af því að stefndi Þorsteinn fjarlægði bústaðinn, en hinn 31. janúar 1985 tókst samkomulag með honum og lögmanni stefnanda um frest til þriggja ára til handa Þorsteini að fjarlægja húsið. Þegar hann stóð ekki við það skoraði lögmaður stefnanda á hann, með bréfi, dagsettu 18. janúar 1988, að fjarlægja húsið.

Með útburðarbeiðni, dagsettri 6. júní 1988, bað lögmaður stefnanda um útburð á sumarhúsinu af landspildunni, en með úrskurði fógetaréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 14. október sama ár var þeirri beiðni hafnað.

Stefnandi höfðaði þá mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, út gefinni 20. október 1989, og gerði þar sömu dómkröfur og hér fyrir dómi. Rekstri þess máls lauk með hafningardómi bæjarþingsins 10. september síðastliðinn, og höfðaði stefnandi við svo búið mál þetta.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi byggir málflutning sinn á því að umrætt sumarhús standi á landi stefnanda í heimildarleysi og eigi stefndu engan rétt til landsins sem húsið stendur á. Þegar upphaflega hafi verið veitt leyfi til byggingar hússins hafi stefnda Þorsteini strax verið gert ljóst, að ekki yrði um varanlega viðskeytingu að ræða. Hann hafi gefið stefnanda bindandi loforð um að fara af landinu innan tiltekins tíma sem löngu sé liðinn, og sé skuldbundinn að lögum til að standa við það.

Stefnandi kveður meðstefndu Ólafi og Ragnari hafa verið stefnt vegna þess að þeir hafi talið sig eiga lögvarða hagsmuni í húsinu. Öll samskipti og samningar um afnot af spildunni og slit á þeim hafi þó verið milli stefnanda og stefnda Þorsteins og því leiði meðstefndu Ólafur og Ragnar allan rétt sinn til hans og séu bundnir af loforðum þeim er hann hafi gefið.

Þrautavarakröfu sína byggir stefnandi á því að verði aðal- og varakröfu hennar hafnað, beri henni bætur fyrir land það er hún tapar vegna þess.

Um lagarök fyrir dómkröfum sínum vísar stefnandi til dóms Hæstaréttar í málinu nr. 135/1988, Laxnesbúið hf. gegn Þórunni og Höllu Eiríksdætrum. Kröfu um dagvexti byggir stefnandi á 193. gr., 3. tl., laga nr. 85/1936 og kröfu um vexti á lögum nr. 25/1987 og tilkynningum Seðlabanka Íslands, eins og þær eru hverju sinni. Málið kveður stefnandi rekið á fasteignavarnarþingi skv. 78. gr. laga nr. 85/1936.

Málsástæður og lagarök stefndu.

Stefndu byggja dómkröfur sínar á því að stefnandi hafi á árunum 1954 og 1956, áður en þeir byggðu sumarhúsið, lofað þeim ótímabundnum og endurgjaldslausum afnotum að spildu þeirri, sem húsið stendur á. Þeir hafi allir verið aðnjótandi þessara afnotaréttinda, enda hafi þeir staðið sameiginlega að byggingu sumarbústaðarins á árunum þar á eftir og allir átt þátt í nýtingu hans, þó að mest hafi hann verið nýttur af stefnda Þorsteini og fjölskyldu hans. Leigusamningurinn frá árinu 1970 hafi verið gerður til málamynda og í þeim tilgangi einum að varna því að stefndu hefðuðu eignarrétt að landinu. Stefndu séu því óskuldbundnir af honum. Stefnandi hafi við þá samningsgerð fullvissað stefnda Þorstein um að áður gefin loforð um ótímabundinn og endurgjaldslausan afnotarétt af spildunni stæðu óhögguð þrátt fyrir undirritun skjalsins.

Það hafi því komið honum mjög á óvart þegar stefnandi sagði þeim samningi upp með bréfi, dags. 28. desember 1984, og krafðist brottflutnings hússins af landinu fyrir 1. apríl 1985. Hann hafi þá þegar haft samband við stefnanda og leitað skýringa, en hún hafi þá dregið í land og enn fullvissað hann um að ekki stæði til að reka hann af landinu. Orðið hafi að samkomulagi að stefndi Þorsteinn fengi þriggja ára frest, er notaður skyldi til að ná endanlegu samkomulagi um leiguafnotin. Stefndi Þorsteinn hafi síðan reynt árangurslaust að ná fundi hennar í þessum tilgangi, en heimilisfólk hennar hafi jafnan borið því við að hún gæti sökum lasleika ekki rætt þetta mál.

Af hálfu stefndu Ólafs og Ragnars er á því byggt að bæði leigusamningurinn frá 21. nóvember 1970 og samkomulagið frá 31. janúar 1985 séu óskuldbindandi fyrir þá, vegna þess að stefndi Þorsteinn hafi undirritað þessa gerninga án samráðs við þá og ekki haft umboð þeirra til samningsgerðarinnar.

Varakrafa stefndu er á því byggð að það hefði mikla sóun verðmæta í för með sér fyrir þá, ef þeim yrði gert að flytja sumarhúsið, því að ógerlegt sé, eins og fram komi í fram lagðri matsgerð í málinu, að flytja það nema rífa það í sundur. Hagsmunir stefndu af því, að húsið fái að standa áfram, séu þannig bersýnilega meiri en hagsmunir stefnanda af því að fjarlægja það.

Um lagarök fyrir kröfum sínum vísa stefndu til almennra reglna samningsréttar, einkum reglunnar um skuldbindingargildi loforða, og réttarreglna um málamyndagerninga, III. kafla samningalaga nr. 7/1936 og almennra ólögfestra reglna eignarréttarins um viðskeytingu og smíði og dómafordæma á því sviði. Um málskostnað vísa þeir til 175. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 184. gr. sömu laga. Um dráttarvexti af málskostnaði er vísað til vaxtalaga nr. 25/1987 og um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Niðurstaða.

Þess er að geta að stefnandi í máli þessu hefur ekki komið fyrir dóminn til skýrslugjafar, en aðeins lagt fram skriflega aðilaskýrslu. Hefur lögmaður stefndu mótmælt fjarveru stefnanda frá réttinum og krafist þess að hún verði látin varða því að atvikalýsing stefndu verið lögð til grundvallar úrlausn í máli þessu.

Lögmaður stefnanda lagði við aðalflutning málsins fram vottorð Bjarna Þjóðleifssonar, yfirlæknis á lyflækningadeild Landspítalans, þess efnis að hann hafi annast stefnanda í veikindum hennar undanfarin ár og telji mjög óráðlegt heilsufars hennar vegna að hún mæti fyrir rétti.

Þar sem um er að ræða lögmæt forföll stefnanda í skilningi réttarfarslaga, þykja ekki efni til að fallast á framangreinda kröfu stefndu.

Ágreiningslaust er að sumarhúsið, sem hér um ræðir, var upphaflega byggt, þar sem það nú stendur, með vitund og samþykki stefnanda. Stofnaðist þá óformlegt og óskjalfest réttarsamband milli aðila málsins.

Fyrir réttinum hafa verið upplýst ýmis atvik, sem hér verður ekki talið skipta hver voru, að því, að stefnandi undi, þegar fram í sótti, ekki lengur við þetta réttarsamband, en kaus að skjalfesta það og varð úr leigusamningur sá er áður er að vikið og undirritaður var af stefnanda og stefnda Þorsteini, hinn 21. nóvember 1970.

Í þeim samningi var meðal annars ákvæði þar sem kveðið var skýrt á um að stefndi Þorsteinn hefði einn leiguumráð landsins, en ágreiningur er um aðild stefndu að upprunalega réttarsambandinu eins og að framan er rakið. Stefnandi heldur því fram að sú upphaflega heimild, sem hún veitti til landsins, hafi eingöngu beinst að stefnda Þorsteini og að stefndu Ólafur og Ragnar leiði allan rétt sinn til landsins og veru bústaðarins á því til hans. Þessum skilningi hafa stefndu Ólafur og Ragnar mótmælt og byggja á því að þeir hafi frá upphafi átt þennan rétt til jafns við stefnda Þorstein.

Ekki verður hjá því komist að taka hér afstöðu til þessa ágreinings, þar sem úrslit málsins velta að nokkru leyti á niðurstöðu hans.

Þess er fyrst að gæta í því sambandi, að efni upphaflega samningsins um rétt til afnota af umræddri landspildu er ósannað hér fyrir rétti að öðru leyti en því, að óumdeilt er, að heimild stefnanda fyrir því, að þar yrði reistur sumarbústaður, var fyrir hendi og að a.m.k. stefndi Þorsteinn hafði þessa heimild. Upplýst er einnig að stefnanda var kunnugt um að stefndu Ólafur og Ragnar hygðust standa að því í félagi við stefnda Þorstein að reisa þar sumarhús.

Vegna þess að stefndu Ólafur og Ragnar byggja rétt sinn til spildunnar á þeim samningi og stefnandi hefur mótmælt aðild þeirra að honum, þykir verða að leggja sönnunarbyrði fyrir tilvist þessa réttar til handa þeim stefndu Ólafi og Ragnari á þá sjálfa, en að mati réttarins hafa þeir ekki fullnægt sönnunarbyrði um þetta atriði. Því verður að leggja til grundvallar úrlausn máls þessa, að stefndi Þorsteinn hafi einn verið gagnaðili stefnanda í lögskiptum um réttindi að landinu og að stefndu Ólafur og Ragnar hafi ekki átt sjálfstæðan rétt til landsins. Óumdeilt er hins vegar að þeir séu eigendur að húsinu með stefnda Þorsteini.

Með vísan til þeirrar niðurstöðu er hafnað þeirri málsvörn stefndu Ólafs og Ragnars að stefnda Þorstein hafi brostið heimild til að ráðstafa réttindum að spildunni með samningunum 21. nóvember 1970 og 31. janúar 1985.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, sem fyrr segir, að stefnda Þorsteini hafi verið gert það ljóst allt frá byrjun að ekki yrði um varanleg afnot hans af landinu að ræða. Þessu er, sem fyrr segir, mótmælt af hálfu stefnda Þorsteins og telur hann ekkert hafa verið rætt um tímatakmörk afnotanna á þessum tíma.

Þess er að geta að hvorugum aðila hefur tekist að sanna efni upphaflega samningsins að þessu leyti. Ekki verður þó séð að máli skipti hvað rétt er í þessu sambandi, vegna þess að aðilarnir gerðu skriflegan samning árið 1970 um afnot spildunnar. Þykir verða að líta svo á að með þeim gerningi hafi sú skipan, er áður kann að hafa verið ákveðin, verið úr gildi felld og efnislega nýju réttarsambandi, að því er varðar leigutímann, komið á milli aðilanna.

Vörn stefnda Þorsteins gegn gildi samningsins er sú, að hann hafi fallist á gerð hans sem málamyndagernings, sem hefði þann tilgang einan að varna því að hann hefðaði eignarréttindi að landinu. Kveður hann samninginn hafa verið gerðan að frumkvæði stefnanda, sem hafi fullvissað sig um, að ekki stæði til, þrátt fyrir gerð hans, að binda enda á afnot hans af landinu. Þá telur stefndi Þorsteinn að efnisatriði í samningnum bendi til þess að hann hafi verið gerður til málamynda, og nefnir í því sambandi, að hann geymi engin ákvæði um endurgjald fyrir afnot landsins. Stefnandi hafnar þessari málsvörn stefnda Þorsteins og kveður samningnum hafa verið ætlað að draga upp skýra mynd af réttarstöðu aðilanna.

Vottar að undirritun stefnda Þorsteins á samninginn voru Kristján Þorsteinsson, faðir stefnda Þorsteins, og Bjarni Pétursson, sonur stefnanda, og komu þeir fyrir dóminn sem vitni. Viðstaddur var einnig Jón Pétursson, sonur stefnanda, og kom hann einnig fyrir dóminn sem vitni. Með vísan til 1. mgr. 129. gr. laga nr. 85/1936 þykir ekki fært að byggja á vitnisburði þessara manna vegna skyldleika þeirra við aðila málsins.

Við athugun á umræddum samningi, sem frammi liggur í réttinum, með tilliti til þess hvort líkur séu á að honum hafi ekki verið ætlað að gilda samkvæmt efni sínu, verður það fyrst fyrir að samningurinn er allýtarlegur. Hann geymir ákvæði um leigusala, leigutaka, stærð og staðsetningu spildunnar, afstöðu leigusala til byggingar á henni, gildistíma, uppsögn, bann við veðsetningu og loks hvernig með skuli fara mannvirki á spildunni að leigutíma loknum. Það er rétt hjá stefnda Þorsteini að samningurinn tilgreinir ekki leigufjárhæð, heldur geymir aðeins almennt ákvæði um að hún skuli vera samkomulagsatriði milli aðila. Er það í samræmi við hið fyrra réttarsamband, en upplýst er að stefnandi krafðist ekki leigu fyrir tímann fram að gerð samningsins 1970, og raunar, að aldrei hefur verið greidd leiga né um hana krafið allan þann tíma sem bústaðurinn hefur staðið á spildunni. Ekki verður því fallist á þetta atriði sem sönnun á þeirri staðhæfingu stefnda Þorsteins að samningurinn hafi verið gerður til málamynda eða ætlað að hafa annað gildi en skjalið sjálft kveður á um.

Samningur þessi gilti um fimmtán ára skeið eftir að hann var gerður, eða þar til stefnandi sagði honum upp í samræmi við ákvæði hans þar um með uppsögn, dagsettri 28. desember 1984, og krafðist þess að stefndi Þorsteinn fjarlægði húsið, einnig í samræmi við ákvæði samningsins, innan tiltekins frests. Samkomulag varð þó með lögmanni stefnanda og stefnda Þorsteini um frest til þriggja ára til handa honum að fjarlægja húsið og var það undirritað af honum og lögmanni stefnda og dagsett 31. janúar 1985.

Stefndi Þorsteinn byggir málatilbúnað sinn á því að einnig þetta samkomulag hafi verið gert til málamynda og að ætlun aðilanna hafi verið að nota þetta þriggja ára tímabil til að komast að endanlegri niðurstöðu um hvernig haga skyldi leiguafnotunum.

Gegn mótmælum stefnanda á þessum skilningi stefnda Þorsteins á samkomulaginu hefur stefndi Þorsteinn ekki sýnt fram á það hér fyrir réttinum að fyrir hendi hafi verið nein atvik er réttlættu þann skilning er hann lagði í það. Með vísan til þess og að öðru leyti til, að því er telja verður, ótvíræðs efnis og orðalags umrædds samkomulags verður það því lagt til grundvallar úrlausn í máli þessu sem gildur löggerningur og skuldbindandi fyrir stefnda Þorstein samkvæmt efni þess.

Samkvæmt framansögðu liggja því fyrir í máli þessu tveir skriflegir og, að því er talið verður, gildir löggerningar um réttarsamband aðila þess. Báðir gerningarnir geyma ákvæði þess efnis að leigutaka, sem er stefndi Þorsteinn, beri við lok réttarsambandsins, sem einnig verður talið að hafi verið lokið með lögmætum hætti, annars vegar með uppsögn leigusala, sem er stefnandi, á leigusamningi, dagsettum 21. nóvember 1970, og hins vegar sjálfkrafa samkvæmt ákvæðum samkomulags, dags. 31. janúar 1985, að fjarlægja sumarbústaðinn af landi stefnanda, Grund í Skorradal, Borgarfjarðarsýslu.

Ber því að taka til greina aðalstefnukröfu stefnanda um að dæmt verði að margumrætt sumarhús standi í heimildarleysi á landi hans og að stefndu beri í samræmi við kröfu stefnanda þar um að fjarlægja það.

Varakrafa stefndu er þess efnis að þeim verði dæmt heimilt að láta sumarhúsið standa áfram á landi stefnanda gegn greiðslu bóta. Krafan er studd þeim rökum að þeir hafi af því bersýnilega meiri hagsmuni, að húsið fái að standa, en stefnandi af því að fá það fjarlægt vegna þeirrar sóunar verðmæta sem rif á húsinu hefði í för með sér fyrir þá. Tillit til þjóðfélagslegra hagsmuna leiði til sömu niðurstöðu.

Með vísan til þess, er áður greinir um aðalkröfu stefnanda og aldurs hússins, og þess, sem leitt hefur verið í ljós um ástand þess, meðal annars með matsgerð sem liggur fyrir réttinum, verður ekki fallist á það með stefndu að fjárhagslegir hagsmunir þeirra eða þjóðfélagslegir hagsmunir af því, að húsið fái að standa áfram í landinu í óþökk stefnanda, séu slíkir, að réttlæti það að taka til greina varakröfu stefndu.

Með tilliti til aðstæðna þykir sanngjarnt að stefndu fái sex mánaða frest til að fullnægja dómi þessum, en hafi þeir ekki gert það að þeim tíma liðnum, er stefnanda heimilt á kostnað stefndu að rífa og flytja burt eða flytja burt í heilu lagi umrætt sumarhús.

Eftir framangreindum úrslitum þykir rétt að stefndu greiði stefnanda málskostnað, sem ákveðst hæfilegur kr. 95.000.

Dómsorð:

Stefndu Þorsteini Kristjánssyni, kt. 230636-4009, Ólafi Þór Thorlacius, kt. 211036-3709, og Ragnari Guðmundssyni, kt. 100237-3269, er óheimilt að láta sumarhús sitt standa á landi stefnanda, Guðrúnar Davíðsdóttur, kt. 061014-3220, spildu í Merkjagili í landi jarðarinnar Grundar, Skorradalshreppi, Borgarfjarðarsýslu. Stefndu ber að fjarlægja sumarhúsið innan sex mánaða frá uppsögu dóms þessa, en að öðrum kosti er stefnanda heimilt að þeim tíma liðnum að fjarlægja eða láta fjarlægja það á kostnað stefndu.

Stefndu greiði in solidum stefnanda kr. 95.000,00 auk virðisaukaskatts af þeirri fjárhæð í málskostnað. Málskostnaðarfjárhæðin án virðisaukaskatts beri dráttarvexti skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands, sbr. lög nr. 25/1987, frá 15. degi eftir uppsögu dóms þessa til greiðsludags. Dráttarvextir leggist við málskostnaðarfjárhæðina á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir uppsögu dóms þessa, allt innan 15 daga frá uppsögu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 28. apríl 1994.

Nr. 34/1991. **Jón Valentínusson,**
Inge M. Löwner Valentínusson,
Selma Ó. Björgvinsdóttir,
Dagný Ingólfsdóttir og
Þórhildur R. Geirsdóttir
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
Jan Gunnar Davidsson
(Viðar Már Matthíasson hrl.)

Samningur. Riftun. Einkaumboð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. janúar 1991. Þeir gera eftirtaldar dómkröfur:

„1. Að stefndu verði í aðalsök í héraði dæmdir in solidum til að greiða áfrýjendum óskipt kr. 3.114.567,- með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989 um breyting á þeim lögum frá 7. apríl 1989 til greiðsludags.

2. Að áfrýjendur verði sýknaðir af öllum kröfum stefndu í gagnsök í héraði.“

Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda in solidum fyrir Hæstarétti.

Félaginu David Storm Ltd., sem var stefnt í héraði og til Hæstaréttar, var slitið í febrúar 1989, og er Jan Gunnar Davidsson því einn stefndur hér fyrir dómi.

Mörg ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Mál þetta hefur tekið miklum breytingum, frá því að það var höfðað og rekið í héraði. Áfrýjendur una hinum áfrýjaða dómi, að því er varðar túlkun hans á skyldum aðilanna samkvæmt samningnum frá 17. desember 1987. Þeir falla því frá skaðabótakröfu vegna gallaðra vara og frá kröfu um endurgreiðslu á þeim hluta greiðslunnar til Iðnaðarbanka Íslands hf., sem var umfram fjárhæðirnar í 3. tl. a-b í samningnum. Þá fallast þeir einnig á þá úrlausn héraðsdóms, að stefndu hafi mátt ráðstafa samningshagsmunum eftir bréf áfrýjenda 7. mars 1989.

Löghald það, sem gert var 6. september 1989 að kröfu Sportlands hf. í eign stefnda, Lokastíg 13 í Reykjavík, var fellt niður hinn 20. janúar 1992.

Hér fyrir dómi lýtur málatilbúnaður áfrýjenda að tveimur þáttum: í fyrsta lagi, hvort lögmaður áfrýjenda í héraði hafi haft umboð til að skuldbinda áfrýjendur til greiðslu í gagnsök í héraði, í öðru lagi hvernig haga skuli fjárhagslegu uppgjöri milli aðila vegna niðurfellingar á samningi þeirra.

II.

Áfrýjendur mótmæla því, að þeir hafi tekið á sig ábyrgð gagnvart stefndu á greiðslu krafna þeirra í gagnsök í héraði, og segja lögmann þeirra í héraði ekki hafa haft umboð til að skuldbinda þá.

Hinn 4. desember 1989 seldu áfrýjendur allt hlutafé sitt í fyrirtækinu Sportland hf., sem var stefnandi máls þessa í héraði. Í 2. gr. kaupsamningsins sagði meðal annars: „Undanþegið í sölu þessari er bótakrafa, sem Sportland hf. á, á hendur Jan Gunnari Davídsyni, en dómsmál um þá kröfu er nú rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur og er krafan framseld seljendum enda bera seljendur allan kostnað af þeim málarekstri og verður málið rekið í þeirra nafni eingöngu.“ Allir áfrýjendur skrifuðu undir þennan kaupsamning 4. desember 1989 og hafði þá gagnsök verið þingfest í málinu og sameinuð aðalsök. Með yfirlýsingu 14. febrúar 1990 framseldi Sportland hf. til áfrýjenda „kröfu Sportland hf., á hendur Jan Gunnari Davidssyni og David Storm Ltd., vegna riftunar á umboðssamningi á Don Cano-framleiðsluvörum og vegna gallaðra skíðaúlpna og nú er rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur“. Allir áfrýjendur skrifuðu undir yfirlýsingu þessa.

Líta verður svo á, að samþykki stefnda á aðild áfrýjenda í málinu í stað Sportlands hf. hafi verið veitt á þeirri forsendu, að kröfurétti hans í málinu væri með því í engu raskað. Samkvæmt þessu hafði lögmaður áfrýjenda í héraði fullt umboð til að gefa þá bindandi yfirlýsingu, sem bókuð var á dómþingi 21. mars 1990, þess efnis, „að núverandi sóknaraðilar í aðalsök séu varnaraðilar í gagnsök og beri ábyrgð á greiðslu gagnkröfunnar ef til greiðsluskyldu kemur“.

III.

Í héraðsdómi er lýst samkomulagi því, sem gert var 17. desember 1987, milli stefnda og David Storm Ltd. annars vegar og Sportlands hf. hins vegar. Samningurinn var ótímabundinn, og samkvæmt honum fékk Sportland hf. „einkaumboð til dreifingar og sölu á DON CANO-framleiðsluvörum, hverju nafni sem nefnast, á Íslandi, í Færeyjum og á Grænlandi“. Fyrir „viðskiptasambönd þessi og einkaumboðsrétt“ átti Sportland hf. að greiða ca. 4.714.567 krónur. Auk þess átti stefndi að fá hönnunargjald, og er óumdeilt, að það hafi verið 15% af framleiðsluverði varanna. Samkomulag þetta er um margt óljóst, enda til bráðabirgða, og er tekið fram í 7. tl. þess, að endanlegur einkaumboðs- og samstarfssamningur milli aðila verði gerður svo fljótt sem verða megi, en af því varð aldrei.

Eins og lýst er í héraðsdómi, stóð Sportland hf. ekki í skilum með greiðslu á 1.600.000 krónum, sem því bar að greiða samkvæmt samkomulaginu. Viðurkennt er af hálfu stefnda, að gallar hafi komið fram á vörum þeim, sem Sportland hf. fékk til sölu og dreifingar samkvæmt samkomulaginu. Með bréfi 7. mars 1989 lýsti Sportland hf. því yfir, að forsendur væru brostnar fyrir samkomulaginu og yrði ekki um frekari efndir að ræða af þeirra hálfu. Með bréfi 22. júní 1989 lýsti lögmaður stefnda því yfir, að stefndi hefði ekkert við það að athuga að losna undan samkomulaginu, en mótmælti því að vera valdur að eða bera ábyrgð á því tjóni, sem áfrýjendur töldu sig hafa orðið fyrir. Stefndi fékk því einkaleyfisréttinn samkvæmt samkomulaginu aftur til sín, og er fram komið, að hann hafi ráðstafað þeim rétti.

Hér fyrir dómi krefjast áfrýjendur þess, að stefndi endurgreiði þeim 3.114.567 krónur, sem þeir þegar hafa greitt á grundvelli framangreinds samkomulags. Þá krefjast þeir sýknu af þeirri kröfu stefnda, að þeim verði gert að greiða það, sem eftir stendur af samningsgjaldinu, 1.600.000 krónur.

Eins og lýst er hér að framan, var samkomulag aðila til bráðabirgða og um margt óskýrt. Það fjallaði um óáþreifanleg réttindi, og sambandi aðila virðist hafa verið ætlað að standa um óákveðinn tíma. Að tæpum 15 mánuðum liðnum lýstu áfrýjendur því yfir, að ekki yrði um frekari efndir að ræða af þeirra hálfu, þar sem þeir töldu allar forsendur brostnar fyrir samkomulaginu. Líta verður svo á, að stefndi hafi samþykkt slit áfrýjenda á samningnum, og hann krafðist ekki efnda samkvæmt efni hans, einkaleyfisrétturinn færðist aftur yfir til hans, og hann nýtti sér hann. Þegar allt þetta er virt, þykir mega una við þá greiðslu, sem áfrýjendur hafa þegar innt af hendi, en fella ber niður þá greiðslu, sem eftir stóð samkvæmt samkomulaginu. Fallist er á rök héraðsdómara um bætur til stefnda vegna löghaldsins, sem lagt var á eign hans, og ber að dæma honum 300.000 krónur í bætur, eins og gert var í héraði, en málinu var ekki gagnáfrýjað.

Rétt er, að áfrýjendur greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir, og hefur þá ekki verið tekið tillit til greiðslu virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Stefndi, Jan Gunnar Davidsson, er sýknaður af kröfu áfrýjenda, Jóns Valentínussonar, Inge M. Löwner Valentínusson, Selmu Ó. Björgvinsdóttur, Dagnýjar Ingólfsdóttur og Þórhildar R. Geirsdóttur, um endurgreiðslu á 3.114.567 krónum.

Áfrýjendur eru sýknaðir af kröfu stefnda um greiðslu á 1.600.000 krónum.

Áfrýjendur greiði stefnda 300.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 6. september 1989 til greiðsludags.

Áfrýjendur greiði stefnda 800.000 krónur í málskostnað samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Gunnars M. Guðmundssonar

Ég er samþykkur forsendum og niðurstöðu meiri hluta dómara, að því er varðar það ágreiningsatriði málsaðila, hvort lögmaður sá, er fór með mál áfrýjenda í héraði, hafi haft umboð til að skuldbinda þá til greiðslu á gagnkröfum stefnda.

Bréf Sportlands hf. til stefnda 7. mars 1989 var sent í kjölfar kröfubréfs vegna vanskila félagsins á greiðslum samkvæmt samkomulagi aðila frá 17. desember 1987. Í bréfinu var ekki gerður fyrirvari um, að félaginu bæri réttur til endurgreiðslu þess fjár, sem þá hafði verið greitt samkvæmt samkomulaginu, en tekið fram í lok þess, að Sportland hf. áskildi sér rétt til að krefja stefnda um bætur fyrir tjón, sem félagið kynni að verða fyrir vegna umræddra viðskipta aðilanna. Þegar bréf þetta var sent, var meginhluti greiðslna samkvæmt samkomulaginu fyrir löngu fallinn í gjalddaga, en eftirstöðvarnar höfðu fallið í gjaldaga 15. október 1988, tæpum fimm mánuðum áður. Fallast ber á það með héraðsdómara, að í viðbrögðum af hálfu stefndu við þessu hafi ekki falist viðurkenning á því, að Sportland hf. ætti lagarétt til riftunar.

Fyrir héraðsdómi var skaðabótakrafa þáttur í kröfugerð áfrýjenda á hendur stefnda. Eins og fram kemur í atkvæði meirihluta dómara, hefur nú verið fallið frá þeirri kröfu, og því er ekki lengur haldið fram, að stefndi hafi vanefnt skyldur sínar samkvæmt samkomulaginu. Sá forsendubrestur, sem áfrýjendur bera fyrir sig og reisa kröfur sínar á, stafaði því ekki af ástæðum, er stefndi beri ábyrgð á að lögum.

Með skírskotun til þessa og forsendna hins áfrýjaða dóms að því leyti, sem þær eru til endurskoðunar fyrir Hæstarétti eftir verulegar breytingar á kröfugerð áfrýjenda, ber að fallast á það með héraðsdómara, að hvorki séu lagaskilyrði til þess, að taka megi til greina, gegn mótmælum stefnda, kröfu áfrýjenda um endurgreiðslu fjár samkvæmt 3. lið a. og b. í samkomulagi þeirra né sýkna þá af kröfu stefnda um, að þeir verði dæmdir til að inna af hendi fulla greiðslu samkvæmt 3. lið c. og d. í samkomulaginu, samtals 1.600.000 krónur.

Samkvæmt þessu tel ég, að staðfesta beri hinn áfrýjaða dóm, þó ekki um málskostnað. Ég tel eftir atvikum rétt að dæma áfrýjendur til að greiða in solidum stefnda samtals 900.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Guðmundar Jónssonar

Er áfrýjendur tóku formlega við aðild stefnanda í héraði með bókun 21. mars 1990, hafði verið höfðuð gagnsök í málinu. Með vísan til 1. mgr. 53. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, er voru í gildi á þeim tíma, urðu áfrýjendur að sæta því að taka jafnframt við aðild stefnda í gagnsök.

Héraðsdómari hafnaði kröfu áfrýjenda um viðurkenningu á riftun samkomulagsins frá 17. desember 1987.

Ég tel, að hin breytta kröfugerð áfrýjenda og afstaða þeirra til málsefnisins fái ekki raskað grundvelli málsins frá því, sem var í héraði, sbr. ákvæði 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Ég tel því, að leggja verði til grundvallar þá niðurstöðu héraðsdómara að hafna kröfu áfrýjenda um viðurkenningu á riftun samkomulagsins og hafna kröfu um endurgreiðslu á því fé, sem þegar hafði verið greitt. Ég tel hins vegar, að þau viðbrögð stefnda að taka við hinum umsömdu hagsmunum og ráðstafa þeim, svo sem rakið er í héraðsdómi, hafi í för með sér, að áfrýjendur verði ekki krafðir um eftirstöðvar fullrar greiðslu samkvæmt samkomulaginu.

Með framangreindum athugasemdum er ég samþykkur niðurstöðu meiri hluta hæstaréttardómara.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 31. október 1990.

Mál þetta, sem var dómtekið 19. október 1990, hefur Sportland hf., Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 11. október 1989, á hendur Jan Gunnar Davidsson, Lokastíg 13, Reykjavík, persónulega og f.h. David Storm Ltd., Leeds, Englandi,

- til viðurkenningar á riftun samnings aðila, dags. 17. desember 1987, frá og með 26. júní 1989,

- til greiðslu kr. 9.017.073,00 auk dráttarvaxta þannig: [...],
- til að viðurkenndur verði réttur stefnanda til að bæta dráttarvöxtum við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 2. nóvember 1989,
- til að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað [...],
- til að til tryggingar skuldinni verði staðfest löghald, sem gert var í fógetarétti Reykjavíkur þann 6. september 1989, í eign stefnda að Lokastíg 13 hér í borg, fyrir kr. 9.017.073,00 auk vaxta og kostnaðar.

Af hálfu stefndu er þess krafist í aðalsök:

1. Að þeir verði báðir algjörlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda.
2. Að fellt verði úr gildi löghald það sem stefnandi fékk lagt á fasteignina nr. 13 við Lokastíg í Reykjavík þann 6. september 1989.
3. Að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefndu málskostnað [...].

Gagnsök var höfðuð með framlagningu stefnu 30. nóvember 1989. Í gagnsök krefjast gagnstefnendur þess:

1. Að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim skaðabætur að fjárhæð kr. 2.400.000,00 með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla l. 25/1987 af kr. 1.300.000,00 frá 17. desember 1987 til 15. október 1988, en af kr. 2.400.000,00 frá þeim degi til greiðsludags.
2. Að dæmt verði, að vextir skuli leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn þann 17. desember 1988, en síðan árlega þann dag.
3. Að dæmt verði, að trygging sú, sem stefnda var gert að setja þann 6. september 1989, er hann fékk lagt löghald á húsið nr. 13 við Lokastíg í Reykjavík, að fjárhæð kr. 800.000,00, taki til stefnukrafna máls þessa í heild eða að hluta.
4. Að stefndi verðir dæmdur til að greiða stefnendum málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ og málskostnaðarreikningi og að málskostnaður skuli bera dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu.

Af hálfu aðalstefnenda er krafist sýknu og málskostnaðar auk virðisaukaskatts í gagnsök.

Þann 14. febrúar 1990 framseldi Sportland hf. Jóni Valentínussyni, Barðaströnd 2, Seltjarnarnesi, Inge M. Löwner Valentínusson, s.st., Selmu Ó. Björgvinsdóttur, Lynghaga 15, Reykjavík, Dagnýju Ingólfsdóttur, Sólbraut 8, Seltjarnarnesi, og Þórhildi R. Geirsdóttur, Háaleitisbraut 49, Reykjavík, kröfu Sportlands hf. á hendur Jan Gunnari Davidssyni og David Storm Ltd. vegna riftunar á umboðssamningi á Don Cano-framleiðsluvörum og vegna gallaðra skíðaúlpna, sem nú er rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Báðir aðilar hafa lagt fram málskostnaðarreikning, aðalstefnendur að fjárhæð kr. 1.105.815,00 og gagnstefnendur kr. 1.086.359,00.

Með samkomulagi, dags. 17. desember 1987, veittu gagnstefnendur Sportlandi hf. einkaumboð til dreifingar og sölu á Don Cano-framleiðsluvörum á Íslandi, í Færeyjum og á Grænlandi gegn greiðslu kr. 4.714.567,00. Ákvæði samningsins um endurgjaldið er svohljóðandi:

Sportland hf. greiðir fyrir viðskiptasambönd þessi og einkaumboðsrétt ábyrgðarskuldbindingar, sem kunna að falla á Jan Gunnar Davidsson, samtals að fjárhæð ca. kr. 4.714.567,00, sem sundurliðast þannig:

a.	Við Iðnaðarbanka Íslands hf.	kr.	952.376,00
b.	" " " "	kr.	2.162.191,60
c.	Við Guðmund Jónsson hdl., Borgartúni 33, Reykjavík, vegna eftirtalinna erlendra aðila:		
	I. Cresco í Noregi		
	II. Carmatex í Svíþjóð		
	III. Establissement Alb. í Belgíu, samtals ca.	kr.	1.300.000,00
	Samtals ca.	kr.	4.414.567,00
	auk áfallins og áfallandi kostnaðar		
d.	Með greiðslu pr. 15.10. 1988	kr.	300.000,00
	Samtals ca.	kr.	4.714.567,00

Aðalstefnendur gerðu upp við Iðnaðarbankann 11. mars 1988 en stóðu að öðru leyti ekki við skuldbindingar sínar.

Þann 20. febrúar 1989 sendi lögmaður Jans Gunnars kröfubréf fyrir hans hönd um greiðslu skv. staflið c í 3. gr. samningsins. Lögmaður Sportlands hf. svaraði bréfi þessu 7. mars 1989. Þar segir að Iðnaðarbankaskuldin hafi reynst umtalsvert hærri en tekið var fram í samkomulaginu, eða kr. 4.301.604,00. Þá var kvartað yfir göllum á vörum þeim, sem aðalstefnendur höfðu fengið til sölu og dreifingar á grundvelli samkomulags, og tjón af þeim sökum áætlað kr. 4.500.000,00. Síðan segir í bréfi lögmannsins:

> Umbjóðendur mínir telja því allar forsendur, sem fyrir hendi voru, er margnefnt samkomulag var gert, vera brostnar. Um frekari efndir af þeirra hálfu á þessu samkomulagi verður því ekki að ræða, ...

Í bréfi lögmanns Jans Davidsson, dags. 22. júní 1989, segir að hann hafi ekkert við það að athuga að losna undan samkomulaginu, en kröfum Sportlands hf. er vísað á bug. Þann 26. júní 1989 ítrekaði umboðsmaður Sportlands hf. áður fram komna tillögu um uppgjör aðila, en áskildi sér, ef ekki yrði á hana fallist, að ráðstafa rétti sínum samkvæmt samningnum. Tillögum Sportlands hf. var hafnað með bréfi, dags. 4. júlí 1989, og á það bent, að framsal væri óheimilt.

Þann 6. september 1989 var að kröfu Sportlands hf. gert löghald í húseign

Jans Gunnars að Lokastíg 13 fyrir kr. 9.017.000,00 auk vaxta og kostnaðar gegn 800.000 króna bankatryggingu.

Sportland hf. fékk fatnað, hannaðan af stefnda með vörumerkinu Don Cano, frá Rator Trading Ltd. í Hong Kong, þar sem flíkurnar voru saumaðar að nokkru leyti úr efni frá Sgat Italia Spa. á Ítalíu. Skíðaúlpur úr ítalska efninu, sem komu til landsins haustið 1988, reyndust saumaðar að nokkru leyti úr efni frá Sgat Italia Spa. á Ítalíu. Skíðaúlpur úr ítalska efninu, sem komu til landsins haustið 1988, reyndust láta lit. Vorið 1989 kom í ljós að peysur, sem þá voru fluttar inn, létu lit. Fyrir 750 gallaðar úlpur á kr. 3.444,00 telja aðalstefnendur sig eiga rétt á kr. 2.583.000,00 í bætur og fyrir 1.180 galla og peysur á kr. 868,00 kr. 1.024.236,00. Aðalstefnendur telja tjón sitt fólgið í því að sitja uppi með óseljanlegar vörur og álíta að gagnstefnendur séu framleiðendur og seljendur hinna gölluðu vara gagnvart sér, þótt þeir kannist við að hafa pantað vörurnar beint frá verksmiðjunni í Hong Kong. Þessa málsástæðu styðja aðalstefnendur að nokkru leyti við viðtal við Jan Gunnar í Morgunblaðinu 16. júlí 1989 þar sem segir að hann kaupi efni í flíkurnar og stjórni undirbúningi framleiðslunnar. Af hálfu gagnstefnenda er því haldið fram að frásögn blaðsins sé ófullkomin og röng um þetta atriði og að Jan Gunnar hafi ekki átt þess kost að lesa greinina yfir. Aðalstefnendur mótmæla þeirri staðhæfingu gagnstefnenda, að þeir hafi látið framleiða fatnaðinn í Hong Kong.

Kröfur sínar byggja aðalstefnendur á 42. gr. og 57. gr. laga 39/1922, en auk þess halda þeir því fram að gagnstefnendur hafi fallist á riftun með því að bjóða öðrum einkaleyfi Sportlands hf.

Að öðru leyti skýra aðalstefnendur bótakröfu sína með því að þeir hafi greitt verðtryggða ábyrgðarskuld gagnstefnenda með kr. 4.301.640,00. Ofan á þessa fjárhæð reikna þeir verðbætur fram til 26. júní 1989, sem þeir telja riftunardag. Þeir telja sig hafa verið blekkta varðandi fjárhæð ábyrgðarskuldbindinganna sem þeir tóku að sér að greiða, án þess þó að bera fyrir sig ógildingarreglur samningalaga.

Gagnstefnendur gerðu upphaflega þann 4. júlí 1986 samning við Scana hf. um einkarétt því til handa til að framleiða og selja íþróttafatnað sem Jan Gunnar hannaði. Var fatnaðurinn fyrst framleiddur í saumastofu Scana hf., en síðar var farið að sauma fötin erlendis, þar á meðal í Hong Kong. Scana hf. varð gjaldþrota haustið 1987. Af hálfu gagnstefnenda er því haldið fram að samkomulagið við Sportland hf. hafi í grundvallaratriðum verið um sama efni og samningurinn við Scana hf. og með nokkrum hætti framhald af honum, það sé hvorki kaupsamningur né verksamningur og feli ekki í sér ákvæði um kaup í framtíðinni; hins vegar sé það yfirfærslugerningur viðskiptasambanda og einkaumboðs til sölu á fatnaði sem Jan Gunnar hannaði. Aldrei hafi verið kvartað undan hönnun, en gagnstefnandi beri enga ábyrgð á óverulegum gölluðum framleiðsluvörum Sgat Italia Spa. og Rator Trading Ltd. Gagnstefnendur telja gallaðar flíkur oftaldar og tjónsútreikning rangan. Þeir mótmæla kröfugerð aðalstefnenda sem ósannaðri og ósundurliðaðri. Verðbótaþætti í kröfugerð aðalstefnenda er mótmælt sem heimildarlausum og því haldið fram að ósannað sé að skuldir skv. a- og b-liðum 3. tl. samkomulagsins hafi verið hærri en þar er tilgreint við samningsgerð. Gagnstefnendur vísa allri ábyrgð á eftirfarandi dráttarvöxtum og innheimtukostnaði frá sér og mótmæla því sem röngu og ósönnuðu að þeir hafi gefið eftir aðra greiðsluliði 3. tl. samkomulagsins vegna ofgreiðslu í a- og b-lið, eins og aðalstefnendur halda fram. Þeir mótmæla viðmiðun kröfugerðar varðandi riftun við 26. júní 1989 á þeim grundvelli að þá hafi ekki verið lýst yfir riftun af hálfu Sportlands hf.; gagnstefnendur hafi ekki vanefnt samkomulagið og aðalstefnendur því aldrei öðlast rétt til riftunar eða brottfalls efnaskyldu vegna brostinna forsendna. Því er mótmælt að gagnstefnendur hafi samþykkt riftun og á það bent að sá, sem riftun er beint gegn, þurfi ekki að efna samningsskyldur sínar eftir það og eigi rétt á efndabótum, sé riftun ólögmæt.

Lögmaður Sportlands hf. gekk frá samningnum til undirskriftar og halda gagnstefnendur því fram að óljós ákvæði samkomulagsins beri að túlka þeim í hag.

Í gagnsök byggja stefnendur á því að aðalstefnendur hafi valdið sér tjóni með samningsrofi og ólögmætri löghaldsgerð svo og miska með gerðinni. Aðalstefnendur réttlæta löghaldsbeiðnina m.a. með því að gagnstefnendur hafi ráðstafað söluumboði Sportlands hf. til annars aðila andstætt haldsrétti þess og að ástæða hafi verið til að óttast för Jans Gunnars úr landi. Í greinargerð í gagnsök halda aðalstefnendur því fram að tjón þeirra megi rekja til hönnunarmistaka. Samþykki gagnstefnenda við riftun telja aðalstefnendur leiða til sýknu af bótakröfu vegna vanefnda. Þeir mótmæla kröfum vegna löghalds sem röngum og ósönnuðum og miskabótakröfu sérstaklega sem of hárri.

Við munnlegan málflutning kom fram af hálfu aðalstefnenda sú skoðun að Rator Trading Ltd. hefði verið undirverktaki gagnstefnenda, en ef ekki verði fallist á að gagnstefnandi teljist framleiðandi og seljandi gagnvart aðalstefnenda, beri þeir eigi að síður ábyrgð sem hönnuðir á þeim mistökum sem orðið hafi varðandi efnisval og samval lita. Af hálfu gagnstefnenda er þeirri málsástæðu, að tjón aðalstefnenda stafi af hönnunarmistökum, mótmælt sem rangri, ósannaðri og of seint fram kominni.

Í 2. tl. samkomulags aðilanna er ákveðið að Jan Gunnar fái hönnunargjald af framleiðsluvörum. Í framkvæmd greiddi Sportland hf. 15% hönnunargjald af öllum vörum, sem það fékk afgreiddar til sín. Í 4. gr. og 5. gr. er bann við samkeppni og framsali réttinda af hálfu Sportlands hf. Samkvæmt 7. gr. var ákveðið að endanlegur einkaumboðs- og samstarfssamningur skyldi gerður svo fljótt sem verða mætti. Af því varð þó aldrei.

Hvorki af ákvæðum samningsins né öðrum sakargögnum verður ráðið að gagnstefnendur hafi lofað að selja Sportlandi hf. vörur. Af þessum gögnum verður frekast ráðið að Rator Trading Ltd. hafi fengið leyfi til framleiðslu og sölu á vörum, hönnuðum af Jan Gunnari, áður en samningur málsaðila var gerður. Þá þykir verða að fallast á að ætlun aðila hafi verið að Sportland hf. tæki við þeirri starfsemi sem Scana hf. hafði haft með höndum samkvæmt leyfissamningi við David Storm Ltd. eftir að félagið hætti eigin framleiðslu. Þannig leysti Sportland hf. út vörur sem fluttar höfðu verið til landsins á vegum Scana hf., en síðan virðist Sportland hf. hafa keypt Don Cano-vörur, m.a. af Rator Trading Ltd., þ.á m. þær vörur, sem þeir telja hafa verið gallaðar. Svo virðist sem Rator Trading Ltd. hafi að formi til verið kaupandi fataefnis frá Ítalíu. Ekki hefur komið fram að Sportland hf. hafi reynt að neyta vanefndaheimilda gagnvart Rator Trading Ltd. og verður því ekkert um það fullyrt hvort hann átti þess kost að fá tjón sitt bætt úr hendi viðsemjanda síns.

Ætla má að í hönnun í skilningi samnings aðila hafi falist tæknikröfur til hráefnis og litasamsetningar og að samningsaðilum hafi borið að gera allt, sem í þeirra valdi stóð, til að koma í veg fyrir, að dreifing og sala gallaðra vara hefði skaðleg áhrif á viðskipti. Hinsvegar hefur ekki verið sýnt fram á að leyfisveitandi hafi tekið ábyrgð á að vörur sem framleiddar væru samkvæmt hönnuninni gæti orðið gjaldgeng verslunarvara, eða að þær hefðu nægilega kosti sem slíkar. Fremur má ætla að á það hefði mátt líta sem samningsbrot af hálfu leyfishafa að dreifa gallaðri vöru.

Umboðsmenn aðila fóru saman til fundar við forráðamenn framleiðandans í Hong Kong m.a. til að velja efni. Í þeim umræðum var fallist á það af hálfu gagnstefnenda að haldið skyldi áfram að sauma úr vönduðum efnum og fallið frá hugmyndum um framleiðslu úr ódýrari efnum. Aðalstefnendur halda því fram að í raun hafi föt sem þeir pöntuðu frá Hong Kong verið úr allt öðru efni en um var talað. Ekkert hefur komið fram um að gagnstefnendur hafi átt þátt í því eða öðru því sem kann að hafa valdið aðalstefnendum tjóni.

Aðalstefnendur hafa ekki gert neina tölulega grein fyrir því hverrar fjárhæðar þeir telja ábyrgðarskuldir í Iðnaðarbanka Íslands hf. hafa numið á samningsdegi og skuldabréfin hafa ekki verið lögð fram í málinu, þótt ætla verði að aðalstefnendur hafi átt þess kost að fá bréfin afhent þegar þeir greiddu. Hinsvegar hafa aðalstefnendur lagt fram fjölda greiðsluskjala sem af má draga nokkrar ályktanir á grundvelli þeirrar athugunar sem ætlast verður til af dóminum þegar gögn eru lögð fyrir hann með þessum hætti. Samkvæmt þessum gögnum virðist Jan Gunnar hafa gefið út tvö skuldabréf 30. september 1985, annað að fjárhæð kr. 1.125.000,00 með ábyrgð Reykvískrar endurtryggingar, og hitt að fjárhæð kr. 525.000,00 með sjálfskuldarábyrgð Karls L. Magnússonar, framkvæmdastjóra Scana hf. Þriðja skuldabréfið sem aðalstefnendur greiddu er eins og hið síðarnefnda að öðru leyti en því að það er gefið út af Karli og Jan Gunnar er ábyrgðarmaður. Ekki verður séð að neitt hafi verið greitt af bréfunum fyrr en þau voru gerð upp. Sjá má að lögfræðikostnaður hefur verið kr. 111.502,90 af lægri fjárhæðunum, en kr. 226.583,50 af 1.125 þúsund króna bréfinu. Ósannað er að þessi kostnaður hafi verið fallinn á þegar samningurinn var gerður. Þá hafa greiðendur orðið að greiða stórar fjárhæðir í dráttarvexti fyrir tímabilið frá 17. desember 1987 til greiðsludags 11. mars 1988. Ekki er ósennilegt að skuld samkvæmt 525 þúsund króna bréfunum hafi numið kr. 952.376,00 við samningsgerð með verðbótum og vöxtum og lætur þá nærri að skuld samkvæmt 1.125 þúsund króna bréfinu hafi getað verið orðin að kr. 2.162.191,60 á sama tíma, en fráleitt að samanlögð fjárhæð þessa bréfs og annars hinna hafi numið svo lágri fjárhæð á þessum tíma. Aðalstefnendur halda því fram að Karl hafi orðið gjaldþrota á sama tíma og Scana hf., en hann var í raun einn aðalmaðurinn á bak við Sportland hf., og aðalsamningamaður, og er þá nærlæg sú skýring að gert hafi verið ráð fyrir að Sportland hf. tæki að sér að greiða þetta skuldabréf án þess að sú greiðsla reiknaðist sem greiðsla fyrir þá hagsmuni sem ábyrgðarmaðurinn veitti félaginu með samkomulaginu. Samkvæmt þessu verður að telja að aðalstefnendum hafi hvorki tekist að sanna né gera sennilegt að ábyrgðarskuldbindingar, sem Sportland hf. tók að sér, hafi í reynd numið hærri fjárhæðum en tilgreindar eru í samkomulaginu. Þá verður að fallast á það með gagnstefnendum að forsvarsmönnum Sportlands hf. hafi verið í sjálfsvald sett hvort þeir greiddu meira en þeir höfðu lofað gagnstefnendum, og að ósannað sé að gagnstefnendur hafi fallið frá öðrum kröfuliðum.

Þá verða ummæli lögmanns gagnstefnenda í bréfi, dags. 22. júní 1989, ekki skýrð sem svo að þar sé fallist á riftunarrétt Sportlands hf., en þeim var rétt að ráðstafa samningshagsmununum eftir að Sportland hf. hafði lýst því yfir í bréfi, dags. 7. mars 1989, að um frekari efndir af hálfu félagsins yrði ekki að ræða. Ekki hefur þó komið fram að gagnstefnendum hafi tekist að takmarka tjón sitt vegna samningsrofanna með þeim hætti.

Samkvæmt þessum ályktunum þykir bera að hafna öllum kröfum aðalstefnenda í aðalsök og fallast á allar kröfur stefndu. Leggja verður til grundvallar samkvæmt framansögðu að löghaldið hafi verið ólögmætt og að ógreiddar séu kr. 1.600.000,00 samkvæmt samkomulagi aðilanna og þykir því sú fjárhæð, auk vaxta, hæfilegar bætur til gagnstefnenda fyrir samningsrofin. Ekki hefur verið sýnt fram á beint fjártjón gagnstefnenda af löghaldinu en ætla verður að það hafi valdið þeim óþægindum og lánstraustsspjöllum. Bætur af þeim sökum þykja hæfilega ákveðnar kr. 300.000,00, auk vaxta. Kröfu í 3. tl. gagnstefndu hefur ekki verið mótmælt sérstaklega en ábyrgðaryfirlýsingin er einvörðungu sett til tryggingar vegna „þess tjóns og miskabóta er gerðarþoli kann að verða fyrir vegna gerðarbeiðni . . .“, sbr. 12. gr. og 24. gr. l. 18/1949. Samkvæmt þessu verður ekki talið fært að fallast á þennan kröfulið framar en greinir í dómsorði. Með ofangreindum takmörkunum verður fallist á allar kröfur gagnstefnenda í gagnsök.

Samkvæmt þessu verða niðurstöður í málinu eins og nánar greinir í dómsorði.

Málskostnaður ákveðst kr. 1.065.00,00.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Gagnstefnendur, Jan Gunnar Davidsson og David Storm Ltd., skulu vera sýknir af öllum kröfum aðalstefnenda, Jóns Valentínussonar, Inge M. Löwner Valentínusson, Selmu Ó. Björgvinsdóttur, Dagnýjar Ingólfsdóttur og Þórhildar R. Geirsdóttur, í aðalsök. Aðalstefnendur greiði gagnstefnendum kr. 1.900.000,00 með dráttarvöxtum af kr. 1.300.000,00 frá 17. desember 1989 til 15. október 1988, af kr. 1.600.000,00 frá þeim degi til 6. september 1989 (sic), en af kr. 1.900.000,00 frá þeim degi til greiðsludags. – Vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, fyrst 17. desember 1988, og kr. 1.065.000,00 í málskostnað auk dráttarvaxta af þeirri fjárhæð frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Löghaldstrygging tekur til bóta vegna löghalds.

Fimmtudaginn 28. apríl 1994.

Nr. 397/1990. **Félag íslenskra loftskeytamanna**
(Jón Hjaltason hrl.)
gegn
Steingrími Steinþórssyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
og gagnsök

Höfundarréttur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Hjörtur Torfason.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 29. október 1990 og krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. febrúar 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 1. sama mánaðar. Krefst hann þess aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur og miskabætur, að fjárhæð 960.000 krónur, með dráttarvöxtum frá 1. janúar 1988 til greiðsludags, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Æviskrár loftskeytamanna í ritinu Loftskeytamenn og fjarskiptin eru lítt frábrugðnar um form og efnistök öðrum sams konar æviskrám, sem komið hafa út hérlendis undanfarin ár á vegum ýmissa stéttar- og starfsgreinafélaga. Svigrúm í texta, þegar slíkt rit er búið til prentunar, er næsta lítið, þar sem um er að ræða skráningu sams konar staðreynda um æviferil manna eftir hefðbundinni niðurröðun efnis, sem ákveðin er fyrir fram. Byggist sú skráning fyrst og fremst á upplýsingum, sem teknar eru saman af þeim, sem um er fjallað, og ritaðar af þeim inn á stöðluð eyðublöð.

Ritnefnd aðaláfrýjanda réð gagnáfrýjanda til að inna af hendi tvíþætt verk við útgáfu umrædds rits. Í fyrsta lagi var um að ræða sérstakt, afmarkað verk, „vinnslu prentsmiðjuhandrits“, samkvæmt fyrirsögn ritnefndarinnar, og var áætlaður tími til þess 250-350 klukkustundir. Verki þessu skilaði gagnáfrýjandi, en ágreiningur er um, hvort hann hafi lokið því á fullnægjandi hátt. Í öðru lagi tókst gagnáfrýjandi á hendur prófarkalestur, en sá verkþáttur, sem annar maður vann, er ekki til álita í málinu.

Starf gagnáfrýjanda var fyrst og fremst endurskoðun á æviskrártextum, sem þegar höfðu verið skráðir á sérstök stöðluð eyðublöð, öflun upplýsinga í tengslum við hana, þar sem á þær skorti, og lagfæringar með viðbótum og úrfellingum til samræmingar. Þá er þess að gæta, að gagnáfrýjandi vann ekki einn að þessu verki. Af fundargerðum stjórnar aðaláfrýjanda og dómskýrslum í málinu verður ráðið, að fleiri menn hafi komið þar við sögu og sumir innt af hendi verulegt starf. Voru það bæði menn innan stjórnar félagsins og utan.

Þegar framanskráð er virt, verður ekki talið, að umrætt starf gagnáfrýjanda hafi verið þess eðlis, að það fullnægði lágmarkskröfum um frumleik eða sjálfstæða efnismeðferð, til þess að það skapaði gagnáfrýjanda höfundarrétt samkvæmt höfundalögum nr. 73/1972. Ber því að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum hans í málinu.

Eftir þessum málalokum er rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda samtals 120.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Við ákvörðun hans er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Félag íslenskra loftskeytamanna, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Steingríms Steinþórssonar, í máli þessu.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda samtals 120.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Hrafns Bragasonar og Hjartar Torfasonar

I.

Í héraðsdómi er skýrt frá samningi aðila frá 7. mars 1984, en samkvæmt honum tók gagnáfrýjandi að sér að vinna prentsmiðjuhandrit og lesa prófarkir loftskeytamannatals fyrir samtals 100.000 krónur. Átti verki hans að vera lokið 1. janúar 1985. Áður en samningurinn var gerður, hafði stjórn aðaláfrýjanda samið og sent út fyrirspurnablöð til félagsmanna og þannig safnað upplýsingum um loftskeytamenn. Einnig höfðu upplýsingar verið teknar saman um látna loftskeytamenn. Fékk gagnáfrýjandi þessi frumgögn í hendur fyrri hluta árs 1984 röðuð í stafrófsröð. Í formála að ritinu, Loftskeytamenn og fjarskipti, sem út kom 1987, sagði Ólafur K. Björnsson, er varð ritstjóri bókarinnar, meðal annars:

„Á aðalfundi 30. mars 1985 gerði ég grein fyrir stöðu mála, að þá lægju fyrir upplýsingar um 660 loftskeytamenn og að stefnt yrði að því að gefa Loftskeytamannatalið út á árinu. Handrit Steingríms lá nú fyrir, og þótt mikil vinna hefði verið í það lögð, var ritnefndinni ljóst, að unnt myndi að bæta um betur og afla nánari upplýsinga, bæði úr ættfræðiritum og með viðtölum. Sú viðleitni bar nokkurn árangur.“

Gagnáfrýjandi las engar prófarkir að bókinni, og samkvæmt samningi frá 4. júlí 1987, sem lagður hefur verið fyrir Hæstarétt, tók Torfi Jónsson að sér „að lesa fyrstu til þriðju prófförk af Loftskeytamannatali og sögu fjarskiptanna“.

Gagnáfrýjandi fékk greiddar 60.000 krónur fyrir sinn þátt, og verður málflutningur hans ekki skilinn öðruvísi en svo, að hann geri ekki frekari fjárkröfur vegna samningsins frá 7. mars 1984.

Kröfur sínar byggir gagnáfrýjandi aftur á móti á því, að hann sé höfundur að verkinu samkvæmt 1. gr. höfundalaga nr. 73/1972, og hafi samkvæmt 3. gr. sömu laga, „einkarétt til að gera eintök af verki sínu og til að birta það í upphaflegri mynd eða breyttri, í þýðingu og öðrum aðlögunum“. Fyrirsvarsmönnum aðaláfrýjanda hafi sem útgefendum borið að gera við sig útgáfusamning samkvæmt 33. gr. höfundalaga. Þetta hafi þeir ekki gert og hafi þeim því verið óheimilt að gefa verkið út, og beri þeim að bæta honum það. Samkvæmt 5. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup sé honum heimilt að ákveða sér hæfilegt endurgjald fyrir afnotin af hugverki sínu. Reiknar hann sér 10% af útsöluverði útgefinna bóka, sem hafi verið 5.500 krónur fyrir hverja bók, en upplag ritsins hafi verið 1200 eintök. Samtals áskilur hann sér 660.000 krónur fyrir afnotin.

Gagnáfrýjandi byggir kröfur sínar auk þess á því, að ritnefnd aðaláfrýjanda hafi borið samkvæmt 4. gr. höfundalaga að geta sín sem höfundar að verkinu. Þetta hafi þeir ekki gert, og beri þeim því samkvæmt 2. mgr. 56. gr. sömu laga, eins og henni var breytt með 7. gr. laga nr. 78/1984, að greiða sér miskabætur, sem hann telur hæfilegar 300.000 krónur.

Af hálfu aðaláfrýjanda er því mótmælt, að gagnáfrýjandi eigi höfundarrétt að ritinu, Loftskeytamenn og fjarskiptin. Samningurinn frá 7. mars 1984 sé samningur um ákveðið verk, og hafi gagnáfrýjandi fengið að fullu greitt fyrir verk sitt.

II.

Þegar litið er til þess, sem segir um framlag gagnáfrýjanda í formála að bókinni Loftskeytamenn og fjarskiptin, verður við það að miða, að gagnáfrýjandi hafi skilað prentsmiðjuhandriti að þeim hluta bókarinnar, sem varðar loftskeytamannatalið sjálft. Þótt einhverjar breytingar hafi verið gerðar á handriti hans, breytir það ekki þessari niðurstöðu. Gagnáfrýjandi var að því spurður í héraðsdómi af lögmanni aðaláfrýjanda, hvaða hugverk hann teldi sig hafa unnið í sambandi við þetta verk. Svar hans var eftirfarandi: „Það sem ég held að liggi fyrst og fremst þarna, það er það að skipa þessu niður, flokka niður upplýsingarnar, vinsa úr því sem ég taldi ekki koma svona riti við, þ.e.a.s. að koma heildarskipulagi og samfelldum stíl á ritið. . . .“. Hann kvaðst og sjálfur hafa aflað nokkurra upplýsinga. Ágreiningur er ekki með aðilum, að til þessa hafi hann verið ráðinn. Aðaláfrýjandi er útgefandi þessa bókmenntaverks, og svo sem að framan er rakið, höfðu stjórnarmenn félagsins safnað frumgögnum og þá var sérstök ritnefnd starfandi. Gagnáfrýjandi var ráðinn til að búa þessar upplýsingar til útgáfu, og hefur fengið greitt fyrir það verk. Er ósannað, að hann hafi mátt búast við frekari greiðslu fyrir verkið og að gerður yrði við hann sérstakur útgáfusamningur samkvæmt 33. gr. höfundalaga, þótt hann yrði talinn meðhöfundur að verkinu. Eftir stendur þá, hvort verk gagnáfrýjanda var þess eðlis, að fyrirsvarsmönnum aðaláfrýjanda hafi verið skylt að geta hans sem meðhöfundar eða meðritstjóra að verkinu samkvæmt 4. gr. höfundalaga.

Ritverk eins og Loftskeytamenn og fjarskiptin geta verið til þess fallin að njóta verndar höfundalaga nr. 73/1972. Sá, sem aðhæfir upplýsingar og ákveður þar á meðal form og framsetningu þeirra, svo að þær verði hæfar til útgáfu slíks tals, getur með hliðsjón af 5. gr. höfundalaga öðlast höfundarrétt að þeirri aðlögun verksins. Verður að fallast á það með héraðsdómara, að framlag gagnáfrýjanda hafi verið sjálfstætt frumsamið verk í þessum skilningi, og hefði því átt að geta hans sem meðhöfundar. Þar sem það var ekki gert, eigi hann rétt á bótum samkvæmt 2. mgr. 56. gr. höfundalaga, sem þykja hæfilega metnar í héraðsdómi, 50.000 krónur. Rétt þykir, að dráttarvextir dæmist frá uppkvaðningu héraðsdóms til greiðsludags.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber aðaláfrýjendum að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. október 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. september 1990, höfðaði Steingrímur Steinþórsson sagnfræðingur, Garðavegi 18, Hvammstanga, kt. 150151-5339, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Félagi íslenskra loftskeytamanna, Borgartúni 18, Reykjavík, kt. 530169-6859, með þingfestingu málsins 19. september 1989.

Dómkröfur stefnanda eru samkvæmt endanlegri kröfugerð hans, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum skaðabætur og miskabætur, samtals að fjárhæð kr. 960.000,00, með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum og málskostnaði].

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað [...].

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Aðdragandi máls þessa er sá, að þann 7. mars 1984 gerðu málsaðilar samning um að stefnandi, sem þá starfaði hjá bókaforlaginu Sögusteini, ynni fyrir stefnda prentsmiðjuhandrit og læsi yfir prófarkir að loftskeytamannatali sem fyrirhugað var að gefa út. Samningurinn var gerður með undirritun stefnda á tilboð frá stefnanda sem hljóðaði samtals upp á kr. 60.000, er skyldi greiða fyrir vinnslu prentsmiðjuhandrits, og kr. 40.000 fyrir prófarkalestur, en yrði samin nafnaskrá, skyldi semja sérstaklega um það. Jafnframt var tekið fram í samningnum að verkinu ætti að ljúka fyrir 1. janúar 1985 og skyldi það greitt með eftirfarandi hætti: 1. maí 1984 kr. 20.000, 1. júlí s.á. kr. 20.000, 1. september s.á. kr. 20.000 og 1. janúar 1985 kr. 40.000. Þó skyldi heildaruppgjör eiga sér stað eigi síðar en einum mánuði eftir að verkinu lyki, færi svo að því lyki fyrir tilsettan tíma. Samningurinn var undirritaður af stefnanda og fyrir hönd stefnda undirrituðu Ólafur K. Björnsson, Bogi V. Þórðarson og Kristján Jónsson.

Þegar þessi samningur var gerður hafði stjórn stefnda safnað upplýsingum um æviágrip loftskeytamanna, meðal annars höfðu verið send út fyrirspurnablöð til þeirra, og upplýsinga um látna loftskeytamenn hafði einnig verið aflað. Nöfnum þeirra manna, sem áttu að birtast í loftskeytamannatalinu, hafði verið raðað í stafrófsröð, og þessi frumgögn fékk stefnandi í hendur fyrri hluta árs 1984. Aðilum ber ekki saman um hvenær stefnandi skilaði síðan umsömdu prentsmiðjuhandriti, og einnig er ágreiningur um ástæður fyrir því að stefnandi lauk ekki þeim hluta verksins að lesa prófarkir, en öðrum manni var falinn prófarkalesturinn. Stefnandi hafði þá fengið greiddar þrjár fyrstu greiðslurnar samkvæmt samningi, kr. 60.000.

Ritið Loftskeytamenn og fjarskiptin kom síðan út árið 1987. Það er 479 blaðsíður að lengd, þar af er u.þ.b. helmingur áðurnefnt loftskeytamannatal, en hinn helmingurinn ber heitið Fjarskipti og er samantekt Ólafs K. Björnssonar um sögu fjarskipta hér á landi. Ólafur K. Björnsson er skráður ritstjóri á titilblaði bókarinnar. Í formálanum, sem Ólafur ritar, er lýst aðdraganda að útgáfu ritsins og jafnframt getið þeirra manna sem á einn eða annan hátt komu nálægt henni. Um þátt stefnanda segir svo:

„Þann 7. mars 1984 var gerður samningur við Steingrím Steinþórsson, þáverandi starfsmann „Sögusteins“, um að vinna aðsend gögn í prentsmiðjuhandrit. Verkinu átti, samkvæmt samningi, að vera lokið 1. jan. 1985. Af ófyrirsjáanlegum ástæðum tafðist það nokkuð, m.a. vegna þess hve svör margra reyndust ófullnægjandi, og þá sérstaklega hvað varðaði fæðingar- og dánardaga foreldra. Þá hafði og oft gleymst að láta mynd fylgja svari. – Ritnefndin vann áfram að upplýsingaöflun, svo og að öðru er að gagni mætti koma.

Á aðalfundi 30. mars 1985 gerði ég grein fyrir stöðu mála, að þá lægju fyrir upplýsingar um 660 loftskeytamenn og að stefnt yrði að því að gefa Loftskeytamannatalið út á árinu. Handrit Steingríms lá nú fyrir, og þótt mikil vinna hefði verið í það lögð var ritnefndinni ljóst, að unnt myndi að bæta um betur og afla nánari upplýsinga bæði úr ættfræðiritum og með viðtölum. Sú viðleitni bar nokkurn árangur.“

Stefnandi segir, að eftir að hann skilaði af sér prentsmiðjuhandriti hafi hann flutt út á land og ekkert heyrt frá ritnefndinni fyrr en haustið 1986, þegar hún bað hann um að senda sér gögn sem hann hafði undir höndum og tengdust vinnu hans. Síðan hafi hann ekkert heyrt frá henni en í desember 1988 hafi hann, sér til mikillar furðu, séð að rit það, sem hann áleit sig höfund að, var komið í bókaverslanir. Hann hafi þegar haft samband við stefnda með bréfi, dags. 10. janúar 1989, og mótmælt harðlega hvernig vegið væri að höfundarrétti hans. Í fyrsta lagi væri nafns hans sem höfundar ekki getið á verkinu, auk þess sem ekkert samráð hefði verið haft við hann um útgáfu þess, hvað þá að gerður væri við hann útgáfusamningur sem væri forsenda þess að stefndi gæti gefið verkið út.

Stefnandi kveðst eftir þetta hafa boðið stefnda að gera við sig síðbúinn útgáfusamning í samræmi við þær reglur sem tíðkuðust. Þessu hafi stefndi synjað með bréfi, dags. 31. janúar 1989, og borið því við að stefnandi væri alls ekki höfundur að umræddu riti. Þar segi einnig, að umsamið prentsmiðjuhandrit stefnanda hafi reynst ófullnægjandi og að ritnefnd hafi þurft að gera á því breytingar.

Stefnandi byggir kröfur sínar í máli þessu á því, að hann sé óumdeilanlega höfundur að ritinu Loftskeytamenn og fjarskiptin, þ.e. þeim hluta þess er lýtur að loftskeytamannatalinu. Sem höfundur þess eigi hann eignarrétt á því og eigi því rétt til að ákveða hvort og hvenær verk hans komi út og til þess að fá ágóða af verkinu. Án hans samþykkis hafi stefnda verið með öllu óheimilt að gera eintök af verki hans og gefa þau út. Brot stefnda hafi haft fjártjón í för með sér fyrir hann, sem stefnda sé skylt að bæta. Samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og meginreglu 5. gr. kaupalaga nr. 39/1922 sé höfundi heimilt að ákveða endurgjald fyrir afnot af hugverki sínu svo framarlega sem ekki hafi verið samið um lægri greiðslur og að kröfufjárhæðin sé ekki bersýnilega ósanngjörn.

Kröfu sína um miskabætur byggir stefnandi á því að stefndi hafi með ólögmætri háttsemi raskað rétti hans. Ekki aðeins hafi stefndi brotið gegn eigna- og einkarétti stefnanda, heldur hafi hann einnig ómaklega vegið að sæmdarrétti hans sem höfundar.

Með þessu hafi ákvæði l. nr. 73/1972 um höfundarrétt verið brotin svo og ákvæði Bernarsáttmálans til verndar bókmenntum og listaverkum, sem staðfestur var með l. nr. 80/1972.

Stefnandi vísar til 1., 3. og 4. gr. höfundalaga um eignarrétt höfunda að verkum sínum, einkarétt að hvers konar birtingu á þeim svo og um rétt höfundar til að nafns hans sé getið á verkum hans. Vísað er til 33. gr. s.l. þar sem fjallað er um útgáfusamning við höfund sem skilyrði fyrir útgáfu á verkum hans.

Á þessum ákvæðum höfundalaga byggir stefnandi skaðabótakröfu sína, en fjárhæðin er fengin með því að reikna 10% af útsöluverði útgefinna bóka, sem skv. upplýsingum bóksala er kr. 5.500 en upplag ritsins er 1200 eintök. Fjárhæð bótakröfu er samkvæmt þessu kr. 660.000.

Loks byggir stefnandi miskabótakröfu sína, að fjárhæð kr. 300.000, á 1. og 2. mgr. 56. gr. sömu laga, samanber l. nr. 78/1974.

Stefndi heldur því fram að verk stefnanda í sambandi við loftskeytamannatal hafi verið skýrt afmarkað í tilboði hans sem stefndu samþykktu. Það liggi ljóst fyrir að stjórn stefndu hafi safnað upplýsingum frá loftskeytamönnum, en eftir hafi verið að raða þeim upp, afla nokkurra viðbótarupplýsinga og raða þeim saman í prentsmiðjuhandrit.

Hér hafi verið um verksamning að ræða, sem greiða skyldi ákveðið verð fyrir. Miklar vanefndir hafi orðið hjá stefnanda á því að fullnægja samningsskyldum sínum þótt stefndi greiddi honum strax á árinu 1984 fyrir frágang á prentsmiðjuhandriti.

Ljóst sé af þessu, að stefnandi hafi ekki átt að hanna neitt fyrir stefndu í sambandi við loftskeytamannatal, aðeins að vélrita þau gögn, er stjórnin hafði undir höndum, raða efninu upp eins og gert var í Skipstjóratali, en það rit hafi stefndu haft meðferðis til hliðsjónar þegar frumgögn voru afhent stefnanda, og bæta inn í það sem upp á vantaði í æviskrárnar. Það hefði átt að vera honum auðvelt sem starfsmanni Sögusteins.

Stefnandi hafi hins vegar hætt hjá Sögusteini og ekki haft samband við stefnda, sem hafi loks náð sambandi við hann haustið 1984, og hafi hann þá ekki verið byrjaður á verkinu. Sumarið 1985 hafi stefndi loks fengið handritið frá stefnanda ófullgert, og stefnandi hafi síðan sagt sig frá verkinu síðla árs 1986.

Stefndi heldur því fram að jafnvel þótt stefnandi hefði í öllu efnt samninginn, hefði hann ekki öðlast né átt neinn höfundarrétt að félagsmannatalinu. Hann hafi tekið að sér ákveðna vinnu fyrir ákveðið verð, og ljóst hafi verið að stefndi skyldi vera eigandi verksins að því loknu.

Ljóst sé að enginn grundvöllur sé fyrir neins konar skaðabótakröfum frá stefnanda á hendur stefnda í þessu sambandi, en skaðabótaréttur allur í þessu efni liggi hjá stefnda á hendur stefnanda, sem hafi hlaupist frá sínum samningsskyldum.

Stefndi mótmælir öllum skaðabótakröfum í málinu sem rakalausum og mótmælir sérstaklega tilvitnunum stefnanda í höfundalög, sem eigi í engu við í þessu máli, þar sem stefnandi sé alls ekki höfundar að loftskeytamannatalinu.

Forsendur og niðurstaða.

Ágreiningur aðila í máli þessu snýst í meginatriðum um það hvort verk stefnanda samkvæmt áðurgreindum samningi njóti verndar höfundarréttarreglna eða hvort aðeins hafi verið gerður samningur um ákveðið verk sem veiti stefnanda ekki frekari rétt en samningurinn kveður á um.

Þegar samningur aðila var gerður vorið 1984 var stefnanda falið með honum að vinna prentsmiðjuhandrit og samræma þær upplýsingar sem þegar lágu fyrir í frumgögnum stefnda, fella þær inn í ákveðið form og setja ákveðna heildarmynd á ritið. Einnig var ætlast til að stefnandi fyllti inn í eyður þar sem vantaði á upplýsingar um æviatriði loftskeytamanna.

Ætla má að stefndi hefði ekki getað beðið hvern sem var um að taka slíkt verk að sér líkt og aðeins væri um venjulega vélritunarvinnu að ræða. Það virðist hafa verið sérþekking stefnanda í sagnfræði og möguleikar hans á að leita ættfræðilegra upplýsinga, þar sem á vantaði í frumgögnin, sem varð til þess að til hans var leitað.

Rit sambærileg við loftskeytamannatalið verður að telja til þess fallin að njóta verndar höfundarréttarreglna, samanber meginreglur höfundalaga nr. 72/1973, jafnvel þótt enginn sé beinlínis skráður höfundur í þessu tilviki sem hér um ræðir. Með verki sínu vann stefnandi að samræmingu upplýsinga sem fyrir lágu og gaf þeim hluta verksins, er hann vann að, endanlega heildarmynd, sem síðan var fylgt við útgáfu ritsins.

Telja verður að framlag stefnanda til ritsins Loftskeytamenn og fjarskiptin, sé þess eðlis að í skilningi höfundarréttar sé það sjálfstætt, frumsamið verk er uppfylli þau skilyrði að teljast andlag andlegrar sköpunar. Fallast ber því á það með stefnanda að framlag hans til verksins njóti sjálfstæðrar verndar samkvæmt höfundalögum, er hafi samkvæmt 1. gr. höfundalaga nr. 73/1972 skapað stefnanda eignarrétt að þessum hluta verksins. Verður því að álíta að stefnda hafi verið óheimilt að gefa út ritið og selja án þess að gera um það útgáfusamning við stefnanda samkvæmt 3. og 33. gr. s.l.

Í 2. mgr. 5. gr. höfundalaga nr. 73/1972 segir: „Nú hefur verk verið notað sem fyrirmynd eða með öðrum hætti við gerð annars verks, sem telja má nýtt og sjálfstætt, og er þá hið nýja verk óháð höfundarétti að hinu eldra.“ Af þessu má ráða að það, hvort ákveðið var að nota Skipstjóratalið sem fyrirmynd loftskeytamannatals, skiptir í þessu tilliti ekki máli. Hins vegar ber að líta til þess að stefnandi getur ekki talist einn höfundur að ritinu Loftskeytamenn og fjarskiptin með þeim algera einkarétti, sem 3. gr. höfundalaga veitir, þar sem hann fékk allan efnivið, að þeim hluta, er hann vann að, frá stefnda í málinu. Með hliðsjón af 7. gr. höfundalaga nr. 73/1972 verður að telja að sú undirbúningsvinna og heimildasöfnun í verkið, sem þegar hafði farið fram af hálfu stefnda, ritun þess að hluta og röðun í frumhandrit, njóti á sama hátt verndar höfundalaga og framlag stefnanda í máli þessu. Auk þessa er rúmur helmingur ritsins verk annars aðila. Verður því stefnandi ekki talinn höfundur að nema hluta ritsins.

Í málatilbúnaði sínum byggir stefndi einvörðungu á þeirri málsástæðu að samningur aðila máls þessa frá 7. mars 1984 sé verksamningur er skapi verkkaupa eignarrétt að verkinu að verksamningi efndum, og því tengist samningur þessi ekki höfundarrétti á nokkurn hátt.

Telja verður einnig að stefndi hafi ekki sýnt fram á að stefnandi, Steingrímur Steinþórsson, hafi með margnefndum samningi aðila afsalað stefnda höfundarrétti sínum að þeim hluta ritsins er hann hafði unnið að, enn fremur með hliðsjón af 3. mgr. 4. gr. höfundalaga nr. 73/1972 verður orðalag samningsins ekki túlkað á þann veg að stefndi hafi átt með honum að eignast óskoraðan eignar- og útgáfurétt að verkinu.

Stefnandi styður skaðabótakröfu sína aðallega þeim rökum að með heimildarlausri útgáfu stefnda á ritinu hafi hann orðið fyrir fjártjóni. Miskabótakrafa stefnanda er byggð á því að stefndi hafi með ólögmætum hætti raskað rétti hans og jafnframt vegið að sæmdarrétti hans sem höfundar.

Með framlagi sínu til ritsins Loftskeytamenn og fjarskiptin hefur stefnandi öðlast höfundarrétt að þeim hluta er hann vann að, og ber því að dæma stefnanda skaðabætur, sbr. 1. mgr. 56. gr. l. 73/1972, þar sem stefndu hafa með háttsemi sinni, eins og áður er rakið, brotið með saknæmum hætti gegn höfundarrétti hans.

Með hliðsjón af framlagi stefnanda til ritsins og þeirri greiðslu, er hann hefur þegar móttekið vegna samnings aðila frá 7. mars 1984, þykja bætur hæfilega metnar kr. 150.000,00.

Miskabætur, sbr. 2. mgr. 56. gr. l. 73/1972, sbr. 7. gr. l. 78/1984, þykja hæfilega metnar kr. 50.000,00.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 100.000,00 í málskostnað.

Georg Kr. Lárusson, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Félag íslenskra loftskeytamanna, greiði stefnanda, Steingrími Steinþórssyni, kr. 200.000,00 með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum].

Stefndi greiði stefnanda kr. 100.000,00 í málskostnað og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti að liðnum 15 dögum frá dómsuppkvaðningu.

Fimmtudaginn 28. apríl 1994.

Nr. 169/1990. **Þuríður J. Sörensen**
Guðrún S. Jónsdóttir
Bryndís Jónsdóttir
Halldór Ó. Jónsson
Gunnlaugur J. Briem
Steindór J. Briem
Soffía S. Briem
Sveinn Skúlason
Gunnlaugur Skúlason
Páll Skúlason
Gunnlaugur P. Steindórsson
Anna Soffía Steindórsdóttir
Sigurður Ingason
Gunnlaugur J. Ingason
Sigurjón Á. Ingason
Soffía Ingadóttir
Helga Guðmundsdóttir
Eiríkur Karlsson
Guðmundur Viðar Karlsson og
Gunnar Þorsteinsson
(Árni Grétar Finnsson hrl.)
gegn
Agli Marteinssyni og
Jórunni Jónsdóttur
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Veiðiréttur. Samningur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Hjörtur Torfason.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. apríl 1990. Þeir krefjast þess, að staðfest verði lögbann, sem 6. júní 1989 var lagt við veiði af hálfu stefndu í Hvítá fyrir landi Gíslastaða í Grímsneshreppi, Árnessýslu, meðal annars fram undan landspildu stefndu úr landi Gíslastaða 600 metra meðfram Hvítá samkvæmt afsali 29. maí 1974. Þá krefjast áfrýjendur þess, að viðurkennt verði með dómi Hæstaréttar, að allur veiðiréttur í Hvítá á milli suður- og norðurmerkja Gíslastaða tilheyri jörðinni einni og að eigendur jarðarinnar hafi umferðarrétt um land stefndu til að nýta veiðiréttinn fyrir því landi. Enn fremur krefjast áfrýjendur málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum.

Eftir áfrýjun málsins til Hæstaréttar hafa tveir áfrýjenda látist, og er skiptum í dánarbúum þeirra lokið. Karl J. Eiríks lést 9. september 1990. Tekur ekkja hans, Helga Guðmundsdóttir, við aðild hans að málinu. Þórður Jónsson lést 7. maí 1991. Erfingjar voru systkini hans og hálfsystkini, sem öll eru fyrir aðilar máls þessa, svo og bróðursonur hans, Gunnar Þorsteinsson, og synir hálfbróður hans, Karls J. Eiríks, þeir Eiríkur Karlsson og Guðmundur Viðar Karlsson. Samkvæmt því verða Gunnar, Eiríkur og Guðmundur Viðar nýir aðilar að málinu.

Halldór Gunnlaugsson, fæddur 1892, bóndi á Kiðjabergi og hreppstjóri Grímsneshrepps, var eigandi jarðanna Kiðjabergs, Hests og Gíslastaða í Grímsnesi, en lönd þessara jarða liggja saman. Með afsali 29. maí 1974 afsalaði hann bróðurdóttur sinni, stefndu Jórunni Jónsdóttur, og eiginmanni hennar, stefnda Agli Marteinssyni, landspildu þeirri, sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi. Afsalinu fylgdi uppdráttur, þar sem landspildan er afmörkuð. Hvoru tveggja skjalinu var þinglýst samdægurs. Eftir lát Halldórs féllu nefndar jarðir í arf til skyldmenna hans, en hann var ókvæntur og barnlaus. Eru erfingjarnir sóknaraðilar málsins.

Ágreiningur í máli þessu lýtur að því einu, hvort stefndu eigi veiðirétt fyrir umræddu landi, en ekki að umfangi þess réttar.

Fallast ber á það með héraðsdómara, að matsgerð sú, er áfrýjendur hafa aðallega byggt á kröfur sínar í málinu, verði eigi lögð til grundvallar dómi í því, þar sem eigi var á valdi hinna dómkvöddu matsmanna að leiða til lykta ágreining aðila, sem lýtur að eignarréttindum.

Eins og atvikum er háttað í máli þessu, en þeim er skilmerkilega lýst í hinum áfrýjaða dómi, var ekkert í lögum, sem stóð því í vegi, að umrætt afsal hefði lagagildi, að því er tók til veiðiréttar fyrir landi því, sem stefndu var afsalað. Er það og í samræmi við hina fornu reglu í íslenskum rétti, að hver maður eigi vatn og veiði fyrir landareign sinni. Samkvæmt því ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Rétt er, að áfrýjendur greiði in solidum stefndu sameiginlega 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Við ákvörðun hans hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Þuríður J. Sörensen, Guðrún S. Jónsdóttir, Bryndís Jónsdóttir, Halldór Ó. Jónsson, Gunnlaugur J. Briem, Steindór J. Briem, Soffía S. Briem, Sveinn Skúlason, Gunnlaugur Skúlason, Páll Skúlason, Gunnlaugur P. Steindórsson, Anna Soffía Steindórsdóttir, Sigurður Ingason, Gunnlaugur J. Ingason, Sigurjón Á. Ingason, Soffía Ingadóttir, Helga Guðmundsdóttir, Eiríkur Karlsson, Guðmundur Viðar Karlsson og Gunnar Þorsteinsson, greiði in solidum stefndu, Agli Marteinssyni og Jórunni Jónsdóttur, sameiginlega 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar

Matsmenn þeir, er áfrýjendur létu dómkveðja samkvæmt XV. kafla laxveiðilaga nr. 76/1970, áttu ekki lögsögu um ágreining málsaðila, eins og hann var lagður fyrir, hvorki samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 94. gr. laganna né skírskotun 2. mgr. sömu greinar. Verða dómkröfur áfrýjenda ekki teknar til greina á grundvelli hinnar fram lögðu matsgerðar.

Í máli þessu nýtur ekki tæmandi upplýsinga um jörðina Gíslastaði í Grímsnesi, landkosti hennar og hlunnindi, en ljóst er, að henni fylgdu veiðiréttindi í Hvítá, meðan hún var í eigu Halldórs Gunnlaugssonar, og mörkuðust þau af ákvæðum laxveiðilaga og reglum á grundvelli þeirra. Eftir andlát Halldórs 4. apríl 1984 hafa áfrýjendur orðið eigendur að jörðinni fyrir arftöku, og takmarkast umráð þeirra yfir veiðiréttindum hennar ekki af öðru en því, er leiða megi af afsali Halldórs til stefndu 29. maí 1974 á landspildu við bakka Hvítár og veiðirétti í ánni, er lýst var í afsalinu. Í máli þessu hafa stefndu ekki lagt viðhlítandi grundvöll að úrlausn um það, hvað í afsalinu felist, að því er veiðirétt varðar, enda kveðast þau hér ekki vera að leita viðurkenningar á meintum rétti sínum, heldur að verjast kröfum áfrýjenda. Meðal annars verður ekki úr því skorið, hvort landspilda þeirra nái að teljast hluti jarðarinnar, er njóta megi veiðiréttar á grundvelli 2. mgr. 4. gr. laxveiðilaga um landareignir í skiptri sameign, né hver sá veiðiréttur yrði. Eftir orðum afsalsins liggur næst að líta svo á, að stefndu hafi átt að fá tiltekna hlutdeild í stangveiðiréttindum jarðarinnar, er þannig hafi verið skilin við jörðina í þeirri merkingu, sem um ræðir í 4. mgr. 2. gr. laxveiðilaga. Hafa stefndu ekki sýnt fram á, eins og málið liggur fyrir, að umfang veiðiréttar þeirra sé annað en það, er byggja megi á þessu ákvæði laganna, en samkvæmt því var frjálst að framselja stangveiðirétt tímabundið um allt að 10 ár. Á hinn bóginn hafa áfrýjendur ekki sýnt fram á, að réttur þessa efnis til handa stefndu hafi átt að falla niður sjálfkrafa að liðnum 10 árum frá gerð afsalsins. Miðað við fram komnar upplýsingar um aðdraganda afsalsins og atvik að öðru leyti verður að ætla, að stefndu hafi átt réttmætt tilkall til þess, að látið yrði á það reyna, hvort þeim mætti tryggja lengri umráð stangveiðiréttar á jörðinni með þeim úrræðum, sem um er mælt í ákvæðinu, þ.e. einkum með leyfi ráðherra. Séu áfrýjendur ennþá við þetta bundin á sama hátt og Halldór hefði verið.

Samkvæmt þessu á niðurstaða málsins að verða á þá leið, að synjað verði um staðfestingu hins umdeilda lögbanns og stefndu sýknuð að svo stöddu af kröfu áfrýjenda um viðurkenningu réttinda. Tekur það einnig til umferðarréttar um landspildu stefndu, sem er ekki sjálfstæður þáttur kröfunnar. Rétt er, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 9. apríl 1990.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. f.m., er höfðað fyrir aukadómþinginu með stefnu, birtri 12. júní 1989.

Stefnendur eru Þuríður J. Sörensen, kt. 140513-4669, Seldal við Hlíðarveg, Kópavogi, Guðrún S. Jónsdóttir, kt. 040918-4699, Hjallavegi 35, Reykjavík, Bryndís Jónsdóttir, kt. 111027-2269, Selbraut 17, Seltjarnarnesi, Halldór Ó. Jónsson, kt. 260919-4829, Hlíðarvegi 19, Kópavogi, Karl J. Eiríksson, kt. 150720-2739, Rjúpufelli 17, Reykjavík, Þórður Jónsson, kt. 060824-4449, Hverahlíð 17, Hveragerði, Gunnlaugur J. Briem, kt. 270917-4299, Hvassaleiti 56, Reykjavík, Steindór J. Briem, kt. 281119-4359, Unufelli 27, Reykjavík, Soffía S. Briem, kt. 230921-2619, Lönguhlíð 9, Reykjavík, Sveinn Skúlason, kt. 060727-3689, Bræðratungu, Biskupstungnahreppi, Árnessýslu, Gunnlaugur Skúlason, kt. 100633-3889, Brekkugerði, Biskupstungnahreppi, Páll Skúlason, kt. 300740-2199, Sólvallagötu 41, Reykjavík, Gunnlaugur P. Steindórsson, kt. 211025-3699, Bólstaðarhlíð 54, Reykjavík, Anna Soffía Steindórsdóttir, kt. 040123-4319, Snekkjuvogi 9, Reykjavík, Sigurður Ingason, kt. 250920-2889, Safamýri 23, Reykjavík, Gunnlaugur J. Ingason, kt. 200324-4989, Klettahrauni 3, Hafnarfirði, Sigurjón Á. Ingason, kt. 280527-2709, Grettisgötu 96, Reykjavík, og Soffía Ingadóttir, kt. 060532-7299, Álfabrekku 13, Kópavogi.

Stefndu eru Egill Marteinsson, kt. 130832-3269, og Jórunn Jónsdóttir, kt. 110531-4279, bæði til heimilis að Háaleitisbraut 137, Reykjavík.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að staðfest verði lögbann, sem þann 6. júní 1989 var lagt við veiði af hálfu stefndu í Hvítá fyrir landi Gíslastaða í Grímsneshreppi, Árnessýslu, þar á meðal fyrir landi sem stefndu eiga að Gíslastöðum samkvæmt afsali, dags. 29. maí 1974, að lengd 600 metrar meðfram Hvítá. Þess er enn fremur krafist, að viðurkennt verði með dómi, að allur veiðiréttur í Hvítá á milli suður- og norðurmerkja Gíslastaða tilheyri jörðinni einni og að eigendur jarðarinnar hafi umferðarrétt um land stefndu til að nýta veiðiréttinn fyrir því landi. Þá krefjast stefnendur málskostnaðar úr hendi stefndu, þar á meðal málskostnaðar í undangengnu lögbannsmáli, að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og að tildæmdur málskostnaður beri dráttarvexti samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til þeirrar skyldu stefnenda að greiða virðisaukaskatt af keyptri lögmannsþjónustu.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þau verði alsýknuð af kröfum stefnenda og að stefnendur verið dæmdir til að greiða þeim málskostnað að mati dómsins. Við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til þeirrar skyldu stefndu að greiða virðisaukaskatt af keyptri lögmannsþjónustu.

Sáttaumleitanir dómara báru ekki árangur.

Við aðalmeðferð málsins gáfu aðilaskýrslur fyrir dómi Gunnlaugur J. Ingason, Gunnlaugur P. Steindórsson, Sveinn Skúlason og Egill Marteinsson.

II.

Með afsalsbréfi, dagsettu 29. maí 1974, eignuðust stefndu, Egill Marteinsson og Jórunn Jónsdóttir, spildu úr landi Gíslastaða í Grímsneshreppi, Árnessýslu. Afsalsgjafi var Halldór Gunnlaugsson. Í afsalinu segir m.a.: „Stærð hins selda er 600 metra löng spilda meðfram Hvítá, og er breidd landsins að meðaltali 140 metrar og afmarkast breiddin af ánni að austanverðu . . .“ Þá er í afsali þessu svofellt ákvæði: „Veiðiréttur í Hvítá fylgir hinum selda jarðarhluta, sem nemur hálfri stöng, sem eru samkvæmt núgildandi veiðilögum og reglum 46 heilir stangveiðidagar fyrir eina stöng.“

Halldór Gunnlaugsson lést árið 1984 og féllu Gíslastaðir þá í hlut stefnenda og stefndu, Jórunnar Jónsdóttur. Fram kemur í gögnum málsins, að ágreiningur hafi fljótlega risið með málsaðilum um framangreindan veiðirétt stefndu. Var þannig skilningur stefnenda, að veiðiréttur fyrir landi stefndu tilheyrði Gíslastöðum einum, þar sem sala hlunninda undan jörðum væri ólögmæt. Þessum skilningi mótmæltu stefndu eindregið. Ekki tókst að jafna ágreining aðila og þann 15. maí 1986 óskuðu stefnendur eftir því með vísan til 94. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, að sýslumaður Árnessýslu dómkveddi tvo hæfa og óvilhalla menn til þess að meta hver veiðiréttur í Hvítá skyldi fylgja Gíslastöðum og einnig hvaða umferðarrétt með ánni eigendur Gíslastaða ættu. Í matsgerð þeirra Friðgeirs Björnssonar og Árna Jónssonar, dagsettri 29. september 1986, segir m.a.: „Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 76/1970 (svo í matsgerð) má ekki skilja veiðirétt að nokkru eða öllu leyti við landareign, hvorki fyrir fullt og allt né um tiltekinn tíma, annan en stangveiðirétt, sem skilja má við landareign um tiltekið tímabil, þó ekki lengra en 10 ár nema leyfi ráðherra komi til og veiðimálastjóri og veiðimálanefnd mæli með því að leyfið sé veitt. Í 1. gr. laga nr. 76/1970 er ekki að finna skilgreiningu á því hvað orðið landareign merkir í lögunum. Í 1. gr. vatnalaga nr. 15/1932 (svo í matsgerð) er landareign skilgreind svo að hún sé land lögbýlis og lóð og lönd innan takmarka kaupstaða og löggiltra verslunarstaða. Matsmönnum þykir eðlilegt að leggja þennan skilning til grundvallar við skýringu á því hvað sé landareign í skilningi lax- og silungsveiðilaganna, en hvernig sem annars er á það litið, er tvímælalaust, að Gíslastaðir eru landareign í skilningi þessara laga. Það er hins vegar ekki jarðarpartur Jórunnar og Egils . . . Ákvæði 1. mgr. 4. gr. laga nr. 76/1970 (svo í matsgerð) verður að skilja svo, að framsal þess veiðiréttar, sem kveðið er á um í afsalinu frá 29. maí 1974, hafi verið heimilt á sínum tíma og mátt standa til 29. maí 1984. Þetta tímabil er nú á enda runnið og leyfið hefur ekki verið endurnýjað lögum samkvæmt. Verður því að líta svo á að allur veiðiréttur í Hvítá fyrir landi Gíslastaða tilheyri jörðinni einni, en veiðiréttur sá, er kveðið er á um í afsalinu frá 29. maí 1974, sé nú niðurfallinn.“

Af hálfu stefndu hefur því verið haldið fram, að matsmenn hafi lögum samkvæmt enga heimild haft til að framkvæma hið umbeðna mat. Þar sem umrædd matsgerð hafi verið markleysa og ógild frá upphafi hafi verið tilgangslaust með öllu að skjóta henni til yfirmats. Þá hafa stefndu mótmælt niðurstöðu matsgerðarinnar sem hreinni fjarstæðu.

Þann 13. mars 1989 úrskurðaði fógetaréttur Árnessýslu, að krafa stefnenda um lögbann við veiði af hálfu stefndu í Hvítá fyrir því landi, sem þau eignuðust með afsalinu frá 29. maí 1974, skyldi ná fram að ganga. Var lögbannið formlega lagt á þann 6. júní 1989. Í gerðarbeiðni, sem er dagsett 16. nóvember 1988, segir, að framkvæmdastjórn eigenda Gíslastaða hafi þann 16. febrúar 1988 gert leigusamning við Stangaveiðifélag Reykjavíkur um veiðirétt handa félaginu í Hvítá fyrir landi Gíslastaða til næstu 8 ára. Veiði af hálfu Stangaveiðifélags Reykjavíkur hafi hafist í júní 1988. Síðan segir: „Brátt fór þá að bera á ítrekuðu ónæði fyrir veiðimenn af völdum skjólstæðinga Egils Marteinssonar, sem veiddu fyrir landi Egils og Jórunnar í leyfi þeirra, að því er þeir sögðu. Nokkru síðar kom Egill Marteinsson og einatt einhverjir menn með honum og veiddu á stöng fyrir landi Egils og Jórunnar. Jafnframt bannaði Egill og stundum þeir, sem með honum voru, veiðimönnum stangaveiðifélagsins veiði fyrir þessu landi, sem þeir töldu félaginu óheimila og ólöglega. Veiðirétt fyrir téðri landspildu töldu þeir tilheyra eigendum hennar.“

III.

Stefnendur byggja málsókn sína á þeirri niðurstöðu matsgerðar dómkvaddra matsmanna sem rakin er hér að framan. Þá er því haldið fram af hálfu stefnenda að þar sem stefndu hafi ekki skotið matsgerðinni til yfirmats séu þau bundin af niðurstöðu hennar.

Um lagarök vísa stefnendur til II. kafla laga nr. 76/1970, einkum 2., 3. og 4. gr., og 1. gr. vatnalaga nr. 15/1923. Að öðru leyti vísa stefnendur til almennra reglna kröfuréttarins. Málskostnaðarkröfu sína segja stefnendur reista á 177. gr. laga nr. 85/1936.

IV.

Sýknukröfu sína í málinu byggja stefndu á því í fyrsta lagi, að það sé forn og ný réttarregla hér á landi, að hver maður eigi veiði fyrir landi sínu. Í afsalinu frá 29. maí 1974 sé skýrt kveðið á um það, að hinu selda landi fylgi veiðiréttur í Hvítá, enda hefði sérstaklega þurft að taka það fram ef ætlunin hefði verið að undanskilja hann. Framangreindu afsali hafi verið þinglýst athugasemdalaust og hafi stefndu nýtt sér þær heimildir, þar á meðal veiðiréttindi, sem þar er kveðið á um, greitt af réttindum sínum lögboðin gjöld, allt athugasemdalaust þar til stefnendur hafi tekið að gera ágreining um veiðiréttinn og leitt hafi til máls þessa.

Þá er á því byggt af hálfu stefndu, að matsgerð sú, sem stefnendur byggja málshöfðun sína á, sé ógild frá upphafi og því hafi enga þýðingu haft að skjóta henni til yfirmats. Matsmenn hafi talið með vísan til 94. gr. laga nr. 76/1970, að þeim væri heimilt að meta það, sem um var beðið. Samkvæmt beinu orðalagi þess lagaákvæðis sé það hlutverk matsmanna að leysa úr ágreiningi manna um jarðfræðileg eða landfræðileg atriði. Hlutverk þeirra sé ekki að leysa úr hreinum réttarágreiningi eins og hvernig háttað sé eignarrétti að veiði eða umferðarrétti um land.

Þá mótmæla stefndu framangreindri matsgerð dómkvaddra matsmanna sem rangri. Matsmenn byggi niðurstöðu sína m.a. á því, að land stefndu sé ekki landareign í skilningi lax- og silungsveiðilaga nr. 70/1976, en það séu Gíslastaðir tvímælalaust. Því til stuðnings vísa matsmenn til 1. gr. vatnalaga nr. 15/1923, en þar sé landareign skilgreind svo, að hún sé land lögbýlis og lóð og lönd innan kaupstaða og löggiltra verslunarstaða. Þar sem ekki sé að finna skilgreiningu á landareign í lögum nr. 76/1970, telji matsmenn rétt að miða við framangreinda skilgreiningu við skýringu á orðinu landareign í síðastnefndu lögunum. Þessari skýringu mótmæla stefndu harðlega, enda sé hún í andstöðu við almenna málvenju og þær skoðanir sem ríkt hafa hér á landi á þessu sviði til þessa. Benda stefndu á að Gíslastaðir geti vart talist lögbýli þar sem jörðin hafi verið í eyði í 44 ár. Þá eigi sú niðurstaða matsmanna, að framsal það, sem kveðið er á um í margnefndu afsali, verði að skýra sem framsal á stangveiðirétti til 10 ára, sem fallið hafi niður þann 29. maí 1984, sé ekki stoð í gögnum málsins og ekki verði því séð, á hvaða forsendum hún sé byggð. Séu þeir annmarkar, sem fram komi í matsgerðinni og raktir hafa verið hér að framan, slíkir, að þeir ónýti með öllu gildi hennar í máli þessu.

Þá leggja stefndu sérstaka áherslu á það, að einu málsástæður stefnenda í máli þessu séu þær, að matsmenn hafi komist að þeirri niðurstöðu, að allur veiðiréttur tilheyri Gíslastöðum svo og umferðarréttur og að stefndu hafi ekki skotið matsgerðinni til yfirmats.

Um lagarök vísa stefndu til ákvæða vatnalaga nr. 15/1923, sérstaklega 16. gr. laganna, og einnig til ákvæða lax- og silungsveiðilaga, sérstaklega 1. mgr. 2. gr. þeirra laga. Málskostnaðarkröfu sína styðja stefndu við 1. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936. Þá vísa stefndu í greinargerð sinni til 3. mgr. 175. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988, að því er varðar vexti af málskostnaði.

V.

Samkvæmt 94. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði ber það undir matsmenn, sem dómkvaddir eru eftir fyrirmælum greinarinnar, að skera úr ágreiningi, sem risið hefur um ýmis nánar greind atriði í lögunum. Í máli því, sem hér liggur fyrir, er deilt um veiðirétt. Þykja ákvæði nefndrar greinar ekki taka til sakarefnis af því tagi. Ber úrlausn þess undir almenna dómstóla, og verður „matsgerð“ sú, er í máli þessu greinir, með engu móti lögð til grundvallar dómi í því.

Eins og áður greinir eignuðust stefndu spildu úr landi Gíslastaða með afsalsbréfi, dagsettu 29. maí 1974. Í afsalinu er svofellt ákvæði: „Veiðiréttur í Hvítá fylgir hinum selda jarðarhluta, sem nemur hálfri stöng, sem eru samkvæmt núgildandi veiðilögum og reglum 46 heilir stangarveiðidagar fyrir eina stöng.“

Með málsókn þessari leita stefnendur viðurkenningar dómsins á því, að vegna ákvæða 4. tl. 2. gr. laga nr. 76/1970 sé veiðiréttur sá, sem kveðið er á um í framangreindu afsali, nú niður fallinn. Í nefndu ákvæði segir svo: „Eigi má skilja veiðirétt að nokkru eða öllu leyti við landareign, hvorki fyrir fullt og allt né um tiltekinn tíma, sbr. þó 5. mgr. 14. gr., annan en stangarveiðirétt, en hann má skilja við landareign um tiltekið tímabil, er þó má ekki vera lengra en 10 ár, nema leyfi ráðherra komi til og veiðimálastjóri og veiðimálanefnd mæli með því, að leyfið sé veitt.“

Bann við því að skilja rétt til fiskveiði í ám og vötnum frá landareign var fyrst lögleitt með ákvæðum 121. gr. vatnalaga nr. 15/1923. Í 1. gr. laganna er landareign skilgreind sem land lögbýlis og lóð og lönd innan takmarka kaupstaða og löggiltra verslunarstaða. Með 94. gr. laga nr. 61 frá 23. júní 1932 um lax- og silungsveiði var 121. gr. vatnalaga felld úr gildi, en hliðstætt ákvæði tekið upp í 2. gr. hinna nýju laga. Frá þeim tíma hefur efnislega samhljóða ákvæði um bann samkvæmt framansögðu verið í lögum um lax- og silungsveiði, sbr. 4. tl. 2. gr. laga nr. 112/1941, 4. tl. 2. gr. laga nr. 53/1957 og nú 4. tl. 2. gr. laga nr. 76/1970. Orðið landareign hefur ekki verið skilgreint í þeim lögum. Aðdragandi umrædds banns í gildandi lögum og lögskýringargögn þykja hins vegar styðja þá niðurstöðu, að við skýringu á nefndu ákvæði lax- og silungsveiðilaga beri að leggja til grundvallar þá merkingu orðsins landareign sem fram kemur í 1. gr. vatnalaga. Umræddu ákvæði er þannig nú sem áður ætlað að tryggja, að réttur til veiði skuli fylgja öðrum nytjum landsins og að ábúandi jarðar, sem hefur önnur landsnot hennar, njóti veiðinnar einnig.

Telja verður upplýst að allur búrekstur á Gíslastöðum hafi lagst af árið 1945 og hafi jörðin þá farið í eyði. Það er álit dómsins, að þá er umdeildum veiðirétti var afsalað til stefndu þann 29. maí 1974, hafi Gíslastaðir ekki verið landareign í skilningi 4. tl. 2. gr. laga nr. 76/1970 og þar sem hagsmunir þeir, sem ákvæðinu er ætlað að tryggja samkvæmt framansögðu, hafi þá ótvírætt ekki verið fyrir hendi. Hvað sem öðru líður fór ráðstöfun veiðiréttarins þannig ekki í bága við greint ákvæði. Er sérstaklega til þess að líta að ákvæðið felur í sér skerðingu á eignarráðum landeiganda sem skýra verður þröngt.

Samkvæmt þessu ber með öllu að sýkna stefndu af dómkröfum stefnenda í máli þessu. Í því felst að synjað er um staðfestingu á lögbannsgerð fógetaréttar Árnessýslu frá 6. júní 1989.

Eftir þessum málsúrslitum verða stefnendur dæmdir til að greiða stefndu 7.000,00 krónur hver í málskostnað, enda hafa stefndu ekki krafist málskostnaðar in solidum samkvæmt 3. mgr. 181. gr. laga nr. 85/1936. Við ákvörðun málskostnaðar hefur verið tekið tillit til reglna um virðisaukaskatt af lögmannsþjónustu. Stefnendur verða ekki dæmdir til að greiða dráttarvexti af málskostnaði þar sem skýr krafa þar um kom ekki fram undir rekstri málsins, sbr. 3. mgr. 175. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988.

Þorgeir Ingi Njálsson, settur héraðsdómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Egill Marteinsson og Jórunn Jónsdóttir, eiga í máli þessu að vera sýkn af kröfum stefnenda, Þuríðar J. Sörensen, Guðrúnar S. Jónsdóttur, Bryndísar Jónsdóttur, Halldórs Ó. Jónssonar, Karls J. Eiríkssonar, Þórðar Jónssonar, Gunnlaugs J. Briem, Steindórs J. Briem, Soffíu S. Briem, Sveins Skúlasonar, Gunnlaugs Skúlasonar, Páls Skúlasonar, Gunnlaugs P. Steindórssonar, Önnu Soffíu Steindórsdóttur, Sigurðar Ingasonar, Gunnlaugs J. Ingasonar, Sigurjóns Á. Ingasonar og Soffíu Ingadóttur.

Stefnendur greiði stefndu 7.000,00 krónur hver í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 28. apríl 1994.

Nr. 60/1994. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Arnari Hjartarsyni
(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Refsiákvörðun. Skjalafals. Fjársvik. Þjófnaður. Gripdeild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði tveimur dómum Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 17. nóvember og 15. desember 1993, einvörðungu um ákvörðun viðurlaga, sbr. 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Ákæruvaldið áfrýjaði með áfrýjunarstefnum 11. janúar 1994 og krefst þyngingar á samanlagðri refsiákvörðun beggja hinna áfrýjuðu dóma, en samkvæmt þeim var ákærði dæmdur til að sæta fangelsi 2 ár og 3 mánuði.

Málin hafa verið sameinuð og voru flutt í einu lagi fyrir Hæstarétti.

Með hliðsjón annars vegar af ungum aldri ákærða og hreinu sakavottorði, en hins vegar af fjölda og umfangi brota hans, sem hann hefur ekki bætt fyrir, þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 20 mánuði. Til frádráttar refsingunni skal koma 28 daga gæsluvarðhaldsvist ákærða.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Arnar Hjartarson, sæti fangelsi í 20 mánuði. Til frádráttar refsingunni komi 28 daga gæsluvarðhaldsvist ákærða.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 17. nóvember 1993.

Ár 1993, miðvikudaginn 17. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 673/1993: Ákæruvaldið gegn Arnari Hjartarsyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 2. nóvember sl., á hendur ákærða, Arnari Hjartarsyni, Jörfabakka 18 í Reykjavík, fæddum 11. janúar 1975, fæðingarnúmer 442.

Í ákærunni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða, „fyrir eftirgreind hegningarlagabrot, framin í Reykjavík, nema annars sé getið, á árunum 1992 og 1993:

I.

Skjalafals.

Í mars 1992 notað í viðskiptum eftirtalda 7 falsaða tékka til handhafa á eyðublöðum úr tékkhefti Kolbrúnar Sveinsdóttur, Sólvallagötu 18, móður ákærða, á reikning nr. 11077 við Íslandsbanka hf., Kringlunni, sem ákærði stal á heimili þeirra og falsaði nafn Kolbrúnar Sveinsdóttur sem útgefanda tékkanna.

– – –

II.

Skjalafals.

Í júlí 1992 notað í viðskiptum eftirtalda 18 falsaða tékka til handhafa, alla að fjárhæð kr. 6.500, á eyðublöðum úr tékkhefti Steinunnar Halldórsdóttur, Laugavegi 135, á gullreikning nr. 51337 við Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka, sem stolið var úr bifreið Steinunnar. Ákærði falsaði nafn Steinunnar Halldórsdóttur sem útgefanda tékkanna.

– – –

Framanlýst háttsemi ákærða samkvæmt köflum I og II telst varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III.

Þjófnaður.

Aðfaranótt föstudagsins 11. september 1992 stolið Motorola Associate 2000 farsíma úr pallbifreiðinni DD 953 við Hagamel (RLR-mál nr. 3434/92).

Telst þetta varða við 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga.

IV.

Gripdeild.

Í mars 1993 tvívegis tekið bensín fyrir kr. 3.000 í hvort skipti á bifreið sína R-582 af gerðinni BMW og ekið burt í augsýn starfsmanna stöðvanna, án þess að greiða fyrir bensínið, í fyrra skiptið 27. mars um kl. 20.50 á bensínstöð Esso við Skógarsel og síðara skiptið 29. mars um kl. 18.30 á bensínafgreiðslu Skeljungs við Suðurströnd á Seltjarnarnesi. (RLR-mál nr. 1251 og 1238/93.)

Telst þetta varða við 245. gr. almennra hegningarlaga.

V.

Skjalafals.

Í apríl 1993 notað í viðskiptum eftirtalda 22 falsaða tékka til handhafa á eyðublöðum úr tékkhefti Ingigerðar Þorsteinsdóttur, Jörfabakka 22, á gullreikning við Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka, sem ákærði stal úr Daihatsu Charade-bifreið Ingigerðar, nr. R-9460, fyrir utan heimili hennar aðfaranótt 19. apríl. Ákærði útfyllti eyðublöðin og falsaði nafnritunina Ólafur H. Magnússon sem útgefanda tékkanna.

– – –

Háttsemi ákærða samkvæmt kafla V telst varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

VI.

Tilraun til þjófnaðar.

Aðfaranótt föstudagsins 28. maí 1993 brotist inn í bifreiðina JM-233 og verið að reyna að ná sambyggðu Pioneer-útvarps- og kassettutæki úr festingum í mælaborði bifreiðarinnar er lögreglumenn komu á staðinn og handtóku ákærða. (RLR-mál nr. 2146/93.)

Telst þetta varða við 1. mgr. 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

VII.

Skjalafals.

Í maí 1993 notað í viðskiptum eftirtalda 8 falsaða tékka til handhafa á eyðublöðum úr tékkhefti Sigríðar Helgu Sigurðardóttur, Hraunási 12, Hellissandi, á einkareikning hennar við Landsbanka Íslands, Hellissandi, sem ákærði komst yfir með ólögmætum hætti. Ákærði falsaði ýmis nöfn sem útgefendur tékkanna.

– – –

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

VIII.

Skjalafals.

Í júní og júlí 1993 notað í viðskiptum eftirtalda 4 tékka, stílaða á Daða Þorsteinsson, á eyðublöðum úr tékkhefti á gullreikning Þorsteins M. Kristjánssonar, Kjarrhólma 8, Kópavogi, nr. 50980 við Búnaðarbanka Íslands, Háaleitisútibú, sem ákærði komst yfir með ólögmætum hætti. Ákærði falsaði nafn Þorsteins M. Kristjánssonar sem útgefanda og nafnritun Daða Þorsteinssonar sem framseljanda tékkanna.

– – –

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

IX.

Skjalafals.

Í júní 1993 notað eftirtalin skjöl til þess að blekkja með þeim í lögskiptum, eftir að hafa falsað á skjölin nafnritanir sem hér greinir:

1. Skuldabréf nr. 81027, að fjárhæð kr. 121.000, til Búnaðarbanka Íslands, út gefið af ákærða 3. júní 1993. Á skuldabréfið falsaði ákærði nöfn Brynjólfs Jónssonar og Láru Hafliðadóttur sem sjálfskuldarábyrgðaraðila og nöfn Hjartar Ö. Hjartarsonar og Hrefnu Hrólfsdóttur tvívegis sem votta og seldi bréfið í Búnaðarbanka Íslands, Kringluútibúi, 15. júní.
2. Víxil að fjárhæð kr. 38.000, út gefinn 15. júní 1993, til greiðslu 1. september 1986, samþykktan af ákærða. Á víxilinn falsaði ákærði nafn Brynjólfs Jónssonar sem útgefanda og seldi víxilinn samdægurs í Búnaðarbanka Íslands, Kringluútibúi. (RLR-mál nr. 2825/93.)

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

X.

Skjalafals.

Í júlí 1993 notað í viðskiptum eftirtalda tvo falsaða tékka til handhafa á eyðublöðum úr tékkhefti Unnar K. Hilmarsdóttur, Sólvallagötu 1, á tékkareikning hennar við Íslandsbanka, Lækjargötu 12, sem ákærði stal úr bifreið Unnar aðfaranótt 19. júlí 1993.

– – –

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

XI.

Skjalafals.

Í júlí 1993 notað í viðskiptum eftirtalda 7 falsaða tékka á eyðublöðum úr tékkhefti á gullreikning Ómars Sigtryggssonar, Hrísateigi 8, nr. 912 við Búnaðarbanka Íslands, Háaleitisútibú, sem ákærði komst yfir með ólögmætum hætti. Ákærði falsaði nafn Ómars Sigtryggssonar sem útgefanda og nafn Sigurðar S. Nikulássonar sem framseljanda tékkanna.

– – –

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

XII.

Þjófnaður.

19. júlí 1993 tekið kr. 15.000 út úr tékkareikningi Björns M. Sigurjónssonar, nr. 7913 við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis, Skólavörðustíg 11, með því að nota hraðbankakort sem var í seðlaveski sem ákærði stal úr bifreið Björns aðfaranótt 19. júlí 1993. (RLR-mál nr. 2868/93.)

Telst þetta varða við 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga.

Skjalafals.

Sama dag framvísað til sölu í SPRON við Skólavörðustíg tveimur eftirtöldum tékkum á áðurnefndan tékkareikning Björns M. Sigurjónssonar nr. 7913, eftir að hafa falsað nafn Björns sem útgefanda tékkanna, en tókst ekki að selja tékkana, þar sem innstæða var ekki næg á tékkareikningnum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

XIII.

Þjófnaður.

Aðfaranótt 22. júlí 1993 stolið úr bifreið Karls Ómars Aspelund, skrásetningarnúmer HE-AE-2043, þar sem hún stóð í innkeyrslu við heimili Karls Ómars að Hávallagötu 47, myndavélatösku, sem í var Canon T-90-myndavél með aðdráttarlinsu, leifturljós og filmur og Philips diktafón, samtals að verðmæti um 100.000 krónur. (RLR-mál nr. 2903/93.)

Telst þetta varða við 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga.

XIV.

Fjársvik.

Þann 28. júlí 1993 innritað sig á Hótel Óðinsvé, Þórsgötu 1, undir nafninu Páll S. Erlendsson og verið gestur á hótelinu til 4. ágúst 1993 er upp komst og lögreglan handtók ákærða. Þennan tíma naut ákærði gistingar, veitinga og þjónustu á hótelinu fyrir samtals kr. 95.450, sem hann ætlaði aldrei að greiða enda var ákærða fullkomlega ljóst að hann hafði enga möguleika á að greiða þessa skuld við hótelið. (RLR-mál nr. 3059/93.)

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

XV.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Eftirtaldir aðilar hafa gert þær kröfur, að ákærði verði dæmdur til að greiða þeim skaðabætur sem hér greinir:

– – –

Með skýlausri játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um það, sem honum er gefið að sök í ákæru og þar er rétt fært til refsiákvæða. Ritvilla í 2. tl. IX. kafla ákæru, þar sem misritast hefur 1986 í stað 1993 í gjalddaga víxilsins, skiptir ekki máli um sök ákærða, sbr. 1. tl. 117. gr. laga nr. 19/1991.

Samkvæmt vottorði frá Sakaskrá ríkisins hefur ákærði ekki áður sætt refsingum, svo að kunnugt sé.

Við ákvörðun refsingar ákærða verður höfð hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og jafnframt því, að brot ákærða eru mörg og stórfelld. Með hliðsjón af þessu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 1 ár, en vegna ungs aldurs ákærða og þess, að hann hefur ekki áður gerst brotlegur við lög, þykir mega ákveða, að fresta skuli fullnustu 9 mánaða af refsingu hans og niður skuli sá hluti hennar falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

– – –

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Arnar Hjartarson, sæti fangelsi í 1 ár, en fresta skal fullnustu 9 mánaða af refsingunni og niður skal sá hluti hennar falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði eftirtöldum aðilum í Reykjavík, nema annars sé getið, í bætur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, til greiðsludags eins og hér segir:

– – –

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 15. desember 1993.

Ár 1993, miðvikudaginn 15. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 769/1993: Ákæruvaldið gegn Arnari Hjartarsyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 7. desember sl., á hendur ákærða, Arnari Hjartarsyni, Jörfabakka 18 í Reykjavík, fæddum 11. janúar 1975, fæðingarnúmer 442.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir eftirgreind hegningarlagabrot, framin á árinu 1993 í Reykjavík, nema annað sé tekið fram:

I.

Skjalafals.

Í júlí notað í viðskiptum eftirtalda 3 falsaða tékka á stolnum eyðublöðum úr tékkhefti við Búnaðarbanka Íslands, Háaleitisútibú, sem ákærði hafði falsað á nafnritun Ómars Sigtryggssonar sem útgefanda. Allir eru tékkarnir með reikningsnúmeri 912:

1. Nr. 6032335, kr. 30.000,00, dagsettur 7.7. 1993, til Sigurðar Nikulássonar. Seldur í Búnaðarbanka Íslands, Miðbæjarútibúi. Ákærði falsaði jafnframt nafnritun Sigurðar S. Nikulássonar sem framseljanda tékkans.
2. Nr. 6032337, kr. 500,00, dagsettur 8.8. 1993, til handhafa. Notaður til kaupa á vörum og þjónustu hjá Olís, Klöpp.
3. Nr. 6032344, kr. 6.000,00, dagsettur 7.7. 1993, til handhafa. Notaður til kaupa á vörum og þjónustu hjá Olís, Klöpp. Ákærði falsaði jafnframt nafnritun Sigurðar S. Nikulássonar sem framseljanda tékkans. (RLR-mál nr. 3567/93.)

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Fjársvik.

Þann 23. ágúst innritað sig á Sjómannaheimilið Örkina, Brautarholti 29, undir nafninu Grétar Þórhallsson og sagst vera starfsmaður Slippstöðvarinnar á Akureyri, gefið framkvæmdastjóra heimilisins upp gjaldalið þann sem færa átti kostnaðinn á hjá fyrirtækinu, notið gistingar, veitinga og þjónustu á sjómannaheimilinu til 2. september er ákærði yfirgaf heimilið og óskaði þá jafnframt eftir að Slippstöðinni yrði sendur reikningurinn, að fjárhæð kr. 56.260,00, sem hann hafði aldrei ætlað sér að greiða. (RLR-mál nr. 4405/93.)

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Fjársvik.

Þann 2. september hringt í Bílaleiguna Geysi, Dugguvogi 10, kynnt sig sem Ásgeir Guðbjartsson, starfsmann Kaupfélags Eyfirðinga á Akureyri, og óskað eftir að taka á leigu bifreið fyrir félagið og fengið skömmu síðar jeppabifreiðina KJ-146 afhenta á leigu í nafni kaupfélagsins á umbeðnum stað í Stigahlíð, þar sem ákærði falsaði nafnritun Ásgeirs Guðbjartssonar undir leigusamninginn, og hafði ákærði bifreiðina í umsjá sinni allt til 16. þess mánaðar, að starfsmenn bílaleigunnar tóku hana úr vörslum hans, þar sem hún stóð við Hótel Mar í Brautarholti. Þennan tíma hafði ákærði full afnot bifreiðarinnar og ók henni 648 km og nam leigugjaldið kr. 174.687,00 sem ákærði ætlaði sér aldrei að greiða, enda var honum fullkomlega ljóst, að hann hafði enga möguleika á að greiða skuld þessa við bílaleiguna. (RLR-mál nr. 4326/93.)

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

IV.

Fjársvik.

Í september svikið út vörur í bókabúð Máls og menningar, Laugavegi 18, svo sem hér greinir og kvittaði ákærði ávallt fyrir móttöku varanna með nafninu Emil:

1. Þann 2. september tekið út ritföng í nafni Náttúrulækningafélags Íslands, Laugavegi 20B, að fjárhæð kr. 2.239,00, og látið skuldfæra á reikning félagsins.
2. Þann 12. september hringt og stofnað reikning í nafni Almennu lögfræðiskrifstofunnar, Suðurlandsbraut 4A, og síðan farið í verslunina og tekið út ritföng og tímarit í nafni skrifstofunnar, að fjárhæð kr. 2.129,00, og látið skuldfæra á reikninginn.
3. Þann 15. september tekið út bók í nafni Náttúrulækningafélags Íslands, að fjárhæð kr. 5.689,00, og látið skuldfæra á reikning félagsins. (RLR-mál nr. 4561/93.)

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

V.

Fjársvik.

Á tímabilinu 8.–15. september í þrjú skipti svikið út vörur í versluninni Brynju, Laugavegi 29, með því að taka þær út í nafni Náttúrulækningafélags Íslands, láta skuldfæra á reikning félagsins og kvitta fyrir móttöku þeirra:

1. þann 8. september, að fjárhæð kr. 6.150,00,
2. þann 9. september, að fjárhæð kr. 3.890,00,

3. þann 15. september, að fjárhæð kr. 16.744,00. (RLR-mál nr. 3590/93.)

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

VI.

Skjalafals.

Þann 10. september notað í viðskiptum í Blómabúð Garðabæjar, Kirkjulundi 19 þar í bæ, tékka nr. 6052062 á stolnu eyðublaði úr tékkhefti við Búnaðarbanka Íslands, Háaleitisútibú, að fjárhæð kr. 19.000,00 dagsettan 1.9. 1993, með reikningsnúmeri 50980, og falsaði ákærði nafnritun Þorsteins M.K. sem útgefanda og nafnritun Daða Þorsteinssonar sem framseljanda tékkans. (RLR-mál nr. 3575/93.)

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

VII.

Fjársvik.

Þann 16. september hringt á Bílaleigu Flugleiða við Flugvallarveg, kynnt sig sem Hermann Jónsson, óskað eftir bíl á leigu fyrir Útgerðarfélag Akureyringa hf., látið starfsmann leigunnar sækja sig að Húsi verslunarinnar í Kringlunni, farið með honum í afgreiðslu bílaleigunnar, tekið þar á leigu bifreiðina NG-694 af Mitsubishi Pajero-gerð í nafni útgerðarfélagsins til 23. september, gefið upp nafn, heimilisfang og kennitölu Hermanns Jónssonar, kt. 170970-3929, og falsað nafnritun hans undir leigusamning. Ákærði hringdi þann 23. september í bílaleiguna undir nafni Hermanns Jónssonar og fékk leigusamninginn framlengdan til 30. sama mánaðar, og var bifreiðin í umsjá ákærða allt þar til hann skildi hana eftir við Úthlíð 10 um miðjan október þar sem hún fannst þann 14. þess mánaðar. Þennan tíma hafði ákærði full afnot bifreiðarinnar og ók henni 4.250 km og nam leigugjaldið kr. 489.772,00 sem ákærði hafði aldrei ætlað sér að greiða, enda var honum fullkomlega ljóst, að hann hafði enga möguleika á að greiða skuld þessa við bílaleiguna. (RLR-mál nr. 4005/93.)

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

VIII.

Fjársvik.

Á tímabilinu 17.–22. september sjö sinnum svikið út vörur í verslun Húsasmiðjunnar hf., Skútuvogi 16, með því að stofna reikning í nafni Guðmundar Jónassonar hf., taka út vörur í nafni fyrirtækisins, láta skuldfæra upphæðina á reikninginn og kvitta fyrir móttöku varanna með tilbúnum nöfnum. Vörunum fékk ákærði síðan skipt fyrir peninga í verslun Húsasmiðjunnar hf. að Helluhrauni 16 í Hafnarfirði:

1. þann 17. september vörur að fjárhæð kr. 5.048,00,

2. sama dag vörur að fjárhæð kr. 7.244,00,
3. þann 20. september vörur að fjárhæð kr. 13.328,00,
4. sama dag vörur að fjárhæð kr. 5.464,00,
5. þann 21. september vörur að fjárhæð kr. 4.064,00,
6. sama dag vörur að fjárhæð kr. 4.064,00,
7. þann 22. september vörur að fjárhæð kr. 8.861,00. (RLR-mál nr. 4334/93.)

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

IX.

Fjársvik.

Í september og október svikið út vörur í verslunum BYKO hf. með því að taka þær út í nafni bæjarsjóðs Seltjarnarness, láta skuldfæra fjárhæðina á reikning sjóðsins og kvitta fyrir móttöku varanna með nafninu Guðmundur:

1. þann 24. september svikið út vörur að fjárhæð kr. 7.764,00 í versluninni að Hringbraut 120,
2. þann 29. september svikið út vörur að fjárhæð kr. 14.037,00 í sömu verslun,
3. þann 1. október svikið út vörur að fjárhæð kr. 9.729,00 í versluninni að Skemmuvegi 4A í Kópavogi. (RLR-mál nr. 4164/93.)

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

X.

Fjársvik.

Þann 3. október innritað sig á gistiheimilið Gisti-Inn, Sóleyjargötu 11, undir nafninu Hermann Jónsson og verið þar gestur til 20. sama mánaðar er ákærði yfirgaf heimilið og óskaði eftir því að reikningur vegna dvalarinnar yrði sendur Útgerðarfélagi Akureyrar og kvaðst hann vera sonur Jóns Aspar, framkvæmdastjóra félagsins. Þennan tíma naut ákærði gistingar, veitinga og þjónustu á gistiheimilinu fyrir samtals kr. 68.130,00 sem hann ætlaði sér aldrei að geiða. (RLR-mál nr. 4272/93.)

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

XI.

Fjársvik.

Mánudaginn 18. október 1993 svikið út vörur, að verðmæti kr. 54.760,00, með því að fara í verslunina Gæja, Bankastræti 12, velja þar fatnað og sólgleraugu, óska eftir því að vörurnar yrðu sendar í póstkröfu til Halldórs Þorsteinssonar, b/t Útgerðarfélags Akureyrar, og fara síðan í pósthúsið við Ármúla að undangengnum símtölum við starfsmenn þar, kynnt sig sem starfsmann verslunarinnar, fengið að skipta á póstkröfupökkum með þeirri skýringu, að rangur pakki hefði verið sendur frá versluninni, og fengið vörurnar þannig afhentar. (RLR-mál nr. 4213/93.)

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

XII.

Fjársvik.

Þann 20. október innritað sig á gistiheimilið Baldursbrá, Laufásvegi 41, undir nafninu Haraldur Bjarnason og dvalist þar til 29. sama mánaðar, er ákærði var handtekinn vegna grunsemda eigandans, og notið gistingar og þjónustu á heimilinu fyrir samtals kr. 24.844,00 sem hann ætlaði sér aldrei að greiða. (RLR-mál nr. 4238/93.)

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

XIII.

Skjalafals.

Þann 22. október framvísað í Búnaðarbankanum, Vesturgötu 54, víxli að fjárhæð 130.000,00, dagsettum 22. október 1993, með gjalddaga sama dag, sem hann hafði falsað á nafnritun Jóns Péturs Friðrikssonar, kt. 280967-3009, sem greiðanda og samþykkjanda og nafnritun Sigurðar E. Rósar, kt. 130848-4359, sem útgefanda, auk framsals nefnds Sigurðar á bakhlið víxilsins, og nafnritun Ingibjargar Valsdóttur, kt. 300362-4789, sem ábekings. (RLR-mál nr. 4118/93.)

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

XIV.

Fjársvik.

Þann 31. október innritað sig á gistiheimilið Ísafold, Bárugötu 11, undir nafninu Haraldur S. Lúðvíksson og dvalist þar til 4. nóvember, er ákærði yfirgaf heimilið án þess að greiða fyrir gistinguna, kr. 8.500. (RLR-mál nr. 4404/93.)

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

XV.

Skjalafals og fjársvik.

1. Þann 1. nóvember selt í Búnaðarbanka Íslands, Höfðaútibúi, tékka nr. 1589994 á stolnu eyðublaði úr tékkhefti við Íslandsbanka, Lækjargötu 12, að fjárhæð kr. 150.000,00, dagsettan 1.11. 1993, til handhafa, og hafði ákærði falsað nafnritun Gunnars Gunnarssonar sem útgefanda tékkans og nafnritun Sölva Sölvasonar sem framseljanda hans.
2. Þann 9. nóvember notað í staðgreiðsluviðskiptum á Hótel Borg, Póst-

hússtræti 11, tékka nr. 5523098 á eyðublaði úr tékkhefti við Búnaðarbanka Íslands, Melaútibú, að fjárhæð kr. 6.477,00, dagsettan 9.11. 1993, sem ákærði gaf út í eigin nafni til handhafa.

(RLR-mál nr. 4477/93.)

Telst liður 1 varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga og liður 2 við 248. gr. sömu laga.

XVI.

Fjársvik.

Þann 12. nóvember innritað sig á Hótel Esju, Suðurlandsbraut 2, undir nafninu Daði Þorsteinsson, dvalist þar til 15. sama mánaðar og notið þann tíma gistingar, veitinga og þjónustu á hótelinu fyrir samtals kr. 37.183,00, er ákærði yfirgaf hótelið án þess að greiða reikninginn. (RLR-mál nr. 4518/93.)

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

XVII.

Fjársvik.

Þann 15. nóvember innritað sig á Hótel Sögu, Hagatorgi, undir nafninu Daði Þorsteinsson og dvalist þar, uns hann var handtekinn að kvöldi næsta dags. Þennan tíma naut ákærði gistingar, veitinga og þjónustu á hótelinu fyrir samtals kr. 9.308,00, sem hann ætlaði sér aldrei að greiða. (RLR-mál nr. 4525/93.)

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

XVIII.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Í málinu krefjast eftirtaldir skaðabóta úr hendi ákærða:

– – –

Með skýlausri játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um það, sem honum er gefið að sök í ákæru og þar er rétt fært til refsiákvæða.

Ákærði var dæmdur 17. nóvember sl. í 1 árs fangelsi, þar af 9 mánuði skilorðsbundna í 3 ár, fyrir brot á 1. mgr. 155. gr., 244. gr., 244. gr., sbr. 20. gr., 245. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga. Öðrum refsingum hefur ákærði ekki sætt, svo að kunnugt sé.

Öll þau brot, sem ákærði er sakfelldur fyrir í máli þessu, eru framin fyrir uppsögu áðurgreinds dóms, og hefur ákærði því ekki rofið skilorð hans. Verður ákærða nú ákvörðuð refsing með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga, og samkvæmt 60. gr. sömu laga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, ber að fella skilorðshluta dómsins inn í þá refsingu, sem ákærða verður ákvörðuð í máli þessu. Þá verður höfð hliðsjón af því, að brot ákærða eru mörg og tjón af þeim mjög mikið, sem ákærði hefur ekki bætt að neinu leyti, og einnig, að ákærði hefur sýnt mjög harðan brotavilja. Með hliðsjón af þessu öllu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 2 ár, sem ekki þykir fært að skilorðsbinda, enda er það mat dómsins, að ákærði hefði ekki hlotið skilorðsbundna refsingu í nóvember sl., ef öll þau brot, sem hann er nú sakfelldur fyrir, hefðu þá verið dæmd samtímis, en bótakröfur í þessu máli nema 1.251.865 krónum og dæmdar bótakröfur í eldra málinu námu 792.030 krónum.

Ákærði var úrskurðaður í gæsluvarðhald 17. nóvember sl. kl. 16.05 fram til 23. þ.m. kl. 16 vegna hættu á því að hann héldi áfram brotum á meðan málum hans væri ekki lokið. Rétt þykir samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga að láta þetta gæsluvarðhald, 28 daga, koma refsingu ákærða til frádráttar.

– – –

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með taldar 20.000 krónur í þóknun til skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Arnar Hjartarson, sæti fangelsi í 2 ár.

Til frádráttar refsingu ákærða skal koma 28 daga gæsluvarðhald.

– – –

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 20.000 krónur í þóknun til skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns.

Fimmtudaginn 28. apríl 1994.

Nr. 105/1992. **Svavar Gunnarsson**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
bæjarsjóði Hafnarfjarðar
(Árni Grétar Finnsson hrl.)

Gatnagerðargjald. Skattlagning. Stjórnarskrá.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 6. mars 1992. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þann veg aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hann þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda, en til þrautavara, að kröfur stefnda verði lækkaðar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Úrskurði héraðsdómara 14. nóvember 1991, þar sem hafnað var kröfu áfrýjanda um frávísun málsins, hefur ekki verið skotið til Hæstaréttar. Ekki þykja efni til að vísa málinu sjálfkrafa frá dómi.

Með bréfi bæjarritara Hafnarfjarðar 8. maí 1987 var áfrýjanda tilkynnt, að á fundi bæjarstjórnar 5. sama mánaðar hefði umsókn hans um lóð að Hringbraut 40 verið samþykkt. Því bréfi fylgdu skilmálar um úthlutun á lóðum „innan byggðar“ í maí 1987, en í þeim kom fram, að gatnagerðargjald fyrir einbýlishús væri 511.038 krónur miðað við vísitölu maímánaðar. Mátti áfrýjanda þá vera ljóst, að álagning gatnagerðargjaldsins, sem honum var með bréfi áfrýjanda 11. sama mánaðar gert að greiða, miðaðist við einbýlishús, og gat hann því búist við hækkun gjaldsins, ef hann fengi leyfi til að byggja þar tvíbýlishús, svo sem síðar varð. Er því fallist á þá niðurstöðu héraðsdómara, að áfrýjanda hafi borið að greiða gatnagerðargjald, að fjárhæð 769.406 krónur, sem stefndi krafði hann um þann 29.

desember 1987. Var það gjald lægra en stefnda var heimilt að krefjast miðað við byggingarvísitölu á þeim tíma.

Í úthlutunarskilmálunum er það skilyrði sett fyrir úthlutun á svæðinu, að allir lóðarhafar greiði svonefnt upptökugjald. Segir þar um gjald þetta: „Sökum kostnaðar við uppkaup á landi og byggingum er hverjum lóðarhafa gert að greiða upptökugjald.“ Hins vegar er þar ekki minnst á lóðajöfnunargjald það, sem áfrýjandi var krafinn um 11. maí 1987, og síðar í bréfi byggingarfulltrúa 29. desember, en í yfirliti, sem því fylgdi, var gjaldið sett í stað upptökugjalds. Fram kom í vitnisburði Erlends Árna Hjálmarssonar, byggingarfulltrúa í Hafnarfirði, fyrir dómi, að upptökugjaldið væri tekið af lóðum, þar sem bærinn hefði haft kostnað af byggingarlandinu, og væri tilgangur þess að standa undir kostnaði bæjarins af landakaupum. Bæjarstjórnin hefði hins vegar í mars 1987 ákveðið að leggja svonefnt lóðajöfnunargjald á þær lóðir, sem hefðu lítið eða ekkert upptökugjald.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð samþykkt bæjarstjórnar Hafnarfjarðar frá 12. mars 1987. Í henni segir meðal annars: „Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að sérstakt lóðajöfnunargjald skuli innheimt vegna óbyggðra lóða sem úthlutað kann að vera á þegar byggðum svæðum í bænum (þétting byggðar) og á öðrum þeim lóðum, sem eru með lágum upptökugjöldum eða án þeirra. Lóðajöfnunargjaldið verði sett á samkv. ákvörðun bæjarráðs hverju sinni til að jafna lóðaverð í bænum.“ Í samþykktinni er lóðajöfnunargjaldið ákveðið 200.000 krónur á einbýlishúsalóðir, en 50.000 krónur á íbúð í fjölbýlishúsum og miðast við verðlag hverju sinni. Þá kemur fram í henni, að bæjarráð samþykki, með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar á framangreindri tillögu, að tilteknar lóðir verði auglýstar, og er lóðin Hringbraut 40 meðal þeirra.

Lóðajöfnunargjald það, sem stefndi krafði áfrýjanda um, á sér ekki stoð í lögum. Stefndi hefur ekki sýnt fram á kostnað þann, sem áfrýjanda var ætlað að endurgreiða með þessu gjaldi. Hann hefur þvert á móti skýrt gjaldið sem jöfnunargjald á lóðir, sem hann hefur haft lítinn sem engan tilkostnað af. Í gjaldtöku þessari fólst því skattlagning, sem er andstæð 40. gr., sbr. 77. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Verður áfrýjandi því ekki krafinn um greiðslu eftirstöðva lóðajöfnunargjaldsins, 87.008 krónur. Þar sem skattlagning þessi var ólögmæt, þykir áfrýjandi ekki hafa glatað rétti sínum til endurheimtu þess hluta gjaldsins, sem hann þegar hafði greitt, þótt hann hafi engan fyrirvara gert um greiðsluna.

Aðila greinir ekki á um byggingarleyfisgjald það, sem stefndi krafði áfrýjanda um auk framangreindra gjalda.

Samkvæmt þessari niðurstöðu bar áfrýjanda að greiða stefnda gatnagerðargjald, að fjárhæð 769.406 krónur, og byggingarleyfisgjald, að fjárhæð 11.072 krónur, samtals 780.478 krónur. Þann 29. september 1987 greiddi hann stefnda 355.702 krónur upp í gatnagerðargjald og 138.961 krónu upp í lóðajöfnunargjald. Þá greiddi áfrýjandi stefnda 250.000 krónur 18. febrúar 1988. Samtals hefur hann því greitt áfrýjanda 744.663 krónur og á því ógreiddar 35.815 krónur. Ber honum að greiða þá fjárhæð ásamt vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Svavar Gunnarsson, greiði stefnda, bæjarsjóði Hafnarfjarðar, 35.815 krónur með almennum innlánsvöxtum samkvæmt 2. mgr. 8. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 18. febrúar 1988 til 10. september 1991, en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 12. desember 1991.

Mál þetta höfðaði Ingimundur Einarsson hdl. f.h. bæjarsjóðs Hafnarfjarðar, kt. 590169-7579, Strandgötu 6, Hafnarfirði, gegn Svavari Gunnarssyni, kt. 101239-2099, Stekkjarkinn 11, Hafnarfirði, með stefnu, út gefinni 20. ágúst 1991 og birtri 3. september s.á. Málið var þingfest 10. september og tekið til dóms að loknum aðalflutningi 27. nóvember sl.

Dómkröfur.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þessar:

Að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 261.784,00 ásamt verðlagsbreytingum skv. vísitölu byggingarkostnaðar frá vísitölu febrúarmánaðar 1988, 107,4 stigum, til vísitölu í september 1991, 186,4 stiga, auk innlánsvaxta af stefnufjárhæð sem af almennum sparisjóðsbókum við Sparisjóð Hafnarfjarðar, sbr. II. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, frá 18. febrúar 1988 til 10. september 1991, en þá dráttarvexti skv. III. kafla sömu laga af svo verðbættum og vaxtareiknuðum höfuðstóli frá 10. september 1991 til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda skv. gjaldskrá LMFÍ, og beri hann vexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1985 15 dögum frá uppkvaðningu dómsins til greiðsludags.

Enn fremur krefst stefnandi þess, að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið og sér verði tildæmdur málskostnaður í þeim þætti málsins.

Endanlegar kröfur stefnda eru þessar:

Aðallega krefst hann þess, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til þrautavara, að stefnukröfur verði lækkaðar. Í öllum tilvikum, aðal-, vara- og þrautavarakröfu, krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins, þó ekki lægri en skv. gjaldskrá LMFÍ, auk virðisaukaskatts á málflutningsþóknun, og beri málskostnaðarfjárhæðin sömu vexti og gjaldfallnar peningakröfur skv. vaxtalögum 15 dögum frá uppkvaðningu dóms til greiðsludags.

Hinn 14. nóvember sl. fór fram málflutningur um frávísunarkröfu stefnda, og var kröfunni hrundið með úrskurði dómara í sama þinghaldi. Var úrskurðurinn án forsendna. Ályktunarorð hljóðar svo: „Hrundið er kröfu stefnda um frávísun málsins. Ákvörðun um málskostnað í þessum þætti máls bíður dóms í málinu.“

Málavextir.

Með umsókn, dagsettri 31. mars 1987, sótti stefndi um byggingarlóð á Hringbraut 40 í Hafnarfirði, en til vara á Einibergi 13. Umsóknin er á stöðluðu formi. Eru þar reitir fyrir umsækjanda að krossa í, við einbýlishús, tvíbýlishús, raðhús, parhús og fjölbýlishús. Stefndi krossaði í tvo reiti, við einbýlishús og tvíbýlishús.

Hinn 8. maí 1987 ritar bæjarritarinn í Hafnarfirði stefnda bréf. Segir þar, að 5. þess mánaðar hafi bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkt að gefa stefnda kost á lóðinni nr. 40 við Hringbraut. Orðrétt segir í bréfinu: „Um úthlutunina gilda með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar hjálagðir byggingar- og úthlutunarskilmálar.“

Úthlutunarskilmálana hefur stefndi lagt fram. Þeir bera yfirfyrirsögnina „Úthlutun í maí 1987“, en aðalfyrirsögn er „Úthlutunarskilmálar fyrir lóðir innan byggðar“. Segir þar í upphafi að þeir, sem fái úthlutað lóð, skuli greiða gatnagerðargjöld af henni samkvæmt reglugerð þeirri um gatnagerðargjöld í Hafnarfirði, sem gildi, þegar gjaldið fellur í gjalddaga. Miðað við vísitölu 4519 stig sé gjaldið nú fyrir einbýlishús kr. 511.038,00, en kr. 81.766,00 á hverja íbúð í fjölbýlishúsi. Ekki eru nefndar gjaldfjárhæðir fyrir aðrar gerðir húsa. Sagt er að gjaldið breytist í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar og sé það talið gjaldfallið þegar bæjarstjórn samþykki uppdrátt að húsinu. Endanlegt gatnagerðargjald miðist við gjaldskrá gatnagerðargjalda og vísitölu byggingarkostnaðar sem gildi þegar bæjarstjórn samþykki uppdráttinn að húsinu.

Enn segir í úthlutunarskilmálum að sökum kostnaðar við uppkaup á landi og byggingum sé hverjum lóðarhafa gert að greiða upptökugjald. Það sé gert að skilyrði við úthlutun allra lóða á svæðinu að lóðarhafar greiði upptökugjald, kr. 208.441,00 fyrir einbýlishús og kr. 52.110,00 fyrir íbúð í fjölbýlishúsi. Gjaldið breytist í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar frá 4519 stigum.

Enn fremur segir, að innan þriggja mánaða frá lóðarveitingu beri lóðarhafa að greiða ⅓ hluta áætlaðra gatnagerðar- og upptökugjalda, innan 5 mánaða frá lóðarveitingu aftur ⅓ hluta, og þegar byggingarleyfi sé út gefið, skuli greiddar eftirstöðvar, þó ekki síðar en sjö mánuðum frá lóðarveitingu.

Þá er í úthlutunarskilmálunum kveðið svo á að lóðarhafa beri að greiða vexti á gjöldin, gatnagerðargjald og upptökugjald og byggingarleyfisgjald, hafi þau ekki verið greidd einum mánuði eftir gjalddaga. Vextirnir skuli samsvara innlánsvöxtum hjá Sparisjóði Hafnarfjarðar, eins og þeir eru á hverjum tíma, auk verðlagshækkana.

Ákvæði eru í skilmálunum um að byggingarnefnd skuli hafa borist uppdráttur að fyrirhuguðum byggingarframkvæmdum á lóðinni eigi síðar en fjórum mánuðum frá lóðarveitingu.

Í maí 1987 fær stefndi tilkynningu frá stefnanda um gjöld sem honum beri að greiða vegna lóðarinnar á Hringbraut 40. Tilkynningin er dagsett 11. maí, og kemur þar fram að lóðarveitingin hefur verið samþykkt í bæjarstjórn 7. maí. Þar er stefndi skuldfærður fyrir gatnagerðargjaldi, að fjárhæð samtals kr. 511.038,00, sem greiða skyldi á þremur gjalddögum, 7. ágúst, 7. október og 7. desember 1987, kr. 170.364,00 í hvert skipti. Á tilkynningareyðublaðinu hefur verið strikað yfir orðið *upptökugjald* og *lóðajöfnunargjald* sett í staðinn. Það er að fjárhæð kr. 208.441,00, og skyldi greiða það á sömu gjalddögum og gatnagerðargjaldið, kr. 69.481,00 í fyrsta sinn, en síðan kr. 69.480,00 tvisvar. Í lok tilkynningarinnar er tekið fram að fjárhæð gatnagerðargjalds og upptökugjalds sé miðuð við byggingarvísitölu 4519 stig.

Hinn 29. september 1987 greiðir stefndi tvær fyrri afborganir gjaldanna skv. tilkynningunni frá 11. maí, kr. 340.692,00 í gatnagerðargjald og kr. 138.961,00 í lóðajöfnunargjald og auk þess kr. 15.010,00 í vísitöluhækkun.

Hinn 30. nóvember 1987 sækir bróðir stefnda, Guðmundur *Haukur* Gunnarsson, fyrir hans hönd um leyfi til að byggja 2ja hæða tvíbýlishús og tvöfalda bílageymslu á lóðinni á Hringbraut 40. Byggingarnefnd samþykkir umsóknina 3. desember sama ár. Hinn 29. desember ritar byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarbæjar stefnda bréf, þar sem hann tilkynnir honum um afgreiðslu byggingarnefndar. Á bakhlið þess bréfs er reikningur yfir þau gjöld sem stefnandi gerir stefnda að greiða, undir fyrirsögninni *Leyfisgjöld gjalda- og stöðuyfirlit*. Gjöldin eru þessi: byggingarleyfisgjald kr. 11.072,00, gatnagerðargjald kr. 769.406,00 og lóðajöfnunargjald kr. 225.969,00. Til frádráttar þessum gjöldum eru reiknaðar greiðslur stefnda 29. september, innborgun á gatnagerðargjald kr. 355.702,00 (að því er virðist kr. 340.692,00 + vísitöluhækkunin kr. 15.010,00) og innborgun á lóðajöfnunargjald kr. 138.961. Stefndi er því skv. reikningi þessum talinn skulda byggingarleyfisgjald kr. 11.072,00, gatnagerðargjald kr. 413.704,00 og lóðajöfnunargjald kr. 87.008,00, samtals kr. 511.784,00. Á reikninginn er skráð sú athugasemd, að greiða beri vexti af skuld þessari, sem samsvari almennum innlánsvöxtum, ef hún verði ekki greidd fyrir 15. janúar 1988.

Hinn 18. febrúar 1988 greiddi stefndi stefnanda kr. 250.000,00. Skv. fram lögðu ljósriti kvittunar fyrir þessa greiðslu er hún vegna gatnagerðargjalda.

Hinn 11. febrúar 1991 ritar lögmaður stefnda bæjarlögmanni f.h. stefnanda bréf. Kemur þar fram að stefndi telur sig að fullu hafa greitt gjöld vegna lóðarinnar á Hringbraut 40. Er óskað eftir að stefnandi taki upp viðræður við lögmann stefnda vegna meintra ógreiddra gjalda. Bæjarlögmaður, Guðmundur Benediktsson hdl., ritaði svarbréf 30. maí 1991. Segir þar: „Gatnagerðargjöld vegna lóðarinnar nr. 40 við Hringbraut, Hafnarfirði, eru á lögð sem um tvíbýlishús sé að ræða, enda tvíbýlishús á lóðinni, og hefur lóðarhafi, Svavar Gunnarsson, ekki greitt þau að fullu, sem honum ber þó að gera, eins og yður er kunnugt, skv. reglugerð um gatnagerðargjöld í Hafnarfirði.“

Hinn 7. maí 1991 ritar lögmannsstofa Inga H. Sigurðssonar hdl. og Ingimundar Einarssonar hdl. stefnda innheimtubréf. Er hann þar krafinn um ógreidd leyfisgjöld til bæjarsjóðs Hafnarfjarðar. Er höfuðstóll kröfunnar kr. 261.784,00, en auk hennar er krafist vanskilavaxta og innheimtukostnaðar.

Málsástæður og lagarök.

Samkvæmt stefnu sækir stefnandi stefnda til greiðslu á eftirstöðvum gjaldanna skv. reikningi stefnanda frá 29. desember 1987, þ.e. kr.

511.784,00, að frádreginni innborgun stefnda 18. febrúar 1988, kr. 250.000,00. Höfuðstóll stefnukröfunnar er þannig kr. 261.784,00.

Stefnandi segir að stefndi hafi ekki greitt skuld sína þrátt fyrir ítrekaðar greiðsluáskoranir, og sé því stefnanda nauðsyn á að fá dóm fyrir kröfu sinni.

Í stefnu segir enn að málið sé höfðað skv. ákvæðum laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði og að krafa stefnanda sé reist á ákvæðum byggingarlaga nr. 54/1978, sbr. byggingarreglugerð nr. 292/1979 með áorðnum breytingum, og lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld, sbr. reglugerð nr. 468/1981 um gatnagerðargjöld fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, og almennum reglum fjármunaréttarins um ábyrgð á gagnkvæmum fjárskuldbindingum. Krafa um dráttarvexti sé reist á III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989. Krafa um málskostnað byggist á XII. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Í greinargerð stefnanda er málsástæðum og lagarökum ekki nánar lýst en í stefnu.

Í málflutningi um frávísunarkröfu stefnda kom fram af hálfu stefnanda, að hann taldi að stefna uppfyllti ákvæði 88. gr. einkamálalaga. Skoða beri hverju sinni hvað sé þörf á að fram komi í greinargerð. Ekki sé þörf á að endurtaka í greinargerð það sem þegar sé fram komið í stefnu. Af hálfu stefnanda var því og haldið fram að fram lagt bréf og reikningur byggingarfulltrúa frá 29. desember 1987 væri til stuðnings kröfugerðinni.

Stefndi rökstyður frávísunarkröfu sína einkum með tvennu, annars vegar því að greinargerð stefnanda uppfylli ekki áskilnað laga, og hins vegar sé stefnukrafa svo stórlega vanreifuð að ekki sé hægt að henda reiður á henni. Eigi sé til að dreifa sundurliðun á vísitöluhækkunum, breytingum frá áður sendri tilkynningu um gjöld vegna lóðarinnar, sbr. tilkynninguna frá 11. maí 1987 og reikning stefnanda til stefnda 29. desember 1987. Jafnframt vísi stefnandi til stórra lagabálka og reglugerða í heild sinni sem og almennra reglna fjármunaréttarins. Verði því ekki fest hönd á hvaða ákvæðum tilvitnaðra laga og reglugerða stefnandi byggi mál sitt á.

Stefndi rökstyður sýknukröfu sína með því að hann hafi að fullu greitt öll álögð gjöld vegna lóðarinnar á Hringbraut 40. Sundurliðun gjaldanna komi fram í tilkynningunni frá 11. maí 1987, og séu þau skv. henni samtals að fjárhæð kr. 719.479,00. Sú fjárhæð að viðbættu byggingarleyfisgjaldi, sem stefnda hafi borið að greiða, geri samanlagt kr. 730.551,00. Stefndi hafi 29. september 1987 og 18. febrúar 1988 greitt samtals kr. 744.663,00.

Stefndi telur að stefnandi geti ekki einhliða hækkað gjöld vegna lóðarinnar frá því sem hann hafi tilkynnt stefnda um í maí 1987.

Stefndi heldur því einnig fram að stefnandi geti ekki krafist dráttarvaxta af gjöldunum, þar sem í úthlutunarskilmálum sé skýrlega tekið fram að greiða beri vexti sem samsvari innlánsvöxtum hjá Sparisjóði Hafnarfjarðar á hverjum tíma, hafi gjöldin ekki verið greidd einum mánuði eftir gjalddaga.

Jafnframt mótmælir stefndi því að stefnanda hafi verið heimilt að innheimta svokallað lóðajöfnunargjald. Í úthlutunarskilmálum sé talað um að greiða upptökugjald, en stefndi telji ljóst að lóðajöfnunargjald sé í reynd það sem kallað er upptökugjald og engar lagaheimildir séu fyrir innheimtu slíkra gjalda.

Stefndi rökstyður kröfu sína um málskostnað með því að stefnanda hafi verið ljóst að stefndi hafi greitt öll tilskilin gjöld í góðri trú, og því sé málsókn þessi að ófyrirsynju og beri að dæma stefnanda til að greiða stefnda álag á málskostnað. Hins vegar rökstyður stefndi kröfu sína um greiðslu virðisaukaskatts á málflutningsþóknun með því að mál þetta varði ekki virðisaukaskattsskylda starfsemi stefnda.

Stefndi vísar til stuðnings kröfum sínum til 1. mgr. 105. gr., 108. gr. og 177. gr. laga nr. 85/1936, III. kafla laga nr. 25/1987, 1. gr. laga nr. 59/1976, laga nr. 50/1988 og 38. gr. laga nr. 7/1936.

Niðurstöður.

Að mati dómara er kröfugerð stefnanda nægilega skýr og afmörkuð til að dæma megi um hana. Á það má fallast með stefnda að tilvísanir stefnanda til lagaheimilda mættu vera nákvæmari, en engum vandkvæðum veldur þetta. Dómari lítur svo á að greinargerð stefnanda uppfylli áskilnað laga, enda er í henni vísað til stefnu, og er málið þar nægilega reifað af hálfu stefnanda.

Fyrir dóminum hafa gefið skýrslur af hálfu stefnanda Erlendur Árni Hjálmarsson, byggingarfulltrúi í Hafnarfirði, og Valur Ásmundsson bæjargjaldkeri. Stefndi, Svavar Gunnarsson, gaf og skýrslu. Enn fremur kom fyrir dóminn og gaf aðilaskýrslu Guðmundur *Haukur* Gunnarsson, bróðir stefnda. Upplýst var að hann hefði með bróður sínum, Svavari, staðið að byggingu hússins nr. 40 við Hringbraut, fjármagnað hana og annast þær greiðslur til stefnanda sem getið er hér að framan.

Stefndi bar í skýrslu sinni hér fyrir dómi, að hann hefði ekki annað vitað en reisa ætti tvíbýlishús á lóðinni nr. 40 við Hringbraut, þegar hann sótti um hana, enda væri lóðin inni í röð tvíbýlis- og jafnvel þríbýlishúsa.

Erlendur Árni Hjálmarsson byggingarfulltrúi sagði í sinni skýrslu, að lóðir þær, sem úthlutað var í maí 1987, hefðu verið einbýlishúsalóðir til þéttingar byggðar og auglýstar sem slíkar.

Ekki hefur verið lögð fram í málinu auglýsing um lóðir þær sem úthlutað var í Hafnarfirði í maí 1987.

Gögn málsins styðja framburð byggingarfulltrúans. Skal það nú rakið:

Í umsókn sinni um lóð, dags. 31. mars 1987, sækir stefndi bæði um lóð undir einbýlishús og tvíbýlishús. Hann skýrði umsókn sína svo í skýrslu sinni, að hann hefði haft í huga aðallega að fá lóð undir tvíbýlishús á Hringbraut 40, en til vara lóð undir einbýlishús á Einibergi 13. Úr umsókninni verður þó ekki annað lesið en það, að hann hafi sótt um lóð undir einbýlishús eða tvíbýlishús á Hringbraut 40 aðallega, en á Einibergi 13 til vara.

Með bréfi bæjarritara, dags. 8. maí 1987, var stefnda tilkynnt um að honum hefði verið úthlutað lóðinni nr. 40 við Hringbraut. Með bréfi þessu fylgdu úthlutunarskilmálar. Segir þar að gatnagerðargjald fyrir einbýlishús sé kr. 511.038,00, en kr. 81.766,00 fyrir hverja íbúð í fjölbýlishúsi. Af skilmálunum má ráða að um áætluð gjöld var að ræða, en ekki endanleg, sbr. tilvitnaðan texta skilmálanna hér að framan.

Hinn 11. maí 1987 sendi stefnandi stefnda tilkynningu um gatnagerðargjald og lóðajöfnunargjald. Gatnagerðargjaldið var kr. 511.038,00 miðað við byggingarvísitölu 4519 stig. Er hér um að ræða gjald fyrir einbýlishús, og kemur fjárhæðin heim við reglugerð nr. 468/1981 um gatnagerðargjöld í Hafnarfirði, sem felur í sér breytingu á rg. nr. 446/1975, sbr. lög nr. 51/1974. Skv. reglugerðinni skal gatnagerðargjaldið vera kr. 77.125,00 fyrir einbýlishús miðað við byggingarvísitölu 682 stig.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er ekki annað sýnna en stefnandi hafi talið sig vera að úthluta stefnda lóð undir einbýlishús í maí 1987. Stefndi hefur ekki sannað hið gagnstæða. Stefnandi var ekki bundinn af fjárhæð gatnagerðargjaldsins í tilkynningunni frá 8. maí 1987, eftir að stefndi hafði sótt um leyfi til að byggja tvíbýlishús á lóðinni og umsókn hans verið samþykkt. Stefnanda var rétt að krefja stefnda um gatnagerðargjald skv. fyrrnefndri reglugerð um gatnagerðargjöld í Hafnarfirði. Stefndi vitnar í greinargerð sinni til 1. gr. laga nr. 59/1976 um fjölbýlishús máli sínu til stuðnings. Þau lög breyta í máli þessu engu um gildi laga nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld né reglugerða sem á þeim lögum eru byggðar. Athuga ber, að fjárhæð gatnagerðargjaldsins á reikningnum frá 29. desember 1987, kr. 769.406,00, er lægri en stefnanda var heimilt að krefjast miðað við vísitölu byggingarkostnaðar á þeim tíma, 5095 stig. Skv. fyrrnefndri reglugerð nr. 468/1981 var gatnagerðargjaldið kr. 53.985,00 á hvora íbúð í tvíbýlishúsi miðað við vísitöluna 682 stig.

Stefndi kveðst hafa mótmælt hækkun gatnagerðargjaldsins, þegar er hann fékk af henni að vita. Skv. skýrslu Guðmundar *Hauks* Gunnarssonar var það rétt fyrir eða um áramótin 1987/88. Hinn 18. febrúar 1988 greiðir Haukur f.h. stefnda stefnanda kr. 250.000,00. Skv. kvittun bæjargjaldkera var stefndi hér að greiða gatnagerðargjöld. Ekki er fram komið af hálfu stefnda að hann hafi gert fyrirvara vegna greiðslu þessarar. Hvernig sem á fjárhæð þessa er litið, verður ekki séð að um lokauppgjör stefnda við stefnanda geti verið að ræða. Verður við það að miða, svo sem fram kom í skýrslu bæjargjaldkera hér fyrir dómi, að stefndi hafi með þessari greiðslu verið að greiða inn á eftirstöðvar ógreiddra lóðar- og byggingarleyfisgjalda. Getur stefndi ekki borið það fyrir sig nú að hann hafi talið sig með greiðslunni hafa greitt skuld sína við stefnanda að fullu.

Í skýrslu sinni hér fyrir dómi skýrði byggingarfulltrúi svo frá, að svonefnt upptökugjald væri tekið af lóðum þar sem bærinn hefði haft kostnað af byggingarlandinu. Gjaldið væri til að „dekka" kostnað bæjarins af landakaupum. Um lóðajöfnunargjaldið sagði hann að bæjarstjórn hefði í mars 1987, að hann minnti, samþykkt að það skyldi lagt á lóðir með lágu eða engu upptökugjaldi. Það hefði verið ákveðið kr. 200.000,00 á lóð miðað við mars 1987. Um væri að ræða samræmingargjald á móti upptökugjaldi.

Stefnandi hefur mótmælt lóðajöfnunargjaldinu þar sem það styðjist ekki við lög. Í stefnu er hins vegar vísað til reglna fjármunaréttarins um ábyrgð á almennum fjárskuldbindingum, og í málflutningi lagði stefnandi áherslu á að í úthlutunarskilmálunum frá maí 1987 fælist samningur einkaréttarlegs eðlis.

Stefndi gerði ekki athugasemd við lóðajöfnunargjaldið þegar hann fékk um það tilkynningu í maí 1987. Tvo þriðju hluta þessa gjalds greiddi hann 29. september 1987, og er ekkert fram komið annað en sú greiðsla hafi verið fyrirvaralaus. Ber að líta svo á að ekki síðar en með þeirri greiðslu hafi stefndi í verki staðfest að hann væri bundinn af ákvæðum úthlutunarskilmálanna um lóðajöfnunargjaldið. Telja verður að hann hafi með greiðslunni 18. febrúar 1988 áréttað þessa afstöðu sína, en sú greiðsla var einnig án fyrirvara.

Í bréfi, sem lögmaður stefnda ritar bæjarlögmanni f.h. stefnanda 11. febrúar 1991, er því haldið fram að stefndi hafi að fullu greitt gjöld vegna lóðarinnar á Hringbraut 40. Því er hins vegar ekki hreyft í bréfinu að stefnanda hafi ekki verið rétt að krefja stefnda um lóðajöfnunargjaldið. Því er fyrst haldið fram í greinargerð stefnda í máli þessu, en hún var fram lögð 8. október 1991.

Hafi stefndi talið að stefnanda hafi ekki verið rétt að lögum að gera umrætt lóðajöfnunargjald að skilyrði fyrir úthlutun lóðarinnar á Hringbraut 40, bar honum að kynna stefnanda þá skoðun sína án ástæðulauss dráttar.

Það gerði hann ekki. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki tekin til greina sú málsástæða stefnda að lóðajöfnunargjaldið styðjist ekki við lög. Er það álit dómarans að þetta eigi jafnt við, hvort heldur beri að líta á úthlutunarskilmálana sem samning einkaréttarlegs eðlis eða ákvörðun stjórnvalds, sem fallið geti undir opinberan rétt.

Athuga ber að sú fjárhæð lóðajöfnunargjaldsins, sem stefnandi gerði stefnda að greiða með reikningnum 29. desember 1987, er lægri en stefnandi mátti krefjast skv. hækkun byggingarvísitölu.

Um byggingarleyfisgjaldið, sem var kr. 11.072,00 miðað við vísitölu janúarmánaðar 1987, er út af fyrir sig ekki ágreiningur með aðilum.

Stefnandi krefst þess að höfuðstóll stefnukröfu hækki skv. vísitölu byggingarkostnaðar fram til þingfestingardags, og jafnframt beri hann vexti jafnháa innlánsvöxtum af almennum sparisjóðsbókum við Sparisjóð Hafnarfjarðar. Samkvæmt úthlutunarskilmálunum er stefnanda rétt að krefjast þeirrar verðtryggingar sem hann gerir. Því getur hins vegar ekki samræmst að krefjast vaxta sem af óverðtryggðum innlánum í Sparisjóði Hafnarfjarðar, þar sem vaxtahæð slíkra innlána miðast einmitt við að þau eru óverðtryggð. Því ber að dæma stefnanda vexti af höfuðstól stefnukröfu frá 18. febrúar 1988 til 10. september 1991 jafnháa vöxtum af verðtryggðum innlánsreikningi við Sparisjóð Hafnarfjarðar, og þykir þá rétt að miða við 6 mánaða verðtryggðan reikning, sem nú ber 3% ársvexti. Samræmist þessi niðurstaða ákvæði úthlutunarskilmálanna um vexti.

Að öðru leyti verða kröfur stefnanda í máli þessu teknar til greina. Athuga ber að stefndi hefur ekki gert tölulega athugasemd við útreikning stefnanda á höfuðstóli stefnukröfu.

Dæma ber stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 100.000,00, og er í þeirri fjárhæð innifalinn málskostnaður fyrir flutning um frávísunarkröfu. Vextir á málskostnaðarfjárhæð verða dæmdir að kröfu stefnanda.

Finnur Torfi Hjörleifsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Svavar Gunnarsson, greiði stefnanda, bæjarsjóði Hafnarfjarðar, kr. 261.784,00 ásamt verðlagsbreytingum skv. vísitölu byggingarkostnaðar frá vísitölu febrúarmánaðar 1988, 107,4 stigum, til vísitölu í september 1991, 186,4 stiga, auk vaxta af hinni dæmdu fjárhæð sem af 6 mánaða verðtryggðum innlánsreikningi við Sparisjóð Hafnarfjarðar frá 18. febrúar 1988 til 10. september 1991, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af svo verðbættum og vaxtareiknuðum höfuðstóli frá 10. september 1991 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda kr. 100.000,00 í málskostnað, og beri málskostnaðarfjárhæðin vexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1985 15 dögum frá uppkvaðningu dóms þessa til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 28. apríl 1994.

Nr. 523/1993. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Baldri Þorsteinssyni
(Atli Gíslason hrl.)

Flugslys. 168. gr. alm. hgl. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Hjörtur Torfason og Friðgeir Björnsson dómstjóri.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. desember 1993. Krefst hann þess, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og dæmdur til refsingar og að hann verði sviptur rétti til starfa í loftfari samkvæmt 184. gr. laga nr. 34/1964, sbr. 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Flugbrautin á Ólafsfjarðarflugvelli er malarbraut, 856 metra löng og 30 metrar á breidd. Meðfram henni austanverðri frá suðurenda er hið svokallaða öryggissvæði, sem ákærði lenti flugvélinni á. Það er jafnbreitt flugbrautinni, malaruppfylling að nokkru gróin gulleitu óræktargrasi. Það er í sömu hæð og brautin, en aðeins 300 metrar á lengd. Ákærði lenti flugvélinni á þessu svæði, eins og hann væri að lenda á flugbrautinni, enda hélt hann sig vera að lenda þar.

Við sjónflug skal flugskyggni, þ.e. skyggni frá flugvélinni, vera a.m.k. 5 km. Ákærði var vel kunnugur aðstæðum. Að sögn beggja flugmannanna var aðflugið í samfelldri hægri beygju beint í lokastefnu að flugbrautinni. Þegar í lokastefnuna kom, segjast báðir flugmennirnir hafa séð ljóst svæði, sem þeir voru fullvissir um, að væri flugbrautin. Birtan var hratt dvínandi og umhverfi allt mjög dökkt eða nánast dimmt.

Þegar virtur er sá mikli munur, sem er á lengd flugbrautarinnar annars vegar og lengd hins ljósa, grasi gróna svæðis við hlið hennar frá suðurenda hins vegar, verður að telja í ljós leitt, að ákærði hafi ekki greint flugbrautina frá umhverfi hennar, þegar flugvélin var komin í lokastefnu í lendingunni. Að eigin sögn sá ákærði hins vegar „ljósa svæðið“ beint fram undan og taldi það vera flugbrautina. Vegna rigningar versnaði skyggnið enn í lendingunni. Lokaorð skýrslu Flugmálastjórnar og flugslysanefndar eiga því við full rök að styðjast, en þau eru svohljóðandi: „Flugstjórinn hélt áfram aðfluginu til lendingar, þrátt fyrir að aðstæður gerðu honum ókleift að sjá flugbrautina í lendingunni. Telja verður að flugstjórinn hefði átt að hætta við aðflugið, hverfa frá og halda t.d. til Akureyrar.“

Ákærði lenti flugvél með 18 farþega utan flugbrautar. Með því að halda áfram aðflugi til lendingar, enda þótt hann greindi ekki flugbrautina fram undan, tók ákærði mikla áhættu að ástæðulausu. Með þessu sýndi hann gáleysi og viðhafði eigi næga aðgæslu við stjórn flugvélarinnar. Lagði hann flugvélina og alla, sem í henni voru, í hættu. Varðar brot hans við ákvæði þau, er í ákæru greinir, sem eru 2. mgr., sbr. 1. mgr., 168. gr. almennra hegningarlaga og 3.1.1. gr. flugreglna, sbr. auglýsingu nr. 55/1992, sbr. 1. mgr. 163. gr. laga nr. 34/1964 um loftferðir.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin varðhald í 3 mánuði. Rétt þykir að fresta fullnustu hennar og ákveða, að hún falli niður að liðnum 2 árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Af hálfu ákæruvalds hefur þess og verið krafist, að ákærða verði gert að sæta sviptingu réttinda til að starfa í loftfari samkvæmt 184. gr. laga um loftferðir, sbr. 68. gr. almennra hegningarlaga. Loftferðaeftirlit flugmálastjórnar dró réttindi ákærða til baka eftir óhappið, og hann var tekinn af flugskrá hjá Flugfélagi Norðurlands að kröfu Flugmálastjórnar í vikutíma. Hann stóðst hæfnisþjálfun og próf, sem Flugmálastjórn samþykkti, og hóf að svo búnu störf að nýju. Ekki liggur annað fyrir í máli þessu en ákærði hafi bæði fyrir og eftir atburð þennan gegnt starfi sínu áfallalaust. Skilyrði nefnds ákvæðis um réttindasviptingu eru því ekki fyrir hendi, og verður krafa þessi ekki tekin til greina.

Dæma ber ákærða til að greiða sakarkostnað í héraði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans í héraði, 85.000 krónur, og saksóknarlaun skipaðs sækjanda í héraði, 85.000 krónur.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 60.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Baldur Þorsteinsson, sæti varðhaldi í þrjá mánuði. Fullnustu refsingar skal fresta og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms að telja, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði, Jóns Kr. Sólnes hæstaréttarlögmanns, 85.000 krónur, og saksóknarlaun skipaðs sækjanda, Jónatans Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, 85.000 krónur.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Atla Gíslasonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Sératkvæði
Guðrúnar Erlendsdóttur og
Hjartar Torfasonar

Við teljum, að staðfesta beri hinn áfrýjaða dóm með vísan til forsendna hans, og eigi áfrýjunarkostnaður málsins að greiðast úr ríkissjóði.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 3. desember 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. nóvember sl., er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 17. ágúst 1993, „á hendur Baldri Þorsteinssyni, Grenilundi 19, Akureyri, fæddum 19. maí 1946, fæðingarnúmer 330, fyrir brot á reglum um loftferðaöryggi síðla kvölds þriðjudaginn 18. ágúst 1992 með því að hafa við flugstjórn flugvélarinnar TF-JME frá Reykjavík til Ólafsfjarðar með aðstoðarflugmann og 18 farþega innan borðs eigi viðhaft næga aðgæslu við stjórn flugvélarinnar við aðflug og lendingu á Ólafsfjarðarflugvelli með því að hefja undirbúning og aðflug að flugvellinum til lendingar um klukkan 22.30, enda þótt þá væri eigi nægilegt skyggni frá vélinni vegna myrkurs og regns, sem þá skall á, með þeim afleiðingum, að ákærði lenti flugvélinni utan flugbrautar, þar sem hún rann um 240 metra vegalengd um öryggissvæði út í mýrlendi og stakkst þar á nefið.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 1. mgr. 168. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 3.1.1. gr. flugreglna, sbr. auglýsingu nr. 55/1992, sbr. 1. mgr. 163. gr. laga um loftferðir nr. 34/1964.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar réttinda til að starfa í loftfari samkvæmt 184. gr. laga um loftferðir, sbr. 68. gr. almennra hegningarlaga".

Skipaður verjandi ákærða, Jón Kr. Sólnes hæstaréttarlögmaður, hefur aðallega krafist sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins.

II.

Málavextir eru þessir helstir:

Þriðjudaginn 18. ágúst 1992 kl. 22.45 barst lögreglunni í Ólafsfirði tilkynning um að flugvélin TF-JME, Twin Otter, hefði lent utan flugbrautarinnar í Ólafsfirði. Flugvélin, sem er í eigu Flugfélags Norðurlands (FN), var að koma úr leiguflugi frá Reykjavík með knattspyrnumenn úr Íþróttafélaginu Leiftri.

Vakthafandi lögregluvarðstjóri, Jón A. Konráðsson, fór þegar á vettvang og annaðist fyrstu vettvangsrannsókn og ritaði skýrslu um atburðinn. Samkvæmt rannsóknargögnum lögreglu lenti flugvélin á svonefndu „öryggissvæði" við suðurenda flugbrautarinnar. Eftir u.þ.b. 200 metra lendingarrennsli til norðurs eða þar til öryggissvæðið þraut, rann vélin um 60-70 metra í mýrlendi. Við það að aka fram af öryggissvæðinu brotnaði nefhjól vélarinnar. Allir farþegarnir, 18 að tölu, komust áfallalaust út er flugvélin hafði stöðvast og slasaðist enginn. Þá fór neyðarsendir ekki í gang við óhappið.

Nefnt öryggissvæði er u.þ.b. 300 metra sinu vaxin slétt malaruppfylling, um 30 metra breið, austan við flugbrautina og í sömu hæð yfir sjávarmáli. Austast á malaruppfyllingunni og næst Ólafsfjarðarvatni, er þjóðvegurinn að Ólafsfjarðarkaupstað.

Áðurnefndur lögreglumaður staðfesti skýrslur sínar fyrir dómi og bar að hann hefði fyrst séð til flugvélarinnar í mýrinni er hann ók yfir brúna við Ólafsfjarðarós, í u.þ.b. 300 metra fjarlægð. Að áliti hans var þá mikið farið að rökkva. Kvaðst hann hafa verið kominn að flugvélinni um 5 mínútum eftir að tilkynningin barst um slysið, og bar hann, að þá hefði verið mikið um ljós við vélina vegna umferðar. Vitnið bar, að nánast logn hefði verið á vettvangi, 2-3 hnútar, rigning og skýjað.

Í niðurlagi lögregluskýrslunnar er frá því greint að björgunarsveitin í Ólafsfirði hafi afgirt flugvallarsvæðið. Þá var Loftferðaeftirliti tilkynnt um atburðinn.

Í málinu liggur fyrir skýrsla Flugmálastjórnar og flugslysanefndar, dagsett 20. nóvember 1992. Þar kemur m.a. fram að flugslysanefnd hafi við rannsókn sína á slysinu farið á vettvang daginn eftir atburðinn, en jafnframt yfirheyrt aðila sjálfstætt svo og vitni.

Í skýrslu nefndarinnar segir m.a.:

„Á Ólafsfirði er ein 856 × 30 m malarbraut. Hún er á láglendi fyrir botni fjarðarins og stefna hennar er NA/SV (050°/230°) eða eins og fjörðurinn liggur. Á hverju horni flugbrautarinnar eru tveir rauðir lóðabelgir og slíkir belgir eru með 60 metra millibili á köntum flugbrautarinnar. Við suðvesturenda flugbrautarinnar er 50 metra langt öryggissvæði og um 30 metra breitt öryggissvæði er u.þ.b. fyrstu 300 metrana frá suðvesturendanum meðfram flugbrautinni austanverðri milli hennar og Ólafsfjarðarvatns. Þegar því sleppir tekur við mýrarslakki, sem teygir sig á nokkrum kafla næstum því að flugbrautinni. Handan mýrarslakkans tekur við flughlaðið þar sem flugstöðin er. Öryggissvæði þetta er gróið og talsvert ljósara að sjá, en flugbrautin.“

„Flugvélin snerti á öryggissvæðinu, nánast jafnt á öllum hjólum og samsíða flugbrautinni og 64 metra frá syðri enda hennar. Vinstra aðalhjólið snerti 16 metra utan hægri brautarkantsins. Flugvélin rann síðan samhliða flugbrautinni, þar til öryggissvæðinu sleppti, og út í mýrarslakkann.“

Í skýrslunni er vikið að því að flugvélin TF-JME, sem er af gerðinni D.H.C.-6-200 Twin Otter, hafi verið fullsetin farþegum, en þungi og jafnvægi verið innan leyfðra marka.

Í skýrslu nefndarinnar er greint frá veðurskilyrðum þannig að vindur hafi yfirleitt verið hægur á landinu, víðast suðlægur eða austlægur. Þá hafi úrkomuvottur eða úrkoma í nánd verið víða og helst þurrt um vestan- og norðvestanvert landið. Þá var greint frá veðri kl. 21.00 á nokkrum veðurathugunarstöðvum svofellt:

Sauðanesviti: vindátt austlæg og veðurhæð 3, skýjað, skyggni 50 km, hiti 10,6°. Grímsey: vindátt austlæg, veðurhæð 5, skýjað, skyggni 20-50 km, hiti 8,4°. Akureyri: vindátt vestsuðvestan, veðurhæð 2, skúrir á síðustu klukkustund, skyggni 45 km, hiti 11,4°.

Undir rekstri málsins var af hálfu skipaðs verjanda lagt fram vottorð Veðurstofu Íslands um veður í Ólafsfirði að kveldi 18. ágúst 1992. Í vottorðinu segir m.a.: Smáskúrir eru á svæðinu kl. 21, en þær virðast breytast í samfellda rigningu á miðnætti. Af veðurathugunum má ráða að einhver minni háttar rof eru í skýin, þ.e.a.s. að ekki er alskýjað á neinni af stöðvunum þremur kl. 21, en hins vegar á þeim öllum kl. 24. Skyggni er gott, en hins vegar er vafasamt að sést hafi til sólar, því að skv. almanaki Háskólans er sól sest á þessum slóðum fyrir kl. 22. Samkvæmt almanakinu hefst myrkur (sól 6° eða meira undir sjóndeildarhring) um kl. 22.40 og líklegt að björt rönd hafi getað verið við hafsbrún, hafi þar á annað borð verið rof í skýjabreiðuna. Skyggnisskilyrði hafa ekki verið slæm, en birtuskilyrði til aksturs eða lendinga hafa getað verið afleit í sólarlagsátt, hafi verið rof í skýjabreiðuna.

Samkvæmt skýrslu Flugslysanefndar hélt Flugfélag Norðurlands ekki uppi reglulegu flugi til Ólafsfjarðar á þeim tíma er slysið gerðist. Þá var ekki vikið sérstaklega að flugvellinum í flugrekstrarbók flugfélagsins, en í þess stað ritað svofellt í almennum orðum um sjónflug inn á flugvelli:

„Þegar flogið er sjónflug, skal skyggni og skýjahæð á ákvörðunarstað vera í samræmi við sjónflugsveðurskilyrði. Þó má fá heimild til sérlegs sjónflugs við flugvelli sem hafa vallarsvið.“

Í skýrslunni er enn fremur greint frá sjónflugsreglum svo sem þær birtast í Flugmálahandbók RAC 0-4 svo og vikið að skilgreiningu dags og nætur miðað við flug TF-JME í greint sinn. Um þetta segir í skýrslu nefndarinnar:

„Sjónflug skal ekki flogið:

b) á því tímabili, þegar sól er 6° eða meira fyrir neðan sjóndeildarhring, nema til komi sérstök heimild flugumferðarþjónustu, fyrir:

1. Flug innan flugstjórnarsviðs og/eða í nánd upplýstra flugvalla.

2. Yfirlandsflug, þó því aðeins ef lægstu skýjabotnar eru a.m.k. 2000 fet yfir hæstu hindrunum á flugleið þeirri, sem fljúga skal, að mati Veðurstofu Íslands. Í flugreglum „IV Kafli sjónflugsreglur“ segir m.a., að í öllu sjónflugi í eða undir 3000 feta hæð yfir sjávarmáli, eða 1000 fetum yfir landi, hvort sem hærra er, skuli flugvélin vera laus við ský og flugmenn sjá til jarðar. Flugskyggni, þ.e. skyggni frá flugvélinni, skal vera a.m.k. 5 km.“

„Nótt telst vera þegar miðja sólar er neðar en 6° undir sjóndeildarhring. Sjónflug að nóttu er háð sérstökum og nánar tilteknum takmörkunum. Flugvélin TF-JME lenti á Ólafsfjarðarflugvelli kl. 22.37. Samkvæmt útreikningum dr. Þorsteins Sæmundssonar prófessors hjá HÍ fór miðja sólar 6° undir sjóndeildarhring á Ólafsfirði kl. 22.42 hinn 18. ágúst 1992.“

Þá er í skýrslu flugslysanefndar rakinn flugferill TF-JME frá Akureyri þann 18. ágúst 1992 til Ólafsfjarðar og upphaf leiguflugsins til Reykjavíkur kl. 15.30, brottför vélarinnar frá Reykjavík kl. 21.16 og loks lending á Ólafsfjarðarflugvelli kl. 22.37.

Er í skýrslunni sérstaklega vísað til frásagnar flugstjórans, ákærða í máli þessu, er var við stjórnvölinn, svo og aðstoðarflugmannsins, Karls Jónssonar, fyrrum flugradíómanns á Ólafsfjarðarvelli, og eiginmanns hennar. Lokaorð skýrslunnar eru svofelld:

„Báðir flugmennirnir þurfa að nota og notuðu þarna tilskilin gleraugu, sem þeim ber að nota samkvæmt heilbrigðisvottorði sínu. Aðflugið að flugbrautinni og þá sérstaklega lokahluti þess fór fram við mjög erfið birtuskilyrði. Flugmennirnir segja, að björt rönd hafi verið við hafsbrún og að þeir hafi þar séð sólina, sem var að síga í sæinn. Þegar flugvélin kom niður undir jörð, var sólin sest og flugskyggnið versnaði mjög, m.a. vegna vaxandi rigningar í lofti og vegna úrkomu og vatns á rúðum flugvélarinnar. Þar sem birtan minnkaði mjög hratt, er hugsanlegt að augu flugmannanna hafi ekki enn verið búin að venjast eða aðlagast lélegri birtu umhverfisins.

Þó svo að gert sé ráð fyrir því, að skilyrðin hafi verið þannig, að flugskyggni hafi verið a.m.k. 5 km í aðfluginu, svo sem krafist er til sjónflugs í loftrými sem þessu, verður að telja víst að í lok aðflugsins hafi flugskyggnið farið niður fyrir þau mörk. Flugstjórinn hélt áfram aðfluginu til lendingar, þrátt fyrir að aðstæður gerðu honum ókleift að sjá flugbrautina í lendingunni. Telja verður að flugstjórinn hefði átt að hætta við aðflugið, hverfa frá og halda t.d. til Akureyrar.“

Við aðalmeðferð málsins staðfesti annar höfunda skýrslunnar, Karl Eiríksson, formaður flugslysanefndar, gerð og efni hennar. Skúli Jón Sigurðarson, framkvæmdastjóri flugslysarannsóknarsviðs flugslysanefndar, var forfallaður vegna veikinda, en yfirmaður hans, Grétar Hreinn Óskarsson, framkvæmdastjóri Loftferðaeftirlitsins, staðfesti að hann hefði sent skýrsluna réttbærum yfirvöldum athugasemdalaust með tíðkanlegum hætti.

Ákærði, Baldur Þorsteinsson flugstjóri, var fyrst yfirheyrður um málsatvik af rannsóknarlögreglunni á Akureyri þann 16. febrúar 1993. Ákærði hafði þá réttarstöðu sakaðs manns, og var gætt viðeigandi réttarfarsákvæða. Áður hafði ákærði látið frá sér fara athugasemdir við skýrslu flugslysanefndar, sbr. dskj. nr. 23 og 24, og staðfesti hann þær fyrir dómi. Í nefndri yfirheyrslu svo og fyrir dómi greindi ákærði frá leiguflugi flugvélarinnar TF-JME og staðfesti m.a. þær tímasetningar sem vikið var að í skýrslu flugslysanefndar. Þannig kvaðst hann við flugtak í Reykjavík kl. 21.16 hafa áætlað flugtíma til Ólafsfjarðar 70 mínútur og bar að í þeirri áætlun hefði ekki verið tekinn með tími til yfirflugs og lendingar. Ákærði kvað flugheimild hafa fengist samkvæmt innlagðri flugáætlun að radíóvitanum við Botn syðst í Eyjafirði. Er flugvél hans var komin í fulla flughæð eftir flugtakið kvað ákærði nokkurn mótvind hafa verið á norðaustan, sem hann hafði ekki reiknað með. Vegna þessa svo og góðrar skýjahæðar í Eyjafirði kvaðst ákærði hafa fengið heimild til að stytta flugleiðina og fljúga að radíóvitanum við Hjalteyri norðan Akureyrar. Þá kvaðst ákærði í 5800 fetum 4 sjómílur suðvestur af Hjalteyri hafa lokið blindflugi og í framhaldi af því lækkað flugið norður Eyjafjörð.

Ákærði bar, að skyggni hefði verið gott og veður úrkomulaust. Hann kvaðst því hafa flogið inn í Ólafsfjörðinn í því skyni að kanna aðstæður við flugvöllinn, þ.á m. vindstyrk, og vísaði til þess, að völlurinn væri ljós- og gæslulaus. Þar hafi og mátt búast við alls konar umferð, þ.e. gangandi, ríðandi og akandi. Hann kvaðst hafa flogið yfir endilangan flugvöllinn í um 500 feta hæð og greinilega séð flugbrautina, þ.á m. belgjaröðina í jöðrum og hornum hennar. Hann kvað flugbrautina hafa skorið sig frá öðru í umhverfinu þar sem hún hafi verið ljós tilsýndar miðað við mosa og grasi vaxið umhverfið.

Ákærði greindi frá því, að yfirflug hans hefði tekið um 8-10 mínútur. Hann kvað flugvélina ekki hafa lent í rigningu, en kvaðst þó hafa séð rigningarskúr innar í firðinum. Þá kvað hann skýjahæð við flugvöllinn hafa verið nálægt 4000 fetum og skýjabotnar ekki gert annað en að rétt snerta fjallatinda. Þá hafi skyggni leyft sjónflug til lendingar á flugbrautinni. Vegna þessara aðstæðna kvaðst ákærði ekki hafa óskað eftir aðstoð við að lýsa upp flugbrautina, en flogið í þess stað aftur út fjörðinn, tilkynnt flugumferðarstjórn á Akureyri að allt væri með felldu og að hann ætlaði að lenda á Ólafsfjarðarflugvelli.

Ákærði vísaði til þess að hann væri þaulkunnugur aðstæðum í Ólafsfirði og kvaðst því samkvæmt venju hafa flogið í um 500 feta hæð með austurhlíðinni og beygt vestur yfir Ólafsfjarðarvatn við minkabúið á Burstarbrekkueyri. Ákærði tók fram, að hann hefði ekki haft útsýn til flugvallarins við upphaf beygjunnar vegna stöðu sinnar í flugstjórnarklefanum og því notað tilgreinda viðmiðun á jörðu niðri. Ákærði greindi frá því, að beygjan vestur yfir fjörðinn og að flugbrautinni væri samfelld í 180° og þannig væri komið beint inn á lokastefnu til norðurs í u.þ.b. 500-700 m fjarlægð frá syðri flugbrautarendanum. Ákærði bar að við þessar aðstæður væri innan við hálfrar mínútu flug til lendingar. Ákærði greindi frá því að fyrir lokaaðflug hans til lendingar hefði hann haft fjarskiptasamband við flugturninn á Ólafsfirði og fengið upp gefna vindstefnu og vindstyrk. Þá greindi ákærði og frá því að í flugi hans með austurhlíðinni hefðu byrjað að falla rigningardropar, er hafi breyst í hreina rigningu er flugvélin var komin í lokastefnu á flugbrautina. Hann kvaðst því auk lendingarljósa hafa notað rúðuþurrkur. Samhliða þessu kvað hann dagsbirtuna hafa farið ört dvínandi.

Ákærði kvaðst ekki hafa þurft að leiðrétta stefnu flugvélarinnar er hún kom úr beygjunni og í lokastefnu á fyrirhugað lendingarsvæði. Ákærði kvaðst þannig ávallt hafa miðað við að lenda flugvélinni á ljósa svæðið, sem var fram undan vélinni, líkt og flugbrautin hefði birst honum í yfirfluginu nokkrum mínútum áður. Hann kvaðst því ekki hafa litið til lóðabelgja við flugbrautina í lendingunni. Að áliti ákærða var ekkert athugavert við lendingu flugvélarinnar og m.a. hefði flughraði yfir brautarenda verið um 90 hnútar. Ákærði kvaðst þó hafa velt vöngum yfir því í brautarbruninu að völlurinn hefði virst heldur ósléttari en hann hafði búist við. Þrátt fyrir það kvaðst ákærði ekki hafa áttað sig á villunni fyrr en augnabliki áður en flugvélin rann út í mýrarvilpuna og að mati hans var þá varhugavert að grípa til sérstakra ráðstafana.

Ákærði staðfesti að allir farþegarnir hefðu af sjálfsdáðum farið út úr flugvélinni er hún stöðvaðist. Þá kvaðst hann þegar hafa tilkynnt flugstjórn á Akureyri um slysið, en lögregla hafi komið fljótt á vettvang.

Í máli þessu er upplýst að ákærði er handhafi skírteinis í atvinnuflugi, I. flokki, útg. 1. mars 1978. Heildarflugtími hans á flugvél, þegar slysið varð, var 13300 klst, þar af voru rúmlega 3000 klst á DHC-6. Flugtími hans síðustu 3 mánuði fyrir slysið var 170 klst, þar af voru 103 klst á þessa tegund flugvéla.

Ákærði stóðst síðast hæfnispróf hinn 17. mars 1992, en síðasta síþjálfun á DHC-6 á vegum Flugfélags Norðurlands var bóklegt námskeið 21. janúar 1992 og flug með eftirlitsflugstjóra hinn 15. janúar 1992 og 25. apríl 1992.

Hann stóðst síðast 1. flokks heilbrigðisskoðun hinn 22. júlí 1992 hjá trúnaðarlækni Flugmálastjórnar í Reykjavík, sem er augnlæknir.

Loftferðaeftirlit Flugmálastjórnar dró flugréttindi ákærða til baka eftir slysið og jafnframt var hann tekinn af flugskrá hjá Flugfélagi Norðurlands. Eftir að ákærði stóðst hæfnispróf/þjálfun Flugmálastjórnar hóf hann störf að nýju.

Framburður vitna.

Karl Jónsson aðstoðarflugmaður, fæddur 1970, bar á sama veg og ákærði um flug TF-JME frá Reykjavík til Ólafsfjarðar, þ.á m. um tímasetningar og flugleið. Í könnunarflugi yfir flugvöllinn í Ólafsfirði kvaðst vitnið hafa séð útlínur flugvallarins, er hefðu verið ljósari tilsýndar en umhverfið í kring. Enn fremur kvaðst vitnið hafa séð grilla í lóðabelgina við völlinn. Vitnið kvað aðstæður til sjónflugs hafa verið fyrir hendi og því hafi verið tekin ákvörðun um að lenda á flugvellinum. Að mati vitnisins var aðflugið að flugvellinum með venjubundnum hætti, og þ.á m. taldi vitnið sig allan þann tíma hafa fylgst með ljósa svæðinu, sem lent var á og síðar kom í ljós að var öryggissvæðið austan flugvallarins. Vitnið tók fam, að í aðfluginu hefði byrjað að rigna og að rigningin hefði verið samfelld, er flugvélin kom á lokastefnu til lendingar. Vegna rigningarinnar kvað vitnið útlínur flugvallarins ekki hafa verið eins skýrar og áður og skyggni enn fremur eitthvað breyst. Þrátt fyrir þessar aðstæður fullyrti vitnið að skilyrði til sjónflugs hefðu aldrei farið niður fyrir sett mörk, og vísaði vitnið til þess, að hann hefði ætíð haft lendingarsvæðið í sjónmáli. Vitnið vísaði og til þess að skyggni eða útsýni út um glugga flugvélarinnar hefði minnkað, er flugvélin var komin niður undir jörð, þar sem þá hefði perlað af rigningardropunum og ljós endurkastast á glugga flugvélarinnar.

Vitnið kvaðst oft áður hafa lent á Ólafsfjarðarflugvelli og fullyrti að allt aðflugið, bein lokastefna og loks mjúk lending hefði komið honum kunnuglega fyrir sjónir. Í stuttu brautarbruni eftir lendinguna kvaðst vitnið þó fljótlega hafa áttað sig á því, að flugvélin var ekki á flugvellinum, m.a. vegna svolítið meiri titrings en hann átti að venjast.

Samkvæmt skýrslu flugslysanefndar er vitnið Karl Jónsson handhafi skírteinis atvinnuflugmanns í III. flokki, útg. 14. maí 1992. Þá er hann einnig handhafi gildra blindflugsréttinda. Hann hlaut réttindi aðstoðarflugmanns á DHC-6 eftir hæfnispróf hjá Flugfélagi Norðurlands hinn 10. júní 1992. Flugtími hans, þegar slysið varð, var alls 366:12 flugstundir, þar af voru samtals 160:06 klst á DHC-6.

Vitnið Þórgunnur Rögnvaldsdóttir, fædd 1936, fyrrverandi flugvallarvörður, kvaðst vegna fyrirspurna aðstandenda farþega í flugvélinni TF-JME hafa farið frá heimili sínu ásamt eiginmanni, Ármanni Þórðarsyni, í flugturninn við Ólafsfjarðarflugvöll um kl. 22.30 hinn 18. ágúst 1992. Vitnið kvaðst þá hafa heyrt í flugvélinni og ekki gætt sérstaklega að staðsetningu hennar, en í þess stað haft fjarskiptasamband við flugstjórann, ákærða í máli þessu. Vitnið kvað ákærða hafa greint frá því, að hann hefði lokið yfirflugi yfir flugbrautina og jafnframt að hann hefði séð flugbrautina ágætlega. Vitnið tók fram að hún hefði ekki haft aðstöðu til að fylgjast með flugi flugvélarinnar úr flugvallarturninum. Vitnið kvaðst hafa tilkynnt ákærða um vindtölur, 2-3 hnútar, 60°. Vitnið bar, að veður hefði verið úrkomulaust, rökkvað, en þó björt rönd út til hafsins. Vitnið skýrði frá því, að byrjað hefði að rigna eftir að hún kom inn í flugturninn. Vitnið kvaðst hafa kallað til ákærða viðvörunarorð, er hún heyrði eiginmann sinn greina frá því, að flugvélin væri ekki í stefnu á flugbrautina, en taldi að orð hennar hefðu komist til skila of seint. Kvaðst vitnið álíta að flugvélin hefði farið norður af öryggissvæðinu, er klukkan í flugturninum var 22.37. Vitnið staðfesti, að gulleit sina hefði verið á öryggissvæðinu í greint sinn.

Vitnið Ármann Þórðarson, fæddur 1929, kvaðst hafa verið fyrir utan flugvallarturninn í Ólafsfirði og fylgst með aðflugi og lendingu TF-JME, allt frá því að hún flaug inn fjörðinn yfir kaupstaðnum og beygði til vesturs við Burstarbrekku, en að mati hans var flugleiðin nákvæmlega hin sama og vant var. Vitnið kvaðst einungis nokkrum sekúndum fyrir lendingu flugvélarinnar hafa séð að lokastefna hennar var aðeins til hliðar við flugbrautina. Vitnið kvað flugvélina að öðru leyti hafa lent eðlilega og þ.á m. haldið hárréttri stefnu. Loks kvaðst vitnið hafa fylgst með því er flugvélin fór fram af ófullgerðu öryggissvæði og út í mýrlendi. Vitnið tók fram að hann hefði séð búk flugvélarinnar í aðfluginu, en lendingarljós hennar á lokastefnunni. Að mati vitnisins var farið að bregða birtu, dimma, er atburður þessi gerðist. Þá kvað vitnið dimmt rigningarský hafa verið innarlega í firðinum, en þoka eða ský þó ekki skyggt á fjöllin. Vitnið bar, að rigning hefði verið byrjuð við völlinn áður en flugvélin lenti á öryggissvæðinu. Vitnið bar, að áhrif rigningarinnar hefðu verið þau, að þurr malarflugvöllurinn hefði dökknað snögglega, en uppþornaður grashýjungurinn á öryggissvæðinu haldið ljósum lit eftir sem áður. Vitnið skýrði loks frá því, að flugvöllurinn í Ólafsfirði hefði ekki verið girtur af og kvað búfénað á stundum hafa verið að þvælast á vellinum.

Eins og áður var rakið voru 18 farþegar í flugvélinni TF-JME í greint sinn og sakaði engan þeirra. Við aðalmeðferð málsins voru fjórir farþeganna kvaddir til vitnisburðar.

Vitnið Gunnlaugur Sigursveinsson, fæddur 1968, kvaðst lítið hafa séð út um hliðarrúður í farþegarými flugvélarinnar í yfirfluginu yfir Ólafsfirði. Hann kvaðst ekki sérstaklega hafa gætt að flugbrautinni eða öðrum kennileitum á jörðu niðri fyrir lendinguna. Að mati hans lenti flugvélin mjúklega og eðlilega, og þrátt fyrir að brautin hefði virkað óslétt, kvaðst hann ekki hafa áttað sig á villunni fyrr en skömmu áður en flugvélin fór fram af öryggissvæðinu. Að mati hans var myrkur á vettvangi er hann kom út úr flugvélinni eftir slysið.

Vitnið Halldór Guðmundsson, fæddur 1961, bar, að ljóstýra hefði verið í farþegarými flugvélarinnar. Hann kvaðst ekki hafa séð út um glugga flugvélarinnar fyrr en eftir lendinguna og taldi í fyrstu að vélin hefði lent á flugvellinum, m.a. vegna lóðabelgja, er hann sá skjótast fram hjá hliðarrúðunni.

Vitnið Þorvaldur Jónsson, fæddur 1964, kvaðst hafa veitt því athygli að töluvert bjart var á að líta í átt að Grímsey er þeir flugu venjubundna flugleið inn Ólafsfjörðinn. Að mati hans var lending vélarinnar á flugvellinum í Ólafsfirði góð, brautarbrun vélarinnar eðlilegt, en brautin þó virkað nokkuð óslétt. Hann kvaðst því ekki hafa haft áhyggjur fyrr en flugvélin fór út af öryggissvæðinu.

Vitnið Friðrik Einarsson, fæddur 1968, kvaðst fyrir lendingu TF-JME hafa greint út um hliðarrúður mismun á milli gróðurs og annars jarðvegs, þrátt fyrir það að ljóstýra hefði verið í farþegarýminu. Hann kvaðst hafa áttað sig á því þegar eftir lendinguna vegna hristings, að flugvélin hafði lent utan flugbrautarinnar.

Við aðalmeðferð málsins komu og fyrir dóm vitnin Hallgrímur Jónsson, flugmaður, formaður öryggisnefndar Félags íslenskra atvinnuflugmanna, og dr. Eiríkur Örn Árnason sálfræðingur.

Undir rekstri málsins könnuðu dómendur aðstæður við Ólafsfjarðarflugvöll.

Niðurstaða.

Í máli þessu hefur ákærði, Baldur Þorsteinsson flugstjóri, staðfastlega haldið því fram að í lokastefnu til lendingar hafi sjónflugsskilyrði, þ.á m. skyggni, verið fullnægjandi samkvæmt gildandi sjónflugsreglum þrátt fyrir vaxandi rigningu og ört dvínandi dagsbirtu. Erfið birtuskilyrði og skyndileg litabrigði við lendingarsvæðið hafi á hinn bóginn villt honum sýn með þeim afleiðingum sem lýst er í ákæruskjali. Framangreind staðhæfing ákærða þykir hafa nokkra stoð í framburði vitna, sérstaklega vitnisins Ármanns Þórðarsonar.

Það er upplýst að ákærði lenti flugvélinni TF-JME austan flugbrautarinnar í Ólafsfirði kl. 22.37 á malaruppfyllingu, sem nefnd var öryggissvæði, en var ófullgert. Var ákærði þannig innan þeirra tímamarka er takmörkuðu notkun flugvallarins samkvæmt þágildandi reglum Flugmálastjórnar. Enn fremur er upplýst að áður en ákærði hóf aðflug til lendingar fylgdi hann leiðbeiningum Flugmálastjórnar frá 16. desember 1991 um að fljúga könnunarflug yfir lendingarsvæðið.

Þegar framangreind atriði eru virt í heild og litið til þess að á lokastefnu virðist hnighraði, aðflugshraði og lendingarmark flugvélarinnar TF-JME eftir atvikum hafa verið með eðlilegum hætti og einnig beint brautarbrun vélarinnar eftir lendinguna, þá er það mat dómsins að ákærði hafi við stjórntök flugvélarinnar eigi sýnt slíkt aðgæsluleysi að háttsemi hans varði við þau lagaákvæði, sem tilgreind eru í ákæruskjali ríkissaksóknara. Ber því að sýkna ákærða af refsikröfu ákæruvaldsins og leggja allan sakarkostnað á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Jóns Kr. Sólnes hæstaréttarlögmanns, kr. 85.000,00 og saksóknarlaun skipaðs sækjanda, Jónatans Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 85.000,00.

Dómsorð:

Ákærði, Baldur Þorsteinsson, skal vera sýkn af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Allur sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Jóns Kr. Sólnes hæstaréttarlögmanns, kr. 85.000,00, og saksóknarlaun skipaðs sækjanda, Jónatans Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, kr 85.000,00, greiðist úr ríkissjóði.

Föstudaginn 29. apríl 1994.

Nr. 171/1994. **Snorri Ólafsson**
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Gylfa Gunnarssyni
(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)

Kærumál. Frávísunarúrskurður felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 21. mars 1994, sem barst réttinum með kærumálsgögnum 15. þessa mánaðar. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr., sbr. c-lið 2. mgr., 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Eins og frá er greint í hinum kærða úrskurði, byggir sóknaraðili málatilbúnað sinn á því, að umdeild viðskipti hafi verið milli einkafyrirtækis hans, Bakkalax, og einkafyrirtækis varnaraðila, Mánalax, en ekki hlutafélagsins Bakkalax og Mánalax, svo sem á var byggt af hans hálfu í fyrri málarekstri.

Héraðsdómari reisir úrskurð sinn um frávísun málsins ex officio á því, að ekki sé unnt að sjá, á milli hverra viðskiptin áttu sér stað. Sóknaraðili hefur fengið tækifæri til þess að varpa ljósi á þessi viðskipti fyrir sitt leyti með nýjum gögnum, aðilaskýrslu og vitnaleiðslu. Þá hefur hann leitast við að skýra breyttan málatilbúnað sinn um hlut framangreindra fyrirtækja sinna í viðskiptunum, og fyrir liggur framsal á stefnukröfum málsins frá Bakkalaxi hf. til sóknaraðila persónulega, dags. 23. ágúst 1990. Við svo búið og með hliðsjón af öðrum gögnum málsins eru skilyrði til þess, að héraðsdómari taki efnislega afstöðu til málatilbúnaðar aðila. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið upp að nýju til löglegrar meðferðar.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og ber héraðsdómara að taka mál þetta upp að nýju til löglegrar meðferðar.

Úrskurður Héraðsdóms Austurlands 3. mars 1994.

Ár 1994, fimmtudaginn 3. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Austurlands, sem háð er í dómsalnum að Lyngási 15, Egilsstöðum, af Ólafi Berki Þorvaldssyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður í málinu nr. E-12/1992: Snorri Ólafsson gegn Gylfa Gunnarssyni.

Málið var þingfest á bæjarþingi Neskaupstaðar þann 14. maí 1992, en dómtekið í Héraðsdómi Austurlands þann 10. febrúar sl.

I. Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda, Snorra Ólafssonar, Stekkholti 10, Selfossi, kt. 290844-4289, eru þær, að stefndi, Gylfi Gunnarsson, Strandgötu 62, Neskaupstað, kt. 270740-2789, verði dæmdur til að greiða stefnanda „skuld að fjárhæð kr. 4.534.301,00 auk [nánar tilgreindra vaxta og málskostnaðar].“

Í greinargerð krafðist stefndi aðallega frávísunar málsins, en til vara sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi yrði dæmdur til að greiða sér málskostnað að viðbættum virðisaukaskatti.

II. Um rekstur málsins.

– – –

III. Málavextir.

Stefnandi gerir þannig grein fyrir málavöxtum, að hann hafi höfðað mál á hendur stefnda vegna sama sakarefnis með stefnu, út gefinni 13. júní 1991, og hafi það mál verið þingfest á bæjarþingi Neskaupstaðar 27. júní 1991, en málinu vísað frá með dómi þann 19. nóvember 1991, sem staðfestur hafi verið með dómi Hæstaréttar Íslands þann 7. febrúar 1992.

Helstu atvik málsins kveður stefnandi vera þau, að þann 16. september 1987 hafi orðið samkomulag um að einkafirma stefnda, Mánalax, keypti laxaseiði af einkafirma stefnanda, Bakkalaxi. Stefnandi kveður að á árinu 1987 hafi stefnandi fyrir hönd einkafirma síns, Bakkalax, og stefndi fyrir hönd einkafirma hans, Mánalax, átt í viðskiptum með laxaseiði, sem stefnandi hafi haft í geymslu hjá fiskeldisfélaginu Strönd hf. í Hvalfirði. Stefnandi kveður samkomulag hafa verið gert um að stefndi keypti af honum um það bil 28.000 laxaseiði og allt það magn hefði verið afhent í fyrri hluta október 1987. Þann 16. september 1987 hafi 8.436 seiði verið afhent stefnda, sem flutt hafi þau til Neskaupstaðar, en um það bil 20.000 seiði hafi verið flutt á vegum stefnda til áframhaldandi eldis í sjókvíum við bæinn Ferstiklu í Hvalfirði í fyrri hluta októbermánaðar. Stefnandi heldur því fram að umsamið kaupverð fyrir seiðin hafi verið krónur 2.000.000,00. Til tryggingar greiðslum hafi stefndi sent stefnanda veðskuldabréf, út gefið til handhafa af stefnda og Ásdísi Hannibalsdóttur f.h. Steypusölunnar hf. Skuldabréfið hafi upphaflega verið að fjárhæð kr. 2.000.000,00 og skyldi greiðast þann 10. janúar 1989. Það skyldi tryggt með lánskjaravísitölu og bera hæstu vexti skuldabréfa Landsbanka Íslands á hverjum tíma frá útgáfudegi. Stefnandi kveðst hafa framselt Landsbankanum á Selfossi skuldabréfið, en þurft að leysa það til sín á ný þann 23. ágúst 1991 þar sem ekkert hafi verið greitt af bréfinu. Innlausnarverð skuldabréfsins sé stefnufjárhæð máls þessa, kr. 4.534.301,00.

Í fram lagðri greinargerð hefur stefndi lýst málavöxtum svo, að hann hafi átt í samningaviðræðum við Bakkalax hf., en ekki stefnanda, um viðskipti og hugsanlegt samstarf um fiskeldi á árinu 1987, nema hvað stefnandi hafi verið fyrirsvarsmaður Bakkalax hf. Stefndi kveður samning aðila aldrei hafa orðið að veruleika og sú skuld, sem stefnt sé út af í máli þessu, því aldrei orðið til. Stefndi heldur því fram að þrír aðilar hafi ætlað að standa sameiginlega að eldi seiða í Hvalfirði, þar sem Bakkalax hf. legði fram seiðin, stefndi legði fram fóður, kvíar og net og Vífill Búason bóndi, Ferstiklu, legði fram vinnu við fóðrun. Sú samvinna hafi þó aldrei komist nema á frumstig, þar sem ís hefði eyðilagt kvíarnar og seiðin ýmist sloppið eða drepist vegna óvenjumikils sjávarkulda. Stefndi mótmælir því sérstaklega að hafa keypt seiði af stefnanda eða veitt þeim viðtöku.

– – –

Niðurstöður.

– – –

Samkvæmt ljósriti af stofnsamningi og ljósriti af stofnfundargerð, sem stefndi hefur lagt fram, var Bakkalax hf. stofnað um sams konar rekstur og einkafirma stefnanda, Bakkalax, hafði stundað, þann 22. desember 1986, en ekki ári síðar eins og stefnandi upphaflega hélt fram í greinargerð. Viðskiptin áttu sér því stað eftir að hlutafélagið Bakkalax var stofnað. Samkvæmt framburði stefnanda fyrir dómi og nefndum gögnum varðandi Bakkalax hf. átti stefnandi 45% hlutafjár í Bakkalaxi hf., kona stefnanda 35% og sonur 10%, en tveir aðrir aðilar 5% hvor. Stefnandi var sjálfur framkvæmdastjóri hlutafélagsins. Fyrirtækið hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta, en ekki er upplýst hvort þeim skiptum sé lokið. Í málatilbúnaði stefnanda byggir hann á því, að hann persónulega sem einkaeigandi Bakkalax hafi átt í viðskiptum við stefnda um umrædd seiðakaup og Bakkalax hf. hvergi komið þar nálægt. Hins vegar hefur stefnandi lagt fram í málinu ýmis gögn, sbr. hér að framan, sem leiða frekar líkur að því að Bakkalax hf. hafi átt í viðskiptunum, svo sem áritun á títtnefnt veðskuldabréf, innheimtubréf lögmanns stefnanda, dagsett 24. ágúst 1990, og framsalið frá 23. ágúst 1990 frá Bakkalaxi hf. varðandi kröfuna. Ekki verður þó séð af skriflegri sókn stefnanda og skýrslu fyrir dómi, að stefnandi byggi á þeirri málsástæðu í þessu máli, að Bakkalax hf. hafi átt í viðskiptunum, eins og hann hélt fram í hinu fyrra máli fyrir bæjarþingi Neskaupstaðar vegna sömu lögskipta og jafnvel megi skilja af orðum í stefnu. Gögn málsins og fullyrðingar stefnanda eru því misvísandi um, við hvern stefndi átti viðskipti, og gegn mótmælum stefnda hefur stefnanda ekki heldur með vitnaleiðslum tekist að sýna fram á hvert hafi verið efni samkomulagsins að þessu leyti, þ.e. hverjir hafi verið aðilar samkomulagsins. Þá hefur stefnandi byggt á því að fram lagt veðskuldabréf sé ekki greiðsla, heldur einungis trygging fyrir greiðslum, en stefnandi hefur ekki krafist greiðslu gegn afhendingu þeirrar tryggingar.

Samkvæmt framansögðu er ekki mögulegt að sjá, á milli hverra viðskiptin áttu sér stað. Eins og málatilbúnaður stefnanda er, verður ekki unnt að leggja efnisdóm á málið og ber því að vísa því frá dómi ex officio.

Málskostnaður úrskurðast ekki.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 29. apríl 1994.

Nr. 172/1994. **Jónas Bjarnason**
(Jóhanna Tryggvadóttir)
gegn
Ríkisútvarpinu og
Lífeyrissjóði verslunarmanna
(sjálfir)

Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi. Nauðungarsala. Vítur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu með kæru 31. mars 1994. Samkvæmt upplýsingum héraðsdómara barst kæran í tæka tíð samkvæmt 144. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Í greinargerð eiginkonu sóknaraðila, Jóhönnu Tryggvadóttur, sem fer með mál þetta samkvæmt umboði hans, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur, eru gerðar þessar kröfur: „. . .að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að Hæstiréttur dæmi, að stefnda fyrir Hæstarétti Ríkisútvarp-Sjónvarp sé óheimilt að selja eignarhluta kæranda í Klapparstíg 25-27 í Reykjavík á nauðungarsölu. . . . Meðan ekki liggja fyrir niðurstöður úr opinberri rannsókn á skipan og starfsháttum Hæstaréttar, sbr. réttarskjal -G-, er krafist, að Hæstiréttur taki mál þetta ekki til umfjöllunar eða dóms.“ Sóknaraðili krefst og málskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Dómskjal G, sem sóknaraðili vísar til í kröfugerð sinni, er máli þessu óviðkomandi, og eru engin efni til að sinna kröfu sóknaraðila vegna þess.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Dæma ber sóknaraðila til að greiða varnaraðilum kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Kæra máls þessa er með öllu ófyrirsynju. Meginhluti þeirra gagna og málsástæðna, sem sóknaraðili ber fyrir sig, varðar í engu það mál, sem hér er til úrlausnar. Er þessi málatilbúnaður stórlega vítaverður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Jónas Bjarnason, greiði varnaraðilum, Ríkisútvarpi og Lífeyrissjóði verslunarmanna, hvorum um sig, 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 18. mars 1994.

Með bréfi, dagsettu 22. febrúar sl., sem móttekið var af dóminum 24. s.m., leitaði Jóhanna Tryggvadóttir f.h. Jónasar Bjarnasonar úrskurðar héraðsdómara vegna synjunar sýslumannsins í Reykjavík um að taka ekki til greina mótmæli hennar gegn „þingfestingu" nauðungarsölu á fasteigninni Klapparstíg 25, 3. hæð, Reykjavík. Krafðist hún þess, að framangreind ákvörðun yrði felld úr gildi.

Skilja verður kæruna svo, að þess sé krafist, að synjun um fyrstu fyrirtöku uppboðsmáls verði felld úr gildi.

Þann 27. janúar sl. var tekið fyrir hjá sýslumannsembættinu í Reykjavík að byrja nauðungarsölumeðferð á Klapparstíg 25, hluta, Reykjavík, gerðarþoli Jónas Bjarnason.

Af hálfu gerðarþola mætti eiginkona hans, Jóhanna Tryggvadóttir, og mótmælti því að uppboðið færi fram, en gerðarbeiðendur voru Ríkisútvarpið og Lífeyrissjóður verslunarmanna. Mótmæli þessi voru ekki tekin til greina og var ákveðið að uppboðið byrjaði á eigninni á skrifstofu sýslumanns þriðjudaginn 12. apríl nk. kl. 13.30. Lýsti Jóhanna Tryggvadóttir þá yfir því að hún áskildi sér rétt til að skjóta ákvörðun sýslumanns til héraðsdóms.

Þröng heimild til að kæra framanlýsta ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík til héraðsdóms er í 22. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Í 4. mgr. tilvitnaðrar lagagreinar kemur fram að aðrir en gerðarbeiðendur geti ekki skotið slíkri ákvörðun til héraðsdóms nema með samþykki gerðarbeiðanda. Í gögnum málsins er ekki að finna neitt skjal er sýni að slíkt samþykki liggi fyrir í málinu. Þegar framanritað er virt verður ekki hjá því komist með vísan til 1. mgr. 74. gr. laga nr. 90/1991 að vísa málinu frá dómi.

Júlíus B. Georgsson, fulltrúi dómstjóra, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kæru Jónasar Bjarnasonar vegna þeirrar ákvörðunar sýslumannsins í Reykjavík að taka ekki til greina mótmæli hans gegn því að byrja uppboð á Klapparstíg 25, hluta, Reykjavík, er vísað frá dómi.

Föstudaginn 29. apríl 1994.

Nr. 173/1994. **Kaupþing hf. og**
Landsbanki Íslands
(Friðjón Örn Friðjónsson hrl.)
gegn
Rannveigu Sveinsdóttur
(Kristján Stefánsson hrl.)

Kærumál. Útburðargerð. Aðför.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með ódagsettri kæru, sem barst réttinum 18. apríl 1994. Kæruheimild er í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 1. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991. Þeir krefjast þess, að hinum kærða úrskurði verði hnekkt og varnaraðili verði „ásamt öllu sem henni tilheyrir borin út úr efri hæð hússins nr. 24 við Baughús í Reykjavík með beinni aðfarargerð". Þá er krafist „málskostnaðar að mati dómsins, auk þess sem fjárnám verði heimilað fyrir kostnaði af væntanlegri gerð".

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur „að niðurstöðu til". Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Eins og lýst er í úrskurði héraðsdómara, keypti varnaraðili af sóknaraðilum 1. apríl 1993 framangreinda fasteign. Í kaupsamningnum er kveðið á um greiðslu kaupverðs við undirskrift og 1. maí 1993 auk yfirtöku veðskulda. Þá er þar skýrt ákvæði um, að kaupin gangi til baka, ef umsamin greiðsla 1. maí dregst fram yfir tvo mánuði. Óumdeilt er, að varnaraðili innti þá greiðslu hvorki af hendi á tilskildum tíma né síðar. Brigður eru ekki bornar á, að sóknaraðilar hafi að fullu staðið við sinn hluta kaupsamningsins, en varnaraðili hefur talið sig þurfa rýmri veðheimild en um var samið.

Með hliðsjón af framansögðu er réttur sóknaraðila á grundvelli kaupsamnings svo ótvíræður, að fullnægt er lagaskilyrðum fyrir útburði samkvæmt 78. gr. laga nr. 90/1989, sbr. 83. gr. Í málinu er hins vegar ekki dæmt um skuldaskipti aðilanna. Verður hinn kærði úrskurður felldur úr gildi og fallist á kröfur sóknaraðila um aðför. Varnaraðili skal greiða sóknaraðilum málskostnað í héraði og kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir, en skilja verður kröfugerð sóknaraðila svo, að málskostnaðar sé krafist fyrir báðum dómstigum.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Umbeðin útburðargerð má fara fram.

Aðför er heimiluð fyrir kostnaði af gerðinni, ef til kemur.

Varnaraðili, Rannveig Sveinsdóttir, greiði sóknaraðilum, Kaupþingi hf. og Landsbanka Íslands, sameiginlega 60.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 25. mars 1994.

I.

Mál þetta, sem þingfest var 1. þ.m., var tekið til úrskurðar 21. þ.m. að loknum munnlegum málflutningi.

Gerðarbeiðendur eru Kaupþing hf., kt. 560882-0419, Kringlunni 5, Reykjavík, og Landsbanki Íslands, kt. 170169-3819, Austurstræti 11, Reykjavík, en gerðarþoli Rannveig Sveinsdóttir, kt. 140165-4769, Baughúsum 24, Reykjavík.

Dómkröfur gerðarbeiðanda eru, að gerðarþoli ásamt öllu, sem henni tilheyrir, verði borin út úr efri hæð hússins nr. 24 við Baughús í Reykjavík með beinni aðfarargerð. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins auk þess að fjárnám verði heimilað fyrir kostnaði af væntanlegri gerð. Gerð er krafa um að virðisaukaskattur falli á tildæmdan málskostnað.

Dómkröfur gerðarþola eru að synjað verði um framgang gerðarinnar og að gerðarbeiðendur verði in solidum dæmdir til greiðslu málskostnaðar og beri fjárhæðin dráttarvexti skv. ákv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. l. nr. 67/1989. Gerð er krafa um að virðisaukaskattur falli á tildæmdan málskostnað.

II.

Málavextir: Með kaupsamningi 1. apríl 1993 keypti gerðarþoli af gerðarbeiðendum fjögurra herbergja íbúð á efri hæð hússins nr. 24 við Baughús í Reykjavík ásamt bílskúr og öðru, sem fylgdi eignarhluta seljanda, sem taldist vera 61,7% allrar húseignarinnar að Baughúsum 24. Húseignin var í smíðum og var afhent gerðarþola í því ástandi, sem hún var „og kaupandi hefur kynnt sér rækilega við skoðun og sætt sig við að öllu leyti“. Eign þessa höfðu gerðarbeiðendur keypt á nauðungaruppboði 9. desember 1992 og fengið afsal sýslumanns 25. mars 1993.

Umsamið kaupverð var 8.500.000 krónur og skyldi greiðast þannig: við undirskrift kaupsamningsins 1.502.550 krónur með framseldum húsbréfum „4. fl. ’92, nafnverð kr. 1.500.000,- uppreikn. verð án affalla 06.01. ’93“, þann 1. maí 1993 í peningum 300.000 krónur, en 1.565.336 krónur með framseldum húsbréfum „miðað við staðgreiðsluverð á greiðsludegi (kaupandi ber afföll)“. Þá tók gerðarþoli að sér greiðslu „eftirtalinna áhvílandi veðskulda: – I. veðr. skuld við Byggsj. rík. útg. 06.12. ’90, upphafl. kr. 2.306.000,- 4 gr. á ári, fyrsta greiðsla kaupanda 01.05. ’93, vextir 4,9%, 151 gr. eftir, að eftirst. auk áfallinnar vísitöluhækkunar á söludegi . . . kr. 2.550.915,-. – I. veðr. skuld við Byggsj. rík. útg. 07.03. ’91, upphafl. kr. 2.373.000,- 4 gr. á ári, fyrsta greiðsla kaupanda 01.05 ’93, vextir 4,9%, 152 gr. eftir, að eftirst. auk áfallinnar vísitöluhækkunar á söludegi . . . kr. 2.581.199,-.“

Þann 20. júlí 1993 var færð til þinglýsingar hjá sýslumanni yfirlýsing gerðarbeiðanda um riftun, dags. 2. sama mánaðar. Þar er vísað orðrétt til eftirfarandi orða í kaupsamningi aðila: „Ef vanskil verða á greiðslum samkv. grl. 2. og 3. hér að framan greiðir kaupandi lögmæta dráttarvexti. Þá samþykkir kaupandi einnig að láta kaup þessi ganga til baka, án þess að krefjast endurgreiðslu af innborguðu fé, ef vanskil á framangreindum greiðslum fara 2 mánuði fram yfir framangr. gjalddaga.“ Með vísun til þessa ákvæðis tjáir skjalið kaupsamning aðila fallinn úr gildi.

Þann 11. nóvember 1993 birti stefnuvottur Sigurði Bárðarsyni, búsettum að Birtingakvísl 64, Reykjavík, framangreinda yfirlýsingu, en ekki er deilt um að hún komst þá til vitundar gerðarþola, enda var henni mótmælt með bréfi lögmanns gerðarþola, dags. 18. sama mánaðar.

III.

Af hálfu gerðarbeiðanda er haldið fram að gerðarþoli hafi aðeins greitt fyrstu greiðslu kaupsamningsins, 1.502.550 krónur. Frekari greiðslur hafi ekki borist frá gerðarþola. Því hafi samkvæmt ótvíræðri heimild í ákvæðum samningsins verið þinglýst yfirlýsingu um riftan hans 19. júlí 1993, en ekki hafði náðst að birta gerðarþola sjálfum þessa yfirlýsingu fyrr en 11. nóvember sama ár, vegna þess að gerðarþoli hafi ekki verið búsettur á tilkynntu heimilisfangi skv. þjóðskrá. Staðhæft er að þær hugsanlegu viðbætur, sem gerðarþoli hafi lagt til húsnæðinu að Baughúsum 24, skipti ekki máli í þessu sambandi enda falli óviss verðmæti þeirra undir endanlegt uppgjör aðila óháð því hverjum beri nú vörslur húsnæðisins. Af hálfu gerðarbeiðanda er mótmælt fullyrðingum gerðarþola um að gerðarbeiðandi hafi ekki staðið að öllu leyti við að veita þær veðheimildir, sem ráð hafi verið fyrir gert, en óskir gerðarþola hafi farið langt fram úr þeim 500.000 krónum vísitölutryggðum sem samningur aðila tiltaki. Vottorði Óskars Mikaelssonar fasteignasala um söluverðmæti eignarinnar frá 11. ágúst 1993, dskj. nr. 11, er mótmælt af hálfu gerðarbeiðanda sem þýðingarlausu fyrir úrslit þessa máls. Þá er því mótmælt að gerðarþoli hafi í raun verið tilbúinn að efna samning aðila „in natura" eins og haldið sé fram í bréfi lögmanns gerðarþola frá 18. nóvember 1993, enda hafi annað komið á daginn í viðræðum aðila.

Gerðarbeiðandi kveðst vísa til „meginreglna samninga – og kröfuréttar um skuldbindingargildi samninga og vanefndaáhrifa, sbr. t.d. ákvæði 1. mgr. 28. gr. kpl. um riftunarrétt vegna greiðsludráttar. Jafnframt er vísað til 78. gr. laga nr. 90/1989 um aðför".

Af hálfu gerðarþola er haldið fram að riftunaryfirlýsingu gerðarbeiðanda hafi verið mótmælt um leið og tilefni gafst en hún hafi fyrst verið kunngerð honum 11. nóvember 1993, það er að segja löngu eftir að ætla mátti að gripið væri til slíks úrræðis af hálfu gerðarbeiðanda fyrirvaralaust og án greiðsluáskorunar. En frá því að gerðarþoli tók við eigninni 1. apríl 1993 kveðst hann hafa lagt í kostnaðarsamar viðbætur á húsnæðinu, enda tekið við því rúmlega fokheldu. Viðskeyting hans við eignina nemi u.þ.b. 3.000.000 króna að verðmæti en eignin hafi verið verðmetin á 11.000.000 krónur 11. ágúst 1993. Þá er því haldið fram að það hafi verið meinbægni af gerðarbeiðendum að veita ekki þá veðheimild sem hefði dugað til að fá leyst út húsbréf, sem samkomulag hafi verið um að gerðarbeiðendur fengju greiðslu af, en forráðamönnum gerðarbeiðanda hafi mátt vera ljóst að greiðsla gerðarþola var háð þeim greiðslum, sem gerðarþoli fékk í formi húsbréfa við sölu fasteignar gerðarþola að Vatnsendabletti 38 í Kópavogi með kaupsamningi frá 7. mars 1993.

Gerðarþoli telur, að tómlæti gerðarbeiðanda, yfirgnæfandi hagsmunir gerðarþola fram yfir hagsmuni gerðarbeiðanda og umfangsmikil viðskeyting gerðarþola við hina seldu eign tálmi, að gerðarbeiðandi eigi rétt til að fá eignina með aðfarargerð án dóms eða réttarsáttar. Hann vísar til Hrd. 1976, 750 og 1982, 876, í þessu sambandi.

IV.

Gerðarþoli hefur mótmælt gildi yfirlýsingar gerðarbeiðanda um riftun og borið brigður á rétt gerðarbeiðanda til að láta kaup samkvæmt samningi aðila frá 1. apríl 1993 ganga til baka. Veigamikil atriði í lögskiptum aðila, sem ágreiningur er um, eru óupplýst og skortir umfjöllun. Við svo búið þykir réttur gerðarbeiðanda ekki svo ótvíræður, að skilyrði séu fyrir aðfarargerð samkvæmt 1. mgr. 78. gr. laga nr. 90/1989.

Eftir atvikum þykir rétt að hvor aðili um sig beri sinn málskostnað.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð:

Krafa gerðarbeiðanda um beina aðfarargerð er ekki tekin til greina.

Málskostnaður er ekki dæmdur.

Mánudaginn 2. maí 1994.

Nr. 205/1993. **Ágúst Guðmundsson og**
Guðrún Eiríksdóttir
gegn
Ingimundi Gíslasyni og
Ingunni Þóroddsdóttur
og gagnsök

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Ágúst Guðmundsson og Guðrún Eiríksdóttir, sem eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þau vilja fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði áfrýjendur stefndu, Ingimundi Gíslasyni og Ingunni Þóroddsdóttur, sem sótt hafa dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 8.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 2. maí 1994.

Nr. 193/1994. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Joseph Georg Adessa
(Guðmundur Ágústsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. A-liður 1. mgr. 103. gr. l. nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála með kæru 27. apríl 1994, sem barst Hæstarétti 29. sama mánaðar Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstími verði styttur. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Af hálfu sóknaraðila er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Rannsókn stendur yfir vegna átaka á mótum Hverfisgötu og Smiðjustígs í Reykjavík aðfaranótt 24. apríl sl., en alvarlegir líkamsáverkar hlutust í þeim. Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 24. apríl 1994.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Joseph Georg Adessa, atvinnulausum, kt. 190977–4639, Aðallandi 8, Reykjavík, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 5. maí nk. kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 2. mgr. 218. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

Kærði var handtekinn í nótt vegna grunar um aðild að hrottalegri líkamsárás síðastliðna nótt. Fjórir voru fluttir á slysadeild, einn handleggsbrotinn, annar með 13 brotnar tennur, þriðji með áverka í andliti, og fjórði kvartaði undan verkjum í kviði.

– – –

Brot það, er kærði er grunaður um að hafa framið, getur varðað fangelsisrefsingu skv. 2. mgr. 218. gr. laga nr. 19/1940.

Rannsóknarlögregla ríkisins vinnur nú að rannsókn á hrottalegri líkamsárás, sem kærði er grunaður um að hafa framið ásamt fleirum síðastliðna nótt og er rannsókn málsins á frumstigi. Veruleg hætta er á að kærði spilli sakargögnum, m.a. með því að hafa áhrif á hugsanlega samseka, grunaða eða vitni, haldi hann óskertu frelsi, en framburður kærða er í töluverðu ósamræmi við framburð annars kærða í málinu og vitna. Þykir því rétt með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 að taka kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins til greina og ákveða að kærði sæti gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 5. maí nk. kl. 16.00.

Halla Bachmann Ólafsdóttir, fulltrúi dómstjóra, kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kærði, Joseph Georg Adessa, sæti gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 5. maí 1994 kl. 16.00.

Fimmtudaginn 5. maí 1994.

Nr. 170/1994. **Jón Guðjónsson**
(Jóhann Þórðarson hrl.)
gegn
Stangaveiðifélagi Patreksfjarðar
Jóakim Arasyni
Jóhannesi Arasyni
Arnfríði Aradóttur
Elíasi Guðmundssyni
Bryndísi Guðmundsdóttur
Jóni Eggerti Hallssyni
Gunnsteini Gíslasyni og
Brynjólfi Þór Brynjólfssyni
(Agnar Gústafsson hrl. og
Knútur Bruun hrl.)

Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi. Landamerki.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 24. mars sl., sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 15. fyrra mánaðar. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Varnaraðilarnir Gunnsteinn Gíslason og Brynjólfur Þór Brynjólfsson hafa eigi látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti. Aðrir varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Annar kafli laga nr. 41/1919 um landamerki o.fl. var felldur úr gildi með 7. tölulið 6. gr. laga nr. 92/1991 um breyting á ýmsum lögum vegna aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Gilda nú 5. og 6. töluliðir þeirrar greinar um viðbætur við 6. gr. laga nr. 41/1919 um afskipti sýslumanna af ágreiningi um landamerki.

Í máli þessu deila aðilar eingöngu um landamerki jarða, en mörk milli stjórnsýsluumdæma eru ekki til skoðunar í málinu.

Að þessu athuguðu, en að öðru leyti með skírskotun til forsendna úrskurðar héraðsdóms ber að staðfesta hann um annað en málskostnað. Þar sem á þykir skorta, að stefndu hafi lagt sitt af mörkum til að gera mál þetta sem skýrast úr garði, er rétt, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Málskostnaður fellur niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Úrskurður Héraðsdóms Vestfjarða 14. mars 1994.

Ár 1994, mánudaginn 14. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Vestfjarða, sem háð er í dómsal embættisins að Hafnarstræti 1, Ísafirði, af Jónasi Jóhannssyni, héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður þessi í málinu nr. E-31/1993: Jón Guðjónsson gegn Stangaveiðifélagi Patreksfjarðar o.fl., sem tekið var til úrskurðar hinn 17. febrúar síðastliðinn að loknum munnlegum málflutningi um frávísunarkröfu stefndu.

I.

Málið höfðaði Jón Sigfús Sigurjónsson héraðsdómslögmaður fyrir hönd Jóns Guðjónssonar, kt. 110226-4039, Laugabóli, Nauteyrarhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu, með stefnu, út gefinni 3. febrúar 1993, á hendur Stangaveiðifélagi Patreksfjarðar, kt. 650592-2049, Urðargötu 26, Patreksfirði, eiganda jarðarinnar Fjarðarhorns, og Jóakim Arasyni [o.fl.], eigendum jarðarinnar Seljalands, báðum í Reykhólahreppi, Austur-Barðastrandarsýslu, til að fá staðfest með dómi, að kröfulína, merkt A á uppdrætti, teiknuðum af verkfræðistofunni Hnit hf., eftir loftljósmyndum frá 19. júlí 1991 (dómskjal nr. 3), marki rétt landamerki jarðanna Fjarðarhorns og Seljalands annars vegar og jarðarinnar Laugabóls hins vegar, þar sem lönd jarðanna liggja saman á Kollafjarðarheiði. Þá er í stefnu krafist málskostnaðar með dráttarvöxtum úr hendi stefndu auk virðisaukaskatts.

Stefndu Gunnsteinn Gíslason og Brynjólfur Þór Brynjólfsson hafa ekki sótt þing í málinu. Af hálfu annarra stefndu er haldið uppi vörnum. Hafa lögmenn þeirra, Knútur Bruun hæstaréttarlögmaður f.h. Jóakims Arasonar og Agnar Gústafsson hæstaréttarlögmaður f.h. annarra varnaraðila, krafist þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi [...].

Dómkröfur stefnanda í þessum þætti málsins eru þær, að frávísunarkröfunni verði hrundið og hliðsjón höfð af þessum þætti við ákvörðun málskostnaðar við efnismeðferð málsins. Komi hins vegar til frávísunar, verði málskostnaður látinn niður falla.

– – –

IV.

Samkvæmt 8. gr. landamerkjalaga skal héraðsdómari boða til dómþings, fái hann áreiðanlega vitneskju um, að ágreiningur, sem hann telur máli skipta, sé um landamerki jarða, og kveðja til deiluaðila. Á því dómþingi skulu aðilar lýsa kröfum sínum og skulu þær bókaðar. Leitar dómari síðan sátta með aðilum.

Eru áður rakin afskipti sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu af meðferð þessa máls, en sýslumaður var jafnframt dómari í héraði á þeim tíma er ágreiningur reis. Verður ekki ráðið af gögnum málsins, að hann hafi fært til bókar kröfur aðila áður en sáttameðferð lauk. Þykir málatilbúnaður aðila og kröfugerð bera þess glöggt vitni, en verulegs misskilnings virðist hafa gætt milli aðila um stærð og víðfeðmi umrædds þrætusvæðis allt til framlagningar greinargerða stefndu í málinu. Verður nú við það að miða, að ágreiningur sé um landamerki jarðarinnar Laugabóls annars vegar og jarðanna Fjarðarhorns og Seljalands hins vegar á því svæði öllu, þar sem jarðirnar liggja saman á Kollafjarðarheiði. Ber með hliðsjón af meginreglum landamerkjalaga að leysa úr þeim ágreiningi til hlítar, en við ákvörðun slíkrar merkjalínu í máli þessu þykir meðal annars skorta heildaruppdrátt af þrætusvæðinu, þar sem aðilar hafi markað á kröfulínur til sóknar og varnar. Verður ekki ráðin bót á þeim annmarka undir rekstri málsins, sbr. 95. gr. laga um meðferð einkamála.

Samkvæmt fram lögðum uppdráttum í málinu virðist nokkuð á reiki, hvar sýslumörk Ísafjarðarsýslu og Barðastrandarsýslu eru talin liggja á Kollafjarðarheiði. Á hinn bóginn er ágreiningslaust milli aðila, að merki jarðanna, sem hér er um að tefla, séu jafnframt sýslumörk og mörk milli Nauteyrarhrepps annars vegar og Reykhólahrepps hins vegar. Þar sem úrslit þessa máls kunna síðar að varða viðkomandi sveitarfélög og hafa áhrif á staðarmörk stjórnsýsluumdæmanna tveggja, þykir mega fallast á það með stefndu, að gefa hefði átt fyrirsvarsmönnum viðkomandi lögaðila kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í máli þessu eða gæta þar annars réttar síns. Þykja tilvitnuð ákvæði sveitarstjórnarlaga og laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði þar engu breyta, enda dómur í máli þessu ekki bindandi fyrir slíka lögaðila.

Vegna framangreindra annmarka á málsmeðferð verður ekki hjá því komist að vísa málinu frá héraðsdómi. Samkvæmt þeim úrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða eiganda jarðarinnar Fjarðarhorns, stefnda Stangaveiðifélagi Patreksfjarðar, krónur 100.000 í málskostnað og eigendum jarðarinnar Seljalands, þeim er tekið hafa til varna í málinu, sömu fjárhæð óskipt. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Það athugast, að sökum mikilla anna héraðsdómara við önnur embættisstörf hefur uppkvaðning úrskurðar þessa dregist umfram það sem venjulegt þykir.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá héraðsdómi.

Stefnandi, Jón Guðjónsson, greiði stefnda Stangaveiðifélagi Patreksfjarðar krónur 100.000 í málskostnað og stefndu Jóakim Arasyni, Jóhannesi Arasyni, Arnfríði Aradóttur, Elíasi Guðmundssyni, Bryndísi Guðmundsdóttur og Jóni Eggerti Hallssyni sömu fjárhæð óskipt.

Fimmtudaginn 5. maí 1994.

Nr. 129/1994. **Anna Einarsdóttir**
Jón B. Einarsson
Pétur Einarsson
Sigurður Harðarson
Anna Gísladóttir
Ásgerður Gísladóttir
Jón Gíslason og
Gunnhildur Friðþjófsdóttir
(Ólafur Sigurgeirsson hrl.)
gegn
Þorvaldi Björgvinssyni
(sjálfur)

Kærumál. Erfðaskrá. Arfleiðsluhæfi. Læknaráð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með kæru, sem barst réttinum 16. mars sl. Kæruheimild er í 133. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl. Þeir krefjast þess, að úrskurði héraðsdómara frá 21. febrúar sl. verði hrundið og þeim dæmdur málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður. Þá fara þeir fram á það, að Hæstiréttur hlutist til um, að Læknaráð gefi álit sitt á læknisvottorðum, sem fyrir liggja í málinu, hvort byggja megi á þeim, að Ása heitin Jónsdóttir hafi ekki verið nægilega heil heilsu andlega á þeim tíma, sem hún gerði erfðaskrá þá, sem um er deilt í málinu.

Varnaraðili hefur sent greinargerð til Hæstaréttar, sem verður að skilja á þann veg, að hann krefjist staðfestingar hins kærða úrskurðar. Þá mótmælir hann beiðni sóknaraðila um, að Læknaráð verði fengið til að gefa umsögn um fram lögð læknisvottorð.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt endurrit af vitnamáli, sem fram fór í Héraðsdómi Reykjavíkur 11. apríl sl., þar sem Ólöf Pálsdóttir bar um kynni sín af Ásu heitinni Jónsdóttur og samskipti þeirra daginn, sem Ása gerði hina umdeildu erfðaskrá.

I.

Málavöxtum er lýst í hinum kærða úrskurði. Þar eru rakin læknisvottorð, sem sóknaraðilar hafa lagt fram. Annað er vottorð heimilislæknis Ásu heitinnar, sem stundaði hana frá árinu 1987 þar til í nóvember 1992, er hún fluttist til Sauðárkróks. Hitt er vottorð geðlæknis á geðdeild Borgarspítalans, þar sem Ása var frá 27. október til 6. nóvember 1992. Læknir sá, sem stundaði Ásu, eftir að hún fluttist til Sauðárkróks, þar til hún andaðist, hefur ekki gefið vottorð um heilsufar hennar, en lýsti fyrir dómi, að hún hefði verið við sæmilega heilsu. Læknisvottorð þau, sem fyrir liggja í málinu, taka ekki mið af ástandi Ásu heitinnar Jónsdóttur á þeim tíma, sem hún undirritaði erfðaskrána, og verður ekki talið, að af þeim megi álykta um hæfi hennar á þeim tíma. Ekki verður séð, að umsögn Læknaráðs um vottorðin myndi hafa þýðingu um úrslit málsins. Er því hafnað beiðni sóknaraðila um að leggja málið til umsagnar Læknaráðs.

II.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður, en varnaraðili hefur ekki krafist hans.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 21. febrúar 1994.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 26. janúar 1994.

Sóknaraðili málsins er Þorvaldur Björgvinsson, kt. 080753-4549, Brautarási 15, Reykjavík.

Varnaraðilar eru Anna Einarsdóttir, kt. 280643-7349, Bergstaðastræti 56, Reykjavík, Sigurður Harðarson, kt. 200644-4419, Langagerði 86, Reykjavík, Anna Gísladóttir, kt. 070847-4349, Barmahlíð 31, Sauðárkróki, Ásgerður Gísladóttir, kt. 161044-2539, Hrísbrún, Mosfellsbæ, Gunnhildur Friðþjófsdóttir, kt. 301061-6689, Huldulandi 1, Reykjavík, Jón B. Einarsson, Haraldsvägen 3, Södertälje, Svíþjóð, Jón Gíslason, kt. 270359–3379, Stóra-Búrfelli, Blönduósi, og Pétur Einarsson, kt. 270846–3359, Nýjabæ, Garðabæ.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær að Héraðsdómur Reykjavíkur staðfesti gildi erfðaskrár sem Ása Jónsdóttir gerði þann 17. apríl 1993. Jafnframt krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur varnaraðila eru, að ógilt verði með dómi erfðaskrá, sem Ása Jónsdóttir gerði þann 17. apríl 1993, þar sem sóknaraðili er arfleiddur að öllum eignum hennar. Þá krefjast varnaraðilar málskostnaðar úr hendi sóknaraðila að mati dómsins og virðisaukaskatts.

Sáttaumleitanir dómara hafa engan árangur borið.

II.

Tildrög máls þessa eru þau að þann 20. maí 1993 andaðist Ása Jónsdóttir, kt. 280219–2589, Miðleiti 1, Reykjavík. Látna var ekki í hjúskap er hún lést. Lögerfingjar hennar eru varnaraðilar þessa máls, en þau eru öll systkinabörn hennar.

Með bréfi, sem barst Héraðsdómi Reykjavíkur 2. júní 1993, fóru varnaraðilarnir Anna Einarsdóttir og Sigurður Harðarson þess á leit að bú hinnar látnu yrði tekið til opinberra skipta. Var sú beiðni tekin fyrir hjá Héraðsdómi Reykjavíkur þann 30. júní 1993 og var þá mætt af hálfu sóknaraðila og kröfu um opinber skipti mótmælt, þar sem hann væri einkaerfingi hinnar látnu samkvæmt erfðaskrá. Samkomulag varð milli aðila um að fresta málinu til 8. september 1993. Í því þinghaldi var því lýst yfir af hálfu skiptabeiðenda að þeir vefengdu erfðaskrá hinnar látnu þar sem sóknaraðili er einkaerfingi og var málinu enn á ný frestað og nú til 30. september 1993. Í því þinghaldi var ákveðinn rekstur þessa máls til að leysa úr ágreiningi þeim sem upp var kominn milli lögerfingja og bréferfingja, en rétt þótti að fá úr því skorið hverjir væru erfingjar áður en til opinberra skipta kæmi, og ágreiningsmál þingfest þann sama dag, og ákvað dómari aðild þannig að bréferfingi væri sóknaraðili og lögerfingjar varnaraðilar.

Erfðaskrá sú, sem um er deilt í máli þessu, er svohljóðandi:

ERFÐASKRÁ

Ég undirrituð, Ása Jónsdóttir, kt. 280219–2589, nú til heimilis að Miðleiti 1, Reykjavík, sem á enga skylduerfingja, geri hér með eftirfarandi ráðstöfun eigna minna eftir minn dag:

Auk venjulegs útfararkostnaðar skal taka af eignum mínum óskiptum svo mikið fé sem þarf til þess að gera og setja á leiði mitt grafstein með áletruðu nafni mínu, fæðingardegi og dánardægri.

Allar aðrar eignir, sem ég kann að láta eftir mig, skulu ganga í arf til Þorvalds Björgvinssonar, kt. 080753–4549, til heimilis að Brautarási 15, Reykjavík.

Erfðaskrá þessa undirrita ég eigin hendi í viðurvist tveggja sérstaklega tilkvaddra arfleiðsluvotta. (Ofangreindur texti er vélritaður, en svo kemur eftirfarandi handskrifað inn á erfðaskrána:)

Frh. Að Þorvaldi látnum skulu ofangreindar eignir renna til föður hans, Björgvins Guðmundssonar, kt. 130932–3649, sem þá ábyrgist að taka að sér framkvæmd meðfylgjandi yfirlýsingar, dags. 17.4. '93, sem skrásett verður samtímis erfðaskránni.

AJ. LG. VE.

Ása Jónsdóttir (sign).

Á erfðaskrá þessa hefur verið ritað svofellt vottorð:

Við undirritaðir, sem höfum verið kvaddir til þess að vera vottar að framritaðri arfleiðslugerð, vottum það, að Ása Jónsdóttir, kt. 280219–2589, ritaði að okkur viðstöddum nafn sitt undir erfðaskrána, sem hún kvað hafa að geyma hinsta vilja sinn. Gerði hún þetta heil heilsu andlega, allsgáð og af fúsum og frjálsum vilja. Þetta erum við reiðubúnir að staðfesta með eiði, ef krafist verður.

Reykjavík, 17. apríl 1991.

Lúðvík Gizurarson hrl. (sign),
kt. 060332–3479,
Grenimel 20, R.

Valgerður Einarsdóttir (sign),
kt. 170935–4629,
Grenimel 20, Rvík.

Jafnhliða erfðaskránni afturkallaði Ása fyrri erfðaskrá og er hún undirrituð sama dag og erfðaskrá sú, sem hér er til umfjöllunar, og vottuð af sömu vottum.

Í erfðaskránni er getið um yfirlýsingu, dags. 17. apríl 1993, og hefur verið lögð fram í málinu sú yfirlýsing sem reyndar er dags. 18. apríl 1993, en samkvæmt þeirri yfirlýsingu lýsir sóknaraðili þessa máls því yfir að hann muni sjá til þess, að Ása Jónsdóttir fari ekki á elliheimili, heldur geti dvalist í heimahúsum svo að hún þurfi ekki að vera ein, heldur ávallt í sambýli við þann sem hún treysti vel. Yfirlýsing þessi er vottuð af sömu vottum og votta erfðaskrána og Björgvin Guðmundsson, faðir sóknaraðila, ábyrgist með undirritun sinni þessa yfirlýsingu.

III.

Sóknaraðili telur, að umdeild erfðaskrá sé í lagalega fullkomnu formi, sbr. 34. gr. erfðalaga nr. 8/1962. Hafi arfleiðsluvottar við undirritun hennar verið Lúðvík Gizurarson hæstaréttarlögmaður og kona hans, Valgerður Einarsdóttir. Votti þau á erfðaskrána að Ása heitin hafi undirritað erfðaskrána af fúsum og frjálsum vilja og heil heilsu andlega. Segi þau að það hafi verið ákveðinn vilji Ásu að arfleiða Þorvald Björgvinsson og hún hafi vitað nákvæmlega hvað hún hafi verið að gera. Hafi þau Lúðvík og Valgerður þekkt Ásu frá fyrri tíð og segi að hún hafi við undirritun erfðaskrárinnar verið tiltölulega hress og mjög ákveðin í því sem hún hafi viljað. Fullnægi arfleiðsluvottarnir ekki aðeins skilyrðum 1. mgr. 41. gr. erfðalaga nr. 8/1962, heldur sé annar þeirra að auki hæstaréttarlögmaður. Ekki hafi þau heldur verið í neinum sifja- eða hagsmunatengslum við þá feðgana sem hagsmuni hafi að gæta varðandi erfðaskrána, sbr. 2. mgr. 41. gr. erfðalaga nr. 8/1962.

Sóknaraðili telur að Ása Jónsdóttir hafi verið til þess bær að arfleiða Þorvald Björgvinsson að öllum eignum sínum, þar sem hún hafi ekki átt neina skylduerfingja, sbr. 35. gr. erfðalaga. Séu engir ógildisannmarkar á erfðaskránni. Hún hafi hvorki verið beitt nauðung, svikum né misneytingu í því skyni að fá hana til að gera erfðaskrána, sbr. 37. gr. erfðalaga. Ekki hafi erfðaskráin heldur sprottið af misskilningi arfleiðanda, sbr. 42. gr. erfðalaga.

Sóknaraðili kveður hina látnu hafa haft mjög lítið samband við ættingja sína síðustu árin, sem hafi stafað af því að ættingjar hennar hafi lítið sinnt henni. Þorvald Björgvinsson hafi hún hins vegar þekkt frá fyrri tíð er hún hafi rekið smábarnaskóla og hann verið einn af nemendum hennar. Hún hafi leitað til hans eftir félagsskap og aðstoð og hann gefið sér tíma til að fara til hennar og spjalla við hana og aðstoða hana með ýmsum hætti. Það hafi komið ættingjum hennar í opna skjöldu að hún skyldi arfleiða Þorvald, enda hafi þeim vegna sambandsleysis lítt verið kunnugt um kunningsskap þeirra og vináttu.

Sóknaraðili kveður Ásu hafa átt frumkvæðið að gerð erfðaskrárinnar. Hún hafi viljað ganga frá erfðaskránni áður en hún fór í tveggja vikna ferðalag til Bandaríkjanna, þar sem hún hafi ekki viljað eiga það ógert, ef eitthvað kæmi fyrir hana í ferðalaginu. Hafi að hennar ósk verið bætt við texta erfðaskrárinnar að ef Þorvaldur félli frá á undan föður sínum, Björgvini Guðmundssyni, skyldi hann erfa hana. Sé það skýring á því, að Lúðvík Gizurarson hafi ritað með eigin hendi viðbót þá við vélritaðan texta erfðaskrárinnar.

Sóknaraðili telur að fullyrðingar varnaraðila um, að um mikla ofnotkun lyfja hafi verið að ræða hjá Ásu og að engin tengsl hafi verið milli hennar og Þorvalds, séu auðhraktar og vísist um það til vottorðs arfleiðsluvottanna og einnig til frásagnar af kunningsskap og vináttu þeirra, en milli þeirra hafi verið einlæg vinátta og hafi hann oft heimsótt hana og aðstoðað. Sóknaraðili vísar á bug þeirri fullyrðingu að lyfjanotkun hinnar látnu hafi verið meiri en gengur og gerist hjá fólki á hennar aldri.

Sóknaraðili kveðst hafa aðstoðað Ásu við útleigu á íbúð hennar, er hún flutti norður á Sauðárkrók, og jafnframt kveðst hann hafa aðstoðað hana við flutninginn norður. Hafi hún í þakklætisskyni boðið honum að koma með sér í ferðalag til Bandaríkjanna, en þangað hafi hún farið í því skyni að kanna fasteignakaup á Flórída, og hafi hún ekki treyst sér að fara ein. Hafi hún tjáð honum að hún vildi ekki biðja neinn af ættingjum sínum að koma með sér.

IV.

Varnaraðilar byggja mál sitt á þeirri málsástæðu að Ása Jónsdóttir hafi á þeim tíma, sem hún hafi gert umrædda erfðaskrá, og reyndar langan tíma þar á undan ekki verið svo heil heilsu andlega, að hún hafi verið fær um að gera þá ráðstöfun á skynsamlegan hátt. Byggja þeir vefengingu erfðaskrárinnar á 2. mgr. 34. gr. og 2. mgr. 45. gr. erfðalaga nr. 8/1962. Málskostnaðarkröfu byggja þeir á 129. gr. og 1. mgr. (sic) laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kröfu um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun byggja þeir á lögum nr. 50/1988 en þar sé lögmönnum gert skylt að taka virðisaukaskatt af þóknun sinni. Séu varnaraðilar ekki virðisaukaskattsskyldir, og beri þeim því nauðsyn til að fá dóm fyrir skattinum.

V.

Sóknaraðilinn Þorvaldur Björgvinsson hefur gefið aðilaskýrslu í málinu. Þar kemur m.a. fram að hann hafi farið með Ásu heitinni til Flórída til að vera henni til halds og trausts og aðstoða hana við hugsanleg fasteignakaup þar ytra, og hafi þetta verið erfið ferð og alls engin skemmtiferð. Hann kveður Ásu hafa sagt sér að hún væri alger einstæðingur og ætti engan að. Hann kveðst engan þátt hafa átt í þeirri ákvörðun hennar að arfleiða hann að eignum sínum.

Varnaraðilarnir Sigurður Harðarson, Ásgerður Gísladóttir, Jón Gíslason og Anna Gísladóttir hafa gefið aðilaskýrslur í málinu. Vísa þau algerlega á bug yfirlýsingum sóknaraðila þess efnis að hin látna hafi lítil samskipti haft við ættingja sína síðustu árin og að þeir hafi lítið sinnt henni. Þvert á móti hafi þau gert það, sem í þeirra valdi hafi staðið, til að aðstoða hana eftir föngum. Varnaraðilinn Sigurður Harðarson hefur lýst því yfir að hann hafi aðstoðað hana í fasteignaviðskiptum ásamt Björgvini Guðmundssyni, föður sóknaraðila, en kannast ekki við að sóknaraðili hafi komið hér við sögu fyrr en fyrri part ársins, þegar faðir hans hafi fengið hann til að fylgja Ásu heitinni til Flórída. Lögð hefur verið fram í málinu aðilaskýrsla varnaraðilans Ásgerðar Gísladóttur, en hún er óundirrituð. Þar kemur m.a. fram að hún hafi aðstoðað hina látnu við flutning hennar norður á Sauðárkrók í nóvember sl. og þar hafi sóknaraðili hvergi nærri komið.

Varnaraðilinn Jón Gíslason heldur því fram að hann hafi reynt að fá Ásu heitna til að fjárfesta í þjónustuíbúð fyrir aldraða, en hún hafi ekki talið það henta sér, og telur hann að andlegt ástand hennar og skert dómgreind hafi valdið því, auk þess sem hún hafi kveðið Björgvin Guðmundsson hafa ráðlagt sér eindregið frá því. Telur hann, að hér hafi Björgvin Guðmundsson verið að nota sér dómgreindarleysi Ásu, þar sem þetta hafi augljóslega gengið í berhögg við hagsmuni hennar.

Vitnið Lúðvík Gizurarson, kt. 060332–3479, hæstaréttarlögmaður, Norðurgarði 1, Hvolsvelli, kvað Ásu heitna hafa verið við góða andlega heilsu, þegar hún ritaði undir erfðaskrá þá sem um er deilt í máli þessu. Hann kvaðst hafa þekkt Ásu frá gamalli tíð og erfðaskrána hefði hún ákveðið að gera svona, og leiðréttingar á henni hefðu eingöngu stafað frá henni, og hefði hún að öllu leyti ráðið orðalagi og efni erfðaskrárinnar. Hún hefði alltaf verið ákveðin í skoðunum sínum og ekki látið segja sér fyrir verkum. Hann upplýsti, að hann hefði spjallað dágóða stund við Ásu og ekkert það komið fram, sem benti til þess, að hún væri andlega vanheil eða að hún væri ekki allsgáð.

Vitnið Valgerður Einarsdóttir, kt. 170935–4629, Norðurgarði 1, Hvolsvelli, kvað Ásu heitna hafa verið við góða andlega heilsu, þegar hún hefði ritað undir erfðaskrá þá sem um er deilt í þessu máli. Hún hafi kynnst henni nokkrum árum áður og hafi sér virst sem hún væri sjálfri sé lík þennan umrædda dag.

Vitnið Ólafur Sveinsson, kt. 030927–2499, læknir, Víðihlíð 14, Sauðárkróki, gaf skýrslu um síma, og var hann staðsettur hjá héraðsdómara Norðurlands vestra, Halldóri Halldórssyni, þegar skýrslan var tekin. Hann kveðst hafa stundað Ásu Jónsdóttur á því tímabili sem hún bjó á Sauðárkróki, þar til hún andaðist. Hann kvað Ásu Jónsdóttur hafa verið við sæmilega heilsu, en hvort hún hefði verið algerlega andlega heil, taldi hann sig ekki geta svarað algerlega, en hún hefði komið ágætlega fyrir, ekkert sérstakt hefði komið fram, sem benti til þess, að hún væri andlega vanheil.

Vitnið Haraldur Jónasson, kt. 011230–3779, lögfræðingur, Eikjuvogi 23, Reykjavík. Hann kveðst hafa verið leigjandi hjá Ásu heitinni 2–3 mánuði.

Hann kvað hana hafa eindregin fráhvarfseinkenni vegna misnotkunar, líklegast lyfja, en hann kvaðst þekkja af eigin raun fráhvarfseinkenni vegna misnotkunar áfengis og sér sýnst þetta svipað hjá Ásu. Oft hafi henni liðið illa og verið langt niðri.

Vitnið Páll Arnór Pálsson, kt. 050648–4949, hæstaréttarlögmaður, Sæbólsbraut 42, Kópavogi, kveðst hafa þekkt Ásu Jónsdóttur, frá því að hann hafi verið krakki, og hafi faðir hans og Ása verið systkinabörn. Hann kveðst hafa séð um hennar lögfræðilegu málefni eftir að hann varð lögmaður. Hann fullyrðir að ástand Ásu hafi verið orðið slæmt undir það síðasta, og hafi hún verið langt niðri, hafi hún verið á geðlyfjum og erfið í umgengni og samtölum. Hann kvaðst aldrei hafa vitað um tilvist sóknaraðila fyrr en eftir andlát hennar. Hann kvaðst vita, að heilsu hennar, bæði líkamlegri og andlegri, hefði hrakað mikið undir það síðasta. Hann kvaðst hafa vitað, að hún tæki lyf. Hann kvað hana stundum hafa átt það til að bjóða arf eftir sig hinum og þessum og gera einhvers konar kaup við viðkomandi. Hann telur, að Ása Jónsdóttir hafi verið misnotuð, m. a. vegna sérkenna sinna og vegna ofnotkunar lyfja.

VI.

Af hálfu varnaraðila hefur verið lagt fram á dskj. nr. 23 vottorð Sigurðar Arnar Hektorssonar læknis, Heilsugæslunni Álftamýri 5, Reykjavík, heimilislæknis Ásu frá 22. júní 1987 fram til nóvember 1992, er hún flutti til Sauðárkróks. Þar segir m.a.: „Miðað við það ástand, sem Ása hefur verið í frá mínum fyrstu kynnum við hana og ekki síst m.t.t. andlegs ástands hennar áður en hún flutti til Sauðárkróks, en þá lagði ég hana inn á geðdeild Borgarspítalans, telur undirritaður sig geta fullyrt með mjög mikilli vissu, að Ása hafi ekki verið hæf af heilsufarsástæðum til að gera erfðaskrá. Hún hefur áratugasögu um geðræna vanheilsu. Um var að ræða langvinna sjúkdóma, þar sem ekki var um neinn bata að ræða. Því tel ég útilokað, að andlegt ástand hennar hafi breyst sem nokkru nemi á tímabilinu frá því í nóvember 1992 og þar til í apríl 1993. Tel ég allar líkur á að hún hafi auðveldlega látið lokkast af hvers kyns gylliboðum, sem hún var jafnan mjög „veik fyrir“. Eins og fyrr segir var hún afar áhrifagjörn og gat látið hvers kyns ytri áhrif hrífa sig, svo að hún væri þá stundina sannfærð um, að hún væri að gera rétt, enda þótt henni yrði ljóst skömmu síðar, að um hið gagnstæða væri að ræða.

Niðurstaða:

Af nánum kynnum undirritaðs við Ásu Jónsdóttur sem heimilislæknis hennar um 5 ára skeið telur undirritaður sér óhætt að fyllyrða að allar líkur séu á að Ása hafi verið langt frá því að vera við nægilega heilsu andlega til að geta ráðstafað fjármálum sínum, svo sem erfðaskrá, á skynsamlegan hátt.“

Einnig hefur verið lagt fram af hálfu varnaraðila á dskj. nr. 26 læknisvottorð Halldórs Kolbeinssonar, geðlæknis á geðdeild Borgarspítalans, en þar dvaldist hún frá 27. október 1992 til 6. nóvember 1992, er hún útskrifaði sig sjálf. Í niðurstöðu vottorðsins segir: „Við innlögn hafði Ása Jónsdóttir merki um taugaveiklun (neurosis) með þunglyndiseinkennum sem að líkindum átti sér nokkurra ára sögu. Auk þess kom fram saga um líkamssjúkdóma og félagslega erfiðleika. Aðdragandi innlagnar var vegna álags- og streituþátta frá umhverfi sem höfðu magnað upp taugaveiklunareinkenni þannig að heimilislæknir lagði inn beiðni á geðdeild til frekari meðferðar meðan verið væri að kanna hennar vistunarmál. Einkenni rénuðu við innlögnina en ég tel ólíklegt að hennar taugaveiklun hafi verið læknuð við útskrift. Þurfti hún næstu mánuði á róandi og svefnlyfjum að halda.“

VII.

Ágreiningur í þessu máli snýst um arfleiðsluhæfi Ásu Jónsdóttur á þeim tíma sem umdeild erfðaskrá var gerð.

Varnaraðilar byggja vefengingu erfðaskrárinnar á því að arfleifandi hafi ekki verið hæfur til að gera slíkan gerning sökum þess að hún hafi ekki verið heil heilsu andlega á þeim tíma sem erfðaskráin var gerð. Sönnunarbyrði hvílir á þeim, sem vefengja erfðaskrá, fyrir því, að arfleifandi hafi verið haldinn andlegum annmörkum sem varði ógildingu.

Í 2. mgr. 34. gr. el. segir að erfðaskrá sé því aðeins gild, að sá, sem geri hana, sé svo heill heilsu andlega, að hann sé fær um að gera þá ráðstöfun á skynsamlegan hátt.

Formskilyrðum erfðalaga nr. 8/1962 er fullnægt hvað snertir hina umdeildu erfðaskrá. Í vottorði arfleiðsluvottanna segir m.a.: „Við undirritaðir, sem höfum verið kvaddir til þess að vera vottar að framanritaðri arfleiðslugerð, vottum það, að Ása Jónsdóttir, kt. 280219–2589, ritaði að okkur viðstöddum nafn sitt undir erfðaskrána, sem hún kvað hafa að geyma hinsta vilja sinn. Gerði hún þetta heil heilsu andlega, allsgáð og af fúsum og frjálsum vilja . . .“

Arfleiðsluvottarnir hafa vottað undirskrift Ásu heitinnar og að hún hafi verið heil heilsu andlega og allsgáð og gert það af fúsum og frjálsum vilja. Hafa þeir staðfest það fyrir dómi að efni erfðaskrárinnar hafi í öllu verið hennar ákvörðun og vilji. Hafi þeir spjallað við hana áður en gengið var frá erfðaskránni og ekkert það komið fram sem gæfi tilefni til að ætla að hún væri andlega vanheil eða að hún væri ekki allsgáð.

Varnaraðilar hafa lagt fram læknisvottorð tveggja lækna, sem stunduðu arfleifanda á öðrum tíma en þegar erfðaskráin var undirrituð þann 17. apríl 1993. Hins vegar hefur læknir sá, sem stundaði hana á þeim tíma, ekki viljað gefa vottorð um heilsufar hennar á þeim tíma en þó gefið í skyn að hún hafi verið andlega heil á þeim tíma. Aðeins liggur fyrir í máli þessu vottorð frá einum geðlækni, og þar segir, að Ása Jónsdóttir hafi verið á þeim tíma, sem hún dvaldist á geðdeild Borgarspítalans, þunglynd og taugaveikluð og þurft á að halda róandi lyfjum og svefnlyfjum. Ekkert kemur fram í vottorði læknisins um mat hans á því hvort Ása heitin hafi verið ófær að gera ráðstafanir eins og erfðaskrá vegna andlegra annmarka. Heimilislæknir hennar taldi þó, að hún hefði verið langt frá því að vera við nægilega heilsu andlega til að geta ráðstafað fjármálum sínum, svo sem erfðaskrá, á skynsamlegan hátt. Hafa ber í huga, að þetta er hans mat á ástandi hennar á þeim tíma sem hann stundaði hana, erfðaskráin er gerð nokkru síðar og að ekki er um að ræða sérfræðing á sviði geðsjúkdóma.

Það er talin meginregla í íslenskum erfðarétti, að til þess að erfðaskrá geti talist gild þurfi arfleifandi að hafa getað gert sér grein fyrir efni gerningsins. Þykir arfleifandi, eftir því sem gögn málsins gefa vísbendingu um, hafa verið hæf til að skilja gildi þeirrar erfðaskrár, sem hún stóð að.

Ekki þykja varnaraðilar hafa leitt haldbær rök fyrir þeim staðhæfingum sínum að Ása Jónsdóttir hafi verið haldin þeim andlegum annmörkum á þeim tíma, er hún gerði umrædda erfðaskrá, að það varði ógildingu hennar, og miðað við aðstæður allar í máli þessu verður ráðstöfun hennar með erfðaskránni ekki talin þess eðlis að hún hafi verið óeðlileg eða óskynsamleg.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er það niðurstaða máls þessa, að krafa sóknaraðila í málinu er tekin til greina, og af því leiðir, að erfðaskrá á dskj. nr. 12 er metin gild.

Eftir atvikum málsins þykir rétt að hvor aðili beri sinn kostnað af máli þessu.

Úrskurð þennan kvað upp Gréta Baldursdóttir, fulltrúi dómstjóra.

Úrskurðarorð:

Krafa sóknaraðila í máli þessu, Þorvalds Björgvinssonar, um að erfðaskrá sú, sem Ása Jónsdóttir undirritaði í viðurvist tveggja vitundarvotta í Reykjavík þann 17. apríl 1993, sé metin gild, er tekin til greina.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 5. maí 1994.

Nr. 347/1991. **Skorri hf.**
(Örn Johnson forstjóri)
gegn
Magnúsi Heiðari Jónssyni og
Inge Christiansen Jónsson
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

Húsaleiga. Samningur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 15. ágúst 1991. Krefst hann þess aðallega, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og stefndu verði dæmd til að greiða honum 1.340.676 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 10. október 1989 til greiðsludags, 369.866 krónur auk sams konar dráttarvaxta frá 10. ágúst 1988 til greiðsludags og 80.513 krónur með sams konar dráttarvöxtum frá 1. október 1989 til greiðsludags, allt eins og nánar er tilgreint í kröfugerð hans. Til vara krefst hann greiðslu á 541.953 krónum með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 17. janúar 1990 til greiðsludags, 268.847 krónum auk sams konar dráttarvaxta frá 10. ágúst 1988 til greiðsludags og 80.513 krónum með sams konar dráttarvöxtum frá 1. október 1989 til greiðsludags. Til þrautavara krefst hann greiðslu á 319.712 krónum með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 17. október 1990 til greiðsludags, 242.911 krónum auk sams konar dráttarvaxta frá 10. ágúst 1988 til greiðsludags og 80.513 krónum með sams konar dráttarvöxtum frá 1. október 1989 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara er þess krafist, að kröfur áfrýjanda verði stórlega lækkaðar.

Áfrýjandi byggir kröfur sínar í máli þessu á því, að stefndu hafi vanefnt húsaleigusamning, sem aðilar gerðu með sér 4. desember

1986. Í héraðsdómi er lýst skriflegu samkomulagi, sem gert var 12. júlí 1989, en það var formlega milli áfrýjanda og Samsonar hf. Samkvæmt því voru stefndu leyst undan ábyrgð sinni samkvæmt leigusamningnum. Samson hf. tókst á hendur þrjár skuldbindingar samkvæmt samkomulaginu, og er ágreiningslaust, að tvær þeirra voru efndar. Um hina þriðju kom upp ágreiningur, sem ekki var leyst úr milli aðila samkomulagsins. Verður að fallast á það með héraðsdómara, að áfrýjandi geti ekki á grundvelli leigusamningsins haft uppi þær kröfur á hendur stefndu, sem gerðar eru í máli þessu. Ber því með skírskotun til forsendna héraðsdóms að staðfesta hann.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Skorri hf., greiði stefndu, Magnúsi Heiðari Jónssyni og Inge Christiansen Jónsson, 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar

Mál þetta varðar efndir á samningi um leigu á atvinnuhúsnæði til 5 ára, sem gerður var í desember 1986 milli áfrýjanda og EMM Offset sf., sameignarfélags stefndu. Í héraðsdómi er því lýst, hvernig afnotum húsnæðisins var háttað, en hlutafélagið Samson hf., er stefndu höfðu stofnað í janúar 1988, varð eitt um þau við lok ágústmánaðar sama ár. Eftir þann tíma urðu nær samfelld vanskil á leigugreiðslum fyrir húsnæðið, sem einkum gerðust þannig, að hlutafélagið greiddi ekki mánaðarlegar afborganir af skuldabréfum, er það hafði gefið út í apríl 1988 til tryggingar eða fyrirframgreiðslu á húsaleigu, en bréfin hafði áfrýjandi selt öðrum. Hinn 12. júlí 1989 var efnt til fundar milli framkvæmdastjóra áfrýjanda og stefnda Magnúsar, er var framkvæmdastjóri Samsonar hf., ásamt lögmönnum þeirra. Lauk honum með gerð skriflegs samkomulags um slit á leigumálanum og uppgjör vangoldinnar leigu, svo sem lýst er í héraðsdómi. Í drögum að samkomulaginu hafði áfrýjandi miðað við, að það yrði gert við bæði stefndu persónulega, en á fundinum var því breytt þannig, að hlutafélag þeirra yrði eitt aðili að því leigutaka megin. Upplýst er, að árangurslaust fjárnám hafði verið gert hjá hlutafélaginu um 6 vikum áður, og kveður áfrýjandi sér hafa verið það ókunnugt. Ekki liggur fyrir, hvernig starfsemi félagsins var háttað, eftir að það flutti hana úr húsnæðinu 15. ágúst 1989 í samræmi við ákvæði samkomulagsins. Hins vegar er upplýst, að félagið var tekið til gjaldþrotaskipta í júlí 1990, og lauk skiptum 4. nóvember 1991, án þess að eignir kæmu fram í búi þess.

Afnot Samsonar hf. af húsnæði áfrýjanda áttu sér stað á grundvelli leigusamningsins, sem stefndu höfðu gert vegna sameignarfélags síns með persónulegri ábyrgð þeirra beggja, án þess að breyting væri gerð á samningnum. Ósannað er, að áfrýjandi hafi litið á félagið sem annað en framleigjanda í skjóli leiguréttar stefndu, áður en umrætt samkomulag kom til og samningsslit voru ákveðin. Jafnhliða gerð þess fór fram greiðsla á meginhluta hinnar ógreiddu húsaleigu með skuldabréfum á hendur þriðja aðila, og voru þau komin frá stefndu sjálfum. Eftir samkomulaginu áttu þau að bera persónulega ábyrgð á því skuldabréfi, sem hlutafélagið skyldi gefa út fyrir eftirstöðvum húsaleigunnar, og mátti áfrýjandi ætla, að stefndi Magnús teldi það ákvæði bindandi þá þegar, án þess að áritun á samkomulagið kæmi til, enda var ekki eftir henni kallað. Ljóst er af atvikum, að á fundinum var stefndi Magnús ekki aðeins að semja fyrir hönd Samsonar hf., heldur einnig fyrir sig og eiginkonu sína, þótt félagið yrði hinn beini aðili að þeim skriflega samningi, sem gerður var. Verður samkomulagið ekki talið hafa átt að breyta réttarstöðu stefndu sem leigutaka aftur í tímann, heldur beindist aðalefni þess að því, hvernig viðskiptin um húsnæðið yrðu til lykta leidd fyrir atbeina hlutafélagsins, þannig að það og stefndu yrðu laus úr ábyrgð.

Þegar húsnæðið var rýmt mánuði síðar, höfðu þau ákvæði samkomulagsins ekki verið efnd, að félagið gæfi út skuldabréf til 24 mánaða fyrir eftirstöðvum leigu. Telja verður með vísan til þess, sem fyrr greinir um hag félagsins, að forsendur hafi þá þegar verið brostnar fyrir þeirri greiðslutilhögun. Á grundvelli þess og þeirra hagsmuna, sem stefndu höfðu af gerð samkomulagsins, verður að álykta, að áfrýjanda hafi verið rétt að beina kröfu um greiðslu þessara eftirstöðva að stefndu sjálfum, enda voru greiðslur samkvæmt samkomulaginu ekki umfram það, sem við gat átt eftir leigusamningnum. Hins vegar eru ekki efni til þess, þegar litið er til annarra efnda á samkomulaginu, að stefndu verði krafin um leigu nema til þess tíma, að húsnæðið var rýmt.

Samkvæmt þessu er það þrautavarakrafa áfrýjanda, sem til álita á að koma í málinu. Fyrsti liður hennar tekur til kostnaðar áfrýjanda af innlausn skuldabréfa Samsonar hf. frá 1988, miðað við slit á leigu 15. ágúst 1989, en dráttarvextir og kostnaður af þeim áttu að teljast hluti af leiguskuldinni. Ber að lækka þann lið um 131.134 krónur, þar sem áfrýjandi hefur ekki sýnt fram á, að stefndu eigi að bera halla af því, að innlausnin fór fram í tveimur áföngum. Nemur kröfuliðurinn þá 188.578 krónum, og ber að taka hann til greina með þeirri fjárhæð. Annar liður kröfunnar varðar mismun á umsaminni leigu mánuðina september 1988 – ágúst 1989 og mánaðarlegum afborgunum af umræddum skuldabréfum á sama tíma, og nemur hann samanlagt 210.851 krónu. Aðilar sýnast hafa verið ásáttir um, að þessi mismunur kæmi til uppgjörs, og ber að taka kröfuliðinn til greina að þessu leyti. Að auki er um að ræða hluta af leigu vegna ágústmánaðar 1988, eða 32.060 krónur, sem áfrýjandi telur ógreiddan. Gegn andmælum stefndu er sú staðhæfing ekki nægilega sönnuð, og ber að hafna þeim þætti kröfunnar.

Þriðji kröfuliðurinn varðar viðgerð eða standsetningu á húsnæðinu eftir rýmingu þess af hálfu leigutaka. Kveðst áfrýjandi einkum hafa þurft að rífa niður létta skilveggi, sem leigutakar höfðu sett upp, til að koma því í markaðshæft ástand. Um var að ræða innréttingar, sem áfrýjandi eignaðist, og hefur hann ekki sannað að svo komnu, að þeim hafi verið þannig háttað, að stefndu þurfi að bera kostnað af brottnámi þeirra. Ber þannig að hafna þessum kröfulið.

Samkvæmt því, sem hér var rakið, eiga úrslit málsins að vera þau, að stefndu greiði áfrýjanda samtals 399.429 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, af 210.851 krónu frá 15. ágúst 1989 til 10. október sama ár, en af allri fjárhæðinni frá þeim degi til greiðsludags. Hvor aðili beri kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. maí 1991.

Mál þetta, sem var dómtekið 13. maí 1991, hefur Skorri hf., Bíldshöfða 12, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 19. september 1990, á hendur Magnúsi Heiðari Jónssyni og Inge Christiansen Jónsson, Akurholti 5, Mosfellsbæ, báðum persónulega og að óskiptu vegna skuldbindinga EMM Offset sf. til greiðslu húsaleigu fyrir atvinnuhúsnæði frá 1. ágúst 1988 til 31. janúar 1990 o.fl. auk vaxta og málskostnaðar.

Þann 4. desember 1986 leigði stefnandi EMM Offset sf. verslunar- og iðnaðarhúsnæði á jarðhæð í vesturhluta eystra hússins á lóðinni nr. 35 við Skipholt í Reykjavík. Upphaf leigutímans var 1. desember 1986, en lok 3. nóvember 1991. Stefndu voru einu félagar sameignarfélagsins þegar samningurinn var gerður en þau seldu hluta af rekstrinum ásamt firmanu í janúar 1988 og stofnuðu jafnframt hlutafélagið Samson um rekstur sinn að öðru leyti. Eftir það höfðu sameignarfélagið og Samson hf. sameiginlega afnot af húsnæðinu til ágústloka 1988, en þá yfirgaf EMM Offset sf. hið leigða og vanskil hófust. Þann 12. júlí 1989 gerðu stefnandi og Samson hf. samkomulag um að fella niður leigusamninginn þannig að leigutaki rýmdi húsnæðið þann 15. ágúst 1989. Samkvæmt þessu samkomulagi skyldu eftirstöðvar vangoldinnar leigu, eins og hún yrði hinn 15. ágúst 1989, gerðar upp með afhendingu skuldabréfs með sjálfskuldarábyrgð stefndu. Lokaákvæði samkomulagsins er svohljóðandi:

> Með uppgjörinu leysir leigusali leigutaka undan allri ábyrgð á kröfum þessum svo og frekari kröfum vegna tilgreinds leigusamnings frá des. '86.

Stefndi Magnús skrifar einn undir samninginn f.h. Samsonar hf. Ekkert varð úr að skuldabréf með ábyrgð stefndu væri afhent stefnanda.

Samson hf. gaf út tvö skuldabréf til stefnanda, samtals að fjárhæð kr. 2.380.000,00, þann 1. maí 1988 til tryggingar leigugreiðslum. Stefnandi framseldi bréfin. Af þeim voru greiddar kr. 70.000,00 þann 10. september 1988 en ekkert frekar. Stefnandi leysti til sín bréfin eftir gerð samkomulagsins 12. júlí 1989 en stefnandi fékk afhent þann dag skuldabréf samtals að fjárhæð kr. 2.000.000,00 og var það liður í samkomulaginu.

Þess er krafist að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða stefnanda:

Aðallega:

1. kr. 1.340.676,00 auk [nánar tilgreindra dráttarvaxta],
2. kr. 369.866,00 auk [nánar tilgreindra dráttarvaxta],

3. kr. 80.513,00 auk [nánar tilgreindra dráttarvaxta].

Til vara:

1. kr. 541.953,00 með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum],
2. kr. 268.847,00 með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum],
3. kr. 80.513,00 með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum].

Til þrautavara:

1. kr. 319.712,00 með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum],
2. kr. 242.911,00 auk [nánar tilgreindra dráttarvaxta],
3. kr. 80.513,00 með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum].

Í öllu falli er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda [...].

Aðalkrafa stefnanda er sú að stefndu greiði allar vangoldnar leigugreiðslur frá því í ágúst 1988 og til og með janúar 1990 auk dráttarvaxta og kostnaðar á grundvelli leigusamnings aðilanna frá 4. desember 1986 og samkomulagi um leigugreiðslur frá 1988. Með hliðsjón af 20. gr., sbr. 21. gr. l. nr. 44/1979 um húsaleigusamninga, lætur stefnandi við það sitja að krefjast leigugreiðslna til og með janúar 1990.

Varakrafa stefnanda er sú að stefndu verði dæmd til að greiða vangoldna leigu frá ágúst 1988 til 22. september 1989. Þann dag kveðst stefnandi hafa neyðst til að selja húsnæðið.

Þrautavarakrafa stefnanda er sú að stefndu greiði vangoldna leigu frá því í ágúst 1988 til 15. ágúst 1989.

Kröfur stefnanda sundurliðist með eftirfarandi hætti: [...].

Stefnandi telur að stefndu séu enn bundin persónulega af hinum upphaflega leigusamningi og að þau beri ábyrgð á vanefndum á honum samkvæmt reglum um ótakmarkaða ábyrgð félagsmanna í sameignarfélögum þar sem hann var gerður meðan þau voru í félaginu. Þessa ábyrgð telur stefnandi ná út yfir sölu firmans að því er tekur til vanefnda á samningsákvæðum sem gengist var undir fyrir þann tíma. Stefnandi virðist telja að stefndu séu einnig bundin við samkomulagið 12. júlí 1989, en vegna vanefnda á því samkomulagi telur stefnandi sig ekki þurfa að sæta því að stefndu viku úr húsnæðinu fyrr en samið hafði verið um í upphafi. Stefnandi telur að vanefnt hafi verið ákvæði samkomulagsins um útgáfu skuldabréfs og sjálfskuldarábyrgð stefndu, en þær vanefndir eigi að leiða til þess að hið fyrra réttarsamband rakni við að nýju. Þá virðist stefnandi telja að þar sem greiðslur skuldabréfa, út gefinna af Samsoni hf. til tryggingar leigugreiðslum, hafi brugðist, beri stefndu að greiða þá leigu, sem þeim var ætlað að tryggja, enda hafi ekki verið tekið við þeim bréfum sem greiðslu.

Stefndu krefjast sýknu vegna aðildarskorts og málskostnaðar úr hendi stefnanda [...]. Stefndu telja, að skuldaraskipti hafi orðið, þegar firmað var selt og hlutafélagið stofnað, þannig að bæði félögin hafi verið ábyrg fyrir húsaleigunni fram til þess er sameignarfélagið flutti starfsemi sína en Samson hf. einn eftir það. Stefnandi andmælir þeirri staðhæfingu stefndu að hann hafi samþykkt yfirtöku Samsonar hf. á leigumálanum. Stefndu synja fyrir aðild sína að samkomulaginu. Þau kannast við að hafa boðist til að taka á sig sjálfskuldarábyrgð en telja sig ekki hafa orðið aðila að samkomulaginu fyrir þá sök. Náist ekki samkomulag milli stefnanda og Samsonar hf., telja stefndu sig laus úr ábyrgð.

Upphaflega komu engin sérstök andmæli fram gegn reikningsgerð stefnanda, en við aðalflutning kom fram gagnrýni á útreikning stefnukrafna og sérstaklega var því haldið fram að krafa vegna viðhalds ætti ekki rétt á sér. Af hálfu stefnanda var þessum athugasemdum mótmælt sem of seint fram komnum.

Formlega eru ekki aðrir aðilar að samkomulaginu frá 12. júlí 1989 en stefnandi og Samson hf. Því var ætlað að fella niður þá ábyrgð sem stefndu kynnu að hafa borið á efndum leigusamningsins. Af samkomulaginu sjálfu og því, sem aðilar hafa fært fram fyrir dóminn um samkomulag þetta, verður ráðið að ætlun samningsaðila hafi verið að þessi lausn undan ábyrgð skyldi vera bindandi fyrir stefnanda gagnvart stefndu en að Samson hf. bæri einn ábyrgð á efndum samningsins að öðru leyti en því að stefndu ábyrgðust greiðslu þeirra eftirstöðva sem yrðu eftir að frá hefði verið dregið verðgildi skuldabréfa sem stefnandi fékk til tryggingar greiðslum. Stefnanda veittist ekki allt það sem honum var lofað í samkomulaginu. Fljótlega kom upp ágreiningur milli aðila um fjárhæð eftirstöðva og var því skuldabréfið aldrei gefið út. Úr þessum ágreiningi stefnanda og Samsonar hf. hefur aldrei verið leyst þannig að ekki hefur reynt á sjálfskuldarábyrgð stefndu. Í máli þessu er eingöngu tekist á um skyldu stefndu til efnda á ákvæðum leigusamningsins um greiðslu leigu og kostnaðar af viðhaldi. Eins og þetta mál er lagt fyrir verður þá ekki skorið úr um skyldu stefndu vegna sjálfskuldarábyrgðarinnar. Samkomulag stefnanda og Samsonar hf. hefur hvorki fallið úr gildi af ástæðum, sem stefndu bera ábyrgð á, né verið lýst ógilt, og verða þá engin rök séð til þess að hið fyrra skuldarsamband hafi raknað við að nýju. Samkvæmt þessum niðurstöðum þykir bera að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Magnús Heiðar Jónsson og Inge Christiansen Jónsson, skulu vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Skorra hf. Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 5. maí 1994.

Nr. 189/1991. **Söltunarfélag Dalvíkur hf.**
(Árni Pálsson hrl.)
gegn
Albert Reimarssyni
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)
og gagnsök

Ómerking. Heimvísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Hjörtur Torfason.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. apríl 1991 og krefst aðallega sýknu og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara er þess krafist, að sök verði skipt og dómkröfur gagnáfrýjanda lækkaðar verulega.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 3. maí 1991. Hann krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til greiðslu 5.946.500 króna með vöxtum og dráttarvöxtum frá 10. júní 1985 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Atvikum málsins eru gerð óviðunandi skil í hinum áfrýjaða dómi. Ýtarleg lögreglurannsókn fór fram á tildrögum slyssins. Einnig fóru fram yfirheyrslur fyrir dómi undir rekstri málsins. Í héraðsdómi er einungis tilfærð stutt frásögn úr skýrslum, sem teknar voru af gagnáfrýjanda og skipstjóra m/s Dalborgar, en framburðar þriggja vitna er að engu getið. Í dóminum er rakinn hluti af frásögn gagnáfrýjanda hjá lögreglu og fyrir dómi og ekkert rakið úr ýtarlegri skýrslu Willards Helgasonar skipstjóra hjá lögreglu. Þar koma þó fram veigamiklar upplýsingar um þátt hans við færslu skipsins frá bryggju og orsakir slyssins, sem nauðsynlegt var að rekja nákvæmlega í dóminum, en skýrslu þessa staðfesti hann rétta, er hann kom fyrir dóm. Röksemdir í dóminum fyrir ályktunum, að því er varðar fébótaábyrgð aðaláfrýjanda og eigin sök gagnáfrýjanda, eru allsendis ófullnægjandi með tilliti til þeirra upplýsinga, sem við var að styðjast, og ágreinings málsaðila um þetta hvort tveggja. Um sum álitaefni, er að þessu lúta, er ekkert fjallað, en látið við það sitja að skírskota í „málsatvik að öðru leyti“.

Um meiðsli gagnáfrýjanda segir það eitt í dóminum, að hann hafi mjaðmarbrotnað. Ekkert er rakið úr læknisfræðilegum gögnum málsins um afleiðingar meiðslanna og sjúkrasögu gagnáfrýjanda eftir slysið. Einungis er greint frá niðurstöðu örorkumats. Forsendna örorkuútreiknings er að engu getið, þótt fram komi, að hann sé lagður til grundvallar við mat á örorkutjóni gagnáfrýjanda. Tekið er fram, að dregnar séu frá bætur, sem gagnáfrýjandi hafi fengið úr slysatryggingu sjómanna, en bótafjárhæðar ekki getið.

Samkvæmt þessu er hinn áfrýjaði dómur með slíkum annmörkum, að óhjákvæmilegt er að ómerkja hann og málsmeðferðina frá og með munnlegum málflutningi 7. janúar 1991 og leggja fyrir Héraðsdóm Norðurlands eystra að taka málið upp til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms að nýju.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar frá og með munnlegum málflutningi 7. janúar 1991 og uppsögu dóms að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Hrafns Bragasonar og
Hjartar Torfasonar

Í héraðsdómi er málsástæðna og annarra atvika máls ekki getið í nægjanlega skýru og samfelldu máli. Þá er niðurstaða dómsins ekki dregin af sönnunaratriðum og lagaatriðum með nægilega ljósum hætti. Dómurinn fullnægir því ekki í öllum atriðum ákvæðum h- og j-liðar 1. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 41. gr. laga nr. 28/1981, sbr. og 5. mgr. sama ákvæðis, en ákvæði þessi voru í gildi, þá er dómurinn var saminn. Þeim hefur nú verið breytt, sbr. ákvæði 114. gr. laga nr. 91/1991, núgildandi laga um meðferð einkamála, sem gera nokkuð breyttar og ákveðnari kröfur til atvikalýsingar dóms. Þrátt fyrir þessa annmarka á samningu héraðsdóms þykir okkur ekki fullnægjandi ástæða til að ómerkja hann. Þar sem meiri hluti dómara er annarrar skoðunar, verður efnisdómi ekki lokið á málið.

Fimmtudaginn 5. maí 1994.

Nr. 76/1991. **Sigurður Ólason**
(Sigurður Georgsson hrl.)
gegn
Steinunni Tómasdóttur,
Sigfríði Sigurðardóttur,
Tómasi Ólafssyni,
Margréti Hjartardóttur
(Stefán Pálsson hrl.) **og**
Óskari Björnssyni
(Valgeir Kristinsson hrl.)

Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. febrúar 1991 og krefst þess, að stefndu Steinunn Tómasdóttir, Sigfríður Sigurðardóttir, Tómas Ólafsson og Margrét Hjartardóttir verði in solidum dæmd til þess að greiða sér 1.017.226,32 krónur auk dráttarvaxta frá 15. desember 1988 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Hann krefst sýknu af meðalgöngukröfu stefnda Óskars Björnssonar og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu Steinunn, Sigfríður, Tómas og Margrét hafa eigi látið sækja dómþing í Hæstarétti, og var þeim þó löglega stefnt.

Stefndi Óskar krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti in solidum úr hendi áfrýjanda og meðstefndu.

Nýtt skjal, bréf lögmanns stefnda Óskars til áfrýjanda, dags. 12. júlí 1989, hefur verið lagt fram í Hæstarétti.

Í héraðsdómi eru raktar málsástæður aðila, eins og þeir lögðu málið fyrir í héraði. Þar er rakið bréf áfrýjanda 10. september 1990, sem var öðrum þræði svar við bréfi lögmanns stefnda Óskars 12. júlí 1989. Í hinu síðarnefnda bréfi, sem fyrst er lagt fram í Hæstarétti, óskar lögmaðurinn eftir upplýsingum um „eftirtalda víxla og skuldabréf sem Óskar kveðst hafa afhent yður til innheimtu vegna sölu á söluturninum og voru samþykktir af Hauki Smára Haukssyni og útgefnir af Steinunni Tómasdóttur og eru:

pr. 25.5. 1988 kr. 200.000
pr. 15.6. 1988 kr. 200.000
pr. 25.7. 1988 kr. 114.000
pr. 25.9. 1988 kr. 200.000
pr. 25.11. 1988 kr. 200.000

svo og skuldabréf kr. 450.000 útgefið af Hauki Smára Haukssyni . . .“.

Samanlögð fjárhæð viðskiptabréfa þessara er 1.364.000 krónur.

Af kaupsamningi þeim, sem gerður var milli stefnda Óskars sem seljanda og Hauks Smára Haukssonar um söluturninn Lotterý, má sjá, að ofangreindir víxlar og skuldabréf eru hlutar af þeim samningi. Stefndi Óskar byggir mál sitt gegn áfrýjanda á því, að hann hafi falið áfrýjanda umboð til þess að „skuldbreyta“ skuldbindingum Hauks Smára við sig og því afhent áfrýjanda öll viðskiptabréf nema eitt, sem í þeim samningi voru gerð, samtals að fjárhæð 2.864.000 krónur. Hann hafi þó ekki fengið hin nýju skuldabréf frá áfrýjanda, þar á meðal þau tvö, sem mál þetta fjallar um. Í málinu hefur stefndi Óskar þannig ýmist haldið því fram, að hann hafi afhent áfrýjanda öll skjöl, sem gerð hafi verið vegna kaupsamningsins 4. janúar 1988, eða aðeins hluta þeirra, svo sem í ofangreindu bréfi 12. júlí 1989 greinir. Áfrýjandi hefur ekki gert skýrlega grein fyrir því, á hvern hátt hann eignaðist viðskiptabréf þau, sem um er deilt í málinu og hann reisir kröfur sínar á, eða á hvern hátt hann taldi þau eign sína. Var honum þó hægt um vik að leggja fram skattframtöl sín þessu til sönnunar.

Telja verður því, að áfrýjandi og stefndi Óskar hafi ekki gefið í málinu nægilega glöggar og greinilegar skýrslur um viðskipti sín, til þess að lagður yrði dómur á málsefnið. Ekki var nægilega upplýst um umboð það, sem áfrýjanda var falið. Stefndi Óskar upplýsti ekki um kröfur sínar varðandi önnur skuldabréf, út gefin af stefndu Steinunni, en mál þetta fjallar um.

Héraðsdómari átti þess kost að inna aðila eftir skýrum upplýsingum og vísa málinu frá dómi, ef ekki varð úr bætt, sbr. 116. gr. þágildandi laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Verður að telja, að mál þetta hafi verið svo vanreifað, bæði af hálfu stefnanda og meðalgöngustefnanda í héraði, að eigi hafi mátt leggja dóm á efni þess. Er því óhjákvæmilegt að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð alla og vísa málinu í heild frá héraðsdómi.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu í heild vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Fimmtudaginn 5. maí 1994.

Nr. 116/1994. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Brynjólfi Sigurðssyni
(Örn Clausen hrl.)

Bifreiðar. Umferðarlög. Ölvunarakstur. Svipting ökuréttar. Ítrekun. Endurupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu til Hæstaréttar að fengnu leyfi réttarins 3. mars 1994 til endurupptöku samkvæmt XXII. kafla laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Málinu er eingöngu áfrýjað til endurskoðunar á ákvörðun um refsingu og sviptingu ökuréttar. Áfrýjunarstefna ríkissaksóknara var gefin út 8. mars 1994, og er af hálfu ákæruvalds krafist „staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig, að svipting ökuréttinda verði tímamörkuð“.

Samkvæmt gögnum málsins nam áfengismagn í blóði ákærða umrætt sinn 1,95‰.

Með dómsátt 29. júlí 1985 var ákærði sviptur ökuleyfi í 12 mánuði frá 3. ágúst 1984 fyrir brot gegn 2. mgr. 25. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 40/1968. Hann var að nýju sviptur ökuleyfi í 12 mánuði frá 22. apríl 1991 með dómsátt 30. maí sama ár fyrir brot gegn 1. mgr., sbr. 3. mgr., 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þá voru fallin niður ítrekunaráhrif fyrra brots, sbr. 3. mgr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin varðhald í 20 daga.

Þar sem nú er um ítrekað brot að ræða, skal ákærði sviptur ökurétti í þrjú ár frá birtingu héraðsdóms, sbr. niðurlagsákvæði 3. mgr. 102. gr. umferðarlaga.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað.

Samkvæmt 2. mgr. 191. gr. laga nr. 19/1991 greiðist allur áfrýjunarkostnaður málsins úr ríkissjóði, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Brynjólfur Sigurðsson, sæti varðhaldi í 20 daga.

Ákærði er sviptur ökurétti í þrjú ár frá birtingu héraðsdóms.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað er staðfest.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 11. júní 1993.

Ár 1993, föstudaginn 11. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Pétri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-344/1993: Ákæruvaldið gegn Brynjólfi Sigurðssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 1. þ. m. 1993, á hendur ákærða, Brynjólfi Sigurðssyni, Hraunbæ 112 A, Reykjavík, kt. 300964-400, „fyrir að aka bifreiðinni S-2102 aðfaranótt föstudagsins 16. október 1992 undir áhrifum áfengis um bifreiðastæði við Vallarhús nr. 1 – 9 og 23 – 15 í Reykjavík og aka á bifreiðina JT-522, sem var kyrrstæð og mannlaus á bifreiðastæðinu.

Þetta telst varða við 1. mgr. 4. gr. og 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttinda skv. 101. og 102. gr. umferðarlaga“.

Fallið hefur verið frá ákæru að því er varðar árekstur á hina mannlausu bifreið.

Ákærði hefur skýlaust játað það athæfi sem hann er saksóttur fyrir og hefur hann brotið það lagaákvæði sem í ákærunni segir.

Brot ákærða er ítrekað öðru sinni og þykir refsing hans vera hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga.

Svipta ber ákærða ökurétti ævilangt frá dómsbirtingu að telja.

Loks ber að dæma ákærða til þess að greiða allan kostnað af sökinni.

Dómsorð:

Ákærði, Brynjólfur Sigurðsson, sæti varðhaldi í 30 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá dómsbirtingu.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Fimmtudaginn 5. maí 1994.

Nr. 184/1994. **Ásdís Ástþórsdóttir**
(Sigmundur Hannesson hrl.)
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi. Nauðungarsala.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Haraldur Henrysson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 6. apríl sl., sem barst Hæstarétti ásamt kærumálsgögnum 26. sama mánaðar. Um kæruheimild vísar hann til 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og „að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu uppboðsgerðar og ákvörðun sýslumannsins í Hafnarfirði um, að nauðungarsalan á fasteigninni Kelduhvammi 7, efri hæð, Hafnarfirði, eign sóknaraðila, fari fram, verði hrundið, jafnframt sem þess er krafist, að hin umdeildu lögtök varnaraðila, dags. 25. september 1990 og 31. október 1991, verði ógilt“. Loks krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Mál þetta er risið af þeirri ákvörðun sýslumannsins í Hafnarfirði 5. nóvember 1993, að fram skuli fara að kröfu varnaraðila nauðungarsala á eignarhluta sóknaraðila í fasteigninni að Kelduhvammi 7 í Hafnarfirði. Til grundvallar nauðungarsölubeiðninni lágu lögtaksgerðir varnaraðila frá 25. september 1990 og 31. október 1991 vegna ógreiddra opinberra gjalda.

Ákvörðun sýslumanns frá 5. nóvember varðaði fyrstu aðgerðir hans við nauðungarsölu fasteignarinnar að Kelduhvammi. Um þær gilda ákvæði IV. kafla nauðungarsölulaga nr. 90/1991, þar á meðal 22. gr. laganna um lögmæti aðgerða og ágreining við nauðungarsölu. Samkvæmt 4. mgr. 22. gr. var heimild sóknaraðila til að bera ákvörðun sýslumanns undir dómstóla háð samþykki varnaraðila sem gerðarbeiðanda Ekki liggur fyrir, að þess hafi verið aflað. Héraðsdómara hefði því verið rétt að vísa málinu þegar frá dómi með úrskurði í stað þess að kveðja aðila til munnlegs málflutnings, sbr. 1. mgr. 74. gr. laga nr. 90/1991. Svo var eigi að farið. Ber því nú að vísa máli þessu frá héraðsdómi.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Héraðsdómi Reykjaness.

Sóknaraðili, Ásdís Ástþórsdóttir, greiði varnaraðila, Gjaldheimtunni í Reykjavík, 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Þriðjudaginn 10. maí 1994.

Nr. 182/1994. **Faghús hf.**
(Jón Magnússon hrl.)
gegn
Kristjáni Geirssyni
(Ragnar Halldór Hall hrl.)

Kærumál. Vitni.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Guðrún Erlendsdóttir.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 25. apríl 1994. Vísar hann um kæruheimild til b-liðar 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 18. apríl. Sóknaraðili krefst þess að fá að leiða sem vitni verkfræðingana Björn Marteinsson, Níels Indriðason og Stanley Pálsson, en því var hafnað með hinum kærða úrskurði. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili keypti húsið að Leiðhömrum 17 í Reykjavík af sóknaraðila. Húsið var þá rúmlega fokhelt. Hann seldi húsið um níu mánuðum síðar Signýju Guðbjörnsdóttur, en hafði þá í engu hreyft við framkvæmdum við húsið. Vegna vanefnda Signýjar á greiðslu kaupverðs eignarinnar stefndi varnaraðili henni fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur. Signý Guðbjörnsdóttir taldi galla á húseigninni og gagnstefndi varnaraðila og byggði þar á matsgerð matsmanna. Dómur í því máli var kveðinn upp 29. júní 1993.

Mál þetta snýst um ábyrgð sóknaraðila á þar dæmdum göllum á húsinu að Leiðhömrum 17, Reykjavík, sem lúti að óvönduðum frágangi á vindvörn hússins og galla á útidyrahurð.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að sé um galla að ræða á eigninni, séu þeir á ábyrgð varnaraðila. Byggist sú varnarástæða á ágreiningi um, í hvaða ástandi hafi átt að afhenda húsið varnaraðila. Jafnframt eru brigður bornar á, að sóknaraðila hafi verið tilkynnt um kröfur Signýjar Guðbjörnsdóttur vegna galla á húseigninni, fyrr en fyrirsvarsmaður hans var boðaður til vitnisburðar við aðalmeðferð máls hennar og varnaraðila. Af hálfu sóknaraðila er því mótmælt, að hann hafi nokkuð komið að matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna í því máli og telur hana ekki geta haft nokkurt gildi gagnvart sér.

Dóm þann, sem skar úr ágreiningi Signýjar og varnaraðila, skipuðu sérfróðir meðdómendur.

Í lok greinargerðar sóknaraðila í héraði er þess óskað, að aðilar og Signý Guðbjörnsdóttir komi fyrir dóm, jafnframt, að allir þeir, sem unnu að gerð hússins, verði leiddir sem vitni svo og matsmenn og dómendur (sic) máls Signýjar og varnaraðila. Með símbréfi 15. apríl, þremur dögum fyrir aðalmeðferð, óskaði lögmaður sóknaraðila síðan eftir því, að framangreind vitni yrðu einnig leidd fyrir dóm. Því var hafnað af varnaraðila með þeim rökum, að engin grein hefði verið gerð fyrir því undir rekstri málsins, hvað sanna skyldi með þessum vitnisburðum. Vitni þessi hafi ekki komið að húsbyggingunni, og ekki sé vitað til, að þeir hafi skoðað húsið.

Af hálfu sóknaraðila hefur því verið lýst fyrir Hæstarétti, að vitnin séu sérfræðingar um smíði húsa sem þessa og hyggist hann leiða þá sem slíka.

Í greinargerð sóknaraðila í héraði eru ekki brigður bornar á kunnáttu hinna dómkvöddu matsmanna til að framkvæma matið, heldur greinir aðila á um, hvor þeirra beri ábyrgð á göllunum. Þá óskar hann ekki eftir viðbótar- eða yfirmatsgerð. Málsástæður stefnda í héraði eiga að koma fram í greinargerð, sbr. 2. mgr. 99. gr. laga nr. 91/1991, og verður grundvelli máls ekki raskað án samþykkis stefnanda eftir það. Verður að fallast á það með varnaraðila að af hálfu sóknaraðila hafi ekki verið sýnt fram á, hvaða þýðingu þessi vitni hafa í málinu, sbr. 3. mgr. 46. gr. laga um meðferð einkamála. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar. Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Faghús hf., greiði varnaraðila, Kristjáni Geirssyni, 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 18. apríl 1994.

Vitni þau, sem að ofan eru nefnd, hyggst lögmaður stefnda leiða fram sem sérfræðinga um frágang og smíði timburhúsa almennt auk þess sem eitt vitnið er verkfræðingur Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Þessi vitni hafa ekki, að því er best verður séð, skoðað umrætt hús, sem um er deilt í máli þessu. Með vísan til 51. gr. laga nr. 91/1991 þykir verða að fallast á það með lögmanni stefnanda að umrædd vitni geti ekki vitnað um málsatvik í skilningi laganna eða svarað spurningum um atburði eða staðreyndir sem tengjast sakarefni þessu og þeir hafi kynnst af eigin raun, og verða vitni þessi því eigi leidd fyrir dóminn.

Miðvikudaginn 11. maí 1994.

Nr. 313/1993. **Ákæruvaldið**
(Sigríður Jósefsdóttir, settur saksóknari)
gegn
Óskari Mikaelssyni
(Kristján Stefánsson hrl.)

Staðgreiðsla opinberra gjalda. Bókhald. Fésekt.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu í heild sinni, en af hálfu ákæruvalds var því skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 28. júlí 1993 til þyngingar á refsingu og enn frekari sviptingar leyfis ákærða til fasteigna- og skipasölu.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti krafðist ákærði vægustu refsingar, sem lög leyfa, og sýknu af kröfu ákæruvaldsins um leyfissviptingu.

Nokkur ný gögn voru lögð fyrir Hæstarétt.

Eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi, er sannað, að ákærði vanrækti á árunum 1988 til 1990 skyldur sínar sem launagreiðandi samkvæmt lögum nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda á þann veg, sem í ákæru greinir. Nam sú fjárhæð, sem eigi voru staðin skil á til ríkissjóðs, 1.896.734 krónum. Þá lét ákærði undir höfuð leggjast að færa lögskipað bókhald á þessum tíma, þótt hann héldi fylgiskjölum til haga og fengi löggilta endurskoðendur sér til aðstoðar við gerð ársreikninga og skattframtala.

Með hliðsjón af framangreindu ber að fallast á niðurstöðu héraðsdómara um sakfellingu ákærða og færslu brota hans til refsiákvæða.

Ákærði fékk leyfi lögreglustjórans í Reykjavík til fasteignasölu 15. júní 1981, sbr. lög nr. 47/1938 um fasteignasölu. Með bréfi dómsmálaráðherra 16. ágúst 1988 fékk ákærði leyfi til þess að starfa sem fasteigna- og skipasali samkvæmt lögum nr. 34/1986 um fasteigna- og skipasölu. Ákærði naut sem slíkur réttinda og bar skyldur opinberra sýslunarmanna, sbr. 7. gr. laganna. Óhjákvæmilegt er að meta brot ákærða í ljósi þessa.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í fimm mánuði. Hann hefur ekki áður gerst sekur um brot gegn öðrum lögum en umferðarlögum. Hann varðveitti bókhaldsgögn, eins og að framan greinir, þótt hann færði eigi bókhald lögum samkvæmt, og hann gerði skilmerkilega grein fyrir þeim atriðum, sem rannsókn málsins beindist að. Þykir eftir atvikum rétt að fresta fullnustu refsingar ákærða skilorðsbundið, eins og nánar segir í dómsorði.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um fésekt og vararefsingu verður staðfest.

Ákærði skal sviptur leyfi til starfa sem fasteigna- og skipasali í sex mánuði frá uppsögu þessa dóms, sbr. 17. gr. laga nr. 34/1986 og 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Óskar Mikaelsson, sæti fangelsi í fimm mánuði. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu þessa dóms, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um fésekt og vararefsingu er staðfest.

Ákærði er sviptur leyfi til þess að starfa sem fasteigna- og skipasali í sex mánuði frá uppsögu þessa dóms.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest. Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 45.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 30. júní 1993.

Árið 1993, miðvikudaginn 30. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-72/1993: Ákæruvaldið gegn Óskari Mikaelssyni, sem dómtekið var 10. júní sl.

Málið dæmir Guðmundur L. Jóhannesson héraðsdómari.

Það er með ákæru, dagsettri 30. mars sl., höfðað gegn Óskari Mikaelssyni fasteignasala, Espilundi 10, Garðabæ, kt. 111243–4339, fyrir brot á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum um bókhald og almennum hegningarlögum í rekstri einkafyrirtækis síns, Hugins, fasteignamiðlunar, kt. 600482–0259, Borgartúni 24, Reykjavík, á rekstrarárunum 1988, 1989 og 1990.

I.

Ákærða er gefið að sök að hafa á ofangreindum árum vanrækt að skila skilagreinum um og standa ríkissjóði skil á kr. 1.896.734,00, sem hann hafði haldið eftir af launum eftirtalinna starfsmanna sinna, samkvæmt ákvæðum laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987, sbr. lög nr. 90/1987, heldur dregið sér féð og notað það í rekstur sinn.

Nafn starfsmanns og kennitala	Tímabil	Fjárhæð
Ása Ögmundsdóttir	jan.–des. 1988	kr. 313.211,00
181257–6529	jan.–sept. 1989	kr. 219.327,00
Haukur G. Garðarsson	jan.–des. 1988	kr. 349.398,00
010659–3459	jan.–des. 1989	kr. 666.217,00
Margrét Gunnlaugsdóttir Hansen		
110662–4649	okt.–des. 1989	kr. 30.929,00
Sigrún Jóhannesdóttir	mars–júní og	
080859–4309	sept.–des. 1990	kr. 317.657,00
	Samtals	kr. 1.896.739,00

Telst þetta varða við 1. og 7. mgr. 3. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda.

II.

Þá er ákærða, sem er bókhaldsskyldur samkvæmt 1. gr. og 8. tl. B-liðar 2. gr. laga nr. 51/1978 um bókhald, sbr. 3. gr. sömu laga, gefið að sök að hafa ekki haldið lögskipað bókhald á rekstrarárunum 1988, 1989 og 1990.

Telst þetta varða við 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 25. gr. laga nr. 51/1968 um bókhald.

Dómkröfur.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og verði með tilvísun til 1. mgr. 17. gr. laga nr. 34/1968 um fasteigna- og skipasölu, sbr. 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sviptur leyfi til að starfa sem fasteigna- og skipasali.

– – –

Málavextir.

I.

Með bréfi ríkisskattstjóra, dags. 15. apríl 1992, til Rannsóknarlögreglu ríkisins er ákærði kærður fyrir brot á lögum nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda. Við rannsóknardeild embættisins hafði þá farið fram athugun á launagreiðslum og staðgreiðsluskilum ákærða vegna reksturs einkafyrirtækis hans, Hugins, fasteignamiðlunar, rekstrarárin 1988, 1989 og 1990, og þótti sú athugun hafa leitt í ljós, að ákærði hefði í verulegum mæli brotið gegn ýmsum ákvæðum laga nr. 45/1987 með síðari breytingum. Einkum þóttu brot hans varða skil á afdreginni staðgreiðslu þeirra launþega er hjá honum höfðu starfað. Hann hefði vanrækt að skila skilagreinum vegna afdreginnar staðgreiðslu launamanna vegna ársins 1988 og ekki skilað skilagreinum vegna ársins 1989 fyrr en í september 1990 og þá án greiðslu. 6. apríl 1992 hefði enn ekki verið skilað skilagreinum vegna afdreginnar staðgreiðslu launamanna vegna ársins 1990. Einnig hafði komið í ljós, að verulegur dráttur hafði orðið á því að hann skilaði launaframtölum fyrir árin 1988 og 1989 og hafði hann ekki skilað framtali fyrir árið 1990 6. apríl 1992. Launabókhald fyrir framangreint tímabil hafði verið vanrækt að færa og því voru engin gögn til staðar varðandi launaútreikning, útreikning staðgreiðslu, nýtingu skattkorta né aðrar nauðsynlegar upplýsingar til ákvörðunar á staðgreiðslu launamanna.

Athugunin hafði hafist 1. ágúst 1991 með því að starfsmenn ríkisskattstjóra höfðu komið á starfsstöð ákærða að Borgartúni 24 í Reykjavík og rætt við ákærða. Bókhaldsgögn voru þá ekki til reiðu og hafði ákærði borið við nýlegum flutningum og að gögn vegna áranna 1989 og 1990 væru í vörslum Endurskoðunar og reikningsskila hf., sem höfðu séð um gerð skattframtals og ársreikninga vegna ársins 1989, en Guðlaugur R. Jóhannsson, löggiltur endurskoðandi, hafði séð um þetta vegna ársins 1988. Þann 2. ágúst 1991 hafði ákærði afhent þrjár fylgiskjalamöppur vegna ársins 1988, og í september 1991 voru svo afhentar þrjár fylgiskjalamöppur vegna ársins 1990 og sex möppur vegna ársins 1990.

Við athugun fylgiskjala þessara, upplýsinga launamanna, sem veittar voru vegna beiðni um leiðréttingar á afdregnum staðgreiðsluskatti, launaframtala ákærða fyrir árin 1988 og 1989 og skilagreina og sundurliðunar staðgreiðslu vegna ársins 1989 og svo með skýrslu af ákærða, kom í ljós, að ákærði hafði framangreint tímabil frá 1988 – 1990 haldið eftir staðgreiðslufé, kr. 1.944.156,00 en ekki skilað því og borið við peningaleysi. Er þetta byggt á launaseðlum starfsmanna ákærða.

Laun fastra starfsmanna kvað ákærði ákvarðaða með tvennum hætti. Annars vegar væru laun starfandi lögfræðings, sem ráðinn var upp á föst grunnlaun með hækkunum í samræmi við aðra í þjóðfélaginu, og hins vegar væru sölumenn, sem ráðnir væru upp á fasta prósentu af heildarsölu óháð því hvað hver um sig seldi. Sölumennirnir framvísuðu svo yfirliti um það, sem þeir töldu að selst hefði í mánuðinum og var komist að samkomulagi um greiðslu eftir yfirlitinu. Venjan var, að allir fengju greitt um mánaðamót, en þó gat fullnaðargreiðsla dregist um nokkra daga, en í þeim tilvikum kvittuðu starfsmenn fyrir móttöku innborgana á ónúmeraðar kvittanir. Ákærði eða starfsmaður hans hafði útbúið launaseðil vegna launa mánaðarins á undan, og annaðist ákærði um að greiða launin samkv. launaseðlunum og kvittuðu starfsmennirnir á launaseðlana um móttöku launanna, en ekki var gerð sérstök kvittun um endanlega greiðslu launanna. Þrjú börn ákærða, Benedikt, Birgitta og Björgvin, unnu nokkuð við fasteignasölu ákærða, en til undantekninga heyrði, að gerðir hefðu verið launaseðlar um laun þeirra og kvittanir fyrir móttöku launagreiðslna eru fáar og töldu starfsmenn rannsóknardeildar ríkisskattstjóra ógerlegt að segja til um laun þeirra eftir þessum gögnum. Fram kom hjá ákærða að minna hefði verið um formlegheit um greiðslur launa til barnanna og yfirleitt ekki verið um fullkomlega reglulegt uppgjör að ræða. Sum þeirra hafi unnið óreglulega og launin að jafnaði verið undir staðgreiðslumörkum.

Ákærði hefur athugað og yfirfarið öll gögn málsins og þær fjárhæðir og þá sundurliðun í ákæru um afdregna staðgreiðslu skatta af starfsmönnum Hugins, fasteignamiðlunar, og hefur ekki gert sérstakar athugasemdir við þau.

II.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa haldið eftir af launum starfsmanna sinna hjá Hugin, fasteignamiðlun, staðgreiðsluskatti, svo sem lýst er í II. kafla ákæru, án þess að gera skil á fjárhæð þeirra til hlutaðeigandi gjaldheimtu. Samtals er fjárhæðin kr. 1.896.734,00 fyrir árin 1988, 1989 og 1990 og er það í samræmi við það sem fram kemur á launaseðlum í bókhaldsgögnum ákærða v/Hugins og skýrslu rannsóknardeildar ríkisskattstjóra, en þó er það ekki tekið með þar, sem ákærði hafði skv. launaseðlum haldið eftir vegna barna sinna, sem störfuðu hjá honum. Ákærði kvað ekki hafa verið peninga til reiðu, er afdrátturinn fór fram, til að gera skil á staðgreiðsluskattsfénu, heldur hefðu komið inn peningar síðar, sem hefði átt að nota í þessi skil, en þeir hafi farið í annað. Hann kvað fjárhag einkafyrirtækisins og hans sjálfs persónulega hafa verið mjög þröngan á þessum tímum, en hann hafi verið að missa húseign sína á uppboði. Þá hafi hann lent í alvarlegu umferðarslysi á árinu 1989 og verið hætt kominn og hann ekki haft neinar vinnutekjur það árið. Hann kvað árin 1985–1986 hafa verið erfiðustu árin í fasteignasölunni vegna almenns samdráttar í fasteignasölunni og hefði greiðslugeta hans þá ekki verið í samræmi við skuldbindingar, sem hann hafði tekið á sig vegna rekstursins. Hann kvað þetta og svo slysið hafa valdið fjárhagsvandræðum hans. Ákærði hafði ekki enn, er hann kom fyrir dóm 10. júní sl., gert skil á staðgreiðsluskattinum.

III.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekki haldið lögskipað bókhald árin 1988–1990 svo sem lýst er í II. kafla ákæru. Þó að engar bókhaldsbækur hafi verið haldnar kvaðst ákærði hafa haldið til haga öllum bókhaldsgögnum, þ.e. öllum fylgiskjölum, sem vörðuðu fyrirtækið Hugin. Ákærði kvaðst ekki hafa haldið sjóðbækur vegna þess hve fyrirtækið var smátt í sniðum, en kvaðst þó hafa fengið um það ábendingu frá endurskoðanda sínum að hann yrði að færa sjóðbók. Ákærði kvaðst hafa verið undir handleiðslu löggilts endurskoðanda um, hvernig bókhaldinu var hagað, en ársreikningur vegna ársins 1988 liggi fyrir og hafi Guðlaugur R. Jóhannsson endurskoðandi gert hann, en ársreikninga vegna ársins 1989 hafði Sigurður T. Sigurðsson, endurskoðandi hjá Stoð – endurskoðun, og Reiknistofan hf. gert. Hann hafði og unnið að hluta bókhald fyrir ákærða árið 1990, en þar sem óuppgjört hafi verið við hann vegna vinnu hans, kvað hann verkinu ekki hafa verið lokið og vegna skuldarinnar kvað hann endurskoðandann hafa haldið gögnunum, svo að hann hafi ekki getað farið til annars endurskoðanda með þau. Ákærði kvað sér hafa verið ljóst, að það að fara með bókhaldsgögn til endurskoðanda var ekki fullnægjandi bókhald. Hann hafi haldið saman öllum nótum sem til féllu og persónulega hafi hann talið það nægjanlegt. Hann kvað hafa orðið breytingu á bókhaldi hans á árinu 1989, en þá fór hluti bókhaldsins í endurskoðun áður en árið var liðið og átti að vinna hálfsársuppgjör og svo átti að koma því í mánaðaruppgjör, en af því varð ekki þar sem bókhaldsgögnin hafi verið tekin.

Guðlaugur Reynir Jóhannsson endurskoðandi, Miðvangi 135, Hafnarfirði, kt. 250844–3879, bar vitni í málinu. Það hafði unnið bókhald fyrir ákærða vegna rekstrarársins 1988 og einnig hafði það tvívegis áður unnið að uppgjöri fyrir hann og í öll skiptin hafi hann verið síðbúinn með bókhaldsgögn og þá hafi allir frestir til að skila framtali verið liðnir. Það kvað bókhald ákærða í sambandi við launin hafa verið mjög ófullkomið og reyndar hafi ekkert bókhald verið fyrir hendi og hafði það byrjað á því að flokka niður fylgiskjöl og svo fært samkvæmt því allt í gegnum sjóð. Það hafði oftsinnis leiðbeint ákærða um, að það væri brot á bókhaldslögum að hafa ekki bókhald. Það kvað ekki hafa komið til þess, að það annaðist hliðstæða reikningsgerð fyrir ákærða árið 1989, þar eð ákærði hafði greitt því fyrir uppgjörið með víxlum, sem fóru í vanskil. Það kvað það ekki reglu, en það kæmi fyrir að einstaklingar með atvinnurekstur kæmu eingöngu með fylgiskjöl til að byggja á reikningsskil.

Vitnið Sigurður Tryggvi Sigurðsson endurskoðandi, Hnotubergi 31, Hafnarfirði, kt. 220357–2449, kvaðst hafa gert ársreikning fyrir fasteignasöluna Hugin fyrir rekstrarárið 1989 og áritað hann 21. ágúst 1990, og hafði hann verið unninn þannig, að ákærði hafði komið til þess með tvær möppur með fylgiskjölum og var hann þá búinn að sundurliða alla kostnaðarreikninga og bað það að stilla þessu upp í ársreikning, sem það gerði. Það kvað engar bækur eða annað hafa verið til grundvallar gerð ársreikningsins. Það kvað söluna hafa verið byggða á söluskýrslu, sem ákærði hafði sent til skattyfirvalda. Það kvaðst aðallega hafa spurt ákærða eða gert athugasemdir við hann vegna sölunnar, en það hafi aldrei séð reikninga sem lágu að baki söluskýrslunni, en ákærði hafi fullyrt að sölureikningarnir hafi verið í samræmi við skýrslurnar og það tekið hann trúanlegan, stillt upp ársreikningnum miðað við það. Það kvað ekki hafa verið unnt að stemma af neinar peningalegar hreyfingar, t.d. í sambandi við laun barna ákærða, þar eð ákærði hafði ekki fært neina sjóðbók og greiðslurnar fóru ekki í gegnum tékkareikning hjá honum. Vitnið kvaðst ekki hafa gert ársreikning fyrir árið 1990, vegna þess, að það hafi viljað fá gleggri gögn ef það átti að færa bókhaldið, og það vildi þá hafa það í lagi. Það kvað ákærða ekki hafa verið með númeraða reikninga eins og honum bar, heldur hafði hann verið með reikninga úr blokkum sem hann hafði keypt í búð og margar blokkir verið í gangi og það viljað að hann gengi frá þeim í númeraðri röð, svo að unnt væri að stemma þá af; þar eð ekki var við að styðjast sjóðbækur eða tékkareikning til afstemmunar. Það kvað ákærða hafa ætlað að ganga frá þessu og koma með gögnin svo til þess, en hann hafi ekki gert það enn. Vitnið hafði gengið frá launaframtali fyrir ákærða sem byggt var á launaseðlum um aðra starfsmenn ákærða en börn hans, en um þau útbjó það launamiða samkv. fyrirsögn ákærða. Vitnið sagði að það væri nokkuð algengt við gerð reikningsskila og uppgjör fyrir einstaklinga í atvinnurekstri, að þeir gæti greiðslugagna og haldi saman í möppum og komi til endurskoðenda til að byggja á við reikningsskilin. Það sagði að þó að lögin segi að það beri að halda sjóðbók og allar greiðslur eigi að fara í gegnum tékkareikning þá sé mjög lítið um að slíku sé til að dreifa þegar á heildina sé litið og því sé byggt á bókhaldsgögnunum sjálfum og setji endurskoðendur ekki fyrir sig að setja upp reikningsskil á grundvelli slíkra gagna og telji sig geta staðið á því, af því að gögnin séu á bak við, þó að formlegheitum sé ekki fullnægt.

IV.

Niðurstöður.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur fram lögð gögn, og með vætti vitna er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um að vanrækja að gera skil á skilagreinum um staðgreiðsluskatta sem honum bar að halda eftir af launum starfsmanna rekstrarárin 1988, 1989 og 1990 og hann gerði ekki heldur skil á skattfénu, svo sem lýst er nánar í II. kafla ákæru. Það er mat réttarins að við launauppgjör beri launagreiðanda að aðgreina frá öðru rekstrarfé fyrirtækisins það skattfé, sem hann dregur frá launum, og hafa það eigi saman við annað rekstrarfé, ef erfiðleikar eru í rekstrinum, svo að hætta sé á að ekki sé unnt að greiða fé innan lögskipaðs frests. Við slíkar aðstæður beri launagreiðanda að takmarka launagreiðslur þannig, að af þeim peningum, sem til reiðu eru við uppgjörið, sé haldið eftir nægjanlegu fé fyrir skattinum, þó að það leiði til þess að hlutaðeigandi starfsmaður fái þó ekki laun sín að fullu greidd og a.m.k. gangi þær tekjur, sem síðar koma, fyrst til greiðslu skattsins, áður en önnur útgjöld eru greidd, ef ekki er fylgt framangreindri reglu. Það er á engan hátt réttlætanlegt, að ákærði skuli um þriggja ára skeið draga að gera skil á staðgreiðsluskatti, þrátt fyrir það að hann er með fyrirtæki sitt, Hugin, fasteignamiðlun, í fullum rekstri, og því ljóst, að tekjur þær, sem hefðu átt að fara í greiðslu þessara skatta, hafi farið í rekstur fyrir fyrirtækið, þ.á m. í nýjar launagreiðslur, og svo til að leysa fjárhagsleg vandræði hans sjálfs svo sem fram kemur í framburði hans.

Ákærði hefur með þessu brotið 1. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987. Þó að rekstur ákærða teljist ekki mjög umfangsmikill, er það mjög vítavert af hans hálfu að sniðganga með öllu lög nr. 45/1987, en hér er um mörg sams konar brot að ræða, þar sem greint 3ja ára tímabil bar honum að skila skilagreinum um afdregna staðgreiðsluskatta af starfsmönnum sínum svo og afdregnu skattfé mánaðarlega og verður því að telja að hér sé um svo miklar sakir að ræða, að 7. mgr. 30. gr. laganna eigi við.

Þá er með sama hætti sannað, að ákærði heldur ekki það bókhald, sem honum er skylt samkv. lögum nr. 51/1968, en sem fasteignasala bar honum skv. 8. tl., B-lið, 2. gr. laganna, sbr. 3. gr., að halda tvíhliða bókhald, og leysir það hann ekki undan ábyrgð, að hann lætur endurskoðendur vinna eftir á upp úr bókhaldsgögnum ársreikning og reikningsskil, þó að einhver brögð séu að slíkum vinnubrögðum.

Starfsemi ákærða er þannig vaxin, að mjög miklu getur skipt fyrir viðskiptamenn hans, að bókhaldið sé fært reglulega. Hann hefur því með því að færa ekki bókhald fyrir árin 1988, 1989 og 1990 brotið þær lagagreinar, sem tilgreindar eru í II. kafla ákæru.

Sakaferill ákærða.

Á tímabilinu frá 1979 til 1992 hafa verið gerðar fjórar sáttir við ákærða fyrir brot á umferðarlögum, þar sem honum hefur verið gert að greiða sektir og í eitt skipti, 22. okt., gert að hlíta ökuleyfissviptingu í 1 mánuð.

Refsingar o.fl.

Ákærði hefur unnið til refsinga samkvæmt framangreindum refsiákvæðum og þykir við refsimatið bera að taka tillit til þess, að þrátt fyrir það að hann stæði sig ekki með að færa bókhaldið eins og vera bar, hélt hann utan um bókhaldsgögn og kom til endurskoðenda vegna reikningsskila.

Þegar öll atvik í málinu eru virt þykir refsingin með hliðsjón af 57. gr. a og 77. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 101/1976, hæfilega ákveðin þannig, að ákærði sæti varðhaldi í 1 mánuð, en sæti auk þess fangelsi í 2 mánuði, en rétt þykir að fresta fullnustu þeirrar refsingar og að hún falli niður að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð samkvæmt 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, og þar að auki greiði hann í sekt til ríkissjóðs krónur 1.000.000,00 innan 4ra vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella fangelsi í 2 mánuði.

Ákærða áttu miðað við menntun sína og starf að vera ljósar skyldur sínar skv. bókhaldslögum nr. 51/1986 og lögum nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra skatta, og þegar höfð er hliðsjón af því, hversu gróflega hann þverbrýtur þessi lög svo sem lýst er að framan, þykir bera með vísun í 17. gr. laga nr. 34/1986 og 2. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940 að svipta hann leyfi til að starfa sem fasteigna- og skipasali í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber ákærða til greiðslu sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, sem ákveðast kr. 80.000,00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Jónatans Sveinssonar hrl., sem ákveðast kr. 90.000,00, auk virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Ákærði, Óskar Mikaelsson, sæti varðhaldi í 1 mánuð.

Ákærði sæti enn fremur fangelsi í 2 mánuði, en fresta skal fullnustu þeirrar refsingar og niður skal hún falla að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi hann almennt skilorð samkvæmt 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði og 1.000.000,00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 2ja mánaða fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4ra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal frá birtingu dómsins sviptur leyfi til að starfa sem fasteigna- og skipasali í 3 mánuði.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 80.000,00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Jónatans Sveinssonar hrl., kr. 90.000.00.

Miðvikudaginn 11. maí 1994.

Nr. 20/1991. **Kaupþing hf.**
(Kjartan Ragnars hrl.)
gegn
þrotabúi Persíu hf.
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Gjaldþrotaskipti. Skuldaröð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. janúar 1991. Hann gerir eftirfarandi dómkröfur: „Aðalkrafa: að við skipti á þrotabúi Persíu hf. verði söluandvirði eignarhluta fasteignar að Lynghálsi 9, („Krókháls 10, eignarhluti 02-02“), Reykjavík, samkv. kaupsamningi milli þrotabús Persíu hf. og Reykjavogs hf., dags. 4. september 1990, kr. 4.500.000,-, auk áfallinna og áfallandi bankavaxta til greiðsludags, úthlutað áfrýjanda af óskiptu (utan skuldaraðar). Varakrafa: að krafa áfrýjanda, að fjárhæð kr. 10.281.405,-, auk dráttarvaxta samkv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 1. okt. 1987 til greiðsludags verði viðurkennd sem krafa tryggð með veði eða öðrum tryggingarréttindum í þrotabúinu, sbr. 1. og 2. mgr. 83. gr. laga nr. 3/1878.“ Í báðum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er staðfestur.

Áfrýjandi, Kaupþing hf., greiði stefnda, þrotabúi Persíu hf., 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 24. október 1990.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 26. september 1990.

Sóknaraðili, Kaupþing hf., Reykjavík, gerir þær dómkröfur aðallega að við yfirstandandi skipti á þrotabúi Persíu hf., Reykjavík, verði krafa hans, að fjárhæð kr. 10.281.405,00, auk dráttarvaxta samkv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. okt. 1988 til greiðsludags, viðurkennd sem krafa utan skuldaraðar, en til vara sem „krafa tryggð með veði eða öðrum tryggingarréttindum í búinu, sbr. 1. og 2. mgr. 83. gr. laga nr. 3/1878, og sóknaraðila þannig úthlutað upp í kröfu sína á undan öðrum kröfuhöfum í þrotabúi Persíu hf.“. Í báðum tilvikum krefst sóknaraðili þess, að sér verði dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi varnaraðila, en til vara að málskostnaður verði felldur niður, fari svo að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili, þrotabú Persíu hf., Reykjavík, gerir þær kröfur að hafnað verði kröfum sóknaraðila í málinu og að því verði slegið föstu að krafa sóknaraðila í þrotabú Persíu hf., að fjárhæð kr. 10.281.405,00, hafi stöðu almennrar kröfu í búinu. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar úr hendi sóknaraðila að mati réttarins.

Sáttaumleitanir dómarans hafa ekki borið árangur.

Bú Persíu hf., Reykjavík, var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 26. ágúst 1988 að beiðni stjórnar félagsins. Við upphaf skiptameðferðar á búinu var Skarphéðinn Þórisson hæstaréttarlögmaður ráðinn bústjóri þrotabúsins til bráðabirgða og á fyrsta skiptafundi þess 12. desember 1988 var hann kosinn skiptastjóri þess.

II.

Sóknaraðili gerir þá grein fyrir málavöxtum að hið gjaldþrota félag, Persía hf., hafi með kaupsamningum í desember 1986 og febrúar 1987 selt Blaðaprenti hf. og Sportvörum hf. tvær fasteignir að Lynghálsi 9 í Reykjavík. Annars vegar hafi verið um að ræða svokallað „syðra hús“, sem skyldi vera 2855 fermetra bygging á fjórum hæðum, og hins vegar svonefnt „nyrðra hús“, sem skyldi vera tvær hæðir og kjallari og um það bil 2200 fermetrar. Eins og fram komi í kaupsamningum um þessar eignir hafi framkvæmdir við byggingu húsa þessara ekki verið byrjaðar þegar kaupsamningarnir voru gerðir. Í reynd hafi því a.m.k. öðrum þræði verið um verksamninga að ræða, enda vísað um ákveðna þætti til verklýsingar Línuhönnunar hf., sem beri yfirskriftina Verksamningur og skoðist sem hluti af kaupsamningum þessum. Samkvæmt kaupsamningunum skyldu kaupendur greiða seljanda eftir því sem framkvæmdum við húsin miðaði áfram. Afhending nyrðra hússins skyldi fara fram í september 1987, en syðra hússins í nóvember 1987.

Á árinu 1987 hafi risið ágreiningur með seljanda og kaupendum, einkum þó Blaðaprenti hf., um framkvæmd kaupsamninganna. Megi segja að klögumál milli aðila hafi gengið á víxl allt árið 1987 og raunar lengur. Kaupendur hafi talið sig verða fyrir tjóni vegna dráttar á afhendingu, sem fyrirsjáanlegur varð sumarið 1987, en seljandi hafi talið að ýmsar breytingar á mannvirkjunum að kröfu kaupenda og ýmsar vanefndir þeirra hefðu gert seljanda ókleift að standa við áætlanir samkvæmt samningum.

Helsta vandamál Persíu hf. við mannvirkjagerð þessa hafi verið fjármögnun. Hafi þar hvort tveggja valdið að eiginfjárstaða félagsins var slæm og að fyrirsvarsmenn félagsins töldu að ýmsar vanefndir Blaðaprents hf. hefðu stórum torveldað Persíu hf. að útvega fé til framkvæmdanna. Haustið 1987 hafi Persía hf. leitað til sóknaraðila um lánsfé. Sóknaraðili hafi ákveðið að lána félaginu kr. 6.880.000,00 til framkvæmda í nyrðra húsinu að Lynghálsi 9. Persía hafi ekki getað sett nein veð til tryggingar lánum þessum og hafi því verið ákveðið að félagið framseldi rétt sinn til tiltekinna greiðslna frá kaupendum áðurgreindra fasteigna samkvæmt kaupsamningum þeim sem áður voru greindir. Þannig hafi sóknaraðili fengið framseldan rétt Persíu hf. samkvæmt kaupsamningi þess félags við Blaðaprent hf. til þriggja greiðslna, samtals að fjárhæð kr. 4.200.000,00, og til einnar greiðslu sem Persía hf. átti að fá samkvæmt kaupsamningi við Sportvörur hf. (síðar Filmur og prent hf.), að fjárhæð kr. 2.680.000,00.

Sóknaraðili hafi talið að með þessum framsölum hafi hann fengið fullnægjandi tryggingar fyrir umræddum lánveitingum til Persíu hf. Til öryggis hafi hann þó fengið þinglýst yfirlýsingum eða kvöðum á nyrðra húsið að Lynghálsi 9.

Sóknaraðili kveðst hafa tilkynnt Blaðaprenti hf. og Sportvörum hf. um framsal Persíu hf. á áðurgreindum kröfum samkvæmt kaupsamningum þeim sem hér um ræðir.

Sóknaraðili kveður sér hafa reynst ógerlegt að fá hinar framseldu kröfur greiddar. Hafi sóknaraðili því höfðað mál á hendur Persíu hf. fyrir bæjarþingi Reykjavíkur þar sem krafist var greiðslu á kr. 6.880.000,00 auk vaxta og jafnframt gerð krafa um staðfestingu á umræddum kröfuframsölum. Dómur hafi gengið um þessar kröfur 27. september 1988 og hafi allar kröfur sóknaraðila þar verið teknar til greina. Áður hafi það hins vegar gerst að bú Persíu hf. hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta, þ.e. hinn 26. ágúst 1988.

Sóknaraðili kveðst hafa lýst kröfu sinni í þrotabú Persíu hf. 29. september 1988 og gert kröfu um að staða hans sem sértökumanns yrði viðurkennd „hvað varðar hinar framseldu greiðslur", en til öryggis hafi kröfunni verið lýst sem almennri kröfu. Bústjóri þrotabúsins hafi aðeins viðurkennt kröfuna sem almenna kröfu.

Þrotabú Persíu hf. hafi afsalað umræddum tveimur fasteignum að Lynghálsi 9 til Blaðaprents hf. og Sportvara hf., en síðastnefnt félag heiti nú Filmur og prent hf. Þetta hafi verið gert með afsölum, dagsettum 26. október og 2. nóvember 1988. Eignunum hafi verið afsalað í því ástandi, sem þær voru, þegar Persía hf. hætti framkvæmdum, og samkvæmt sérstöku samkomulagi við kaupendur dags. 27. október og 2. nóvember 1988. Uppgjör hafi samkvæmt því farið fram með þeim hætti að kaupendur tóku að sér að greiða veðskuldir á nyrðra húsinu sem taldar voru nema ca. kr. 10 millj. Jafnframt hafi þeir skuldbundið sig til að létta veðskuldum af ca. 300 fermetra eignarhluta þrotabúsins á 1. hæð í nyrðra húsinu og skyldi þrotabúið því eiga þann eignarhluta veðbandalausan að undanskildum fjárnámum. Eignarhluti þessi sé eina eign þrotabús Persíu hf. og sé hann talinn vera ca. 4 milljóna króna virði. Telur sóknaraðili að úthluta eigi honum af óskiptu eða á undan öðrum kröfuhöfum þar sem ljóst sé að þessi eignamyndun þrotabúsins hafi orðið með hinum framseldu greiðslum og sé eignarhlutinn því í raun ígildi hinna framseldu greiðslna. Telur sóknaraðili að þar sem fyrir liggi að Persía hf. hafi efnt kaupsamninga við kaupendur í þeim mæli að hinar framseldu greiðslur hafi orðið gjaldkræfar, hljóti að verða að viðurkenna eignarrétt sóknaraðila að greiðslum þessum eða tryggingarrétt, og þar sem greiðslurnar séu ekki sérgreindar í gögnum þrotabúsins, hljóti þessi eignarréttur eða tryggingarréttur að færast yfir á þau verðmæti þrotabúsins sem orðið hafi til með hinum framseldu greiðslum, en það telur sóknaraðili hafa gerst með áðurgreindum afsölum og samkomulagi þrotabúsins við kaupendur eignanna, þ.e. Blaðaprent hf. og Filmur og prent hf. Telur sóknaraðili einsýnt að hinar framseldu greiðslur hafi verið notaðar til að reisa nyrðra húsið að Lynghálsi 9.

Það er málsástæða sóknaraðila að með framsölum Persíu hf. til sóknaraðila á greiðslum samkvæmt umræddum kaupsamningum og með tilkynningu til skuldaranna „og með öðrum hætti" hafi sóknaraðili öðlast handveðsréttarígildi í greiðslum þessum. Telur sóknaraðili að gjaldþrot Persíu hf. geti þannig engin áhrif haft á rétt hans til að fá viðurkenndan eignarrétt að eða veðrétt (tryggingarrétt) í þessum greiðslum að því leyti sem sóknaraðila tekst að sýna fram á að hinar framseldu greiðslur hafi verið inntar af hendi til Persíu hf. og félagið ráðstafað þeim til að efna kaupsamningana.

Um lagarök fyrir þessum kröfum vísar sóknaraðili til 2. tl. 24. gr. laga nr.

6/1978 þar sem beinlínis sé tekið fram að gjaldþrot breyti ekki rétti þeirra sem fyrir upphaf þess eiga handveðsígildi í eignum skuldara. Jafnframt vísar sóknaraðili til 25. gr. laga nr. 6/1978 og IX. kafla laganna og 2. og 2. mgr. (sic) 83. gr. laga nr. 3/1878.

Í þeim kafla greinargerðar sóknaraðila, sem fjallar um lagarök, segir m.a.: „Ef sóknaraðili þurfi að sæta því að krafa hans verði einungis viðurkennd sem almenn krafa í þrotabú Persíu hf. sé ljóst að gjaldþrot Persíu hf. valdi sóknaraðila stórfelldu tjóni sem honum sé óskylt að þola með vísan í 2. tl. 24. gr. laga nr. 6/1978. Þá bendir sóknaraðili á að ákveði sóknaraðili að sækja hinar framseldu greiðslur til Blaðaprents hf. og Filma og prents hf., yrði því mjög sennilega teflt fram sem sýknuástæðu í slíku máli að sóknaraðili hefði ekki freistað þess að fá hinar framseldu greiðslur úr þrotabúi Persíu hf. Þá telur sóknaraðili, að öll sanngirnisrök standi til þess að viðurkenna kröfur hans þar sem ljóst sé að nyrðra hús að Lynghálsi 9 hefði ekki risið nema til hefði komið lánveiting sóknaraðila til Persíu hf. til að fjármagna þessar framkvæmdir.“

Loks vísar sóknaraðili til þinglýstra yfirlýsinga sem hann telur að hafi í för með sér veð- eða tryggingarrétt í fasteigninni að Lynghálsi 9, nyrðra húsi, sem leiði til þess að taka beri kröfur hans í máli þessu til greina.

Undir rekstri málsins hefur sóknaraðili fallið frá þeirri málsástæðu sinni að Persía hf. hafi fengið greiddar einhverjar af þeim greiðslum sem sóknaraðili hafi átt að fá frá Blaðaprenti hf. og frá Filmum og prenti hf. á grundvelli framsala frá Persíu hf.

Varnaraðili kveður Persíu hf. hafa verið byggingarfyrirtæki, sem undir lokin hafi aðeins haft eitt verkefni, þ.e. byggingu tveggja sérgreindra húsa á lóðinni að Lynghálsi 9 í Reykjavík. Fasteignir þessar hafi félagið selt áður en byrjað var á framkvæmdum og hafi kaupendur verið þrír, Blaðaprent hf., Hilti sf. og Filmur og prent hf. Af þessum kaupendum hafi Blaðaprent hf. keypt stærstan hluta umræddra fasteigna.

Bygging fasteigna þessara hafi gengið mjög illa og framkvæmdir dregist úr hófi og langt umfram þau tímamörk sem tiltekin voru í kaupsamningum. Ásakanir hafi gengið á víxl um það hver bæri ábyrgð á drætti á framkvæmdum.

Þegar bú Persíu hf. hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta hafi Hilti sf. verið búið að fá afsal fyrir sínum eignarhluta en ekki hinir kaupendurnir, enda hafi Persía hf. átt langt í land með að koma byggingum þessum í umsamið ástand.

Af hálfu þrotabúsins hafi mikil vinna verið í það lögð að meta stöðuna með tilliti til umræddra kaupsamninga, en ljóst hafi verið að þrotabúið hafði engar eignir til að standa undir framkvæmdum af nokkru tagi. Bústjóri þrotabúsins hafi komist að þeirri niðurstöðu um þessi efni að enginn vafi léki á því að Persía hf. bæri meginábyrgð á þeim drætti sem orðið hefði á framkvæmdum og væri því bótaábyrg gagnvart viðsemjendum sínum. Jafnframt hafi hann talið ljóst að mjög hallaði á viðsemjendur Persíu hf., þ.e. að mun dýrara yrði að ljúka framkvæmdum við byggingarnar heldur en næmi ógreiddum hluta söluverðs þeirra. Enn fremur hafi hvílt veðskuldir á hinum seldu eignum, að fjárhæð um það bil kr. 11.000.000,00, sem Persía hf. hafi skuldbundið sig til að aflétta en ekki staðið við.

Af hálfu þrotabúsins hafi verið talið eðlilegast í ljósi þessara aðstæðna að ganga til samninga við viðsemjendur Persíu hf. um að þeir yfirtækju fasteignirnar í því ástandi sem þær voru þegar Persía hf. hætti framkvæmdum. Þeir samningar liggi frammi í málinu.

Af hálfu varnaraðila eru kröfur í málinu á því reistar að framsöl Persíu hf. á rétti til greiðslna samkvæmt kaupsamningum geti ekki haft neina þýðingu varðandi vanefndaúrræði viðsemjenda Persíu hf. Kaupsamningur sé ekki viðskiptabréf og því hafi kaupendur viðkomandi fasteigna getað haft uppi þær varnir gegn slíkum kröfum sem við áttu. Því sé útilokað að skilgreina framsal greiðslna samkvæmt kaupsamningi sem handveðsréttarígildi og eigi tilvitnanir sóknaraðila til réttarheimilda ekki við í þessu sambandi.

Varnaraðili heldur því fram, að handveð eða handveðsréttarígildi hafi ekki getað stofnast vegna viðskipta, eins og átt hafi sér stað milli sóknaraðila og Persíu hf. Jafnframt sé ljóst að almenn veðréttindi hafi ekki stofnast vegna þeirra viðskipta. Sé þá spurning hvort einhvers konar önnur tryggingarréttindi hafi myndast við þessi viðskipti og telur varnaraðili að ekki verði séð að nein ákvæði séu til í íslenskri löggjöf sem leiði til óskilgreindra tryggingarréttinda sem taki til viðskipta sem þessara. Af þessu öllu leiði að kröfu sóknaraðila í búið verði að flokka sem almenna kröfu.

Varnaraðili heldur því fram, að yfirlýsing sú, sem sóknaraðili fékk þinglýst á Lyngháls 9, þess efnis, að ekki megi afsala umræddum fasteignum án samþykkis sóknaraðila, sé þýðingarlaus fyrir úrslit í máli þessu. Á hana hafi reynt fyrir þinglýsingardómi þegar varnaraðili afsalaði Blaðaprenti hf. og Filmum og prenti hf. viðkomandi fasteignum og hafi þeim afsölum verið þinglýst athugasemdalaust.

Varnaraðili heldur því fram að honum hafi verið heimilt að ganga til samninga við Blaðaprent hf. og Filmur og prent hf. með þeim hætti sem gert hafi verið og að með því hafi ekki verið gengið á rétt sóknaraðila. Sóknaraðili hafi með framsölum umræddra krafna í raun fengið ígildi umboðs til að taka við greiðslum til Persíu hf. ef þær greiddust á annað borð.

Ef þær greiddust ekki hafi sóknaraðili einungis átt almenna kröfu á Persíu hf. án nokkurra sérstakra tryggingarréttinda í eignum félagsins.

Af hálfu varnaraðila er lögð áhersla á það að við upphaf skiptameðferðar á þrotabúi Persíu hf. hafi engir fjármunir verið til staðar í þrotabúinu. Mótmælir varnaraðili bæði aðal- og varakröfu sóknaraðila og telur þær skorta lagastoð. Við meðferð málsins hefur Einar S. Sigurjónsson viðskiptafræðingur, sem var framkvæmdastjóri hins gjaldþrota félags og átti sæti í stjórn þess, gefið munnlega skýrslu fyrir réttinum.

Persía hf. lenti í verulegum fjárhagserfiðleikum við byggingarframkvæmdir á lóðinni nr. 9 við Lyngháls í Reykjavík en þar stóð félagið fyrir byggingu tveggja stórra húsa sem ætluð voru til reksturs atvinnustarfsemi. Félagið hafði selt stærstan hluta beggja þessara húsa áður en byrjað var að reisa þau.

Persía hf. leitaði til sóknaraðila um fjárhagsfyrirgreiðslu til að fjármagna umræddar byggingarframkvæmdir. Varð samkomulag með þessum aðilum um að sóknaraðili léti Persíu hf. í té peninga gegn framsali á tilteknum kröfum sem Persía hf. átti á hendur aðilum sem keypt höfðu tiltekna hluta af þeim húsum sem rísa áttu að Lynghálsi 9.

Annars vegar var um að ræða kröfur samkvæmt kaupsamningi Persíu hf. við Blaðaprent hf. um efstu hæð í „fyrirhuguðu húsi“ að Lynghálsi 9 (nyrðra húsi) en sá kaupsamningur er dagsettur 8. desember 1986. Í þeim kaupsamningi er heildarverð fyrir hið selda ákveðið kr. 11.619.720,00 og skyldi greiðast með peningum kr. 10.100.000,00 og með skuldabréfum kr. 1.519.720,00. Skipting peningagreiðslna er í samningi þessum ákveðin þannig:

1.	Við undirritun samnings	Kr.	1.600.000,00
2.	Uppsteypt jarðhæð	-	1.400.000,00
3.	Uppsteypt 1. hæð	-	1.400.000,00
4.	Uppsteypt 2. hæð	-	1.400.000,00
5.	Fokhelt	-	1.400.000,00
6.	Gler og þak	-	1.400.000,00
7.	Við afhendingu	-	1.500.000,00

Persía hf. framseldi sóknaraðila af þessum kröfum þær sem greinir í 3., 4. og 5. tölulið, en þessir kröfuliðir nema samtals kr. 4.200.000,00. Samhliða framsalinu undirrituðu fulltrúi sóknaraðila og stjórn Persíu hf. yfirlýsingu um „eignarbönd á 2. hæð (efstu hæð) húseignarinnar (sic) nr. 9 við Lyngháls í Reykjavík“ en meginmál hennar hljóðar svo:

> Persía hf. skuldbindur sig sem þinglýstur eigandi efstu hæðar (2. hæð) í húsinu nr. 9 við Lyngháls í Reykjavík til þess að gefa ekki út

> afsal vegna eignarinnar né þinglýsa eða heimila þinglýsingu veðbanda vegna fjárskuldbindinga eða annarra kvaða á téða eign án samþykkis Kaupþings hf.
>
> Þessu til staðfestu skal innfærð í veðmálabækur borgarfógetaembættisins neðangreind kvöð:
>
> Þinglýsing afsals, tryggingar fjárskuldbindinga eða annarra eignarhafa (sic) á 2. hæð (efstu) í húsinu nr. 9 við Lyngháls í Reykjavík er óheimil án samþykkis Kaupþings hf.
>
> Ofangreinda kvöð má einungis afmá úr veðmálabókum með yfirlýsingu Kaupþings hf.

Enn fremur framseldi Persía hf. sóknaraðila kröfu samkvæmt kaupsamningi Persíu hf. við Sportvörur hf. (síðar Filmur og prent hf.), dagsettum 2. febrúar 1987. Samkvæmt þeim samningi seldi Persía hf. Sportvörum hf. 400 fermetra á miðhæð (1. hæð) í fyrirhuguðu húsi Krókháls megin, vesturenda. Söluverð var kr. 6.360.000,00 og skyldi greiða þannig:

1.	Við undirskrift samnings víxill pr. 10.05. 1987	kr.	1.000.000,00
2.	Hin selda hæð uppsteypt (hæðin veðhæf)	kr.	2.680.000,00
3.	Fullbúið að utan skv. samn. eigi fyrr en 1. des. 1987	kr.	1.340.000,00
4.	Við afsal	kr.	1.340.000,00

Persía hf. framseldi sóknaraðila kröfu samkvæmt 2. tölulið í þessum kaupsamningi.

Sóknaraðili tilkynnti viðsemjanda Persíu hf. um framsalið og að greiðslan skyldi innt af hendi hjá sóknaraðila eða þeim, sem hann vísaði til. Jafnframt undirrituðu sóknaraðili og stjórn Persíu hf. yfirlýsingu, sem er efnislega svohljóðandi:

> Persía hf. skuldbindur sig sem þinglýstur eigandi 400 fermetra húsnæðis á 1. hæð (miðhæð) í húsinu (sic) nr. 9 við Lyngháls í Reykjavík til þess að gefa ekki út afsal vegna eignarinnar né þinglýsa eða heimila þinglýsingu veðbanda vegna fjárskuldbindinga eða annarra kvaða á téða eign án samþykkis Kaupþings hf.
>
> Þessu til staðfestu skal innfærð í veðmálabækur borgarfógetaembættisins neðangreind kvöð:
>
> Þinglýsing afsals, tryggingar fjárskuldbindinga eða annarra eignarhafa (sic) á 400 fermetra húsnæði á 1. hæð (miðhæð) í húsinu nr. 9 við Lyngháls í Reykjavík er óheimil án samþykkis Kaupþings hf.
>
> Ofangreinda kvöð má einungis afmá úr veðmálabókum með yfirlýsingu Kaupþings hf.

Ágreiningur varð með Persíu hf. og viðsemjendum félagsins um efndir á kaupsamningum þeim sem hér um ræðir. Töldu viðsemjendur hins gjaldþrota félags sér heimilt að halda eftir greiðslum til Persíu hf. vegna vanefnda á skyldum seljanda samkvæmt samningunum. Samkvæmt yfirlýsingum málsaðila ber að leggja til grundvallar niðurstöðu í máli þessu, að Persía hf. hafi ekki fengið þær greiðslur frá kaupendunum sem framseldar voru sóknaraðila. Skuld Persíu hf. við sóknaraðila, sem framsölin áttu að tryggja, hafði við upphaf skiptameðferðar á þrotabúi Persíu hf. ekki verið greidd.

Við upphaf skiptameðferðar á þrotabúi Persíu hf. töldu fyrirsvarsmenn Blaðaprents hf. og Filma og prents hf. að Persía hf. hefði vanefnt skyldur sínar samkvæmt umræddum kaupsamningum í svo ríkum mæli að þeim væri óskylt að greiða meira af umsömdu kaupverði en þeir hefðu þegar gert. Enn fremur var því haldið fram af hálfu Blaðaprents hf., að verulegir gallar hefðu verið á þeim verkþáttum, sem Persía hf. hefði þegar lokið við, og myndi kosta verulegt fé að bæta úr þeim.

Fljótlega eftir að bú Persíu hf. hafði verið tekið til gjaldþrotaskipta hófust viðræður milli þrotabúsins og þeirra viðsemjenda hins gjaldþrota félags sem hér koma við sögu. Var Blaðaprent hf. þá komið með starfsemi sína í syðra húsið að Lynghálsi 9 en nyrðra húsið var mun skemmra á veg komið. Samningaviðræður þrotabúsins og þessara aðila tóku nokkurn tíma og lauk þeim með sérstöku samkomulagi við hvorn þeirra. Féllst þrotabúið á að gefa þessum aðilum út afsöl fyrir þeim hlutum fasteignarinnar sem kaupsamningar þeirra vörðuðu án þess að frekari kröfur væru gerðar um peningagreiðslur frá kaupendum til þrotabúsins. Við munnlegan flutning málsins var því lýst yfir af hálfu sóknaraðila að hann teldi samninga þrotabúsins við kaupendurna ekki vera óforsvaranlega miðað við aðstæður.

Sóknaraðili lýsti kröfu í þrotabú Persíu hf. Hafði sóknaraðili vegna dráttar á greiðslum samkvæmt framsalssamningunum stefnt Persíu hf. fyrir hinn almenna dómstól í héraði og krafist greiðslu umræddra fjárhæða og til að þola staðfestingu á framsalssamningunum. Voru kröfur sóknaraðila í skuldamáli þessu teknar til greina með dómi bæjarþings Reykjavíkur 7. september 1988. Í því máli var hvorki Blaðaprenti hf. né Filmum og prenti hf. stefnt og engar kröfur gerðar á hendur þessum félögum.

Í kröfulýsingu sóknaraðila í þrotabú Persíu hf. eru kröfurnar taldar nema samtals kr. 10.281.405,77 með áföllnum dráttarvöxtum og kostnaði. Í kröfulýsingunni segir m.a.:

> Eins og fram kemur í meðfylgjandi gögnum framseldi Persía hf. kröfuhafa með framsölum . . . greiðslur samkvæmt kaupsamningum . . . samtals að fjárhæð kr. 6.880.000,00. Réttur kröfuhafa til framangreindra greiðslna hefur nú verið staðfestur með dómi bæjar-

þings Reykjavíkur jafnframt því sem Persía hf. var dæmd til að greiða kröfuhafa kr. 6.880.000,00 ásamt dráttarvöxtum . . . Með vísan til ofangreinds er kröfu þessari lýst utan skuldaraðar og krafist viðurkenningar á því að kröfuhafi skuli hafa stöðu sértökumanns hvað varðar hinar framseldu greiðslur.

Í kröfugerð og málsútlistun sóknaraðila er, eins og að framan er greint, jafnan rætt um framsal á greiðslum, en ljóst má vera að átt er við framsal á kröfum enda hafa greiðslur á kröfum þessum ekki farið fram, svo sem rakið hefur verið. Greiðslur þessar voru því ekki í neinu formi í vörslum hins gjaldþrota félags, þegar bú þess var tekið til gjaldþrotaskipta, og ekki heldur neinar aðrar sérgreindar eignir sem komið höfðu í stað þeirra krafna sem framseldar höfðu verið sóknaraðila. Getur því ekki komið til álita að veita sóknaraðila stöðu sértökumanns við skipti á þrotabúi Persíu hf. og verður því að hafna aðalkröfu hans í málinu.

Varakrafa sóknaraðila er byggð á 1. og 2. mgr. 83. gr. skiptalaga nr. 3/1878. Þessi ákvæði eru svohljóðandi:

> Næstar kröfum skv. 82. gr. laganna ganga veðtryggðar kröfur og kröfur tryggðar með öðrum tryggingarréttindum í búinu.
>
> Fjármuni í búinu, sem aðrir eiga tryggingarréttindi í, skal selja á löglegan hátt eftir ráðstöfun skiptaráðanda og greiða rétthafa af andvirði eignarinnar að frádregnum kröfum skv. 3. gr. þessarar greinar, en afgangurinn rennur saman við aðrar eignir í búinu. Um forgang einstakra rétthafa fer að lögum, en kröfur tryggðar með sjálfsvörsluveði í lausafé og almennu lögveði koma í kröfuröð eftir þinglýsingarreglum með sama hætti og aðrar veðkröfur, sem þær reglur skipa í röð. Óþinglýstar kröfur tryggðar með almennu lögveði ganga á eftir öðrum kröfum eftir þessari grein.

Virðist af málatilbúnaði sóknaraðila að hann telji sig hafa öðlast handveð eða handveðsígildi í öllum eignum þrotabúsins, þar sem fé, sem hið gjaldþrota félag hafi fengið frá sóknaraðila, hafi gengið til að byggja þá fasteign, sem þrotabúið hafi við upphaf skiptameðferðarinnar átt óselda. Í greinargerð sóknaraðila segir berum orðum, að á þeim tíma, sem sóknaraðili veitti Persíu hf. umrædda fjármagnsfyrirgreiðslu, hafi Persía hf. ekki getað sett nein veð til tryggingar greiðslu og af þeirri ástæðu hafi verið gengið frá framsali á ógjaldföllnum greiðslum samkvæmt kaupsamningum. Af gögnum málsins þykir ljóst að sóknaraðili hefur ekki síðar fengið aðrar tryggingar fyrir greiðslum en þær sem gengið var frá um leið og lánveitingin fór fram. Þær yfirlýsingar, sem stjórn Persíu hf. gaf út samhliða framsölunum og þinglýst var sem kvöðum á fasteignina Lynghals 9 í Reykjavík, fólu í sér hömlur á ráðstöfunarheimild Persíu hf. á umræddri fasteign en voru vitaskuld ekki bindandi fyrir skuldheimtumenn félagsins. Yfirlýsingar þessar eru að því leyti ónákvæmar að þar eru í báðum tilvikum lagðar hömlur á heimild til ráðstöfunar á tilteknum hluta „í húsinu nr. 9 við Lyngháls", en eins og rakið hefur verið standa tvær aðskildar húsbyggingar á þeirri lóð. Hvað sem því líður er ljóst að þessar yfirlýsingar varða ekki þann eignarhluta í nyrðra húsinu að Lynghálsi 9 sem við upphaf skiptameðferðar á þrotabúi Persíu hf. var enn í eigu félagsins. Með þinglýsingu þessara yfirlýsinga stofnuðust ekki nein veðréttindi eða ígildi slíkra réttinda og verður ekki talið að þær hafi neina þýðingu varðandi niðurstöðu í máli þessu. Samkvæmt þessu þykir sóknaraðili ekki hafa fært nein haldbær lagarök að þessum sjónarmiðum og er þeim með öllu hafnað.

Hugleiðingar sóknaraðila í greinargerð hans um, að kröfu hans til sértökuréttar við skiptin beri að taka til greina þar sem hann að öðrum kosti verði fyrir stórkostlegu fjárhagstjóni, eru vitaskuld út í bláinn, enda verður ekki séð að um sóknaraðila eigi að þessu leyti að gilda önnur sjónarmið heldur en um aðra kröfuhafa í búinu.

Samkvæmt framangreindu er það niðurstaða máls þessa að kröfum sóknaraðila er hafnað. Af því leiðir að krafa sóknaraðila í þrotabú Persíu hf. er flokkuð sem almenn krafa að fjárhæð kr. 10.281.405,00.

Eftir þessum úrslitum og með vísan til 177. gr. laga nr. 85/1936 verður sóknaraðila gert að greiða varnaraðila málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 150.000,00.

Ragnar Halldór Hall borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Krafa sóknaraðila, Kaupþings hf., í þrotabú Persíu hf. er flokkuð sem almenn krafa að fjárhæð kr. 10.281.405,00.

Sóknaraðili greiði varnaraðila, þrotabúi Persíu hf., kr. 150.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 11. maí 1994.

Nr. 81/1994. **Ákæruvaldið**
(Egill Stephensen saksóknari)
gegn
Val Benjamín Bragasyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Áfengislagabrot. Upptaka. Fésekt felld niður. Skilorðsrof. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu í heild sinni, en af hálfu ákæruvalds var því skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 9. febrúar 1994 til þyngingar á refsingu og staðfestingar á upptöku.

Ákærði hefur neitað því, að hann hafi lagt í meira en 90 lítra af áfengi. Lögreglumenn þeir, er stóðu að húsleitinni á heimili hans, helltu gambranum niður að undanskildum þeim 223 ml, sem sendir voru til efnagreiningar. Báru tveir þeirra, að brúsarnir hefðu verið fullir. Sá þriðji kvaðst geta fullyrt, að svo mikið hefði verið af vökva, að upp úr þeim hafi slest, og hafi hann kynnt sér það, hversu marga lítra brúsarnir tækju. Magn gambrans var ekki mælt eða skráð á fullnægjandi hátt. Þar sem svo stóð á, bar að halda þessum sönnunargögnum til haga og leggja á þau hald, sbr. 68. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, en þar segir meðal annars, að þess skuli gætt við rannsókn mála að hafa uppi á sýnilegum sönnunargögnum og munum, sem hald skal á leggja. Þessa var ekki gætt, og verður því að leggja til grundvallar játningu ákærða um magnið.

Ákærði hefur með háttsemi sinni rofið hinn skilorðsbundna hluta dóms Hæstaréttar 2. desember 1991, en með þeim dómi var ákærði dæmdur í 6 mánaða fangelsi, þar af 3 mánuði skilorðsbundið í 3 ár. Með vísan til 60. gr., sbr. 77. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og sakaferils ákærða þykir refsing hans hæfilega ákveðin 5 mánaða fangelsi.

Samkvæmt 3. mgr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978, varðar brot gegn 7. gr. laganna fangelsi auk sektar, þegar svo stendur á, að áfengi er ætlað til sölu eða veitinga gegn gjaldi og brot er margítrekað eða að öðru leyti stórfellt. Í 1. mgr. sömu greinar eru hins vegar almenn refsiákvæði, sem kveða á um, að brot gegn lögunum varði sektum, varðhaldi eða fangelsi. Ákvæði 49. gr. almennra hegningarlaga heimila, að fésekt sé beitt jafnframt refsivist, þegar svo stendur á, að ákærði hefur aflað sér fjárvinnings með broti eða það hefur vakað fyrir honum. Ákærði er hvorki ákærður fyrir áfengissölu né að hann hafi framið brotin í ávinningsskyni. Eru því ekki lagaskilyrði til að dæma hann til greiðslu fésektar jafnframt refsivist.

Samkvæmt 8. gr. áfengislaga, sbr. 3. gr. laga nr. 38/1988, skal gera upptæka tvo lítra af sterku áfengi, sem fundust við húsleit á heimili ákærða, Yrsufelli 5, og að Yrsufelli 13. Í ákæru voru þessir tveir lítrar áfengis ranglega taldir vera fjórir, en ákæruvaldið leiðrétti þetta við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti. Í forsendum héraðsdóms er fallist á upptökukröfuna, en hennar er ekki getið í dómsorði. Þykir þessi annmarki ekki standa því í vegi, að upptaka áfengisins nái fram að ganga. Staðfest er ákvörðun héraðsdómara um upptöku á 223 ml af gambra og þremur 72 lítra plastbrúsum, en lagaheimild er ekki til upptöku á sykri og geri.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Í ákæru eru ekki talin upp öll tæki og efni til áfengisgerðar, sem upptökukrafan lýtur að, svo sem rétt og skylt var, heldur látið við það sitja að vísa í gögn málsins. Þykir þessi málatilbúnaður af hálfu ákæruvalds aðfinnsluverður.

Dómsorð:

Ákærði, Valur Benjamín Bragason, sæti 5 mánaða fangelsi.

Ákærði sæti upptöku á 223 ml af gambra, þremur 72 lítra plastbrúsum og tveimur lítrum af sterku áfengi.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 7. janúar 1994.

Ár 1994, föstudaginn 7. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Pétri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 723/1993: Ákæruvaldið gegn Val Benjamín Bragasyni sem tekið var til dóms 29. f.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 29. nóvember sl., á hendur ákærða, Val Benjamín Bragasyni, Yrsufelli 5, Reykjavík, kt. 171255-3769, „fyrir að hafa í ágúst 1993 fram til 20. þessa mánaðar framleitt að heimili sínu 144 lítra af gambra og 4 lítra af sterku áfengi.

Þetta telst varða við 8. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til að sæta upptöku skv. 8. gr. áfengislaga og 69. gr. almennra hegningarlaga á 144 lítrum af gambra og 3½ lítra af sterku áfengi auk efna og plastkúta, sem talið er upp í skjali nr. 7 á bls. 1 og lögregla lagði hald á að Yrsufelli 5 í Reykjavík 20. ágúst 1993, auk hálfs lítra af sterku áfengi, sem ákærði er eigandi að og lögregla lagði hald á við húsleit að Yrsufelli 13, á heimili Svövu Árdísar Jóhannesdóttur“.

Fallið hefur verið frá ákæru fyrir tilbúning fjögurra lítra af sterku áfengi.

Málavextir.

Ákærði viðurkennir að hafa lagt í um 90 lítra af áfengi daginn áður en lögreglan gerði hjá honum húsleit í Yrsufelli 5 og lagði hald á áfengi ásamt efnum og tækjum til áfengisgerðar. Þar hafi þó ekki verið meira af gambra en einn plastbrúsi fullur og fjórðungsslatti í öðrum, í allt um 90 lítrar. Þrír lögreglumenn, sem að húsleitinni stóðu, fullyrða, að báðir brúsarnir hafi verið fullir af gambra. Lögreglan hellti gambranum niður að undanskildum 223 ml sem sendir voru til efnagreiningar. Sýni úr brúsunum reyndust innihalda annars vegar 8% og hins vegar 16% af vínanda. Að sögn ákærða tekur brúsi af þessari gerð 70 lítra en samkvæmt athugun lögreglu 72 lítra. Þykir óhætt að slá því föstu að ákærði hafi bruggað 140 lítra af áfengum vökva. Hefur hann orðið sekur við 7. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga en ekki við 8. gr. eins og misritast hefur í ákæru.

Viðurlög.

Ákærði hlaut á tímabilinu 1978 til 1991 fimm fangelsisdóma fyrir hegningarlagabrot. Þá var ákærði árið 1987 sektaður fyrir áfengisbruggun, fyrir bruggun og áfengissölu 1991 og loks fyrir áfengisbruggun í júní í sumar. Þykir refsing ákærða með hliðsjón af þessum sakaferli og málavöxtunum vera hæfilega ákveðin fangelsi í 60 daga. Þá ber að gera ákærða að greiða 70.000 krónur í sekt og komi 20 daga fangelsi í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Dæma ber ákærða til þess að þola upptöku á 223 ml af gambra og þremur 70–72ja lítra plastbrúsum samkvæmt 8. gr. áfengislaga, en ekki þykja vera skilyrði til þess að gera upptækan þann vökva sem hellt var niður og fór þannig forgörðum. Samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga ber að gera upptæk 3 kg af sykri og 500 g af geri og 4 lítra af sterku áfengi.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Brynjars Níelssonar héraðsdómslögmanns, 40.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Valur Benjamín Bragason, sæti fangelsi í 60 daga.

Ákærði greiði 70.000 krónur í sekt til ríkissjóðs og komi 20 daga fangelsi í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Ákærði þoli upptöku á 223 ml af gambra, þremur 72ja lítra plastbrúsum, 3 kg af sykri og 500 g af geri.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Brynjars Níelssonar héraðsdómslögmanns, 40.000 krónur.

Miðvikudaginn 11. maí 1994.

Nr. 131/1994. **Ákæruvaldið**
(Egill Stephensen saksóknari)
gegn
Huga Runólfi Ingibjartssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Áfengislög. Upptaka. Fésekt felld niður. Skilorðsrof.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Mál þetta var rekið fyrir héraðsdómi samkvæmt 125. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, enda játaði ákærði sakargiftir. Líta verður svo á, að ákærði hafi áfrýjað málinu til Hæstaréttar einvörðungu til endurskoðunar á refsiákvörðun og lagaatriðum. Af hálfu ákæruvalds var málinu skotið til Hæstaréttar með stefnu 1. mars 1994 til þyngingar á refsingu og staðfestingar á upptöku.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdómara um fyrningu og færslu til refsiákvæða. Í samræmi við ákæru verður ákærða einungis gerð refsing fyrir framleiðslu 98 lítra af áfengi.

Með vísan til þess, að ákærði hefur tvívegis áður gerst sekur um brot gegn 7. gr. og 18. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 2. gr. laga nr. 38/1988, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdómara þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi. Samkvæmt 3. mgr. 33. gr. áfengislaga, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978, varðar brot gegn 7. gr. laganna fangelsi auk sektar, þegar svo stendur á, að áfengi er ætlað til sölu eða veitinga gegn gjaldi og brot er margítrekað eða að öðru leyti stórfellt. Í 1. mgr. sömu greinar eru hins vegar almenn refisákvæði, sem kveða á um, að brot gegn lögunum varði sektum, varðhaldi eða fangelsi. Ákvæði 49. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 heimila, að fésekt sé beitt jafnframt refsivist, þegar svo stendur á, að ákærði hefur aflað sér fjárvinnings með broti eða það hefur vakað fyrir honum. Ákærði er hvorki ákærður fyrir áfengissölu né að hann hafi framið brotin í ávinningsskyni. Eru því ekki lagaskilyrði til að dæma hann til greiðslu fésektar jafnframt refsivist.

Með vísan til 8. gr. áfengislaga, sbr. 3. gr. laga nr. 38/1988, ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdómara um upptöku.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Hugi Runólfur Ingibjartsson, sæti 3 mánaða fangelsi.

Staðfest eru ákvæði héraðsdóms um upptöku og sakarkostnað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 15.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 18. febrúar 1994.

Ár 1994, föstudaginn 18. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 92/1994: Ákæruvaldið gegn Huga Runólfi Ingibjartssyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 7. febrúar sl., á hendur ákærða, Huga Runólfi Ingibjartssyni, kt. 251265-5189, áður að Ásbúð 85 í Garðabæ, nú að Skálateigi 2 í Neskaupstað.

Í ákærunni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir eftirtalin brot gegn áfengislögum:

1. fyrir að hafa snemma árs 1992 að Garðhúsum 2, Reykjavík, bruggað 40 lítra af áfengi og eimað af því 8 lítra af sterku áfengi,

2. fyrir að hafa í júlí 1992 að Garðhúsum 2, Reykjavík, bruggað 150 lítra af áfengi og eimað af því 30 lítra af sterku áfengi,

3. fyrir að hafa í desember 1992 að Garðhúsum 2, Reykjavík, bruggað 300 lítra af áfengi og eimað af því 60 lítra af sterku áfengi.

Telst þetta varða við 7. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978 og 2. gr. laga nr. 38/1988 um breytingar á þeim lögum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til að sæta upptöku samkvæmt 8. gr. nefndra áfengislaga og 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 á eftirtöldu áfengi og áhöldum, sem lagt var hald á við rannsókn málsins:

- 8 lítrum af heimalöguðu, sterku áfengi,
- tveimur tómum 200 lítra plasttunnum,
- einni hvítri 40 lítra plasttunnu,
- einni blárri 25 lítra plasttunnu,
- einni blárri 20 lítra plasttunnu,
- eimingartækjum úr málmi, ca. 160–170 lítra,
- tveimur kolasíum úr plaströrum".

Með skýlausri játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærði hefur framið þau brot, sem honum eru gefin að sök, og skiptir eigi máli í því efni samkvæmt 1. tl. 117. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, þó að ártalið 1991 eigi að vera í 3. lið ákærunnar, en ekki ártalið 1992, en í þessu efni þykir bera að leggja til grundvallar framburð ákærða um þetta. Eru brot ákærða rétt færð til refsiákvæða í ákæru.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var hann dæmdur 28. maí 1991 í 30 daga varðhald, skilorðsbundið í 3 ár, og 200.000 króna sekt fyrir brot á 1. mgr. 7. gr. og 18. gr. áfengislaga og jafnframt til að sæta upptöku á efnum og tækjum til áfengisgerðar. Þá var ákærði dæmdur nær ári síðar til að sæta upptöku á tækjum til áfengisgerðar, sem hald hafði verið lagt á hjá öðrum aðila vegna fyrra málsins, en voru í eigu ákærða. Loks hefur ákærði þrívegis gengist með dómsátt undir sektargreiðslur, fyrst í nóvember 1982 fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga, næst í mars 1990 fyrir brot á 7. gr. og 18. gr. áfengislaga og síðast í nóvember 1990 fyrir brot á 1. mgr. 5. gr. umferðarlaga.

Verjandi ákærða heldur því fram, að sakir samkvæmt 1. og 3. tl. ákæru séu fyrndar. Dómurinn hafnar þessu, enda hámark refsingar 6 ára fangelsi samkvæmt áfengislögum og refsing í máli þessu fer fram úr sektum vegna sakaferils ákærða.

Við ákvörðun refsingar ákærða nú verður höfð hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, verður hin skilorðsbundna varðhaldsrefsing ákærða samkvæmt dóminum frá 28. maí 1991 felld inn í refsinguna, en ákærði hefur rofið skilorð dómsins, ekki einu sinni, heldur þrívegis. Hins vegar þykir við ákvörðun refsingar bera að taka tillit til þess, að langt er um liðið síðan brotin voru framin, en þau komust upp fyrir ári, og að ákærði hefur gengist greiðlega við brotum sínum. Með hliðsjón af þessu öllu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 60 daga varðhald og 300.000 króna sekt, sem greiðist innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins að telja, en ella sæti ákærði varðhaldi í 45 daga í stað sektarinnar.

Þá ber, svo sem krafist er í ákæru og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, að gera upptækt það sterka áfengi og tæki til áfengisgerðar, sem lagt var hald á hjá ákærða við rannsókn málsins og nánar er lýst í dómsorði.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með taldar 20.000 krónur í þóknun til skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Hugi Runólfur Ingibjartsson, sæti varðhaldi í 60 daga.

Ákærði greiði 300.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins að telja, en sæti ella varðhaldi í 45 daga.

Ákærði skal sæta upptöku til ríkissjóðs á 8 lítrum af heimalöguðu sterku áfengi, fimm plasttunnum, eimingartækjum úr málmi og tveimur kolasíum úr plaströrum.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 20.000 krónur í þóknun til skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns.

Miðvikudaginn 11. maí 1994.

Nr. 144/1994. **Ákæruvaldið**
(Egill Stephensen saksóknari)
gegn
Bjartmari Vigni Þorgrímssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Áfengislög. Upptaka. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu til Hæstaréttar til endurskoðunar á refsiákvörðun og lagaatriðum, en af hálfu ákæruvalds var því skotið til Hæstaréttar með stefnu 17. mars 1994 til þyngingar á refsingu. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti var af hálfu ákæruvalds krafist staðfestingar á upptöku.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann um annað en upptöku sykurs, en til upptöku hans skortir lagaheimild.

Með ákæru lögreglustjórans í Reykjavík 7. febrúar 1994 var ákærða gefið að sök að hafa framleitt allt að 300 lítra af gambra og allt að 16 lítra af sterku áfengi auk sölu á einum og hálfum lítra áfengisins. Er ákærði hafði verið yfirheyrður fyrir dómi, féll ákærandi frá öllum ákæruatriðum að undanskilinni framleiðslu á 12 lítrum af áfengi, þótt ekkert nýtt hefði komið fram að öðru leyti frá útgáfu ákæru. Svo sem héraðsdómari greinir frá, eru í sömu ákæru ekki talin upp öll tæki og efni til áfengisgerðar, sem upptökukrafan lýtur að, svo sem rétt og skylt var, heldur látið við það sitja að vísa í gögn málsins. Þykir þessi málatilbúnaður af hálfu ákæruvalds ámælisverður.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um annað en upptöku sykurs.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærði, Bjartmar Vignir Þorgrímsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 15.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 16. febrúar 1994.

Ár 1994, miðvikudaginn 16. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 75/1994: Ákæruvaldið gegn Bjartmari Vigni Þorgrímssyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dóminum með tveimur ákæruskjölum lögreglustjórans í Reykjavík á hendur ákærða, Bjartmari Vigni Þorgrímssyni, Mánagötu 14 í Reykjavík, kt. 100251-4198.

Með ákæruskjali, dagsettu 31. janúar sl., er höfðað mál á hendur ákærða „1. fyrir að framleiða í nóvember 1993 að heimili sínu 10 lítra af sterku áfengi og 250 lítra af gambra,

2. fyrir að framleiða að heimili sínu 80 lítra af gambra í byrjun desember 1993.

Þetta telst varða við 7. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 2. gr. laga nr. 38/1988 og 5. gr. laga nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til að sæta skv. 8. gr. nefndra áfengislaga, sbr. 3. gr. laga nr. 38/1988 og 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, upptöku á 10 lítrum af sterku áfengi og 250 lítrum af gambra auk þriggja tunna og eimingartækja, sem lögregla lagði hald á að Mánagötu 14 þriðjudaginn 30. nóvember 1993, og 80 lítrum af gambra og einni tunnu, sem lögregla lagði hald á að Mánagötu 14 þriðjudaginn 7. desember 1993.“

Þá er höfðað mál á hendur ákærða með ákæruskjali, dagsettu 7. febrúar sl., „fyrir að framleiða að heimili sínu í desember 1993 allt að 300 lítrum af gambra og allt að 16 lítrum af sterku áfengi og selja þar af Hafþóri Heiðarssyni, kt. 080468-4749, einn og hálfan lítra af sterku áfengi.

Þetta telst varða við 7. og 18. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 2. gr. laga nr. 38/1988 og 5. gr. laga nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til að sæta upptöku skv. 8. gr. nefndra áfengislaga og 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 á allt að 300 lítrum af gambra og allt að 16 lítrum af sterku áfengi auk eimingartækja, þriggja tunna auk annarra tækja og efna, sem upp eru talin í skjali nr. 1 á bls. 1 og 2 og lögregla lagði hald á við húsleit á heimili ákærða laugardaginn 25. desember 1993“.

Ákæran frá 7. febrúar sl. er færð í skrár dómsins sem sakamál nr. 91/1994, en ákærurnar verða báðar dæmdar sem sakamál nr. 75/1994.

Við meðferð málsins hefur ákærandi dregið til baka þær sakargiftir í yngri ákæru, að ákærði hafi framleitt 300 lítra af gambra, lækkað ákærðan lítrafjölda sterks áfengis úr allt að 16 lítrum í 12 lítra og fallið frá því að ákæra fyrir sölu á áfengi til Hafþórs Heiðarssonar.

Eftir framangreindar breytingar á sakargiftunum liggur fyrir játning ákærða á sakargiftunum að öðru leyti og því skilyrði til þess að dæma málið á grundvelli 125. gr. laga nr. 19/1991.

Með skýlausum játningum ákærða, sem eru í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um það, sem honum er gefið að sök í ákærunum tveim, með þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á sakargiftunum við meðferð málsins. Er háttsemi ákærða rétt færð til refsiákvæða í ákærunum að öðru leyti en því, að þar sem ákærði er ekki sakfelldur fyrir sölu áfengis, hefur hann ekki brotið gegn 18. gr. áfengislaga.

Ákærði hefur frá árinu 1972 hlotið 12 refsidóma fyrir umferðarlagabrot, skjalafals, fjársvik og áfengislagabrot. Þá hefur ákærði 12 sinnum frá árinu 1967 og til þessa gengist með sáttum og viðurlagaákvörðun undir að greiða sektir fyrir ýmis brot, aðallega á umferðarlögum og áfengislögum, þ. á m. frá árinu 1986 fjórum sinnum fyrir sölu áfengis, síðast 2. mars 1993 og þá einnig fyrir bruggun. Frá árinu 1990 hefur ákærði verið dæmdur fjórum sinnum fyrir sölu áfengis og í tvö skiptin einnig fyrir bruggun, þ.e. í maí 1992 og 1. desember sl.

Ákærða verða í máli þessu ákvörðuð viðurlög í áttunda skiptið frá árinu 1986, ýmist fyrir sölu eða bruggun áfengis, en einu sinni var ákærða ekki gerð sérstök refsing, þar sem um hegningarauka hefði verið að ræða. Með viðurlagaákvörðuninni 2. mars sl. voru afgreidd fjögur brot ákærða og með dóminum 1. desember sl. voru einnig afgreidd fjögur brot.

Við refsiákvörðun í máli þessu verður tekið tillit til óvenjulega langs brotaferils ákærða við bruggun og/eða sölu tilbúins áfengis og hins harða brotavilja ákærða, en hann var staðinn að bruggun daginn fyrir síðasta dóm sinn, aftur viku síðar og loks á jólanóttina. Með hliðsjón af þessu öllu og 77.

gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða nú hæfilega ákveðin fangelsi í 5 mánuði.

Þá eru skilyrði til þess að gera upptækt til ríkissjóðs samkvæmt 8. gr. áfengislaga og 69. gr. almennra hegningarlaga allt það sterka áfengi, gambra og tæki og efni til áfengisgerðar, sem lagt var hald á heima hjá ákærða í umrædd tvö skipti og upp er talið í ákærunum með áðurgreindum breytingum. Hins vegar er það aðfinnsluvert, að ekki eru talin upp í síðari ákæru öll þau tæki og efni til áfengisgerðar, sem upptökukrafan lýtur að, en látið nægja að vísa í gögn málsins. Eftir atvikum þykir þó eigi alveg næg ástæða til þess að vísa þessari kröfugerð frá dóminum vegna þessa galla, enda ljóst, að með sakfellingu ákærða eru ekki skilyrði til þess, að ákærði fái í hendur áðurgreinda hluti, sem eru greinilega tilgreindir í gögnum málsins. Ber að gera upptækt til ríkissjóðs, eins og nánar greinir í dómsorði, allt það sterka áfengi og tæki og efni til áfengisgerðar, sem lagt var hald á heima hjá ákærða í áðurgreind þrjú skipti. Þó er ekki hægt að kveða á um upptöku á þeim gambra, sem þegar er búið að hella niður. Hins vegar ber að gera upptæk þau sýni, sem tekin voru af gambranum, þ.e. afganginn af þeim 330 lítrum, sem lögreglan lagði hald á í þau tvö skipti, sem tilgreind eru í eldri ákæru, og hellti niður án heimildar, að séð verður.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með taldar 25.000 krónur í þóknun til skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Bjartmar Vignir Þorgrímsson, sæti fangelsi í 5 mánuði.

Upptækt er til ríkissjóðs allt að 22 lítrar af sterku áfengi, afgangur af allt að 330 lítrum af gambra, sjö tunnur, þrír plastbrúsar, ein lítraflaska, sía, sigtunarbúnaður, 10 kg af sykri, þrjár tengur, áfengismælir og tvö eimingartæki.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 25.000 krónur í þóknun til skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns.

Miðvikudaginn 11. maí 1994.

Nr. 77/1994. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
X
(Jón Oddsson hrl.)

Kynferðisbrot. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Ákærði skaut málinu í heild sinni til Hæstaréttar, og af ákæruvaldsins hálfu var því áfrýjað með stefnu 9. febrúar 1994 til þyngingar á refsingu og greiðslu miskabóta, eins og í ákæru greinir.

Með hliðsjón af eindreginni neitun ákærða þykir ósannað, að hann hafi haft samræði við Ó, eins og sagt er í ákæru málsins. Með framburði ákærða, sem er að öðru leyti í samræmi við framburð konunnar, telst hins vegar fyllilega sannað, að hann gerði tilraun til þess að hafa samræði við hana, þar sem hún lá sofandi, eftir að hann hafði fært hana úr fötum, eins og lýst er í ákæru. Verður ákærði því talinn sannur að sök um brot gegn 196. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 40/1992, sbr. 20. gr. hegningarlaganna. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi.

Rétt þykir með vísan til 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um miskabætur til handa Ó, en 264. gr. almennra hegningarlaga, sem vísað er til í héraðsdómi, var afnumin með 29. gr. ofangreindra laga.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um málskostnað, og jafnframt verður ákærði dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 26. janúar 1994.

Mál þetta var þingfest 15. desember sl. og tekið til dóms að lokinni aðalmeðferð 20. þessa mánaðar. Það var höfðað með ákæru ríkissaksóknara, útg. 23. nóvember sl., sem birt var ákærða 9. desember. Ákærði er X [f. 1945] í Hafnarfirði.

X er ákærður „fyrir kynferðisbrot með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 15. ágúst 1993 á dvalarstað sínum að [. . .], Kópavogi, fært systur sína, Ó, sem var sofandi í sófa í herbergi ákærða, úr síðbuxum og nærbuxum og haft samræði við konuna, sem vaknaði við þetta og stjakaði ákærða frá sér.

Telst þetta varða við 196. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 40/1992.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Ó gerir þá kröfu, að ákærði verði dæmdur til að greiða henni í miskabætur kr. 800.000 með hæstu lögleyfðu vöxtum frá 20. október 1993“.

Af hálfu ákærða eru gerðar eftirfarandi dómkröfur: [. . .].

Atvik máls.

Aðfaranótt sunnudagsins 15. ágúst 1993 kl. 3.30 kom Ó á lögreglustöðina í Kópavogi og kvaðst vilja kæra bróður sinn, X, ákærða í þessu máli, fyrir að hafa nauðgað sér á dvalarstað hans í [. . .], Kópavogi. Eftir að lögreglumaður hafði rætt við Ó, var hún flutt á slysadeild Borgarspítalans til rannsóknar. Ákærði var handtekinn og tekin úr honum sýni til ákvörðunar á alkóhólmagni í blóði og þvagi.

Í frumskýrslu lögreglu er tekið fram að enga áverka hafi verið að sjá á Ó og föt hennar hafi virst óskemmd. Hún hafi verið róleg og í andlegu jafnvægi. Skýr hafi hún verið í máli og svör hennar greinileg. Í skýrslu Tönju Þorsteinsson læknis um réttarlæknisfræðilega skoðun er ekki getið um áverka. Sagt er þar að fatnaður hafi verið í góðu lagi, Ó hafi verið þreytuleg, ekki sjáanlega undir áhrifum áfengis og að hún tali mjög lágt og ekki í góðu samhengi.

Samkvæmt rannsókn lögreglu á vettvangi voru þar ekki nein ummerki eftir hið meinta brot. Alkóhólrannsókn á þvagsýni úr ákærða sýndi alkóhólmagnið 1,90‰, en alkóhólrannsókn á blóðsýni 1,30‰.

– – –

Forsendur dóms.

Í ákæru er ákærði talinn hafa gerst brotlegur við 196. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 40/1992. Eftir gildistöku síðargreindu laganna hljóðar lagagreinin svo:

„Hver sem notfærir sér geðveiki eða aðra andlega annmarka manns til þess að hafa við hann samræði eða önnur kynferðismök, eða þannig er ástatt um hann að öðru leyti að hann getur ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans, skal sæta fangelsi allt að 6 árum.“

Þegar Ó sofnaði í sófanum í dvalarstað ákærða, var komið fram á nótt. Hún var þreytt eftir erilsaman dag og vansvefta. Hún hafði lítillega drukkið áfengi. Það má því ætla að hún hafi fallið í djúpan svefn. Ákærði notar sér þetta ástand konunnar, klæðir hana úr að neðanverðu, leggst ofan á hana og kemur getnaðarlim sínum að einhverju eða öllu leyti í fæðingarveg hennar. Framburður Ó um þetta var stöðugur og trúverðugur. Í frumskýrslu lögreglu er haft eftir henni að „getnaðarlimur hans hafi verið kominn inn í fæðingarveg hennar, og hann hafi verið að hafa við hana samfarir“. Í framburðarskýrslu sinni fyrir lögreglu segir hún „að kærði var búinn að koma getnaðarlim sínum í leggöng hennar og var með samfarahreyfingar“. Og hér fyrir dómi bar hún enn á sama veg, að hún hefði vaknað við að ákærði hefði legið ofan á henni og með getnaðarlim sinn inni í fæðingarvegi hennar. Framburður ákærða styður frásögn Ó, svo langt sem hann nær. Rétt er að leggja hér til grundvallar framburð hans fyrir lögreglu að því leyti sem hann gengur lengra til móts við framburð vitnisins Ó en framburður hans hér fyrir dómi. Í lögregluskýrslunni kemur fram að hún hefur verið lesin fyrir ákærða í votts viðurvist og hann hefur játað hana rétta áður en hann undirritaði hana. Verður að skilja framburð ákærða svo að hann hafi komið getnaðarlim sínum að einhverju leyti í fæðingarveg konunnar, þótt honum hafi ekki tekist að koma honum inn í leggöngin.

Í athugasemdum, sem fylgdu frumvarpi því til laga sem varð að lögum nr. 40/1992, segir svo í kafla um verknað og fullframningu:

„Ákvæði 190. gr. og 194.–201. gr. eru nú á því byggð, að samræði eigi sér stað. Ekki er ætlast til í frumvarpi þessu, að fullframið samræði sé virt með sama hætti og tíðkast hefur í réttarframkvæmd, þ.e. þegar getnaðarlimur karlmanns er kominn inn í fæðingarveg konu og samræðishreyfingar hafnar. Nægilegt er, að getnaðarlimur karlmanns sé kominn inn í fæðingarveg konu að nokkru leyti eða öllu. Sáðlát þarf ekki að hafa átt sér stað, og meyjarhaft þarf ekki að rofna, ef því er að skipta.“

Að framanskráðu athuguðu leikur ekki vafi á að ákærði hefur haft samræði við Ó og gerst brotlegur við 196. gr. almennra hegningarlaga, svo sem í ákæru segir, og að brotið var fullframið. Hann er því sannur að sök. Hann er sakhæfur.

Ákvörðun refsingar.

Í skýrslu ákærða fyrir lögreglu kemur fram að hann er elstur fjögurra systkina. Óregla hafi verið á heimili þeirra og foreldranna og fjölskyldan oft flust búferlum. Fyrir dómi kvaðst ákærði þó ekki hafa alist upp við óreglu. Bæði í skýrslu ákærða og skýrslu Ó fyrir lögreglu kemur fram, að ákærði hafi áður haft kynmök við þessa systur sína. Var þetta staðfest fyrir dóminum. Fyrst hafi það gerst er hann var um fermingaraldur, en hún var þá 6–7 ára. Þá hafi hann fitlað við kynfæri hennar. Samkvæmt skýrslu ákærða hefur hann þrisvar haft við hana samfarir, eftir að hún varð fullorðin, og segir hann að það hafi verið með hennar vilja eða eftir hennar beiðni. Því neitar Ó, segir, að hann hafi misnotað sig.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann þrisvar undirgengist refsingu með dómsátt, síðast árið 1981. Skipta þau brot ekki máli hér.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi, en dómari telur rétt að fresta fullnustu 3ja mánaða af refsingunni, og falli hún niður að þeim hluta að liðnum tveimur árum frá lögbirtingu dóms þessa ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Um miskabótakröfu.

Í máli þessu hefur Ó krafist þess, að ákærði greiði sér miskabætur, að fjárhæð kr. 800.000,00, með hæstu lögleyfðu vöxtum frá 20. október 1993. Kröfu þessa hefur Ó gert með fyrirvara um frekari bætur síðar. Ákærði hefur hafnað kröfu þessari algerlega.

Ó hefur hér fyrir dóminum sagt, að hún hugsi sér fjárhæðina sem bætur fyrir þann miska sem ákærði hefur unnið henni fyrr og síðar. Á það sjónarmið má ekki fallast, sbr. 3. og 4. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991. Í þessu máli verða ekki dæmdar bætur fyrir aðra háttsemi en þá sem ákærði er fundinn sekur um.

Í máli þessu hefur ekki verið sýnt fram á, að Ó hafi orðið fyrir líkamlegu eða andlegu tjóni af völdum ákærða. Hún hefur þó mátt þola þjáningu og hneisu vegna brots ákærða. Á hún því rétt á miskabótum, sbr. 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykja þær hæfilega ákveðnar kr.

150.000,00. Skal fjárhæð þessi bera vexti skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá þeim degi sem krafist er, 20. október 1993.

Í dómi þessum hefur samkv. dómvenju verið gætt leyndar á nafni brotaþola, Ó. Til að fullnægja aðfararhæfni dómsins um bótakröfuna verður kennitala Ó greind í dómsorði.

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun verjanda síns, Jóns Oddssonar hrl., sem þykja hæfilega ákvörðuð kr. 30.000,00 auk virðisaukaskatts, og saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 15.000,00.

Finnur Torfi Hjörleifsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, X, sæti 6 mánaða fangelsi. Fresta skal fullnustu þriggja mánaða af refsingunni, og falli hún niður að þeim hluta að liðnum tveimur árum frá lögbirtingu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði [. . .] kr. 150.000,00 með vöxtum samkvæmt 7. grein vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 20. október 1993 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun verjanda síns, Jóns Oddssonar hrl., kr. 30.000,00 auk virðisaukaskatts, og saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 15.000,00.

Miðvikudaginn 11. maí 1994.

Nr. 11/1994. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Stefáni Jóhannessyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Bifreiðar. Umferðarlög. Ölvunarakstur. Rangar sakargiftir. Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Ákærði skaut málinu til Hæstaréttar, og af ákæruvaldsins hálfu var því áfrýjað í heild með stefnu 20. desember 1993 til þyngingar á refsingu.

Með skírskotun til raka hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði skal greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 22. september 1993.

Ár 1993, miðvikudaginn 22. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni, settum héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 390/1993: Ákæruvaldið gegn Stefáni Jóhannessyni, sem tekið var til dóms hinn 7. þ.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 12. júlí 1993, á hendur Stefáni Jóhannessyni, Jórufelli 8, Reykjavík, fæddum 14. febrúar 1969, fæðingarnúmer 360, „fyrir eftirtalin brot:

I.

Fyrir umferðarlagabrot með því að aka undir áhrifum áfengis og sviptur ökurétti ævilangt eftirtöldum bifreiðum sem hér greinir:

1) aðfaranótt sunnudagsins 11. ágúst 1991 bifreiðinni R-29434 um götur í Reykjavík, uns lögregla stöðvaði akstur hans í Austurbergi,

2) aðfaranótt miðvikudagsins 13. nóvember 1991 bifreiðinni Y-7171 um götur í Reykjavík, uns lögregla stöðvaði akstur hans á mótum Stórhöfða og Breiðhöfða,

3) aðfaranótt laugardagsins 28. nóvember 1992 bifreiðinni R-36086 um götur í Hafnarfirði, uns lögregla stöðvaði akstur hans í Suðurhvammi,

4) aðfaranótt sunnudagsins 29. nóvember 1992 bifreiðinni R-36086 um götur í Reykjavík og inn á Kleppsveg, en þar hafði lögregla afskipti af honum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr. og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

II.

Fyrir rangar sakargiftir með því að hafa, er lögregla stöðvaði akstur hans vegna ofangreindra umferðarlagabrota samkvæmt liðum 3 og 4, gefið upp nafn bróður síns Bjarna Jóhannessonar, fædds 4. mars 1971, undirritað með því nafni varðstjóraskýrslur vegna þeirra brota og með því leitast við að koma því til leiðar að Bjarni yrði sakaður um brotin.

Telst þetta varða við 1. mgr. 148. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III.

Fyrir skjala- og umferðarlagabrot með því að hafa í lok marsmánaðar 1993 í heimildarleysi fest skráningarmerkin SE-505 á óskráða bifreið af Lancer-gerð, er hann hafði til umráða, og að kvöldi fimmtudagsins 25. þess mánaðar ekið bifreiðinni þannig búinni undir áhrifum áfengis og sviptur ökurétti ævilangt frá Kópavogi að Torfufelli 33 í Reykjavík.

Telst þetta varða við 147. gr. almennra hegningarlaga, 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., 1. mgr. 48. gr. og 1. mgr. 63. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga“.

Málavextir.

I.

Með afdráttarlausum játningum ákærða, niðurstöðum alkóhólrannsókna og öðrum gögnum, er varða I. kafla ákæru, er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi sem honum er þar gefin að sök og réttilega er heimfærð til refsiákvæða.

Í öllum fjórum tilvikunum var ákærða tekið blóð til ákvörðunar á vínandamagni í blóði. Reyndist magn vínanda í blóði ákærða sem hér segir: Samkvæmt lið 1) 1,77‰, lið 2) 2,08‰, lið 3) 2,56‰ og lið 4) 2,77‰.

II.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að þegar lögreglan hafði afskipti af honum vegna mála þeirra, er um getur í lið 3) og 4) í I. kafla ákæru, hafi hann gefið upp nafnið Bjarni Jóhannesson. Jafnframt hafi hann undirritað með því nafni varðstjóraskýrslur vegna þeirra mála. Ákærði kvaðst ekki viss um hvort hann hafi gefið lögreglu upp þau heimilisföng sem um getur í varðstjóraskýrslum. Tilgangur hans með því að gefa upp framangreint nafn hafi verið að vinna sér frest, því að hann hafi vitað, að lögregla væri að leita hans út af því, að hann hafi átt að fara í úttekt refsivistar vegna dóms frá 9. janúar 1992. Hafi þetta verið fyrsta nafnið, sem komið hafi upp í huga sinn.

Vitnið Bjarni Jóhannesson, kt. 040371-5089, sem er bróðir ákærða, skýrði svo frá, að dagana 16. og 18. janúar sl. hefði hann mætt hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði til skýrslugjafar. Hefði hann í bæði skiptin verið sakaður um að hafa ekið bifreið undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum. Kvaðst vitnið hafa neitað sakargiftum, enda ekki kannast við að hafa átt þar hlut að máli. Staðfesti vitnið, að skýrslur þær, sem teknar voru af honum hjá lögreglu, væru réttar, og kannaðist við nafngiftir sínar undir þær.

Vitnið Margeir Sveinsson lögregluþjónn kvaðst hafa verið annar þeirra lögreglumanna, sem stöðvað hefðu akstur bifreiðarinnar R-36086 aðfaranótt laugardagsins 28. nóvember 1992. Ökumaður bifreiðarinnar hafi verið færður á lögreglustöðina í Hafnarfirði þar sem hann hafi verið færður fyrir varðstjóra, sem spurt hafi ökumanninn til nafns að vitninu viðstöddu. Hafi hann gefið upp nafnið Bjarni Jóhannesson, einnig heimilisfang og kennitölu. Ökumaður hafi engin skilríki haft meðferðis, en ekki hafi þó verið tekin af honum ljósmynd á lögreglustöðinni, svo sem venja sé, þegar svo standi á sem í þessu tilviki.

Vitnið Hjálmar Kristjánsson lögregluþjónn skýrði svo frá, að hann hefði unnið að framangreindu máli ásamt vitninu Margeiri Sveinssyni. Hafi þeir stöðvað akstur bifreiðarinnar, haft tal af ökumanni og fært hann á lögreglustöð fyrir varðstjóra. Kvaðst vitnið ekki muna eftir varðstjóraskýrslutökunni sem slíkri, en taldi hana hafa farið fram með venjubundnum hætti. Staðfesti vitnið nafnritun sína á skýrslunni.

Vitnið Guðlaugur Gíslason lögregluvarðstjóri skýrði svo frá að greint sinn hefðu tveir lögreglumenn af vakt vitnisins, þ.e. C-vaktinni, komið með mann á lögreglustöðina, grunaðan um ölvunarakstur. Kvaðst vitnið hafa tekið varðstjóraskýrslu af hinum grunaða. Við yfirheyrsluna hafi maðurinn gefið upp nafnið Bjarni Jóhannesson og fyrri hluta kennitölu, en seinni hluta hennar hafi hann ekki munað. Því hafi kennitala mannsins verið athuguð í tölvu. Minnti vitnið, að hinn grunaði hefði einnig gefið upp heimilisfang í götunni Suðurhvammi í Hafnarfirði. Þar sem tveir lögreglumenn af A-vakt hafi verið staddir á lögreglustöðinni greint sinn og staðfest að maðurinn héti Bjarni Jóhannesson, hafi ekki verið talin þörf á að taka ljósmynd af honum eins og jafnan sé þó gert, þegar grunaðir menn eru án skilríkja, en svo hafi verið í þessu tilviki. Ástæða þess, að lögreglumenn af A-vakt hafi staðfest að hinn grunaði héti framangreindu nafni, hafi verið sú, að nokkru áður hafi þessi sami maður verið staðinn að rúðubroti eða innbroti í Hafnarfirði og þá hafi hann gefið upp þetta sama nafn, en A-vaktin hafi haft það mál til meðferðar.

Vitnið Guðni Heiðar Guðnason lögregluþjónn skýrði svo frá að hann hefði unnið að máli því, sem um getur í 4. lið I. kafla ákæru. Kvaðst vitnið ásamt öðrum lögreglumanni hafa haft afskipti af ökumanni bifreiðarinnar R-36086 aðfaranótt 29. nóvember 1992. Haft hafi verið tal af honum á vettvangi, en ekki kvaðst vitnið muna, hvort ökumaðurinn hefði verið beðinn að segja til nafns áður en komið var á lögreglustöðina. Þegar þangað var komið hafi ökumaðurinn verið færður fyrir varðstjóra til yfirheyrslu. Kvaðst vitnið hafa verið viðstaddur skýrslutöku varðstjórans að einhverjum hluta. Vitnið kvaðst ekki vita til þess, að ökumaðurinn hefði haft skilríki meðferðis, en hann hefði gefið upp nafnið Bjarni Jóhannesson hjá varðstjóra. Þá kvaðst vitnið hafa tekið ljósmynd af ökumanninum og ritað á myndina framangreint nafn.

Vitnið Jón Otti Gíslason aðstoðarvarðstjóri kvaðst ekki muna sérstaklega eftir atviki þessu. Er vitninu var sýnd varðstjóraskýrslan kvað vitnið það rifjast upp fyrir sér að eitthvað hefði verið á reiki varðandi heimilisfang ökumannsins. Hafi hann athugað eða látið athuga þetta í þjóðskrá og í framhaldi af því skráð heimilisfangið Vallarás 1. Staðfesti vitnið að efni varðstjóraskýrslunnar væri rétt og kannaðist við nafnritun sína undir hana.

Niðurstaða.

Svo sem að framan er rakið hefur ákærði viðurkennt að hafa gefið upp nafnið Bjarni Jóhannesson hjá lögreglu vegna þeirra umferðarlagabrota er um getur í liðum 3) og 4) í I. kafla ákæru. Þykir í ljós leitt að þetta hafi hann gert þegar hann gaf skýrslur sínar hjá framangreindum varðstjórum. Fær framburður ákærða stoð í framburði þeirra vitna sem komið hafa fyrir dóminn vegna þessa kafla ákæru. Þá hefur vitnið Bjarni Jóhannesson komið fyrir dóminn og staðfest að hann hafi hjá lögreglu verið sakaður um bæði brotin. Telur dómurinn með vísan til framanritaðs sannað, að með því að gefa lögreglu upp nafnið Bjarni Jóhannesson og rita undir varðstjóraskýrslurnar með því nafni hafi hann verið að skírskota til bróður síns, sem ber þetta nafn, og þar með hafi hann komið því til leiðar, að framangreindur bróðir hans var sakaður um brotin. Samkvæmt framansögðu telur dómurinn ekki varhugavert að telja sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í þessum kafla ákæru, en með henni hefur ákærði brotið gegn og unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 148. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III.

Fimmtudaginn 25. mars sl. laust eftir kl. 19 var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt að ölvaður ökumaður væri að aka um á bifreiðastæðinu framan við húsin nr. 33 og 35 við Torfufell hér í borg. Var bifreiðin sögð vera skutbifreið af gerðinni MMC-Lancer, hvít að lit, og bera skráningarnúmerin SE-505. Fóru tveir lögreglumenn, sem voru staddir skammt frá á vettvangi. Er þeir komu þangað sat ákærði í máli þessu undir stýri bifreiðarinnar. Bifreiðin var ekki í gangi, en vélarhlíf hennar mjög heit viðkomu. Er lögreglumennirnir höfðu tal af ákærða neitaði hann að hafa ekið bifreiðinni. Var ákærði færður á lögreglustöðina við Hverfisgötu til yfirheyrslu hjá varðstjóra, en að svo búnu var hann færður á slysadeild Borgarspítalans þar sem honum var tekið blóðsýni kl. 20.30. Reyndist það innihalda 2,74‰ alkóhóls. Var ákærði því næst færður á lögreglustöðina á ný og þar í fangageymslu.

Morguninn eftir var ákærði yfirheyrður hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík. Viðurkenndi hann þá akstur framangreindrar bifreiðar undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum frá Kópavogi að Torfufelli 33. Jafnframt viðurkenndi hann að hafa sett skráningarnúmerin SE-505 á bifreiðina nokkrum dögum áður. Hefði enginn vitað af því, og tæki hann á sig alla ábyrgð vegna þessa.

Við þingfestingu málsins kvaðst ákærði ekki vera viss um, hvort hann hefði fest skráningarmerki þau, sem um getur í ákæru, á bifreið þá, sem þar greinir. Þá gæti hann ekki kannast við að hafa ekið umræddri bifreið undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt frá Kópavogi að Torfufelli 33 í Reykjavík. Hann hafi að vísu verið undir áhrifum áfengis umræddan dag, en honum hafi verið tjáð að bifreiðin hafi verið dregin frá Kópavogi að Torfufelli 33. Kvaðst hann ekki vita, hver setið hefði undir stýri bifreiðarinnar meðan hún var dregin.

Er ákærða var kynnt lögregluskýrsla sú sem hann gaf við lögreglurannsókn málsins kvað hann efni hennar að stórum hluta rangt og að mikið væri fyllt upp í eyður af hálfu yfirheyranda. Nafnritun sína undir skýrsluna kannaðist hann hins vegar við.

Í dómskýrslu, sem ákærði gaf við aðalmeðferð málsins, kvað hann háttsemi sinni ekki rétt lýst í ákæruskjali. Kvað hann þá hafa verið þrjá eða fjóra sem hafi verið að vinna við að setja bifreiðina saman og vel gæti verið að númerin hefðu hreinlega verið sett á áðurnefnda bifreið fyrir misgáning. Umrædd bifreið, sem hafi verið í óökuhæfu ástandi, hafi verið búin að standa fyrir utan skúr við Borgarholtsbraut í Kópavogi u.þ.b. 3 vikur og fólk í nágrenninu hafi verið búið að kvarta undan bifreiðinni.

Vitnið Kristinn Pedersen lögregluvarðstjóri var annar þeirra lögreglumanna sem höfðu afskipti af ákærða á bifreiðastæðinu við Torfufell 33. Skýrði vitnið svo frá, að umræddan dag hefði hann ásamt Hálfdáni Daðasyni lögreglumanni fengið skilaboð um stjórnstöð um að fara upp í Torfufell, en tilkynnt hefði verið, að þangað hefði komið akandi bifreið af gerðinni Mitsubishi, hvít að lit, og grunur léki á að ökumaður hennar væri ölvaður. Þegar þeir komu á staðinn, hefðu þeir séð bifreið, sem framangreind lýsing átti við, standa í bifreiðastæðinu og maður setið undir stýri hennar. Vél bifreiðarinnar hefði ekki verið í gangi, þegar þeir komu að. Er þeir höfðu tal af manninum, hefði hann virst talsvert ölvaður. Vitnið hafi kannað vél bifreiðarinnar og hafi hún reynst svo heit viðkomu að hann hafi rétt getað komið við hana. Meðan þeir voru á vettvangi hafi kona komið út úr einum stigaganginum og gefið sig á tal við þá. Hafi hún greint þeim frá því að framangreindur maður væri sambýlismaður sinn og hefði hann komið akandi í bifreiðinni að húsinu skömmu áður og hún verið farþegi í henni. Þeir hafi fært manninn undan stýri og í lögreglubifreiðina, haft samband við stjórnstöð og gefið upp númer umræddrar bifreiðar. Hafi þeir fengið upplýst að það númer ætti ekki við þá bifreið. Þeir hafi fært manninn á lögreglustöð til yfirheyrslu og bifreiðin verið flutt þangað með kranabifreið. Loks staðfesti vitnið að frumskýrsla málsins væri rétt.

Vitnið Rúnar Sigurðsson rannsóknarlögreglumaður tók framangreinda framburðarskýrslu af ákærða. Kvaðst vitnið hafa yfirheyrt ákærða í vinnuherbergi sínu en enginn vottur verið viðstaddur yfirheyrsluna sem slíka. Að skýrslutöku lokinni kvaðst vitnið hafa kallað til vott. Eftir að votturinn, sem vitnið mundi ekki hver var, var kominn inn í herbergi vitnisins hafi ákærði undirritað skýrsluna og eftir það votturinn og hann sjálfur. Hafi ákærði skýrt sjálfstætt frá atvikum málsins og framburður hans verið mjög greinargóður. Kvaðst vitnið hvorki kannast við að hafa spurt ákærða leiðandi spurninga né að hafa fyllt upp í eyður við skýrslatökuna. Staðfesti vitnið skýrslu sína sem rétta og kannaðist við nafnritun sína undir hana.

Vitnið Júlíus Jens Ármann rannsóknarlögreglumaður skýrði svo frá, að hann hefði verið vottur að undirskrift ákærða á framburðarskýrslu, sem ákærði gaf varðandi mál þetta hinn 26. mars sl. hjá Rúnari Sigurðssyni rannsóknarlögreglumanni. Kvað vitnið Rúnar hafa kallað sig inn í vinnuherbergi hans, þegar hann var búinn að taka framburðarskýrslu af ákærða. Hafi ákærði fyrst ritað undir skýrsluna, en eftir það hafi vitnið vottað hana með undirskrift sinni. Staðfesti vitnið nafnritun sína.

Vitnið Guðmunda Híramía Birgisdóttir, kt. 130271-3249, skýrði svo frá að umræddan dag laust eftir hádegi hefði hún ekið ákærða í bifreið sinni frá Torfufelli 33 hér í borg til Kópavogs. Þar hafi ákærði farið úr bifreiðinni við bílskúr ekki langt frá nýju sundlauginni. Kvaðst vitnið hafa spurt ákærða hvort hún ætti að sækja hann, en hann hafi sagt að þess þyrfti ekki, en beðið hana, ef hún færi beint heim, að hringja í dráttarbíl til að draga Lancerbifreiðina í bílastæði við Torfufell 33. Þar sem vitnið hafi ekki farið rakleiðis heim hafi hún ekki pantað dráttarbíl, en þegar hún kom heim hafi umrædd Lancerbifreið verið þarna á stæðinu en enginn í henni. Kvaðst vitnið því ekki hafa séð ákærða aka framangreindri bifreið. Þá kvað hún ákærða ekki hafa verið ölvaðan þegar hún ók honum í Kópavog.

Niðurstaða.

Svo sem að framan greinir viðurkenndi ákærði hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík að hafa fimmtudagskvöldið 25. mars sl. ekið óskráðri Lancerbifreið undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt frá Kópavogi að Torfufelli 33, Reykjavík. Jafnframt viðurkenndi hann við þessa sömu yfirheyrslu að hafa nokkrum dögum áður fest skráningarmerkin SE-505 á framangreinda bifreið.

Vitnið Rúnar Sigurðsson hefur staðfest að ákærði hafi skýrt frá málavöxtum í sjálfstæðri og greinargóðri frásögn. Þá hefur vitnið Júlíus Jens Ármann staðfest að hafa verið vottur að nafnritun ákærða undir skýrsluna, en hann hafi verið kvaddur til þegar komið var að því að ákærði undirritaði skýrsluna. Samkvæmt 2. mgr. 72. gr. laga nr. 19/1991 skal rannsóknari við yfirheyrslur hafa einn greinargóðan og trúverðugan vott, sé þess kostur. Í tilviki því, sem hér um ræðir, var ekki staðið þannig að málum, heldur vottur kvaddur til, þegar skýrslan hafði verið tekin og komið var að undirritun hennar. Þrátt fyrir þetta verklag þykir skýrslutaka sú, sem að framan greinir, uppfylla nægjanlega skilyrði hinnar tilvitnuðu lagagreinar. Telur dómurinn samkvæmt framansögðu og þegar höfð er hliðsjón af framburði vitnanna Rúnars Sigurðssonar og Júlíusar Jens Ármann, að fram sé komin lögfull sönnun þess að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í III. kafla ákæru. Varðar háttsemi ákærða við 157. gr. almennra hegningarlaga, 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., 1. mgr. 48. gr. og 1. mgr. 63. gr. umferðarlaga. Hefur ákærði með framanlýstri háttsemi unnið sér til refsingar samkvæmt 157. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var málum á hendur honum tvívegis lokið með dómsáttum á árinu 1986, í bæði skiptin fyrir ölvunarakstur, en í fyrra tilvikinu einnig fyrir nytjatöku. Var hann vegna þessara mála einnig sviptur ökuréttindum, samtals í 18 mánuði. Frá 1. desember 1986 til 9. janúar 1992 hefur ákærði hlotið alls 12 dóma, þar af 4 hegningarauka, einkum fyrir ölvunar- og sviptingarakstur, en einnig fyrir brot gegn 157. gr., 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga.

Brot þau, sem lýst er í 1. og 2. lið I. kafla ákæru, eru framin, áður en síðastnefndur dómur gekk. Ber, að því er þau brot varðar, að hafa hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga við ákvörðun refsingar. Einnig ber við refsiákvörðunina að hafa hliðsjón af 77. gr. sömu laga. Þykir refsing ákærða samkvæmt framansögðu og þegar litið er til sakaferils hans hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði.

Eins og krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, ber að svipta ákærða ökurétti. Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt og ber að árétta ævilanga ökuleyfissviptingu ákærða.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, sem þykja hæfilega ákveðin 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 45.000 krónur. Sakarkostnaður vegna komu Þórhalls Árnasonar lögreglumanns fyrir dóm greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Ákærði, Stefán Jóhannesson, sæti fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði er sviptur ökurétti ævilangt.

Ákærði greiði sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar, hæstaréttarlögmanns, 45.000 krónur. Sakarkostnaður vegna komu Þórhalls Árnasonar fyrir dóm greiðist úr ríkissjóði.

Miðvikudaginn 11. maí 1994.

Nr. 112/1994. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Jóni Ólafssyni
(Jón Magnússon hrl.)

Bifreiðar. Umferðarlög. Ölvunarakstur. Ökuréttarsvipting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu í heild sinni, og var því af hálfu ákæruvalds skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 4. mars 1994. Krefst ákæruvaldið staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en ákærði krefst sýknu í málinu.

Sannað er með niðurstöðu blóðrannsóknar og öðru því, sem fram er komið í málinu, að ákærði hefur gerst sekur um brot gegn 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 1. mgr. 100. gr. sömu laga, eins og í ákæru greinir. Verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur með skírskotun til forsendna hans.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, svo sem um er mælt í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 18. febrúar 1994.

Ár 1994, föstudaginn 18. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 40/1994: Ákæruvaldið gegn Jóni Ólafssyni, sem tekið var til dóms 16. þ.m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 24. janúar sl., á hendur ákærða, Jóni Ólafssyni, Rauðagerði 49 hér í borg, kt. 110448–4579.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir að hafa aðfaranótt sunnudagsins 1. ágúst 1993 undir áhrifum áfengis ekið bifreiðinni KV-325 norður Biskupstungnabraut í Árnessýslu uns lögregla stöðvaði akstur hans við afleggjara að Vaðnesi þar í sýslu.

Telst þetta varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 25. og 26. gr. laga nr. 44/1993".

Aðfaranótt sunnudagsins 1. ágúst sl. klukkan 4.10 stöðvuðu tveir lögreglumenn í Árnessýslu ákærða, Jón Ólafsson, sem þá hafði ekið jeppabifreiðinni KV-325 norður Biskupstungnabraut, en aksturinn var stöðvaður við afleggjarann að Vaðnesi í Grímsnesi. Í skýrslu annars lögreglumannanna segir, að þegar þeir hafi rætt við ákærða hafi þeir fundið leggja frá vitum hans sterka áfengislykt og auk þess hafi augu hans verið vot og rauð. Virtist hann verulega undir áhrifum áfengis og auk þess reikull í spori. Hann neitaði að gefa öndunarsýni og var fluttur á Selfoss og þar fyrir varðstjóra. Ákærði neitaði þá að tjá sig um sakarefnið, en við handtökuna og ávallt síðan neitar ákærði að hafa verið undir áhrifum áfengis við aksturinn og hafi hann ekki neytt áfengis fyrr en að honum loknum.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða og vitna við meðferð málsins, en hann er á sama veg og áður er komið fram við rannsókn hjá lögreglu.

Ákærði kannast við að hafa ekið bifreiðinni KV-325 aðfaranótt sunnudagsins 1. ágúst sl. norður Biskupstungnabraut í Árnessýslu og þar til akstri lauk fyrir afskipti lögreglu við afleggjara að Vaðnesi þar í sýslu. Hann neitar því hins vegar að hafa verið undir áhrifum áfengis við aksturinn.

Ákærði kveðst hvorki hafa neytt áfengis fyrir aksturinn né við hann. Hann kveðst hins vegar hafa drukkið um hálfan lítra af vodka úr plastpela eftir að lögreglan hafði stöðvað hann, og neytti hann áfengisins í tveimur lögreglubifreiðum, fyrst í þeirri, sem hann var færður í þegar eftir handtökuna, og síðan í þeirri, sem flutti hann á Selfoss, en skipt var um bifreið á leiðinni. Þegar lokið var úr pelanum henti ákærði honum út um glugga lögreglubifreiðarinnar, en ákærði sat í vinstra aftursæti hennar og henti pelanum út um glugga hurðarinnar vinstra megin að aftan. Ákærði kveðst hafa geymt pelann í vasa á víðum buxum sínum.

Ákærði var eftir handtökuna leiddur inn í lögreglubifreið og settur í hægra aftursæti hennar, en í hinu vinstra sat annar maður fyrir. Frammi í lögreglubifreiðinni sátu tveir lögreglumenn. Byrjaði ákærði að drekka úr pelanum í þessari bifreið. Hann hélt því áfram í hinni lögreglubifreiðinni. Tveir lögreglumenn sátu frammi í henni í fyrstu, en stuttu eftir að ökuferðin hófst fór annar þeirra úr bifreiðinni, og urðu ákærði og ökumaður lögreglubifreiðarinnar eftir það einir í henni alla leið á Selfoss.

Ákærða var í upphafi boðið að blása í blöðru, en hann neitaði því og taldi slíkt ástæðulaust. Ákærði hafði ekki neytt áfengis, þegar honum var boðið að blása í blöðruna. Ákærði segir, að það hafi komið flatt upp á sig, þegar lögreglan hafði afskipti af honum, og hann minnist þess ekki að minnst hafi verið á það við sig, áður en ökuferðin hófst á Selfoss, að þangað skyldi hann færður til blóðtöku. Ákærði segist hafa byrjað áfengisdrykkjuna, þar sem fokið hafi í sig vegna hinna tilefnislausu afskipta lögreglunnar af honum.

Vitnið Elís Kjartansson lögreglumaður, Lágengi 7 á Selfossi, kveðst hafa ekið lögreglubifreiðinni umrætt sinn á leið austur Biskupstungnabraut í Grímsnesi. Lögreglubifreiðin dró uppi jeppabifreið, sem var á undan, og fannst þeim lögreglumönnunum aksturslag hennar einkennilegt og hún rása til á veginum og fara öðru hverju yfir á rangan vegarhelming. Var því ákveðið að stöðva bifreiðina og það gert eftir að hún hafði beygt inn á afleggjarann að Vaðnesi. Stöðvaði vitnið lögreglubifreiðina fyrir aftan vinstra afturhorn jeppabifreiðarinnar, svo að það sá hliðina á jeppabifreiðinni. Félagi vitnisins gekk að hinni bifreiðinni, og út úr henni steig ákærði. Segir vitnið, að jafnvægi ákærða hafi verið óstöðugt, þegar hann gekk að lögreglubifreiðinni, en hann var látinn setjast í hægra aftursæti hennar. Þegar hann var kominn inn í bifreiðina, fann vitnið áfengislykt leggja um lögreglubifreiðina. Vitnið man ekki nákvæmlega orðaskipti við ákærða, en stuttu eftir komu ákærða inn í lögreglubifreiðina var ákærði beðinn að blása í öndunarsýnisblöðru. Ákærði tók við blöðrunni, en kvaðst neita að blása í hana. Hann bar hana hins vegar upp að munninum án þess að þrýsta henni að honum. Sá vitnið, þegar andardráttur ákærða kom í blöðruna, að hún sýndi 2. stig af fjórum mögulegum, en þá miðar vitnið við, að blásið sé af fullu í hana.

Vitnið segir, að ákærða hafi verið gerð grein fyrir því, að honum yrði ekið á Selfoss vegna grunar um ölvun við akstur, og hafi hann ekkert sérstakt sagt um þessa ákvörðun, en það hafi komið fram hjá honum, að þeir lögreglumennirnir ættu eftir að sjá eftir þessu. Var nú lagt af stað að Selfossi, en jafnframt kölluð til önnur lögreglubifreið, þar sem þeir lögreglumennirnir voru á leið til Laugarvatns, þegar þeir höfðu afskipti af ákærða. Sú lögreglubifreið kom á móti vitninu, og mættust bifreiðarnar á milli bæjanna Tannastaða og Alviðru, og þar var ákærði færður á milli bifreiða og lagt af stað með hann í hinni bifreiðinni til Selfoss. Ekki hafði verið ekið lengi, þegar hafa þurfti afskipti af öðrum ökumanni, og leiddi það til þess, að annar lögreglumannanna í bifreiðinni, sem flutti ákærða að Selfossi, varð að yfirgefa bifreiðina til að taka við stjórn bifreiðarinnar, sem þarna þurfti að hafa afskipti af.

Vitnið segir, að enginn efi hafi verið í huga þess, frá því að það sá ákærða fyrst og þar til hann var kominn inn í bifreiðina, að hann væri mjög ölvaður, og er vitnið alveg öruggt um, að ákærði neytti einskis áfengis í bifreiðinni hjá því, meðan hann var þar. Vitnið man ekki, hvernig ákærði var klæddur, en tekur fram, að hann hafi verið þannig klæddur, að ekki hafi komið til álita að leita á honum að áfengi, sem sé gert að öllu jöfnu, ef ástæða sé til að ætla að í fötum manna geti leynst áfengi. Vitnið er fullvisst um, að ákærði hafði ekki í höndum flösku eða pela, þegar hann gekk á milli bifreiðanna, né sá vitnið slíkt í fórum hans inni í bifreiðinni.

Vitnið Svanur Kristinsson lögreglumaður, Háengi 15 á Selfossi, kveðst hafa verið í lögreglubifreiðinni með Elísi og sat við hlið hans. Þeir drógu uppi jeppabifreið á leið sinni að Laugarvatni og sáu, að aksturslag hennar var furðulegt, og rásaði hún á milli vegkanta. Ákváðu þeir þá að stöðva bifreiðina og gáfu ökumanni hennar ljós- og hljóðmerki, en hann staðnæmdist ekki strax og ekki fyrr en hann var kominn inn á afleggjarann að Vaðnesi. Þar stansaði hann og lögreglubifreiðin til hliðar, og steig vitnið út og gekk í átt að bifreiðinni. Steig þá ákærði út og virtist mikið ölvaður. Var hann reikull í spori, þvoglumæltur og þrasgjarn. Vitnið segir, að alls enginn efi hafi verið í huga þess, að ákærði virtist mikið ölvaður. Vitnið leiddi ákærða að lögreglubifreiðinni og lét hann setjast í hægra aftursæti hennar, en í hinu vinstra sat farþegi, sem þeir lögreglumennirnir voru að flytja til Laugarvatns.

Ákærða var gerð grein fyrir því í lögreglubifreiðinni, hver ástæðan væri fyrir afskiptum lögreglunnar af honum, en hann neitaði eindregið að hafa neytt áfengis. Ákærða var boðið að blása í blöðru, en hann neitaði að gefa öndunarsýni. Hins vegar bar hann blöðruna upp að munninum, en setti hana ekki upp í sig. Blástur ákærða í blöðruna sýndi þegar 2. stig af fjórum mögulegum.

Lögreglubifreið var fengin frá Selfossi til að sækja ákærða og hann færður á milli bifreiðanna á milli bæjanna Alviðru og Tannastaða. Lauk þá afskiptum vitnisins af ákærða.

Vitnið fullyrðir, að ákærði hafi ekki drukkið áfengi, hvorki á leiðinni á milli bifreiðanna né í lögreglubifreiðinni á meðan vitnið var þar með honum, en þar var vitnið allan tímann þar til ákærði var færður á milli bifreiða, og það kveðst hafa horft á báðar hendur ákærða, þegar hann steig út úr bifreið sinni. Fullyrðir vitnið, að ákærði hafi ekki haft áfengispela í höndum, sem hann hafi stungið á sig.

Vitnið segir, að ákærði hafi ekki viljað í fyrstu fara inn í lögreglubifreiðina og taldi það óþarfa. Samt sættist hann á það eftir fortölur, en eftir komu hans inn í lögreglubifreiðina tók hann að hóta þeim lögreglumönnunum vegna afskipta þeirra af honum.

Vitnið kveðst hafa fylgst sérstaklega vel með ákærða vegna mótþróa hans og hótana, og sneri vitnið að hálfu aftur í sæti sínu, og auk þess gat það fylgst með ákærða í spegli, ef það horfði fram. Vitnið man ekki betur en að ákærða hafi verið sagt, að tilgangurinn með ökuferðinni væri sá að færa hann í blóðrannsókn. Vitnið þorir þó ekki að fullyrða þetta.

Vitnið Jóhann Hannes Jónsson lögreglumaður, Suðurengi 6 á Selfossi, kveðst umrætt sinn hafa verið sent frá Selfossi á lögreglubifreið ásamt starfsbróður sínum þeirra erinda að sækja ákærða, sem félagar þeirra voru búnir að handtaka, en þeir voru að sinna öðru starfi. Þeir félagar tóku við ákærða í bifreiðina sunnan við Alviðru, og eftir stuttan akstur þeirra beggja með ákærða þurfti starfsbróðir þess að yfirgefa bifreiðina vegna annarra starfa.

Vitnið segir, að samkvæmt sínu mati hafi ákærði verið mikið ölvaður af ökumanni að vera, þegar hann var færður yfir í bifreiðina hjá vitninu og starfsbróður þess. Vitnið sá ekki áfengi eða ílát undan einhverjum drykkjarvörum í fórum ákærða, hvorki þegar hann var færður á milli bifreiðanna né í bifreiðinni hjá vitninu. Þá sá vitnið ekki ákærða kasta áfengispela út úr lögreglubifreiðinni um glugga. Vitnið kveðst hafa fylgst eins vel með ákærða og það gat samhliða því að aka lögreglubifreiðinni, og horfði það á hann í baksýnisspeglinum eins mikið og mögulegt var. Vitnið á ákaflega erfitt með að sjá þann möguleika, að ákærði gæti drukkið úr áfengispela í bifreiðinni og hent honum út úr bifreiðinni, svo að vitnið sæi það ekki.

Vitnið man ekki til þess, að það kæmi til tals í lögreglubifreiðinni hjá því, að verið væri að færa ákærða í blóðrannsókn á Selfossi.

Vitnið Klemens Geir Klemensson lögreglumaður, Jórutúni 6 á Selfossi, kveðst hafa verið sent umrætt sinn frá Selfossi í lögreglubifreið ásamt starfsbróður sínum þeirra erinda að sækja ákærða, sem félagar þeirra voru búnir að handtaka, en þeir voru að sinna öðru starfi. Þeir félagar tóku við ákærða í bifreiðina sunnan við Alviðru, og eftir stuttan akstur þeirra beggja með ákærða þurfti vitnið að yfirgefa bifreiðina vegna annarra starfa. Vitnið giskar á, að akstur frá Selfossi að þeim stað, þar sem tekið var við ákærða, taki að jafnaði 7–10 mínútur.

Vitnið kveðst engan veginn geta séð möguleika á því, að ákærði hafi getað verið með áfengi á sér á meðan vitnið sá hann. Vitnið gekk til móts við starfsbræður sína, þegar ákærði var fluttur á milli bifreiðanna, og gekk með honum að bifreiðinni, sem vitnið var í. Var ákærði látinn sitja fyrir aftan ökumanninn og lagt af stað til Selfoss, en eftir stuttan akstur þurfti vitnið, eins og áður greinir, að yfirgefa lögreglubifreiðina. Vitnið sá ekki ákærða neyta áfengis á leiðinni á milli lögreglubifreiðanna né í bifreiðinni hjá starfsbróður sínum á meðan þeir voru saman. Þá sá vitnið ekki ákærða henda pela út úr bifreiðinni. Vitnið segir, að enginn möguleiki hafi verið á áfengisdrykkju eða því að pela væri hent út úr bifreiðinni á meðan vitnið var í henni, en það var örstuttur tími.

Vitnið segir, að því hafi virst ákærði mjög ölvaður, og var mikil áfengislykt af honum. Þá var jafnvægi hans áberandi óstöðugt.

Vitnið Hjalti Guðmundsson, Hallveigarstíg 8 hér í borg, kveðst staðfesta, að það hafi verið farþegi í lögreglubifreið, þegar ákærði var færður í hana, og voru þeir saman í lögreglubifreiðinni nokkurn spotta frá Vaðnesvegamótum í Grímsnesi áleiðis að Selfossi og þar til önnur lögreglubifreið tók við ákærða. Vitnið telur, að eftir sinni bestu vitneskju hafi ákærði vafalaust verið búinn að fá sér í glas, þegar hann kom inn í lögreglubifreiðina og settist við hlið vitnisins í aftursæti hennar. Ekki fylgdist vitnið með ákærða í lögreglubifreiðinni á meðan þeir voru saman, og segir vitnið, að ákærði hafi verið hljóður. Ekki varð vitnið þess vart, að ákærði væri að drekka áfengi. Vitnið telur mögulegt, að ákærði hafi getað drukkið áfengi í bifreiðinni, þó að vitnið sæi það ekki, ef hann hefði farið nógu laumulega með það. Ekki sá vitnið áfengispela í höndum ákærða í bifreiðinni. Vitnið telur, að það og ákærði hafi verið saman í lögreglubifreiðinni í 5–10 mínútur. Vitnið heyrði ákærða neita spurningu lögreglumannanna um það, að hann hefði neytt áfengis.

Vitninu fannst það sjá það á ákærða, að hann væri búinn að innbyrða eitthvað af áfengi. Vitnið kveðst sjálft hafa verið undir áhrifum áfengis og fann því ekki lykt af ákærða. Vitnið varð ekki vart við, að lögreglumennirnir fylgdust með þeim farþegunum í aftursætinu, en ekki var vitnið þó að fylgjast með þessu sérstaklega.

Ákærði hafnaði tilboði um að ljúka máli þessu með lögreglustjórasátt.

Eins og fram er komið hefur ákærði staðfastlega neitað sakargiftum frá upphafi. Hins vegar hafa báðir lögreglumennirnir, sem stóðu að handtöku ákærða, borið, að hann hafi verið mikið undir áhrifum áfengis við handtökuna, og auk þess lýst athugaverðum akstri hans og því, að við öndun ákærða í blöðru hafi komið fram merki um áfengisneyslu. Þá hefur vitnið Hjalti borið, að það telji, að ákærði hafi augljóslega verið búinn að fá sér í glas og innbyrða eitthvað af áfengi, þegar hann þegar eftir handtökuna var settur við hlið þess í lögreglubifreiðinni. Er því sannað þrátt fyrir neitun ákærða með framburði þessara þriggja vitna, að ákærði hefur verið undir áhrifum áfengis við akstur bifreiðarinnar KV-325 greint sinn. Þá er einnig sannað með framburði framangreindra tveggja lögreglumanna, sem fær stoð í framburði vitnisins Hjalta, að sú saga ákærða, að hann hafi neytt áfengis í fyrri lögreglubifreiðinni, þar sem fokið hafi í hann vegna tilefnislausra afskipta lögreglunnar af honum, sé röng, og hlyti ákærði allsgáður að hafa tekið því fegins hendi að fá að sanna sakleysi sitt með því að blása í blöðruna, en honum gat ekki dulist, þegar honum var boðið upp á það, að verið væri að saka hann um ölvunarakstur. Þá er það einnig mat dómsins, að ósannað sé, að ákærði hafi neytt áfengis í seinni lögreglubifreiðinni á hinni stuttu leið hennar til Selfoss. Verður því við það miðað, að það áfengismagn hafi verið í blóði ákærða við aksturinn, sem mældist við rannsókn, en það voru 2,64‰. Er háttsemi ákærða rétt færð til refsiákvæða í ákæru.

Ákærði hefur ekki áður sætt refsingum, svo að kunnugt sé.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar, svo sem krafist er í ákæru, en hún þykir hæfilega ákveðin 35.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins að telja, en ella sæti ákærði varðhaldi í 10 daga.

Þá hefur ákærði unnið sér til þess að verða sviptur ökurétti svo sem krafist er í ákæru og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir. Þykir hæfilegt að svipta ákærða þessum rétti í 1 ár frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með taldar 25.000,00 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs, og 35.000,00 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Ólafsson, greiði 35.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins að telja, en sæti ella varðhaldi í 10 daga.

Ákærði er sviptur ökurétti í 1 ár frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 25.000,00 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs, og 35.000,00 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns.

Miðvikudaginn 18. maí 1994.

Nr. 216/1994. **Siglufjarðarkaupstaður**
(Friðrik Arngrímsson hdl.)
gegn
Íslandsbanka hf.
(Guðjón Ármann Jónsson hdl.)

Kærumál. Skýrslugjöf.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 26. apríl 1994, sem barst réttinum 9. maí sl. Kæruheimild er í b-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hann krefst þess, „að hinum kærða úrskurði verði hrundið og synjað kröfu varnaraðila um að leiða sem vitni við aðalmeðferð málsins Ísak J. Ólafsson, fyrrverandi bæjarstjóra hjá sóknaraðila“. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og málskostnaðar.

Varnaraðili hefur höfðað mál á hendur sóknaraðila til innheimtu skuldar samkvæmt skuldabréfi, sem Dýpkunarfélagið hf. á Siglufirði gaf út til Alþýðubankans hf. 22. apríl 1988 og sóknaraðili veitti einfalda bæjarábyrgð fyrir. Ísak J. Ólafsson annaðist frágang ábyrgðaryfirlýsingarinnar sem bæjarstjóri sóknaraðila á þessum tíma. Eigi verður talið, að koma hans fyrir dóm raski grundvelli málsins eða sé sýnilega þarflaus. Rétt er því að kveðja hann fyrir dóm til skýrslugjafar.

Sóknaraðili skal greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Heimilt er að kveðja Ísak J. Ólafsson fyrir dóm til skýrslugjafar í málinu.

Sóknaraðili, Siglufjarðarkaupstaður, greiði varnaraðila, Íslandsbanka hf., 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 14. apríl 1994.

Í síðasta þinghaldi 29. mars sl., er fram fór undirbúningur aðalmeðferðar, kom upp ágreiningur milli málsaðila um vitnaleiðslu Ísaks J. Ólafssonar, fyrrverandi bæjarstjóra hjá stefnda, er stefnandi óskaði eftir að færi fram, en stefndi mótmælti, þar sem stefnandi hafði ekki getið þess í stefnu eða framhaldsstefnu að hann hygðist leiða umrætt vitni til skýrslugjafar, sbr. h-lið 1. mgr. 80. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Krafðist lögmaður stefnanda úrskurðar dómara um þetta ágreiningsefni og er úrskurður þessi kveðinn upp í samræmi við 112. gr. ofangreindra laga, sbr. b-lið 1. mgr. 143. gr. sömu laga.

Hér verður leyst úr því hvort stefnandi hafi fyrirgert rétti sínum til að leiða umrætt vitni fyrir dóm til skýrslugjafar um málsatvik með því að geta þess ekki í stefnu/framhaldsstefnu, að hann hefði slíkt í hyggju.

Í 1. mgr. 102. gr. laga um meðferð einkamála er gert ráð fyrir því að fram fari undirbúningur aðalmeðferðar þar sem dómari leiti m.a. eftir því í hvaða skyni aðilar hyggist leiða vitni við aðalmeðferð til að staðreyna hvort og að hvaða marki skýrslugjafar sé þörf. Ekki er heimilt að synja aðila um sönnunarfærslu nema hún sé að mati dómara bersýnilega tilgangslaus, sbr. 3. mgr. 46. gr. sömu laga. Sú röksemd stefnda, að málsvörn í framhaldssök hefði verið hagað öðruvísi ef fram hefði komið í framhaldsstefnu að stefnandi hygðist leiða umrætt vitni fyrir dóminn, þykir ekki eiga hér við, þegar litið er til þess að stefnandi er bundinn af þeim málsástæðum sem þegar hafa komið fram, sbr. 5. mgr. 101. gr. sömu laga, og breytir vitnaleiðslan engu í því sambandi. Einnig er rétt að vísa til þess að gera verður ráð fyrir því að stefnda verði heimilt með sömu rökum að leiða vitni þótt þess hafi ekki verið getið í greinargerð hans hver þau vitni væru eins og 2. mgr. 99. gr. laga um meðferð einkamála kveður á um.

Með vísan til þessa þykir rétt að stefnanda verði heimilt að leiða umrætt vitni fyrir dóminn við aðalmeðferð málsins enda hefur ekki komið fram að umrædd vitnaleiðsla geti talist óþörf.

Úrskurðarorð:

Stefnanda, Íslandsbanka, er heimilt að leiða sem vitni við aðalmeðferð málsins Ísak J. Ólafsson, fyrrverandi bæjarstjóra hjá stefnda.

Miðvikudaginn 18. maí 1994.

Nr. 186/1994. **Skeljungur hf.**
(Andri Árnason hrl.)
gegn
Sparisjóði Hafnarfjarðar
(Valgarður Sigurðsson hrl.)

Kærumál. Nauðungarsala. Úthlutun uppboðsandvirðis. Tryggingarbréf.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Guðrún Erlendsdóttir.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru, sem barst réttinum 26. apríl sl. Kæruheimild er í 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og frumvarpi sýslumannsins í Hafnarfirði að úthlutun á uppboðsandvirði fasteignarinnar að Hnotubergi 5 í Hafnarfirði verði breytt þannig, að í stað 3.087.267 króna renni 1.990.096 krónur af uppboðsandvirðinu til varnaraðila samkvæmt 5. lið frumvarps að úthlutunargerð. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar auk málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Málavöxtum er lýst í hinum kærða úrskurði.

Tryggingarbréf það, sem varnaraðili reisir kröfur sínar á við úthlutun uppboðsandvirðis fasteignarinnar að Hnotubergi 5, var gefið út af Hraðtækni hf. 28. ágúst 1989 til tryggingar kröfum Sparisjóðs Hafnarfjarðar á hendur félaginu. Yfirlýsing Sigurðar Aðalsteinssonar og Margrétar Guðmundsdóttur frá 7. maí 1992 var til þess fallin að auka við efni tryggingarbréfsins með því, að það tæki einnig til skulda Skottu hf.

Engin skírskotun var í bréfi þessu til þess, að veðþoli gæti heimilað 3ja aðila að hagnýta sér tryggingarréttindi þau, sem í því felast. Til að bindandi væri gagnvart veðhöfum, er áttu veðréttindi, er þinglýst voru fyrir 7. maí 1992, þurfti því samþykki þeirra. Með hliðsjón af þessu verður að hafna því, að tryggingarbréf Hraðtækni hf.

standi jafnframt til tryggingar kröfum á hendur Skottu hf. við úthlutunina gagnvart sóknaraðila. Ber því að taka kröfu hans til greina.

Varnaraðili greiði sóknaraðila málskostnað í héraði og kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Tekin skal til greina krafa sóknaraðila, Skeljungs hf., um að varnaraðila, Sparisjóði Hafnarfjarðar, verði úthlutað samkvæmt 5. lið frumvarps að úthlutunargerð 1.990.096 krónum af söluverði fasteignarinnar nr. 5 við Hnotuberg í Hafnarfirði, sem seld var nauðungarsölu 25. ágúst 1993.

Varnaraðili greiði sóknaraðila samtals 120.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 18. mars 1994.

Ár 1994, föstudaginn 18. mars, er í Héraðsdómi Reykjaness af Þorgerði Erlendsdóttur fulltrúa kveðinn upp úrskurður þessi í málinu nr. Z-15/1993: Skeljungur hf. gegn Sparisjóði Hafnarfjarðar, sem tekið var til úrskurðar 22. febrúar sl.

Mál þetta barst dóminum með bréfi Andra Árnasonar hrl., mótteknu 25. nóvember 1993 og þingfestu 21. janúar 1994. Sóknaraðili er Skeljungur hf., en varnaraðili Sparisjóður Hafnarfjarðar.

Dómkröfur.

Dómkröfur sóknaraðila, Skeljungs hf., eru þær, að ákvörðun sýslumannsins í Hafnarfirði um að Sparisjóður Hafnarfjarðar fái úthlutað kr. 3.087.267 samkvæmt tryggingarbréfi á 2. veðrétti við úthlutun uppboðsandvirðis vegna nauðungarsölu á Hnotubergi 5, Hafnarfirði, 25. ágúst 1993, verði hnekkt og að Sparisjóður Hafnarfjarðar fái úthlutað kr. 1.990.096 af uppboðsandvirði vegna áðurgreinds tryggingarbréfs. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Dómkröfur varnaraðila, Sparisjóðs Hafnarfjarðar, eru þær, að ákvörðun sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 10.11. 1993, um að úthluta Sparisjóði Hafnarfjarðar kr. 3.087.267 af uppboðsandvirði fasteignarinnar Hnotubergs 5, Hafnarfirði, á grundvelli tryggingarbréfs sem hvíldi á 2. veðrétti, verði staðfest. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Málavextir.

Mál þetta er risið vegna þeirrar ákvörðunar sýslumannsins í Hafnarfirði frá 10. nóvember 1993 að úthluta Sparisjóði Hafnarfjarðar kr. 3.087.267 skv. 5. lið frumvarps að úthlutunargerð dags. 29. september 1993, vegna nauðungarsölu á fasteigninni Hnotubergi 5, Hafnarfirði.

Atvik að baki máli eru þau, að 28. ágúst 1989 gáfu Sigurður Aðalsteinsson og Margrét Guðmundsdóttir út tryggingarbréf (allsherjarveð) f.h. Hraðtækni hf., tryggt með 7. veðrétti og uppfærslurétti í Hnotubergi 5, Hafnarfirði. Í megintexta bréfsins segir að undirrituð í stjórn Hraðtækni hf.:

. . . „Gjörir kunnugt: Að til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á skuldum þeim, sem ég nú eða síðar, á hvaða tíma sem er, stend í við Sparisjóð Hafnarfjarðar, Hafnarfirði, hvort sem það eru víxilskuldir mínar, víxilábyrgðir, eða hvers konar aðrar ábyrgðir, sem ég hefi tekist á hendur gagnvart sparisjóðnum fyrir þriðja aðila, yfirdráttur á hlaupareikningi, skuldir vegna greiðslukorta, eða hvers konar aðrar skuldir við sparisjóðinn, þar með taldar ábyrgðir, er sparisjóðurinn hefur tekist eða kann að takast á hendur mín vegna, að samtaldri fjárhæð allt að kr. 3.000.000 – þrjár miljónir – auk dráttarvaxta og hvers konar kostnaðar . . .“

Sóknaraðili öðlaðist 7. veðrétt og uppfærslurétt í eigninni með veðskuldabréfi, útg. af Skottu hf. þann 15.04. 1991, en bréfinu var þinglýst 23.04. 1991. Hvíldi tryggingarbréfið þá á 3. veðrétti eignarinnar.

Þann 7. maí 1992 gáfu þau Sigurður Aðalsteinsson og Margrét Guðmundsdóttir út yfirlýsingu, f.h. Hraðtækni hf. og Skottu hf., þar sem því er lýst yfir að félögin veiti samþykki sitt fyrir því að til viðbótar því ákvæði í tryggingarbréfinu að eignin sé sett að veði fyrir skuldum Hraðtækni hf., verði hún „einnig að veði samkvæmt tryggingarbréfinu til tryggingar skuldum Skottu hf., kt. 640589-1679, Hnotubergi 5, Hafnarfirði, við Sparisjóð Hafnarfjarðar“. Samþykki Sparisjóðs Hafnarfjarðar er áritað á yfirlýsinguna. Yfirlýsingarinnar er getið á tryggingarbréfinu, en henni var þinglýst þann 8. maí 1992.

Fasteignin Hnotuberg 5, Hafnarfirði, var seld nauðungarsölu 25. ágúst 1993. Sparisjóður Hafnarfjarðar lýsti kröfu í söluandvirði eignarinnar á grundvelli tryggingarbréfsins, að upphæð samtals kr. 3.087.267, vegna óheimils yfirdráttar á tékkareikningi Hraðtækni hf., kr. 1.990.096, og Skottu hf., kr. 1.097.171.

Samkvæmt frumvarpi sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 29. september 1993, var Sparisjóði Hafnarfjarðar úthlutað kr. 3.087.267 á grundvelli tryggingarbréfsins. Sóknaraðili mótmælti frumvarpinu og krafðist þess að krafa á hendur Skottu hf. kæmi ekki til úthlutunar í skjóli tryggingarbréfsins, þar sem bréfið væri einungis til tryggingar kröfum Sparisjóðs Hafnarfjarðar á hendur Hraðtækni hf.

Á fundi, sem haldinn var 10. 11. 1993 til að taka afstöðu til áðurgreindra andmæla, ákvað sýslumaður að úthluta Sparisjóði Hafnarfjarðar kr. 3.087.267 og synjaði þar með kröfu sóknaraðila. Lýsti sóknaraðili því þá yfir, að hann myndi bera réttmæti ákvörðunarinnar undir Héraðsdóm Reykjaness.

Málsástæður og lagarök.

Sóknaraðili, Skeljungur hf., reisir kröfu sína fyrst og fremst á því, að tryggingarbréfið sé ótvírætt gefið út af Hraðtækni hf. til tryggingar kröfum Sparisjóðs Hafnarfjarðar á hendur því félagi og ekki annarra. Ákvæði bréfsins heimili ekki að öðrum skuldurum sé komið undir það. Til þess að koma skuldum annarra undir bréfið hefði þurft samþykki síðari veðhafa. Ætla megi, að síðari veðhafar hefðu á því byggt, að tryggingarbréfið væri einungis til tryggingar skuldum Hraðtækni hf. gagnvart sparisjóðnum. Síðar tilkomin yfirlýsing um, að tryggingarbréfið skuli einnig vera til tryggingar skuldum Skottu hf. við sparisjóðinn, breyti engu í þessu tilliti, enda hafi ekki verið fengin heimild síðari veðhafa til þeirrar ráðstöfunar. Um yfirlýsinguna eigi við einhvers konar skuldskeytingarsjónarmið, þar sem með henni sé komið undir tryggingarbréfið skuldum annars aðila en þar er upphaflega tilgreindur, án þess að til hafi komið heimild síðari veðhafa, en það varði þá að sjálfsögðu miklu hver sé skuldari tryggingarbréfsins. En skuldskeyting sé að jafnaði ekki heimil nema til komi samþykki kröfuhafa.

Ekki verði á það fallist að í yfirlýsingunni felist einhvers konar ábyrgðaryfirlýsing Hraðtækni hf. á skuldum Skottu hf., enda beri orðalag yfirlýsingarinnar ekki til annars en að skuldir Skottu séu felldar undir tryggingarbréfið samhliða skuldum Hraðtækni hf.

Tryggingarbréf séu í raun ekki annað en veðskuldabréf með þeirri undantekningu, að í tryggingarbréfum sé ekki fastákveðin sú fjárhæð, sem viðkomandi veð sé sett til tryggingar fyrir.

Um tryggingarbréf gildi sömu formreglur og um veðskuldabréf. Verði því að telja að ekki sé unnt að færa undir tryggingarbréfið skuldir nýrra eða annarra aðila en þeirra sem gefið hafa bréfið út, sérstaklega vegna tillits til síðari veðhafa. Hljóti slík ráðstöfun að teljast óeðlileg, m.a. vegna þess að hún sé óhjákvæmilega til þess fallin að rýra þá tryggingu sem réttlægri veðhafar hafi öðlast í veðinu, og gera stöðu þeirra ótryggari heldur en þegar þeir öðluðust tryggingarrétt í umræddri eign.

Sóknaraðili vísar til almennra reglna kröfuréttar, sérstaklega þeirra sjónarmiða er gilda um viðskiptabréf, einnig almennra reglna veðréttar, sérstaklega reglna um veðröð og forsendur veðhafa vegna þessa.

Krafa um málflutningsþóknun er studd við 130. gr. laga nr. 21/1991 um meðferð einkamála.

Varnaraðili byggir á því að tryggingarbréfið feli einungis í sér veðsamning án tilvísunar til tiltekinnar skuldar, sem bréfið á að tryggja. Samningnum fylgi engin kröfuréttindi, heldur verði að stofna til þeirra sérstaklega. Tryggingarbréfið feli í sér allsherjarveð, þ.e.a.s. bréfið tryggi allar þær skuldir sem útgefandi stendur hverju sinni í við eiganda bréfsins. Útgáfa slíkra bréfa samræmist reglum íslensks veðréttar og einu takmörkin, sem þeim séu sett, séu í 23. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978, þau, að tilgreina verði hámarksfjárhæð skuldar sem bréfin eigi að tryggja til þess að þeim megi þinglýsa. Felist í þessu undantekning frá reglunni um, að efni skjals, sem eigi að þinglýsa, sé endanlega ákveðið. Kröfuhafar sem semji um veðrétt á eftir tryggingarbréfi, verði að vera undir það búnir að standa að baki allri fjárhæð bréfsins auk vaxta og kostnaðar. Feli tryggingarbréf jafnframt í sér allsherjarveð, eigi síðari veðhafar engan kost á því að fylgjast með því eða áætla, hvenær þeir muni færast upp í veðröðinni, og þeir geti ekki komið í veg fyrir að útgefandi tryggingarbréfsins stofni sífellt til nýrra skulda og taki á sig ábyrgðir fyrir þriðja mann. Það sé því rangt að nýjum skuldurum verði ekki komið undir tryggingarbréfið án heimildar síðari veðhafa. Síðari veðhafar í Hnotubergi 5, Hafnarfirði, hafi ekki getað byggt á því, að bréfið takmarkaðist við skuldir Hraðtækni hf. við sparisjóðinn. Þvert á móti hafi þeir mátt búast við því að útgefandi ábyrgðist skuldir gersamlega óskyldra aðila við sjóðinn. Það eina, sem þeir hafi getað byggt á, hafi verið, að krafan samkvæmt bréfinu færi ekki fram úr kr. 3.000.000 auk dráttarvaxta og kostnaðar.

Þegar sú ákvörðun hafi verið tekin að tryggingarbréfið skyldi einnig ná yfir skuldir Skottu hf., hafi verið ákveðið að gera það með yfirlýsingu allra aðila sem þinglýst yrði á eignina og skráð frumrit bréfsins. Aðilar hafi átt þess kost að gera þetta með ýmsum öðrum hætti sem ekki hefði sætt gagnrýni. Hraðtækni hf. hefði til dæmis getað gefið út tryggingarvíxil, sem samþykktur hefði verið af Skottu hf. og afhentur Sparisjóði Hafnarfjarðar til tryggingar skuld Skottu hf., eða með því að gefa frá sér einfalda yfirlýsingu um að félagið ábyrgðist sparisjóðnum greiðslu skuldarinnar. Eftir standi því sú spurning ein hvort form yfirlýsingarinnar komi í veg fyrir að ráðstöfun útgefanda standi gagnvart síðari veðhöfum. Það, sem skipti hér máli, sé, að yfirlýsingin feli ekki í sér neina útvíkkun á efni bréfsins.

Yfirlýsingin feli ekki í sér skuldskeytingu. Skuldskeytingar sé ekki þörf til að tryggingarbréfið nái yfir skuldir annarra. Bréfið feli einungis í sér skráningu samnings um veðrétt í eign veðþola. Síðari veðhafar geti ekki byggt neinn rétt á forsendum eða hugmyndum sínum um skuldara/útgefanda bréfsins þar sem ekki sé vitað um skuldirnar að baki bréfinu né aðila að þeim skuldum, hvorki við útgáfu bréfsins né heldur þegar síðari veðréttir stofnist.

Varnaraðili vísar til ákvæða tryggingarbréfsins og reglna íslensks kröfu- og veðréttar um tryggingarbréf og uppfærslurétt síðari veðhafa, sbr. einnig þinglýsingalög nr. 39/1978, einkum 23. gr.

Krafa um málflutningsþóknun er studd við 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Niðurstaða.

Yfirlýsing sú, er mál þetta snýst um, er lögformleg og var henni þinglýst og getið á tryggingarbréfi því er um ræðir. Tryggingarbréfið er með svokölluðu allsherjarveði, þ.e. til tryggingar öllum þeim skuldum og ábyrgðum er í bréfinu greinir, hvort sem stofnað hefur verið til þeirra eða ráðgert er að stofna til þeirra síðar. Í tryggingarbréfinu er eingöngu greind hámarksfjárhæð veðtryggingar.

Er sóknaraðili öðlaðist veðréttindi sín í fasteigninni Hnotubergi 5, Hafnarfirði, samþykkti hann veðrétt á eftir tryggingarbréfinu. Sóknaraðili mátti gera ráð fyrir að veðréttindi hans stæðu á hverjum tíma á eftir allri fjárhæð tryggingarbréfsins auk dráttarvaxta og hvers konar kostnaðar. Verður því ekki talið að staða hans sem veðhafa hafi orðið önnur við það að skuldir Skottu hf. voru með yfirlýsingunni felldar undir tryggingarbréfið. Þykir af þeim ástæðum og þar sem lagarök þykja ekki mæla því mót, hafa verið heimilt að færa skuldir Skottu hf. undir tryggingarbréfið með yfirlýsingunni. Verður því ákvörðun sýslumannsins í Hafnarfirði frá 29. september 1993 um að úthluta Sparisjóði Hafnarfjarðar kr. 3.087.267 af uppboðsandvirði fasteignarinnar Hnotubergs 5, Hafnarfirði, á grundvelli tryggingarbréfsins staðfest.

Með vísan til 3. mgr. 130. gr. einkamálalaga nr. 91/1991 þykir rétt að aðilar málsins beri hvor um sig sinn kostnað af málinu.

Úrskurðarorð:

Ákvörðun sýslumannsins í Hafnarfirði frá 10. 11. 1993 um, að Sparisjóður Hafnarfjarðar fái úthlutað kr. 3.087.267 af uppboðsandvirði fasteignarinnar Hnotubergs 5, Hafnarfirði, er staðfest.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 18. maí 1994.

Nr. 185/1994. **Jóhanna Tryggvadóttir**
Evrópuferðir og
Jónas Bjarnason
(Jóhanna Tryggvadóttir)
gegn
Sparisjóði Hafnarfjarðar
(Bjarni Ásgeirsson hrl.)

Kærumál. Kröfu um, að héraðsdómari víki sæti, hafnað. Málflutningshæfi. Vítur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kæru 23. apríl 1994, sem barst réttinum 26. sama mánaðar. Kæruheimild er í a-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krefjast sóknaraðilar þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og dæmt verði, að héraðsdómarinn, Gunnar Aðalsteinsson, víki sæti.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

I.

Sóknaraðilar tilgreina þær ástæður fyrir kæru sinni, að „Héraðsdómur Reykjaness starfar ekki eins og sjálfstæður óhlutdrægur dómstóll, sem vinnur að því að upplýsa málið, heldur hindrar hann upplýsingu málsins“. Sóknaraðilar hafa engin haldbær rök fært fram fyrir þessum áburði sínum. Þá bera sóknaraðilar því við, að héraðsdómari hafi ekki gefið þeim tækifæri til þess að sýna fram á, að „víxill sem notaður er sem grundvöllur að kröfum í málinu sé falsaður að því er varðar útgáfudag, gjalddaga og fjárhæð“. Það mál, sem þetta kærumál er sprottið af, er rekið sem víxilmál samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991. Sóknaraðilar kröfðust í upphafi málsmeðferðar vitnaleiðslu til sönnunar málsástæðu, sem ekki mátti að lögum koma að í víxilmáli. Héraðsdómari hafnaði kröfu sóknaraðila með úrskurði 24. febrúar 1994, og var sá úrskurður staðfestur í

Hæstarétti 23. mars sl. Um þessar málsástæður sóknaraðila hefur því þegar verið dæmt. Önnur atriði í málflutningi þeirra, er varða Hæstarétt, eru málinu óviðkomandi. Er allur þessi málatilbúnaður stórlega vítaverður.

Staðfesta ber hinn kærða úrskurð með skírskotun til forsendna hans.

Sóknaraðilar skulu greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og segir í dómsorði.

II.

Það er ljóst, að það er ekki á færi Jóhönnu Tryggvadóttur, sem flutt hefur þetta mál og önnur að undanförnu, að reka mál þannig fyrir dómstólum, að viðunandi sé, sbr. dóma Hæstaréttar 24. nóvember 1993 og 29. apríl 1994. Héraðsdómara í þessu máli er rétt að taka afstöðu til þess, hvort neyta beri úrræða 6. mgr. 17. gr. laga nr. 91/1991.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðilar, Jóhanna Tryggvadóttir, Evrópuferðir og Jónas Bjarnason, skulu sameiginlega greiða varnaraðila, Sparisjóði Hafnarfjarðar, 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 11. apríl 1994.

Stefna í máli þessu var þingfest 7. desember 1993.

Úrskurður var kveðinn upp í málinu 24. febrúar sl., en þar var kröfu stefndu um vitnaleiðslur synjað. Með dómi Hæstaréttar 23. mars sl. var sú niðurstaða staðfest. Í þessum þætti málsins hafa stefndu krafist þess að dómarinn víki sæti.

Stefnandi er Sparisjóður Hafnarfjarðar, kt. 610269-5599, Strandgötu 8, Hafnarfirði.

Stefndu eru Jóhanna Tryggvadóttir, kt. 290125-4059, Kirkjuvegi 4, Hafnarfirði, persónulega og f.h. einkafirma hennar, Evrópuferða, kt. 470984-1049, Klapparstíg 27, Reykjavík, og Jónas Bjarnason, kt. 101122-2199, Kirkjuvegi 4, Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði dæmd til greiðslu víxilskuldar að fjárhæð kr. 1.296.073 með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 10. 11. 1993 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar.

Af hálfu stefndu er krafist sýknu og málskostnaðar.

Málatilbúnaður stefnanda byggist á sýningarvíxli sem stefndu settu til tryggingar yfirdrætti á tékkareikningi við Sparisjóð Hafnarfjarðar.

Í þinghaldi í dag var eftirfarandi bókað:

„Stefndu leggja nú fram nr. 19 bréf, dags. 8. 4. 1994, frá Tómasi Gunnarssyni lögmanni.

Jafnframt óskar stefnda bókað að hún óski eftir fresti í málinu þar til skýr og glögg svör liggi fyrir frá héraðsdómi við bréfi Tómasar Gunnarssonar lögmanns. Þá óskar stefnda eftir að bókað verði að ef frestur verði ekki veittur þá óski hún eftir opinberri rannsókn á starfsemi Héraðsdómstóls Reykjaness.“

Síðan var bókað í sama þinghaldi:

„Dómari tekur þá ákvörðun með hliðsjón af 2. tl. 102. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 1. tl. 112. gr. að málinu verði frestað til aðalflutnings til 15. apríl nk. kl. 13.00.

Stefnda krefst þess nú að dómarinn víki sæti þar sem hann hefur ekki fallist á rök stefndu um lengri frest.“

Af hálfu stefndu þykir ekki hafa verið sýnt fram á að dómarinn sé vanhæfur til að fara með málið. Þau atriði, er 5. gr. laga nr. 91/1991 tiltekur, eru ekki fyrir hendi og ekki hefur verið sýnt fram á að önnur atvik eða aðstæður séu til þess fallnar að draga óhlutdrægni dómarans með réttu í efa.

Kröfu stefndu í þessum þætti málsins er því synjað.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Dómarinn víkur ekki sæti í málinu.

Miðvikudaginn 18. maí 1994.

Nr. 188/1994. **Fataframleiðendur hf.**
(sjálfir)
gegn
Landsbanka Íslands
Gjaldheimtunni í Reykjavík
Brautarframkvæmdum hf. og
Á.H.Á.-byggingum hf.

Kærumál. Nauðungarsala. Ómerking nauðungarsölumeðferðar. Frávísun frá Hæstarétti að hluta. Frávísun frá héraðsdómi að hluta.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sigurjóna Símonardóttir, fulltrúi dómstjórans í Reykjavík, kvað upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 15. apríl 1994, sem barst réttinum 27. sama mánaðar. Kæruheimild er í 85. gr., sbr. 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Krefst hann ógildingar á nauðungarsölumeðferð fasteignarinnar að Snorrabraut 56, Reykjavík, eldra húsi, kjallara, 1. og 2. hæð, „. . .frá 1.6.1993 og að sýslumanninum í Reykjavík verði með úrskurði gert skylt að boða alla aðila málsins til fundar til að taka afstöðu til framkominna tilboða og ákvörðunar um áframhaldandi sölutilraunir á almennum markaði, sbr. 2. mgr. 44. gr. nsl. nr. 90/1991. . . . Krafist er úrskurðar um frestun á umráðum uppboðskaupanda yfir eigninni, þar til leyst verður úr um gildi nauðungarsölunnar. . .“ Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerðir.

Mál þetta er risið af nauðungarsölumeðferð sýslumannsins í Reykjavík á framangreindri fasteign að kröfu varnaraðilanna Landsbanka Íslands og Gjaldheimtunnar í Reykjavík.

Svo sem endurrit úr gerðabók sýslumanns 9. mars 1993 ber með sér, var sóknaraðila þar heimiluð aðild að nauðungarsölumeðferð hinnar umræddu eignar. Við þá fyrirtöku var ákveðið, að leitað yrði boða í eignina á almennum markaði í þrjá mánuði, til 9. júní 1993.

Fyrir liggur, að einungis varnaraðilinn Landsbanki Íslands var boðaður til sýslumanns 3. júní til að taka afstöðu til þriggja kauptilboða í eignina, sem þá höfðu borist. Hafnaði bankinn þeim öllum. Með bréfi 31. ágúst 1993 var gerðarþola, Snorrabúð hf., tilkynnt um nauðungarsölu á fasteigninni að Snorrabraut 56, 1. og 2. hæð. Eignin var seld á nauðungaruppboði 1. nóvember 1993, en í endurriti úr gerðabók var kjallara ekki getið.

Sýslumaður fór ekki að reglum VI. kafla laga nr. 90/1991, er hann boðaði til fyrirtöku 3. júní 1993. Til þess fundar bar honum að boða alla þá, er voru aðilar að nauðungarsölumálinu, sbr. 2. mgr. 44. gr. nauðungarsölulaganna, en ekki lá fyrir yfirlýsing samkvæmt 1. mgr. Þar áttu aðilar að eiga þess kost að tjá sig um fram komin tilboð. Jafnframt skyldi sýslumaður leita eftir boðum í eignina, ef tilboðum yrði ekki unað.

Í auglýsingu um framhald uppboðs 28. október 1993 var fyrirtækið Brautarframkvæmdir hf. sagt þinglýstur eigandi Snorrabrautar 56, 1. og 2. hæðar, en sóknaraðili kveður nafnbreytingu hafa orðið á fyrirtækinu Snorrabúð hf. 10. ágúst 1993. Ekki kemur fram í tilgreindri auglýsingu, hvort um yngri eða eldri hluta húsnæðisins var að ræða. Auglýsing sýslumanns, sem var þannig úr garði gerð, var ófullnægjandi.

Samkvæmt framansögðu var eigi farið að lögum við nauðungarsölu Snorrabrautar 56. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og ómerkja nauðungarsölumeðferðina frá og með fyrirtöku sýslumanns 3. júní 1993.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdómara um frávísun kröfu sóknaraðila um, að sýslumanni verði gert að boða aðila málsins til fundar.

Í þinghaldi 10. mars 1994 féll sóknaraðili frá kröfu um úrskurð um frestun á umráðum uppboðskaupanda yfir Snorrabraut 56. Kröfu hans nú um þetta efni verður því vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

Dómsorð:

Kröfu sóknaraðila, Fataframleiðenda hf., um úrskurð um frestun á umráðum varnaraðila Á.H.Á.-bygginga hf. yfir Snorrabraut 56 er vísað frá Hæstarétti.

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur um annað en frávísun kröfu sóknaraðila þess efnis, að sýslumanninum í Reykjavík verði gert að boða aðila málsins til fundar.

Nauðungarsölumeðferð á fasteigninni Snorrabraut 56, Reykjavík, eldra húsi, 1. og 2. hæð, er ómerkt frá og með 3. júní 1993.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 6. apríl 1994.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar þann 10. mars 1994 eftir að aðilar málsins lýstu því yfir að þeir óskuðu ekki eftir því að munnlegur málflutningur færi fram.

Sóknaraðili málsins er Fataframleiðendur hf., kt. 441089-1399, Snorrabraut 56, Reykjavík.

Varnaraðilar málsins eru Landsbanki Íslands, kt. 710169-3819, Austurstræti 11, Reykjavík, Gjaldheimtan í Reykjavík, kt. 570169-0849, Tryggvagötu 28, Reykjavík, Brautarframkvæmdir, kt. 570990-1799, Suðurlandsbraut 54, Reykjavík, og Á.H.Á.-byggingar hf., kt. 451291-1149, Suðurlandsbraut 54, Reykjavík.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær að ógilt verði nauðungarsölumeðferð varðandi fasteignina Snorrabraut 56, eldra hús, kjallari, 1. og 2. hæð, frá og með 1. júní 1993 og að sýslumanninum í Reykjavík verði með úrskurði gert skylt að boða alla aðila málsins til fundar til að taka afstöðu til fram kominna tilboða og ákvörðunar um áframhaldandi sölutilraunir á almennum markaði, sbr. 2. mgr. 44. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90/1991.

Varnaraðilar máls þessa hafa ekki haldið uppi vörnum í málinu.

II.

Málavextir eru þeir að þann 19. nóvember 1992 var tekin fyrir beiðni Landsbanka Íslands hjá sýslumanninum í Reykjavík um nauðungarsölu á fasteigninni Snorrabraut 56, Reykjavík, hluta, en gerðarþoli var Snorrabúð hf. Við fyrirtöku nauðungarsölubeiðninnar hjá sýslumanninum í Reykjavík þann 9. mars 1993 gerðu Fataframleiðendur hf. og Kápusalan hf. kröfu um að teljast aðilar að nauðungarsölunni þar sem þeir væru óþinglýstir kaupsamningshafar að umræddri eign. Féllst sýslumaður á þá kröfu með vísan til 3. tl. 2. gr. laga nr. 90/1991. Í sömu fyrirtöku var samþykkt beiðni Fataframleiðenda hf. og Kápusölunnar hf. um að leitað yrði tilboða í eignina á almennum markaði. Samþykkti gerðarbeiðandi Landsbanki Íslands að sölumeðferð stæði til 9. júní sama ár. Í endurriti úr gerðabók sýslumanns er bókað að aðilar séu sammála um að skilmálar verði líkastir því sem almennt gerist á fasteignamarkaði og að gerðarbeiðandi Landsbanki Íslands áskilji sér rétt til að hafna óaðgengilegum skilmálum. Þann 12. maí óskaði sýslumaður síðan eftir því við Þorstein Steingrímsson fasteignasala að hann leitaði eftir tilboðum í fasteignina. Þann 3. júní var síðan tekið fyrir hjá sýslumanninum í Reykjavík að taka afstöðu til fram kominna tilboða, sem borist höfðu í fasteignina Snorrabraut 56, eldra hús. Samkvæmt staðfestu endurriti úr gerðabók er mætt til þessarar fyrirtöku af hálfu gerðarbeiðanda Landsbanka Íslands en ekki er mætt af hálfu annarra aðila málsins þar sem Landsbanki Íslands var einn boðaður til þessa fundar. Við fyrirtöku þessa hafnaði Landsbanki Íslands fram komnum tilboðum. Ekkert er frekar bókað um framhald málsins. Samkvæmt gögnum málsins gerist það næst að sýslumaður sendir tilkynningar til Snorrabúðar hf. sem þinglýsts eiganda um byrjun uppboðs á fasteigninni 20. september og síðan 8. október og um framhald uppboðs þann 1. nóvember sama ár. Í tilkynningum þessum segir að auglýsing um uppboðið verði send til birtingar í dagblaði ákveðinn dag. Er auglýsing um framhald uppboðs birtist í dagblöðum hafði Snorrabúð hf. breytt nafni sínu í Brautarframkvæmdir hf. Þann 1. nóvember 1993 var eignin síðan seld nauðungarsölu. Kaupandi var Á.H.Á.-byggingar hf.

III.

Sóknaraðili vísar kröfum sínum til stuðnings m.a. til þess, að við fyrirtöku nauðungarsölubeiðninnar hjá sýslumanninum í Reykjavík þann 9. mars 1993 hafi verið ákveðið að tilraunir til að selja fasteignina á frjálsum markaði skyldu standa fyrst um sinn í 3 mánuði. En fyrst 12. maí sama ár hafi sýslumaður óskað eftir því við fasteignasala að leitað væri eftir tilboðum í eignina. Hafi sýslumaður þannig með athafnaleysi sínu í meira en einn og hálfan mánuð komið í veg fyrir að sölutilraunir stæðu í fulla þrjá mánuði. Enn fremur hafi sýslumaður ekki boðað aðra aðila máls þessa en varnaraðilann Landsbanka Íslands til að taka afstöðu til fram kominna tilboða í fasteignina Snorrabraut 56 þrátt fyrir það að honum bæri skylda til slíks skv. 2. mgr. 44. gr. laga nr. 90/1991. Þá hafi sýslumaður sleppt með öllu að boða til fyrirtöku á nauðungarsölu til að fella niður tilraunir til sölu eignarinnar á almennum markaði, sbr. 45. gr. sömu laga, en í þeirri fyrirtöku hafi honum jafnframt borið að ákveða byrjun uppboðs samkvæmt almennum reglum laganna. Tilkynningar sýslumanns um byrjun uppboðs svo og framhald uppboðs hafi einungis verið sendar varnaraðilunum Landsbanka Íslands og Snorrabúð hf., sem breytti nafni sínu þann 10. 08. 1993 í Brautarframkvæmdir hf. Opinber auglýsing um framhald uppboðs hafi því snúist um sölu á eign Brautarframkvæmda hf. og af auglýsingunni einni saman hafi ekki verið unnt að sjá að um sama nauðungarsölumál væri að ræða. Þá hafi ekki verið unnt að sjá af auglýsingunni hvort hér væri um að ræða uppboð á nýrra eða eldra húsi fasteignarinnar að Snorrabraut 56. Hafi auglýsingin gefið til kynna að fram færi framhald uppboðs á 1. og 2. hæð í nýrra húsi. Hæstbjóðendur í eignina þann 1. nóvember sl. séu í raun og veru gerðarþolar, en eigendur Brautarframkvæmda hf., áður Snorrabúðar hf., séu þeir sömu og Á.H.Á.-bygginga hf. Þannig sé boð gerðarþola í andstöðu við anda 3. mgr. 32. gr. laga nr. 90/1991 sem kveður á um að ekki sé gert boð fyrir gerðarþola. Loks vísar sóknaraðili til þess að við framhald uppboðs þann 1. nóvember sl. hafi gerðarþoli, Brautarframkvæmdir hf., áður Snorrabúð hf., lagt fram kröfu í uppboðsandvirði eignarinnar og virðist gerðarþoli ætla sér með þessum hætti að fá fullnustu á umdeildum fjárkröfum sínum á hendur Fataframleiðendum og Kápusölunni hf. án þess að síðastgreindir aðilar hafi átt þess kost að gæta hagsmuna sinna eða halda fram gagnkröfum til skuldajafnaðar. Kröfulýsingar þessar eigi ekki erindi í nauðungarsölumáli þessu eins og þær eru fram settar og sé þeim því mótmælt. Því sé krafist ógildingar nauðungarsölumeðferðarinnar eftir XIV. kafla laga nr. 90/1991 vegna verulegra annmarka á málsmeðferðinni, sem í mörgum liðum sé ekki lögum samkvæm.

IV.

Sóknaraðili hefur skotið þessu máli til Héraðsdóms Reykjavíkur og krafist í fyrsta lagi ógildingar samkvæmt ákvæðum XIV. kafla laga nr. 90/1991 á nauðungarsölumeðferð á fasteigninni Snorrabraut 56, eldra húsi, kjallara, 1. og 2. hæð, frá og með 1. júní 1993 og í öðru lagi að sýslumanninum í Reykjavík verði með úrskurði gert skylt að boða alla aðila málsins til fundar til að taka afstöðu til fram kominna tilboða og ákvörðunar um áframhaldandi sölutilraunir á almennum markaði, sbr. 2. mgr. 44. gr. laga nr. 90/1991. Í 2. mgr. 44. gr. laga nr. 90/1991 segir að berist sýslumanni tilboð í eignina sem hann telur mega taka boðar hann til fyrirtöku með tryggum hætti þá aðila sem hafa ekki gefið yfirlýsingu skv. 1. mgr. Þar sem ekki verður séð af gögnum málsins að aðilar þeir, sem ekki voru boðaðir til fyrirtöku hjá sýslumanni þann 3. júní 1993, hafi gefið yfirlýsingu samkvæmt 1. mgr. 44. gr. sömu laga um að þeir uni því að sýslumaður taki afstöðu til tilboða án frekara samráðs við þá, ber að fallast á það með sóknaraðila, að sýslumanni hafi borið að boða alla aðila málsins til fyrirtöku þessarar en ekki aðeins varnaraðilann Landsbanka Íslands. En þegar litið er til málalykta þeirra, sem urðu við þessa fyrirtöku, að varnaraðilinn Landsbanki Íslands hafnaði fram komnum tilboðum og að eignin var sett á ný í almenna uppboðsmeðferð, verður ekki talið að þessi frávik frá ákvæðum 2. mgr. 44. gr. nauðungarsölulaga varði ógildingu nauðungarsölumeðferðarinnar.

Ekki verður heldur talið, að varði ógildingu nauðungarsölumeðferðarinnar sá augljósi dráttur sem varð á því að sýslumaður hæfi sölutilraunir á almennum markaði.

Sóknaraðili vísar jafnframt til þess að sýslumanni hafi borið að boða til fyrirtöku samkvæmt 45. gr. nauðungarsölulaga til að fella niður tilraunir til sölu eignarinnar á almennum markaði og í þeirri fyrirtöku hafi hann átt að ákveða byrjun uppboðs samkvæmt almennum reglum nauðungarsölulaga. Í 45. gr. eru settar fram reglur sem geta leitt til loka tilrauna við nauðungarsölu á almennum markaði á annan hátt en þann að eigninni sé komið í verð. Er þar jafnframt kveðið á um að ef sýslumaður telji efni til að hætta aðgerðum vegna ákvæða 1.–3. mgr. sömu greinar þá skuli hann kynna ákvörðun um það við fyrirtöku sem hefur verið boðað til af því eða öðru tilefni. Um leið skuli ákveðið um byrjun uppboðs eftir ákvæðum 24. gr. Ákvæði þetta er ekki tæmandi talning á þeim atvikum sem geta leitt til loka sölutilrauna á almennum markaði. Við fyrirtöku með öllum aðilum máls þessa þann 9. mars 1993 var ákveðið að sölutilraunir stæðu til 9. júní sama ár. Þetta kemur og fram í bréfi sýslumanns til Þorsteins Steingrímssonar fasteignasala, sbr. dskj. nr. 5. Mátti aðilum máls þessa því vera ljóst, að sölutilraunum á almennum markaði lyki þann 9. júní 1993 ef þær hefðu ekki borið árangur og eignin færi þá í nauðungarsölumeðferð á uppboði á ný. Er því ekki fallist á að ákvæði 45. gr. laga nr. 90/1991 eigi við í máli þessu.

Eigi verður séð annað en að sýslumaður hafi farið eftir ákvæðum nauðungarsölulaga varðandi tilkynningar um byrjun uppboðs samkvæmt 16. gr., sbr. 19. gr. sömu laga. En samkvæmt þeim ákvæðum ber sýslumanni aðeins að tilkynna gerðarþola um fyrirtöku um byrjun uppboðs svo og gerðarbeiðanda, jafnframt því sem sýslumaður gefur út auglýsingu um nauðungarsöluna.

Ekki verður fallist á það með sóknaraðila að það að þinglýstur eigandi fasteignarinnar hafði breytt nafni sínu úr Snorrabúð hf. í Brautarframkvæmdir hf., meðan á nauðungarsölumeðferð stóð, hafi haft það í för með sér að af auglýsingu sýslumanns um framhald uppboðs hafi ekki verið ljóst að um eitt og sama nauðungarsölumál væri að ræða. Einnig verður að telja að tilgreining fasteignarinnar Snorrabraut 56, 1. og 2. hæð, í auglýsingu sýslumanns um framhald uppboðs sé nægileg þótt láðst hafi að geta þess að um eldra hús fasteignarinnar væri að ræða.

Þá kveður sóknaraðili boð hæstbjóðanda, Á.H.Á.-bygginga hf., á nauðungarsölu fasteignarinnar þann 1. nóvember 1993 vera í andstöðu við anda 3. mgr. 32. gr. nauðungarsölulaga þr sem Á.H.Á.-byggingar séu í raun gerðarþolar. Sömu eigendur séu að Brautarframkvæmdum hf., sem séu gerðarþolar, og hæstbjóðanda á uppboði Á.H.Á.-byggingum hf. Ekki verður fallist á það að gerðarþoli og hæstbjóðandi á uppboðinu þann 1. nóvember 1993 séu einn og sami aðili þótt hér sé um sömu stjórnarmenn að ræða í báðum félögunum.

Ekki verður fallist á það með sóknaraðila að kröfulýsingar gerðarþola í uppboðsandvirði eigi ekki við í nauðungarsölumáli eins og þær eru fram settar því að í 1. mgr. 49. gr. er kveðið á um að þeir, sem telji sig eiga rétt til greiðslu af söluverði eignar, skuli lýsa kröfum sínum fyrir sýslumanni áður en uppboði er lokið á henni. Hins vegar er úthlutun uppboðsandvirðis fasteignarinnar ekki hér til úrlausnar og verður því ekki tekin afstaða til réttmætis fyrrgreindrar kröfu. Ekki verður fallist á það með sóknaraðila að hann hafi ekki átt þess kost að gæta hagsmuna sinna við kröfulýsingu þessa þar sem framhald uppboðs hafði verið auglýst.

Með hliðsjón af framangreindu ber að hafna kröfum sóknaraðila um ógildingu nauðungarsölumeðferðar varðandi fasteignina Snorrabraut 56, eldra hús, kjallara, 1. og 2. hæð, frá og með 1. júní 1993.

Varðandi þá kröfu sóknaraðila, að sýslumanninum í Reykjavík verði með úrskurði gert skylt að boða alla aðila málsins til fundar til að taka afstöðu til fram kominna tilboða og ákvörðunar um áframhaldandi sölutilraunir á almennum markaði, sbr. 2. mgr. 44. gr. laga nr. 90/1991, ber að vísa henni frá dómi með vísan til 83. gr. sömu laga. Samkvæmt 83. gr. verða kröfur ekki hafðar uppi í máli samkvæmt XIV. kafla nauðungarsölulaga um annað en ógildingu nauðungarsölunnar eða viðurkenningu á gildi hennar að öllu leyti eða nánar tilteknu marki svo og málskostnað, sbr. þó 55. gr. Þó má einnig hafa uppi kröfu um greiðslu sem réttur getur stofnast til með úrlausn um ógildingu nauðungarsölunnar.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfum sóknaraðila um ógildingu á nauðungarsölumeðferð varðandi fasteignina Snorrabraut 56, eldra hús, kjallara, 1. og 2. hæð, frá og með 1. júní 1993.

Kröfu sóknaraðila um, að sýslumanninum í Reykjavík verði með úrskurði gert skylt að boða alla aðila málsins til fundar til að taka afstöðu til fram kominna tilboða og ákvörðunar um áframhaldandi sölutilraunir á almennum markaði, sbr. 2. mgr. 44. gr. laga nr. 90/1991, er vísað frá dómi.

Fimmtudaginn 19. maí 1994.

Nr. 175/1994. **Bergey hf.**
(Steingrímur Þormóðsson hdl.)
gegn
Vélbátatryggingu Eyjafjarðar
(Óli Þór Ástvaldsson framkvæmdastjóri)

Kærumál. Aðför. Lögtaksréttur. Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 9. apríl sl., sem barst réttinum ásamt kærugögnum 22. sama mánaðar. Kæruheimild er í 3. mgr. 95. gr. laga nr. 90/1989 um aðför. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og fellt úr gildi fjárnám, sem gert var í v/b Berghildi, SK 137, eign sóknaraðila, hinn 1. júlí 1993. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að aðfararveð hans í umræddum báti samkvæmt áðurnefndu fjárnámi verði staðfest, en til vara, að „úrskurður héraðsdóms verði staðfestur með þeim breytingum þó að kveðið verði nákvæmlega á um breytingar á gerðinni og hún látin standa þannig en ekki fyrirskipuð endurupptaka“. Til þrautavara krefst varnaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur óbreyttur. Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar.

Samkvæmt 17. gr. laga nr. 18/1976 um bátaábyrgðarfélög átti varnaraðili lögveð í v/b Berghildi SK 137 og lögtaksrétt fyrir skoðunarkostnaði og vátryggingariðgjöldum af bátnum. Lögtaksréttur helst samkvæmt 17. gr. í tvö ár frá gjalddaga þessara krafna. Fjárnáms var krafist vegna iðgjalds fyrir tímabilið 1. mars til 31. desember 1991 og allt árið 1992 svo og vegna matskostnaðar bæði árin. Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. reglugerðar um bátaábyrgðarfélög nr. 367 frá 22. mars 1976 fellur iðgjald í gjalddaga við upphaf vátryggingartímabils. Gjalddagi iðgjalds 1991 var því 1. mars á því ári. Fjárnámsbeiðni varnaraðila er dagsett 18. janúar 1993. Hinn 8. mars 1993 var varnaraðila birt boðun til fjárnáms, sem hófst 10. sama mánaðar. Þá voru liðin meira en tvö ár frá gjalddaga iðgjalds vegna ársins 1991 og lögtaksréttur fyrir kröfu varnaraðila vegna þess árs fyrndur.

Í kröfugerð varnaraðila er iðgjaldsskuld sóknaraðila 1992 sögð nema 1.595.283 krónum. Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að 205.343 krónur af þeirri fjárhæð séu iðgjald af áhafnartryggingu, sem ekki nýtur lögtaksréttar samkvæmt 17. gr laga nr. 18/1976. Viðurkennt er af varnaraðila í bréfi til Tryggingaeftirlitsins frá 7. mars 1994, að iðgjald vegna v/b Berghildar SK 137 allt árið 1992 hafi numið 1.389.940 krónum. Ágreiningslaust er, að frá iðgjaldsskuldinni eigi að dragast innborganir frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, samtals 1.240.218 krónur, lækkun iðgjalds vegna hafnarlegu 168.878 krónur og afsláttur af iðgjaldi 61.053 krónur og 3.164 krónur. Þessir frádráttarliðir nema samtals hærri fjárhæð en iðgjald ársins 1992 að viðbættum matskostnaði þess árs, sem var alls 7.960 krónur samkvæmt kröfugerð varnaraðila. Stóð því ekkert eftir af lögtakskröfu varnaraðila vegna ársins 1992, þegar fjárnáms fyrir henni var krafist.

Með skírskotun til þess, sem að framan er rakið, ber að fella umrætt fjárnám úr gildi.

Rétt er, að varnaraðili greiði sóknaraðila samtals 100.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Dómsorð:

Framangreint fjárnám, sem fram fór í v/b Berghildi SK 137 hinn 1. júlí 1993, er fellt úr gildi.

Varnaraðili, Vélbátatrygging Eyjafjarðar, greiði sóknaraðila, Bergey hf., samtals 100.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands vestra 23. mars 1994.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi þann 23. febrúar sl.

Sóknaraðili málsins er Bergey hf., kt. 560190-1159, Kirkjugötu 9, Hofsósi.

Varnaraðili er Vélbátatrygging Eyjafjarðar hf., kt. 690269-6359, Akureyri.

Sóknaraðili gerir þær dómkröfur, að aðfarargerð sýslumannsins á Sauðárkróki nr. 21/1993/00021 verði felld úr gildi og að sóknaraðila verði dæmdur málskostnaður úr hendi varnaraðila. (Hér er misritun í kröfu sóknaraðila, því að fjárnámið er nr. 21/1993/00020.)

Varnaraðili gerir þær endanlegu dómkröfur, að kröfum sóknaraðila verði hafnað, aðfararveð varnaraðila í Svölunni SK-37 skv. aðfarargerð nr. 21/1993/00020 verði staðfest og að sóknaraðili verði dæmdur til að greiða varnaraðila málskostnað að mati dómsins. Þá er krafist virðisaukaskatts á tildæmdan málskostnað.

II.

Málavextir.

Sóknaraðili tryggir bát sinn, Svöluna SK-37, eigna- og áhafnartryggingu hjá varnaraðila. Tryggingariðgjaldið fellur í gjalddaga 1. janúar ár hvert.

Þann 1. júlí gerði sýslumaðurinn á Sauðárkróki fjárnám fyrir meintri iðgjaldsskuld sóknaraðila. Með bréfi, dags. 20. júlí 1993 og mótteknu af dóminum 22. júlí s.á., krafðist sóknaraðili úrlausnar héraðsdómsins um fjárnámið.

Málsástæður og lagarök sóknaraðila.

Sóknaraðili byggir kröfur sínar á því, að einungis einn maður hafi stundað veiðar á Svölunni 1991 og 1992 og þar af leiðandi eigi hann rétt á endurgreiðslu vegna þeirra ára. Þá kveðst sóknaraðili aldrei hafa fengið nákvæma sundurliðun á því hvernig iðgjöld vegna bátsins séu reiknuð. Loks byggir hann kröfu sína á því, að ágreininginn beri skv. 19. gr. laga nr. 18/1976 að leggja í gerð og því beri að taka kröfu sína til greina.

Málsástæður og lagarök varnaraðila.

Varnaraðili byggir kröfur sínar á því, að kröfur hans séu réttmætar og ekkert hafi verið aðfinnsluvert við framkvæmd fjárnámsins.

Varnaraðili kveður sóknaraðila ekki eiga kröfu til frekari endurgreiðslu iðgjalda vegna hafnarlegu og uppistöðu bátsins. Í þessu sambandi vísar hann til 31. gr. reglugerðar nr. 367/1967 um bátaábyrgðarfélög, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 231/1984 um breytingu á reglugerð nr. 367/1976.

Varnaraðili vísar til tryggingarskírteinis varðandi fjölda í áhöfn bátsins. Upphaflega hafi verið beðið um tryggingu fyrir tvo menn í áhöfn bátsins og sóknaraðili fengið vátryggingarskírteini þess efnis. Breytingar varðandi fjölda í áhöfn hafi sóknaraðila borið að tilkynna varnaraðila strax. Sóknaraðili hafi látið vita um breytingu á áhöfn vegna ársins 1992 og fengið endurgreidda áhafnartryggingu í samræmi við það. Aftur á móti hafi ekki verið látið vita um breytingu í áhöfn fyrir árið 1991 fyrr en með bréfi lögmanns sóknaraðila í mars 1993. Sú breyting sé allt of seint fram komin. Varnaraðili kveður tryggingarfélög ekki endurgreiða áhafnartryggingu vegna smábáta nema tilkynnt sé um breytingar í áhöfn fyrir fram. Þetta hafi hann hins vegar gert umfram skyldu.

III.

Forsendur og niðurstaða.

Svalan SK-37 er opinn vélbátur og fellur því ekki beint undir lög nr. 18/1976 um bátaábyrgðarfélög og reglugerðir sem settar eru samkvæmt þeim lögum. Aðilar virðast hins vegar sammála um að lög og reglugerðir um bátaábyrgðarfélög gildi um samskipti þeirra. Í vátryggingarskírteini Svölunnar SK fyrir árið 1992 kemur fram, að um vátrygginguna gildi lög nr. 41/1967 um bátaábyrgðarfélög og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Telja verður að þar eigi vátryggingarsali við núgildandi lög og reglugerðir um bátaábyrgðarfélög. Samkvæmt þessu er rétt að dæma málið með hliðsjón af lögum og reglugerðum um bátaábyrgðarfélög.

Við munnlegan flutning málsins bar sóknaraðili fram nokkrar nýjar málsástæður en þeim var öllum mótmælt sem of seint fram komnum og koma því ekki til álita við úrlausn máls þessa.

Sóknaraðili heldur því fram, að mál þetta eigi skv. 19. gr. laga um bátaábyrgðarfélög undir gerðardóm. Mál þetta er sprottið af innheimtu varnaraðila á vátryggingariðgjöldum sem hann taldi venjuleg og óumdeild að fjárhæð.

Dómurinn telur að ákvæði nefndrar 19. gr. standi því ekki í vegi að vátryggingariðgjöld séu innheimt með fjárnámi. Telja verður að varnaraðila hafi verið rétt að reyna innheimtu iðgjaldanna með fjárnámi en af gögnum málsins verður ekki séð að sóknaraðili hafi haft uppi mótmæli gegn þeim fyrr en við framkvæmd fjárnámsins og mótmælt þá kröfum varnaraðila almennt. Þá telur dómurinn að sóknaraðila hafi boðið að krefjast þess að málið yrði lagt í gerð strax og honum var kunnugt um innheimtutilraunirnar, hafi hann viljað fara þá leið, eða í síðasta lagi, þegar hann krafðist úrlausnar héraðsdóms.

Nefnt gerðardómsákvæði 19. gr. laga nr. 18/1976 um bátaábyrgðarfélög var með lögum nr. 116/1993, sem tóku gildi 1. janúar sl., fellt úr gildi, án þess að kveðið væri á um hvernig fara bæri með óútkljáð mál. Það er viðtekin lögskýringarregla að íþyngjandi ákvæðum yngri laga er ekki beitt um atvik sem gerast í tíð eldri laga nema yngri lögin kveði skýrt á þar um. Dómurinn telur að brottfall nefndrar 19. gr. geti ekki, eins og hér stendur á, talist íþyngjandi fyrir sóknaraðila enda á hann þess kost að bera málið undir dómstóla. Með þessum rökum verður ekki fallist á þá málsástæðu sóknaraðila, að fella beri fjárnámið úr gildi, þar sem átt hafi að leggja ágreininginn í gerð.

Dómurinn féllst á rök varnaraðila þess efnis, að krafa um endurgreiðslu áhafnartryggingar fyrir árið 1991 sé of seint fram komin og verður krafa sóknaraðila um endurgreiðslu ekki tekin til greina. Fram lögð skjöl sóknaraðila um lögskráningu á Berghildi SK-137 vegna áranna 1991 og 1992 breyta hér engu, enda miðast tryggingin við fjölda í áhöfn en ekki ákveðna menn. Þá er upplýst, að varnaraðili endurgreiddi sóknaraðila 44% af vátryggingariðgjöldum fyrir árið 1991 vegna uppistöðu bátsins alls, kr. 84.000,00. Af gögnum málsins verður ekki séð að báturinn hafi legið í höfn í 30 daga samfellt sem er skilyrði þess að unnt sé að fá endurgreiðslu á iðgjaldi auk þess sem varnaraðili hefur ekki samþykkt höfnina á Hofsósi sem tryggan og öruggan stað, sbr. 31. gr. reglugerðar nr. 367/1976, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 231/1984. Samkvæmt nefndri 31. gr. reglugerðar nr. 367/1976 kemur endurgreiðsla vegna ársins 1992 ekki til álita þegar af þeirri ástæðu, að tjónsbætur þess árs voru meira en helmingur af iðgjöldum ársins.

Varnaraðili hefur lækkað kröfur sínar frá því sem getur í greiðsluáskorun til sóknaraðila og telur dómurinn ekki ástæðu til að fella fjárnámið úr gildi vegna þess.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, telur dómurinn rétt að fallast á kröfur varnaraðila, þó þannig, að breyting verður á vaxtakröfunni vegna ákvæðis í 2. mgr. 31. gr. reglugerðar nr. 367/1976 um bátaábyrgðarfélög en þar er kveðið svo á að bátaábyrgðarfélögum sé heimilt að innheimta vexti af iðgjöldum sem séu 1% lægri en víxilvextir Landsbanka Íslands.

Með hliðsjón af málsúrslitum þykir rétt að sóknaraðili greiði varnaraðila málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 50.000,00 auk virðisaukaskatts.

Halldór Halldórsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Lagt er fyrir sýslumanninn á Sauðárkróki að gera að kröfu varnaraðila, Vélbátatryggingar Eyjafjarðar, kt. 690269-6359, Akureyri, fjárnám hjá sóknaraðila, Bergey hf., kt. 560160-1159, Kirkjugötu 9, Hofsósi, fyrir kr. 65.911,00 með [nánar tilgreindum vöxtum].

Sóknaraðili greiði varnaraðila kr. 50.000,00 í málskostnað auk virðisaukaskatts.

Fimmtudaginn 19. maí 1994.

Nr. 176/1994. **Bergey hf.**
(Steingrímur Þormóðsson hdl.)
gegn
Vélbátatryggingu Eyjafjarðar
(Óli Þór Ástvaldsson framkvæmdastjóri)

Kærumál. Frávísun frá Hæstarétti. Áfrýjunarfjárhæð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 13. apríl 1994, sem barst Hæstarétti ásamt kærugögnum 22. sama mánaðar, og vísar sóknaraðili um kæruheimild til 4. mgr. 91. gr. laga um aðför nr. 90/1989 og XXIV. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og fellt úr gildi fjárnám, sem gert var í v/b Svölunni SK 37, eign sóknaraðila, hinn 1. júlí 1993. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að aðfararveð hans í umræddum báti samkvæmt áðurnefndu fjárnámi verði staðfest, en til vara, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Samkvæmt hinum kærða úrskurði er heimilað fjárnám hjá sóknaraðila fyrir kröfu varnaraðila, að fjárhæð 65.911 krónur, auk vaxta og kostnaðar. Eru því ekki uppfyllt skilyrði 1. mgr. 152. gr. laga nr. 91/1991, sem beitt verður um málskot þetta, sbr. 4. mgr. 150. gr. sömu laga og 3. mgr. 95. gr. laga nr. 90/1989. Ber því að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Dæma ber sóknaraðila til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Bergey hf., greiði varnaraðila, Vélbátatryggingu Eyjafjarðar, 40.000,00 krónur í kærumálskostnað.

Fimmtudaginn 19. maí 1994.

Nr. 113/1994. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Guðlaugi Kristmanns
(Ólafur Garðarson hrl.)

Bifreiðar. Umferðarlög. Ákæra. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu í heild sinni, og var því af hálfu ákæruvalds skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 4. mars 1994. Krefst ákæruvaldið staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Ákærði krefst aðallega frávísunar á málinu frá héraðsdómi, en til vara sýknu af ákæru.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Samkvæmt ákæruskjali lögreglustjórans í Reykjavík 18. október 1993 er málið höfðað á hendur ákærða „fyrir að hafa ekið bifreiðinni RX-737 að kvöldi föstudagsins 30. október 1992 undir áhrifum áfengis frá nyrðri enda Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar á Miðnesheiði . . . inn á Reykjanesbraut til norðurs og síðan að flugstöðinni norðan megin“. Saksókn í málinu er í reynd á því reist, að ákærði hafi tekist á hendur að stjórna bifreiðinni, meðan hún var dregin af annarri bifreið á leið norður og vestur af flugstöðvarbyggingunni, án þess að aflvél hennar væri í gangi, enda kemur skýrt fram í gögnum málsins, að ferð bifreiðarinnar hafi verið þann veg háttað. Verknaðarlýsing í ákæruskjali fullnægir þannig ekki þeim kröfum, sem gerðar eru í c-lið 1. mgr. 116. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 1. mgr. 117. gr. sömu laga, og er það aðfinnsluvert. Frágangur skjalsins er og athugaverður að því leyti, að tilvísanir til lagagreina voru leiðréttar með handritun. Þrátt fyrir annmarkann á efni ákærunnar er ekki næg ástæða til að vísa henni frá héraðsdómi, þar sem sýnt er, að ákærða duldist ekki, hvaða atferli væri á hann borið, og hefur vörn af hans hálfu ekki orðið áfátt þessa vegna.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, gerðust atvik málsins við komu ákærða og eiginkonu hans til Keflavíkurflugvallar úr ferð til útlanda, og höfðu þau geymt fyrrgreinda bifreið, er var eign eiginkonunnar, á almennu stæði vestan við flugstöðvarbygginguna, þar sem brottfararfarþegar koma að. Bifreiðin reyndist rafmagnslaus, og fengu þau samferðamann, er átti jeppabifreið á stæðinu, til að taka hana í tog, svo að henni yrði komið í gang. Í málinu hefur ekki verið leitt í ljós af nákvæmni, hvaða leið bifreiðin var dregin, en tveir lögreglumenn, er voru þarna á ferð í lögreglubifreið, kveðast hafa veitt henni athygli, þar sem verið var að draga hana norður frá flugstöðvarbyggingunni inn á Reykjanesbraut og þaðan til baka vestur fyrir umrætt bifreiðastæði eftir aðkomubraut inn að stæðinu. Virðist bifreiðin hafa verið stödd á móts við norðvesturhorn stæðisins, utan við grjótgarð, sem um það liggur, þegar drátturinn var stöðvaður vegna þess, að dráttartaugin hafði slitnað. Að sögn lögreglumannanna var bifreið þeirra þá um 150-200 m aftan við bifreið hjónanna. Segja þeir, að ákærði hafi þarna stigið út úr henni ökumanns megin og eiginkona hans síðan komið og sest undir stýri, en ákærði farið inn í bifreiðina hinum megin. Hafi bifreiðin eftir það verið dregin áfram inn á stæðið og þeir komið að henni, þegar drátturinn var stöðvaður þar, án þess að gangsetning hefði tekist. Þeir kveðast hafa séð það, áður en ákærði steig út, að þá hafi aðeins verið einn maður í bifreiðinni. Hins vegar hafi þeir ekki getað gert sér grein fyrir, hvaðan eða hvernig eiginkonu hans bar að.

Að sögn hjónanna var eiginkona ákærða við stjórn bifreiðarinnar, meðan hún var dregin, og sat ákærði við hlið hennar. Kveða þau ákærða einungis hafa fært sig undir stýri örstutta stund, þegar dráttartaugin slitnaði, til að sýna eiginkonunni betur gangsetningartökin. Ökumaður dráttarbifreiðarinnar skýrði einnig svo frá, að hjónin hefðu bæði verið í bifreið þeirra alla leiðina, sem farin var, en hann gat ekki fullyrt, hvort þeirra var undir stýri. Eftir uppsögu héraðsdóms hafa tveir aðrir samferðamenn hjónanna komið fyrir dóm og greint frá því, að þeir hafi séð eiginkonu ákærða undir stýri bifreiðarinnar í námunda við flugstöðvarbygginguna.

Í umrætt sinn var áliðið kvölds og veður þungbúið. Sakargiftir á hendur ákærða eru einkum á því reistar, að lögreglumenn þeir, er sáu eiginkonu hans setjast undir stýri, þegar bifreiðin hafði stöðvast á leið að bifreiðastæðinu, hafi áður séð hann einan í bifreiðinni. Ekki er loku fyrir það skotið, að þeim hafi missýnst í því efni, einkum þar sem vandskýrt er, hvernig eiginkonan gat verið komin á vettvang, án þess að þeir sæju til ferða hennar. Er þá meðal annars til þess að líta, að bifreiðin var í nokkurri fjarlægð frá flugstöðvarbyggingunni og yfir grjótgarð að fara, ef komast átti stystu leið.

Samkvæmt þessu er ósannað, að ákærði hafi stjórnað eða reynt að stjórna bifreið eiginkonu sinnar, svo sem honum er gefið að sök, og ber að sýkna hann af öllum kröfum ákæruvaldsins. Jafnframt ber að fella sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, eins og nánar segir í dómsorði.

Það athugast, að óeðlilegur dráttur varð á meðferð málsins hjá lögreglu.

Dómsorð:

Ákærði, Guðlaugur Kristmanns, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Ólafs Garðarssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 80.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 15. febrúar 1994.

Ár 1994, þriðjudaginn 15. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Allani Vagni Magnússyni héraðsdómara í Dómhúsinu við Lækjartorg, kveðinn upp dómur í málinu nr. 600/1993: Ákæruvaldið gegn Guðlaugi Kristmanns, sem dómtekið var 7. febrúar sl.

Mál þetta er höfðað með ákæru lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettri 18. október 1993, á hendur Guðlaugi Kristmanns, Grófinni 1, Reykjavík, kt. 280757-2849, „fyrir að hafa ekið bifreiðinni RX-737 að kvöldi föstudagsins 30. október 1992 undir áhrifum áfengis frá nyrðri enda Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar á Miðnesheiði við Keflavík í Gullbringusýslu inn á Reykjanesbraut til norðurs og síðan að flugstöðinni norðan megin.

Þetta telst varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar skv. 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 25. og 26. gr. laga nr. 44/1993.“

Málavextir.

Föstudaginn 30. október 1992 komu ákærði og kona hans til Keflavíkurflugvallar frá útlöndum. Bifreið eiginkonunnar, sem er af Renault Cliogerð, var á bílastæði við flugstöð Leifs Eiríkssonar og er hún hugðist gangsetja hana, var það ekki unnt, vegna þess að hún var rafmagnslaus. Ákærði gaf sig á tal við Óttar Arnar Halldórsson, sem hann er kunnugur, og leitaði eftir því, að hann aðstoðaði með því að draga Renault-bifreiðina.

Lögreglumennirnir Halldór R. Guðjónsson og Helgi Þ. Kristjánsson voru í lögreglubifreiðinni KN-406 og veittu Renault-bifreiðinni athygli, þar sem hún var dregin af bifreiðinni R-39411.

Vitnið Helgi Þ. Kristjánsson lögreglumaður fullyrti í skýrslu sinni hér fyrir dómi, að í Renault-bifreiðinni hefði einungis verið einn maður. Síðan hefði það gerst, að bifreiðarnar stöðvuðust, og virtist vitninu sem spottinn hefði slitnað. Út úr bílnum, sem dreginn var, kom maður, sem reyndist vera ákærði. Síðan fóru bílarnir aftur af stað, og var þá annar ökumaður kominn undir stýri bifreiðarinnar, sem reyndist vera eiginkona ákærða. Vitninu fannst þetta athugunarefni og hafði tal af ákærða, enda taldi vitnið að atvik bentu til þess, að ákærði hefði hugsanlega verið ölvaður. Nánar aðspurður sagði vitnið, að hann hefði séð konuna setjast undir stýri, og sagði nánar spurður, að áður hefði einn maður verið í bílnum, þ.e.a.s. ákærði. Vitnið kvað alveg skýrt, að kona ákærða hefði ekki setið í bílstjórasætinu, og reyndar hefði hann ekki séð annan í bílnum en ákærða. Vitnið kvaðst ekki gera sér grein fyrir, hvaðan eiginkona ákærða kom, en minnti, að það hefði borist í tal á vettvangi, að hún hefði beðið úti, enda hefði henni verið kalt. Vitnið segir að svæðið, sem atvik gerðust á, hafi verið upplýst og segir að rökkur hafi verið, en ekki myrkur.

Vitnið sagði það rétt að hann hefði ekki séð andlit ökumanns, en hins vegar hefði hann fylgst með allan tímann og fullyrti, að sá, sem hann sá í bílnum, hefði komið út úr honum, og sé það hinn sami og sat undir stýri, meðan verið var að draga. Hann kvaðst hafa séð bifreiðina allan tímann, sem verið var að draga hana, og hólar ekki skyggt á.

Vitnið Halldór Ósvaldur Guðjónsson lögreglumaður skýrði svo frá, að hann hefði séð einn mann í Renault-bifreiðinni, og síðar, er sú bifreið stöðvaðist, hefði einhver komið út, en vitnið kveðst ekki geta fullyrt, að það hafi verið ákærði. Var hann þá spurður um það, hvort fleiri en einn hefðu verið í bifreiðinni, sem verið var að draga, og svaraði vitnið því svo, að hann hefði ekki séð annað en það væri aðeins einn í bílnum. Aðspurður hvort hann hefði séð eiginkonu ákærða, sagðist hann ekki muna eftir henni fyrr en hún settist í bílstjórasætið, en ákærði var að eiga við spottann. Vitnið sagði, að ágætislýsing væri á planinu í kringum flugstöðina. Vitnið minnir að myrkur hafi verið. Vitnið treystir sér ekki til þess að segja hversu langt hafi verið á milli lögreglubifreiðarinnar og bílsins, sem verið var að draga, en telur það geta verið 150–200 m. Vitnið segir, að þeir hafi fylgst með atvikum, allt þar til skipt hafi verið um bílstjóra.

Ákærði var fluttur á lögreglustöðina í Keflavík þar sem varðstjóri tók skýrslu af honum og tekið var blóð frá honum. Reyndist alkóhólmagn í blóði 1,47‰.

Ákærði kvaðst ekki hafa verið að aka en hafa verið að binda dráttartóg í bifreiðina RX-737 er lögreglumenn komu að þar sem hann var staddur.

Ákærði hefur neitað sakargiftum hér fyrir dómi svo og í lögregluskýrslu, sem tekin var af honum 2. mars 1993, og sagði það engan veginn rétt, sem greinir í ákæru. Hið rétta sé, að kona sín hafi setið undir stýri, þegar bíllinn var dreginn. Dráttartaugin hafi slitnað, og hafi ákærði þá sest undir stýri til þess að sýna konu sinni, hvernig standa ætti að verki. Ákærði sagðist hafa verið æstur og „pirraður" yfir því, að illa gekk hjá henni að koma bílnum í gang. Ákærði kveðst hafa farið út úr bílnum, eftir að hann hafði sýnt konu sinni, hvað hún ætti að gera, og ætlað að hnýta endana saman, en spottinn hefði slitnað og lögreglan þá komið að. Ákærði sagði, að þau hjón hefðu bæði verið í bílnum allan tímann, sem verið var að draga, hún undir stýri, en hann við hlið henni. Þegar taugin slitnaði, voru þau u. þ. b. á þeim stað, sem lagt var upp frá. Ákærði kvað konu sína þá hafa setið í bílstjórasæti, en hann í farþegasæti. Hún hefði farið út úr bílnum, þegar taugin slitnaði, en hann fært sig í bílstjórasætið, sýnt henni, hvað átti að gera, en hún staðið fyrir utan bílinn. Eftir þetta reyndi ákærði að hnýta spottann aftur, en þá kom lögreglan, eins og áður greinir.

Vitnið Eva G. Kristmanns, eiginkona ákærða, er eigandi bifreiðarinnar RX-737. Hún sagðist hafa sest undir stýri og reynt að gangsetja, en bíllinn hefði verið algjörlega rafmagnslaus. Þegar búið var að fá jeppa til að kippa í bílinn, hefði hún reynt að „starta", en bíllinn ekki farið í gang. Hún segir, að ákærði hafi setið hjá sér í farþegasætinu að framanverðu. Spottinn slitnaði, og tuðaði ákærði í vitninu sökum klaufaskapar hennar, og síðan ætlaði hann að reyna að sýna henni, hvað hún ætti að gera. Bíllinn var þá ekki í togi, og hefði ákærði sest í bílstjórasætið, en vitnið sagðist hafa farið út á meðan. Sem vitnið stóð fyrir utan bílinn, hefði ákærði sýnt henni, hvað hún átti að gera. Ákærði hefði síðan farið út úr bílnum til þess að binda kaðalinn undir bílinn, en hann hafði slitnað. Þá kom lögreglan og hafði afskipti af ákærða.

Vitnið Óttar Halldórsson sagði, að veður hefði verið leiðinlegt, kalt og rok og jafnvel verið skafrenningur, en þorir þó ekki að fara með það. Hann hefði tekið Renault-bifreið í tog og hjón verið í bílnum. Vitnið sagðist ekki vita, hvort hjónanna sat undir stýri. Vitnið sagði, að ákærði hefði hnýtt spotta í Renaultinn, og heyrði vitnið hann síðan kalla, að óhætt væri að hefja dráttinn.

Niðurstaða.

Vitnin Helgi Þ. Kristjánsson og Halldór R. Guðjónsson lögreglumenn voru mjög staðfastir í þeirri frásögn sinni, að þeir hefði ekki misst sjónar á bifreiðinni RX-737, þar sem hún var dregin, og að aðeins einn maður hefði verið í bifreiðinni og það reynst ákærði, þegar að var komið.

Verður að telja sannað með framburði lögreglumannanna, að ákærði hafi setið undir stýri bifreiðarinnar RX-737, er hún var dregin í umrætt sinn, og með því gerst sekur um brot á 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga.

Ákærði hefur ekki áður gerst sekur um brot, sem skipti máli við refsimat hér, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 35.000,00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga varðhald í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna.

Samkvæmt 2. mgr. 102. gr. umferðarlaga, sbr. 26. gr. laga nr. 44/1993, ber að svipta ákærða ökurétti í 1 ár.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Garðarssonar hrl., 35.000,00 krónur, og saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Guðlaugur Kristmanns, greiði 35.000,00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga varðhald í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna.

Ákærði er sviptur ökurétti í 1 ár.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Garðarssonar hrl., 35.000,00 krónur, og saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur.

Fimmtudaginn 19. maí 1994.

Nr. 289/1991. **Frjáls fjölmiðlun hf.**
(Magnús Óskarsson hrl.)
gegn
Borghildi Önnu Jónsdóttur
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Kaupgjaldsmál. Uppsögn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 8. júlí 1991. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann sýknaður af öllum kröfum stefndu. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefnda hóf störf sem blaðamaður við vikublaðið Vikuna á árinu 1975 og gerðist þá félagi í Blaðamannafélagi Íslands. Hún var blaðamaður hjá Dagblaðinu Vísi frá 1985 til umdeildra starfsloka í október 1987, en áfrýjandi er útgefandi þess blaðs. Stefnda var í samningsbundnu orlofi frá og með 22. júlí 1987 og átti að hefja störf að nýju í október sama ár. Með bréfi til áfrýjanda 29. september 1987 óskaði hún eftir launalausu leyfi frá 1. október það ár til næstu áramóta og skriflegu svari við þeirri ósk. Eigi var greint frá tilefni þessarar beiðni. Ágreiningur er um, hvort bréfi stefndu hafi fylgt vottorð Kristjáns Erlendssonar læknis frá 30. júlí 1987, sem ritað var á ensku og hafði að geyma stuttorða lýsingu á sjúkdómum stefndu og lyfjatöku hennar. Það var ekki ætlað sérstökum viðtakanda. Stefnda kvaðst fyrir dómi hafa afhent hvort tveggja Jóhönnu Sigþórsdóttur, starfandi fréttastjóra, sem tekið hefði að sér að koma því til ritstjóra og sagt stefndu, að hún þyrfti ekki að aðhafast frekar. Jóhanna Sigþórsdóttir kom fyrir dóm eftir uppkvaðningu héraðsdóms og synjaði fyrir að hafa tekið við þessum bréfum. Hún kvaðst hafa bent stefndu á að tala við yfirmenn blaðsins um orlofsmál sín, enda hefði hún ekki haft starfsmannamál með höndum og hefði farið út fyrir verksvið sitt, ef hún hefði látið slík mál til sín taka.

Áfrýjandi synjaði beiðni stefndu um launalaust leyfi með bréfi 6. október 1987 og sagði stefndu jafnframt upp störfum. Í uppsagnarbréfinu sagði enn fremur: „Samkomulag getur orðið um það að þú hættir störfum þegar í stað eða farir í launalaust leyfi þann tíma sem uppsagnarfrestur gildir.“ Ekki kom til viðræðna milli stefndu og fyrirsvarsmanna áfrýjanda, en stefnda fékk lögmanni mál sín í hendur. Lögmaðurinn ritaði áfrýjanda bréf 9. október 1987 og kvað mál stefndu í athugun hjá sér. Nokkrir fundir voru haldnir um málefni stefndu á næstu misserum, sem fulltrúar áfrýjanda, Blaðamannafélags Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands tóku þátt í, en engra skriflegra gagna nýtur í málinu um efni þessara funda. Stefnda hóf nám í prentsmíði við Iðnskólann í Reykjavík í september 1987 og stundaði það í eitt og hálft ár.

Stefnda hefur átt við veikindi að stríða frá árinu 1983, og er sjúkdómum hennar lýst í héraðsdómi. Í vottorði Kára Sigurbergssonar læknis frá 14. október 1987 er staðfest, að stefnda hafi sjúkdóm, „sem veldur því að vinnugeta er verulega skert“. Með örorkumati tryggingayfirlæknis Tryggingastofnunar ríkisins 20. nóvember 1987 var stefnda metin 100% öryrki frá 1. ágúst 1987, og skyldi endurmat fara fram í september 1988. Örorkumats þessa virðist hafa verið aflað til að tryggja stefndu lífeyri úr sjúkratryggingum almannatrygginga og Lífeyrissjóði Blaðamannafélags Íslands. Verður ekki séð, að það hafi komið fram gagnvart áfrýjanda fyrr en sem dómskjal í máli þessu.

Fyrir héraðsdómi lýsti stefnda því, að á haustdögum 1987 hefði hún viljað fá þriggja mánaða frí að loknu orlofi til þess að átta sig á, hverra kosta væri völ vegna veikinda sinna. Hún kaus að biðja um launalaust leyfi í stað þess að láta á það reyna, hvort hún mætti njóta veikindaréttar samkvæmt kjarasamningi. Hún skýrði ástæður þessa fyrir dóminum.

Gera verður ráð fyrir því, að fyrirsvarsmönnum áfrýjanda hafi að einhverju leyti verið kunnugt um, að stefnda gekk ekki heil til skógar. Hins vegar er ósannað, að stefnda hafi gert þeim sérstaka grein fyrir veikindum sínum eða skírskotað til þeirra í tengslum við beiðni um launalaust leyfi. Það er einnig ósannað, að uppsögn af hálfu áfrýjanda hafi byggst á því, að stefnda átti við vanheilsu að etja og hann hafi af þeim sökum viljað losna við hana úr starfi. Honum var heimilt að segja henni upp án þess að tilgreina sérstakar ástæður. Uppsögnin verður ekki metin ólögmæt, þótt síðar hafi komið í ljós, að stefnda var á þessum tíma metin 100% öryrki. Þar sem stefnda vildi ekki sjálf neyta ákvæða kjarasamnings um veikindaorlof, þegar hún fór fram á launalaust leyfi, og vinnuveitanda hennar var ekki sérstaklega tilkynnt um veikindi, verður krafa hennar á hendur áfrýjanda nú eigi reist á þeim ákvæðum.

Eins og að framan greinir, fór stefnda bréflega fram á launalaust orlof. Hún kannaði ekki undirtektir við þeirri beiðni með viðhlítandi hætti, mætti ekki til vinnu og boðaði ekki forföll. Eigi leitaði stefnda heldur eftir viðræðum við starfsmannastjóra blaðsins um þá kosti, sem henni gáfust í uppsagnarbréfinu. Gegn eindregnum framburði Jóhönnu Sigþórsdóttur er ósannað, að hún hafi gefið stefndu til kynna, að hún þyrfti ekki að mæta til vinnu og myndi heyra frá ritstjóra. Stefnda vanefndi því vinnuskyldu sína í uppsagnarfresti og getur ekki átt kröfu til launa eða annarra greiðslna úr hendi áfrýjanda fyrir þann tíma.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna áfrýjanda af öllum kröfum stefndu. Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðila beri sinn kostnað málsins í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Frjáls fjölmiðlun hf., á að vera sýkn af kröfum stefndu, Borghildar Önnu Jónsdóttur.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. maí 1991.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, hefur Borghildur Anna Jónsdóttir blaðamaður, Hringbraut 119, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 7. febrúar 1990, á hendur Frjálsri fjölmiðlun hf., Þverholti 11, Reykjavík, til greiðslu bóta fyrir fyrirvaralausa uppsögn.

Dómkröfur stefnanda eru,

– aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 862.784,00 með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað],

– til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 370.837,00 með sömu vöxtum og með aðalkröfu, en á eftirfarandi máta: [...].

Dómkröfur stefnanda sundurliðast þannig:

– – –

Af stefnda hálfu er krafist sýknu og málskostnaðar [...].

Stefnandi, sem hafði unnið hjá stefnda sem blaðamaður frá árinu 1983 og þar á undan við Vikuna frá 5. september 1975, fór þess á leit við stefnda þann 29. september 1987 að henni yrði veitt launalaust leyfi frá störfum frá 1. október 1987 til 1. janúar 1988 og óskaði eftir skriflegu svari. Þann 6. október 1987 ritaði stefndi stefnanda uppsagnarbréf.

Samkvæmt örorkumati tryggingayfirlæknis, dags. 20. nóvember 1987, var stefnandi 100% öryrki og óvinnufær frá 1. ágúst 1988, en ráð gert fyrir endurmati í september 1988. Hún hafði þjáðst af syndromae hypermobilitatis, sem lýsir sér í óstöðugum liðum, lausum og teygðum liðböndum og þar af leiðandi liðbólgu og liðskemmdum frá árinu 1983. Eigi síðar en um vorið 1987 hafði farið að bera á einkennum syndromae Behceti með æðabólgu, slímhúðarsárum og liðabólgu auk einkenna frá augum og miðtaugakerfi. Fyrri sjúkdómurinn er meðfæddur en sá síðarnefndi sveiflukenndur. Báðir eru krónískir.

Stefnandi hafði verið í sumarleyfi og sérstöku launuðu leyfi samkvæmt ákvæði í kjarasamningi frá 22. júlí 1987 og virðist sem hún hafi átt að hefja störf að nýju 1. október. Þann 23. júlí lagðist stefnandi á sjúkrahús og gekkst þar undir aðgerð. Hún kom heim af sjúkrahúsinu í byrjun ágúst, en lét stefnda ekkert vita um veikindi sín.

Eftir þetta hefur stefnandi ekkert starfað hjá stefnda. Eftir uppsögnina leitaði hún strax til stéttarfélags síns og síðan til lögmanns þess að ráði framkvæmdastjóra félagsins. Lögmaðurinn ritaði stefnda bréf þann 9. október og tilkynnti honum að mál stefnanda væri í athugun hjá sér og að haft yrði samband við hann fljótlega.

Eftir það fóru fram viðræður milli aðila málsins, Blaðamannafélags Íslands, Félags íslenska prentiðnaðarins og Vinnuveitendasambands Íslands, sem lauk með árangurslausum fundi fulltrúa blaðamannafélagsins og stefnda 10. janúar 1989.

Í uppsagnarbréfinu segir svo:

> Þér er hér með sagt upp störfum hjá Frjálsri fjölmiðlun hf. Samkomulag getur orðið um það að þú hættir störfum þegar í stað eða farir í launalaust leyfi þann tíma sem uppsagnarfrestur gildir.

Stefnandi telur uppsögnina ólögmæta, svo að stefndi beri bótaábyrgð á því tjóni sem hún hafi orðið fyrir vegna þess réttarbrots samkvæmt almennu skaðabótareglunni. Aðalkrafan er um greiðslu veikindalauna í sex mánuði og hálfra launa í aðra þrjá samkvæmt 6. grein kjarasamnings milli

Blaðamannafélags Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands vegna Félags íslenska prentiðnaðarins frá 11. mars 1986 að viðbættum orlofsgreiðslum á launaliði. Varakrafan er um laun í fjóra mánuði, byggð á 3. grein samningsins þar sem kveðið er á um þann frest eftir 12 ára samfellt starf. Loks krefst stefnandi bóta fyrir missi réttar til launaðs leyfis samkvæmt gr. 4.2 og orlofs á laun fyrir vinnu stefnanda í maí 1987 til september s.á., bæði í aðalkröfu og varakröfu.

Stefndi telur sig hafa verið í fullum rétti til að segja stefnanda upp hvort sem hún var veik eða ekki og kveður henni alltaf hafa staðið til boða laun út uppsagnarfrestinn ef hún stæði við vinnuskyldu sína; uppsögnin hafi því verið lögmæt. Hins vegar hafi stefnandi ekki mætt til vinnu þegar hún átti að mæta þann 1. október og vanefnt þannig vinnusamninginn verulega.

Stefndi heldur því fram að stefnandi hafi fyrirgert þeim rétti, sem hún kunni að hafa átt, með því að hafa ekki uppi kröfur fyrr en með málsókninni.

Þá telur stefndi að ósannað sé að stefnandi hafi nokkurt tjón beðið.

Stefndi telur stefnanda hafa borið að tilkynna veikindi sín og leggja fram læknisvottorð; þar sem hún hafi hvorugt gert hafi hún ekki öðlast rétt til veikindaforfalla.

Stefndi mótmælir því, að stefnandi hafi öðlast rétt til greiðslu, sem svaraði 20 tíma aukavinnu mánaðarlega án tillits til vinnuframlags, og heldur því fram, að ef stefnandi eigi einhvern rétt til greiðslu fyrir aukavinnu fari sá réttur eftir gr. 6.6.1 í kjarasamningi og miðist við hámark hálfan mánuð og 20 tíma.

Stefndi mótmælir kröfu um bætur vegna missis orlofsréttinda sem of háum.

Stefndi mótmælir kröfum um bætur vegna missis hlunninda vegna síma, útvarps og blaða á þeim grundvelli að greiðslur þessar hafi verið endurgreiðsla útlagðs kostnaðar, sbr. gr. 7.6 í kjarasamningi.

Stefndi telur stefnanda í mesta lagi eiga rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti og mótmælir því að hún hafi verið búin að ávinna sér rétt til fjögurra mánaða uppsagnarfrests með 12 ára samfelldri þjónustu, sbr. gr. 3.1 í kjarasamningi.

Verði því játað að stefnandi eigi einhvern bótarétt er því haldið fram að draga beri frá bótum sem svarar bótagreiðslum almannatrygginga og lífeyrisgreiðslum sem hún hafi fengið á því tímabili sem bótakrafan miðast við.

Stefnandi hefur gefið aðilaskýrslu fyrir dóminum og fært fram vitni. Af stefnda hálfu kom engin skýrsla fram við aðalflutning og engin munnleg sönnunargögn. Skrifleg aðilaskýrsla fylgdi raunar greinargerð stefnda, en sú skýrsla er aðallega málflutningsskjal samkvæmt efni sínu.

Stefnandi kveðst, eftir að hafa árangurslaust reynt að ná tali af ritstjóra, hafa þann 30. september 1987 afhent starfandi fréttastjóra bréf sitt, dags. 29. s.m. ásamt afriti læknisvottorðs, sem fréttastjórinn lofaði að koma til ritstjóra. Hún kveðst hafa gert fréttastjóranum grein fyrir högum sínum og spurt hvort hún ætti að gera eitthvað meira, þar á meðal hvort hún ætti að afhenda fyllra læknisvottorð. Hún segir hafa verið venju að ræða mál af þessu tagi við ritstjóra eða fréttastjóra, en ekki að afhenda læknisvottorð. Hún kveður fréttastjórann hafa sagst ekki búast við, að hún þyrfti að færa fram frekari gögn, og sagt sér, að hún myndi heyra frá ritstjóranum. Stefnandi kveðst síðan hafa hringt í ritstjórann 6. eða 7. október. Í því samtali kveður hún hafa komið fram að búið væri að skrifa sér uppsagnarbréf og að stefndi teldi sig ekki geta rekið ritstjórn blaðsins með veiku fólki, en að hún mætti hafa samband aftur ef henni batnaði. Ekki tókst að afla skýrslu fréttastjórans þar sem hún er nú búsett erlendis.

Samkvæmt því, sem fram hefur komið af hálfu aðila, þykir verða að leggja til grundvallar að stefnandi hafi verið óvinnufær þegar henni var sagt upp störfum og að stefnda hafi verið fullkunnugt um að hún var alvarlega veik og hvers vegna hún óskaði eftir leyfi. Hins vegar virðist hvorugur aðila hafa gert sér ljóst á þessum tíma að stefnandi var með öllu óvinnufær. Stefnandi sótti um leyfið daginn áður en hún hefði átt að hefja störf að loknu orlofi. Henni var þá engin grein gerð fyrir því að ætlast væri til að hún mætti næsta dag, heldur sagt að bíða átekta. Samkvæmt þessu verður ekki talið að stefnandi hafi vanefnt samninginn með brotthlaupi úr starfi, eins og stefndi heldur fram. Uppsagnarbréf stefnda varð ekki skilið öðruvísi en sem fyrirvaralaus uppsögn og á því stefnandi rétt á því að verða jafnsett fjárhagslega eins og ekki hefði komið til þeirrar uppsagnar. Stefnandi átti efnislegan rétt til veikindaorlofs, þótt full staðfesting á þeim rétti lægi ekki fyrir, fyrr en eftir að henni var sagt upp. Hún virðist hafa einsett sér að neyta ekki réttar síns og verður henni því ekki lagt til lasts þótt hún hafi ekki fullnægt formskilyrðum þegar henni var sagt upp. Síðan þykir hún hafa gert nægilega snemma ljóst að hún telur sig eiga kröfu á fullum bótum úr hendi stefnda. Um þá kröfugerð gilda engar sérstakar formreglur.

Eins og veikindum stefnanda var háttað átti hún ótvíræðan rétt til fullra launa í sex mánuði og hálfra launa í aðra sex samkvæmt 6. gr. kjarasamningsins. Þótt því verði að sönnu játað með stefnda að honum hafi verið heimilt að slíta ráðningarsamningi við stefnanda, hvort sem var sökum þess að hún var orðin ófær til að gegna starfi sínu eða af öðrum ástæðum, þá gat hann ekki bundið enda á samningssambandið þannig að stefnandi glataði réttindum, sem hún hafði öðlast fyrir uppsögnina. Því þykir verða að fallast á það með stefnanda, að hún eigi rétt til bóta sem svari verðmæti veikindaorlofsins, auk orlofsfjár af þeim launum. Þá þykir stefnandi hafa gert nægilega sennilegt að hún hafi notið yfirborgunar í formi 20 yfirvinnutíma mánaðarlega án tillits til þess hvort sú yfirvinna var unnin. Raunar benda fram lögð gögn til þess, að yfirvinna, sem raunverulega var unnin, hafi verið greidd sérstaklega. Ákvæði laga nr. 19/1979 gilda að vísu ekki í skiptum aðila, en skilja verður kjarasamning aðilanna þannig, að hlutur þeirra, sem taka laun samkvæmt honum, skuli ekki vera lakari en verkafólks, sem lögin taka beint til. Réttur stefnanda miðast þannig við að hún missi eigi neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, sbr. 5. gr. og 6. gr. laganna og gr. 6.1 í kjarasamningnum. Ákvæði gr. 6.1.1 um aukavinnu virðist bera að skilja þannig að átt sé við laun fyrir yfirtíð sem aðeins eru greidd að aukavinna sé unnin.

Ákvæði gr. 7.6 um skilning á hlunnindagreiðslum samkvæmt gr. 7.3–7.5 þykja ekki skera úr um hvernig meta ber hlunnindi þessi til bóta. Í því sambandi verður að líta til þess að hve miklu leyti hlunnindi þessi geta talist verðmæt réttindi fyrir stefnanda. Vera má að stefnandi hafi þurft að nota eigin síma í einhverjum mæli í þágu stefnda, en ekkert sérstakt hefur komið fram um það atriði í málinu og að öðru leyti virðast hlunnindi þessi eðli máls samkvæmt ekki hafa takmarkast á neinn hátt vegna kostnaðar í þágu stefnda. Þykir því eftir atvikum réttmætt að taka kröfur stefnanda til greina að þessu leyti.

Samkvæmt gr. 4.3 í kjarasamningi skulu blaðamenn fá þriggja mánaða frí á fullum launum að loknu 5 ára starfi, og skal þá innifalið sumarleyfi. Næst eiga þeir rétt á þessu fríi eftir 10 ára starf og síðan á 4 ára fresti. Sé blaðamanni sagt upp starfi, ber að greiða honum það, sem hann á inni af umræddu fríi. Stefnandi á þannig ótvíræðan rétt til greiðslu sem svarar verðmæti þessara hlunninda. Aðilar virðast sammála um að stefnandi hafi átt rétt til að taka frí næst á árinu 1989 og að útreikningur bóta eigi að miðast við þann hluta síðasta fjögurra ára tímabilsins sem ráðningarsamningurinn varði. Stefnandi telur aðallega, að miða beri lokin við 30. september 1988, en til vara við lok fjögurra mánaða uppsagnarfrests. Stefndi telur hins vegar að ekki verði miðað við síðara tímamark en raunveruleg starfslok 30. september 1987. Samkvæmt meginsjónarmiðum skaðabótaréttar á stefnandi að vera jafnsett fjárhagslega eins og ekkert hefði í skorist. Samkvæmt því og því, sem áður er rakið, þykir verða að fallast á aðalsjónarmið stefnanda um þetta atriði.

Samkvæmt gögnum málsins virðist stefnandi hafa fengið kr. 196.951,00 í örorkubætur úr Lífeyrissjóði blaðamanna frá 1. janúar 1988 til septemberloka s.á. Við endurupptöku málsins kom fram af hálfu stefnda sú skoðun að þessar greiðslur bæri að draga frá bótum ef til kæmi. Af hálfu sjóðstjórnar hefur komið fram áskilnaður um endurgreiðslu, sem stefndi telur ólögmætan. Þann 13. maí 1988 ákvað sjóðstjórnin að áskilja sjóðnum endurgreiðslu ef laun yrðu greidd lengur en til áramóta. Að svo vöxnu máli virðast ekki efni til bótalækkunar af þessum ástæðum.

Stefnandi hefur fengið kr. 175.158,00 í tekjutryggingu og kr. 32.648,00 í örorkulífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins á tímabilinu 1. október 1987 til jafnlengdar 1988. Örorkulífeyri fær hún án tillits til tekna á tímabilinu, en tekjutrygging er algerlega miðuð við tekjuskerðingu. Samkvæmt þessu og áður áminnstri grunnreglu þykir bera að taka fullt tillit til tekjutryggingarinnar til lækkunar en ekki örorkulífeyris.

Samkvæmt ofangreindum ályktunum þykir stefndi eiga að greiða stefnanda kr. 655.923,00 auk vaxta, eins og nánar greinir í dómsorði, og málskostnaðar, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 170.000,00.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Frjáls fjölmiðlun hf., greiði stefnanda, Borghildi Önnu Jónsdóttur, kr. 655.923,00 með [nánar tilgreindum vöxtum].

Stefndi greiði stefnanda kr. 170.000,00 í málskostnað [...].

Fimmtudaginn 19. maí 1994.

Nr. 173/1991. **Kaupþing hf.**
(Eiríkur Tómasson hrl.)
gegn
Þórhalli Þorlákssyni
(Ólafur Garðarsson hrl.)

Verðtrygging. Verðbréfafyrirtæki. Ráðgjöf. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 19. apríl 1991 og krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Stefndi byggir kröfur sínar í máli þessu á því, að starfsmaður áfrýjanda hafi ekki gætt þess við sölu veðskuldabréfanna, að verðtrygging héldist á þeim. Áfrýjandi hafi auglýst starfsfólk sitt sem sérfræðinga á sviði verðbréfamiðlunar. Stefndi hafi þannig mátt treysta því, að hann nyti þeirrar sérfræði. Hann hafi skaðast fyrir vanrækt starfsmannsins og eigi því rétt á skaðabótum sem tjóni hans nemi.

Fram er komið, að við sölu greindra veðskuldabréfa til stefnda var frágangur þeirra með þeim hætti, að verðtrygging samkvæmt þeim stóðst ekki fyrir uppboðsrétti Reykjavíkur. Uppboðskrafa stefnda var því lækkuð sem nam fjárhæð kröfu hans í málinu, en fyrir liggur, að annars hefði hún greiðst að fullu. Stefndi varð því fyrir tjóni. Aðila greinir ekki á um niðurstöðu útreiknings stefnda á því tjóni. Fallist er á það með héraðsdómi, að verðbréfafyrirtæki beri ábyrgð á sérfræðilegri ráðgjöf starfsmanna sinna og að henni hafi verið ábótavant í máli þessu. Dómur Hæstaréttar í málinu H. 1992, 1531 þykir ekki hafa áhrif á úrlausn þessa máls. Þar reyndi á úthlutun uppboðsandvirðis í þrotabúi milli veðhafa, en ekki á ábyrgð vegna sérfræðilegrar ráðgjafar verðbréfafyrirtækis. Grunnur þess máls var því annar. Telja verður, að stefndi hafi mátt haga sér í samræmi við lagaframkvæmd uppboðsréttarins.

Krafa stefnda fyrnist samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda á fjórum árum, frá því er stefndi mátti gera sér grein fyrir, að ráðgjöf starfsmanns áfrýjanda var ábótavant. Á það reyndi ekki fyrr en við uppboðsmeðferð, eftir að afborganir greiddust ekki á árinu 1987. Krafa stefnda var því ekki fyrnd, þegar mál þetta var höfðað í héraði í desember 1989. Hinn áfrýjaði dómur er því staðfestur.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Kaupþing hf., greiði stefnda, Þórhalli Þorlákssyni, 120.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Gunnars M. Guðmundssonar

I.

Veðskuldabréfin nítján, sem mál þetta fjallar um, voru gefin út af Ásgeiri Eggertssyni til Sumarliða Óskars Arnórssonar 10. desember 1984, og þeim var þinglýst 12. sama mánaðar. Á bakhlið bréfanna er nafn Sumarliða Óskars ritað sem framseljanda. Önnur áritun er þar ekki, og er framsalið ódagsett. Stefndi afhenti samdægurs viðskiptabanka sínum bréfin til varðveislu og innheimtu. Sala hinnar veðsettu eignar á nauðungaruppboði fór fram 22. júlí 1988. Frumvarp uppboðshaldara að úthlutun uppboðsverðs er dagsett 15. október 1988. Samkvæmt því seldist eignin fyrir 10.000.000 krónur. Krafa stefnda í uppboðsverðið nam samtals 2.892.884 krónum. Hún var önnur í röð krafna við úthlutunina, en á undan var krafa um fasteignagjöld 261.943 krónur. Greiðsla upp í kröfu stefnda fór fram 17. október 1988 og nam 1.983.530 krónum.

II.

Í 39. gr. laga nr. 13/1979 um stjórn efnahagsmála o.fl. segir meðal annars:

„Það eru skilyrði verðtryggingar samkvæmt lögum þessum:

1. að verðtryggðir sparifjárreikningar, kröfur og skuldbindingar séu ætíð skráð á nafn . . .“

Í athugasemdum með frumvarpi að lögunum segir um 1. tl. 39. gr.:

„1) Nafnskráning verðtryggðra skuldbindinga er áfram gerð að skilyrði.“

Lög nr. 13/1979 leystu af hólmi lög nr. 71/1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga (sbr. 47. gr.), sem höfðu að geyma nýmæli á þessu sviði. Í 4. gr. laga nr. 71/1966 segir m. a.:

„Almenn skilyrði verðtryggingar samkvæmt lögum þessum skulu vera þessi: . . .

e) Verðtryggðar kröfur og skuldbindingar skulu ætíð skráðar á nafn.“

Í athugasemdum með frumvarpi að lögum nr. 71/1966 segir um e-lið 4. gr.:

„Ákvæði þetta er sett, til þess að unnt sé að koma við nauðsynlegu eftirliti með verðtryggðum kröfum og tryggja framkvæmd laganna.“

III.

Stefndi keypti umrædd veðskuldabréf nokkrum dögum eftir að þau voru gefin út og var eigandi þeirra frá þeim tíma. Gerð var grein fyrir bréfunum á skattframtölum hans, og þar kom fram verðtrygging þeirra. Má ætla af því, að stefndi hafi verið í góðri trú um, að lagaskilyrðum hefði verið fullnægt um viðhald verðtryggingarákvæðis bréfanna við stofnun eignarhalds hans á þeim og jafnframt, að hann hafi engan hag af því haft, að bréfin væru ekki skráð á nafn hans.

Álíta verður, að áðurgreindar athugasemdir við áskilnað e-liðar 4. gr. laga nr. 71/1966 um, að verðtryggðar kröfur og skuldbindingar skuli ætíð skráðar á nafn, eigi jafnt við um samsvarandi áskilnað í 39. gr. laga nr. 13/1979. Ekki er fullljóst, hvað felst nákvæmlega í orðum athugasemdanna: „til þess að unnt sé að koma við nauðsynlegu eftirliti“. Líklegt er, að haft hafi verið í huga skatteftirlit og almennt eftirlit með viðskiptum með handhafabréf. Hvorki þeir hagsmunir né nokkrir aðrir lögvarðir hagsmunir röskuðust við það, að nafnskráning stefnda á umrædd veðskuldabréf fórst fyrir.

Samkvæmt þessu verður að líta svo á þrátt fyrir áskilnað 1. tl. 39. gr. laga nr. 13/1979, að vanræksla þess að skrá nafn stefnda á veðskuldabréfin við kaup hans á þeim hafi, eins og hér stóð á, ekki haggað verðtryggingu þeirra, sbr. Hrd. 1992, bls. 1531.

IV.

Áfrýjandi annaðist verðbréfaviðskipti og bauð viðskiptavinum sérfræðiþjónustu á því sviði. Hann virðist hafa haft umrædd veðskuldabréf í umboðssölu. Stefndi mátti treysta því, að við þjónustu starfsmanna áfrýjanda við hann vegna kaupa hans á bréfunum yrði gætt í hvívetna fyrirmæla laga, þannig að öryggi viðskiptanna að því leyti væri tryggt, svo að eigi þyrfti á gildi verðtryggingar bréfanna að reyna fyrir dómstólum, kæmi til nauðungaruppboðs á hinni veðsettu eign.

Eigi kemur fram í gögnum málsins, hvenær Gunnar Guðmundsson héraðsdómslögmaður fékk veðskuldabréfin í hendur til innheimtu, en samkvæmt greinargerð hans í héraði gerði hann sér strax ljóst, að bréfin voru framseld stefnda eyðuframsali. Hann lét áfrýjanda ekki vita um þenna galla á bréfunum. Eftir að ljós varð sú réttarstaða, sem stefnda var ætluð fyrir uppboðsrétti, gafst áfrýjanda ekki kostur á að láta málið til sín taka, en líkur verða að teljast til þess, að áfrýjandi hefði beitt sér fyrir því, að úrskurður gengi um höfnun uppboðshaldara á verðbótaþætti uppboðskröfunnar og jafnframt fyrir áfrýjun þess úrskurðar til Hæstaréttar. Því til viðbótar, að vanrækt voru samráð við áfrýjanda um þetta, tók lögmaður stefnda við greiðslu uppboðskröfunnar án athugasemda og kvittaði fyrir henni án fyrirvara. Þýðingu þess að lögum, sem þarna fór úrskeiðis, verður að meta í ljósi þeirrar ákvörðunar stefnda að ætla áfrýjanda að bera tjónið, sem stefndi varð fyrir við það, að verðtrygging uppboðskröfu hans fór forgörðum í uppboðsrétti. Verður að líta svo á, að stefndi hafi við það, að hagsmunir áfrýjanda voru þannig látnir fyrir róða, fyrirgert rétti, sem hann að öðrum kosti kynni að hafa átt á hendur honum til bóta.

Með skírskotun til þess, sem að framan er rakið, er ekki lagagrundvöllur fyrir kröfugerð stefnda í málinu, og ber að sýkna áfrýjanda af kröfum hans.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. janúar 1994.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 18. desember sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Þórhalli Þorlákssyni, kt. 100120-3219, Efstaleiti 10, Reykjavík, gegn Kaupþingi hf., kt. 560882-0419, Kringlunni 5, Reykjavík, og Gunnari Guðmundssyni hdl., kt. 300153-4029,Granaskjóli 72, Reykjavík, með stefnu, þingfestri 7. desember 1989.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 1.038.266,14 ásamt 4,97% vöxtum á ári frá 15. nóvember 1988 til 19. janúar 1989, sem er vegið meðaltal vaxta af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, en með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum á ári, sbr. II. og III. kafla l. nr. 25/1987, sbr. breytingalög nr. 67/1989 frá þeim degi til greiðsludags.

Krafist er málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ [. . .].

Til vara er krafist lægri fjárhæðar samkvæmt mati réttarins ásamt sömu dráttarvöxtum og málskostnaði.

Dómkröfur stefnda Kaupþings hf. eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, og að stefnandi verði dæmdur til þess að greiða Kaupþingi hf. málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ [. . .].

Dómkröfur stefnda Gunnars Guðmundssonar eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ [. . .].

Dómkröfur réttargæslustefnda, Íslandsbanka hf., eru þær, að honum verði dæmd ómakslaun að mati réttarins in solidum úr hendi stefndu.

Málsatvik eru þau að í desember 1984 keypti stefnandi í tvennu lagi hjá stefnda Kaupþingi hf. samtals 19 veðskuldabréf. Um var að ræða 10 veðskuldabréf, keypt 13. desember 1984, hvert að höfuðstól kr. 60.000,00, sem endurgreiða bar með fjórum árlegum afborgunum, í fyrsta skipti 15. ágúst 1985, og 9 veðskuldabréf, keypt 28. desember, hvert að höfuðstól kr. 64.000,00, sem greiðast skyldu á 4 árum með jöfnum afborgunum á ársfresti, í fyrsta skipti 15. desember 1985. Bréf þessi keypti stefnandi hjá starfsmanni verðbréfadeildar stefnanda, Jónasi Ólafssyni. Stefnandi fékk skuldabréfin afhent við söluna. Bréfin voru tryggð með veði í fasteigninni Barónsstíg 13, Reykjavík. Bréf þessi, sem upphaflega voru skráð á nafn, voru framseld stefnanda með eyðuframsali við kaupin. Stefnandi kom bréfunum í innheimtu í Útvegsbanka Íslands. Greitt var af bréfunum í fyrstu til Útvegsbanka Íslands með vöxtum og verðbótum. Þegar veðskuldabréfin fóru í vanskil, voru þau send í lögfræðilega innheimtu til stefnda Gunnars Guðmundssonar hdl., sem óskaði eftir uppboði á hinni veðsettu eign, Barónsstíg 13, Reykjavík. Sú eign var svo seld á nauðungaruppboði hinn 22. júlí 1988. Við úthlutun uppboðsandvirðis var uppboðskrafa stefnanda lækkuð, þar sem bréfin voru ekki talin uppfylla skilyrði verðtryggingar samkvæmt 39. gr. laga nr. 13/1979. Voru bréfin reiknuð út af uppboðsrétti eins og þau væru handhafabréf með 8% föstum vöxtum. Komu því í hlut stefnanda kr. 1.854.618,00 í stað kr. 2.892.884,14, sem honum bar samkvæmt útreikningi stefnda Gunnars Guðmundssonar. Mismunurinn, kr. 1.038.266,00, er stefnufjárhæð málsins.

II.

Stefnandi kveðst hafa séð auglýsingar frá stefnda Kaupþingi hf. haustið 1984, þar sem heitið var mjög hárri ársávöxtun, allt upp í 50%, miðað við 27% verðbólgu á ári. Tekið hafi verið sérstaklega fram í auglýsingum stefnda Kaupþings hf., að sérfræðingar Kaupþings hf. myndu hjálpa þeim sem ekki hefðu þekkingu á viðskiptum á þeim ávöxtunarmöguleikum sem byðust. Stefnandi hafi lagt leið sína til stefnda Kaupþings hf. og rætt þar við einn sérfræðinga félagsins, Jónas Ólafsson. Hafi stefnanda þar verið sýnd bréf þau, sem mál þetta er sprottið af, sem hann hafi svo keypt í tvennu lagi í desember 1984.

Varðandi úthlutun uppboðsandvirðis bréfanna getur stefnandi þess að ákvæði 39. gr. laga nr. 13/1979 um stjórn efnahagsmála o.fl. hafi leitt til þess að krafa stefnanda fyrir uppboðsrétti hafi verið lækkuð sem nemur stefnufjárhæð. Í 39. gr. laganna segi orðrétt, „að verðtryggðir sparifjárreikningar, kröfur og skuldbindingar séu ætíð skráðar á nafn“. Þau bréf, er stefnandi hafði keypt af sérfræðingum stefnda Kaupþings hf., hafi ekki uppfyllt þetta skilyrði. Við útgáfu þeirra hafi þau hljóðað á nafn, en stefndi Kaupþing hf. hafi látið þau frá sér með eyðuframsali, sem ekki sé nægjanlegt samkvæmt lögunum til þess að halda verðtryggingunni á bréfunum. Skuldabréfin hafi því einungis verið framseld af kröfuhafa en aldrei skráð á stefnanda þegar hann hafi keypt þau. Hafi þau því verið orðin svokölluð handhafabréf. Ljóst sé því að bréfin voru við afhendingu ekki þannig úr garði gerð að þau gætu borið þá ávöxtun sem lofað hafði verið, ef hin veðsetta eign færi á uppboð. Megi því segja að þegar bréfin voru komin í vörslur stefnanda hafi þau verið óhæf um að bera verðtryggingu og þar með skila stefnanda fullri ávöxtun í samræmi við auglýsingar og loforð stefnda Kaupþings hf.

Stefnandi telur, að fyrirtæki, sem auglýsir sig þannig, að það láti sérfræðinga sína aðstoða almenning við val á ávöxtunarmöguleikum, verði einnig að geta gert viðkomandi pappíra þannig úr garði að ávöxtunin verði í samræmi við gefin loforð. Það geti ekki verið hlutverk stefnanda, sem aldrei hafi keypt veðskuldabréf áður, að fylla út eitthvert framsal á bakhlið bréfanna. Bréfin áttu vitaskuld að vera þannig úr garði gerð að stefnandi gæti sett þau beint í innheimtu í banka og síðan til lögfræðings, ef þurfa þætti. Stefnandi hafi ekki fengið neinar leiðbeiningar í meðferð bréfanna eða útfyllingu þeirra þegar hann keypti þau. Hann hafi ekki óskað þess að þau væru framseld eyðuframsali eða öðruvísi úr garði gerð en lög bjóða. Þetta megi sjá af fram lögðum skattframtölum hans, þar sem þessi bréfaeign hans sé vandlega tíunduð.

Þá byggir stefnandi á því að ríkar kröfur megi gera til lögfræðinga sem taka að sér innheimtu veðskuldabréfa. Lágmarkskröfur séu þær að athuga viðkomandi vanskilabréf, þ. á m. hvort það sé þannig úr garði gert, að óhætt sé að senda það í uppboðsréttinn, athuga, hvort eftir sé að fylla einhvern hluta þess út, t.d. framsal á bakhlið líkt og raunin hafi orðið í þessu máli. Þetta hafi stefndi Gunnar ekki gert og því valdið stefnanda því tjóni, sem stefnt er út af.

Þá telur stefnandi einnig að stefndi Gunnar hefði átt að mótmæla úthlutun uppboðshaldara þegar í stað og taka við greiðslu með fyrirvara. Með því að gera hvorugt hafi hann valdið stefnanda fjárhagstjóni.

Fyrningarfrestur hafi ekki byrjað að líða fyrr en málið hafi verið gert upp hjá uppboðsrétti Reykjavíkur og stefnandi fái vitneskju um það.

Lagarök, sem stefnandi byggir kröfur sínar m. a. á, eru l. nr. 13/1979, aðallega 39. gr., þar sem skýrt sé tekið fram, „að verðtryggðir sparifjárreikningar, kröfur og skuldbindingar séu ætíð skráðar á nafn“. Stefnandi hafi talið sig vera að kaupa verðtryggð veðskuldabréf af stefnda Kaupþingi hf., sem auglýst hafi sig sem sérfræðing á þessu sviði. Við úthlutun uppboðsandvirðis hafi síðan komið í ljós, að stefndi Kaupþing hf. hafi ekki gert bréfin þannig úr garði, að þau gætu borið verðtryggingu, og stefnandi þannig ekki notið neinnar sérfræðiþekkingar.

Hér sé og byggt á almennum skaðabótareglum, m.a. sakarreglunni, þar sem aðilar beri skaðabótaábyrgð á sennilegum afleiðingum skaða sem valdið sé með ólögmætri eða saknæmri athöfn, annaðhvort af ásetningi eða gáleysi, einnig hinni almennu reglu um vinnuveitandaábyrgð utan samninga.

Sömu lagarök eigi við um stefnda Gunnar, þar sem hann hafi ekki athugað hvort framsalið væri þannig úr garði gert að bréfið gæti borið verðtryggingu. Einnig sé vísað í 15. gr. l. nr. 61/1942 um málflytjendur.

Vaxtakrafa sé byggð á l. nr. 25/1987, II. og III. kafla, sbr. breytingalög nr. 67/1989.

Krafan um málskostnað byggist á l. nr. 85/1936 með síðari breytingum, einkum 177. og 175. gr. in fine.

III.

Stefndi Kaupþing hf. styður sýknukröfu sína í fyrsta lagi við 54. gr. kaupalaga nr. 39/1922. Sú skoðun hafi komið fram í dómum og hjá fræðimönnum, að þau verðmæti, sem talin séu til lausafjár, verði ekki undanþegin gildissviði kaupalaga, sbr. t.d. Hrd. 1983, 1469. Kaup og sala á veðskuldabréfum hljóti þannig að falla undir ákvæði kaupalaga nr. 39/1922. Sá ársfrestur, sem 54. gr. kaupalaga setji stefnanda til að bera fyrir sig, að frágangi skuldabréfanna hafi að einhverju leyti verið ábótavant, sé löngu liðinn, enda miðast ársfresturinn við afhendingu veðskuldabréfanna sem fram fór í desember 1984.

Þá byggir stefndi Kaupþing hf. á þeirri málsástæðu, að krafa stefnanda sé fyrnd, sbr. 3. gr. laga nr. 14/1905, sbr. 1. mgr. 1. gr. sömu laga. Sé enda óþolandi og ósanngjarnt fyrir verðbréfastarfsemi sem og aðra atvinnustarfsemi að geta átt von á málsókn eins og í þessu tilviki 5 árum eftir að umrædd sala skuldabréfanna fór fram.

Þá krefst stefndi Kaupþing hf. sýknu á þeim grundvelli, að stefnandi hafi ekki orðið fyrir neinu tjóni vegna ofangreindra viðskipta. Fyrir liggi að stefnandi hafi fengið greidda fyrstu afborgun bréfanna með fullri vísitölutryggingu og vöxtum. Við úthlutun uppboðsandvirðis hafi stefnandi fengið greiddar samtals kr. 1.854.618,00. Vegna kaupanna á veðskuldabréfunum hafi stefnandi lagt út kr. 843.000,00 í desember 1984. Verðgildi þeirrar fjárhæðar í nóvember 1988 sé kr. 1.997.180,00. Miðað við, að fyrsta afborgun bréfanna hafi verið greidd á gjalddaga og sú fjárhæð sé framreiknuð til 15. nóvember 1988, dragist kr. 900.271,00 frá upphæðinni. Upp í mismuninn, kr. 1.096.909, fái stefnandi greitt af uppboðsandvirðinu, kr. 1.854.618,00. Samkvæmt almennu skaðabótareglunni, sem stefnandi byggi málsókn sína á, ber að bæta stefnanda það tjón sem hann hefur orðið fyrir vegna skuldabréfakaupanna. Tjón stefnanda vegna þessara viðskipta sé hins vegar ekkert. Þvert á móti sé ávöxtun hans tæplega 10% umfram verðbólgu, sem er með því hæsta sem þekkist á sparifjármarkaðnum.

Þá krefst stefndi Kaupþing hf. sýknu með þeim rökum, að frágangur skjalanna hafi ekki verið með þeim hætti að hann geti leitt til bótaskyldu. Það, að verðtryggð skuldabréf séu framseld eyðuframsali, hafi ekki verið óalgengt á þessum tíma, hvorki hjá bönkum, sparisjóðum né verðbréfamiðlurum, enda óski kaupendur verðbréfa oft eftir slíku framsali. Fjölmargir eigendur veðskuldabréfa fyrirhuga að nota veðskuldabréfin áfram í viðskiptum og sjái enga ástæðu til að nafn þeirra komi fram á bréfunum. Engin lög hafi verið í gildi um verðbréfamiðlun á þessum tíma og verði ekki séð að nein lagaskylda hafi hvílt á verðbréfamiðlara að skrá bréf á nafn eiganda.

Þá byggir stefndi Kaupþing hf. sýknukröfu sína á þeirri málsástæðu að stefnandi hafi haft fjölmörg tækifæri til að ganga frá bréfunum á nafn, enda hafi þau verið í hans vörslu strax við kaupin. Það, að verðtrygging bréfanna skyldi vera felld niður við úthlutun uppboðsandvirðis, sé vanrækslu stefnanda og lögmanns hans um að kenna. Stefndi Kaupþing hf. hafði ekkert með innheimtu veðskuldabréfanna að gera og hafði engin afskipti af þeim, eftir að þau höfðu verið afhent stefnanda í desember 1984. Eyðuframsalið hafi engin áhrif haft á verðtryggingu bréfanna þegar þau voru innheimt í Útvegsbankanum, enda þótt bankinn hafi ekki hirt um að fylla út nafn stefnanda. Fyrsta afborgun bréfanna hafi þannig verið að fullu greidd og miðaðist greiðslan við vísitölutryggingu og 8% fasta vexti. Það hafi ekki verið fyrr en við úthlutun uppboðsandvirðis sem verðtryggingin sé felld niður. Innheimta veðskuldabréfanna hafi þá verið í höndum stefnda Gunnars Guðmundssonar hdl. Við framkvæmd þeirrar innheimtu hafi krafa stefnanda stofnast. Engin mótmæli hafi komið fram við úthlutun uppboðsandvirðisins þrátt fyrir þá staðreynd, að hún fæli í sér mun lægri fjárhæð en uppboðskrafa stefnanda gerir ráð fyrir. Stefnandi og lögmaður hans hafi því á engan hátt reynt að halda fram réttindum sínum og mótmæla umdeildri ákvörðun uppboðshaldara, heldur hafi þeir tekið við greiðslu án nokkurs fyrirvara.

Krafa stefnda Kaupþings hf. um, að krafa stefnanda sé fallin niður vegna tómlætis, er studd við 54. gr. kaupalaga nr. 39/1922. Krafa stefnda um, að krafa stefnanda sé fyrnd, er studd við 3. gr. laga nr. 14/1905, sbr. 1. mgr. 1. gr. sömu laga. Þá er krafist sýknu á þeim grundvelli að skilyrði almennu skaðabótareglunnar um fjártjón sé ekki uppfyllt. Enn fremur byggist sýknukrafan á því að ólögmætisskilyrði almennu skaðabótareglunnar um fjártjón sé ekki fullnægt né skilyrði reglunnar um sennilega afleiðingu. Þá er byggt á þeirri meginreglu skaðabótaréttar að tjónþoli eigi að bera tjón sitt sjálfur, enda hafi stefnandi haft fjölmarga möguleika til að ganga þannig frá bréfunum að innheimta þeirra skilaði sem bestum árangri.

Krafa stefnda um málskostnað er byggð á 1. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936. Krafa um dráttarvexti af málskostnaði byggist á vaxtalögum nr. 25/1987 og 21. gr. laga nr. 54/1988. Krafan um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988, þar sem lögmönnum er gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Stefndi sé ekki virðisaukaskattsskyldur. Því beri honum nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnanda.

Stefndi Gunnar Guðmundsson hdl. kveður stefnanda hafa falið sér innheimtu á greindum veðskuldabréfum, sem tryggð voru með veði í fasteigninni Barónsstíg 13, Reykjavík. Vegna vanskila bréfanna hafi stefnandi óskað eftir því að hin veðsetta eign yrði seld á nauðungaruppboði. Þegar stefndi Gunnar fékk bréfin í hendur, báru þau með sér, að þau voru framseld eyðuframsali. Úr þeim galla hafi ekki verið hægt að bæta, þegar þau komu í hans hendur, nema með því beinlínis að falsa efni veðskuldabréfanna og rita eftir á nafn stefnanda í eyðuna. Slíkt sé með öllu ólöglegt og enn fremur óframkvæmanlegt, þar sem nöfn ótiltekins fjölda framsalshafa gæti vantað í þá eyðu. Stefnda Kaupþingi hf., sem selt hafi stefnanda bréfin, hafi borið að sjá um að viðskipti aðila ættu sér stað með eðlilegum hætti og á lögformlegan hátt. Hafi slíkt ekki átt sér stað sé fráleitt að reyna að tengja ábyrgð á hugsanlegum mistökum í meðferð skuldabréfanna hjá stefnda Kaupþingi hf. yfir í samábyrgð eða sjálfstæða ábyrgð lögmanns sem sér um innheimtu á bréfum sem háð eru slíkum ágöllum. Stefndi Gunnar kvaðst hafa talið, að þrátt fyrir, að bréf þessi væru með framangreindum ágöllum, væri rétt að senda þau þannig til uppboðsréttar, þar sem viðbúið væri að kröfuhafi myndi áfram greiða af þeim sem um verðtryggð veðskuldabréf væri að ræða í stað handhafabréfa. Lítill hluti þeirra fasteigna, sem óskað sé uppboðs á í Reykjavík, sé seldur uppboðssölu, þannig að mjög miklar líkur hafi verið fyrir því að stefnandi myndi ekki bíða tjón af völdum eyðuframsals bréfanna. Loforð uppboðsþola um greiðslu bréfanna hafi ekki verið efnt, og hafi hin veðsetta eign því verið seld á uppboði þann 22. júlí 1988. Mismunur á því fé, sem úthlutað hafi verið stefnanda úr nefndu uppboði, og því, sem hann hefði fengið, ef efni bréfanna með óskertri vísitölu og vöxtum hefði haldist, var kr. 1.038.266,14.

Stefndi Gunnar taldi tilgangslaust að mótmæla úthlutun uppboðshaldara þar sem ótvírætt var að bréfin með eyðuframsölum væru handhafabréf en uppfylltu ekki skilyrði l. 13/1979 um formskilyrði verðtryggðra skuldabréfa. Úrskurður um hliðstætt tilvik hafði þá skömmu áður verið kveðinn upp í uppboðsrétti Reykjavíkur. Hins vegar hafi ekki legið fyrir sú túlkun uppboðsréttar Reykjavíkur að telja handhafabréf vísitölutryggð veðskuldabréf með eyðuframsali, þegar uppboðsbeiðni var send uppboðshaldara.

Þá telur stefndi Gunnar, að óeðlilegt sé, að lögmaður, sem fær umrædd veðskuldabréf til innheimtu, sé sóttur til ábyrgðar fyrir hugsanlega vanrækslu, en sá banki, sem einnig hafi haft bréfin til innheimtu, sé undanskilinn og ætti hann samt að teljast hafa sömu sérfræðiþekkingu innan sinna vébanda og verðbréfafyrirtæki. Strangari kröfur hafi gilt á þessum tíma um banka en verðbréfafyrirtæki og því fráleitt að stefna ekki einnig Útvegsbanka Íslands fyrst á annað borð er stefnt öðrum en verðbréfafyrirtækinu sjálfu. Hefði að því leyti til átt að vera um samaðild að ræða.

Stefndi Gunnar mótmælir því, að meðferð hans á umræddum bréfum hafi í raun getað verið með öðrum hætti og vísar á bug kröfum stefnanda um hugsanlega bótaskyldu. Einnig er því mótmælt að brotið hafi verið gegn 15. gr. l. nr. 61/1942.

Um lagarök vísar stefndi Gunnar til 39. gr. l. 13/1979, 15. gr. l. 61/1942, II. og III. kafla l. 25/1987, sbr. l. 67/1989 og l. 25/1987.

Af hálfu réttargæslustefnda er tekið fram um málavexti að stefnandi hafi falið útibúi réttargæslustefnda að Álfheimum 74, þá Útvegsbanki Íslands hf., innheimtu skuldabréfa þeirra, sem hér um ræðir. Í innheimtu felist, að bankinn skráir skuldaskjöl í skuldabréfakerfi sitt samkvæmt efni skjalanna. Kerfið sjái um útreikning og útsendingu greiðsluseðla. Fyrir þetta taki bankinn smávægilega þóknun. Bankinn hafi ekkert með skoðun skjalanna að gera frá lögformlegu sjónarmiði og taki við þeim á ábyrgð innheimtubeiðanda. Skjalið þurfi í raun einungis að uppfylla það skilyrði að útreikningslegar forsendur séu fyrir hendi, svo sem að getið sé fyrsta gjalddaga, vaxta, verðbóta o.s.frv. Skjöl þau, er mál þetta varði, hafi ekki verið með neinum þeim ágöllum sem að þessu lúti. Því sé mótmælt að til bótaábyrgðar bankans geti komið, ef dómur falli stefndu í óhag, fyrir að hafa ekki vakið athygli stefnanda á því að bréfin þurfi að hljóða á nafn.

Varðandi dómkröfur sínar vísar réttargæslustefndi til þess að stefndu í máli þessu hafi knúið hann til þess að hafa uppi nokkurn málatilbúnað þótt engar kröfur séu hafðar uppi á hendur honum. Vísar réttargæslustefndi til 180. gr. eml. nr. 85/1936 hér að lútandi.

Stefnandi, Þórhallur Þorláksson, og stefndi Gunnar Guðmundsson hafa gefið skýrslur fyrir dómi í málinu.

IV.

Samkvæmt fram lögðum auglýsingum úr Morgunblaðinu frá því í sept., nóv. og des. 1984 auglýsti stefndi Kaupþing hf., sem annast verðbréfamiðlun, fjárvörslu sína og þær ávöxtunarleiðir, sem í boði voru. Kom þar m.a. fram að unnt væri að ná hámarksávöxtun sparifjár með verðbréfakaupum og veitt væri ráðgjöf í því sambandi. Af þessu tilefni leitaði stefnandi til stefnda Kaupþings hf. og átti þar samskipti við starfsmann stefnda, Jónas Ólafsson, sem varð til þess að hann keypti þau veðskuldabréf, sem um ræðir í máli þessu. Veðskuldabréf þessi voru samkvæmt ákvæðum þeirra sjálfra með fullri verðtryggingu samkvæmt lánskjaravísitölu og gefin út á nafn. Þau báru 8% fasta ársvexti og voru tryggð með veði í fasteigninni Barónsstíg 13, Reykjavík, svo sem fram er komið. Við afhendingu til stefnanda voru bréfin framseld eyðuframsali af nafnskráðum kröfuhafa, en ekki skráð á nafn, eins og tilskilið er, þegar um verðtryggðar skuldbindingar er að ræða samkvæmt 39. gr. laga nr. 13/1979 um stjórn efnahagsmála o.fl. Sá annmarki bréfanna leiddi og til þess að þau fengust ekki greidd í samræmi við verðtryggingu við uppboðsmeðferð, svo sem rakið hefur verið.

Stefnandi kvaðst ekki hafa keypt slík veðskuldabréf áður og engar leiðbeiningar fengið hjá stefnda Kaupþingi hf. um nauðsyn nafnskráningar þeirra. Svo sem gögn liggja fyrir í máli þessu þykir verða að byggja á því að stefnandi hafi verið í góðri trú að þessu leyti er kaupin áttu sér stað og hafi mátt treysta því að veðskuldabréfin væru innheimtanleg í samræmi við verðtryggingarákvæði þeirra.

Ekki verður talið að veðskuldabréf þessi hafi verið gölluð í skilningi kaupalaga nr. 39/1922, og getur stefndi Kaupþing hf. því ekki borið fyrir sig til sýknu fyrningarákvæði 54. gr. þeirra laga.

Þá verður og ekki talið að krafa stefnanda sé fyrnd samkvæmt 3. gr. laga nr. 14/1905, enda telst fyrningarfrestur frá þeim degi er krafa varð gjaldkræf samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laganna.

Þá verður ekki fallist á þá málsástæðu stefnda Kaupþings hf., að stefnandi hafi ekki orðið fyrir tjóni. Ágreiningslaust er, að uppboðskrafa stefnanda var lækkuð sem nemur stefnufjárhæð vegna þess að hin tilteknu veðskuldabréf voru talin óverðtryggð. Liggur og ekki annað fyrir en þau hefðu fengist greidd af veðinu með fullri verðtryggingu, ef þau hefðu verið metin gild sem slík. Verður því talið að stefnandi hafi sannanlega orðið fyrir því tjóni sem hann gerir kröfu til og ekki er tölulegur ágreiningur um.

Við sölu greindra veðskuldabréfa til stefnanda var frágangur þeirra með þeim hætti, að verðtrygging samkvæmt þeim stóðst ekki, er á reyndi. Ekkert liggur fyrir um það að stefnandi hafi fengið hjá stefnda Kaupþingi hf. upplýsingar eða leiðbeiningar um þýðingu nafnskráningar í því sambandi, sbr. ákvæði 39. gr. laga nr. 13/1979. Þá verður ekki séð að um eigin sök stefnanda sé að ræða, svo sem atvikum máls er háttað. Verður því talið, að stefndi Kaupþing hf., sem annast verðbréfamiðlun og auglýsir sérfræðiþjónustu í því sambandi, sé bótaskyldur gagnvart stefnanda vegna framangreindrar vanrækslu sinnar.

Ekki verður fallist á að sömu skaðabótasjónarmið eigi við um stefnda Gunnar Guðmundsson hdl. Þegar hann fékk veðskuldabréfin til innheimtumeðferðar voru þau framseld eyðuframsali og þannig sendi hann þau uppboðsrétti Reykjavíkur. Sú meðhöndlun bréfanna og innheimtumeðferð lögmannsins að öðru leyti varðandi veðskuldabréfin þykir ekki, eins og hér stóð á, leiða til bótaábyrgðar gagnvart stefnanda. Ber því að sýkna stefnda Gunnar Guðmundsson af öllum kröfum stefnanda á hendur honum. Samkvæmt því verður stefnandi dæmdur til að greiða stefnda Gunnari málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 120.000,00 að meðtöldum virðisaukaskatti. Málskostnaður skal bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Engin efni þykja vera til að taka til greina kröfu réttargæslustefnda, Íslandsbanka hf., um ómakslaun úr hendi stefndu og ber að hafna þeirri kröfu.

Samkvæmt framansögðu verður stefndi Kaupþing hf. dæmdur til að greiða að fullu framangreint tjón stefnanda, að fjárhæð kr. 1.038.266,14, og með þeim vöxtum sem krafist er og í dómsorði greinir.

Þá ber að dæma stefnda Kaupþingi hf. til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 240.000,00 að meðtöldum virðisaukaskatti, eins og krafist var. Málskostnaður skal bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna embættisanna dómarans og þingleyfis.

Dómsorð:

Stefndi Kaupþing hf. greiði stefnanda, Þórhalli Þorlákssyni, kr. 1.038.266,14 með 4,97% ársvöxtum frá 15. nóvember 1988 til 19. janúar 1989, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 240.000,00 í málskostnað. Málskostnaður ber dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefndi Gunnar Guðmundsson skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Þórhalls Þorlákssonar, í máli þessu. Stefnandi, Þórhallur Þorláksson, greiði stefnda Gunnari Guðmundssyni kr. 120.000,00 í málskostnað. Málskostnaður ber dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Kröfu réttargæslustefnda, Íslandsbanka hf., um ómakslaun úr hendi stefndu er hafnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 19. maí 1994.

Nr. 436/1993. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Þorkatli Einarssyni
(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Fjárdráttur. Opinberir starfsmenn. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði áfrýjaði málinu einvörðungu um ákvörðun refsingar og skaðabóta, en því var af hálfu ákæruvalds skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 22. október 1993. Krefst ákæruvaldið þyngingar á refsingu ákærða og staðfestingar á ákvæði um greiðslu skaðabóta úr hendi hans.

Ákærði viðurkennir að hafa dregið sér fé úr sjóði vínbúðar Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins að Lindargötu 46 í Reykjavík frá miðju ári 1986 fram á mitt ár 1991, svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi. Upp komst um fjárdrátt hans 28. október 1991, þegar starfsmenn frá aðalskrifstofu ÁTVR komu í verslunina til talningar á birgðum hennar. Skýrði ákærði þeim þá frá því, að birgðirnar væru ekki í samræmi við það, sem birgðahaldstölur gæfu til kynna, og væri það af sínum völdum. Birgðatalning fór svo fram daginn eftir, og önnuðust hana starfsmenn aðalskrifstofunnar og fulltrúar Ríkisendurskoðunar. Niðurstöður hennar voru þær, að á vínbirgðir í versluninni vantaði meira en þriðjung þess, sem þar átti að vera samkvæmt bókhaldi fyrirtækisins. Jafnframt komu fram í birgðageymslu 216 tómir kassir undan áfengi, sem notaðir voru til að dylja fjárdráttinn.

Í ákæru er á því byggt, að öll sú birgðarýrnun, sem talningin gaf til kynna, verði rakin til fjárdráttar ákærða. Hafi hann þannig dregið sér andvirði áfengis, er svari til 23.251.530 króna á verðlagi 29. október 1991. Ákærði hefur frá upphafi vefengt, að fjárdráttur hans hafi verið svo umfangsmikill. Á hinn bóginn hefur hann ekki getað skýrt það með nokkurri nákvæmni, hverju fjártökur hans hafi numið á hverjum tíma. Þá hefur hann enga viðhlítandi skýringu gefið á því, hvernig birgðir hafi getað rýrnað af öðrum orsökum, án þess að hann yrði þess var, en það var starf hans meginhluta þess tímabils, sem ákæran nær til, að fylgjast með innkaupum og birgðahaldi verslunarinnar og gefa birgðaskýrslur til aðalskrifstofunnar.

Leggja verður til grundvallar, að ákærði hafi dregið sér fé sem svarar andvirði þeirra birgða, sem á vantaði við talningu, enda er ekkert fram komið í málinu, er gefi tilefni til að rengja niðurstöður hennar. Þetta er hið raunverulega tjón ÁTVR, sem ákærði verður talinn bera ábyrgð á, enda verður umfang fjárdráttarins ekki metið á annan veg, eins og hér háttar til. Ákærða gat ekki dulist, þegar hann dró sér fé og leyndi fjárdrættinum á þann hátt, sem hann gerði, að uppgjör hlyti að lokum að miðast við þá vöntun á birgðum, sem í ljós kæmi.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans að öðru leyti.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Þorkell Einarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar

Ákæra í máli þessu er á því byggð, sem ákærði hefur viðurkennt um fjárdrátt sinn úr sjóði verslunarinnar að Lindargötu 46. Er meðferð ákærða á svonefndum veislutékkum þannig talin aðalþáttur í verknaði hans, en þá notaði hann til að draga sér peninga úr afgreiðslukössum verslunarinnar. Jafnframt er það talið hafa gerst í einhverjum mæli, að hann hafi fengið lánað áfengi í versluninni án þess að standa skil á andvirðinu. Er miðað við, að hvort tveggja komi fram í þeirri birgðastöðu, sem leidd var í ljós við talningu í versluninni 29. október 1991.

Fyrir héraðsdómi var ekki sérstaklega að því hugað, hvaða fjármunir hefðu í reynd farið um hendur ákærða, en fjárdráttur hans er talinn hafa staðið yfir nokkuð samfellt um fimm ára skeið. Upplýst er hér fyrir dómi, að útsöluverð á áfengi hafi rúmlega tvöfaldast á þessu tímabili. Telja verður nægilega sannað, eins og málið liggur fyrir, að fjárdrátturinn svari meginhlutanum af þeim birgðum, sem á vantaði. Umfang hans í peningum var hins vegar háð því, hvernig áfengisverði var háttað hverju sinni. Eru þær fjárhæðir, sem ákærði hefur getað tileinkað sér, þannig miklum mun lægri samanlagt en andvirði áfengisbirgðanna á talningardegi. Sú staðreynd skiptir þó ekki sköpum um matið á sök ákærða og refsingu á hendur honum, þar sem brot hans var stórfellt allt að einu.

Með þessum athugasemdum við hinn áfrýjaða dóm er ég sammála öðrum dómendum Hæstaréttar um annað en skaðabótaþátt málsins.

Í málinu er sú krafa gerð fyrir hönd Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, að ákærði verði dæmdur til að greiða skaðabætur, að fjárhæð 23.251.530 krónur, ásamt vöxtum, frá því að fjárdráttur hans átti sér stað. Er krafan einvörðungu byggð á niðurstöðum fyrrgreindrar talningar og miðar að því, að ákærði skili fyrirtækinu öllu verðmæti þess, er á vantaði, eftir útsöluverði á þeim tíma. Sem fyrr segir, var áfengisverð þó annað og lægra, þegar verknaður ákærða var framinn, og ávinningur hans eftir því. Að undirstöðu til nam tjónið af brotinu hinu sama og ávinningurinn, þ.e. virði þeirra peninga, er ákærði tók hverju sinni. Við kröfugerð á hendur honum var fyrirtækinu rétt og skylt að taka mið af þessu undirstöðuatriði þrátt fyrir augljósa örðugleika og reyna að skýra með eigin gögnum, eftir því sem kostur var, hvernig tjónið hefði átt sér stað. Þetta hefur ekki verið gert, og er bótakrafan vanreifuð að því skapi. Ekki er þó óhjákvæmilegt að vísa henni frá dómi, svo sem ákærði hefur krafist, og verður einnig að líta til þess, hversu naumt er um skýringar hans megin. Er rétt, að skorið verði úr um kröfuna á grundvelli þess, sem fram er komið í málinu, þótt fara þurfi nokkuð að álitum. Er það þá niðurstaða mín, að skaðabætur til fyrirtækisins séu hæfilega metnar

16.500.000 krónur, og verði ákærða gert að greiða þá fjárhæð með sömu vöxtum frá 29. október 1991 og á var kveðið í héraðsdómi.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 14. apríl 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað hér fyrir dómi með ákæru, út gefinni 31. ágúst 1992, á hendur Þorkeli Einarssyni, Leirutanga 14, Mosfellsbæ, kt. 160351-4119, „fyrir fjárdrátt í opinberu starfi með því að hafa sem afgreiðslumaður og frá 1. september 1988 sem aðstoðarútsölustjóri í vínbúðinni Lindargötu 46, Reykjavík, dregið sér af fjármunum vínbúðarinnar frá miðju ári 1986 og fram á mitt ár 1991 samtals kr. 23.251.530 og notað í eigin þarfir.

– – –

Telst þetta varða við 1. mgr. 247. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins gerir kröfu til skaðabóta úr hendi ákærða, kr. 23.251.530 auk vaxta“.

Ákærði var starfsmaður í vínbúð Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins að Lindargötu 46 hér í borg. Hann hóf að starfa þar á árinu 1984 við afgreiðslu en var aðstoðarútsölustjóri frá 1. september 1988 til 28. október 1991 en þá var honum vikið úr starfi.

Þann dag komu eftirlitsmenn með rekstri verslana ÁTVR í vínbúðina að Lindargötu 46 til þess að telja birgðir og sjóð.

Við talningu sáu þeir tóma kassa í stæðum, og enn fremur kallaði ákærði á Þór Oddgeirsson, aðstoðarforstjóra ÁTVR, sem þarna var staddur, og sagði honum að vöntun væri á birgðum. Viðurkenndi ákærði að vera valdur að hvarfi birgða og fjár úr sjóði. Ekki kom fram hversu mikil birgðarýrnun væri að mati ákærða en hann taldi að hún væri veruleg.

Forstjóri ÁTVR var kallaður til og voru ákærði ásamt útsölustjóra þegar leystir frá störfum tímabundið.

Talningu var hætt þá um kvöldið en daginn eftir var hafið að telja á nýjan leik og önnuðust starfsmenn ÁTVR og starfsmenn Ríkisendurskoðunar það verk.

Talning leiddi í ljós að verðmæti birgða í versluninni var 40.114.050 krónur en samkvæmt bókhaldi aðalskrifstofu ÁTVR áttu þær að vera að verðmæti 63.365.580 krónur. Þannig vantaði birgðir að verðmæti 23.251.530 krónur í vínbúðinni.

Talning fór þannig fram að starfsmenn ÁTVR og Ríkisendurskoðunar töldu birgðir hvorir fyrir sig og báru síðan saman niðurstöður og bar saman um þær. Rannsókn málsins beindist aðallega að því að upplýsa hvert væri umfang fjárdráttar ákærða sem hefur ávallt neitað því að hafa dregið sér svo mikið fé sem greinir í ákæru.

Hins vegar liggur fyrir skýlaus játning hans á því að hafa dregið sér andvirði svonefndra veisluvínstékka og að hafa dulið fjárdráttarbrot sitt með þeim hætti, sem lýst er í ákæru.

Ákærði viðurkenndi að hafa byrjað að draga sér fé í vínbúðinni á árinu 1986 og hafa haldið því áfram fram á árið 1991. Hann kvaðst hafa framkvæmt fjártökurnar þannig að hann tók veisluvínstékka, sem geymdir voru í peningaskáp í útsölunni, og skipti þeim í peninga, sem hann tók úr kassa.

Ákærði lýsti meðferð veisluvínstékka þannig að viðskiptavinir hefðu komið í vínbúðina og tekið út áfengi vegna fyrirhugaðra veisluhalda og kvittað fyrir móttöku þess og lagt inn tékka fyrir andvirðinu, sem geymdur var í búðinni uns viðskiptavinur kom aftur, skilaði víni, sem af gekk, ef um það var að ræða, og var þá afriti nótunnar hent, en viðskipti þessi voru ekki skráð á kassa fyrr en gert var upp.

Hann kvaðst hafa haft yfirlit yfir fjártökur sínar fyrst í stað en hafa hætt því líklega í kringum árið 1988. Ekki mundi hann hvað fjártökurnar voru komnar í er hann hætti að hafa yfirlit yfir þær.

Hann kvað birgðatalningu í versluninni hafa farið þannig fram, að starfsmenn töldu birgðir í tvennu lagi, annars vegar á lager og hins vegar í búð. Húsnæðinu hafi verið skipt í tvennt og síðan borið saman. Tveir hópar hafi töldu (sic) og báru saman niðurstöður, reiknuðu þetta út og skiluðu ákærða talningu. Að því búnu hreinritaði ákærði talningarblöðin, sem send voru aðalskrifstofu ÁTVR. Þessi talningarblöð voru síðan lögð til grundvallar við uppgjör hvers mánaðar.

Hann kvaðst hafa fengið þá niðurstöðu úr talningu á árinu 1988 að u.þ.b. 2.000.000 krónum meira vantaði á birgðir en svaraði til þess sem hann sjálfur hefði tekið, og hefði hann aldrei getað fundið neitt út úr því. Eftir að þetta gerðist kvaðst ákærði hafa hætt að hafa yfirlit yfir fjártökur sínar.

Ákærði kvaðst halda, að er þetta var hefði hann verið búinn að draga sér fé, svo að milljónum króna skipti, en það hafi ekki farið yfir 10 milljónir. Hann viðurkenndi að hafa dregið sér fé, eftir að þetta var, en taldi, að ekki hefði bæst við jafnmikið og hann hafði þá þegar dregið sér.

Ákærði kvaðst telja, að sú fjárhæð, sem greinir í ákæru, 23.251.530 króna, sé allt of há og að það sé með ólíkindum að sú niðurstaða hafi komið úr talningunni, vöntunin hafi alls ekki verið svona mikil.

Þegar ákærði var spurður um hvernig hann hefði notað fé það sem hann dró sér sagði hann að peningarnir hefðu verið notaðir í almennar þarfir eða neyslu. Hann kvaðst ekki muna eftir neinum sérstökum tilvikum. Hann var spurður um hvort hann myndi eftir tiltekinni fjárhæð eða að hafa greitt einhverja skuld og svaraði því neitandi.

Aðspurður um hvers vegna hann hefði dregið sér fé sagði ákærði að það væri sennilega vegna þess að hann hefði verið í einhverjum erfiðleikum, sem hann hafi ekki ráðið við á einhverjum tíma, sem hann hafi ætlað að bjarga sér með því að taka þarna að láni. Nánar aðspurður kvaðst ákærði hafa verið í nokkrum fjárhagsvandræðum og getað létt þeim af sér að einhverju leyti. Hann sagði og að skýringin væri aðallega sú að hann hefði staðið í húsbyggingu sjálfur áður, flestir skuldi nokkuð eftir að standa í slíkum hlutum og þetta hafi upphafist við að bjarga sér einhvern veginn fyrir horn út úr einhverjum vandræðum, sem þá voru og ákærði mundi ekki nákvæmlega hver voru eða hefðu getað verið. Hann kvað fjártökurnar hafa náð hámarki um það bil á árinu 1989. Hann hafi upphaflega ætlað að greiða til baka en síðan hafi þetta farið að velta upp á sig með hluti, sem hann kunni eiginlega ekki að skýra og viðurkenndi að hafa tekið meira út áfram. Hlutirnir fóru að verða óviðráðanlegir og auðsýnt fyrir hann, að útilokað var að hann gæti endurgreitt það, þegar staðan var orðin sem allra verst í kringum 1988-1989 er hann gerði sér þetta að fullu ljóst.

Ákærði lýsti því að hann hefði leynt fjárdrættinum með því að setja tóma kassa inn í stæður á lager, og hefði það dugað fyrst í stað, en síðar hefði hann hafið að lagfæra talningar- eða birgðalista. Hann kvaðst að mestu hafa séð um frágang á talningargögnum og séð um innkaup á lagerinn í búðinni.

Þegar ákærði var spurður um, hvaða skýringu hann teldi vera á því, að birgðir rýrnuðu, aðra en þá, að hann væri valdur að því, svaraði hann því til, að í fyrsta lagi gæti verið um að ræða óafgreidda pöntun af lager sem ekki hefði verið komin í búðina, og í öðru lagi hefðu getað átt sér stað mistök við afgreiðslu frá lager sem hugsanlega hefðu getað farið fram hjá honum og þeim þarna niður frá.

Ákærði kvaðst ekki geta sagt um það hver velta var á svokölluðu veisluvíni á tímabilinu en sagði þó að í hverri viku gætu verið nokkur hundruð þúsund krónur í peningaskápnum í veisluvínstékkum en tók fram að fráleitt væri að hann hefði hirt það allt saman.

Ákærði kvað það hafa komið fyrir að starfsmenn, þar á meðal hann sjálfur, hefðu fengið áfengi að láni í vínbúðinni, sem þeir hefðu síðar greitt, venjulega um næstu mánaðamót á eftir.

Hann kvaðst sjálfur ekki hafa greitt fyrir úttektir sínar í öllum tilvikum en hann hefði skráð úttektir sínar á blöð, sem hann geymdi á skrifstofu vínbúðarinnar, og kveðst ekki vita hvað um þau hafi orðið.

Þegar talið var í vínbúðinni 29. október 1991 komu í ljós 217 tómir kassar í stæðum á lager búðarinnar að því er talningarmenn bera.

Um þetta sagði ákærði að það væri með ólíkindum að kassarnir væru svo margir. Mögulegt væri að þeir hefðu verið settir þarna til að þeir yrðu taldir með birgðum en fjöldi þeirra væri með ólíkindum.

Fram kom í skýrslu ákærða að ekki var haldin dagbók yfir hreyfingar á lager eða sölu í búðinni og því ekki hægt að fylgjast með stöðu birgða nema við mánaðarleg uppgjör sem ákærði annaðist að mestu. Þá kom fram í skýrslu hans, að hann hefði talið að það væri hluti af starfi hans sem aðstoðarútsölustjóra að fara yfir þær birgðir, sem komu í verslunina, þó að stundum hafi aðstaða verið þannig að hann hafi orðið að láta aðra gera það. Hann kvaðst oftast hafa séð um að panta birgðir.

Vínpantanir hafi verið gerðar þannig að hringt var á aðallager þaðan sem pöntunin var send og skrifaður með henni reikningur og þurftu starfsmenn í vínbúðinni að samþykkja móttöku á víninu. Ákærði tók fram, að starfsmenn aðallagers hefðu getað skrifað nótur á vínbúðirnar án vitneskju verslananna.

Vitnið Þór Oddgeirsson, aðstoðarforstjóri ÁTVR, skýrði frá því, að hann ásamt 3 öðrum starfsmönnum ÁTVR hefði komið í vínbúðina við Lindargötu til þess að telja í vínbúðinni 28. október 1991. Þegar talning var nýlega hafin hafi ákærði komið til hans og sagt honum að ekki væri allt sem skyldi. Það væri vöntun sem koma myndi fram við talninguna. Hann kvaðst hafa kallað á Bjarna Þorsteinsson og þeir spurt ákærða hvort þetta væri mikið. Ákærði hafi kveðið það vera en ekki hafi verið nefnd ákveðin fjárhæð en þó hafi milljónir verið nefndar.

Hann kvað það hafa verið tilkynnt á fundi með útsölustjórum að til stæði að hefja eftirlitstalningar í vínbúðunum. Það hafi verið tilviljun að hafið var að telja á Lindargötunni.

Þegar þetta kom upp, var haft samband við starfsmenn Ríkisendurskoðunar og forstjóra ÁTVR en rannsóknarlögreglumenn komu ekki fyrr en daginn eftir.

Hann kvaðst hafa orðið var við að eitthvað á þriðja hundrað tómir kassar hefðu verið inni í stæðum í búðinni.

Þá kom fram, að ekki voru færðar dagfærslur í búðinni, þ.e. skrá vöru þá, sem tekið var á móti.

Vitnið kvað rannsóknarlögreglu hafa komið á staðinn morguninn eftir um níuleytið.

Vitnið kvaðst ekki minnast þess að oft hefðu orðið mistök við sendingar af aðallager í vínbúðir.

Vitnið Bjarni Þorsteinsson, forstöðumaður sölu- og skýrsluvinnsludeildar hjá ÁTVR, sagði í skýrslu sinni, að fljótlega eftir að talning hófst hefðu talningarmenn orðið varir við tóma kassa í stæðu, og um svipað leyti hefði Þór Oddgeirsson komið til vitnisins og sagt því, að ákærði hefði sagt, að það væri eitthvað sem myndi muna þarna. Ekki mundi vitnið hvaða tölur hefðu verið nefndar utan það, að ákærði hefði nefnt einhverjar milljónir.

Hann kvað hvorki ákærða né föður hans, Einar Ólafsson útsölustjóra, hafa verið viðstadda talninguna en haft var samband við útsölustjórann þegar í ljós kom hvers kyns var.

Morguninn eftir hafi starfsmenn Ríkisendurskoðunar og rannsóknarlögreglumenn komið á staðinn.

Vitnið Sigfríður Hermannsdóttir, fulltrúi í bókhaldsdeild ÁTVR kvað ákærða hafa gefið upp birgðir útsölunnar símleiðis um hver mánaðamót og var úttekt stemmd af hjá útsölu. Vitnið bar reikning útsölunnar hjá bókhaldsdeild saman við niðurstöður ákærða. Hún kvað þetta yfirleitt hafa gengið snurðulaust upp og minntist þess ekki, að ákærði hefði gefið upp ranga birgðatölu.

Vitnið Sævar Skaftason, eftirlitsmaður ÁTVR, sem kom á vettvang til talningar að kvöldi 28. október, sagði í skýrslu sinni að hann ásamt vitninu Ottó Hreinssyni hefði byrjað að telja lager vínbúðarinnar, áður en versluninni var lokað, og hafi þeir ekki verið búnir að telja lengi, er þeir sáu kassa, sem voru tómir. Vitnið kvað tómu kassana úr stæðunum á lagernum hafa verið tekna til hliðar og kvaðst þess fullviss, að þeir kassar hefðu ekki blandast saman við aðra tóma kassa sem voru í búðinni.

Vitnin Sveinn Arason, skrifstofustjóri Ríkisendurskoðunar, og Kristján Einarsson, fulltrúi Ríkisendurskoðunar, sem komu á vettvang 29. október og töldu birgðir á lager vínbúðarinnar, komu fyrir dóm og gerðu grein fyrir talningunni.

Þá gáfu vitnin Ottó Sveinn Hreinsson útsölustjóri og Erlingur Ólafsson verslunarstjóri skýrslur fyrir dómi en ekki þykir þörf á að rekja efni þeirra hér.

Niðurstaða.

Með játningu ákærða er sannað, að hann dró sér úr kassa vínbúðarinnar að Lindargötu 46 andvirði svonefndra veisluvínstékka, er þeir voru greiddir af viðskiptavinum. Ákærði hefur borið á móti því að hafa eytt nótum vegna áfengis, sem hann hafði áður fengið lánað og var því skrifaður fyrir, en hefur viðurkennt að hafa ekki staðið skil á andvirði þess.

Ákærði hefur neitað því, að umfang fjárdráttarins hafi verið eins mikið og segir í ákæru, 23.251.530 krónur.

Ákærði hefur viðurkennt að hann leyndi fjárdrættinum með því að setja tóma kassa inn í stæður með fullum kössum af áfengi, þannig að tómu kassarnir voru taldir með birgðum við uppgjör, en á síðari hluta árs 1988, er fjárdrátturinn var orðinn verulega umfangsmikill, hækkaði hann tölur á talningarskýrslum, en sem aðstoðarútsölustjóri stjórnaði hann talningu birgða um hver mánaðamót og þegar verðbreytingar áttu sér stað. Í fyrstu hækkaði hann birgðatölur yfir vín, en er á leið einnig bjór, auk þess sem hann hækkaði einnig tölur yfir svonefnt veisluvín.

Ákærði hefur engar skýringar gefið á því hvernig hann ráðstafaði fjármunum þeim sem hann viðurkennir að hafa dregið sér og ekki liggja fyrir nein gögn frá honum sjálfum um umfang fjárdráttarins. Hann sagði í skýrslu sinni fyrir dómi að hann hefði í fyrstu haft yfirlit yfir fjártökur sínar en hætt því einhvern tíma á árinu 1988. Í sömu skýrslu gaf hann þá skýringu á þessu að hann hefði orðið þess var á því ári að mismunur um ca. 2.000.000 króna væri á þessu yfirliti hans og réttum tölum sem hann kvaðst ekki hafa getað áttað sig á af hverju stafaði og kveðst hann þá hafa hætt að skrá hjá sér fjártökur sínar.

Síðastgreint atriði er frásögn sem ekki hefur komið fram hjá ákærða fyrr en við yfirheyrslur fyrir dómi og þykir hún ekki trúverðug.

Ekki liggur fyrir viðurkenning ákærða á því, að birgðarýrnun sú, er í ljós kom við talningu í vínbúðinni að Lindargötu 46 29. október 1991, sé eingöngu af hans völdum. Hins vegar hefur hann viðurkennt að hafa dregið sér fé í vínbúðinni og dulið þann fjárdrátt með því að bæta svo til tómum kössum inn í stæður á lager hennar og auk þessa hækkað tölur á talningarskýrslum um birgðir í búðinni eins og áður greinir. Þá kemur fram í málinu að þess var ekki gætt að halda skýrslur um magn þess áfengis sem sent var í búðina af aðallager ÁTVR þannig að greinargott yfirlit væri fyrir hendi um stöðu birgða og að ákærði sem aðstoðarútsölustjóri ber ábyrgð í þessu efni.

Ákærði hefur ekki komið með neinar haldbærar skýringar á birgðarýrnun í vínbúðinni og þegar litið er til atferlis ákærða og aðstöðu til þess að fylgjast með í vínbúðinni er komin fram lögfull sönnun um að ákærði hafi frá miðju ári 1986 og fram á mitt ár 1991 dregið sér af fjármunum vínbúðarinnar að Lindargötu 46 andvirði áfengis, sem var að verðmæti 23.251.530 krónur er talning fór fram 29. október 1991, og notað í eigin þarfir.

Með athæfi sínu gerðist ákærði brotlegur við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og með því að hann var opinber starfsmaður verður refsing ákveðin með hliðsjón af 138. gr. sömu laga.

Ákærði hefur ekki áður verið fundinn sekur um brot sem hér skipta máli.

Brot ákærða er stórfellt, og brotastarfsemi ákærða stóð í langan tíma, árin 1986 til 1991, og hefur hann ekkert greitt til baka af því fé, er hann dró sér. Refsing ákveðst með hliðsjón af ofangreindum lagaákvæðum fangelsi í 2 ár. Frá þeirri refsingu dregst gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 1. til 7. nóvember 1991 með fullri dagatölu.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hrl., 140.000 krónur, og 120.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur gert kröfu til skaðabóta úr hendi ákærða, að fjárhæð 23.251.530 krónur auk vaxta, en samkvæmt framangreindu nemur umfang fjárdráttar ákærða þeirri fjárhæð og ber að dæma hann til að greiða ÁTVR hana í skaðabætur með vöxtum, eins og greinir í dómsorði.

Allan Vagn Magnússon héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Þorkell Einarsson, sæti fangelsi í 2 ár. Gæsluvarðhald ákærða frá 1. til 7. nóvember 1991 skal dragast frá refsingu með fullri dagatölu.

Ákærði greiði Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins 23.251.530 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, frá 29. október 1991 til dómsuppsögudags, en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talda þóknun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hrl., 140.000 krónur, og 120.000 krónur í saksóknarlaun í ríkissjóð.

Fimmtudaginn 19. maí 1994.

Nr. 302/1991. **Loftur Jónsson og**
Jón Loftsson hf.
(Helgi V. Jónsson hrl.)
gegn
þrotabúi JL-hússins hf.
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
og gagnsök

Gjaldþrotaskipti. Riftun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. júlí 1991. Þeir krefjast sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og að honum verði gert að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 1. ágúst 1991. Hann krefst þess, að rift verði þeim greiðslum, sem inntar voru af hendi af J.L. húsinu hf. eftir frestdag og innan tveggja ára fyrir frestdag, samtals að fjárhæð 1.981.640,89 krónur, og voru greiðslur á skuldabréfum, sem aðaláfrýjendur voru ýmist útgefendur að eða báru á sjálfskuldarábyrgð, eða voru greiðslur á víxlum, sem aðaláfrýjendur voru ýmist samþykkjendur að eða útgefendur. Greiðslurnar eru nákvæmlega tilgreindar og sundurliðaðar í hinum áfrýjaða dómi. Gagnáfrýjandi krefst þess og, að aðaláfrýjendur verði dæmdir in solidum til þess að greiða sér þessa fjárhæð ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 14. gr. sömu laga, frá 23. febrúar 1989 til greiðsludags. Enn fremur krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Í niðurstöðu héraðsdóms er réttilega á því byggt, að hinar umdeildu greiðslur hafi allar verið greiddar af J.L. húsinu hf., hvort sem þær voru inntar af hendi fyrir eða eftir frestdag.

Með vísan til röksemda héraðsdómara, sem vísa til álits Hauks

Gunnarssonar, löggilts endurskoðanda, í bréfi 10. janúar 1991, sem eigi hefur verið hnekkt, ber að fallast á, að umræddar greiðslur J.L. hússins hf. á tveimur síðustu árum fyrir frestdag hafi verið venjulegar eftir atvikum, og hafi því riftunarskilyrðum 54. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 ekki verið fullnægt varðandi þessar greiðslur.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með vísan til forsendna hans.

Rétt er, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði segir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjendur, Loftur Jónsson og Jón Loftsson hf., greiði gagnáfrýjanda, þrotabúi J.L. hússins hf., 90.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Garðabæjar 5. júní 1991.

Mál þetta höfðaði Örn Höskuldsson hrl., skiptastjóri þrotabús J.L. hússins, kt. 511285-1359, f.h. þrotabúsins á hendur Lofti Jónssyni, kt. 100437-4739, Blikanesi 19, Garðabæ, persónulega og f.h. Jóns Loftssonar hf., kt. 710742-0149, Hringbraut 121, Reykjavík, sem stjórnarformanni félagsins. Stefnan var út gefin 22. desember 1989 og birt stefnda, Lofti, sama dag. Málið var þingfest 9. janúar 1990. Það var tekið til dóms 27. maí sl. að loknum málflutningi.

Jafnframt því að skiptastjóri stefnanda höfðaði þetta mál, höfðaði hann f. h. þrotabúsins 5 önnur mál hér fyrir dóminum gegn stefndu og aðilum nákomnum þeim. Þau eru þessi: nr. 7/1990 gegn Jóni Sigurði Loftssyni, nr. 9/1990 gegn Ástu M. Hávarðardóttur, nr. 10/1990 gegn Jóni Sigurði Loftssyni og Jóni Loftssyni hf., nr. 11/1990 gegn Ástu M. Hávarðardóttur og Jóni Loftssyni hf. og nr. 12/1990 gegn Lofti Jónssyni. Í þinghaldi 9. október 1990 voru mál þessi tekin fyrir, og var þá bókað: „Ákveðið er að beiðni lögmanna aðila að eitt þessara 6 mála verði rekið hér fyrir réttinum sem prófmál fyrir hin 5, þar sem málin séu hliðstæð að lagarökum aðila.“ Var málunum síðan frestað ótiltekið nema því sem hér er til meðferðar.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Hann krefst þess að rift verði með dómi þeim greiðslum, sem greiddar voru af J.L. húsinu hf. á síðustu tveimur árum fyrir frestdag, samtals að fjárhæð kr. 1.981.640,89, þar sem stefndu eru ýmist skuldarar eða sjálfskuldar-

ábyrgðaraðilar skv. skuldabréfum eða samþykkjendur eða útgefendur víxla. Greiðslurnar eru skv. stefnu og öðrum dómskjölum þessar:

Greiðslur af skuldabréfum á árinu 1987. Skuldari: stefndi, Loftur Jónsson. Sjálfskuldarábyrgð: stefndi, Jón Loftsson hf.:

Gr. 09.02.87 afborgun af skuldabréfi, útg. 10.04.86, upphafl. að fjárhæð kr. 276.750,00, með vöxtum og kostnaði	kr.	39.836,72.
Gr. 22.06.87 afborgun af skuldabréfi, útg. 10.04.86, upphafl. að fjárhæð kr. 276.750,00, með vöxtum og kostnaði	kr.	43.364,12
Gr. 31.12.87 afborgun af skuldabréfi, útg. 10.04.86, upphafl. að fjárhæð kr. 276.750,00, með vöxtum og kostnaði	kr.	34.593,75
	Kr.	117.794,59

Greiðslur af skuldabréfum á árinu 1988. Skuldari: stefndi, Loftur Jónsson. Sjálfskuldarábyrgð: stefndi, Jón Loftsson hf.:

Gr. 25.10.88 afborgun af skuldabréfi, útg. 14.04.88, upphafl. að fjárhæð kr. 319.300,00, með vöxtum og kostnaði	kr.	73.541,09
Gr. 25.10.88 afborgun af sama skuldabréfi, með vöxtum og kostn.	kr.	55.457,56
Gr. 25.10.88 afborgun af sama skuldabréfi, með vöxtum og kostn.	kr.	51.762,24
Gr. 25.10.88 afborgun af sama skuldabréfi, með vöxtum og kostn.	kr.	45.963,33
Gr. 22.12.88 afborgun af sama skuldabréfi, með vöxtum og kostn.	kr.	43.219,26
Gr. 22.12.88 afborgun af sama skuldabréfi, með vöxtum og kostn.	kr.	42.453,17
	Kr.	312.396,65

Greiðslur af skuldabréfum í febrúar 1989. Skuldari: stefndi, Loftur Jónsson. Sjálfskuldarábyrgð: stefndi, Jón Loftsson hf.:

Gr. 02.02.89 afborgun af skuldabréfi, útg. 14.04.88, upphafl. að fjárhæð kr. 319.300,00, með vöxtum og kostnaði	kr.	41.927,19
Gr. 06.02.89 afborgun af sama skuldabréfi, með vöxtum og kostn.	kr.	40.750,21
	Kr.	82.677,40

Greiðslur vegna víxla á árinu 1987, afborganir, dráttarvextir og framlengingarkostnaður. Útgefandi: stefndi, Loftur Jónsson. Samþykkjandi: stefndi, Jón Loftsson hf.

Gr. 04.03.87 vegna afborgunar og framlengingar á víxli að fjárhæð kr. 500.000,00, útg. 01.12.86, gjaldd. 01.03.87	kr.	74.875,00
Gr. 16.03.87 vegna afborgunar og framlengingar á víxli að fjárhæð kr. 280.000,00, útg. 14.01.87, gjaldd. 14.03.87	kr.	20.355,00
Gr. 13.03.87 vegna afborgunar og framlengingar á víxli að fjárhæð kr. 210.000,00, útg. 11.01.87, gjaldd. 11.03.87	kr.	46.538,30
Gr. 12.05.87 vegna afborgunar og framlengingar á víxli að fjárhæð kr. 170.000,00, útg. 11.03.87, gjaldd. 11.05.87	kr.	26.160,00
Gr. 28.01.87 vegna afborgunar og framlengingar á víxli að fjárhæð kr. 190.000,00, útg. 25.11.86, gjaldd. 25.01.87	kr.	26.255,00
Gr. 06.01.87 vegna afborgunar og framlengingar á víxli að fjárhæð kr. 320.000,00, útg. 05.11.86, gjaldd. 04.01.87	kr.	29.875,00
Gr. 13.01.87 vegna afborgunar og framlengingar á víxli að fjárhæð kr. 220.000,00, útg. 11.11.86, gjaldd. 11.01.87	kr.	16.927,50
Gr. 15.01.87 vegna afborgunar og framlengingar á víxli að fjárhæð kr. 300.000,00, útg. 13.11.86, gjaldd. 13.01.87	kr.	29.342,50
Gr. 12.02.87 vegna afborgunar og framlengingar á víxli að fjárhæð kr. 90.000,00, útg. 07.12.86, gjaldd. 07.02.87 ..	kr.	22.698,33
Gr. 10.04.87, vegna afborgunar og framlengingar á víxli að fjárhæð kr. 70.000,00, útg. 06.02.87, gjaldd. 07.04.87 ..	kr.	22.076,39
Gr. 27.03.87 vegna afborgunar og framlengingar á víxli að fjárhæð kr. 170.000,00, útg. 25.01.87, gjaldd. 25.03.87	kr.	25.968,75
Gr. 26.05.87 vegna afborgunar og framlengingar á víxli að fjárhæð kr. 270.000,0, útg. 14.03.87, gjaldd. 14.05.87 ..	kr.	31.318,30
Gr. 29.05.87 vegna afborgunar og framlengingar á víxli að fjárhæð kr. 150.000,00, útg. 25.03.87, gjaldd. 25.05.87	kr.	35.335,00
Gr. 03.06.87 vegna afborgunar og framlengingar á víxli að fjárhæð kr. 450.000,00, útg. 02.03.87, gjaldd. 01.06.87	kr.	57.096,67
Gr. 09.06.87 vegna framlengingar á víxli að fjárhæð kr. 50.000,00, útg. 07.04.87, gjaldd. 07.06.87	kr.	2.324,72
Gr. 17.07.87 vegna afborgunar og framlengingar á víxli að fjárhæð kr. 150.000,00, útg. 06.05.87, gjaldd. 11.07.87	kr.	36.240,00
Gr. 17.07.87 vegna framlengingar á víxli að fjárhæð kr. 250.000,00, útg. 14.05.87, gjaldd. 14.07.87	kr.	12.935,00
Gr. 29.07.87 vegna afborgunar og framlengingar á víxli að fjárhæð kr. 120.000,00, útg. 25.05.87, gjaldd. 25.07.87	kr.	25.477,50

Gr. 10.08.87 vegna afborgunar og framlengingar á víxli að fjárhæð kr. 50.000,00, útg. 07.06.87, gjaldd. 07.08.87 ..	kr.	16.987,58
Gr. 14.09.87 vegna afborgunar og framlengingar á víxli að fjárhæð kr. 120.000,00, útg. 11.07.87, gjaldd. 11.09.87	kr.	25.376,70
Gr. 17.09.87 vegna afborgunar og framlengingar á víxli að fjárhæð kr. 250.000,00, útg. 14.07.87, gjaldd. 14.09.87	kr.	41.756,70
Gr. 29.09.87 vegna afborgunar og framlengingar á víxli að fjárhæð kr. 420.000,00, útg. 01.06.87, gjaldd. 01.09.87	kr.	58.575,00
Gr. 29.09.87 vegna afborgunar og framlengingar á víxli að fjárhæð kr. 100.000,00, útg. 25.07.87, gjaldd. 25.09.87	kr.	24.395,00
Gr. 12.10.87 vegna afborgunar og framlengingar á víxli að fjárhæð kr. 35.000,00, útg. 07.08.87, gjaldd. 07.10.87 ..	kr.	16.178,33
Gr. 17.11.87 vegna afborgunar og framlengingar á víxli að fjárhæð kr. 220.000,00, útg. 14.09.87, gjaldd. 14.11.87	kr.	32.098,30
Gr. 30.11.87 vegna afborgunar og framlengingar á víxli að fjárhæð kr. 400.000,00, án útgáfudags, gjaldd. 01.12.87	kr.	55.315,00
Gr. 24.11.87 vegna afborgunar og framlengingar á víxli að fjárhæð kr. 100.000,00, útg. 11.09.87, gjaldd. 11.11.87	kr.	28.185,00
Gr. 24.12.87 vegna framlengingar á víxli að fjárhæð kr. 80.000,00, útg. 25.09.87, gjaldd. 25.11.87	kr.	83.320,00
	Kr.	924.004,55

Víxill greiddur 1987. Útgefandi: stefndi, Jón Loftsson hf. Samþykkjandi: stefndi, Loftur Jónsson:

Gr. 08.01.87 vegna afborgunar og framlengingar á víxli að fjárhæð kr. 100.000,00, útg. 06.11.86, gjaldd. 06.01.87	kr.	22.670.00
	Kr.	22.670,00

Greiðslur vegna víxla á árinu 1988. Útgefandi: stefndi, Loftur Jónsson. Samþykkjandi: stefndi, Jón Loftsson hf.:

Gr. 13.01.88 vegna afborgunar og framlengingar á víxli að fjárhæð kr. 80.000,00, útg. 11.11.87, gjaldd. 11.01.88 ..	kr.	42.293,90
Gr. 18.01.88 vegna afborgunar og framlengingar á víxli að fjárhæð kr. 200.000,00, útg. 16.11.87, gjaldd. 14.01.88	kr.	50.491,70
Gr. 02.03.88 vegna afborgunar og framlengingar á víxli að fjárhæð kr. 380.000,00, útg. 27.11.87, gjaldd. 01.03.88	kr.	42.510,00
Gr. 16.03.88 vegna afborgunar og framlengingar á víxli að fjárhæð kr. 160.000,00, útg. 14.01.88, gjaldd. 14.03.88	kr.	47.085,00
Gr. 03.05.88 vegna afborgunar og framlengingar á víxli að fjárhæð kr. 360.000,00, útg. 26.02.88, gjaldd. 01.05.88	kr.	40.961,11

Gr. 17.05.88 vegna afborgunar og framlengingar á víxli að fjárhæð kr. 120.000,00, útg. 14.03.88, gjaldd. 14.05.88	kr.	25.999,00
Gr. í maí 1988. Fylgiskjal vantar um greiðsluna	kr.	40.000,00
Gr. 01.07.88 vegna afborgunar og framlengingar á víxli að fjárhæð kr. 340.000,00, útg. 02.05.88, gjaldd. 01.07.88	kr.	51.981,67
Gr. 15.07.88 vegna afborgunar og framlengingar á víxli að fjárhæð kr. 100.000,00, útg. 16.05.88, gjaldd. 14.07.88	kr.	35.250,00
Gr. 05.09.88 vegna afborgunar og framlengingar á víxli að fjárhæð kr. 310.000,00, útg. 01.07.88, gjaldd. 01.09.88	kr.	43.153,33
Gr. 16.09.88 vegna afborgunar og framlengingar á víxli að fjárhæð kr. 70.000,00, útg. 14.07.88, gjaldd. 14.09.88 ..	kr.	22.478,30
Gr. 25.10.88 vegna afborgunar og framlengingar á víxli að fjárhæð kr. 280.000,00, útg. 01.09.88, gjaldd. 01.11.88	kr.	29.911,67
Gr. 14.11.88 upp víxill að fjárhæð kr. 50.000,00, útg. 14.09.88, gjaldd. 14.11.88	kr.	50.000,00
	Kr.	522.115,68
Greiðslur nema samtals	kr.	1.981.658,87

Það athugist að skráðir greiðsludagar hér að framan eru samkvæmt fram lögðum fylgiskjölum, en ekki miðaðir við færslur í bókhaldi stefnanda, svo sem virðist gert í stefnu.

2. Stefnandi krefst þess að stefndu verði dæmdir in solidum til þess að greiða stefnanda kr. 1.981.640,89 ásamt dráttarvöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 14. gr. sömu laga, frá 23. febrúar 1989 til greiðsludags. Þá krefst hann þess að vöxtum verði bætt við höfuðstól á 12 mánaða fresti og dráttarvextir síðan reiknaðir af þannig uppfærðum höfuðstól.

Enn krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu [. . .].

Stefndu krefjast þess að verða sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og að hann verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað [. . .].

Málavextir, málsástæður og lagarök.

J.L. húsið hf. var stofnað 11. desember 1985. Hinn 24. október 1988 barst skiptarétti Reykjavíkur beiðni um nauðasamninga frá stjórn félagsins. Nauðasamningar tókust ekki, og með úrskurði, upp kveðnum 23. febrúar 1989, var J.L. húsið hf. tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur er 24. október 1988.

Í greinargerð stefnanda segir að J.L. húsið hf. hafi verið til húsa að

Hringbraut 121, Reykjavík. Þar hafi einnig verið skráð þrjú önnur hlutafélög, þ.e. Jón Loftsson hf., sem sé eigandi Hringbrautar 121, Skrautsteinn hf. og Vikurfélagið hf. [Skv. fram lögðu veðbókarvottorði, ds. 10.10.88, er 1. hæð Hringbrautar 121 þinglýst eign Vikurfélagsins hf. – Innskot dómara.] Svo sem fram komi af dómskjölum, séu öll þessi hlutafélög í eigu sömu fjölskyldu, þ.e. stefnda, Lofts Jónssonar, eiginkonu hans, Ástu M. Hávarðardóttur, og barna þeirra, Ingibjargar og Jóns Sigurðar.

Stefndi, Loftur Jónsson, sé formaður stjórnar þriggja fyrrgreindra félaga, þ. á m. stjórnar stefnda, Jóns Loftssonar hf., og hann hafi verið meðstjórnandi í J.L. húsinu hf.

Sonur stefnda, Lofts, Jón Sigurður, hafi verið formaður stjórnar J.L. hússins hf. og jafnframt meðstjórnandi Vikurfélagsins hf. og stefnda, Jóns Loftssonar hf.

Eiginkona stefnda, Lofts, Ásta M. Hávarðardóttir, sé meðstjórnandi Skrautsteins hf. og Vikurfélagsins hf. og í varastjórn stefnda, Jóns Loftssonar hf.

Stefndu séu því tvímælalaust nákomnir samkvæmt 2. gr. laga nr. 6/1978.

Þá segir í greinargerð stefnanda að við athugun á bókhaldi J.L. hússins hf. hafi komið í ljós, að félagið hafi á síðustu tveimur árum fyrir frestdag greitt margar greiðslur og verulegar fjárhæðir þar sem fyrrgreindir aðilar, félög og einstaklingar hafi ýmist verið aðalskuldarar eða ábyrgðarmenn, eða þá að veð fyrir skuld hafi verið í eign stefnda, Jóns Loftssonar hf. Hafi endurskoðunarskrifstofu verið falið að rekja greiðslur þessar eins og kostur hafi verið, og sé niðurstaða hennar sem hér greinir (sbr. kröfugerð hér að framan, sem er lækkuð frá upphaflegri kröfugerð, sem nemur þremur greiðslum vegna víxla, samtals um kr. 511.585,00):

Á árinu 1987 hafi verið greiddar þrjár greiðslur, samtals að fjárhæð kr. 117.794,59, þar sem stefndi, Loftur Jónsson, hafi verið aðalskuldari og stefndi, Jón Loftsson hf., sjálfskuldarábyrgðaraðili skv. skuldabréfi. Telur stefnandi 2. tl. 54. gr., sbr. 61. gr. og 62. gr. laga nr. 6/1978, eiga við um greiðslur þessar.

Á árinu 1988 hafi verið greiddar 6 greiðslur, samtals að fjárhæð kr. 312.396,65, þar sem stefndi, Loftur Jónsson, hafi verið aðalskuldari og stefndi, Jón Loftsson hf., sjálfskuldarábyrgðaraðili skv. skuldabréfi. Vitnar stefnandi til sömu lagagreina og áður um þessar greiðslur svo og til 1. mgr. 59. gr. laga nr. 6/1978.

Á árinu 1989, í janúar og febrúar, hafi verið greiddar tvær greiðslur [Skv. fram lögðum fylgiskjölum voru báðar greiddar í febrúar. – Innskot dómara.], samtals að fjárhæð kr. 82.677,40, þar sem stefndi, Loftur Jónsson, hafi verið aðalskuldari og stefndi, Jón Loftsson hf., sjálfskuldarábyrgðaraðili skv. skuldabréfi. Stefnandi vitnar til sömu lagagreina og áður um þessar greiðslur svo og til 1. mgr. 59. gr. laga nr. 6/1978.

Á árinu 1987 hafi verið greiddar 28 greiðslur, samtals að fjárhæð kr. 924.004,55, þar sem stefndi, Loftur Jónsson, hafi verið útgefandi og stefndi, Jón Loftsson hf., samþykkjandi víxla. Stefnandi vitnar til sömu lagagreina og áður um þessar greiðslur.

Á árinu 1987 hafi verið greidd ein greiðsla, að fjárhæð kr. 22.670,00, þar sem stefndi, Loftur Jónsson, hafi verið samþykkjandi og stefndi, Jón Loftsson hf., útgefandi víxils. Vitnar stefnandi til sömu lagagreina og áður um þessa greiðslu.

Á árinu 1988 hafi verið greiddar 13 greiðslur samtals að fjárhæð kr. 522.115,68, þar sem stefndi, Loftur Jónsson, hafi verið útgefandi og stefndi, Loftur Jónsson hf., samþykkjandi víxla. Stefnandi vitnar til sömu lagagreina og áður um þessar greiðslur svo og til 1. mgr. 59. gr. laga 6/1978 um greiðslur í október og nóvember.

Allar fjárhæðirnar, segir stefnandi, að hafi verið greiddar af J.L. húsinu hf., og séu upplýsingar um þær unnar úr bókhaldi félagsins. Fylgiskjöl séu úr sama bókhaldi.

Í málflutningi kom fram hjá lögmanni stefnanda, að hann teldi engu máli skipta að eigendur J.L. hússins hf. hefðu lánað félaginu fé á síðustu tveimur árum fyrir frestdag umfram þær greiðslur sem stefnt er út af. Hann dró þó í efa, að lánin, sem greiðslur þessar hefðu gengið upp í, hefðu að öllu leyti runnið til J.L. hússins hf.

Í greinargerð stefndu segir að þeir telji málsókn þessa byggða á misskilningi skiptastjóra stefnanda. Til skýringar á því verði að lýsa þeim aðferðum sem hafðar voru við rekstur J.L. hússins hf.

J.L. húsið hf. hafi haft með höndum smásölu á matvöru, húsgögnum og ýmsum öðrum vörum og verið til húsa á Hringbraut 121, Reykjavík, en húseign sú sé í eigu beggja stefndu. Starfsemi stefnda, Jóns Loftssonar hf., sé einungis eign fasteigna og rekstur þeirra.

Til þess að afla J.L. húsinu hf. rekstrarfjár hafi ýmis fyrirtæki í eigu sömu aðila og einnig eigendur þeirra verið látin gefa út eða eftir atvikum samþykkja eða ábekja viðskiptabréf eða veita veð fyrir skuldabréfum, sem seld hafi verið í bönkum og öðrum fjármálastofnunum, og andvirði þeirra notað til rekstrar J.L. hússins. Í öðrum tilvikum hafi þessir aðilar ábyrgst skuldir J.L. hússins hf. Viðskiptabréf þessi hafi að sjálfsögðu orðið að greiða, og hafi þá ekki verið við öðru að búast en að J.L. húsið hf. greiddi þau eða afborganir af þeim á gjalddögum eða nokkru eftir þá. Greiðslur þessar hafi verið inntar af hendi sem nauðsynlegur þáttur í rekstri J.L. hússins hf. eins og greiðslur annarra skulda, þar til reksturinn hafi stöðvast. Vegna þessa telja stefndu að 2. tl. 54. gr. laga nr. 6/1978 eigi ekki við í máli þessu.

Stefndu mótmæla því, að greiðslum þessum verði rift, með vísan til 61. gr. laga nr. 6/1978. Halda þeir því fram að greiðslurnar hafi í alla staði verið eðlilegar og nauðsynlegur þáttur í rekstri J.L. hússins og alls ekki verið „á ótilhlýðilegan hátt kröfuhafa til hagsbóta á kostnað annarra“.

Þá segir í greinargerð stefndu, að í þeim tilvikum, þar sem greitt hafi verið eftir frestdag og stefnandi vísi til 59. gr. laga nr. 6/1978, hafi verið um það að ræða, að greitt hafi verið með veðskuldabréfum, tryggðum í Hringbraut 121 og öðrum eignum stefndu. Því hafi skuldir þessar verið greiddar af stefndu en ekki af J.L. húsinu hf. Ef krafa stefnanda varðandi þessar greiðslur nái fram að ganga, sé verið að greiða sömu kröfuna tvisvar. Af þessum sökum eigi umrædd 59. grein ekki við. Kröfur þær, sem hér um ræðir, hafi verið greiddar af ábyrgðaraðilum með nýjum skuldabréfum, og því sé ekki um að ræða greiðslur af hálfu J.L. hússins eftir frestdag.

Í málflutningi tók lögmaður stefndu fram að greiðslur skv. stefnu á síðustu tveimur árum fyrir frestdag hefðu verið vegna lána, sem runnið hafi til J.L. hússins hf. Taldi hann að um þetta væri ekki ágreiningur.

Álit dómsins.

Skilja verður 1. tl. kröfugerðar stefnanda svo að hann taki ekki einungis til greiðslna fyrir frestdag, heldur og til greiðslna eftir frestdag.

Aðilar málsins eru nákomnir skv. b- og c-lið 2. gr. laga nr. 6/1978.

Ágreiningslaust er að J.L. húsið hf. (stefnandi) innti af hendi þær greiðslur, sem lýst er í stefnu, að greiddar hafi verið fyrir frestdag, 24. október 1988. Ágreiningur er hins vegar með aðilum um þær greiðslur, sem í stefnu greinir að greiddar hafi verið eftir frestdag, hvort þær hafi verið greiddar af stefnanda. Hafa stefndu í greinargerð sinni haldið því fram að þær af greiðslum þessum, sem voru vegna skuldabréfa, hafi verið greiddar af stefndu.

Í skýrslu stefnda, Lofts Jónssonar, hér fyrir dómi kom fram, að stefndi, Jón Loftsson hf., hóf rekstur matvörumarkaðar á árinu 1980 eða 1981. Árið 1986 yfirtók J.L. húsið hf. markað þennan. Að sögn stefnda, Lofts, varð þá að samkomulagi að J.L. húsið hf. sæi um skrifstofuhald og bókhald fyrir bæði félögin. Þegar beiðst var nauðasamninga, 24. október 1988, hafi verið búið að loka öllum bankareikningum, bæði J.L. hússins hf. og stefnda, Jóns Loftssonar hf. Þá hafi verið gripið til þess ráðs að nota tékkareikning Ágústs Arasonar, starfsmanns félagsins og tengdasonar stefnda, Lofts, í

Búnaðarbanka Íslands til að greiða þær greiðslur, sem nauðsynlegt þótti að greiða fyrir J.L. húsið hf. og stefnda, Jón Loftsson hf. Inn á þann reikning hafi komið bæði tekjur stefnda, Jóns Loftssonar hf., og „að vísu tekjur af sölu víxla sem J.L. húsið hf. fékk fyrir sölu á lagerum". Aðspurður um það hver hefði greitt greiðslur eftir frestdag skv. stefnu, svaraði stefndi, Loftur: „Tékkheftið var greiðandinn þannig lagað, það var bara ákveðið af okkur, mér og tengdasyni mínum, hvað bæri að greiða."

Vitnið Haukur Gunnarsson, sem var endurskoðandi J.L. hússins og stefnda, Jóns Loftssonar hf., bar fyrir dóminum að stefndi, Jón Loftsson hf., hefði ekki haft sjálfstætt bókhald. Bókhald hans hefði verið fært sem viðskiptareikningur í bókhaldi J.L. hússins hf. Aðspurt um það hver hefði greitt greiðslur eftir frestdag skv. stefnu, svaraði vitnið: „Þessu er öllu blandað saman, svo að ég vil ekki eyrnamerkja hvaðan peningar komu endilega í hvað."

Svo sem fyrr er rakið, segir í greinargerð stefnanda að upplýsingar um greiðslur skv. stefnu séu unnar úr bókhaldi J.L. hússins hf. Fylgiskjöl séu úr sama bókhaldi. Í málflutningi kom fram hjá lögmanni stefnanda, sem jafnframt er skiptastjóri hans, að bókhald stefnanda hafi verið fært með venjulegum hætti til áramótanna 1988–89, en ekki eftir það. Greiðslur eftir frestdag skv. stefnu séu skv. bókhaldi og bókhaldsgögnum stefnanda.

Málið er svo vaxið að áliti dómara, að ekki verður hjá því komist að telja, að allar þær greiðslur, sem í stefnu greinir að greiddar hafi verið eftir frestdag, hafi verið greiddar af stefnanda (J.L. húsinu hf.). Eins og tengslum aðila var háttað, þykir óhjákvæmilegt, að stefndu beri hallann af því, að óglögg bókhaldsleg skil voru á milli rekstrar J.L. hússins hf. og stefnda, Jóns Loftssonar hf.

Stefnandi krefst riftunar á greiðslum með vísan til 2. mgr. 54. gr. laga nr. 6/1978. Málsgreinin byggist á 1. mgr. sömu lagagreinar um þrjú sjálfstæð skilyrði riftunar. Þar segir að krefjast megi riftunar á greiðslu skuldar, ef greitt var með óvenjulegum greiðslueyri, fyrr en eðlilegt var eða greidd var fjárhæð, sem úrslitum réð um gjaldfærni þrotamanns. Hvert þessara skilyrða er háð því að greiðsla hafi ekki virst venjuleg eftir atvikum, sbr. 1. mgr. 54. gr. i.f.

Mál þetta er svo vaxið að tvö fyrrgreindu skilyrðin eiga ekki við, enda er því ekki haldið fram.

Samkvæmt fram lögðum ársreikningi J.L. hússins hf. fyrir árið 1987 nam tap félagsins á því ári kr. 59.629.058,27, en ársins 1986 kr. 27.771.766,12. Eigið fé var í árslok 1987 neikvætt um kr. 87.361.869,39. Samkvæmt fram lögðu milliuppgjöri pr. 31. ágúst 1988 nam tap þess árs á þeim tíma kr.

70.137.468,38. Þar sem fjárhagsstaða félagsins var svo slæm sem tölur þessar vitna um og fór versnandi, er líklegt að verulegar greiðslur úr búi þess hafi stuðlað að ógjaldfærni þess. Ber hér að hafa í huga að samtímis þessu máli höfðaði skiptastjóri stefnanda 5 önnur riftunarmál hér fyrir dómi gegn aðilum, sem hann telur nákomna, þ. á m. eigendum nákominna hlutafélaga, og þrjú riftunarmál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Svo sem áður hefur verið rakið, halda stefndu því fram að til þess að afla J.L. húsinu hf. rekstrarfjár hafi ýmis fyrirtæki í eigu sömu aðila og einnig eigendur þeirra verið látin gefa út eða eftir atvikum samþykkja eða ábekja viðskiptabréf eða veita veð fyrir skuldabréfum, sem seld hafi verið í bönkum og öðrum fjármálastofnunum, og hafi andvirði þeirra verið notað til rekstrar J.L. hússins hf. Í öðrum tilvikum hafi þessir aðilar ábyrgst skuldir félagsins. Viðskiptabréf þessi hafi að sjálfsögðu orðið að greiða, og þá hafi ekki verið við öðru að búast en að J.L. húsið greiddi þau eða afborganir af þeim á gjalddögum eða nokkru eftir þá. Greiðslur þessar hafi verið inntar af hendi sem nauðsynlegur þáttur í rekstri J.L. hússins hf.

Lagt hefur verið fram í réttinum bréf Hauks Gunnarssonar, löggilts endurskoðanda, dags. 10. janúar 1991, til lögmanns stefndu. Þar segir í upphafi: „Samkvæmt beiðni Lofts Jónssonar hef ég tekið saman þróun ábyrgða og inneigna eigenda J.L. hússins hf. frá stofnun félagsins í árslok 1985 til 30.9. 1988. Hér er um að ræða ábyrgðir og inneignir eftirtalinna aðila sem stefnt var af bústjóra J.L. hússins hf. þann 9.1. 1990:

Jón Loftsson hf.
Loftur Jónsson
Ásta M. Hávarðardóttir
Jón S. Loftsson

Til grundvallar þessari úttekt eru lagðir ársreikningar félagsins fyrir árin 1985–1986–1987, ásamt milliuppgjöri 30.9.1988.“ Síðan segir að til einföldunar sé skuldunum skipt í eftirfarandi fjóra flokka: rekstrarlán, eigin víxla, viðskiptaskuldir og langtímalán, og er gerð nánari grein fyrir þeim. Skv. bréfinu var skuldastaðan í þessum flokkum um hver áramót sem hér greinir:

	31.12.85	31.12.86	31.12.87	30.9.88
Rekstrarlán		9.646.160	4.687.569	19.620.729
Eigin víxlar		9.590.000	4.095.000	3.050.000
Viðskiptaskuldir ...	6.248.798	11.028.578	10.597.732	19.169.939
Langtímalán		1.850.000	44.924.108	138.149.944
Samtals	6.248.798	32.114.738	64.304.409	179.990.612

Þá reiknar endurskoðandinn út og skráir í bréfið prósentuhlutfall ábyrgða og inneigna eigenda af heildarskuldum J.L. hússins hf., og er það sem hér segir: 31.12.85 73,29%, 31.12.86 23,19%, 31.12.87 33,56% og 30.09.88 65.93%. Segir til skýringar í bréfinu að hátt hlutfall í árslok 1985 stafi af því að félagið hafi verið stofnað í lok ársins og þá ekki hafið rekstur enn. Síðan segir: „Á grundvelli framansagðs tel ég það augljóst mál, að eigendur hafi ekki greitt neinar kröfur sjálfum sér til hagsbóta, heldur þvert á móti lögðu þeir peninga inn í J.L. húsið hf. langt umfram greiðslu afborgana og vaxta af sambærilegum kröfum.“ Efni bréfsins staðfesti Haukur Gunnarsson sem vitni fyrir dóminum.

Að áliti dómsins renna ofanritaðar niðurstöður endurskoðandans Hauks Gunnarssonar stoðum undir lýsingu stefndu á því, hvernig háttað var rekstri J.L. hússins hf. Verður ekki annað af þeim ráðið en eigendur J.L. hússins hf., þ. á m. stefndu, hafi með hverju árinu sem leið lagt félaginu til aukið fé með þeim hætti, sem lýst er í greinargerð stefndu. Af hálfu stefnanda er ekki það komið fram sem hnekkt geti niðurstöðum endurskoðandans í aðalatriðum. Í ljósi þessa þykir óhjákvæmilegt að líta svo á, að greiðslur félagsins til stefndu á tveimur síðustu árum fyrir frestdag skv. stefnu hafi verið venjulegar eftir atvikum. Ber því að fallast á það með stefndu að 54. gr. laga nr. 6/1978 eigi ekki við í máli þessu.

Með vísan til framanritaðs verður að telja að samskiptum J.L. hússins hf. og stefndu hafi verið svo háttað, að 61. gr. sömu laga eigi heldur ekki við í málinu.

Samkvæmt 59. gr. laga nr. 6/1978 má krefjast riftunar á greiðslu skuldar, ef greitt er eftir frestdag, nema eitt eða fleiri eftirtalinna þriggja skilyrða leiði til annars: 1) að reglur um skuldaröð leiði til þess að skuldin fengist greidd, 2) að nauðsynlegt hafi verið að greiða til að komast hjá tjóni eða 3) að sá, sem greiðslu naut, hafi hvorki vitað né mátt vita, að óskað hafði verið greiðslustöðvunar eða fram var komin krafa um gjaldþrotaskipti eða nauðasamninga. Sýnt er, að fyrsta og þriðja skilyrðið eru ekki fyrir hendi. Dómurinn álítur að svo sé einnig um annað skilyrðið, enda hefur ekki af hálfu stefndu verið sýnt fram á að svo sé. Ber að hafa í huga í þessu sambandi að frestdagurinn er sá dagur er J.L. húsið hf. beiddist nauðasamninga án gjaldþrotameðferðar skv. III. kafla laga nr. 19/1924, og frá þeim degi mátti félagið ekki greiða neinum af væntanlegum samningsmönnum skuldir, eindagaðar eða óeindagaðar, og atvinnurekstur þess var undir umsjá skiptaréttar, sbr. 1. og 2. mgr. 36. gr. laganna. Ekkert er í málinu fram komið um það, að greiðslur stefnanda (J.L. hússins hf.) eftir frestdag skv. stefnu hafi verið með samþykki skiptaréttar Reykjavíkur.

Samkvæmt því sem nú hefur verið ritað, ber að verða við kröfum stefnanda að því er tekur til greiðslna eftir frestdag. Verður því með dómi þessum rift öllum greiðslum af skuldabréfum á árinu 1988, samtals að fjárhæð kr. 312.396,65, og greiðslum af skuldabréfum í febrúar 1989, samtals að fjárhæð kr. 82.677,40, enn fremur tveimur síðustu greiðslum vegna víxla á árinu 1988, að fjárhæð kr. 29.911,67 og kr. 5.000,00. Samanlagðar nema fjárhæðir þessar kr. 474.985,72. Fjárhæðum þessum hafa stefndu ekki mótmælt tölulega.

Með vísan til 63. gr. laga nr. 6/1978 ber að verða við kröfu stefnanda skv. 2. tl. í kröfugerð hans að því leyti, að stefndu greiði honum in solidum kr. 474.985,72 með þeim vöxtum sem krafist er.

Rétt þykir að stefndu greiði stefnanda kr. 100.000,00 í málskostnað, og beri málskostnaðarfjárhæðin þá dráttarvexti sem stefnandi krefst.

Finnur Torfi Hjörleifsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Rift er samtals 8 greiðslum afborgana ásamt vöxtum og kostnaði, sem greiddar voru af stefnanda, þrotabúi J.L. hússins hf., af skuldabréfi, út gefnu 14. apríl 1988 af stefnda, Lofti Jónssyni, með sjálfskuldarábyrgð stefnda, Jóns Loftssonar hf., upphaflega að fjárhæð kr. 319.300,00. Greiðslurnar eru þessar skv. fylgiskjölum í bókhaldi stefnanda: Greitt 25. október 1988 kr. 73.541,09, gr. sama dag kr. 55.457,56, gr. sama dag kr. 51.762,24, gr. sama dag kr. 45.963,33, gr. 22. desember 1988 kr. 43.219,26, gr. sama dag kr. 42.453,17, gr. 2. febrúar 1989 kr. 41.927,19 og gr. 6. febrúar 1989 kr. 40.750,21.

Rift er greiðslu að fjárhæð kr. 29.911,67, sem greidd var af stefnanda 25. október 1988 vegna afborgunar og framlengingar á víxli að fjárhæð kr. 280.000,00 með gjalddaga 1. nóvember 1988, út gefnum 1. september 1988 af stefnda, Lofti Jónssyni, og samþykktum af stefnda, Jóni Loftssyni hf.

Rift er greiðslu stefnanda 14. nóvember 1988 á víxli að fjárhæð kr. 50.000,00 með gjalddaga sama dag, út gefnum af stefnda, Lofti Jónssyni, 14. september 1988 og samþykktum af stefnda, Jóni Loftssyni hf.

Stefndu, Loftur Jónsson og Jón Loftsson hf., greiði in solidum stefnanda, þrotabúi J.L. hússins hf., kr. 474.985,72 með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 23. febrúar 1989 til greiðsludags. Skal dráttarvöxtunum bætt við höfuðstól hinnar dæmdu fjárhæðar á

12 mánaða fresti, í fyrsta sinn að liðnum 12 mánuðum frá upphafsdegi þeirra.

Stefndu greiði in solidum stefnanda málskostnað, að fjárhæð kr. 100.000,00. Skal málskostnaðarfjárhæðin bera dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppsögu dóms þessa til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 20. maí 1994.

Nr. 221/1994. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Bernard Granotier
(Örn Clausen hrl.)

Kærumál. Geðheilbrigðisrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein og Garðar Gíslason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru við uppkvaðningu úrskurðar héraðsdóms 13. maí 1994. Kærumálsgögn bárust Hæstarétti 16. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og sér dæmdur kærumálskostnaður.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Varnaraðili sætir nú gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar á ætlaðri íkveikju á annarri hæð hússins nr. 12 við Álfabakka í Reykjavík aðfaranótt laugardagsins 23. apríl sl. Hann hefur í engu viljað tjá sig um málsatvik. Með hliðsjón af ofangreindum atburði og gögnum máls þykir rétt, að fram fari rannsókn á geðheilbrigði varnaraðila, sbr. d-lið 1. mgr. 71. gr. laga nr. 19/1991. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 13. maí 1994.

Ár 1994, föstudaginn 13. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess að Bernard Granotier, kt. 030746-2289, Asparfelli 2, Reykjavík, verði með úrskurði gert að sæta rannsókn á geðheilbrigði sinni.

Rannsóknarlögregla ríkisins vinnur nú að rannsókn á meintri íkveikju í húsnæði Baháí trúfélagsins á 2. hæð hússins nr. 12 við Álfabakka hér í borg, en eldur kom upp í húsnæðinu aðfaranótt laugardagsins 23. apríl sl. Er niðurstaða lögreglurannsóknar varðandi eldsupptök sú að eldur hafi verið kveiktur á fjórum stöðum í húsnæðinu. Engin ummerki innbrots voru á vettvangi, en dyr að húsnæðinu á 2. hæð voru læstar er slökkvilið kom á vettvang. Á veggi í húsnæðinu höfðu verið máluð með málningarúðabrúsa tákn og orð.

Við rannsókn málsins vaknaði grunur um aðild kærða, sem er franskur ríkisborgari og félagi í trúfélagi Baháía, að íkveikju þessari. Leiddi það til þess að þann 28. f.m. var kærði handtekinn og daginn eftir var honum að kröfu RLR gert að sæta gæsluvarðhaldi til 20. þ.m. Dómari hafnaði hins vegar að svo stöddu kröfu um, að kærða yrði gert að gangast undir geðrannsókn.

Kærði, sem hefur verið virkur félagi í trúfélaginu, hafði að undanförnu unnið að undirbúningi ársþings trúfélagsins, sem halda átti dagana 23. og 24. apríl sl., og hafði af þeirri ástæðu fengið lykla að húsnæðinu. Við leit á heimili hans fundust handskrifuð blöð, sem á voru rituð sams konar tákn og máluð voru á veggi á brunavettvangi. Einnig fannst staðgreiðslukvittun úr byggingavöruverslun vegna kaupa á málningarbrúsa, dagsett 22. apríl sl. Fram hefur komið við rannsókn málsins að kærði, sem hefur verið hér á landi síðan 1992, hafi ætlað að kvænast íslenskri konu, sem einnig er félagi í trúfélaginu, en hún slitið sambandinu í byrjun apríl sl. Hafi kærði tekið því afar þunglega. Fjölskyldu konunnar og sameiginlegum kunningjum þeirra höfðu dagana fyrir eldsvoðann borist bréf, sem viðtakendur hafa talið að send séu af kærða. Á bréf þessi, sem eru vélrituð, hafa verið handskrifuð tákn með sama hætti og máluð voru á veggi á brunavettvangi.

Kærði hefur til þessa verið með öllu ófáanlegur að tjá sig um sakarefnið og mótmælir kröfunni um geðrannsókn.

Eins og rannsóknargögn málsins bera með sér er kærði undir rökstuddum grun um að vera valdur að framangreindum eldsvoða sem og að hafa ritað bréf þau, sem áður er að vikið, en með því kann kærði að hafa brotið gegn 2. mgr. 164. gr. og XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá er meðal gagna málsins norskur dómur yfir kærða frá árinu 1987, þar sem hann var fundinn sekur um brot gegn ákvæðum þarlendra hegningarlaga, en ekki gerð refsing sökum geðveiki. Var ákæruvaldinu veitt heimild til að grípa til öryggisaðgerða gagnvart kærða í 10 ár. Þegar framanritað er virt þykir ástæða til að draga í efa sakhæfi kærða, sbr. 15. gr. hgl., eða hvort refsing muni bera árangur, sbr. 16. gr. hgl. Ber því með vísan til d-liðar 1. mgr. 71. gr. laga nr. 19/1991 að ákveða að kærði skuli sæta geðrannsókn.

Úrskurðarorð:

Kærði, Bernard Granotier, sæti geðrannsókn.

Fimmtudaginn 26. maí 1994.

Nr. 41/1994. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Kristni Eggertssyni
(Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.)
Guðmundi Albert Birgissyni
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)
og Jóni Magnússyni
(Jónatan Sveinsson hrl.)

Umboðssvik. Skjalabrot. Fjársvik. Tilraun. Hlutdeild. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 21. janúar 1994 til sakfellingar samkvæmt ákæru og refsiákvörðunar.

Af hálfu ákærðu er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Nokkur ný gögn voru lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu ákæruvalds, að fallið væri frá þeirri málsatvikalýsingu í ákæru, að stjórn Málningar hf. hefði heimilað ákærða Kristni Eggertssyni að nýta lánsrétt félagsins hjá Verslunarlánasjóði „í þeim tilgangi, að ráðstafa mætti lánsfjárhæðinni til greiðslu á skuld einkafyrirtækis hans, Málningarvara, við Málningu hf.“. Er því ágreiningslaust, að samkomulag hafi upphaflega verið um það milli forsvarsmanna Málningar hf. og ákærða Kristins, að lánsféð rynni til fyrirhugaðrar húsbyggingar ákærða og hann ætti að fá það í hendur við útborgun þess, þótt önnur hafi orðið raunin.

Umsókn um lán það, sem lýst er í ákæru, var lögð fram í febrúar 1986, en það kom fyrst til útborgunar í desember sama ár. Greiddi Verslunarbanki Íslands hf. Málningu hf. lánsféð, 4.900.000 krónur, en lánskostnaður var 100.000 krónur. Forráðamenn Málningar hf. hafa haldið því fram, að þá hafi viðskiptaskuld fyrirtækis ákærða, Málningarvara, verið orðin það mikil, að ákveðið hafi verið að skuldajafna með lánsfénu. Stjórnarformaður Málningar hf. og fjármála- og framkvæmdastjóri félagsins hafa fullyrt, að þetta hafi verið rætt við ákærða og honum því um það kunnugt. Þessu hefur ákærði mótmælt og meðal annars bent á, að til tryggingar skuld sinni við fyrirtækið hafi faðir sinn gefið út víxil nokkru hærri þeirri fjárhæð, er skuld hans nam, þegar skuldajöfnuði var beitt. Víxill þessi, sem er ódagsettur, er enn í vörslu Málningar hf., en ekki er ljóst, hvenær á árinu 1986 hann var gefinn út.

Í ársreikningi Málningarvara 1986 var 5.000.000 króna skuldabréf við Verslunarbanka Íslands hf. fyrst skuldfært sem langtímaskuld í efnahagsreikningi. Bókhaldsgögn leiddu í ljós, að um var að ræða umdeilt skuldabréf Verslunarlánasjóðs. Í bókhaldi Málningar hf. 31. desember 1986 var andvirði skuldabréfsins, 4.900.000 krónur, tekjufært til lækkunar á viðskiptaskuld Málningarvara við félagið.

Skuldabréfið fór í vanskil, og ákærði Kristinn leysti það til sín 14. febrúar 1990 með greiðslu 11.180.810 króna. Var bréfið framselt honum samdægurs með áritun um það, að hann hefði greitt bréfið að fullu. Nýtt framsal var áritað á bréfið 27. desember 1991, en ákærði segir, að með því hafi verið bætt úr þeim mistökum, að láðst hefði að geta kennitölu hans í fyrri áritun. Með veðbandslausn 15. febrúar 1990 leysti Verslunarlánasjóður hluta fasteigna ákærða, sem upphaflega voru veðsettar til tryggingar greiðslu bréfsins, úr veðböndum, og 10. september 1992 leysti ákærði sjálfur úr veðböndum þá fasteign sína, sem enn var veðsett. Þetta var í bæði skiptin gert án vitneskju útgefanda bréfsins, Málningar hf. Hinn 16. september 1992, nokkrum dögum eftir síðargreinda veðbandslausn, framseldi ákærði bréfið til handhafa með áritun á það, en þá hafði hann þegar, 4. sama mánaðar, selt það meðákærða Guðmundi Albert fyrir 2.000.000 króna.

Ljóst er af framansögðu, að ákærða Kristni var fullkunnugt um það, er hann seldi skuldabréfið, að Málning hf. var ekki raunverulegur skuldari lánsins, heldur var það tekið í hans þágu og andvirði þess nýtt til lækkunar á viðskiptaskuld hans við Málningu hf. Samkvæmt gögnum málsins, sem rakin hafa verið, hagaði ákærði bókhaldi sínu í samræmi við þetta. Allt að einu seldi hann bréfið með þeim hætti, sem lýst hefur verið, með um tíföldum afföllum, rúmum tveimur og hálfu ári eftir að hann hafði greitt það upp, en áður hafði hann aflétt veðböndum, eins og að framan greinir. Hvað sem leið ágreiningi hans og Málningar hf. um uppgjör þeirra á milli, var þessi ráðstöfun og notkun bréfsins honum með öllu óheimil og gagnstæð því, sem til var ætlast í upphafi. Varðar þetta við 249. gr. og 157. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Ákærði Guðmundur Albert Birgisson keypti umrætt skuldabréf eftir ábendingu vitnisins Jóns Bjarna Gunnarssonar, en meðákærði Kristinn hafði áður boðið vitninu bréfið til sölu. Fyrir dómi kvaðst Jón Bjarni ekki hafa vitað um viðskiptin að baki bréfinu. Ákærði Guðmundur Albert kvað sér hafa verið um það kunnugt, að ágreiningur væri milli Málningar hf. og meðákærða Kristins vegna viðskipta þeirra. Kristinn hafi ekki verið sáttur við „afgreiðslu Málningar með andvirði skuldabréfsins þegar lánið var veitt“. Hann kvaðst ekki þekkja meðákærða Kristin, og hafi honum verið alls ókunnugt um, að Málning hf. hafi ekki í raun verið skuldari bréfsins. Hann hafi einkum litið til þess við ákvörðun á kaupunum á bréfinu og kaupverði þess, að skuldari þess, Málning hf., var líklegur til að standa við skuldbindingar sínar, en hins vegar hefði verið óljóst, hvað fengist fyrir bréfið við innheimtu.

Ákærði Guðmundur Albert keypti skuldabréfið með mjög miklum afföllum. Leggja verður til grundvallar þann framburð hans og meðákærða Kristins, að svo hafi samist um milli þeirra við sölu bréfsins, að öllum veðböndum yrði aflétt af þeim eignum, sem áður voru veðsettar skuldinni til tryggingar, þótt það hafi verið fyrst nokkrum dögum eftir undirritun beggja á framsal á skuldabréfið, að það gekk eftir. Eins og málið liggur fyrir, þykir varhugavert að hagga því mati héraðsdómara, að ákærða Guðmundi Albert hafi verið eða átt að vera ljóst, að meðákærði Kristinn átti enga fjárkröfu á hendur Málningu hf. samkvæmt skuldabréfinu. Í málarekstri, sem nú er fyrir dómstólum vegna innheimtu skuldabréfs þessa, hefur hann samþykkt, að allar varnir komist að, þótt málið sé rekið að hætti XVII. kafla laga um meðferð einkamála nr. 19/

1991. Með hliðsjón af því og öðrum gögnum þykir enn fremur ósannað, að hann hafi gerst sekur um tilraun til fjársvika, eins og lýst er í II. kafla ákæru. Er hann því sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

III.

Staðfesta ber það mat héraðsdómara, að ósannað sé, að ákærði Jón Magnússon hafi haft milligöngu um fyrrgreind viðskipti meðákærðu Kristins og Guðmundar Alberts með skuldabréfið og honum hafi verið eða hlotið að vera ljóst, að Kristinn ætti ekki kröfu á hendur Málningu hf. samkvæmt því. Verður hann því sýknaður af hlutdeild í broti meðákærða Kristins. Af sýknu meðákærða Guðmundar Birgis leiðir, að eigi kemur til álita að sakfella ákærða Jón fyrir hlutdeild í ætluðu broti hans. Er því staðfest sú niðurstaða héraðsdómara, að sýkna beri ákærða Jón af öllum kröfum ákæruvaldsins.

IV.

Refsing ákærða Kristins þykir hæfilega ákveðin fangelsi átta mánuði, en eftir atvikum og með hliðsjón af því, að hann hefur ekki áður gerst sekur um hegningarlagabrot, þykir mega fresta fullnustu refsingarinnar og láta hana niður falla að liðnum þremur árum frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Einnig þykir rétt, að hann greiði 300.000 króna sekt í ríkissjóð, sbr. 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga. Vararefsing ákveðst 30 daga fangelsi.

Dæma ber ákærða Kristin til að greiða hluta sakarkostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Annar sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, eins og segir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærðu Guðmundur Albert Birgisson og Jón Magnússon eiga að vera sýknir af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Ákærði Kristinn Eggertsson sæti fangelsi átta mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum 3 árum frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Kristinn greiði 300.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 30 daga fangelsi í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan 4 vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákærði Kristinn greiði 100.000 krónur upp í saksóknarlaun í ríkissjóð. Hann greiði verjanda sínum í héraði og fyrir Hæstarétti, Birni Ólafi Hallgrímssyni hæstaréttarlögmanni, réttargæslu- og málsvarnarlaun, samtals 350.000 krónur.

Málsvarnarlaun verjanda ákærða Guðmundar Alberts Birgissonar, Sigurðar G. Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, og verjanda ákærða Jóns Magnússonar, Jónatans Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, í héraði og fyrir Hæstarétti, hvors um sig 260.000 krónur, greiðast úr ríkissjóði.

Annan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti greiði ákærði Kristinn að einum þriðja hluta, en ríkissjóður að tveimur þriðju hlutum.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 21. janúar 1994.

Ár 1994, föstudaginn 21. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-682/1993: Ákæruvaldið gegn Kristni Eggertssyni, Guðmundi Albert Birgissyni og Jóni Magnússyni, en málið var dómtekið 29. desember sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dagsettu 18. nóvember sl., á hendur „Kristni Eggertssyni verslunarmanni, Ingólfsstræti 3, Reykjavík, fæddum 22. febrúar 1946, fæðingarnúmer 337, Guðmundi Albert Birgissyni bónda, Núpum III, Ölfushreppi, Árnessýslu, fæddum 1. júlí 1961, fæðingarnúmer 204, og Jóni Magnússyni hæstaréttarlögmanni, Malarási 3, Reykjavík, fæddum 23. mars 1946, fæðingarnúmer 453, fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum:

I.

Umboðssvik og misnotkun skjals.

Ákærða Kristni er gefið að sök að hafa í septembermánuði 1992, eftir að hafa greitt Verslunarlánasjóði samtals kr. 11.180.810,00, þar af kr. 10.108.781,00 hinn 14. febrúar 1990, sem voru eftirstöðvar af kröfu sjóðsins samkvæmt vísitölutryggðu skuldabréfi, út gefnu 12. desember 1986 af Málningu hf., upphaflega að fjárhæð kr. 5.000.000,00, tryggðu með veði í fasteignum ákærða Kristins, í fyrstu í Ingólfsstræti 3 og síðar einnig í Mýrarási 5 hér í borg, en stjórn Málningar hf. hafði heimilað honum að nýta lánsrétt félagsins hjá Verslunarsjóði í þeim tilgangi að ráðstafa mætti lánsfjárhæðinni til greiðslu á skuld einkafyrirtækis hans, Málningarvara, við Málningu hf., misnotað aðstöðu sína sem handhafi hins greidda skuldabréfs sjálfum sér til ávinnings og Málningu hf. til tjóns, gagnstætt því sem til var ætlast við útgáfu bréfsins, með því að hafa hinn 4. september 1992 fyrir milligöngu meðákærða Jóns Magnússonar, hæstaréttarlögmanns í Reykjavík, selt það og afsalað fyrir kr. 2.000.000,00 meðákærða Guðmundi Albert en jafnframt leyst fasteign sína úr veðböndum, hvað þessa kröfu varðar, hinn 10. sama mánaðar og framselt skuldabréfið handhafa með áritun á bréfið 16. sama mánaðar.

Telst brot ákærða Kristins, sem að framan er lýst, varða við 249. gr. og 157. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Hlutdeild í umboðssvikum ákærða Kristins og tilraun til fjársvika.

Ákærða Guðmundi Albert er gefið að sök að hafa með framangreindum viðskiptum sínum við meðákærða Kristin og kaupum á skuldabréfinu veitt meðákærða liðsinni sitt til þess að valda Málningu hf. samsvarandi fjártjóni, en jafnframt gerst sekur um tilraun til fjársvika með því að krefja og síðan höfða dómsmál á hendur Málningu hf. til innheimtu áðurnefndrar fjárhæðar, kr. 11.180.810,00, auk áfallandi dráttarvaxta og kostnaðar, í því skyni að Málning hf., sem ákærði vissi eða mátti vita að meðákærði Kristinn hafði ekki átt neina kröfu á samkvæmt skuldabréfinu, yrði dæmd til að greiða sér framangreindar dómkröfur.

Teljast brot ákærða Guðmundar Alberts varða við 249. gr., sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og 248. gr., sbr. 20. gr. sömu laga.

III.

Hlutdeild í brotum ákærðu Kristins og Guðmundar.

Ákærða Jóni er gefið að sök að hafa í opinberu sýslunarstarfi sínu sem hæstaréttarlögmaður haft milligöngu um fyrrgreind viðskipti meðákærðu Kristins og Guðmundar Alberts með skuldabréfið og sölu þess fyrir kr.

2.000.000,00, þrátt fyrir að hann þá vissi eða mætti vita, eins og viðskiptum með bréfið hafði verið háttað, að meðákærði Kristinn ætti ekki á grundvelli þess kröfu á hendur Málningu hf., og tekið að sér og reynt að innheimta hjá Málningu hf. á grundvelli skuldabréfsins kr. 11.180.810,00 auk dráttarvaxta og kostnaðar og að hafa fylgt eftir þeirri innheimtu með málshöfðun eftir að hafa fengið upplýsingar um að meðákærði Kristinn en ekki Málning hf. væri sjálfur hinn raunverulegi skuldari frá upphafi, og þannig í lögmannsstarfi sínu veitt meðákærðu Kristni og Guðmundi Albert, hvorum á sinn hátt, liðsinni sitt til að auðgast með fyrrgreindum hætti á kostnað Málningar hf.

Teljast framangreind brot ákærða Jóns varða við 249. gr., sbr. 22. gr. og 248. gr., sbr. 20. og 22. gr., almennra hegningarlaga, hvort tveggja sbr. 138. gr. sömu laga.

IV.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar“.

– – –

Málavextir verða nú raktir í stórum dráttum, einkum kærubréf og aðdragandi þess að fram fór lögreglurannsókn sem varð grundvöllur útgáfu ákæru.

Hinn 4. desember 1992 kærði Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður f.h. Málningar hf. Kristin Eggertsson fyrir meðferð hans á veðskuldabréfi því, sem lýst er í ákæru. Í kærunni segir, að kært sé í því skyni að fram fari opinber rannsókn á því hvort háttsemi Kristins og/eða annarra brjóti gegn ákvæðum í XXVI. kafla almennra hegningarlaga og e.t.v. einkum 1. tl. 1. mgr. 250. gr. laganna eins og segir í kærubréfinu.

Í kærubréfinu er því lýst, að ákærði Kristinn hafi í desember 1986 fengið að hagnýta sér lánsrétt sem Málning hf. átti í Verslunarlánasjóði og í þessu skyni hafi Málning hf. gefið út veðskuldabréf það, sem lýst er í ákæru. Ákærði Kristinn hafi síðan áritað veðskuldabréfið og veðsett fasteign sína og að þessu loknu fengið lánsféð í sínar hendur.

Síðan er því lýst í kærunni er skuldabréfið hafi farið í vanskil og er ákærði Kristinn hafi leyst bréfið til sín. Þá er lýst innheimtutilraunum Jóns Magnússonar hrl. og kröfu Málningar hf. um að fá skuldabréfið í sínar hendur og að þeirrar kröfu hafi verið synjað. Í niðurlagi kærunnar segir síðan, að ekki sé vafi á því, að ákærði Kristinn brjóti refsilög með því að reyna að fénýta sér bréfið með kröfugerð á hendur Málningu hf.

Hinn 2. apríl sl. ritaði Jón Steinar Gunnlaugsson hrl. bréf til Rannsóknarlögreglu ríkisins, þar sem m.a. var greint frá því, að Málningu hf. hefði verið stefnt vegna skuldabréfsins, sem getið er um að ofan, og að stefnt hafi verið í nafni Guðmundar Alberts Birgissonar og greint frá því, að ákærði Jón annaðist málsóknina. Þess er síðan farið á leit við lögregluna, að rannsókn lögreglu beinist einnig að því að upplýsa þátt ákærðu Guðmundar og Jóns við meðferð skuldabréfsins og þá hvort þeir séu með refsiverðum hætti að reyna að hafa fé af Málningu hf.

Á grundvelli þessara kæra og annarra gagna fór síðan fram lögreglurannsókn. Sú rannsókn leiddi í ljós, að ákærði Kristinn seldi ákærða Guðmundi Albert skuldabréf það sem lýst er í ákæru. Skuldabréfið var til innheimtu á lögfræðiskrifstofu ákærða Jóns og er nú rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur dómsmál á grundvelli skuldabréfsins.

Ákærðu hafa allir vísað kæruefninu á bug hjá lögreglu og fyrir dómi.

Verður nú rakinn framburður ákærðu og vitna fyrir dóminum. Eins og ákæran er úr garði gerð þykir hagfelldara að rekja málavexti heildstætt en ekki sérstaklega varðandi hvern ákærulið.

Ákærði Kristinn Eggertsson kom fyrir dóminn 10. og 28. desember sl. og vísaði ákæruskjalinu þá á bug, en kvað rétt lýst í ákæru útgáfu skuldabréfsins, veðtryggingum, greiðslu og losun veðbanda.

Ákærði kvaðst hafa samið um það við forsvarsmenn Málningar hf., að það fyrirtæki legði til peninga vegna byggingarframkvæmda sem ákærði hugðist hefja við Ingólfsstræti 3 hér í borg. Ákærði lýsti áralöngum samskiptum sínum og Málningar hf. og hafi þau samskipti staðið allt frá árinu 1977. Ákærði greindi frá ýmsu í þessum samskiptum sem ástæðulaust er að rekja frekar vegna máls þessa.

Ákærði kvað „heiðursmannasamkomulag" hafa komist á milli Málningarvara og Málningar hf. í byrjun desember 1983 og þar hafi verið fastmælum bundið, hvernig viðskiptum fyrirtækjanna skyldi háttað framvegis, og m.a. hafi þar verið samið um umboðslaun og álagningu. Þetta samkomulag hafi byggst á minnispunktum að sögn ákærða, og hafi Valdimar Bergstað, stjórnarformaður Málningar hf., komið fram fyrir hönd Málningar hf. auk Eggerts Kristinssonar, stjórnarmanns sama fyrirtækis. Ákærði kvaðst síðan hafa haldið verslun áfram á þessum grunni þar til haustið 1985 er ákærða var sagt upp leiguhúsnæði því er hann rak verslun sína í við Ingólfsstræti 5. Ákærði kvaðst þá ásamt Eggerti Kristinssyni hafa haldið á fund Valdimars Bergstað, stjórnarformanns Málningar hf., og greint frá uppsögn leiguhúsnæðisins. Ákærði kvað niðurstöðu þessa fundar hafa verið þá, að þeir Valdimar og Eggert hefðu hvatt sig til að gera ásamt fleirum kauptilboð í Ingólfsstræti 5 sem hafi verið gert. Ekki hafi orðið af kaupum.

Nú hafi ákærði aftur leitað til Málningar hf. og eftir þann fund hafi verið ákveðið að ákærði keypti húsið við Ingólfsstræti 3 sem þá var falt og Málning hf. hafi lofað að styðja við bakið á ákærða vegna þessa og byggingarframkvæmda við Ingólfsstræti 3 og leggja til fjármagn og kvaðst ákærði hafa samið um þetta við meiri hluta stjórnar Málningar hf., þá Eggert Kristinsson og Valdimar Bergstað. Í þessu skyni hafi verið sótt um lán hjá Verslunarlánasjóði í febrúar 1986 og hafi Málning hf. verið skuldari og útgefandi skuldabréfs en ákærði hafi lagt til veðtryggingar. Sótt var um 6,5 milljónir króna en veitt lán var að fjárhæð 5 milljónir króna. Lánið var tilbúið til útborgunar í desember 1986 og kvaðst ákærði þá hafa farið í Verslunarlánasjóðinn í því skyni að sækja féð, en verið greint frá því, að Málning hf. væri lántakandi og skuldari samkvæmt skuldabréfinu og hefðu peningarnir verið lagðir inn á bankareikning Málningar hf. Ákærði kvaðst síðan í byrjun janúar 1987 hafa ætlað að sækja féð hjá Málningu hf. en ekki fengið. Ákærði kvað fénu hafa verið ráðstafað einhliða af hálfu Málningar hf. og ekki hafi verið haft samráð við sig um ráðstöfun fjárins, en fjármunirnir voru notaðir til að jafna út skuld Málningarvara við Málningu hf. en ákærði kvað þá skuld umdeilda.

Kvað ákærði föður sinn, Eggert Kristinsson, hafa verið þeirrar skoðunar, að Málning hf. hefði ráðstafað fénu öðruvísi en þeir máttu. Ákærði kvaðst telja, að Málning hf. hefði stolið þessu fé, en á þessum tíma hefði ákærði verið með húsið við Ingólfsstræti 3 uppsteypt, og hefði verið beðið eftir þessum peningum, sem ráðstafa hefði átt til greiðslu vinnulauna o.fl. Ákærði kvaðst hafa mótmælt ráðstöfun fjármunanna við Stefán Guðjohnsen, fjármálastjóra Málningar hf., án árangurs og reynt að fá forsvarsmenn Málningar hf. að samningaborðinu í um 1 og ½ ár. Eftir fund hjá Jóni Steinari Gunnlaugssyni hæstaréttarlögmanni, sem þeir Valdimar Bergstað og Eggert Kristinsson sátu síðari hluta árs 1988, kvaðst ákærði hafa fengið þau skilaboð frá Valdimar að hann neitaði enn að ræða við ákærða.

Ákærði kvað fjárhagslegt uppgjör Málningarvara og Málningar hf. alls ekki hafa verið ljóst er Verslunarlánasjóðurinn greiddi út lánsfjárhæðina og kvaðst ákærði hafa talið það sérstakt mál að greiða úr viðskiptaskuldinni og uppgjöri tengdu henni annars vegar og hins vegar samninginn og ráðstöfun fjárins úr Verslunarlánasjóði.

Ákærði kvað uppgjör Málningarvara og Málningar hf. á þessum tíma því alls ekki hafa verið á hreinu og hafi verið umdeilt. Og þótt lán það, sem lýst er í ákæru, hafi verið fært til skuldar í efnahagsreikningi Málningarvara, þá kvað ákærði endurskoðanda sinn hafa gert athugasemd við þennan lið, er hann frétti af því, hvernig Málning hf. hafði meðhöndlað þessa fjármuni. Ákærði kvaðst hafa undir höndum miða frá endurskoðandanum þar sem greint sé frá því, að varðandi þetta lán sé ekkert endanlega ákveðið.

Ákærði kvað þannig ranga þá lýsingu í ákæru, að Málning hf. hefði heimilað sér að nýta lánsréttinn hjá Verslunarlánasjóði í þeim tilgangi að ráðstafa mætti lánsfjárhæðinni til greiðslu á skuld einkafyrirtækis hans, Málningarvara, við Málningu hf.

Um svipað leyti og samið var um að sótt yrði um lánið hjá Verslunarlánasjóði var gert samkomulag um að viðskiptaskuld Málningarvara hjá Málningu hf. mætti hækka út árið 1986. Vegna viðskiptaskuldarinnar hafi verið gefinn út 5 milljóna króna tryggingarvíxill á haustmánuðum 1986. Ákærði kvað víxilinn hafa verið gefinn út nokkru áður en Verslunarlánasjóðurinn greiddi út lánið sem var í desember 1986. Víxillinn hafi verið óviðkomandi skuldabréfinu sem að sögn ákærða hafi verið með fullkomnum veðtryggingum sem ákærði lagði til.

Ákærði kvaðst hafa greitt skuldabréfið upp, svo sem lýst er í ákæru, og þar með leyst skuldabréfið til sín. Áður en til þess kom, kvaðst ákærði hafa ráðfært sig við nafngreindan hæstaréttarlögmann, tvo bankastjóra o.fl. Eftir þetta hafi ákærði greitt skuldabréfið. Ákærði kvað mistök af sinni hálfu að hafa ekki kært forráðamenn Málningar hf. fyrir skilasvik og þjófnað, eftir að hafa reynt árangurslaust allt árið 1987 og 1988 að fá forráðamenn Málningar hf. að samningaborðinu. Vegna þessa hafi ekki verið látið við það sitja að koma skuldabréfinu í skil. Ákærði kvaðst hafa verið búinn að reyna allt.

Ákærði kvaðst síðan hafa selt skuldabréfið fyrir milligöngu manns sem hann vildi ekki nafngreina, en meðákærði Jón Magnússon hafi þar hvergi komið nærri og hann enga milligöngu haft við söluna. Meðákærði Jón hafi beðið um að fá upplýst hver væri eigandi skuldabréfsins og hans einu afskipti af málinu hafi verið þau, hvað ákærða varðaði, að afla afsals til kaupanda skuldabréfsins. Meðákærði Jón hafi engin lögfræðistörf unnið fyrir sig og ákærði engin persónuleg samskipti haft við meðákærða Jón vegna þessa skuldabréfs.

Ákærði vildi ekki gefa upp söluverð skuldabréfsins, en staðfesti útgáfu greiðslukvittunar sem dagsett er 4.9. 1992 til meðákærða Guðmundar og hljóðar upp á 2 milljónir króna. Ákærði kvaðst eftir ábendingu hafa farið með ljósrit skuldabréfsins á lögmannsstofu Jóns Magnússonar í ágúst sl. Þar kvaðst ákærði hafa rætt við Ástríði, starfsmann á skrifstofunni, en sér hefði verið bent á hana, þar sem hún hefði séð um innheimtumál á skrifstofunni. Ákærði kvaðst hafa beðið Ástríði um að taka skuldabréfið til innheimtu eftir að veðböndum hafði verið létt og á skuldabréfið verið áritað framsal til handhafa.

Ákærði kvaðst ekki telja, að hann hefði greint Ástríði frá samskiptum þeim sem lágu bak við skuldabréfið.

Ákærði kvaðst hafa greint meðákærða Jóni frá því hvaða samskipti lægju á bak við skuldabréfið eftir að lögmaður Málningar hf. hafði haft samband við meðákærða Jón vegna skuldabréfsins og sent meðákærða Jóni tvö bréf vegna þessa.

Ákærði kvaðst fyrst á sl. haustmánuðum hafa frétt af meðákærða Guðmundi en áður ekkert hafa þekkt til hans og aldrei rætt við hann.

Ákærði vísaði því á bug, að hann hefði ráðstafað skuldabréfinu Málningu hf. til tjóns og sjálfum sér til ávinnings. Ákærði kvað stefna í að hann tapaði aleigunni á viðskiptum við Málningu hf.

Ákærði Guðmundur Albert Birgisson kom fyrir dóminn 10. og 28. desember sl. og vísaði ákæruskjalinu á bug utan að hann kvað rétt að hann keypti skuldabréfið á þeim tíma, sem lýst er í ákæru.

Ákærði kvað kaup sín á skuldabréfinu hafa komist á fyrir milligöngu Jóns Bjarna Gunnarssonar. Ákærði kvað þann mann hafa greint sér frá skuldabréfi, sem hugsanlega væri falt, og hefði Jón Bjarni sett sig í samband við ákærða vegna þessa. Jón Bjarni greindi ákærða síðan frá því hver væri greiðandi skuldabréfsins og kvaðst ákærði þá hafa ákveðið að kaupa skuldabréfið. En áður en kaupin fóru fram, kvaðst ákærði hafa leitað bæði til Lárusar Blöndals héraðsdómslögmanns og annars aðila, sem ákærði taldi geta ráðlagt sér heilt varðandi kaupin. Þá kvaðst ákærði áður hafa fengið í hendur ljósrit skuldabréfsins hjá Jóni Bjarna Gunnarssyni. Eftir umhugsun kvaðst ákærði síðan hafa keypt skuldabréfið af meðákærða Kristni og greitt fyrir kr. 2 milljónir svo sem í ákæru greinir. Ákærði lýsti því, að ekki væri ljóst hvað fengist fyrir skuldabréfið við innheimtu þess, m.a. vegna hugsanlegrar fyrningar vaxta o.fl. Ákærði kvaðst einkum hafa litið til skuldara samkvæmt skuldabréfinu, Málningar hf., og talið skuldarann líklegan til að geta staðið við skuldbindingar sínar og því hafa fest kaup á skuldabréfinu og því ekki sett fyrir sig, að ekki væru veðtryggingar fyrir hendi, en samið var um það, að ákærði keypti skuldabréfið án veðtrygginga, en skuldabréfið var að fullu leyst úr veðböndum stuttu eftir að ákærði keypti það. Þá taldi ákærði ekki skipta máli, þótt nokkur tími væri liðinn, frá því að meðákærði Kristinn leysti skuldabréfið til sín og þar til ákærði keypti það. Ákærði hafi, svo sem rakið var, fyrst og fremst litið á greiðslugetu skuldarans.

Er ákærði ákvað að kaupa skuldabréfið, kvaðst hann ekkert hafa vitað um samskipti meðákærða Kristins og Málningar hf. og þá hvort eða hvernig þau samskipti vörðuðu skuldabréfið. Aldrei hafi komið til tals, að meðákærði Kristinn væri skuldari og engar upplýsingar legið fyrir um það, að meðákærði Kristinn væri skuldari en ekki Málning hf. svo sem skuldabréfið sjálft ber með sér. Ákærði kvaðst aldrei hafa haft milliliðalaust samband við meðákærða Kristin vegna þessara viðskipta á þeim tíma er kaupin fóru fram, Jón Bjarni Gunnarsson hefði þar haft milligöngu, svo sem lýst var. Þá kvaðst ákærði engar upplýsingar hafa haft um hugsanlega fjárþröng meðákærða Kristins er kaupin fóru fram. Jón Bjarni Gunnarsson hefði hugsanlega vitað eitthvað um fjárhagsstöðu meðákærða Kristins, en ákærði ekki vitað um hana, heldur fyrst og fremst kannað, hvort greiðandinn samkvæmt skuldabréfinu væri borgunarmaður fyrir fjárskuldbindingum sínum. Ákærði tók fram, að kaup sín á þessu skuldabréfi væru ekki frábrugðin þeim kaupum sem fram fara á vegum banka og kvaðst ákærði hugsanlega hafa getað komið skuldabréfinu inn í sinn viðskiptabanka.

Ákærði Guðmundur kvað meðákærða Jón engin afskipti hafa haft og ekki hafa komið nálægt sölu skuldabréfsins. Hins vegar hefði verið gengið frá yfirlýsingu varðandi kaupin á skrifstofu meðákærða Jóns um mánaðamótin ágúst-september 1992, en þá kvaðst ákærði þegar hafa verið búinn að kaupa skuldabréfið.

Eftir kaup sín á skuldabréfinu fyrir milligöngu þriðja manns, svo sem lýst hefur verið, kvað ákærði meðákærða Kristin hafa haldið með skuldabréfið á lögmannsstofu Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, og þar hafi meðákærði Kristinn beðið starfsstúlku um að sjá um að ganga frá skuldabréfinu, m. a. losa veðbönd.

Ákærði kvaðst fyrst hafa vitað um ágreining milli meðákærða Kristins og Málningar hf., fljótlega eftir að Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður hafði samband við meðákærða Jón og greindi honum frá því, að skuldabréfið væri þegar greitt.

Málshöfðun hafi síðan verið ákveðin að höfðu samráði við ákærða, og hafi verið veittir ítrekaðir frestir í því skyni, að Málning hf. gæti aflað og komið fram með þær mótbárur sem þeir þurftu. Ákærði kvaðst þá hafa samþykkt sem eigandi skuldabréfsins, að Málning hf. fengi ítrekaða fresti í þessu skyni og þeir hafi þannig fengið öll tækifæri sem þeir þurftu án þess að setja málið í þann farveg sem það nú er í. Ákærði kvaðst hafa rætt við meðákærða Jón áður en málshöfðun var ákveðin til innheimtu skuldabréfsins og alltaf hafi verið ljóst, að Málning hf. gæti komið að öllum vörnum sem þeir vildu og að afrakstur rannsóknarinnar, sem varð tilefni útgáfu ákæru máls þessa, fengi þar að komast að sem varnir. Ákærði kvað sér ekki hafa komið til hugar að innheimta skuld sem þegar væri greidd.

Ákærði kvað ástæðu þess, að skuldabréfið hefði verið til innheimtu á lögmannsstofu Jóns Magnússonar, hafa verið þá, að meðákærði Kristinn hafði áður komið skuldabréfinu í hendur Ástríðar Sólrúnar Grímsdóttur, starfsmanns lögmannsstofunnar, í því skyni að ganga frá framsali og losun veðbanda. Hefði þetta ekki átt sér stað, kvaðst ákærði myndu hafa leitað annað með innheimtu skuldabréfsins.

Ákærði Jón Magnússon kom fyrir dóminn 10. og 28. desember sl. og vísaði sakarefni í ákæruskjalinu þá á bug.

Ákærði Jón kvaðst enga milligöngu hafa haft um viðskipti meðákærðu svo sem ákært er út af. Ákærði vísaði því þannig á bug að hafa gerst hlutdeildarmaður í meintum umboðssvikum meðákærðu.

Ákærði kvaðst ekki hafa vitað af því, að skuldabréfið hefði verið á lögmannsstofu sinni fyrr en Ástríður Sólrún Grímsdóttir, starfsmaður sinn, hefði unnið að störfum, sem tengdust veðbandslausn skuldabréfsins, en sér hefði ekki verið greint frá því áður, að þetta skuldabréf væri komið á lögmannsstofu ákærða til innheimtumeðferðar. Ákærði vissi ekki af því er sent var út innheimtubréf vegna skuldabréfsins, en starfsmaður lögmannsstofunnar hefði annast það.

Ákærði kvaðst þannig ekki hafa vitað um neinn ágreining milli meðákærða og Málningar hf. fyrr en eftir að innheimtubréfið var sent út og starfsmaður lögmannsstofunnar annaðist. Eftir þetta hafi Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður hringt og haft uppi mótbárur, en það hafi ekki verið fyrr en í október eða nóvember sl., að ákærði vissi, um hvað ágreiningurinn snerist, en það frétti ákærði eftir að hafa hringt í meðákærða Kristin sem greindi frá því sem lá að baki útgáfu skuldabréfsins.

Eftir sendingu innheimtubréfsins hafi Jón Steinar haft við sig símsamband og síðar skrifað sér bréf. Þar komu fram mótmæli vegna innheimtubréfsins og hafi Jón Steinar haldið því fram, að búið væri að greiða skuldabréfið og skuldin væri Málningu hf. óviðkomandi. Hafi Jón Steinar krafist þess að fá frumrit skuldabréfsins afhent. Þessu kvaðst ákærði hafa hafnað og Jón Steinar þá sagt að hann ætlaði að krefjast opinberrar rannsóknar.

Fyrst eftir símhringingar Jóns Steinars hafi ákærði vitað, að einhver ágreiningur væri að baki skuldabréfinu. Ákærði greindi frá því, að fallið yrði frá innheimtunni ef í ljós kæmi, að Málning hf. skuldaði ekki samkvæmt skuldabréfinu.

Ákærði hafi þá ákveðið að höfðu samráði við meðákærða Guðmund, að málið yrði látið bíða um stund meðan rannsókn færi fram.

Ákærði kvað síðan hafa verið ákveðið að höfða dómsmál til innheimtu skuldarinnar samkvæmt skuldabréfinu, og hefðu þeir meðákærði Guðmundur haft samráð áður en málið var höfðað. Þar hafi allan tímann verið ljóst og ákveðið, að vörnum yrði hleypt að í málinu, þrátt fyrir að málið væri höfðað á grundvelli 17. kafla laga um meðferð einkamála. Þetta hafi

Jóni Steinari verið ljóst eða a.m.k. átt að vera ljóst, m.a. vegna þeirra fresta, sem veittir voru við rekstur einkamálsins, og Jóni Steinari oftsinnis verið greint frá því, að hann fengi þá fresti, sem hann óskaði eftir, og hefðu þeir frestir allir fengist.

Ákærði vísaði því á bug, sem í ákæru greinir, að hann hefði fylgt eftir innheimtu skuldabréfsins með málshöfðun eftir að hafa fengið upplýsingar um það að meðákærði Kristinn en ekki Málning hf. væri sjálfur hinn raunverulegi skuldari. Ákærði kvaðst aldrei hafa vitað og ekki vita enn að hlutirnir væru með þeim hætti. Ákærði kvaðst ekki enn hafa séð gögn sem bentu til þessa. Ákærði kvaðst í október eða nóvember sl. hafa hringt í meðákærða Kristin og hann þá greint ákærða frá því, hvað það væri, sem lægi að baki útgáfu skuldabréfsins. Þá fyrst vissi ákærði bakgrunninn.

Vitnið Valdimar Bergstað, stjórnarformaður Málningar hf., kom fyrir dóminn 28. desember sl. Valdimar er fyrrum mágur ákærða Kristins.

Valdimar kvað aðdraganda þess, að sótt var um lán og síðar út gefið skuldabréf það, sem í ákæru greinir, hafa verið þann, að ákærði og faðir ákærða Kristins, Eggert Kristinsson, þá stjórnarmaður í Málningu hf., hefðu komið á sinn fund og óskað eftir því, að Málning hf. heimilaði ákærða Kristni og fyrirtæki hans, Málningarvörum, að nýta lánsrétt Málningar hf. hjá Verslunarlánasjóðnum vegna byggingarframkvæmda ákærða við Ingólfsstræti. Þetta hefði Valdimar samþykkt en framkvæmdaatriði hefðu verið í höndum Stefáns Guðjohnsen, fjármálastjóra Málningar hf. Sótt var um lánið 24. febrúar 1986 vegna byggingarframkvæmdanna og lánið veitt og greitt út í desember s.á. Þessi ráðstöfun hefði aldrei verið rædd á stjórnarfundum Málningar hf. og ekkert um hana bókað. Þessi heimild hefði verið veitt vegna þess, að faðir ákærða Kristins sé hluthafi og stjórnarmaður í Málningu hf. svo og vegna persónulegra tengsla sinna og ákærða Kristins.

Ákærði Kristinn hafi lagt til veðtryggingar og að auki hafi Málning hf. fengið í hendur tryggingarvíxil, að fjárhæð kr. 5 milljónir, og taldi Valdimar sig muna rétt, að þessi víxill hefði verið hugsaður sem trygging fyrir Málningu hf. þrátt fyrir það að ákærði Kristinn hefði lagt til veðtryggingar. Víxillinn hefði þannig ekki verið vegna viðskiptaskulda Málningarvara við Málningu hf.

Valdimar kvað Málningu hf. hafa fengið lánsfjárhæðina í hendur í desember 1986, og þá hefði hún verið notuð til að skuldajafna viðskiptaskuld Málningarvara, fyrirtækis ákærða, sem safnað hefði viðskiptaskuld á árinu. Valdimar kvað aldrei hafa verið samið um að ákærði fengi að mynda viðskiptaskuld á árinu 1986, en Málning hf. hefði umborið ákærða að mynda þessa skuld. Valdimar kvað þessa ráðstöfun fjármunanna ávallt hafa verið

„í umræðunni“ milli sín, ákærða, Stefáns Guðjohnsen og Eggerts Kristinssonar. Valdimar kvaðst hins vegar aldrei hafa rætt þetta við ákærða Kristin en taldi alveg víst að Stefán Guðjohnsen hefði gert það. Valdimar kvað þróunina hafa verið þá á árinu 1986, vegna þess hversu langan tíma tók að afgreiða lánsumsóknina, að Málning hf. hefði í raun fjármagnað lánið fyrir fram með því að leyfa viðskiptaskuldinni að myndast.

Valdimar kvað aldrei hafa verið um það samið, að ákærða Kristni hefði verið heimilað að nýta lánsrétt Málningar hf. í þeim tilgangi að ráðstafa mætti lánsfjárhæðinni til að greiða skuld hans eða Málningarvara við Málningu, svo sem lýst er í ákæru. Lánið var vegna byggingarframkvæmda.

Vitnið Stefán Guðjohnsen, fjármála- og framkvæmdastjóri Málningar hf., kom fyrir dóminn 28. desember sl.

Stefán kvaðst að fyrirmælum Valdimars Bergstað hafa sótt um lán hjá Verslunarlánasjóði. Aðdragandinn hefði verið sá, að ákærði Kristinn hefði farið fram á þetta, og hefði verið sótt um lánið vegna viðskiptasambanda og tengsla ákærða Kristins við stjórnendur Málningar hf. Stefán vissi ekki hvernig staðið var að ákvörðun um, að sótt skyldi um lánið, en taldi meiri hluta stjórnar Málningar hf., þá Valdimar Bergstað og Eggert Kristinsson, hafa tekið þessa ákvörðun. Stefán útfyllti síðan lánsumsókn í febrúar 1986 f.h. Málningar hf. þar sem sótt var um 6,5 milljóna króna lán og var það gert vegna húsbyggingar ákærða Kristins í Ingólfsstræti og öllum verið ljóst að lánið var vegna húsbyggingar.

Stefán kvað Málningu hf. síðan hafa gefið út skuldabréfið og ákærði Kristinn lagt til veðtryggingar. Fyrir utan þá tryggingu af hálfu ákærða Kristins kvaðst Stefán hafa tekið við 5 milljón króna tryggingarvíxli f.h. Málningar hf. en Stefán mundi ekki hvenær víxillinn var afhentur.

Lánið, 5 milljónir króna, hafi síðan verið greitt út í desember 1986 og hafi þeir fjármunir verið notaðir til að jafna út viðskiptaskuld ákærða Kristins hjá Málningu hf. og skuldajöfnunin farið fram að höfðu samráði við ákærða Kristin. Stefán kvaðst m.a. hafa greint ákærða Kristni frá því að dráttarvextir legðust á viðskiptaskuldina. Ekki hafi verið haft samráð við ákærða er þetta var gert, honum einungis greint frá þessu.

Stefán kvað ákærða og fyrirtæki hans, Málningarvörur, hafa safnað viðskiptaskuld frá því er sótt var um lánið þar til það fékkst afgreitt og taldi Stefán, að bæði sér og ákærða Kristni hefði verið það ljóst, að lánið færi til að greiða upp viðskiptaskuldina, hver sem hún yrði. Ekki hefði verið samið sérstaklega um þetta.

Stefán kvað ákærða Kristin í fyrstu hafa greitt afborganir af láninu, en það síðan farið í vanskil. Uppboðsbeiðni, dagsett 6. desember 1989, barst

Málningu hf., en ekkert var gert af hálfu fyrirtækisins til að koma skuldaskilum Málningar hf. og Málningarvara á hreint þrátt fyrir þetta. Hins vegar kvaðst Stefán hafa beðið kröfuhafann um að senda tilkynningar um greiðslu af skuldabréfinu til ákærða Kristins en ekki til Málningar hf. og taldi Stefán að við þetta hefði farið fram skuldskeyting, en ekki verið staðið að því á formlegan hátt.

Stefán kvaðst telja, að í raun hefði Málning hf., sem er skuldari samkvæmt skuldabréfinu, tekið lánið og endurlánað ákærða Kristni, en ekkert formlegt samkomulag hefði hins vegar verið gert um þessa ráðstöfun. Stefán kvað þannig ekkert eftirlit hafa verið með því af hálfu Málningar hf. að greiða af láninu, hafa eftirlit með því, að það yrði gert eða að sjá til, að formleg skuldskeyting færi fram.

Vitnið Eggert Kristinsson, stjórnarmaður í Málningu hf., kom fyrir dóminn 28. desember sl. Eggert er faðir ákærða Kristins.

Eggert kvað Málningu hf. hafa sótt um lán, að fjárhæð 6,5 milljónir króna í febrúar 1986, og hefði það verið gert vegna og í tengslum við byggingarframkvæmdir Málningarvara við Ingólfsstræti. Lánið hefði verið greitt út í desember 1986 og farið inn á bankareikning Málningar hf. enda hafi þeir verið lántakendur á þessum tíma. Ákærði Kristinn hafi þannig ekki fengið féð í hendur.

Á sínum tíma hafi verið um það samið að Málning hf. styddi ákærða Kristin á tvennan hátt, annars vegar þannig, að ákærði Kristinn mætti safna viðskiptaskuld, og hins vegar á þann hátt, að sótt var um lánið í hans þágu, og hefði hann átt að fá lánsféð í hendur. Aldrei hefði verið um það samið hversu há viðskiptaskuldin mætti vera. Það hefði verið opið. Valdimar Bergstað hefði staðið að þessum ákvörðunum ásamt sér, og hefði þar verið fullt samkomulag um að styðja ákærða Kristin þannig meðan á húsbyggingunni stæði.

Eggert kvaðst ekki vita til þess, að samið hefði verið um það við ákærða Kristin á tímabilinu, frá því að sótt var um lánið í febrúar 1986, þar til lánið var greitt út í desember s.á., hvort heimilt væri að ráðstafa fénu öðruvísi en afhenda það ákærða Kristni.

Eggert kvaðst hafa gefið út 5 milljón króna tryggingarvíxil, sem var til að tryggja viðskiptaskuld Málningarvara hjá Málningu hf. Eggert taldi líklegt að víxillinn hefði verið gefinn út, áður en lánið var greitt út í desember 1986, en þetta hefði þó allt átt sér stað á svipuðum tíma. Þessi víxill hefði verið skuldabréfinu óviðkomandi.

Eggert kvaðst telja það tvö aðskilin mál, annars vegar skuldabréfalánið, sem átti að renna til byggingarframkvæmda, svo sem rakið hefur verið, og hins vegar viðskiptaskuldina, sem 5 milljón króna víxillinn hefði átt að tryggja.

Eggert kvaðst ekkert þekkja hvernig fjárhagslegum samskiptum ákærða Kristins og Málningar hf. var háttað á þessum tíma og ekkert vita um hugsanlega fjárkröfu ákærða Kristins á hendur Málningu hf. en taldi að ákærði Kristinn ætti ekki fjárkröfu á hendur Málningu hf. á grundvelli skuldabréfsins.

Vitnið Sigurlaug Þorsteinsdóttir skrifstofumaður kom fyrir dóminn 28. desember sl. Sigurlaug er móðir ákærða Kristins.

Sigurlaug kvaðst hafa vitað af lánsumsókn og síðar af láni því, sem um getur í ákæru og það hefði verið sín trú, að lánsféð ætti að renna til húsbyggingar ákærða við Ingólfsstræti hér í borg. Sigurlaug kvaðst telja, að ákærði hefði aldrei ráðist í húsbygginguna nema af því að hann hafi reiknað með þessu fé í hana.

Sigurlaug kvaðst ekki geta svarað því hvort ákærði Kristinn ætti fjárkröfu á hendur Málningu hf. á grundvelli skuldabréfsins sem í ákæru greinir.

Sigurlaug greindi frá ýmsu í samskiptum ákærða og Málningar hf. í gegnum tíðina sem ekki er ástæða til að rekja hér. Hún kvaðst vita af því, að Eggert, eiginmaður sinn, hefði gefið út 5 milljón króna víxil, sem átti að tryggja viðskiptaskuld Málningarvara hjá Málningu hf.

Vitnið Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður kom fyrir dóminn 28. desember sl.

Jón Steinar kvað fyrstu afskipti sín af máli þessu hafa átt sér stað, eftir að Málningu hf. hafði verið sent innheimtubréf vegna skuldabréfs þess sem í ákæru greinir, en Jón Steinar er lögmaður Málningar hf. Jón Steinar kvaðst hafa greint ákærða Jóni frá því símleiðis, að engin skuld væri að baki hjá Málningu hf. Jón Steinar lýsti síðan bréfaskriftum sínum til ákærða Jóns og að forsvarsmenn Málningar hf. hefðu falið sér að leggja fram kæru á hendur ákærða Kristni, eftir að í ljós hefði komið, að ákærði Kristinn hefði verið ákveðinn í að innheimta skuldina samkvæmt skuldabréfinu, og kvaðst Jón Steinar hafa kært í byrjun desember 1992. Jón Steinar kvaðst í fyrstu hafa talið ákærða Kristin vera umbjóðanda ákærða Jóns. Þá hefði beiðni sinni um afhendingu skuldabréfsins verið hafnað.

Síðar hefði komið í ljós, að ákærði Guðmundur Albert var eigandi skuldabréfsins, og er það kom á daginn og eftir að stefna hafði verið gefin út, þá kvaðst Jón Steinar hafa kært ákærðu Guðmund Albert og Jón til rannsóknarlögreglunnar 2. apríl sl.

Kærubréfunum var lýst hér að framan.

Jón Steinar kvaðst einungis hafa vitað til þess, að kærði Kristinn hefði fengið að nýta sér lánsrétt Málningar hf. hjá Verslunarlánasjóði vegna viðskiptatengsla og persónulegra tengsla við fyrirsvarsmenn Málningar hf.

Hann kvaðst ekki vita hver bakgrunnurinn og aðdragandi lánsumsóknarinnar og lántökunnar hefði verið. Hið eina, sem hann kvaðst geta sagt um tilganginn með lántökunni, væri það, að Kristinn væri hinn raunverulegi lántakandi. Ekki hefðu farið fram ýtarleg samtöl um þetta og sér hvorki greint frá því til hvers lánið átti að ganga né varðandi útgreiðslu lánsins og kvaðst hann á þeim tíma ekki hafa vitað hvort Málning hf. eða ákærði Kristinn fengu lánsfjárhæðina í hendur.

Jón Steinar kvaðst ekki vita um það, hvort samið hefði verið um það milli Málningar hf. og ákærða Kristins, að Málning hf. gæti skuldajafnað vegna viðskiptaskuldarinnar þegar Málning hf. fékk í hendur andvirði lánsins í desember 1986.

Jón Steinar lýsti síðan málshöfðuninni á hendur Málningu hf. og málarekstrinum á grundvelli 17. kafla laga um meðferð einkamála. Hann kvað ákærða Jón hafa veitt sér alla umbeðna fresti í einkamálinu. Þá greindi Jón Steinar frá því, að fljótlega eftir þingfestingu einkamálsins hefði ákærði Jón greint sér frá því, að ekki væri ætlunin að reka einkamálið þannig að réttmætar varnir kæmust ekki að. Þessi afstaða ákærða Jóns hefði síðan komið formlega fram í þinghaldi 23. október sl. undir rekstri einkamálsins.

Vitnið Lárus Blöndal héraðsdómslögmaður kom fyrir dóminn 28. desember sl.

Lárus kvaðst minnast þess, að ákærði Guðmundur Albert hefði haft við sig símasamband fyrir 1–2 árum og, að því er Lárus taldi, áður en ákærði Guðmundur festi kaup á skuldabréfi því er í ákæru greinir. Lárus kvaðst ekki muna vel, hvað þeim ákærða Guðmundi fór á milli, en taldi þó, að ákærði Guðmundur hefði borið undir sig tilbúið dæmi og spurt, hvaða áhrif það hefði ef keypt yrði skuldabréf sem komið væri úr höndum upphaflegs eiganda og síðan kæmu upp deilur milli hans og útgefanda. Lárus kvaðst hafa lýst áliti sínu á þessu, en spurt ákærða Guðmund, um hvað ágreiningurinn snerist. Ákærði Guðmundur hefði ekki vitað það, en kvaðst hafa heyrt, að menn væru eitthvað ósáttir, en á þessum tíma hefði ákærði Guðmundur sagst ekki vita um hvað þessi ágreiningur snerist.

Vitnið Jón Bjarni Gunnarsson, fjármálastjóri Hörpu hf., kom fyrir dóminn 28. desember sl.

Jón Bjarni kvað fyrirtæki ákærða Kristins hafa skuldað Hörpu hf. peninga, og vegna þeirrar viðskiptaskuldar hefði Jón Bjarni þurft að rukka ákærða Kristin. Hann hefði ekki getað greitt, en m.a. boðið skuldabréf, sem Jón Bjarni kvaðst ekki vilja taka sem greiðslu bæði vegna þess, að samkeppnisaðili Hörpu hf. var útgefandi skuldabréfsins svo og vegna þess að ákærði Kristinn skuldaði viðskiptaskuld sem greiðast skyldi með peningum. Kristinn hefði þá spurt, hvort Jón Bjarni vissi um einhvern aðila sem hugsanlega vildi kaupa skuldabréfið, en sér hefði verið sýnt ljósrit skuldabréfsins. Jón Bjarni kvaðst hafa greint ákærða Kristni frá því, að hann þekkti mann sem eitthvað hefði gert af því að kaupa viðskiptakröfur og þar átt við ákærða Guðmund. Jón Bjarni hefði þá gefið ákærða Kristni upp nafn ákærða Guðmundar og símanúmer og þá kvaðst Jón Bjarni hafa fært þetta í tal við ákærða Guðmund næst er þeir hittust. Jón Bjarni kvaðst telja líklegt, að hann hefði nefnt við ákærða Guðmund, hver væri greiðandi skuldabréfsins.

Jón Bjarni kvaðst aldrei hafa haft frumrit skuldabréfsins undir höndum og ekkert vita hvernig staðið var að viðskiptum með skuldabréfið.

Vitnið Ástríður Sólrún Grímsdóttir lögfræðingur kom fyrir dóminn 28. desember sl.

Ástríður kvaðst hafa unnið sem fulltrúi á lögmannsstofu ákærða Jóns á þeim tíma er ákærði Kristinn kom með skuldabréfið á skrifstofuna til innheimtu. Ástríður kvað ákærða Kristni hafa verið vísað til sín þar sem ákærði Jón hefði ekki verið við á skrifstofunni. Ástríður kvaðst hafa tekið við skuldabréfinu og fengið framsalsáritun á bréfið frá banka þar sem bréfið var framselt til ákærða Kristins. Þetta hefði verið hið eina, sem Ástríður kvaðst hafa séð að vantaði á skuldabréfið til að unnt væri að innheimta það.

Síðan kvaðst Ástríður hafa gengið frá skuldabréfinu þannig að ákærði Kristinn framselur það handhafa. Þetta hefði verið gert að beiðni ákærða Kristins og verið gert án þess að ákærði Jón vissi af.

Ástríður kvaðst hafa sent innheimtubréf til Málningar hf., og hefði ákærði Jón engin afskipti haft þar af. Þá kvað Ástríður sig minna, að hún hefði borið orðalag veðbandslausnar undir ákærða Jón, en hún myndi það þó ekki fyllilega.

Ástríður kvaðst enga hugmynd hafa haft um það hvað lá að baki þessu skuldabréfi, en eftir að innheimtubréfið hefði verið sent, hefði einhver aðili frá Málningu hf. hringt, og eftir það hefði Ástríður afhent ákærða Jóni málið.

Vitnið Ingibjörg Pálsdóttir ritari kom fyrir dóminn 28. desember sl.

Ingibjörg vottaði veðbandslausn, dagsetta 10. september 1992, og afsal, dagsett 4. september 1992, bæði skjölin vegna sölu skuldabréfsins, sem í ákæru greinir. Ingibjörg mundi ekkert eftir því, hvort ákærðu Kristinn og Guðmundur hefðu verið staddir samtímis á skrifstofu ákærða Jóns á þeim tíma er hún vottaði skjölin. Ingibjörg kvaðst votta mjög mörg skjöl og ekkert muna sérstakt um þessi skjöl.

Vitnið Steinunn Sveinsdóttir ritari kom fyrir dóminn 28. desember sl. Steinunn staðfesti vottun sína á sömu skjöl og vitnið Ingibjörg Pálsdóttir vottaði. Hvorki ákærði Kristinn né ákærði Guðmundur hefðu verið viðstaddir er hún vottaði skjölin.

Niðurstöður.

I.

Svo sem rakið var, hefur ákærði Kristinn sagt rétta lýsingu í ákæruskjali á útgáfudegi skuldabréfsins, greiðsludegi og veðböndum, losun veðbanda og sölu skuldabréfsins til meðákærða Guðmundar á þeim tíma sem þar er lýst.

Rakinn var hér að framan framburður ákærða um aðdraganda þess, að Málning hf. sótti um lánið, svo og tilgangur lánsumsóknarinnar og í þessu sambandi vikið að „heiðursmannasamkomulagi“ sem ákærði kvað hafa komist á.

Ákærði hafnaði því, að stjórn Málningar hf. hefði heimilað sér að nýta lánsréttinn hjá Verslunarlánasjóði í þeim tilgangi að ráðstafa mætti lánsfjárhæðinni til greiðslu á skuld einkafyrirtækis hans, svo sem lýst er í ákæru.

Vitnin Valdimar Bergstað og Eggert Kristinsson, forsvarsmenn Málningar hf., hafa báðir borið, að sótt hafi verið um lánið svo sem ákærði bar og það átt að fara til nýbyggingar ákærða við Ingólfsstræti hér í borg. Þá hefur vitnið Sigurlaug Þorsteinsdóttir borið efnislega á sama veg.

Ekkert var bókað um þessa lánsumsókn Málningar hf. á stjórnarfundum hjá fyrirtækinu og málið aldrei rætt þar. Svo virðist sem fyrst og fremst hafi verið sótt um lánið að beiðni ákærða Kristins og Eggerts, föður hans, og þá vegna fjölskyldu- og ættartengsla ákærða Kristins við forsvarsmenn Málningar hf. Þessi skilningur fær stuðning í vitnaframburði.

Vitnið Stefán Guðjohnsen, sem annaðist framkvæmdahlið þessa máls, hefur borið, að öllum hafi verið ljóst frá upphafi, að sótt var um lánið vegna nýbyggingar ákærða.

Þá segir í lánsumsókninni frá 24. febrúar 1986, þar sem sótt er um 6,5 milljóna króna lán, að tilgangur lánsumsóknarinnar sé húsbygging.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til málavaxta, sem raktir hafa verið, þá er ekkert fram komið í málinu sem styður fullyrðingar í ákæru um að stjórn Málningar hf. hafi heimilað ákærða að nýta lánsrétt félagsins hjá Verslunarlánasjóði í þeim tilgangi að ráðstafa mætti lánsfjárhæðinni til greiðslu á skuld einkafyrirtækis hans, Málningarvara, við Málningu hf. Þvert á móti er sannað, að samið var um það munnlega, áður en sótt var um lánið, og lánsumsóknin ber það og með sér, að lánið var vegna nýbyggingar og átti lánsféð að renna þangað.

Ákærði seldi skuldabréfið á þeim tíma sem í ákæru greinir.

Ákærði hefur borið, að meðákærði Jón Magnússon hafi þar hvergi komið nærri.

Þá hefur meðákærði Guðmundur borið efnislega eins um það og meðákærði Jón vísað því á bug að hafa komið nærri sölu skuldabréfsins.

Með vísan til þessa og málavaxta að öðru leyti er ekkert fram komið sem sannar að meðákærði Jón hafi haft þá milligöngu við sölu skuldabréfsins sem lýst er í þessum ákærulið. Ákærði Kristinn seldi því skuldabréfið án milligöngu meðákærða Jóns, en svo sem rakið var lýsti vitnið Jón Bjarni Gunnarsson þætti sínum í því að koma ákærða Kristni í samband við meðákærða Guðmund. Ákærði Jón kom lítillega við sögu er útbúið var afsal en þá hafði sala skuldabréfsins í raun farið fram.

Ákærði Kristinn hefur haldið því fram, að hann hafi haft heimild til að ráðstafa skuldabréfinu eftir að hafa fengið það framselt sér. Ákærði Kristinn kvað Málningu hf. hafa ráðstafað andvirði skuldabréfsins til greiðslu á viðskiptareikningi Málningarvara er lánið var greitt út í desember 1986. Þá kvaðst ákærði hafa ýmsar athugasemdir fram að færa vegna þess uppgjörs, m. a. varðandi vexti o. fl., og aldrei hafa samþykkt, að skuldajöfnun færi fram. Stefán Guðjohnsen hafi ráðstafað fénu á þennan hátt án samráðs við sig. Þá kvað ákærði Kristinn stefna í það að hann tapaði aleigunni vegna viðskiptanna við Málningu hf. og í raun telja það fyrirtæki skulda sér stórfé og ávinningur sinn því enginn.

Stefán Guðjohnsen hefur borið, að ekki hafi verið samið sérstaklega um það, að ráðstafa mætti fénu á þennan hátt, en hann greint ákærða frá þessu og talið, að ljóst væri að lánsfjárhæðin yrði notuð á þennan hátt eftir að Málningarvörur höfðu safnað upp viðskiptaskuld hjá Málningu hf. á árinu 1986.

Valdimar Bergstað kvað Málningu hf. hafa umborið ákærða Kristni að mynda viðskiptaskuld á árinu 1986, en Valdimar samdi ekki um uppgjör þeirrar skuldar en taldi víst að Stefán Guðjohnsen hefði gert það.

Vitnið Eggert Kristinsson hefur borið að hann hafi ekki vitað til þess, að samið hefði verið um það við ákærða Kristin, að ráðstafa mætti lánsfénu öðruvísi en afhenda honum féð. Þá bar Eggert, að samið hefði verið um það, að ákærði Kristinn mætti safna viðskiptaskuld á byggingartímanum og það hefði verið opið, hversu há skuldin mátti vera, en til að tryggja viðskiptaskuldina hafi Eggert gefið út 5 milljón króna víxil.

Tryggingarvíxill þessi þykir ásamt öðrum gögnum málsins sýna, að til þess var ætlast a.m.k. af hálfu Eggerts Kristinssonar, að ákærði Kristinn fengi lánsféð í hendur vegna nýbyggingarinnar. Ákærði hafði sjálfur lagt til fullnægjandi veð til að tryggja skuldabréfalánið a.m.k. að mati Verslunarlánasjóðs og því ekki auðséð hver tilgangurinn með tryggingarvíxlinum hafi verið og framburður Stefáns Guðjohnsen um það óljós.

Ákærði greiddi skuldabréfið upp, svo sem lýst er í ákæru, og losaði fasteignir sínar úr veðböndum. Svo sem rakið hefur verið, er margt óljóst um fjárhagslegt uppgjör ákærða Kristins og Málningarvara annars vegar og Málningar hf. hins vegar, en úr því verður ekki leyst í þessu máli svo sem rakið var.

Þá er ljóst af því sem rakið hefur verið, að ekki hefur verið staðið sem skyldi að samskiptum og samningum ákærða Kristins og Málningarvara annars vegar og Málningar hf. hins vegar. Virðist það einkum stafa af persónu- og ættartengslum þess fólks er var í forsvari fyrirtækjanna. Þessir samskiptaörðugleikar og dráttur og/eða vöntun á fjárhagsuppgjöri þessara aðila er að mati dómsins veikur grunnur til að byggja á ákæru eftir að annar málsaðilinn kærði til lögreglu. En hvorki með kærunum né síðar voru lögð fram skjöl eða önnur gögn sem eru til þess fallin að renna stoðum undir staðhæfingar í ákæruskjali um, að samskipti og athafnir ákærða Kristins, sem lýst er í ákæru, séu saknæmar.

Hins vegar virðist ljóst af því sem nú hefur verið rakið að um tvö mál er að ræða, annars vegar umdeilt uppgjör vegna viðskiptaskuldarinnar og hins vegar uppgjör vegna þess, að ákærði Kristinn fékk ekki lánsféð í hendur eins og honum hafði verið lofað og samið var um.

Athygli vekur, að lögmaður Málningar hf., sem lagði fram kærubréf þau sem hleyptu lögreglurannsókn máls þessa af stað, vissi ekki hver var bakgrunnur lánsumsóknar þeirrar, sem lýst hefur verið, og í hvaða tilgangi lánið var tekið og hann hafi ekki rætt við forsvarsmenn Málningar hf. um útgreiðslu lánsins og til hvers það átti að ganga nákvæmlega. Hann vissi ekki heldur á þeim tíma, er kært var, hvort Málning hf. eða ákærði Kristinn fékk lánsfjárhæðina í hendur. Í kærubréfi lögmannsins frá 4. desember 1992 segir hins vegar, að eftir útgáfu skuldabréfsins hafi ákærði Kristinn áritað bréfið og veðsett fasteign sína og síðan fengið lánsféð í hendur.

Grundvöllur opinberu rannsóknarinnar var þannig veikur og í raun ákærunnar einnig og hefur þetta að mati dómsins komið skýrar í ljós við dómsmeðferð málsins.

Dómurinn telur, að ekki hafi verið sýnt fram á það af hálfu ákæruvaldsins, að samið hafi verið um eitthvað annað við útgáfu skuldabréfsins heldur en það sem getið var um að framan og ákærði og vitni hafa borið, þ.e. að ákærði fengi féð í hendur er lánið yrði greitt út.

Ekki er í máli þessu lagður neinn mælikvarði á samninga og samkomulag sem ákærði Kristinn kann að hafa gert í tengslum við skuldabréf þetta við einstaka forsvarsmenn Málningar hf. nema að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er til að taka afstöðu til þeirra brota sem honum eru gefin að sök í ákæru.

Þá hefur ákæruvaldið ekki sannað þá fullyrðingu í ákæru, að ákærði hafi ráðstafað skuldabréfinu sjálfum sér til ávinnings og Málningu hf. til tjóns. Dómurinn telur að færslur í bókhaldi ákærða breyti engu að þessu leyti og séu ekki til þess fallnar í máli þessu að færa sönnur á fullyrðingar ákæruvaldsins um það að ákærði hafi verið skuldari frá upphafi. Má í þessu sambandi benda á framburð ákærða um athugasemd endurskoðanda og að öðru leyti deilur um meðferð peninganna. Þá bar ákærði, að hann hefði reynt að fá forsvarsmenn Málningar hf. að samningaborðinu árið 1987 og 1988 en án árangurs og því greitt skuldabréfið upp og losað fasteignir sínar úr veðböndum.

Dómurinn telur fyrst og fremst um það að ræða, að fjárhagslegt uppgjör ákærða Kristins persónulega og vegna Málningarvara annars vegar og Málningar hf. hins vegar hefur enn ekki farið fram. Í þessu ljósi verður að skoða samskipti ákærða Kristins og Málningar hf.

Samkvæmt öllu því, sem nú hefur verið rakið, og að öðru leyti með vísan til málavaxta þykja engar sannanir fram komnar um það að ákærði Kristinn hafi með ráðstöfun skuldabréfsins gerst sekur um refsiverða háttsemi sem hann er hér ákærður fyrir og er hann því sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins.

II.

Þar sem ákærði Kristinn er sýknaður af háttsemi í I. kafla ákæru er ákærði Guðmundur Albert einnig sýknaður af hlutdeildarbroti í umboðssvikum meðákærða Kristins, en fyrri hluti þessa kafla ákæru lýtur að þessu.

Ákærða Guðmundi er jafnframt gefin að sök tilraun til fjársvika með því að krefja og síðan að höfða dómsmál á hendur Málningu hf. til innheimtu skuldarinnar samkvæmt skuldabréfinu auk vaxta og kostnaðar í því skyni að Málning hf., sem ákærði vissi eða mátti vita, að meðákærði Kristinn hafði ekki átt neina kröfu á samkvæmt skuldabréfinu, yrði dæmd til að greiða sér kröfurnar, eins og lýst er í þessum kafla ákæru.

Ákærði hefur borið að hann hafi enga vitneskju haft um samskipti meðákærða Kristins og Málningar hf. er hann festi kaup á skuldabréfinu. Ákærði hafi fyrst og fremst litið á greiðanda skuldabréfsins, Málningu hf. Aldrei hafi komið til tals að Málning hf. væri ekki hinn raunverulegi skuldari eins og skuldabréfið beri með sér.

Ekkert óvenjulegt hefur verið leitt í ljós við það er innheimtubréf var sent skuldaranum, Málningu hf., en í kjölfarið hafði lögmaður Málningar hf. fyrst símsamband og síðan með bréfaskriftum við meðákærða Jón. Eftir að opinber rannsókn hófst á þeim grunni, sem lýst var og framburður vitnisins Jóns Steinars Gunnlaugssonar ber með sér, ákvað ákærði Guðmundur að höfða dómsmál til innheimtu skuldarinnar samkvæmt skuldabréfinu. Strax í upphafi var ákveðið, að ekki yrði notfært það réttarfarshagræði sem 17. kafli laga um meðferð einkamála kveður á um varðandi takmarkanir varna í málum sem höfðuð eru með þeim hætti, en dómsmál ákærða Guðmundar á hendur Málningu hf. var höfðað á grundvelli 17. kafla laganna um meðferð einkamála.

Þetta fær og stoð í vitnisburði Jóns Steinars sem kvað ákærða Jón hafa greint sér frá því fljótlega eftir þingfestingu einkamálsins, að ekki væri meiningin að reka það mál þannig að lögmætar varnir kæmust ekki að. Ákærði Jón hefur borið efnislega eins. Skjöl málsins að öðru leyti styðja þetta, þ. á m. gögn úr framangreindu einkamáli.

Dómurinn telur ekkert fram komið í málinu sem gefi til kynna, að ákærði hafi vitað að meðákærði Kristinn hafi ekki átt kröfu á Málningu hf. samkvæmt skuldabréfinu.

Þá er heldur ekkert í málinu sem gefur tilefni til að álykta að ákærði hafi mátt vita að meðákærði Kristinn hafi ekki átt kröfu á Málningu hf. samkvæmt skuldabréfinu.

Ákærði Guðmundur hefur á hinn bóginn með málshöfðuninni og ákvörðun um að hleypa að öllum vörnum í einkamálinu gefið Málningu hf. tækifæri á því að koma að vörnum sem væntanlega varða samskipti Málningar hf. og ákærða Kristins og deilur þeirra varðandi skuldabréfið. Ákærði Guðmundur kom þar ekkert við sögu. Deilurnar eru í raun til komnar vegna þess hvernig staðið var að samskiptum og samningum ákærða Kristins og Málningar hf. svo sem rakið hefur verið. Þannig vildi ákærði Guðmundur, eins og hann greindi frá, koma í veg fyrir að skuldari yrði dæmdur til að greiða skuld sem ekki væri á rökum reist.

Með vísan til alls þessa og málavaxta að öðru leyti ber að sýkna ákærða Guðmund af öllum kröfum ákæruvaldsins.

III.

Allir ákærðu hafa borið, að ákærði Jón hafi engin afskipti haft af sölu skuldabréfsins.

Dómurinn telur ekkert það fram komið sem gefi til kynna að ákærði Jón hafi í opinberu sýslunarstarfi sínu sem hæstaréttarlögmaður haft milligöngu um viðskiptin með skuldabréfið. Þá vissi ákærði Jón ekkert um söluverð skuldabréfsins.

Þetta fær stuðning í framburði allra ákærðu og vitna sem báru um meðferð skuldabréfsins á lögmannsstofu ákærða Jóns. Þá bar vitnið Jón Bjarni Gunnarsson að hafa bent ákærða Kristni á meðákærða Guðmund sem hugsanlegan kaupanda skuldabréfsins.

Þá er ákært fyrir að hafa reynt að innheimta hjá Málningu hf. á grundvelli skuldabréfsins þá fjárhæð, sem í ákæru greinir, þrátt fyrir að hann vissi eða mætti vita, eins og viðskiptum með skuldabréfið hafði verið háttað, að meðákærði Kristinn ætti ekki á grundvelli þess kröfu á hendur Málningu hf.

Ákærði Jón vissi ekki af því að skuldabréfið var til innheimtumeðferðar á lögmannsstofunni fyrr en eftir að innheimtubréfið hafði verið sent út. Ákærði Jón átti þar ekki hlut að máli. Jafnvel þótt svo hefði verið er ekkert saknæmt við það eins og mál þetta er í pottinn búið og lýst hefur verið. Vitnið Ástríður Sólrún Grímsdóttir hefur og borið að innheimtubréfið hafi verið sent út án þess að ákærði Jón hafi vitað af því.

Ákærði Jón vissi því ekkert um skuldabréfið og/eða hugsanlegan ágreining vegna þess, fyrr en lögmaður Málningar hf. hafði við hann samband eftir sendingu innheimtubréfsins.

Þá er ekkert í málinu sem gefur til kynna að ákærði Jón hafi á þessari stundu mátt vita um það hvernig viðskiptum með skuldabréfið var háttað, en svo sem lýst er hér að framan var ekkert saknæmt við þau viðskipti.

Loks hefur ákærði Jón borið að hann hafi aldrei vitað og viti ekki enn, að meðákærði Kristinn hafi ekki átt kröfu á Málningu hf. samkvæmt skuldabréfinu.

Dómurinn telur samkvæmt þessu engin þau sönnunargögn hafa verið færð fram sem bendi til þess, að ákærði Jón hafi vitað eða mátt vita að meðákærði Kristinn hafi ekki á grundvelli skuldabréfsins átt kröfu á Málningu hf.

Loks er ákærða Jóni gefið að sök að hafa fylgt innheimtutilrauninni eftir með málshöfðun eftir að hafa fengið upplýsingar um að meðákærði Kristinn en ekki Málning hf. væri sjálfur hinn raunverulegi skuldari frá upphafi, og þannig í lögmannsstarfi sínu veitt meðákærðu Kristni og Guðmundi Albert hvorum á sinn hátt, liðsinni sitt til að auðgast með fyrrgreindum hætti á kostnað Málningar hf.

Ákærði Jón hefur borið, að hann hafi fyrst vitað um ágreining varðandi skuldabréfið er lögmaður Málningar hf. hringdi og hafði uppi mótbárur vegna innheimtubréfsins sem starfsmaður lögmannsstofunnar sendi Málningu hf. Dómurinn skilur ákæruna svo, þegar talað er um, að ákærði Jón hafi fengið upplýsingar um hver væri skuldari samkvæmt skuldabréfinu, að þá sé átt við upplýsingar sem ákærða Jóni bárust frá lögmanni Málningar hf. Upplýsingum úr annarri átt er ekki til að dreifa. Ákærði Jón aflaði sjálfur upplýsinga síðar hjá meðákærða Kristni um það sem lá að baki útgáfu skuldabréfsins.

Dómurinn telur að mótbárur lögmanns Málningar hf. hafi ekki getað verið þess eðlis, að ákærði Jón hafi á þeim forsendum vitað eða mátt vita, að meðákærði Kristinn væri hinn raunverulegi skuldari en ekki Málning hf. Þessi ályktun helgast fyrst og fremst af þeirri staðreynd, hvað lögmaður Málningar hf. a.m.k. á þessu stigi málsins vissi lítið um sjálfan bakgrunn útgáfu skuldabréfsins og að öðru leyti hvað hann fékk litlar upplýsingar frá forsvarsmönnum Málningar hf. og hann lýsti fyrir dóminum.

Ákærðu Jón og Guðmundur ákváðu í sameiningu að öllum vörnum skyldi hleypt að í einkamálinu og vísast til þess sem sagði í niðurstöðum varðandi II. kafla ákæru um þetta.

Dómurinn telur þannig, að ákærði Jón hafi, er málshöfðun var ákveðin að höfðu samráði við meðákærða Guðmund, ekki búið yfir vitneskju sem var til þess fallin að gera hann sekan um brot það sem í ákæru greinir.

Það, sem rakið hefur verið hér að framan, leiðir til þess, að sýkna ber ákærða Jón af öllum kröfum ákæruvaldsins. En eins og ákæru er háttað, þykir rétt að láta þess getið, sem rakið hefur verið hér að framan varðandi þennan kafla ákæru svo að huglæg afstaða ákærða Jóns komist að í máli þessu og á sama hátt og afstaða meðákærðu.

En þar sem ákærða Jóni er ýmist gefið að sök hlutdeildarbrot og hlutdeild í tilraunarbroti meðákærðu, sem hafa báðir verið sýknaðir, eins og rakið hefur verið, er ákærði Jón þegar af þeirri ástæðu sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Þessi niðurstaða leiðir til þess, að leggja ber allan sakarkostnað á ríkissjóð, þ.m.t. kr. 275.000 í réttargæslu- og málsvarnarlaun til Björns Ólafs Hallgrímssonar hæstaréttarlögmanns, verjanda ákærða Kristins, kr. 200.000 í málsvarnarlaun til Sigurðar G. Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, verjanda ákærða Guðmundar Alberts, og kr. 200.000 í málsvarnarlaun til Jónatans Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, verjanda ákærða Jóns.

Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari flutti málið af hálfu ákæruvaldsins.

Dómsorð:

Ákærðu, Kristinn Eggertsson, Guðmundur Albert Birgisson og Jón Magnússon, eru sýknaðir af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. kr. 275.000 í réttargæslu- og málsvarnarlaun til Björns Ólafs Hallgrímssonar hæstaréttarlögmanns, verjanda ákærða Kristins, kr. 200.000 í málsvarnarlaun til Sigurðar G. Guðjónssonar, hæstaréttarlögmanns, verjanda ákærða Guðmundar Alberts, og kr. 200.000 í málsvarnarlaun til Jónatans Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, verjanda ákærða Jóns.

Fimmtudaginn 26. maí 1994.

Nr. 410/1991. **Þorsteinn Scheving Thorsteinsson og**
Guðjón Kristleifsson
(Hróbjartur Jónatansson hrl.)
gegn
Ásrúnu Einarsdóttur
Landsbanka Íslands
Ragnari Jóni Péturssyni
Kristínu Sigfúsdóttur
Daníel Péturssyni
Guðnýju Pétursdóttur
Jóni Péturssyni
Önnu Þóru Pétursdóttur
Sigurjóni Ragnarssyni
Sigrúnu Gunnarsdóttur
Sigurveigu Ragnarsdóttur
Margréti Ragnarsdóttur og
Guðrúnu Ragnarsdóttur
(Helgi V. Jónsson hrl.)
og gagnsök

Húsaleigusamningur. Þinglýsing. Nauðungaruppboð. 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 15. október 1991, en gagnáfrýjunarstefna var gefin út 15. júní 1992 að fengnu leyfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 8. apríl sama ár.

Aðaláfrýjendur krefjast þess, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum gagnáfrýjenda. Þá krefjast þeir málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur krefjast þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að öðru leyti en um málskostnað. Þeir krefjast þess, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Til vara krefjast gagnáfrýjendur þess, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða sér 413.985 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 af 37.185 krónum frá 1. mars 1989 til 1. apríl sama ár, af 66.885 krónum frá þeim degi til 1. maí sama ár, af 96.585 krónum frá þeim degi til 1. júní sama ár, af 126.285 krónum frá þeim degi til 1. júlí sama ár, af 154.035 krónum frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, af 181.785 krónum frá þeim degi til 1. september sama ár, af 209.535 krónum frá þeim degi til 1. október sama ár, af 235.935 krónum frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, af 262.335 krónum frá þeim degi til 1. desember sama ár, af 288.735 krónum frá þeim degi til 1. janúar 1990, af 314.085 krónum frá þeim degi til 1. febrúar sama ár, af 339.435 krónum frá þeim degi til 1. mars sama ár, af 364.785 krónum frá þeim degi til 1. apríl sama ár, af 389.385 krónum frá þeim degi til 1. maí sama ár og af 413.985 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefjast gagnáfrýjendur höfuðstólsfærslu vaxta samkvæmt 12. gr. vaxtalaga, í fyrsta sinn 1. maí 1991, og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Önnur helsta málsástæða aðaláfrýjenda fyrir Hæstarétti er sú, að gagnáfrýjendur hafi eigi verið grandlausir um leigurétt aðaláfrýjenda, þegar þeir fengu út gefin eða framseld til sín þau skuldabréf, sem þinglýst var á fasteignina Einholt 2 í Reykjavík 3. maí 1983, rúmu einu og hálfu ári eftir gerð húsaleigusamnings aðaláfrýjenda við fyrri eigendur, en rúmu ári áður en honum var þinglýst á eignina, sbr. 2. mgr. 29. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Ekki verður séð, að þessari málsástæðu hafi verið hreyft í héraði, svo sem aðaláfrýjendum var þó í lófa lagið. Hún kemur eigi til álita fyrir Hæstarétti gegn andmælum gagnáfrýjenda, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

II.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Ákvæði söluskilmála við fasteignauppboð þess efnis, að kaupandi sé bundinn við löglega gerða leigusamninga, verður að meta með hliðsjón af þinglýsingarreglum eða öðrum lagaákvæðum um rétthæð slíkra samninga gagnvart veðkröfum í eign. Eins og málið liggur fyrir, ber að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að húsaleigusamningur aðaláfrýjenda við fyrri eigendur Einholts 2 frá 3. september 1981 hafi ekki haft gildi gagnvart gagnáfrýjendum frá uppboðsdegi eignarinnar 21. febrúar 1989, sbr. 1. mgr. 29. gr. laga nr. 39/1978. Gagnáfrýjendur verða ekki heldur bundnir af fyrirframgreiðslu leigugjalds af hálfu aðaláfrýjenda í lengri tíma en eitt ár frá uppboðsdegi, en samkvæmt 2. mgr. 31. gr. þinglýsingalaga er fyrirframgreiðsla um lengri tíma háð þinglýsingu. Kvittun til aðaláfrýjenda um fyrirframgreiðslu fyrir tímabilið 1. mars 1986 til jafnlengdar 1991, sem þinglýst var 11. desember 1986, haggar ekki þeirri niðurstöðu. Rétt þykir eftir þessu, að aðaláfrýjendur gjaldi gagnáfrýjendum leigu frá og með næstu mánaðamótum, eftir að ár var liðið frá uppboðsdegi til 1. júní 1990, en leigukröfur gagnáfrýjenda ná til þess dags. Fallist verður á það mat héraðsdómara, að leigugjald skuli fara eftir húsaleigusamningi aðaláfrýjenda við fyrri eigendur, og nemur ógreidd leiga þá samtals 127.950 krónum. Rétt þykir, að leigugjaldið beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, eins og nánar segir í dómsorði.

III.

Á það verður fallist með héraðsdómi, að dómkröfu gagnáfrýjenda um rýmingu húsnæðisins skuli skoða sem uppsögn á ótímabundnum leigumála, er komist hafi á milli aðila þessa máls á uppboðsdegi. Það húsnæði, sem um er að ræða, er sérhannað til rksturs tannlæknastofu, og hafa aðaláfrýjendur rekið starfsemi sína í því um tæplega þrettán ára skeið. Gera verður ráð fyrir því, að þeir hafi aflað sér sérstakrar viðskiptavildar í húsnæðinu og flutningur þeirra í annað húsnæði sé háður nokkrum erfiðleikum. Með hliðsjón af 3. tl. 13. gr. laga nr. 44/1979 um húsaleigusamninga þykir því rétt, að aðaláfrýjendur hafi tólf mánaða frest frá uppsögu þessa dóms til þess að rýma húsnæðið.

IV.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms verður ekki raskað. Rétt þykir, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjendum hverjum um sig 20.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Húsaleigusamningur milli aðaláfrýjenda, Þorsteins Scheving Thorsteinsson og Guðjóns Kristleifssonar, og Pálmars Magnússonar 3. september 1981 um leigu á þriðju hæð austurenda Einholts 2 í Reykjavík hefur ekki gildi frá 21. febrúar 1989 gagnvart gagnáfrýjendum, Ásrúnu Einarsdóttur, Landsbanka Íslands, Ragnari Jóni Péturssyni, Kristínu Sigfúsdóttur, Daníel Péturssyni, Guðnýju Pétursdóttur, Jóni Péturssyni, Önnu Þóru Pétursdóttur, Sigurjóni Ragnarssyni, Sigrúnu Gunnarsdóttur, Sigurveigu Ragnarsdóttur, Margréti Ragnarsdóttur og Guðrúnu Ragnarsdóttur.

Aðaláfrýjendur skulu hafa rýmt framangreint leiguhúsnæði eigi síðar en að liðnum tólf mánuðum frá uppsögu þessa dóms.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjendum óskipt 127.950 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, af 42.150 krónum frá 1. mars 1990 til 1. apríl sama ár, af 85.050 krónum frá þeim degi til 1. maí sama ár og af 127.950 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Heimilt er að leggja dráttarvexti við höfuðstól, í fyrsta sinn 1. maí 1991.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms er staðfest.

Aðaláfrýjendur skulu óskipt greiða gagnáfrýjendum hverjum um sig 20.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. september 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 17. september sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Ásrúnu Einarsdóttur, kt. 060616-2489, Grenimel 32, Rvík, Landsbanka Íslands, kt. 710169-3819, Austurstræti 11, Rvík, Ragnari Jóni Péturssyni, kt. 120546-2019, Fjarðarseli 8, Rvík, Kristínu Sigfúsdóttur, kt. 290334-2339, Laugalæk 54, Rvík, Daníel Péturssyni, kt. 080232-2099, Sunnuflöt 32, Garðabæ, Guðnýju Pétursdóttur, kt. 200238-4279, Strýtuseli 11, Rvík, Jóni Péturssyni, kt. 300639-2839, Sunnuflöt 10, Garðabæ, Önnu Þóru Pétursdóttur, Reno, Nevada, Bandaríkjunum, Sigurjóni Ragnarssyni, kt. 160729-2289, og Sigrúnu Gunnarsdóttur, kt. 240438-3489, báðum til heimilis að Blikanesi 13, Garðabæ, Sigurveigu Ragnarsdóttur, kt. 280231-3409, Hvassaleiti 43, Rvík, Margréti Ragnarsdóttur, kt. 071124-3209, Laugarásvegi 43, Rvík, og Guðrúnu Ragnarsdóttur, kt. 031136-3349, Fairfax, Virginíu, Bandaríkjunum, gegn Þorsteini Scheving Thorsteinsson, kt. 180552-4569, tannlækni, Tjarnarbóli 10, Seltjarnarnesi, og Guðjóni Kristleifssyni, kt. 070553-3339, tannlækni, Lyngbergi 19b, Hafnarfirði, með stefnu, þingfestri 28. júní 1990.

Dómkröfur stefnenda eru þessar:

1. Að staðfest verði með dómi, að hvorki húsaleigusamningur milli stefndu og Pálmars Magnússonar, dags. 3. sept. 1981, um leigu á 3. hæð, austurenda, Einholts 2, Reykjavík, né kvöð um fyrirframgreiðslu stefndu á húsaleigu til Pálmars Magnússonar hafi gildi gagnvart stefnendum frá 21. febr. 1989 og að stefndu verði dæmdir til að rýma húsnæði það á 3. hæð Einholts 2, austurenda, sem þeir höfðu afnot af skv. húsaleigusamningi þessum.
2. Að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnendum in solidum kr. 1.028.250,00 ásamt [nánar tilgreindum dráttarvöxtum].
3. Stefnendur krefjast þess að stefndu verði dæmdir til að greiða þeim in solidum málskostnað [...].

Til vara:

1. Að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnendum in solidum kr. 413.985,00 ásamt [nánar tilgreindum dráttarvöxtum].
2. Stefnendur krefjast þess að stefndu verði dæmdir til að greiða þeim in solidum málskostnað [...].

Dómkröfur stefndu eru að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnenda og að stefnendum verði gert að greiða stefndu málskostnað in solidum [...].

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 22. maí sl. Það var endurupptekið, endurflutt og dómtekið á ný hinn 17. september sl.

I.

Með samningi, dags. 3. sept. 1981, tóku stefndu á leigu 3. hæð fasteignarinnar nr. 2 við Einholt í Reykjavík. Leigutíminn hófst 1. september 1981 og skyldi standa til 31. ágúst 2001, þ.e. til 20 ára. Leiguhúsnæðið var 150 m^2 og nam leigan kr. 28 á hvern m^2 hins leigða húsnæðis og var leigufjárhæðin háð breytingum á húsaleiguvísitölu atvinnuhúsnæðis.

Leigusali var Pálmar Magnússon, þáverandi eigandi fasteignarinnar. Stefndu greiddu fyrir fram kr. 75.000 við undirritun leigusamnings. Húsaleigusamningnum var þinglýst 13. júní 1984. Þann 11. desember 1986 var þinglýst kvittun, þar sem stefndu greiddu húsaleigu fyrir fram fyrir tímabilið 1. mars 1986 til 1. mars 1991, en upphæðar fyrirframgreiddu leigunnar er ekki getið í hinu þinglýsta skjali.

Stefnendur fengu umrædda fasteign lagða sér út sem ófullnægðir veðhafar í uppboðsrétti Reykjavíkur 7. maí 1990 eftir að hafa orðið hæstbjóðendur á nauðungaruppboði sem fram fór á eigninni 21. febrúar 1989. Grundvöllur útlagningar voru 56 veðskuldabréf, út gefin 29. apríl 1983, sem þinglýst var á fasteignina 3. maí 1983.

Eftir uppboðið 21. febrúar 1989 lýstu stefnendur því yfir við stefndu að þeir teldu húsaleigusamninginn við fyrri eiganda og fyrirframgreiðslu á húsaleigu til hans ekki hafa gildi gagnvart sér sem útlagningarhöfum. Stefndu lýstu sig ósamþykka þessum skilningi. Samkomulag varð með aðilum um að stefndu hefðu heimild til að vera áfram í húsnæðinu um óákveðinn tíma, á meðan úr ágreiningnum yrði skorið í dómsmáli.

– – –

IV.

Húsaleigusamningur sá, sem hér um ræðir, var til 20 ára og var því um réttarvernd háður þinglýsingu svo sem leitt verður af 2. tl. 31. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Samningi þessum, sem dags. er 3. september 1981, var þinglýst á eignina Einholt 2, Reykjavík, hinn 13. september 1984. Veðskuldabréfum þeim, sem útlagning eignarinnar til stefnenda byggðist á, var hins vegar þinglýst á eignina 3. maí 1983. Verður því fallist á það með stefnendum að samningurinn hafi ekki haft gildi gagnvart þeim frá uppboðsdegi eignarinnar að telja hinn 21. febrúar 1989, sbr. 1. mgr. 29. gr. laga nr. 39/1978. Sama gildir um kvöð þá sem fólst í fyrirframgreiðslu húsaleigu og þinglýst var kvittun um hinn 11. desember 1986. Ber að líta svo á að við uppboðið hafi fallið niður hinn tímabundni húsaleigusamningur um 3ju hæð fasteignarinnar Einholts 2 og nýr ótímabundinn leigumáli hafist milli aðila máls þessa, sbr. 17. gr. laga nr. 44/1979 um húsaleigusamninga.

Dómkröfur stefnenda um rýmingu húsnæðisins ber að skoða sem uppsögn á hinum ótímabundna leigumála aðila, og skal uppsagnarfrestur vera sex mánuðir samkvæmt 3. tl. 13. gr. laga nr. 44/1979 frá birtingu dóms þessa að telja.

Kröfu stefnenda um húsaleigu samkvæmt 2. tl. aðalkröfu hefur verið andmælt af hálfu stefndu. Ekki verður talið að stefnendur hafi með málatilbúnaði sínum sýnt nægilega fram á að sú leigufjárhæð sé eðlileg og sanngjörn fyrir það húsnæði sem hér um ræðir og stefndu hafa innréttað og aðlagað starfsemi sinni. Eftir atvikum þykir rétt að stefndu greiði húsaleigu í samræmi við umsamda leigufjárhæð samkvæmt fyrri leigumála, sem gerð er grein fyrir í fram lögðu yfirliti um sundurliðun dómkrafna. Ber því að dæma stefndu til þess að greiða stefnendum óskipt kr. 614.265,00 og með dráttarvöxtum, eins og nánar greinir í dómsorði.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Staðfest er, að húsaleigusamningur milli stefndu og Pálmars Magnússonar, dags. 3. sept. 1981, um leigu á 3. hæð, austurenda, Einholts 2, Reykjavík, og kvöð um fyrirframgreiðslu stefndu á húsaleigu til Pálmars Magnússonar hefur ekki gildi gagnvart stefnendum frá 21. febrúar 1989.

Stefndu, Þorsteini Scheving Thorsteinssyni og Guðjóni Kristleifssyni, ber að rýma húsnæði það á 3. hæð Einholts 2, austurenda, sem þeir hafa haft leiguafnot af, að liðnum sex mánuðum frá birtingu dóms þessa að telja.

Stefndu, Þorsteinn Scheving Thorsteinsson og Guðjón Kristleifsson, greiði óskipt stefnendum, Ásrúnu Einarsdóttur, Landsbanka Íslands, Ragnari Jóni Péturssyni, Kristínu Sigfúsdóttur, Daníel Péturssyni, Guðnýju Pétursdóttur, Jóni Péturssyni, Önnu Þóru Pétursdóttur, Sigurjóni Ragnarssyni, Sigrúnu Gunnarsdóttur, Sigurveigu Ragnarsdóttur, Margréti Ragnarsdóttur og Guðrúnu Ragnarsdóttur, kr. 614.265 ásamt dráttarvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, af kr. 46.065 frá 1. mars 1989 til 1. apríl 1989, af kr. 83.865 frá þeim degi til 1. maí 1989, af kr. 121.665 frá þ.d. til 1. júní 1989, af kr. 159.465 frá þ.d. til 1. júlí 1989, af kr. 199.215 frá þ.d. til 1. ágúst 1989, af kr. 238.965 frá þ.d. til 1. september 1989, af kr. 278.715 frá þ.d. til 1. október 1989, af kr. 319.815 frá þ.d. til 1. nóvember 1989, af kr. 360.915 frá þ.d. til 1. desember 1989, af kr. 402.015 frá þ.d. til 1. janúar 1990, af kr. 444.165 frá þ.d. til 1. febrúar 1990, af kr. 486.315 frá þ.d. til 1. mars 1990, af kr. 528.465 frá þ.d. til 1. apríl 1990, af kr. 571.365 frá þ.d. til 1. maí 1990, og af kr. 614.265 frá þeim degi til greiðsludags.

Dráttarvextir leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. maí 1991, í samræmi við 12. grein laga nr. 25/1987.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 26. maí 1994.

Nr. 472/1993. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Jóni Guðna Péturssyni
Rögnvaldi Guðmundssyni
Gunnari Óla Sigurðssyni
Jóni Magnússyni og
Arnþóri Magnússyni
(Jónatan Sveinsson hrl.)

Dýravernd. Ákæra. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 21. október 1993 til sakfellingar samkvæmt ákæru, refsiákvörðunar og upptöku ísbjarnarhræs.

Nokkur ný gögn voru lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Í ákæruskjali 5. ágúst 1993 er ákærðu gefið að sök að hafa, „er þeir voru á grálúðuveiðum . . . 67 sjómílur norður af Horni náð í félagi að fanga ísbjörn, sem þar var á sundi, með snöru og síðan sammælst um að deyða dýrið og framkvæmt það með því að útbúa og bregða snörum, þ. á m. einni úr vír, um háls dýrsins og eftir það allir hert að hálsi dýrsins við skipshliðina þar til það drapst eftir nokkrar mínútur og ákærðu innbyrtu hræið“. Er þetta talið varða við 1. mgr. 9. gr., sbr. 1. mgr. 18. gr., laga nr. 21/1957 um dýravernd. Við meðferð málsins var leitt í ljós, að framangreind lýsing í ákæru er röng að því leyti, að vír var ekki notaður við aflífun ísbjarnarins, heldur var nælontóg brugðið um hálsinn, eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi.

Vegna heimfærslu til refsiákvæða í ákæru verður að skilja hana svo, að það hafi ekki verið talið saknæmt af hálfu ákærðu að fanga ísbjörninn umrætt sinn og deyða hann, heldur hafi ólögmætum aðferðum verið beitt við aflífun dýrsins. Í héraði var málið að frumkvæði héraðsdómara flutt með hliðsjón af því, að verknaður ákærðu kynni að hafa brotið gegn 1. gr. dýraverndunarlaga, sbr. 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Málið hlaut sömu umfjöllun í Hæstarétti. Er því til álita í málinu, hvort framferði ákærðu hafi verið saknæmt frá þeirri stundu, er þeir náðu að fanga ísbjörninn.

II.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi. Verður að leggja þann framburð ákærðu til grundvallar, að þeir hafi haft í hyggju að fanga ísbjörninn í því skyni að færa hann lifandi til hafnar. Þeir náðu að bregða vírstroffu utan um miðju dýrsins og hugðust hífa það þannig um borð í skipið. Í málinu nýtur hvorki gagna um áverka á dýrinu né skýrslu um krufningu þess. Ekki hefur verið sýnt fram á, að ákærðu hafi með aðferðum sínum valdið ísbirninum meiri þjáningum en efni voru til. Þá verður eigi talið, að þeir hafi hlotið að sjá það fyrir, að tilætlun þeirra myndi ekki takast.

Með þessum athugasemdum ber að fallast á sönnunarmat héraðsdómara. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu fyrir Hæstarétti, Jónatans Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar

Ákærðu bera á einn veg um atvik máls þessa, eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, og er rétt að leggja frásögn þeirra til grundvallar um úrlausn þess. Af henni verður ráðið, að þeir hafi lagt til atlögu við ísbjörninn í fljótræði og án eiginlegrar fyrirhyggju um það, hvernig þeir gætu náð birninum um borð í skip sitt og flutt hann til lands, án þess að slys yrðu á dýrinu og þeim sjálfum. Verður aðgerðin naumast talin til veiði eða föngunar í neinni merkingu, er þýðingu hafi að lögum, eins og að henni var staðið. Ákvörðun þeirra um að aflífa björninn við skipssíðuna verður og að meta svo, að þá hafi ekki brostið kjark til að leiða aðgerðina til lykta, heldur hafi þeir einfaldlega séð, að stefnt var í óefni. Á það má fallast, að sú ákvörðun hafi verið réttlætanleg, úr því sem komið var, og framkvæmd með þeim hætti, sem helst kom til greina. Eru þá ekki efni til þess, að ákærðu verði taldir brotlegir við 1. mgr. 9. gr. laga nr. 21/1957 um dýravernd. Á hinn bóginn leysti þetta skipverjana ekki undan ábyrgð á þeirri meðferð á dýrinu, sem til hafði verið stofnað í verki, en í henni fólst ótvírætt brot gegn hinu almenna ákvæði 1. gr. laganna, sbr. 1. mgr. 18. gr. þeirra. Unnt er að beita því ákvæði, eins og ákæru og málflutningi er háttað, og rétt, að svo verði gert.

Ákærðu eru á einu máli um, að þeir hafi staðið saman að öllum þáttum aðgerðarinnar, og var hún óskyld þeim starfa, er þeir höfðu annars á skipinu. Ber þannig að sakfella þá alla fyrir umrætt brot, eins og krafist er af hálfu ákæruvaldsins. Enginn þeirra hefur áður orðið brotlegur við lög með þeim hætti, að máli skipti um viðurlög fyrir það. Með tilliti til þess og til allra málsatvika er rétt, að ákvörðun um refsingu á hendur þeim verði frestað skilorðsbundið samkvæmt a-lið 1. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Fallast ber á kröfu ákæruvaldsins um eignarupptöku á ísbirninum, þar sem hann er nú varðveittur, sbr. 3. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga. Þá ber og að gera ákærðu að greiða kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti að jöfnum hlutum.

Dómur Héraðsdóms Vestfjarða 27. september 1993.

Ár 1993, mánudaginn 27. september, er á dómþingi Héraðsdóms Vestfjarða, sem háð er í dómsal embættisins að Hafnarstræti 1, Ísafirði, af Jónasi Jóhannssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-28/1993: Ákæruvaldið gegn Jóni Guðna Péturssyni o.fl., sem tekið var til dóms hinn 24. s.m. að loknum munnlegum málflutningi.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 5. ágúst 1993, á hendur ákærðu, Jóni Guðna Péturssyni skipstjóra, Skólastíg 10, Bolungarvík, kt. 230347-4339, Rögnvaldi Guðmundssyni stýrimanni, Traðarlandi 4, Bolungarvík, kt. 170549-3849, Gunnari Óla Sigurðssyni nema, Langholtsvegi 100, Reykjavík, kt. 020974-3709, Jóni Magnússyni sjómanni, Hlíðarstræti 20, Bolungarvík, kt. 270867-3679, og Arnþóri Magnússyni sjómanni, Völusteinsstræti 3, Bolungarvík, kt. 110770-5889, „fyrir brot á lögum um dýravernd nr. 21 frá 13. apríl 1957 með því að hafa fimmtudaginn 24. júní 1993 um kl. 19.00, er þeir voru á grálúðuveiðum á skipinu um 67 sjómílur norður af Horni, náð í félagi að fanga ísbjörn, sem þar var á sundi, með snöru og síðan sammælst um að deyða dýrið og framkvæmt það með því að útbúa og bregða snörum, þ.á m. einni úr vír, um háls dýrsins og eftir það allir hert að hálsi dýrsins við skipshliðina þar til það drapst eftir nokkrar mínútur og ákærðu innbyrtu hræið.

Telst brot ákærðu varða við 1. mgr. 9. gr., sbr. 1. mgr. 18. gr. laga um dýravernd nr. 21/1957, sbr. 1. gr. laga nr. 38/1968, og 7. gr. laga nr. 75/1982.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til upptöku ísbjarnarhræsins samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940."

– – –

Málavextir.

Fimmtudaginn 24. júní síðastliðinn voru skipverjar á vélskipinu Guðnýju ÍS-266 á grálúðuveiðum um 67 sjómílur norður af Horni er þeir urðu varir við ísbjörn á sundi í námunda við skipið. Voru skipverjar þá að ljúka við að draga inn veiðarfæri, en á meðan svamlaði björninn kringum skipið, án þess að á honum sæjust nokkur merki um ótta. Vaknaði þá sú hugmynd meðal skipverja, ákærðu í málinu, að fanga björninn og færa hann lifandi til hafnar. Voru því útbúnar nokkrar snörur, þ. á m. ein úr 11 mm stálvír, en því næst sigldu ákærðu að dýrinu og náðu fyrirhafnarlítið að koma vírsnörunni utan um miðju þess og herða að. Drógu ákærðu síðan dýrið að skipshlið og fóru að hífa það um borð. Við það kom fát á dýrið, sem tók að berjast um og slá kröftuglega í síðu skipsins. Varð ákærðu þá ljóst, að undir slíkum kringumstæðum yrði ógerningur að koma dýrinu lifandi um borð og sammæltust þeir þess í stað að hengja dýrið og innbyrða það síðan, en hvorki skotvopn né annars konar vopn voru um borð í skipinu. Brugðu ákærðu því nælonsnöru um háls dýrsins og hertu allir að, uns dýrið hætti að berjast um og fullvíst þótti að það væri dautt. Töldu ákærðu síðar að deyðingin hefði tekið um 1-2 mínútur. Var hræið síðan híft um borð og því komið fyrir niðri í lest skipsins, þar sem það var geymt, uns komið var til heimahafnar í Bolungarvík tveimur dögum síðar. Lögreglustjórinn í Bolungarvík lagði þar hald á hræið hinn 6. júlí síðastliðinn og var það daginn eftir sent umhverfisráðuneytinu til varðveislu.

Ákærðu hafa allir komið fyrir dóm vegna málsins. Er framburður þeirra samhljóða í öllum meginatriðum og í fullu samræmi við þá atvikalýsingu, sem að framan er rakin. Einnig er ljóst af framburði ákærðu, að hugur þeirra stóð upphaflega til þess að ná dýrinu lifandi og að einhuga ákvörðun þeirra um deyðingu þess hafi ekki verið tekin fyrr en búið var að hífa dýrið upp úr sjónum. Allir hafa ákærðu borið, að á þeirri stundu hafi þeir talið óhjákvæmilegt að deyða dýrið, þar sem ómögulegt hefði verið að leysa vírsnöruna utan af því, enda hvorki vírklippur né önnur álíka verkfæri um borð í skipinu og því óforsvaranlegt að sleppa dýrinu í sjó með allt að 40-50 faðma af stálvír utan um sig. Þar sem engin vopn voru tiltæk mátu ákærðu allir aðstæður svo, að eina úrræði þeirra væri að hengja dýrið með snöru.

Um hvatir að baki því að fanga ísbjörninn verður ekkert ráðið með vissu af framburði ákærðu annað en það, að ekki hafi verið um hreina drápsfýsn að ræða. Hafa tveir þeirra borið, að ætlunin hafi verið að gefa björninn á safn eða í dýragarð. Einn ákærðu telur ævintýramennsku hafa ráðið gjörðum sínum, en tveir ákærðu bera að þeir hafi ekki leitt hugann að tilgangi veiðanna.

Niðurstaða.

Samkvæmt 7. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849, sem enn er í gildi, má hver maður elta birni og veiða, hvar sem hann finnur, og á sá maður björn, sem fyrstur kemur á hann banasári. Tilskipun þessi er fáorð um verndun dýra, enda tilgangur hennar fyrst og fremst að vernda rétt manna til veiða og eignarrétt þeirra að veiðibráð. Eru veiðiaðferðum þar fáar skorður settar.

Með lögum nr. 34/1915 voru lögfest ýmis almenn ákvæði er lutu að dýravernd. Gætir þar fyrst að marki þeirra lagasjónarmiða, að verndun dýra væri nauðsynleg í þágu almannahagsmuna og með illri meðferð á dýrum væri vegið að mannúðar- og samúðarkennd manna, sem aftur krefðist viðbragða af hálfu hins opinbera. Hvorki eru þó í þeim lögum né í núgildandi lögum um dýravernd nr. 21/1957 ákvæði er lúta sérstaklega að veiði dýra, veiðitækjum eða veiðiaðferðum, en samkvæmt athugasemdum, er fylgdu frumvarpi til hinna nýju laga á sínum tíma, munu viðhorf löggjafans hafa verið þau, að meta yrði eftir almennum sjónarmiðum og hverju sinni hvort tilteknir veiðihættir feli í sér illa meðferð á dýrum að nauðsynjalausu. Sé þá ekki loku fyrir það skotið, að beita megi 1. gr. laganna um þau efni, en hún hljóðar svo: „Skylt er að fara vel með dýr, svo að þau þjáist ekki að nauðsynjalausu.“ Verður ákvæði þetta ekki skýrt á annan veg en þann, að það nái til allra dýra, sbr. ótvírætt orðalag þar að lútandi í athugasemdum með frumvarpinu. Ljóst er hins vegar af lestri athugasemdanna og laganna í heild, að húsdýrum er þar tryggð ríkari vernd en villtum dýrum.

Ákærðu í máli þessu er gefið að sök að hafa brotið gegn 1. mgr. 9. gr. téðra laga, en hún hljóðar svo: „Þegar dýr eru deydd, ber að gæta þess, að deyðing fari fram með jafnhröðum og sársaukalitlum hætti og frekast er völ á.“ Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. er ráðherra síðan falið að setja nánari reglur um þetta. Hefur svo verið gert með reglugerð nr. 158/1957 um slátrun búfjár o.fl., en svo sem nafnið ber með sér er í reglugerðinni eingöngu fjallað um aflífun húsdýra og slátrun búpenings. Má því fallast á það með verjanda ákærðu, að við lögfestingu 9. gr. hafi almenni löggjafinn fyrst og fremst haft húsdýr í huga, sbr. og fyrrgreindar athugasemdir með frumvarpi til laganna. Hvorki er þar né í sjálfum lögunum að finna neina skýringu á því í hverju sú háttsemi er fólgin við deyðingu villtra dýra, sem talin er óhæfileg og lögunum andstæð. Er því ljóst, að slíkt heyrir undir mat dómstóla hverju sinni, sem meðal annars ber að taka mið af almennum viðhorfum til deyðingar villtra dýra og hugsanlegum venjum sem myndast hafa í samskiptum manna og slíkra dýra. Þá ber í máli þessu að líta sérstaklega til þess, að með 7. gr. fyrrnefndrar tilskipunar er veiði á ísbjörnum gefin frjáls. Verður hér að túlka orð 1. mgr. 9. gr. einnig með hliðsjón af þeirri staðreynd.

Eins og máli þessu er háttað verður við úrlausn þess að leggja til grundvallar samhljóða framburð ákærðu um málsatvik, svo sem þeim er áður lýst. Er þannig ósannað, að með ákærðu hafi vaknað ásetningur til að bana ísbirninum fyrr en búið var að hífa hann úr sjó og björninn farinn að láta ófriðlega og berja kröftuglega í síðu skipsins. Við þær aðstæður verður það ekki virt ákærðu til lasts, þótt þá brysti kjark til að innbyrða björninn lifandi, en ósannað er að þeir hafi átt þess kost að losa vírsnöruna af birninum og sleppa honum þannig í sjóinn. Þar sem engin skotvopn eða lagvopn voru um borð í skipinu verður að fallast á það með ákærðu, að þeim hafi í stöðunni verið nauðugur einn kostur að hengja björninn við skipssíðuna. Er ósannað, að ákærðu hafi dvalið lengur við þann verknað en nauðsyn bar til. Einnig er ósannað, að ákærðu hafi við deyðinguna valdið birninum ónauðsynlegum þjáningum. Ber því samkvæmt 45. og 46. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 að sýkna ákærðu af ætluðu broti.

Kemur þá til álita hvort ákærðu hafi með háttsemi sinni greindan dag brotið gegn 1. gr. dýraverndunarlaga, sem áður er rakin, en svo sem verknaðarlýsingu er háttað í ákæruskjali girðir 1. mgr. 117. gr. laga um meðferð opinberra mála ekki fyrir að færa megi háttsemi ákærðu undir téða lagagrein. Voru ákærðu og yfirheyrðir fyrir dómi með hliðsjón af þessu og sakflytjendum gefið færi á að tjá sig um sakaratriði að þessu leyti við munnlegan flutning málsins.

Með vísan til málsatvika, fyrri röksemdafærslu dómsins svo og þess, að ekki liggja fyrir í málinu álitsgerðir dýralækna eða annarra kunnáttumanna um forsvaranlega meðferð ísbjarna, telur dómurinn einnig ósannað, að ákærðu hafi valdið birninum ónauðsynlegum þjáningum fram að þeirri stundu er ákvörðun var tekin um að deyða hann. Er því skilyrðum 45. og 46. gr. laga um meðferð opinberra mála ekki nægilega fullnægt til að refsa megi ákærðu fyrir brot á 1. gr. dýraverndunarlaga.

Samkvæmt þessum málsúrslitum og með vísan til ótvíræðs orðalags 3. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga ber einnig að synja um kröfu ákæruvalds um upptöku ísbjarnarhræsins.

Loks ber samkvæmt 1. mgr. 166. gr. laga um meðferð opinberra mála að leggja allan sakarkostnað á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Björns Jóhannessonar héraðsdómslögmanns, sem þykja með hliðsjón af eðli málsins og umfangi hæfilega ákveðin krónur 75.000 að viðbættum 24,5 % virðisaukaskatti.

Dómsorð:

Ákærðu, Jón Guðni Pétursson, Rögnvaldur Guðmundsson, Gunnar Óli Sigurðsson, Jón Magnússon og Arnþór Magnússon, eru sýknir af öllum kröfum ákæruvalds í málinu.

Sakarkostnaður greiðist því úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Björns Jóhannessonar héraðsdómslögmanns, krónur 75.000.

Fimmtudaginn 26. maí 1994.

Nr. 488/1993. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Gunnari Briem
(Páll A. Pálsson hrl.)

Eignaspjöll.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu í heild sinni, og hefur því af hálfu ákæruvalds verið skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 12. nóvember 1993. Krefst ákæruvaldið staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en ákærði krefst sýknu af refsikröfu í málinu ásamt því, að skaðabótakröfu verði vísað frá dómi.

Ákærði er sakaður um að hafa valdið spjöllum á bifreið fyrrum eiginkonu sinnar, þegar hann gekk fram með bifreiðinni, þar sem hún stóð fyrir framan heimili hans, svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi. Eru spjöllin talin fólgin í tveimur rispum, um 15-20 cm löngum, sem komið hafi á hægra afturbretti bifreiðarinnar, þegar hann hafi slegið í hana. Konan kærði atvikið til lögreglu 8 dögum síðar. Sá lögreglumaður þá þessar rispur, en enga dæld á brettinu. Hún leitaði aftur til lögreglu rúmum 6 vikum seinna og hafði áður fengið skoðunarmann vátryggingafélags til að meta tjónið af rispunum. Var málið þá borið upp við ákærða og hann kallaður til yfirheyrslu hjá lögreglu. Kvaðst hann hafa rekið fótinn utan í bifreiðina á leið fram hjá henni, en alls ekki slegið í hana.

Ekki var unnt að ganga úr skugga um, hvort rispur á bifreiðinni væru nýjar, þegar hafist var handa um að tryggja sannanir um það atferli, sem hér er ákært fyrir. Jafnframt geyma frásagnir af atvikinu ekki beina vísbendingu um, að bifreiðin hafi getað rispast, þegar ákærði kom við hana, heldur eru þær þess efnis, að snöggt högg hafi komið á afturbrettið. Að svo vöxnu máli er ekki fram komin næg sönnun þess, að ákærði hafi framið þann verknað, sem honum er gefinn að sök, sbr. 45. og 46. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Ber þannig að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins.

Eftir þessum úrslitum verður kröfu um skaðabætur vegna tjóns á bifreiðinni vísað frá dómi. Jafnframt verður sakarkostnaður í héraði og áfrýjunarkostnaður felldur á ríkissjóð, svo sem á er kveðið í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Briem, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Skaðabótakröfu í málinu er vísað frá dómi.

Allur kostnaður sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 45.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 17. september 1993.

Ár 1993, föstudaginn 17. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni, settum héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-380/1993: Ákæruvaldið gegn Gunnari Briem, sem tekið var til dóms hinn 2. þ.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 21. júní 1993, á hendur Gunnari Briem, kt. 250451-3429, Hraunbæ 56, Reykjavík, „fyrir eignaspjöll með því að hafa þriðjudaginn 30. mars 1993 slegið í hægra afturbretti bifreiðarinnar YK-472, sem stóð fyrir utan Hraunbæ 56, með þeim afleiðingum að brettið rispaðist.

Telst þetta varða við 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í málinu gerir Sigríður R. J. Briem, eigandi bifreiðarinnar YK-472, kröfu um að ákærða verði gert að greiða sér 14.318 krónur í skaðabætur.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Málavextir.

Þann 7. apríl sl. kom Sigríður R. J. Briem, Jöklaseli 3, Reykjavík, í rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þeirra erinda að kæra fyrrum eiginmann sinn, Gunnar Briem, vegna þess að hann hefði valdið skemmdum á bifreið hennar þann 30. mars sl.

Kærandi skýrði svo frá að hún hefði lagt bifreið sinni, YK-472, Toyota, árgerð 1991, fyrir framan heimili ákærða að Hraunbæ 56. Sonur þeirra, Árni, hefði verið nýkominn inn í bifreiðina, þegar ákærði hefði komið akandi í hvítri bifreið, lagt henni fyrir aftan bifreið hennar, farið rakleiðis út úr bifreiðinni, gengið að bifreið hennar og slegið í hlið hennar, nánar tiltekið hægra afturbretti, líklega með bíllykli, því að bifreiðin hefði rispast við höggið. Þegar þetta gerðist hefði hún setið undir stýri bifreiðar sinnar. Krafðist kærandi þess að ákærða yrði refsað fyrir verknaðinn.

Lögreglumaður sá, sem skráði skýrsluna eftir kæranda, skoðaði skemmdirnar og reyndust vera tvær rispur ofarlega á hægra afturbretti, á að giska 15-20 cm langar.

Ákærði hefur lýst sig saklausan af ákærunni. Hann kvaðst þó muna að dag einn seinni part sl. vetrar hefði hann komið akandi að Hraunbæ 56 og lagt bifreiðinni fyrir aftan bifreið af gerðinni Toyota í eigu fyrrum eiginkonu sinnar. Kvaðst hann hafa farið út úr bifreiðinni, gengið fram hjá bifreið Sigríðar og þá rekist utan í hægra afturhorn hennar. Að svo búnu hefði hann gengið inn í stigahúsið. Ákærði kvaðst ekki hafa veitt því athygli hvort nokkur væri inni í bifreið Sigríðar, en hann hefði veitt því athygli, að sonur hans hefði verið að koma út úr stigahúsinu og gengið að bifreið Sigríðar. Giskaði ákærði á, að hann hefði lagt bifreiðinni u.þ.b. 1–1,5 metrum fyrir aftan bifreið Sigríðar.

Vitnið Sigríður Ragnheiður Jónsdóttir Briem hefur skýrt svo frá að í hádeginu umræddan dag hafi hún ekið að Hraunbæ 56 í þeim erindagjörðum að sækja þangað Árna, son þeirra ákærða. Kvaðst hún hafa lagt bifreiðinni framan við innganginn að stigahúsinu og beðið þess að Árni kæmi út í bifreiðina. Vitnið kvaðst hafa séð hvíta Toyotabifreið koma akandi og nema staðar rétt fyrir aftan bifreið hennar. Hefði ákærði komið út úr þeirri bifreið, gengið á milli bifreiðanna og barið í hægra afturbretti bifreiðar hennar, en því næst gengið rakleiðis inn í stigahúsið. Kvað vitnið þetta hafa gerst mjög snöggt, en þegar ákærði var að slá í bifreiðina hefði Árni verið að setjast inn í hana. Kvaðst vitnið engin orðaskipti hafa átt við ákærða, en ekið á brott þegar í stað. Hefði hún ekið að Fjölbrautaskólanum í Breiðholti, og þar hefði hún orðið þess áskynja að tvær mjóar rispur voru á hægra afturbretti bifreiðarinnar. Vitnið kvaðst hafa séð ákærða slá utan í bifreiðina. Hefði höggið verið snöggt en ekki þungt.

Vitnið Árni Briem skýrði svo frá, að greint sinn hefði hann verið að koma út úr stigahúsinu að Hraunbæ 56. Hefði hann sest inn í bifreið móður sinnar, sem lagt hefði verið fyrir framan innganginn í stigahúsið. Kvaðst hann hafa verið nýsestur inn í bifreiðina, þegar hvít Toyotabifreið hefði komið akandi og numið staðar rétt fyrir aftan bifreið móður hans. Út úr þeirri bifreið hefði faðir hans komið. Hefði hann gengið á milli bifreiðanna og engum togum skipt, að hann hefði slegið í hægra afturbretti bifreiðarinnar YK-472, en að svo búnu gengið inn í stigahúsið. Kvaðst vitnið hafa séð þegar faðir hans sló í hægra afturbrettið. Þetta hefði verið eitt snöggt högg. Hefði öll þessi atburðarás verið mjög hröð. Móðir vitnisins hefði setið undir stýri bifreiðarinnar og ekið þegar í stað á brott. Næst þegar bifreiðin var stöðvuð, hefði sá staður, sem ákærði hafði slegið í bifreiðina, verið athugaður, og kvaðst vitnið þá hafa séð að á þeim stað var bifreiðin rispuð, en hve margar rispurnar voru kvaðst vitnið ekki muna.

Niðurstaða.

Vitnin Sigríður Ragnheiður Jónsdóttir Briem og Árni Briem eru samsaga um að ákærði hafi slegið í hægra afturbretti bifreiðarinnar YK-472 svo sem nánar er lýst í ákæru. Er framburður þeirra samhljóða um þetta atriði og ekkert það fram komið í málinu sem veikir hann. Telur dómurinn samkvæmt framansögðu nægilega sannað, þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi slegið í hægra afturbretti framangreindrar bifreiðar. Í ákæru eru afleiðingar höggsins tilgreindar þær, að brettið hafi rispast. Af hálfu ákærða er því haldið fram, að jafnvel þótt sannað þætti, að ákærði hefði slegið í hægra afturbretti bifreiðarinnar, hefðu afleiðingar þess ekki getað orðið þær, að brettið hefði rispast, þar sem til þess hefði ákærði þurft að hafa eitthvert áhald í höndunum. Þá hlytu vitnin að hafa heyrt ef eitthvert slíkt áhald hefði verið dregið eftir brettinu. Þetta leiði til þess að sýkna beri ákærða.

Þótt koma hefði mátt fram með skýrari hætti við rannsókn og meðferð málsins hvernig ákærði bar sig að þá er hann sló utan í bifreiðina YK-472 greint sinn, þykir þó ekki varhugavert að telja sannað, að afleiðingar þess, að ákærði sló utan í bifreiðina, hafi verið þær, sem í ákæru greinir. Hefur ákærði með framanlýstri háttsemi sinni brotið gegn og unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki sætt refsingu, svo að kunnugt sé.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 10.000 króna sekt til ríkissjóðs og komi varðhald í 3 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Svo sem áður er að vikið gerir Sigríður Ragnheiður Jónsdóttir Briem kröfu um að ákærði greiði henni kr. 14.318 í skaðabætur. Ákærði mótmælir kröfunni. Bótakrafan byggist á áætluðum viðgerðarkostnaði samkvæmt mati tjónskoðunarstöðvar tryggingafélags og sundurliðast þannig:

Afturbretti, hægra	kr.	10.000,00
Málningarklefi	kr.	1.500,00

Virðisaukaskattur	kr. 2.818,00
Samtals	kr. 14.318,00

Bótakröfunni þykir í hóf stillt og verður hún tekin til greina eins og hún er fram sett.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, sem þykja hæfilega ákveðin 15.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 20.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Briem, greiði 10.000 króna sekt til ríkissjóðs og komi varðhald í 3 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði Sigríði Ragnheiði Jónsdóttur Briem, kt. 260851-3149, 14.318 krónur í skaðabætur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Fimmtudaginn 26. maí 1994.

Nr. 194/1994. **Skipabrautin hf.**
(Kristján Stefánsson hrl.)
gegn
Landsbanka Íslands
(Gunnar Sólnes hrl.)

Kærumál. Innsetning. Nauðungarsala. Haldsréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 22. apríl 1994, sem barst réttinum 29. sama mánaðar. Kæruheimild er í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 1. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og synjað verði kröfu varnaraðila um innsetningu í nýsmíði nr. 7, stálbát í smíðum hjá sóknaraðila. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili skal greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Skipabrautin hf., skal greiða varnaraðila, Landsbanka Íslands, 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 20. apríl 1994.

I.

Mál þetta, sem varðar beina aðfarargerð, var þingfest 30. mars 1994 og tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 14. apríl 1994.

Gerðarbeiðandi, Landsbanki Íslands, kt. 710169-1449, gerir þá dómkröfu, að fiskibátur, nýsmíði nr. 7, verði tekinn með beinni aðfarargerð úr vörslum gerðarþola og fenginn gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli, Skipabrautin hf., kt. 691289-3979, gerir þá dómkröfu, að hafnað verði kröfu gerðarbeiðanda um innsetningu í nýsmíði nr. 7, stálbát í smíðum hjá gerðarþola. Þá krefst gerðarþoli málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda og að málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, auk þess sem gerðarbeiðandi verði dæmdur til greiðslu virðisaukaskatts samkvæmt ákvæðum laga nr. 50/1987.

Sáttaumleitanir dómarans hafa engan árangur borið.

II.

Hinn 14. mars 1994 var fyrir tekið hjá sýslumanninum í Keflavík að selja nauðungarsölu nýsmíði nr. 7, stálbát, 9,9 tn., í smíðum hjá gerðarþola. Gerðarþoli við nauðungarsöluna var Gylfi Baldvinsson, Ægisgötu 13, Árskógssandi, en gerðarbeiðandi Landsbanki Íslands. Sýslumaður ákvað að uppboð á smíðinni færi fram þrátt fyrir andmæli gerðarþola máls þessa, sem er smiður bátsins. Á uppboðinu var gerðarbeiðanda slegin smíðin á kr. 15.000.000 og greiddi hann þegar í stað uppboðsandvirðið.

Af hálfu gerðarbeiðanda er því haldið fram, að þegar hann ætlaði að taka bátinn í sínar vörslur daginn eftir uppboðið, hafi honum verið það meinað af forráðamönnum gerðarþola, sem talið hafi uppboðið ólögmætt og að gerðarþoli hefði haldsrétt í hinum selda fiskibát.

Með bréfi gerðarþola, dags. 10. mars 1994, leitar hann úrlausnar dómsins um gildi nauðungarsölunnar. Í því máli gerir gerðarþoli þá kröfu aðallega, að uppboðið verði ógilt. Sæti uppboðið ekki ógildingu, er þess krafist, að boð gerðarþola á uppboðinu, að fjárhæð kr. 16.000.000, verði samþykkt og viðurkenndur réttur gerðarþola til þess að greiða uppboðsandvirðið með inneign af haldsréttarkröfu. Þá er gerð sú krafa, að uppboðsandlagið verði tilgreind réttindi uppboðsþola, Gylfa Baldvinssonar, og að viðurkenndur verði réttur gerðarþola til þess að ljúka smíðinni samkvæmt ákvæðum verksamnings, dags. 4. desember 1990, með síðari breytingum á kostnað hæstbjóðanda. Enn fremur krefst gerðarþoli þess, að staðfestur verði haldsréttur hans í nýsmíðinni, þar til fullnaðaruppgjör hafi farið fram.

III.

Gerðarbeiðandi byggir málatilbúnað sinn á því, að hann hafi verið hæstbjóðandi á uppboði sýslumannsins í Keflavík 14. mars 1994 með boð að fjárhæð kr. 15.000.000. Á þeirri greiðslu hafi gerðarbeiðandi staðið full skil til uppboðshaldara og því geti hann krafist umráða yfir fiskibátnum sem lögmætur eigandi svo og með vísan til 78. gr. laga nr. 90/1989 um aðför.

Gerðarþoli telur að ágreiningur um gildi uppboðsins girði fyrir, að smíðinni verði brigðað frá vörslumanni. Gerðarbeiðandi hafi við uppboðið einungis eignast þau réttindi, sem uppboðsþoli, Gylfi Baldvinsson, átti. Réttur hans byggist á verksamningi við gerðarþola, dags. 4. desember 1990, með síðari breytingum. Vegna verulegra vanefnda á greiðslu verkkaups hafi smíði legið niðri frá því haustið 1991.

Gerðarþoli byggir á því, að hann sé verksali, sem hafi samning um framkvæmdir verksins til loka þess. Hvorki hafi verið boðnar fram efndir á verksamningi né heldur hafi samningi verið rift. Samkvæmt 5. gr. verksamningsins hafi gerðarþoli haldsrétt í bátnum og aðkeyptu efni, þar til lokauppgjör hafi farið fram. Þá hafi gerðarþoli einnig lögbundinn haldsrétt til tryggingar kröfum vegna smíði, enda hafi hann vörslur skipsins, sbr. 1. mgr. 200. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Haldsréttarkrafa gerðarþola nemi kr. 23.878.069 og henni hafi verið lýst fyrir sýslumanni við fyrirtöku á nauðungarsölubeiðni gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli heldur því fram, að áskilnaði 78. gr. laga nr. 90/1989 um skýran og ótvíræðan rétt gerðarbeiðanda sé ekki fullnægt, og því beri að hafna fram kominni kröfu um innsetningu.

IV.

Mál þetta lýtur að bát í smíðum hjá gerðarþola, sem sýslumaðurinn í Keflavík seldi á nauðungarsölu 14. mars 1994. Um uppboð þetta giltu ákvæði XI. kafla laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu.

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 90/1991 setur dómsmálaráðherra almenna skilmála fyrir uppboðssölu á lausafjármunum, sem skulu birtir í auglýsingu í Stjórnartíðindum, en í 6. tl. ákvæðisins er mælt fyrir um að í skilmálum þessum skuli kveðið á um að kaupanda sé rétt og skylt að taka munina í sínar vörslur, um leið og söluverðið sé greitt. Í samræmi við þetta var gefin út auglýsing nr. 42/1992 um almenna skilmála fyrir uppboðssölu á lausafjármunum o.fl. Samkvæmt 7. gr. þeirra er kaupanda „rétt og skylt að taka muni í sínar vörslur, um leið og kaupverð þeirra er greitt". Ekki liggur fyrir í máli þessu, að við nauðungarsöluna 14. mars 1994 hafi verið vikið frá almennum uppboðsskilmálum, sbr. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 90/1991.

Sýslumaðurinn í Keflavík tók boði gerðarbeiðanda í nýsmíði nr. 7, fiskibát í smíðum hjá gerðarþola, að fjárhæð kr. 15.000.000. Gerðarbeiðandi greiddi kaupverðið þegar í stað og samkvæmt uppboðsskilmálum átti hann lögvarinn rétt til að taka nauðungarsöluandlagið í sínar vörslur, eftir að hafa staðið skil á boði sínu. Breytir engu þótt gerðarþoli hafi leitað úrlausnar dómsins um gildi nauðungarsölunnar eða hvort hann hafi átt haldsrétt til tryggingar kröfum sínum, enda koma slík réttindi til álita við úthlutun uppboðsandvirðis. Réttindi gerðarbeiðanda eru því svo ljós, að sönnur verða færðar fyrir þeim með gögnum, sem 83. gr. laga um aðför nr. 90/1989 kveður á um, sbr. 78. gr. laganna. Ber því að taka umráðakröfu gerðarbeiðanda til greina.

Af hálfu gerðarbeiðanda er ekki gerð krafa um greiðslu málskostnaðar.

Benedikt Bogason dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Gerðarbeiðanda, Landsbanka Íslands, skal afhentur úr vörslum gerðarþola, Skipabrautarinnar hf., með beinni aðfarargerð fiskibátur, nýsmíði nr. 7.

Laugardaginn 28. maí 1994.

Nr. 249/1994. **Hrafnhildur Valdimarsdóttir**
(Haraldur Blöndal hrl.)
gegn
borgarstjóranum í Reykjavík
(Magnús Óskarsson hrl.)

Kosningaréttur. Kjörskrá.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. maí 1994 og krefst þess, að viðurkenndur verði réttur hennar til að vera á kjörskrá í Reykjavík við borgarstjórnarkosningarnar, sem fram fara í dag.

Stefndi hefur sótt þing og lýst því yfir, að hann hreyfi engum andmælum við kröfu og málatilbúnaði áfrýjanda.

Áfrýjandi hefur ekki, sbr. 4. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. lög nr. 19/1994, snúið sér til skráningaryfirvalda með ósk um leiðréttingu á tilkynningu eiginmanns hennar um flutning þeirra til Hveragerðis. Þá hefur hún fyrir héraðsdómi lýst því yfir, að þau hafi ekki slitið samvistir. Að þessu athuguðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 27. maí 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. maí 1994, hefur Hrafnhildur Valdimarsdóttir, kt. 221141-4909, höfðað gegn borgarstjóranum í Reykjavík f.h. borgarstjórnar Reykjavíkur til þess að fá viðurkenndan rétt sinn til þess að vera á kjörskrá í Reykjavík við sveitarstjórnarkosningarnar, sem fram eiga að fara þann 28. maí nk.

Ekki er krafist málskostnaðar.

Stefnandi lýsir málavöxtum þannig, að við samningu kjörskrár fyrir Reykjavík hafi nafn stefnanda fallið niður, þar sem hún sé talin eiga lögheimili í Hveragerði. Ástæða þess sé sú, að eiginmaður stefnanda hafi fært heimilisfang hennar, án hennar samþykkis, til Hveragerðis með tilkynningu til Hagstofu þann 22. apríl 1994. Stefnanda hafi verið ókunnugt um þennan flutning og ekki fengið vitneskju um hann fyrr en eftir að kærufrestur var úti. Kæra skv. 20. gr. laga nr. 80/1987 hafi því ekki verið möguleg.

Rök stefnanda eru að lögheimili hennar verði ekki flutt án hennar samþykkis og skipti engu, þótt eiginmaður hennar hafi flutt sitt heimilisfang. Jafnræði sé með hjónum að íslenskum lögum og þurfi atbeina beggja til þess að flytja heimilisfang þeirra. Er málsóknin jafnframt byggð á 24. gr. laga nr. 80/1987.

Af hálfu stefnda var sótt þing, þingfesting málsins samþykkt og engum andmælum hreyft við kröfugerð og málatilbúnaði stefnanda.

Lagt hefur verið fram í málinu vottorð Hagstofu Íslands og flutningsvottorð.

Niðurstaða.

Samkvæmt 4. mgr. 19. gr. laga nr. 8/1986, sbr. lög nr. 19/1994 um breyting á þeim lögum, á hver maður kosningarrétt í því sveitarfélagi, þar sem hann er skráður með lögheimili samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár fimm vikum fyrir kjördag í maí í almennum sveitarstjórnarkosningum, hvort sem þær fara fram í maí eða júní.

Svo sem fram kemur í greinargerð með frumvarpi til síðargreindra laga hefur kosningarréttarákvæðum sveitarstjórnarlaga verið breytt til samræmis við ákvæði alþingiskosningalaga. Kosningarréttur manna er ekki lengur tengdur við lögheimili þeirra heldur þess í stað bundinn við skráð lögheimili samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár.

Fyrir liggur samkvæmt gögnum málsins að eiginmaður stefnanda tilkynnti um flutning þeirra hjóna til Hveragerðis í apríl sl., og samkvæmt fram lögðu búsetuvottorði Hagstofu Íslands var skráð lögheimili stefnanda í Hveragerði hinn 23. apríl sl. er fimm vikur voru til kjördags. Þá verður ekki séð, að stefnandi hafi haft forföll, sem komið hafi í veg fyrir kæru til sveitarstjórnar, áður en kærufrestur rann út, sbr. ákvæði 24. gr. laga nr. 80/1987. Ber því að hafna kröfu stefnanda í málinu enda þótt kröfu hennar hafi ekki verið mótmælt af hálfu stefnda.

Eggert Óskarsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjóri Reykjavíkur, skal vera sýkn af kröfu stefnanda, Hrafnhildar Valdimarsdóttur, í máli þessu.

Mánudaginn 30. maí 1994.

Nr. 183/1994. **Íslandsbanki hf.**
(Baldur Guðlaugsson hrl.)
gegn
Ívari Haukssyni
Thelmu Björnsdóttur og
Gistiheimilinu Perlunni hf.
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Útburðargerð. Húsaleigusamningur. Nauðungarsala. Söluskilmálar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 18. apríl sl., sem barst réttinum með kærumálsgögnum 25. sama mánaðar. Kæruheimild er í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 1. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða úrskurði „verði hrundið og dæmt verði að Ívar Hauksson og Thelma Björnsdóttir, ásamt öllu því sem þeim fylgir og öllum þeim sem dvelja á þeirra vegum og/eða Gistiheimilisins Perlunnar hf., verði borin út, með beinni aðfarargerð úr húsnæðinu að Ránargötu 10 í Reykjavík, nánar tiltekið aðalhæð og kjallara í gamla húsinu auk bílskúrs, og Íslandsbanka hf. fengin umráð eignarinnar“. Jafnframt verði varnaraðila gert að greiða sóknaraðila „málskostnað þ.m.t. kærumálskostnað að skaðlausu og að fjárnám verði heimilað fyrir tildæmdum kostnaði og kostnaði af væntanlegri gerð“.

Varnaraðilar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðili dæmdur til að greiða varnaraðilum, hverjum um sig, kærumálskostnað.

I.

Sóknaraðili keypti fasteignina Ránargötu 10 í Reykjavík á nauðungaruppboði 26. september 1991. Þar sem varnaraðilinn Ívar Hauksson neitaði að verða við áskorun sóknaraðila um rýmingu húsnæðisins, féll sóknaraðili frá boði sínu í eignina, afturkallaði uppboðsbeiðni og lagði fram nýja, eins og lýst er í hinum kærða úrskurði.

Sóknaraðili keypti umrædda fasteign öðru sinni á nauðungaruppboði 10. júní 1993, og gaf sýslumaðurinn í Reykjavík út afsal fyrir eigninni til hans 16. desember 1993. Þar var þess getið, að afmá skyldi af veðmálaskrá eignarinnar allar þinglýstar veðkröfur. Í afsalinu voru hins vegar engin fyrirmæli um húsaleigusamning um eignina við varnaraðila Ívar Hauksson, sem gerður var 3. september 1991 og móttekinn til þinglýsingar 5. sama mánaðar, milli annars og þriðja uppboðs fyrra sinni. Með þeim samningi tók hann húsnæðið á leigu frá 1. september 1991 til 5 ára gegn fyrirframgreiðslu fyrir allt leigutímabilið. Af hálfu varnaraðila er því haldið fram, að með heimild í leigumálanum hafi Ívar framselt 1. júní 1992 allan rétt sinn samkvæmt samningnum til Gistiheimilisins Perlunnar hf. Um það nýtur ekki skjallegra gagna í málinu. Hins vegar er hlutafélagið Gistiheimilið Perlan skráð að Ránargötu 10, Reykjavík, samkvæmt vottorði Hlutafélagaskrár 15. febrúar 1994. Kemur þar fram, að varnaraðilarnir Ívar og Thelma eru stjórnendur í félaginu, sem rekur meðal annars gistiheimili og veitingasölu.

Með yfirlýsingu sýslumannsins í Reykjavík, sem færð var í þinglýsingabók 8. febrúar 1994, var framangreindur leigusamningur afmáður úr veðmálaskrá með vísan til 2. mgr. 56. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu.

II.

Ágreiningur aðila snýst um það, hvort hin þinglýstu réttindi varnaraðila samkvæmt leigusamningnum hafi fallið niður í kjölfar uppboðsins, en í málinu er ekki deilt um gildi samningsins.

Ákvæði 28. gr. laga um nauðungarsölu mæla fyrir um, að dómsmálaráðherra setji almenna skilmála fyrir uppboðssölu á fasteignum. Samkvæmt 11. tl. ákvæðisins skal í þeim skilmálum meðal annars kveða á um, að kaupanda beri að hlíta kvöðum og höftum á eigninni að því leyti, sem söluverð hennar hrekkur til greiðslu upp í réttindi, sem standa að baki þeim kvöðum og höftum í réttindaröð. Slíkur áskilnaður er í 9. gr. almennra skilmála fyrir uppboðssölu á fasteignum o.fl., sem settir voru með auglýsingu nr. 41 frá 27. janúar 1992.

Söluverð fasteignarinnar Ránargötu 10 nægði hvergi nærri til að greiða upp kröfur, sem rétthærri voru en leigusamningurinn, þegar eignin var seld á nauðungaruppboði 10. júní 1993. Er sýslumaður gaf út afsalið 16. desember sl., féll leigusamningurinn því niður, sbr. 2. mgr. 56. gr. laga um nauðungarsölu. Breytir hér engu gagnvart varnaraðilum, þótt þess hafi ekki verið gætt fyrr en síðar að afmá þau umráðaréttindi úr veðmálaskrá, eins og gera bar samkvæmt niðurlagsákvæði þessarar málsgreinar. Með hliðsjón af framansögðu er réttur sóknaraðila á grundvelli afsalsins svo ótvíræður, að fyrir hendi eru lagaskilyrði til útburðar samkvæmt 78. gr. aðfararlaga nr. 90/1989, sbr. 83. gr. Í málinu er á hinn bóginn ekki dæmt um skuldaskipti aðilanna. Ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og fallast á kröfur sóknaraðila um aðför.

III.

Í bréfi sóknaraðila til varnaraðila 7. júlí 1993 var varnaraðilum tilkynnt, að sóknaraðili hefði eignast þann hluta fasteignarinnar Ránargötu 10, sem starfsemi Gistiheimilisins Perlunnar hf. færi fram í. Jafnframt kom þar fram, að sóknaraðila væri nauðsynlegt að fá umráð eignarinnar. Líta verður á bréfið sem uppsögn á umráðum hins leigða húsnæðis. Telja verður, að réttmætur frestur til rýmingar þess sé þegar liðinn og megi hin umbeðna útburðargerð nú fara fram á hendur varnaraðilum.

IV.

Varnaraðilar skulu greiða sóknaraðila málskostnað í héraði og kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Umbeðin útburðargerð má fara fram á hendur varnaraðilum.

Aðför er heimiluð fyrir kostnaði af gerðinni, ef til kemur.

Varnaraðilar, Ívar Hauksson, Thelma Björnsdóttir og Gistiheimilið Perlan hf., greiði sóknaraðila, Íslandsbanka hf., sameiginlega 60.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 7. apríl 1994.

I.

Mál þetta, sem þingfest var 1. mars sl., var tekið til úrskurðar 29. sama mánaðar að loknum munnlegum málflutningi.

Gerðarbeiðandi er Íslandsbanki hf., kt. 421289-1589, Bankastræti 5, Reykjavík, en gerðarþolar Ívar Hauksson, kt. 300465-3239, Dalalandi 14, Reykjavík, Thelma Björnsdóttir, kt. 090464-5079, Ránargötu 10, Reykjavík, og Gistiheimilið Perlan hf., kt. 490492-2169, Ránargötu 10, Reykjavík.

Dómkröfur gerðarbeiðanda eru, „að Ívar Hauksson og Thelma Björnsdóttir ásamt öllu því, sem þeim fylgir, og öllum þeim, sem dvelja á þeirra vegum og/eða Gistiheimilisins Perlunnar hf., verði borin út með beinni aðfarargerð úr húsnæðinu að Ránargötu 10, Reykjavík, nánar tiltekið aðalhæð og kjallari í gamla húsinu auk bílskúrs, og gerðarbeiðanda fengin umráð eignarinnar. – Þá er krafist málskostnaðar in solidum úr hendi gerðarþola að mati dómsins og að fjárnám verði heimilað fyrir honum og kostnaði af væntanlegri gerð“.

Dómkröfur gerðarþola eru að synjað verði um útburð og gerðarbeiðandi verði dæmdur til að greiða gerðarþolum málskostnað að mati dómsins.

II.

Málavextir: Þann 5. september 1991 var móttekin til þinglýsingar húsaleigusamningur, dags. 3. september 1991, um íbúðarhúsnæði þar sem leigusali var Plastvörur hf., kt. 560583-0529, en leigutaki Ívar Hauksson, kt. 300465-3239. Húsnæðið var skilgreint sem Gistiheimilið Ránargata 10A, „sem er með 10 herbergjum til útleigu, ásamt íbúð sem er staðsett í bakhúsi“. Ekki er ágreiningur um, að hér er átt við það húsnæði, sem um er deilt í þessu máli. Leigumálinn tjáist gilda frá 1. september 1991 til 31. ágúst 1996. Þá er tekið fram, að fjárhæð leigunnar sé 75.000 krónur á mánuði og hafi fyrir fram verið greidd út allt tímabilið með skuldabréfi að fjárhæð 4.500.000 krónur. Sem „ástæðu“ er tiltekið að leigutaki „gerir stórfelldar endurbætur á innanstokksmunum, vöskum, málningu, dúkum, blöndunartækjum og gagngerar breytingar á húsnæðinu, svo að það sé hentugt fyrir gistihúsarekstur og hefur frjálsar hendur um slíkt, nema sé um múrbrot að ræða“. Samkvæmt leigumála var leigutaka heimil framleiga til einstaklinga og hlutafélaga „með forráð yfir eignum og búi sínu. Hinn 26. sama mánaðar var umrædd eign, þ.e. Ránargata 10, „aðalhæð og kjallari í gamla húsinu og bílskúr“, seld á nauðungaruppboði. Gerðarbeiðandi keypti eignina.

Með bréfi 6. febrúar 1992 skoraði lögmaður gerðarbeiðanda á Ívar Hauksson að leita samkomulags um rýmingu húsnæðisins og afhendingu þess til gerðarbeiðanda. Ívar hafnaði þeirri málaleitan með bréfi 22. sama mánaðar og vísaði til þess að hafa greitt húsaleigu fyrir fram „næstu 5 ár" auk þess að hafa þegar „gert við húsnæðið fyrir tæpar tvær milljónir króna".

Gerðarbeiðandi brást við þessu með því að falla frá boði sínu í eignina og afturkallaði uppboðsbeiðni sína „sem og allir aðrir uppboðsbeiðendur í því uppboði". Kveðst hann hafa gert það „til þess að hefja nýja uppboðsmeðferð á grundvelli laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu en í þeim lögum er réttur fyrri veðhafa mun betur varinn gegn síðar tilkomnum leigusamningi en í tíð eldri laga".

Þann 10. júní sl. var þessi sama eign seld aftur á nauðungaruppboði. Hæstbjóðandi var Kristján Þorbergsson héraðsdómslögmaður sem bauð 6.500.000 krónur fyrir gerðarbeiðanda, Íslandsbanka hf. Í bréfi 7. júlí sl. til gerðarþola óskaði lögmaður gerðarbeiðanda eftir samkomulagi við gerðarþola um tímasetningu á afhendingu eignarinnar, „en ella er óhjákvæmilegt að leita úrlausnar héraðsdóms um rýmingu eignarhlutans".

Bréfi lögmannsins var svarað með bréfi 18. ágúst sl., undirrituðu af Thelmu Björnsdóttur f.h. Gistiheimilisins Perlunnar hf. Þar segir m.a.: „. . . 1. Þegar nefnt uppboð fór fram á þeim hluta fasteignarinnar Ránargötu 10, sem undirrituð hefur leigusamning um, hinn 10. júní sl., hafði þegar verið þinglýst leigusamningi um fasteignina, og kom sú kvöð fram á veðbókarvottorði, sem lá frammi þegar uppboðið fór fram. Engar athugasemdir komu fram við veðbókarvottorðið á uppboðinu af hálfu uppboðskaupanda. – 2. Húsaleigusamningur þessi var gerður í ágúst 1991 af þáv. eiganda fasteignarinnar við Ívar Hauksson, sem síðan hefur framselt samninginn til undirritaðrar. Samkvæmt því, sem fram kemur í samningnum sjálfum, þá var leigan greidd öll fyrir fram, annars vegar með skuldabréfi og hins vegar með því að leigutaki tók að sér að annast um endurbætur á fasteigninni. Endurbætur þessar hafa aukið verðgildi fasteignarinnar mjög verulega, eins og þú munt hafa orðið var við, annars vegar þegar þú komst á fyrra uppboð á eigninni á árinu 1992, og síðan hinn 10. júní sl. – 3. Undirrituð [...]. – 4. Undirrituð hefur nú í tvö ár rekið gistiheimili í hinu leigða húsnæði, og hefur heimilið aflað sér dýrmætra viðskiptasambanda og velvildar þeirra, sem átt hafa viðskipti við það. Gildir það jafnt um ferðaskrifstofur, innlendar sem erlendar, og einstaklinga [...]. Uppboðskaupandi verður því að una veru leigutaka í húsnæðinu eins og leigusamningur segir til um. Undirrituð er hins vegar reiðubúin til viðræðna við yður eða einhvern annan f.h. Íslandsbanka, um framsal á hinum þinglýsta leigusamningi, enda verði fullt tillit tekið til þess, að húsaleiga til loka leigutíma hefur verið greidd, og hins vegar þess, að nú er rekið í hinu leigða húsnæði blómlegt fyrirtæki, sem gerir sölu húsnæðisins á frjálsum markaði miklum mun auðveldari en ella . . .“

Þann 16. desember sl. gaf sýslumaður út afsal fyrir eigninni til gerðarbeiðanda sem hæstbjóðanda þar sem hann hafði greitt allan kostnað uppboðsins og uppboðsverðið að fullu. Lýsti sýslumaður því yfir að hann afsalaði eigninni til gerðarbeiðanda „með öllum sama rétti og fyrri eigandi átti. – Afmá ber af veðmálaskrá eignarinnar allar þinglýstar veðkröfur“.

Með bréfi til gerðarþola 12. janúar sl. ítrekaði lögmaður gerðarbeiðanda kröfur um að húsnæði bankans að Ránargötu 10 yrði rýmt og afhent bankanum. Síðan segir orðrétt: „Í framhaldi kröfu minnar um rýmingu, sem sett var fram í bréfi dags. 7. júlí sl., varð að samkomulagi með bankanum og yður að þér fengjuð að reyna sölu á gistiheimilisrekstri yðar samtímis því sem eign bankans yrði boðin til sölu. Var frestur til þessarar tilraunar veittur út árið 1993. – Í ljósi þess að slík sala hefur ekki tekist, er nú óhjákvæmilegt að þér afhendið bankanum umráð eignar hans.“

Þann 8. febrúar sl. var eftirfarandi yfirlýsing sýslumannsins í Reykjavík færð í þinglýsingabók: „Þann 10. júní 1993 var fasteignin Ránargata 10, Reykjavík, seld á nauðungaruppboði. Afmá skal úr veðmálaskrá eignarinnar húsaleigusamning við Ívar Hauksson, dags. 3.9.’91, A19868/91, sbr. 2. mgr. 56. gr. nsl. nr. 90/1991.

III.

Af hálfu gerðarbeiðanda er haldið fram, að hann hafi keypt umdeilda eign á nauðungaruppboði 10. júní 1993 og hafi réttindi gerðarþola samkvæmt umræddum leigusamningi fallið niður skv. 1. mgr. 55. gr. og 2. mgr. 56. gr. laga nr. 90/1991 í kjölfar uppboðsins, eins og sýslumaður hafi lýst yfir, sbr. dskj. nr. 9. Vegna óvissu um það, hver sé rétthafi samkvæmt leigusamningnum, kveðst gerðarbeiðandi hafa beint kröfum sínum að framangreindum gerðarþolum sameiginlega. Gerðarbeiðandi krefst útburðar á grundvelli 78. gr. laga nr. 90/1991 um aðför, enda sé réttur hans til húsnæðisins ótvíræður og kvaðalaus en gerðarþolar hafi neitað að rýma húsnæðið þrátt fyrir ítrekuð tilmæli gerðarbeiðanda.

Af hálfu gerðarbeiðanda var haldið fram í málflutningi, að hugsanlegar endurbætur gerðarþola á húsnæðinu skipti ekki máli varðandi hverjum beri vörslur húsnæðisins nú. Á hitt mætti líta, að aðdragandi leigumálans væri slíkur að ætla mætti að með honum hafi verið stefnt að því að hlunnfara þá, sem áttu veð í eigninni fyrir sölu hennar á nauðungaruppboði, en samningnum hafi verið þinglýst á fjögurra vikna tímabilinu frá því að annað uppboð fór fram og þar til þriðja og síðasta uppboð á eigninni fór fram 26. september 1991, skv. þágildandi lögum.

Af hálfu gerðarþola er haldið fram að réttur gerðarbeiðanda til að fá gerðarþola borinn út úr húsnæðinu með beinni aðfarargerð sé ekki fyrir hendi. Þau vísa til þess, að leigusamningi, sem þau byggja rétt sinn á, hafi verið þinglýst án athugasemda á eignina 9. september 1991. Upphaf leigutíma hafi verið ákveðið 1. september 1991, en lok hans 31. ágúst 1996, og hafi leigufjárhæðin, samtals 4.500.000 krónur, öll verið greidd leigusala, Plastvörum hf. Í þessum samningi séu ákvæði um, að leigutaki geri, eins og þar segir, „stórfelldar endurbætur á innanstokksmunum, vöskum, málningu, dúkum, blöndunartækjum og gagngerar breytingar á húsnæðinu, svo að það sé hentugt fyrir gistihúsarekstur . . .“. Að endurbótum hafi verið unnið, gróflega áætlað, að verðmæti 8.000.000 króna, – óumdeild eign gerðarþola. Þá byggja gerðarþolar á því að gerðarbeiðandi hafi ekki fengið með afsali sýslumanns afmáð af veðmálaskrá eignarinnar leigusamning gerðarþola, en það hafi ekki gerst fyrr en með sérstakri yfirlýsingu sýslumanns 7. febrúar sl., þingl. 8. sama mánaðar, án þess að gerðarþolum væri gefið færi á athugasemdum. Jafnframt er haldið fram, að réttindi langtímaleigutaka eins og gerðarþola hafi með ákvæðum 11. tl. 28. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu verið rýrð með þeim hætti að ekki standist ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar, en ljóst sé að Ívar Hauksson hefði aldrei gengið að þessum samningi um leigu á húsnæðinu, hefðu sambærileg ákvæði verið í þágildandi uppboðslögum.

IV.

Eins og hér hefur verið rakið, var leigumáli gerðarþola ekki afmáður úr veðmálaskrá fasteignarinnar að Ránargötu 10 í Reykjavík fyrr en 8. febrúar sl. Þá er óumdeilt að gerðarþolar hafa lagt til einhverjar endurbætur á húsnæðinu frá því að leigusamningurinn var gerður uns hann var afmáður. Réttur aðila hvors gagnvart öðrum er að þessu leyti ekki alveg skýr. Gegn andmælum gerðarþola verður því ekki heimiluð útburðargerð án dóms eða réttarsáttar.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að gerðarbeiðandi greiði gerðarþolum, hverjum fyrir sig, 15.000 krónur í málskostnað.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð:

Krafa gerðarbeiðanda, Íslandsbanka hf., um beina aðfarargerð gagnvart gerðarþolum, Ívari Haukssyni, Thelmu Björnsdóttur og Gistiheimilinu Perlunni hf., er ekki tekin til greina.

Gerðarbeiðandi greiði gerðarþolum, hverjum fyrir sig, 15.000 krónur í málskostnað.

Miðvikudaginn 1. júní 1994.

Nr. 395/1991. **Páll Þorgeirsson og**
Skúli Pálsson
gegn
Kristni Ragnarssyni

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Páll Þorgeirsson og Skúli Pálsson, sem eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 1. júní 1994.

Nr. 53/1993. **Gísli Jóhannsson og**
Ingibjörg Ólafsdóttir
gegn
Páli Gunnlaugssyni

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Gísli Jóhannsson og Ingibjörg Ólafsdóttir, sem eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þau vilja fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði áfrýjendur stefnda, Páli Gunnlaugssyni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 10.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 1. júní 1994.

Nr. 54/1993. **Sigrún Kjartansdóttir**
gegn
Páli Gunnlaugssyni

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigrún Kjartansdóttir, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði áfrýjandi stefnda, Páli Gunnlaugssyni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 10.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 1. júní 1994.

Nr. 55/1993. **Guðmundur Borgarsson og**
Ragnheiður Þórólfsdóttir
gegn
Páli Gunnlaugssyni

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Guðmundur Borgarsson og Ragnheiður Þórólfsdóttir, sem eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þau vilja fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði áfrýjendur stefnda, Páli Gunnlaugssyni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 10.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 1. júní 1994.

Nr. 86/1994. **Hótel Borgarnes**
gegn
Endurskoðun hf.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hótel Borgarnes, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði áfrýjandi stefnda, Endurskoðun hf., sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 3.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 1. júní 1994.

Nr. 178/1994. **Sýslumaðurinn í Hafnarfirði**
gegn
Húsasmiðjunni hf.
(Skúli Th. Fjeldsted hrl.)

Kærumál. Þinglýsing. Fjárnám. Fasteign.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 13. apríl 1994, sem barst réttinum 22. sama mánaðar. Kæruheimild er í 5. mgr. 3. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978, sbr. 1. gr. laga nr. 6/1992. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og ákvörðun sín um að vísa frá þinglýsingu endurriti fjárnáms 1. mars 1994 verði látin standa óhögguð.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Málavöxtum er lýst í úrskurði héraðsdóms.

Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. laga nr. 39/1978 verður skjali ekki þinglýst, ef útgefanda þess brestur þinglýsta heimild til að ráðstafa eign á þann veg, sem fyrir er mælt í skjalinu. Þessi meginregla sætir undantekningu, þegar aðfarargerðir eru annars vegar, sbr. 2. mgr. 24. gr. Er hún gerð með tilliti til hagsmuna skuldheimtumanna af því, að skuldunautar geti ekki skotið sér undan efndum með því að vanrækja heimildaskráningu. Eðlisrök hníga til þess, að sama regla verði látin gilda um fasteignir á byggingarstigi, sem ekki hafa enn verið skráðar í fasteignabækur þinglýsingarstjóra. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili skal greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, sýslumaðurinn í Hafnarfirði, greiði varnaraðila, Húsasmiðjunni hf., 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 5. apríl 1994.

Mál þetta, sem varðar ágreining við þinglýsingu, barst Héraðsdómi Reykjaness 15. mars 1994 og var tekið til úrskurðar 21. sama mánaðar.

Sóknaraðili, Húsasmiðjan hf., kt. 520171-0299, Súðarvogi 3–5, Reykjavík, gerir þá kröfu, að hnekkt verði þeirri ákvörðun þinglýsingarstjórans í Hafnarfirði frá 3. mars 1994 að vísa frá þinglýsingu endurriti fjárnáms, sem fram fór 1. mars 1994, og að lagt verði fyrir þinglýsingarstjóra að færa skjalið í þinglýsingabækur.

Samkvæmt bréfi þinglýsingarstjórans í Hafnarfirði, dags. 21. mars 1994, óskar hann ekki eftir að senda athugasemdir sínar um málefnið, sbr. 3. mgr. 3. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978.

Málavextir eru þeir, að þann 1. mars 1994 var tekin fyrir hjá sýslumanninum í Hafnarfirði krafa sóknaraðila um að gert yrði fjárnám fyrir kr. 200.903 í eignum Soffíu Völu Tryggvadóttur, kt. 081246-3009, Marargrund 2, Garðabæ. Við gerðina mætti maki gerðarþola, Vilhjálmur S. Ólafsson, kt. 291047-4089, og benti á til fjárnáms fasteign sína, Vallarbarð 21, Hafnarfirði, íbúð í tvíbýlishúsi á byggingarstigi. Skýrði málsvari gerðarþola svo frá, að kominn væri sökkull og plata og að eignin væri óveðsett að öðru leyti en því, að ógreiddar væru kr. 800.000 í gatnagerðargjöld og að gerð hefðu verið tvö fjárnám vegna hans eigin skulda. Málsvari gerðarþola kvaðst ekki vera þinglýstur eigandi, þar sem eignin hefði ekki náð tilskildu byggingarstigi, en hann væri lóðarhafi. Að fenginni þessari ábendingu málsvara gerðarþola og með samþykki sóknaraðila lýsti sýslumaður yfir fjárnámi í eigninni.

Sóknaraðili framvísaði endurriti umrædds fjárnáms til þinglýsingar þann 3. mars 1994, en samdægurs var því vísað frá þinglýsingu. Var sú ákvörðun rökstudd með vísan til fyrri ákvörðunar þinglýsingarstjóra frá 10. september 1993, þar sem fullnustugerðum í umræddri eign var vísað frá þinglýsingu með skírskotun til 2. mgr. 7. gr. laga nr. 39/1978. Í þeirri ákvörðun segir síðan: „Fasteignin er ekki skráð í þinglýsingarbók, og hvorki þinglýstur lóðarleigusamningur, skiptayfirlýsing né annað heimildarskjal staðfestir tilvist hennar, sbr. 2. mgr. 2. gr. og 3. gr. laga um fjölbýlishús nr. 59/1976.“ Sóknaraðili bar ákvörðun þinglýsingarstjóra undir dóminn með bréfi, dags. 10. mars 1994, og samdægurs tilkynnti sóknaraðili þinglýsingarstjóra um málskotið, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 39/1978.

Sóknaraðili hefur lagt fram bréf Guðmundar Benediktssonar, bæjarlögmanns Hafnarfjarðar, dags. 7. mars 1994, þar sem staðfest er, að bæjarstjórn Hafnarfjarðar úthlutaði Vilhjálmi Ólafssyni lóð nr. 21 við Vallarbarð, Hafnarfirði, líklega fyrir um 2 árum. Þar sem lóðarleiguhafi hafi ekki staðið við byggingarskilmála og ekkert greitt af gatnagerðargjöldum, hafi lóðarúthlutun verið afturkölluð.

Af hálfu sóknaraðila er á því byggt, að þinglýsingarandlagið sé skýrt afmarkað með fram lögðum gögnum, árituðum af byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar, þar sem fram komi nákvæm staðsetning eignarinnar með hnitum. Óþarft sé að tilgreina lóðarnúmer, enda megi þinglýsingarstjóra vera ljóst að númer götunnar Vallarbarðs sé 9030 og númer lóðarinnar 0210 í samræmi við skráningarkerfi fasteigna, þannig að heildarnúmer fasteignarinnar Vallarbarðs 21 sé 90300210-00. Flestar eignir við götuna séu skráðar í fasteignabók og því sé þinglýsingarstjóra kunnugt um númer götunnar og eigi ekki að velkjast í vafa um hvaða númer fasteignin Vallarbarð 21, Hafnarfirði, ber.

Sóknaraðili telur að dráttur á þinglýsingu lóðarleigusamnings standi ekki í vegi þess að unnt sé að þinglýsa fjárnámi á eignina. Í 2. mgr. 24. gr. laga nr. 39/1978 komi skýrt fram sú sérstaða fullnustugerða, að þeim verði þinglýst, þótt gerðarþola skorti þinglýsta heimild til eignarinnar. Þá telur sóknaraðili 3. gr. laga nr. 59/1976 ekki hafa þýðingu í málinu.

Varðandi afturköllun Hafnarfjarðarbæjar á lóðarúthlutun til Vilhjálms S. Ólafssonar heldur sóknaraðili því fram, að slík ákvörðun hafi ekki verið tekin, þegar óskað var þinglýsingar, og að sóknaraðila sé ekki kunnugt um, að til þess bær aðili hafi fjallað um málið, hvað þá að formleg ákvörðun hafi verið tekin.

Niðurstaða.

Við fjárnámsgerð, sem fram fór hjá Soffíu Völu Tryggvadóttur að kröfu sóknaraðila þann 1. mars 1994, mætti maki gerðarþola, Vilhjálmur S. Ólafsson, og benti á til fjárnáms fasteignina Vallarbarð 21, Hafnarfirði. Fyrir liggur að lóðarleiguhafi þeirrar eignar er nefndur Vilhjálmur, en lóðarleigusamningi hefur ekki verið þinglýst. Í máli þessu hefur ekki þýðingu hvort lóðarúthlutun hefur síðar verið afturkölluð.

Samkvæmt ótvíræðum ákvæðum 2. mgr. 24. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 verður fullnustugerðum í fasteignum þinglýst, þótt gerðarþola skorti þinglýsta heimild til eignarinnar. Verður því að fella umdeilda ákvörðun þinglýsingarstjórans í Hafnarfirði úr gildi og leggja fyrir hann að þinglýsa fjárnámi sóknaraðila í fasteigninni Vallarbarði 21, Hafnarfirði, með þeirri athugasemd, að þinglýsta eignarheimild skorti, sbr. 3. mgr. 7. gr. laga nr. 39/1978.

Benedikt Bogason dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Ákvörðun þinglýsingarstjórans í Hafnarfirði frá 3. mars 1994 að vísa frá þinglýsingu fjárnámi sóknaraðila, Húsasmiðjunnar hf., í fasteigninni Vallarbarði 21, Hafnarfirði, er felld úr gildi og lagt fyrir þinglýsingarstjóra að þinglýsa fjárnáminu með þeirri athugasemd, að þinglýsta eignarheimild skorti.

Miðvikudaginn 1. júní 1994.

Nr. 179/1994. **Sýslumaðurinn í Hafnarfirði**
gegn
Landsbanka Íslands
(Skúli Th. Fjeldsted hrl.)

Kærumál. Þinglýsing. Fjárnám. Fasteign.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 13. apríl 1994, sem barst réttinum 22. sama mánaðar. Kæruheimild er í 5. mgr. 3. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978, sbr. 1. gr. laga nr. 6/1992. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og ákvörðun sín um að vísa frá þinglýsingu endurriti fjárnáms 1. mars 1994 verði látin standa óhögguð.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Málavöxtum er lýst í úrskurði héraðsdóms.

Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. laga nr. 39/1978 verður skjali ekki þinglýst, ef útgefanda þess brestur þinglýsta heimild til að ráðstafa eign á þann veg, sem fyrir er mælt í skjalinu. Þessi meginregla sætir undantekningu, þegar aðfarargerðir eru annars vegar, sbr. 2. mgr. 24. gr. Er hún gerð með tilliti til hagsmuna skuldheimtumanna af því, að skuldunautar geti ekki skotið sér undan efndum með því að vanrækja heimildaskráningu. Eðlisrök hníga til þess, að sama regla verði látin gilda um fasteignir á byggingarstigi, sem ekki hafa enn verið skráðar í fasteignabækur þinglýsingarstjóra. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili skal greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, sýslumaðurinn í Hafnarfirði, greiði varnaraðila, Landsbanka Íslands, 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 5. apríl 1994.

Mál þetta, sem varðar ágreining við þinglýsingu, barst Héraðsdómi Reykjaness 15. mars 1994 og var tekið til úrskurðar 21. sama mánaðar.

Sóknaraðili, Landsbanki Íslands, kt. 710169-3819, Austurstræti 11, Reykjavík, gerir þá kröfu, að hnekkt verði þeirri ákvörðun þinglýsingarstjórans í Hafnarfirði frá 3. mars 1994 að vísa frá þinglýsingu endurriti fjárnáms, sem fram fór 1. mars 1994, og að lagt verði fyrir þinglýsingarstjóra að færa skjalið í þinglýsingabækur.

Samkvæmt bréfi þinglýsingarstjórans í Hafnarfirði, dags. 21. mars 1994, óskar hann ekki eftir að senda athugasemdir sínar um málefnið, sbr. 3. mgr. 3. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978.

Málavextir eru þeir, að þann 1. mars 1994 var tekin fyrir hjá sýslumanninum í Hafnarfirði krafa sóknaraðila um að gert yrði fjárnám fyrir kr. 438.497 í eignum Vilhjálms S. Ólafssonar, kt. 291047-4089, Marargrund 2, Garðabæ. Við gerðina mætti gerðarþoli og benti á til fjárnáms fasteignina Vallarbarð 21, Hafnarfirði, íbúð í tvíbýlishúsi á byggingarstigi. Skýrði gerðarþoli svo frá, að kominn væri sökkull og plata og að eignin væri óveðsett að öðru leyti en því, að ógreiddar væru kr. 800.000 í gatnagerðargjöld. Gerðarþoli kvaðst ekki vera þinglýstur eigandi, þar sem eignin hefði ekki náð tilskildu byggingarstigi, en hann væri lóðarhafi. Að fenginni þessari ábendingu gerðarþola og með samþykki sóknaraðila lýsti sýslumaður yfir fjárnámi í eigninni.

Sóknaraðili framvísaði endurriti umrædds fjárnáms til þinglýsingar þann 3. mars 1994, en samdægurs var því vísað frá þinglýsingu. Var sú ákvörðun rökstudd með vísan til fyrri ákvörðunar þinglýsingarstjóra frá 10. september 1993, þar sem fullnustugerðum í umræddri eign var vísað frá þinglýsingu með skírskotun til 2. mgr. 7. gr. laga nr. 39/1978. Í þeirri ákvörðun segir síðan: „Fasteignin er ekki skráð í þinglýsingarbók, og hvorki þinglýstur lóðarleigusamningur, skiptayfirlýsing né annað heimildarskjal staðfestir tilvist hennar, sbr. 2. mgr. 2. gr. og 3. gr. laga um fjölbýlishús nr. 59/1976.“ Sóknaraðili bar ákvörðun þinglýsingarstjóra undir dóminn með bréfi, dags. 10. mars 1994, og samdægurs tilkynnti sóknaraðili þinglýsingarstjóra um málskotið, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 39/1978.

Sóknaraðili hefur lagt fram bréf Guðmundar Benediktssonar, bæjarlögmanns Hafnarfjarðar, dags. 7. mars 1994, þar sem staðfest er, að bæjarstjórn Hafnarfjarðar úthlutaði Vilhjálmi Ólafssyni lóð nr. 21 við Vallarbarð, Hafnarfirði, líklega fyrir um 2 árum. Þar sem lóðarleiguhafi hafi ekki staðið við byggingarskilmála og ekkert greitt af gatnagerðargjöldum, hafi lóðarúthlutun verið afturkölluð.

Af hálfu sóknaraðila er á því byggt, að þinglýsingarandlagið sé skýrt afmarkað með fram lögðum gögnum, árituðum af byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar, þar sem fram komi nákvæm staðsetning eignarinnar með hnitum. Óþarft sé að tilgreina lóðarnúmer, enda megi þinglýsingarstjóra vera ljóst að númer götunnar Vallarbarðs sé 9030 og númer lóðarinnar 0210 í samræmi við skráningarkerfi fasteigna, þannig að heildarnúmer fasteignarinnar Vallarbarðs 21 sé 90300210-00. Flestar eignir við götuna séu skráðar í fasteignabók og því sé þinglýsingarstjóra kunnugt um númer götunnar og eigi ekki að velkjast í vafa um hvaða númer fasteignin Vallarbarð 21, Hafnarfirði, ber.

Sóknaraðili telur að dráttur á þinglýsingu lóðarleigusamnings standi ekki í vegi þess að unnt sé að þinglýsa fjárnámi á eignina. Í 2. mgr. 24. gr. laga nr. 39/1978 komi skýrt fram sú sérstaða fullnustugerða, að þeim verði þinglýst, þótt gerðarþola skorti þinglýsta heimild til eignarinnar. Þá telur sóknaraðili 3. gr. laga nr. 59/1976 ekki hafa þýðingu í málinu.

Varðandi afturköllun Hafnarfjarðarbæjar á lóðarúthlutun til Vilhjálms S. Ólafssonar heldur sóknaraðili því fram, að slík ákvörðun hafi ekki verið tekin, þegar óskað var þinglýsingar, og að sóknaraðila sé ekki kunnugt um að til þess bær aðili hafi fjallað um málið, hvað þá að formleg ákvörðun hafi verið tekin.

Niðurstaða.

Við fjárnámsgerð, sem fram fór hjá Vilhjálmi S. Ólafssyni að kröfu sóknaraðila þann 1. mars 1994, mætti gerðarþoli og benti á til fjárnáms fasteignina Vallarbarð 21, Hafnarfirði. Fyrir liggur að lóðarleiguhafi þeirrar eignar er gerðarþoli, en lóðarleigusamningi hefur ekki verið þinglýst. Í máli þessu hefur ekki þýðingu hvort lóðarúthlutun hefur síðar verið afturkölluð.

Samkvæmt ótvíræðum ákvæðum 2. mgr. 24. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 verður fullnustugerðum í fasteignum þinglýst, þótt gerðarþola skorti þinglýsta heimild til eignarinnar. Verður því að fella umdeilda ákvörðun þinglýsingarstjórans í Hafnarfirði úr gildi og leggja fyrir hann að þinglýsa fjárnámi sóknaraðila í fasteigninni Vallarbarði 21, Hafnarfirði, með þeirri athugasemd, að þinglýsta eignarheimild skorti, sbr. 3. mgr. 7. gr. laga nr. 39/1978.

Benedikt Bogason dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Ákvörðun þinglýsingarstjórans í Hafnarfirði frá 3. mars 1994 að vísa frá þinglýsingu fjárnámi sóknaraðila, Landsbanka Íslands, í fasteigninni Vallarbarði 21, Hafnarfirði, er felld úr gildi og lagt fyrir þinglýsingarstjóra að þinglýsa fjárnáminu með þeirri athugasemd, að þinglýsta eignarheimild skorti.

Fimmtudaginn 2. júní 1994.

Nr. 121/1994. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Kjartani Ólafi Bjarnasyni
(Örn Clausen hrl.)

Kynferðisbrot. Áfengislagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson og Markús Sigurbjörnsson prófessor.

Ákærði skaut málinu í heild sinni til Hæstaréttar, og af hálfu ákæruvalds var því áfrýjað með stefnu 25. febrúar 1994. Ríkissaksóknari krefst sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu.

Eins og atvikum var háttað, verður að telja, að pilturinn hafi átt greiðan aðgang að áfengi í íbúð ákærða og að ákærða hafi verið ljóst, að pilturinn nýtti sér það. Gerðist ákærði því brotlegur við 3. mgr. 16. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978.

Fallast ber á það með héraðsdómara, að ósannað sé, að pilturinn hafi verið svo ölvaður, að 196. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 40/1992, eigi hér við. Með framburði ákærða, sem að öðru leyti er í samræmi við framburð piltsins, telst hins vegar fyllilega sannað, að ákærði hafi með fégjöf tælt piltinn til að þola háttsemi þá, sem í ákæru er lýst og telst falla undir 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 10. gr. laga nr. 40/1992.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Kjartan Ólafur Bjarnason, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 14. febrúar 1994.

Mál þetta, sem var dómtekið 11. febrúar sl., hefur ríkissaksóknari höfðað af hálfu ákæruvaldsins með ákæru, út gefinni 7. desember og birtri 5. janúar sl., á hendur Kjartani Ólafi Bjarnasyni, Írabakka 4, Reykjavík, fæddum 21. september 1930, fyrir eftirgreind kynferðisbrot og áfengislagabrot, sem ákærði framdi miðvikudaginn 6. október 1993 á heimili sínu:

Aðallega að hafa í greint sinn veitt piltinum X, sem þá var 15 ára, áfengi og er pilturinn var orðinn ölvaður, haft við hann kynferðismök með þeim hætti að sleikja endaþarm piltsins og fróa sjálfum sér um leið og þannig notfært sér það ástand piltsins, að hann gat ekki spornað við verknaðinum sökum ölvunar.

Er þetta af ákæruvaldsins hálfu talið varða við 196. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 40/1992 og 3. mgr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978.

Til vara er ákærða gefið að sök að hafa greint sinn tælt piltinn X til framangreindra kynferðismaka með því að veita honum áfengi og lofa honum peningagreiðslu fyrir.

Er þetta talið varða við 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 40/1992 og 3. mgr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Verjandi ákærða krefst aðallega sýknu, til vara sýknu af broti á áfengislögum og til þrautavara að aðeins verði fallist á varakröfu að frátalinni refsingu fyrir áfengislagabrot.

Þegar sakarefni voru borin undir ákærða við þingfestingu málsins gekkst hann við því að hafa átt mök við piltinn, en lýsti viðskiptum þeirra þannig að pilturinn hefði samþykkt mökin. Hann hefði sest ofan á andlitið á sér að sinni beiðni og ákærði sleikt á honum endaþarminn; mökin hefðu staðið stutt og ákærði átt frumkvæði að lokum þeirra vegna áhugaleysis.

Ákærði kynntist móður X fyrir um 10 eða 11 árum og var litið á hann í fjölskyldu hennar sem heimilisvin þar til það atvik gerðist sem varð tilefni málshöfðunarinnar. X er fæddur 1. nóvember 1977. Ákærði bjó einn og vandi pilturinn komur sínar til hans eins og hann væri náinn ættingi. Hann hringdi í ákærða nefndan dag síðdegis og bað um að fá að koma í heimsókn. Ákærði, sem sat þá við drykkju og var orðinn langdrukkinn, bauð honum að koma og sat drengurinn hjá ákærða fram eftir degi. Lauk heimsókninni með því að ákærði sleikti endaþarmsop piltsins uppi í rúmi sínu, skrifaði 5.000 króna tékka og fékk honum fyrir vikið meðan pilturinn var að klæða sig en hann hjólaði síðan heim til sín að .... í Garðabæ með tékkann. Þar hitti hann 17 ára bróður sinn, A, sem segir X ekki hafa virst mjög ölvaðan, en ekki eins og hann átti að sér að vera, og hafa sagt að hann hefði fengið sér í glas og síðan að Kjartan hefði boðið sér peninga fyrir einhverjar kynferðislegar athafnir. Vitnið fann ekki áfengislykt af X og sá ekki mikið á honum, en eftir að þeir voru komnir inn í íbúðina, kvartaði X um vanlíðan og svima. A lét móður þeirra vita og þau ræddu nánar við X.

Móðir piltanna segir X hafa komið heim kl. 17.30–18.00, útúrdrukkinn, grátandi og niðurbrotinn. Hún hafði upp úr drengnum að hann hefði þegið svo mikið áfengi af ákærða að hann sofnaði og vaknaði síðan klæðlítill við að Kjartan var að sleikja á honum rassinn; hann hefði síðan hjólað heim mjög ölvaður og grátandi. Hann sagðist skammast sín fyrir að taka við peningunum sem þó væri ekki vanþörf á til að kaupa fyrir þá mat, en fjölskyldan var mjög peningalítil á þessum tíma að sögn móðurinnar. Hún kveður X hafa verið eins ölvaður og hægt er að vera, með uppköstum og lamið rúmið í örvæntingu og hryllingi. Haft var samband við lögreglu samdægurs kl. 19.52 og rannsóknarlögreglu kl. 10.15. Rannsóknarlögreglumaður fór á staðinn og talaði við móðurina en drengurinn reyndist ekki viðræðuhæfur.

X lýsir atvikum eins og greinir í aðallið ákæru. Hann hafi komið til ákærða um kl. 14.00, spurt ákærða, hvort hann væri með vín, ákærði játað því og blandað honum drykk úr áfengi og kólagosvatni, hversu oft man hann ekki. Kjartan fór að segja eitthvað við hann, sem hann skildi ekki, um fortíð sína og spurði hann hvort hann vildi ekki kr. 5000,00. Drengurinn féllst á að taka við peningunum. Seinast var hann orðinn mjög ölvaður, allt fór að hringsnúast fyrir honum. Hann heldur að hann hafi fallið á gólfið en vaknaði við að þeir voru fáklæddir uppi í rúmi, hann á grúfu og Kjartan að sleikja á honum rassinn og fróa sér. Honum brá í brún, fannst athæfið ógeðslegt, kenndi ótta og vildi ráðast á ákærða, ýtti honum frá sér, án þess að ákærði veitti viðnám, og klæddist í föt sín, sem hann fann frammi á gangi.

Ákærði hefur gefið skýrslu fyrir dóminum. Um aðdragandann segir ákærði að pilturinn hafi beðið um og fengið kóka kóla sem hann sótti í ísskáp. Ákærði varð ekki var við, að hann neytti áfengis eða yrði ölvaður, hafi svo verið, hafi hann tekið áfengi úr ísskápnum án leyfis; hann hafi sagt piltinum frá kynmökum sínum við unga drengi fyrr á árum, boðið honum kr. 2.500,00 fyrir að eiga mök við sig, pilturinn stungið upp á kr. 10.000,00 en að samkomulag hafi orðið um kr. 5.000,00; þeir hafi síðan haft mök eins og hann greindi frá við þingfestingu; pilturinn hafi síðan farið inn á bað, klætt sig og komið inn í stofu, sest niður og lokið við kóka kóla sem hann var að drekka.

Sakaferill ákærða nær frá árinu 1954 til 1981 eftir sakavottorði að dæma. Hann hefur á þessum tíma sætt refsingum 24 sinnum, m.a. fyrir ölvun, umferðarlagabrot, hylmingu, þjófnað og fjársvik. Hann var dæmdur fyrir skírlífisbrot 1969 og aftur 1972 (dómur sakadóms Keflavíkur 5. apríl 1972). Þá var hann sakfelldur fyrir kynmök við tvo pilta, 7 ára og 15 ára, og ósæmilega hegðun við þann þriðja, 8 ára, í öllum tilvikum í herbergi sínu. Þeim elsta veitti hann áfengi svo að hann varð ölvaður, lagðist ofan á hann, fór um hann höndum, kyssti hann og reyndi að tæla hann til kynmaka. Eftir þennan dóm var ákærði vanaður.

Frásögn X virðist trúverðug í öllum meginatriðum, og það, sem fram hefur komið um kynhneigðir ákærða og hegðunarmynstur í skiptum við unglinga, styður sögu hans. Hins vegar veikir það sögu piltsins, að hann samþykkti fyrirfram að taka við peningum, þótt atvik bendi til, að hann hafi mátt skilja, að ákærði ætlaðist til einhvers ósæmilegs af honum, og tók við tékkanum, að hann gat hjólað heim og að bróðir hans, sem hafði fyrst tal af honum eftir atburðinn, sá lítið á honum og ber að X hafi sagt ákærða hafa boðið sér peninga fyrir kynmök. Það veikir einnig fyrri lið ákæru, að ekki tókst að ná skýrslu af X strax um kvöldið. Á hinn bóginn kom fram í skýrslu rannsóknarlögreglumannsins, sem reyndi að tala við X þá, að hann var illa á sig kominn, illa þefjandi af áfengi, ölvaður og skælandi. Samkvæmt þessu þykir ekki ástæða til að leggja trúnað á þá sögu ákærða, að hann hafi ekki séð áfengisáhrif á drengnum eða vitað að hann drakk; ölvun piltsins hefði ekki leynst fyrir ákærða ef hann hefði verið allsgáður; hans eigin ölvun afsakar hann ekki. Að öðru leyti hefur ákærði gengist við því sem hann er sakaður um í síðari lið ákæru.

Samkvæmt þessu þykir verða að fallast á kröfur ákæruvaldsins miðað við síðari lið ákæru, sem er réttilega heimfærður til refsiákvæða. Hæfileg refsing fyrir það atferli, sem þar er lýst, er 8 mánaða fangelsi. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, eins og nánar greinir í dómsorði.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Samkvæmt 1. mgr. 135. gr. laga 19/1991 skal, auk staðsetningar og dagsetningar dóms, heitis dómstóls, nafns dómara og deila á aðilum, greina í dómi sakarefni, lýsingu málsatvika í aðalatriðum og röksemdir dómara um niðurstöðu og viðurlög. Dómurinn er saminn samkvæmt þessum ákvæðum.

Dómsorð:

Ákærði sæti fangelsi í 8 mánuði og greiði sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 45.000,00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hrl., kr. 60.000,00.

Fimmtudaginn 2. júní 1994.

Nr. 63/1994. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Guðmundi Gunnari Hólmarssyni
(Sigmundur Hannesson hrl.)

Þjófnaður. Umferðarlög. Ölvunarakstur. Akstur án ökuréttinda. Reynslulausn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði tveimur dómum Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 9. og 21. desember 1993 með áfrýjunarstefnum 26. janúar 1994. Báðum dómunum er áfrýjað einvörðungu til refsiákvörðunar. Þá er krafist staðfestingar á sviptingu ökuréttar.

Af hálfu ákærða er þess krafist, að honum verði dæmd vægasta refsing, sem lög leyfa.

Málin hafa verið sameinuð fyrir Hæstarétti.

Með dómi 9. desember 1994 var ákærði dæmdur í 10 mánaða fangelsi, en inn í þá refsingu voru felldar 220 daga eftirstöðvar fangelsisrefsingar, sem hann hafði fengið reynslulausn á, en rofið. Reynslulausn þessi hafði þegar verið tekin upp með dómi Héraðsdóms Suðurlands 16. september sama ár. Var dómara síðara málsins ókunnugt um þann dóm. Hafa fyrrgreindar eftirstöðvar því tvívegis verið dæmdar með annarri refsingu ákærða. Ber því nú við ákvörðun refsingar hans að leiðrétta þessi mistök.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann frá árinu 1988 hlotið tólf refsidóma og gengist tvívegis undir dómsátt. Hann hefur verið sakfelldur níu sinnum fyrir hegningarlagabrot, fimm sinnum fyrir ölvun við akstur, sjö sinnum fyrir réttindaleysi við akstur og einu sinni vegna fíkniefnabrots. Honum hefur samtals verið dæmd 3 ára og 9 mánaða fangelsisrefsing. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 8. febrúar 1994 var hann að auki dæmdur í 3 mánaða fangelsi fyrir að aka sviptur ökurétti. Með hliðsjón af sakaferli ákærða og vísan til 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing hans hæfilega ákveðin 7 mánaða fangelsi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms 21. desember 1993 um sviptingu ökuréttar ákærða ævilangt frá uppsögu þess dóms.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað skulu vera óröskuð.

Allur áfrýjunarkostnaður máls þessa greiðist úr ríkissjóði, eins og nánar segir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Gunnar Hólmarsson, sæti fangelsi 7 mánuði.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms 21. desember 1993 um sviptingu ökuréttar ákærða ævilangt frá uppsögu þess dóms.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Áfrýjunarkostnaður máls þessa greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Sigmundar Hannessonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 16. september 1993.

I.

Dómkröfur.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 18. f.m., er höfðað hér fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 20. apríl sl., á hendur Guðmundi Gunnari Hólmarssyni, Bárugötu 22, og Hauki Guðjónssyni, Grettisgötu 92, báðum til heimilis í Reykjavík. Málið sætti aðalmeðferð og munnlegum málflutningi, sbr. 3. mgr. 129. gr. laga nr. 19/1991.

Dómkröfur ákæranda eru þær, að báðir ákærðu verði sakfelldir fyrir þá háttsemi, sem þeim er gefin að sök í ákæru, þ.e. „Fyrir brot framin aðfaranótt þriðjudagsins 9. febrúar 1993:

1.

„Ákærða Guðmundi Gunnari er gefið að sök að hafa ekið bifreiðinni R-35719 án ökuréttinda frá Reykjavík til Þorlákshafnar.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

2\.

Ákærðu er báðum gefið að sök að hafa brotist inn í bifreiðina AG-111 við Unubakka 48 í Þorlákshöfn og stolið úr henni talstöð.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga."

Þá er þess krafist, að þeir verði báðir dæmdir til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð að mati dómsins. Loks er þess krafist að ákærðu verði dæmdir til að greiða „in solidum" Helga Jónssyni, kt. 141167-2949, skaðabætur, að fjárhæð kr. 5.000, með dráttarvöxtum frá 15. degi eftir dómsuppkvaðningu til greiðsludags skv. vaxtalögum nr. 25 frá 1987.

II.

Málsatvik og niðurstaða.

Fyrri ákæruliður.

Aðfaranótt þriðjudagsins 9. febrúar 1993 ók ákærði Guðmundur Gunnar bifreiðinni R-35719 frá Reykjavík til Þorlákshafnar án ökuréttinda, en slík réttindi hefur ákærði aldrei öðlast.

Ákærði hefur afdráttarlaust játað brot sitt og þar sem játning hans samræmist fram lögðum sakargögnum, telst að fullu sannað, að hann hafi framið það brot, sem í þessum ákærulið greinir, en þar er háttsemi ákærða rétt lýst og réttilega heimfærð undir 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Síðari ákæruliður.

Í frumskýrslu lögreglu kemur fram, að kl. 01.58 hafi lögreglunni í Árnessýslu borist tilkynning um grunsamlegar ferðir bifreiðarinnar R-35719 í Þorlákshöfn. Í lögregluskýrslunni kemur ekki fram hver tilkynnti um ferðir bifreiðarinnar og sá aðili hefur ekki gefið skýrslu fyrir dóminum. Þrír lögreglumenn fóru þegar í stað til Þorlákshafnar og fundu bifreiðina við íþróttahúsið í Þorlákshöfn. Í skýrslunni kemur enn fremur fram, að bifreiðin hafi verið í gangi og undir stýri hafi ákærði setið hálfsofandi. Þótt frumskýrslan greini ekki frá farþegum í bifreiðinni, hefur komið fram, að ákærði Haukur var þar einnig sofandi. Ákærðu voru báðir handteknir.

Að kvöldi þessa sama dags tilkynnti vitnið Helgi Jónsson að úr bifreið hans hefði horfið 40 rása talstöð með CB tíðnisviði, en bifreið hans hefði staðið við bílaverksmiðjuna Bíliðjuna í Þorlákshöfn. Upplýst er, að vitnið gaf skýrslu hjá lögreglu á Selfossi daginn eftir (dskj. V,7.2) og segir svo í upphafi skýrslunnar: „Helgi er mættur til að taka við CB talstöð Realistic Trc 415 framleiðslunr. 0180127 . . . Áminntur um sannsögli skýrir hann frá því að þetta sé talstöðin sem tekin var úr bifreið hans AG 111 aðfaranótt síðastliðins þriðjudags." Fyrir dóminum breytti vitnið framburði sínum og kvað nú föður sinn eiga talstöðina en vitnið kvaðst hafa haft hana til umráða. Þessi óstöðugleiki í framburði vitnisins rýrir sönnunargildi framburðarins. Þorgrímur Óli Sigurðsson rannsóknarlögreglumaður, sem annaðist skýrslugerð í málinu, staðfesti að hafa farið til Þorlákshafnar daginn eftir að ákærðu voru handteknir (dskj. V,7.2) með Realistic CB talstöðina. Vitnið staðfesti að hafa tekið framangreinda skýrslu af vitninu í þessari sömu ferð. Vitnið Þorgrímur Óli, sem einnig skoðaði víratengingar í bifreiðinni AG-111 og tók sýnishorn í því sambandi, gerði ekki skýrslu um þær rannsóknaraðgerðir og lét ekki heldur sýnishorn þau, sem vitnið hafði tekið í þessu sambandi, fylgja gögnum málsins. Vitnið hafði sönnunargögnin hins vegar með sér er það kom fyrir dóminn við aðalmeðferð en ákærandi sá ekki ástæðu til að fá afstöðu ákærðu til þeirra og verður dómur eigi byggður á þeim. Verður að líta svo á, að ekki sé sannað að ein þeirra talstöðva sem fannst í bifreið ákærða Hauks sé úr bifreiðinni AG-111.

Í skýrslu lögreglunnar um þá muni, sem teknir voru af ákærðu við handtöku (dskj. V,4.1) segir að í bifreiðinni R-35719 hafi verið rauðbrún skjalataska með verkfærum en einnig hafi þar verið: „Handic 230 CB talstöð framleiðslunr. 02300590 Póst og síma númer 13449, Realistic Trc 415 talstöð nr. 0180127, BOSCH 1180,7 borvél framleiðslunr. 0601180703, slökkvitæki 2 kg duft, tréverkfærataska með ýmsum verkfærum, vökvahjólatjakkur, flúrvinnuljós BOCH, nýr sjónauki JASON 8×21 model 130, loftþrýstimælir MACCU-GAGE og tvær handtalstöðvar merktar (Kiddi).

Ofantaldir munir eru geymdir í lögreglustöðinni á Selfossi utan Realistic CB talstöðin sem var afhent eiganda sínum.“

Hér fyrir dómi hafa ákærðu báðir staðfastlega neitað að hafa brotist inn í bifreiðina AG-111 við Unubakka 48, Þorlákshöfn, og stolið úr henni talstöð. Við lögreglurannsókn málsins voru ákærðu aldrei yfirheyrðir um þetta ákæruatriði. Ákærði Guðmundur Gunnar sagðist þannig hafa strax ekið að Klébergi 15, Þorlákshöfn, þar sem foreldrar hans búa, en þar hafi allt verið slökkt og hann því ekið að sundlauginni og lagt sig í bílnum. Ákærði Haukur kvað þá hafa verið lengi á leiðinni til Þorlákshafnar, því að þoka og leiðindaveður hefði verið á leiðinni, þeir hefðu ætlað að hvíla sig smátíma, en sofnað. Ákærði, sem viðurkenndi að vera eigandi bifreiðarinnar R-35719, kannaðist við að tvær talstöðvar hefðu verið í bifreiðinni. Hann kvaðst hafa átt aðra talstöðina, tekið hana upp í viðgerðarskuld, en hin talstöðin, taldi ákærði, að hefði fylgt bílnum, eftir að maður, sem ákærði sagðist hafa haft viðskipti við og nafngreindi, hefði haft bifreiðina til umráða. Ekki þykir unnt að vefengja þennan framburð ákærða, enda var rannsókn lögreglu á þessu atriði ófullkomin, eins og hér nánar greinir.

Er ríkissaksóknari gaf út ákæru í máli þessu 20. apríl sl. var rannsókn á þessum ákærulið ekki lokið. Þannig höfðu ákærðu aldrei fengið tækifæri til að tjá sig um fullyrðingu Helga Jónssonar um að ein af talstöðvunum, sem fundust í bíl ákærða Hauks, væri úr bifreið Helga.

Ljóst er, að eftir að ríkissaksóknara bárust rannsóknargögnin frá sýslumanninum á Selfossi með bréfi, dagsettu 16. mars sl., hafði hann samkvæmt 2. mgr. 77. gr. laga nr. 19/1991 tækifæri til að mæla fyrir um frekari rannsóknaraðgerðir í málinu, svo að málið yrði að fullu rannsakað, áður en ákæra yrði út gefin.

Um saksókn og undirbúning málsmeðferðar er fjallað í XIV. kafla laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Í 112. gr. laganna kemur skýrt fram, að ef ríkissaksóknari telur, að það sem fram komi í rannsóknargögnum sé ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis, láti hann við svo búið standa, en leggi ella málið fyrir dóm skv. 116. gr. laganna. Nú var rannsókn málsins, í samræmi við það sem að framan greinir, greinilega ekki lokið, en þrátt fyrir það kaus ríkissaksóknari að leggja málið fyrir dóminn með hinni ófullkomnu rannsókn. Í rannsóknargögnum kom fram sérgreining á þeirri talstöð, sem Helgi Jónsson taldi að hefði horfið úr bifreið hans, bifreiðinni AG-111. Nauðsynlegt var fyrir ríkissaksóknara að taka upp þá sérgreiningu í ákæru enda lagði lögreglan hald á fleiri en eina talstöð, er ákærðu voru handteknir. Ákæran var því að þessu leyti gölluð. Með því að grundvöllur málsmeðferðar byggðist á ófullkominni rannsókn og gallaðri ákæru, voru minni líkur fyrir því að ákærandi gæti, sbr. 31. gr. laga nr. 19/1991, við aðalmeðferð sýnt fram á, hvað væri hið sanna og rétta í málinu. Af sömu ástæðum voru einnig minni líkur fyrir því, að ákærandi gæti, sbr. 45. og 46. gr. laga nr. 19/1991, sýnt fram á sekt ákærðu, svo að óvefengjanlegt væri. Það hefur ákæruvaldinu ekki heldur tekist.

Með hliðsjón af hinni ófullkomnu rannsókn verður að telja að ekki sé komin lögfull sönnun fyrir því að ákærðu hafi brotist inn í bifreiðina AG-111 og stolið þaðan talstöð. Ber því að sýkna ákærðu, Guðmund Gunnar Hólmarsson og Hauk Guðjónsson, af þessum ákærulið. Í samræmi við þá niðurstöðu og með vísan til 3. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991 verður bótakröfu Helga Jónssonar vísað frá dómi. Þessi niðurstaða leiðir einnig til þess að ákærði Haukur Guðjónsson verður sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu.

III.

Refsiákvörðun o.fl.

Ákærði Guðmundur Gunnar Hólmarsson er sakhæfur en hann er fæddur 10. febrúar 1970 og hefur samkvæmt nýju sakavottorði á tímabilinu frá 11.

apríl 1988 til 25. september 1991 sætt 11 sinnum ákæru fyrir brot á almennum hegningarlögum og umferðarlögum. Í fjórum tilvikanna var ákærða ekki gerð sérstök refsing í dómi, en á þessu tímabili sætti ákærði sjö refsidómum, allt frá 30 daga fangelsi (hegningarauki) upp í 12 mánaða fangelsi, fyrir brot á almennum hegningarlögum. Á sama tímabili hafa 4 dómar gengið um réttindalausan akstur ákærða. Hinn 10. apríl 1992, dskj. XII, veitti Fangelsismálastofnun ríkisins ákærða reynslulausn skilorðsbundið í 2 ár á 220 daga eftirstöðvum eftirtalinna refsinga:

„1. 3 mánaða fangelsi samkvæmt dómi sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum 16. júlí 1990.
2. 12 mánaða fangelsi samkvæmt dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 23. janúar 1991.
3. 6 mánaða fangelsi, að frádreginni 7 daga gæsluvarðhaldsvist, samkvæmt dómi sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum 4. júlí 1991.
4. 30 daga fangelsi samkvæmt dómi sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum 26. september 1991.“

Eins og að framan greinir hefur ákærði Guðmundur Gunnar margoft hlotið refsidóma. Á árinu 1988 hlaut ákærði 5 fangelsisdóma fyrir hegningarlagabrot. Á árinu 1989 er ákærði dæmdur í 12 mánaða fangelsi fyrir hegningarlagabrot. Á árinu 1990 eru fangelsisdómarnir tveir, en öðrum dóminum áfrýjað til Hæstaréttar, sem þyngdi refsinguna með dómi sínum 23. janúar 1991, og á því sama ári (1991) var ákærði tvisvar dæmdur í fangelsi í sakadómi Reykjavíkur fyrir hegningarlagabrot. Ákærði hefur þrisvar verið dæmdur fyrir réttindalausan akstur.

Með framangreindu umferðarlagabroti, réttindalausum akstri (fyrri ákæruliður), rauf ákærði Guðmundur Gunnar skilorð reynslulausnarinnar og ber því nú að ákveða ákærða refsingu með hliðsjón af 1. mgr. 42. gr., sbr. 60. og 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 3. gr. laga nr. 16/1976 og 7. gr. laga nr. 22/1955. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 8 mánaða fangelsi og er þá litið til þess, að þegar brot þetta er dæmt með eftirstöðvum refsingar samkvæmt reynslulausninni frá 10. apríl 1992, vegur það fremur lítið, sbr. 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Eftir úrslitum máls þessa og í samræmi við 2. mgr. 166. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála ber ákærða Guðmundi Gunnari Hólmarssyni að greiða 1/4 hluta alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Sigmundar Hannessonar hrl., 60.000 krónur, á móti ríkissjóði, er greiði 3/4 hluta kostnaðarins. Af hálfu ákæruvalds sótti Karl Gauti Hjaltason, fulltrúi lögreglustjórans á Selfossi, málið hér fyrir dóminum.

Jón R. Þorsteinsson héraðsdómari dæmir mál þetta. Vegna mikilla embættisanna dómarans dróst dómsuppkvaðning nokkuð, en málið var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 18. f.m.

Dómsorð:

Ákærði Haukur Guðjónsson skal vera sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu. Bótakröfu Helga Jónssonar er vísað frá dómi.

Ákærði Guðmundur Gunnar Hólmarsson sæti fangelsi í 8 mánuði og greiða skal hann 1/4 hluta alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Sigmundar Hannessonar hrl., 60.000 krónur.

Fimmtudaginn 2. júní 1994.

Nr. 123/1994. **Ákæruvaldið**
(Egill Stephensen saksóknari)
gegn
Valentínusi Guðmundi Baldvinssyni
(Magnús Thoroddsen hrl.)

Viðurlagaákvörðun. Áfengislög. Upptaka. Fésekt felld niður. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu eingöngu um lagaatriði og viðurlög, en af hálfu ákæruvalds var því skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 11. mars 1994 til þyngingar á refsingu og staðfestingar á sviptingu ökuréttar og upptöku að því frátöldu, að eigi er lengur krafist upptöku á „efnum til áfengisgerðar“.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti féll ákæruvaldið frá heimfærslu til 18. gr. áfengislaga nr. 82/1969 í ákæru lögreglustjórans í Reykjavík frá 6. desember 1993, þar sem eigi kæmi þar fram í verknaðarlýsingu, að ákært væri fyrir sölu áfengis.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 17. febrúar 1994 var ákærði dæmdur til að sæta fangelsi í 30 daga fyrir akstur án ökuréttinda 16. desember 1993 og 3. janúar 1994. Refsing ákærða nú verður ákveðin með hliðsjón af þessum dómi, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og samkvæmt reglum 77. gr. laganna. Þykir rétt að staðfesta þá ákvörðun héraðsdómara, að ákærði sæti fjögurra mánaða fangelsi. Með hliðsjón af framangreindri breytingu á málatilbúnaði af hálfu ákæruvalds eru hins vegar ekki lagaskilyrði til þess að dæma ákærða til greiðslu fésektar jafnframt refsivist, sbr. 3. mgr. 33. gr. áfengislaga og 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga.

Í ákæruskjölum er krafist upptöku á 410 lítrum af gambra og 88,75 lítrum af sterku áfengi. Rannsóknargögn lögreglu bera með sér, að drýgstum hluta þessa magns hafi verið hellt niður og ekki öðru haldið til haga en 28,75 lítrum af sterku áfengi. Ekki eru skilyrði til víðtækari upptöku en sem því nemur, sbr. 8. gr. áfengislaga.

Þá eru ekki í ákæruskjölunum talin upp öll þau efni og tæki, sem upptökukröfur lúta að, svo sem rétt og skylt var, heldur látið við það sitja að vísa í gögn málsins. Í hinum áfrýjaða dómi er sami háttur hafður á í dómsorði. Er þetta óviðunandi og aðfinnsluvert. Sækjandi málsins fyrir Hæstarétti hefur lagt fram lista yfir þá muni, sem upptöku er krafist á, og verður við hann miðað.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuréttar ákærða, sbr. 2. mgr. 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. lög nr. 44/1993.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest. Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Valentínus Guðmundur Baldvinsson, sæti fangelsi í fjóra mánuði.

Ákærði sæti upptöku á 28,75 lítrum af sterku áfengi, þremur eimingartækjum, þar af einu heitavatnseimingartæki úr ryðfríu stáli með 50 lítra kút og öðru ósamsettu með 50 lítra kút og spíral, fjórum 220 lítra tunnum, einni 200 lítra plasttunnu með loki, fjórum 25 lítra plastbrúsum, tveimur plastbrúsum með froðueyði, 35 plastflöskum og þremur kolasíum.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sviptingu ökuréttar ákærða og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thoroddsen hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 7. janúar 1994.

Ár 1994, föstudaginn 7. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Pétri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 745/1993: Ákæruvaldið gegn Valentínusi Guðmundi Baldvinssyni sem tekið var til dóms 6. s.m.

Málið er höfðað með tveimur ákæruskjölum lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettum 6. og 16. desember sl., á hendur ákærða, Valentínusi Guðmundi Baldvinssyni, Laufengi 90, Reykjavík, kt. 160360-5699, „1. fyrir að framleiða á þáverandi heimili sínu að Laugavegi 27 í Reykjavík frá síðari hluta júnímánaðar og fram til 18. ágúst 1992 110 lítra af gambra og 70 lítra af sterku áfengi og afhenda Val Bragasyni, kt. 171255-3769, 40 lítra og Svövu Árdísi Jóhannesdóttur, kt. 130765-3769, 30 lítra af sterku áfengi,

2. fyrir að aka bifreiðinni R-10131 að kvöldi laugardagsins 10. júlí 1993 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuleyfi frá Laugavegi 27 í Reykjavík um ýmsar götur borgarinnar, uns lögregla stöðvaði aksturinn á Eiríksgötu,

3. fyrir að framleiða að Laufengi 9 í Reykjavík frá miðjum ágúst 1993 fram til 8. september 100 lítra af gambra og allt að 120 lítrum af sterku áfengi og afhenda 60 lítra af áfenginu til ýmissa aðila".

Liðir 1 og 3 teljast varða við 7. og 18. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969 og liður 2 við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar skv. 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 25. og 26. gr. laga nr. 44/1993. Þess er og krafist, að ákærði sæti upptöku skv. 8. gr. nefndra áfengislaga og 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 á 8 lítrum af sterku áfengi, eimingartækjum og 110 lítrum af gambra auk tækja og efna, sem upp eru talin í máli nr. R-19017/93, skjali nr. 9, bls. 1, og lögreglan lagði hald á við húsleit að Laugavegi 27 laugardaginn 18. ágúst 1992. Einnig er krafist upptöku á 17,25 lítrum af sterku áfengi, sem ákærði framleiddi og lögregla lagði hald á við húsleit að Yrsufelli 5 í Reykjavík föstudaginn 14. ágúst 1992, heimili Vals Bragasonar og Svövu Árdísar Jóhannesdóttur, einnig 100 lítrum af gambra og 60 lítrum af sterku áfengi, auk eimingartækja og annarra tækja og efna, sem talin eru upp í máli nr. R-24139/93, skjal nr. 4 bls. 1, og lögregla lagði hald á að Laufengi 9 miðvikudaginn 8. september 1993".

Málavextir.

Ákærði hefur að mestu játað það athæfi sem honum er gefin sök á.

1. Ákærði játar 1. tl. fyrri ákæru réttan að öðru leyti en því, að það áfengi, sem hann afhenti Svövu Árdísi, hafi verið 17 lítrar. Nýtur þetta stuðnings af skýrslu hennar. Verður að telja sannað að þetta hafi verið 17 lítrar en ekki 30.

2. Ákærði játar að hafa ekið bifreið undir áhrifum áfengis og sviptur ökurétti, eins og segir í ákæru. Í blóði hans mældust 1,62‰ af vínanda.

3. Ákærði kannast við að hafa framleitt bæði gambra og sterkt áfengi í Laufengi 9 á þeim tíma, sem greinir í ákæru. Hafi þetta verið 100 lítrar af gambra en aftur á móti hafi hann ekki framleitt nema 80 lítra af sterku

áfengi. Kveðst ákærði einungis hafa afhent 15–20 lítra til vina og vinnufélaga. Ekki hafi komið greiðsla fyrir þetta. Nánar spurður um eimingu segist hann hafa soðið tvisvar upp úr 200 lítra tunnu, og hafi hann fengið um 80 lítra samtals af sterku áfengi út úr því. Þá segist ákærði hafa verið byrjaður að sjóða upp úr þeirri þriðju þegar húsleit var gerð hjá honum, og segir hann, að úr þeirri suðu hafi getað verið komnir 2–4 lítrar af 70–75% vínanda. Segir ákærði þann landa, sem hjá honum fannst, hafa verið þetta og það sem hann var áður búinn að sjóða. Ákærði kveðst hafa ætlað að veita þetta í brúðkaupsveislu sinni sem haldin var nokkrum dögum seinna. Ekkert í sakargögnunum hnekkir þessari skýrslu ákærða og verður að byggja á henni.

4. Ákærði viðurkennir að hafa lagt í 200 lítra á heimili sínu eins og lýst er í síðari ákæru. Aftur á móti segir hann, að þessi þrír og hálfur lítri, sem fundust 2. þ.m., hafi verið úr fyrri lögun og lögreglunni yfirsést, þegar hún gerði hjá honum húsleit síðast. Ákærði tekur fram að vínandamagn í gambranum hafi verið undir lágmarki áfengislaganna. Bendir hann á í þessu sambandi að sýnið hafi ekki verið rannsakað fyrr en 7–8 dögum eftir að það var tekið og því hafi það gerjast í millitíðinni og farið yfir mörkin. Fram er komið að ákærði blandaði saman 180 lítrum af vatni, 45 kg af sykri og 1,5 kg af geri og kom gerð í lögun þessa. Verður að telja að þessar athafnir ákærða séu tilbúningur áfengis í skilningi III. kafla áfengislaga og skiptir þá ekki máli hvort áfengismagnið var orðið 2,25‰, þegar gerð var húsleit hjá honum, eða hvort gerjun hélt áfram í sýni því, sem tekið var úr tunnunni.

Með þessum athugasemdum telst ákærði vera sannur að því atferli sem honum er gefin sök á í ákæruskjölum. Er það allt réttilega fært til refsiákvæða í þeim.

Ákærði hefur til þessa hlotið fimm dóma fyrir ýmisleg brot. Síðast var hann dæmdur 26. apríl sl. í Bremerhaven í Þýskalandi í 2ja ára fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir stórfellt fíknilagabrot. Þá hefur hann verið sektaður margsinnis fyrir ýmis brot, þar af fyrir áfengissölu 1985 og áfengisbruggun 1986, ölvun við akstur 1989 og 1992 og réttindaleysi við akstur það sama ár. Refsing ákærða þykir með hliðsjón af sakaferli hans og málavöxtum vera hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði.

Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða 300.000 krónur í sekt og komi 2ja mánaða fangelsi í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan 4 vikna frá dómsuppsögu.

Svipta ber ákærða ökurétti ævilangt frá 28. janúar að telja.

Með heimild í 8. gr. áfengislaga og 69. gr. almennra hegningarlaga ber að dæma ákærða til þess að sæta upptöku á áfengi svo og efnum og tækjum sem ákærði ýmist notaði við áfengistilbúning eða ætlaði til þess og hald var lagt á hjá honum, sem hér segir:

1. Á Laugavegi 27 15. ágúst 1992: Tækjum sem ákærði notaði til þess að eima áfengi, 100 kg af sykri, 2 tunnum með gambra, tveimur plastpokum með tómum flöskum, 4 plastflöskum með landa, 6 pökkum af geri, kolasíu og 3 plastbrúsum sem taka 25 lítra.

2. Í Laufengi 9 8. september sl.: Tækjum sem ákærði notaði til þess að eima áfengi, 2 tunnum með gambra, plastbrúsum með 125 lítrum af landa, 20 kg af sykri, kolasíu, kassa með plastflöskum og þremur pokum með plastflöskum.

3. Á sama stað 2. desember sl.: Ósamsettum tækjum ætluðum til eimingar áfengis, 200 lítra plasttunnu með gambra, 25 lítra plastbrúsa, kolasíu, 2 brúsum með froðueyði og 2 plastflöskum.

Ekki þykja vera skilyrði til þess að gera upptækan þann vökva sem hellt var niður og fór þannig forgörðum.

Loks ber að dæma ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og þóknun til verjanda síns, Brynjars Níelssonar héraðsdómslögmanns, 40.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Valentínus Guðmundur Baldvinsson, sæti fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði greiði 300.000 krónur í sekt og komi 2ja mánaða fangelsi í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Ákærði er sviptur ökurétti ævilangt frá 28. janúar 1994 að telja.

Ákærði sæti upptöku á 88,5 lítrum af sterku áfengi, 210 lítrum af gambra auk allra tækja og efna til áfengisgerðar og eimingar áfengis sem hald var lagt á hjá ákærða 18. ágúst 1992 á Laugavegi 27, 8. september og 2. desember 1992 í Laufengi 9.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og þóknun verjanda síns, Brynjars Níelssonar héraðsdómslögmanns, 40.000 krónur.

Fimmtudaginn 2. júní 1994.

Nr. 155/1994. **Ákæruvaldið**
(Egill Stephensen saksóknari)
gegn
Einari Einarssyni
(Magnús Thoroddsen hrl.)

Viðurlagaákvörðun. Áfengislög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu einvörðungu um ákvörðun viðurlaga, en af hálfu ákæruvalds var því skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 6. apríl 1994 til þyngingar á refsingu.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 10. maí 1994 var ákærði dæmdur til að sæta tveggja mánaða fangelsi auk upptöku á eimingartækjum og 53 lítrum af sterku áfengi og gert að greiða 300.000 króna sekt til ríkissjóðs vegna brota á 7. og 18. gr. áfengislaga nr. 82/1969. Refsing ákærða nú verður ákvörðuð með hliðsjón af þeim dómi, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með þessari athugasemd og skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Einar Einarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thoroddsen hæstaréttarlögmanns, 15.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 7. janúar 1994.

Ár 1994, föstudaginn 7. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Pétri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamáli nr. 754/1993: Ákæruvaldið gegn Einari Einarssyni sem tekið var til dóms 20. f.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 6. desember 1993 á hendur ákærða, Einari Einarssyni, Dvergabakka 14, Reykjavík, kt. 210268-5109, „fyrir að framleiða, að Laufengi 90 í Reykjavík í ágúst 1993 um það bil 70 lítra af sterku áfengi, sem hann afhenti til þriggja manna, sem áttu að selja áfengið fyrir hann.

Þetta telst varða við 7. og 18. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Ákærði hefur skýlaust játað það brot sem hann er ákærður fyrir og þykir það vera sannað. Er það réttilega fært til refsiákvæða í ákæru.

Ákærði hefur frá því á árinu 1985 verið dæmdur sex sinnum fyrir ýmisleg hegningar- eða umferðarlagabrot, síðast í nóvember 1992. Þá hefur hann verið sektaður margsinnis, ýmist fyrir ölvun eða umferðarlagabrot. Ákærða var í júní í sumar veitt reynslulausn af 137 dögum refsivistar, skilorðsbundin í tvö ár. Hefur hann rofið skilorð reynslulausnarinnar og ber að dæma hana upp og gera ákærða refsingu í einu lagi. Með hliðsjón af því, að ákærði fékk menn til þess að selja áfengið, þykir refsing hans vera hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði. Þá ber að gera ákærða 100.000 króna sekt og komi 30 daga fangelsi í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talda þóknun verjanda síns, Brynjars Níelssonar héraðsdómslögmanns, 15.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Einarsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði greiði 100.000 krónur í sekt og komi 30 daga fangelsi í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talda þóknun verjanda síns, Brynjars Níelssonar héraðsdómslögmanns, 15.000 krónur.

Fimmtudaginn 2. júní 1994.

Nr. 68/1994. **Ákæruvaldið**
(Egill Stephensen saksóknari)
gegn
Eiríki Inga Sigurjónssyni og
Kristbirni Hjalta Tómassyni
(Jónatan Sveinsson hrl.)

Áfengislög. Ákæra. Ómerking að hluta. Frávísun að hluta. Upptaka. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærðu áfrýjuðu málinu í heild sinni, en krefjast vægustu refsingar, sem lög leyfa. Af hálfu ákæruvalds var málinu skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 4. janúar 1994 til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti var krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms um sakfellingu, sakarkostnað og upptöku að því frátöldu, að eigi er lengur krafist upptöku á „efnum til áfengisgerðar". Krafa um þyngri refsingu ákærðu var ítrekuð.

Fyrir Hæstarétti féll ákæruvaldið frá heimfærslu til 18. gr. áfengislaga nr. 82/1969 í ákæru lögreglustjórans í Rangárvallasýslu 3. september 1993, þar sem eigi kæmi þar fram í verknaðarlýsingu, að ákært væri fyrir sölu áfengis.

I.

Í nefndu ákæruskjali er ákærðu gefið að sök að hafa „í marsmánuði 1993 og fram til 13. júlí 1993 í söluskyni og til eigin nota, bruggað og eimað sterkt áfengi í útihúsum að Hlíð, A.-Eyjafjallahreppi, ákærði Eiríkur um 220 lítra og ákærði Kristbjörn Hjalti um 200 lítra". Ekki kemur fram, að þeir hafi staðið í sameiningu að þessum verknaði, eins og sókn málsins hefur þó miðast við. Í hinum áfrýjaða dómi er ákærði Eiríkur Ingi sakfelldur fyrir „að hafa einn frá því í árslok 1992 og fram til mars eða apríl 1993, en þá í félagi við ákærða Kristbjörn Hjalta bruggað í söluskyni og til eigin nota samtals 200 lítra af sterku áfengi . . .“ Frekari sakfellingu á hendur ákærða Kristbirni Hjalta er ekki að finna í forsendum héraðsdóms, en hann hefur einungis viðurkennt að hafa átt hlut að framleiðslu 15 til 20 lítra af sterku áfengi og ekki í söluskyni. Við flutning málsins í héraði óskaði ákæruvaldið eftir því, að málið yrði flutt með tilliti til þess, að brot ákærða Kristbjörns Hjalta kynni að varða við 46. gr. áfengislaga. Þessa sér ekki stað í héraðsdómi.

Samkvæmt framansögðu þykir málatilbúnaður á hendur ákærða Kristbirni Hjalta vera með slíkum annmörkum, að eigi verði hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði, að því er hann varðar, og vísa ákæru gegn honum frá héraðsdómi.

II.

Þótt verknaðarlýsing í ákæru sé ófullkomin, eins og að framan greinir, eru þó skilyrði til þess að taka þátt ákærða Eiríks Inga til efnisdóms. Ber þá að staðfesta sönnunarmat héraðsdómara og sakfellingu þessa ákærða.

Ákærði Eiríkur Ingi hefur ekki áður sætt refsingu fyrir brot gegn áfengislögum eða almennum hegningarlögum. Með hliðsjón af því og atvikum málsins, sem lýst er í héraðsdómi, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 250.000 króna sekt í ríkissjóð. Vararefsing skal vera varðhald í 40 daga.

III.

Í ákæruskjali er krafist upptöku á munum, tækjum og efnum, sem lögregla lagði hald á við rannsókn málsins, án þess að það sé tilgreint nákvæmlega, svo sem rétt og skylt var. Í hinum áfrýjaða dómi er sami háttur hafður á í dómsorði. Er þetta óviðunandi og aðfinnsluvert. Sækjandi málsins fyrir Hæstarétti hefur lagt fram lista yfir þá muni, sem upptökukrafa lýtur að, og verður við hann miðað við upptöku samkvæmt 8. gr. áfengislaga.

IV.

Ákærði Eiríkur Ingi skal greiða sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti vegna sakargifta á hendur sér, eins og í dómsorði greinir. Að öðru leyti greiðist sakarkostnaður úr ríkissjóði.

V.

Rannsókn máls þessa og málatilbúnaði er verulega ábótavant. Auk fyrrgreindra annmarka á ákæru skortir þar nákvæma tilgreiningu á ætluðu áfengismagni. Engrar staðfestingar nýtur í málinu á því, hvað varð af þeim rúmlega 250 lítrum af gambra, sem lögregla fann á heimili ákærða Eiríks Inga 13. júlí 1993. Engar skýrslur voru teknar af öðru heimilisfólki en ákærðu né af vitnum, sem kynnu að hafa notið hluta afraksturs hinnar ólöglegu framleiðslu áfengis, eins og framburður ákærða Eiríks Inga gaf þó fullt tilefni til. Er þetta aðfinnsluvert.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði, að því er varðar ákærða Kristbjörn Hjalta Tómasson, eiga að vera ómerk, og er ákæru á hendur honum vísað frá héraðsdómi.

Ákærði Eiríkur Ingi Sigurjónsson greiði 250.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá uppsögu þessa dóms.

Ákærði Eiríkur Ingi sæti upptöku á tveimur eimingartækjum, þar af öðru með tveimur kútum og rafhitun, fjórum 235 lítra tunnum, einum hitamæli, 153 plastflöskum og fimm staukum af kísilsíum.

Ákærði Eiríkur Ingi skal greiða saksóknarlaun í héraði og fyrir Hæstarétti vegna sakargifta á hendur sér, samtals 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðra verjenda sinna í héraði og fyrir Hæstarétti, Sigurðar Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns og Jónatans Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur til hvors þeirra.

Málsvarnarlaun skipaðra verjenda ákærða Kristbjörns Hjalta Tómassonar, hinna framangreindu hæstaréttarlögmanna, 30.000 krónur til hvors um sig, greiðist úr ríkissjóði.

Annan kostnað sakarinnar greiði ákærði Eiríkur Ingi að hálfu, en ríkissjóður að hálfu.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 3. desember 1993.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 9. f.m., er höfðað hér fyrir dóminum með ákæruskjali lögreglustjórans í Rangárvallasýslu, dagsettu 3. september 1993, á hendur Eiríki Inga Sigurjónssyni, Hlíð, A.-Eyjafjallahreppi, og Kristbirni Hjalta Tómassyni, Hulduhólum 5, Eyrarbakka.

Í ákæruskjalinu er ákæruatriðum lýst með eftirgreindum hætti:

„Fyrir að hafa, ákærði Eiríkur frá því fyrir árslok 1992 og ákærði Kristbjörn Hjalti frá því í marsmánuði 1993 og fram til 13. júlí 1993, í söluskyni og til eigin nota bruggað og eimað sterkt áfengi í útihúsum að Hlíð, A.-Eyjafjallahreppi, ákærði Eiríkur um 220 lítra og ákærði Kristbjörn Hjalti um 200 lítra.

Telst þetta varða við 2. mgr. 7. gr. og 18. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978 og nr. 38/1988.“

Ákærðu tóku til varnar í málinu og málið sætti aðalmeðferð og munnlegum málflutningi, sbr. 3. mgr. 129. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Dómkröfur ákæruvalds eru þær, að ákærðu verði sakfelldir fyrir þá háttsemi, sem í ákæru greinir, og sæti auk þess upptöku á tunnum, eimingartækjum, hitamæli, plastflöskum og efnum til áfengisgerðar, sem lögregla lagði hald á við rannsókn málsins og þá samkvæmt 8. gr. nefndra áfengislaga og 1. og 2. tölulið 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Að því er ákærða Kristbjörn Hjalta varðaði, þá væri þess krafist til vara að honum yrði refsað fyrir hlutdeildarbrot samkvæmt 46. gr. áfengislaga, sbr. 16. gr. laga nr. 52/1978.

Af hálfu ákærðu voru gerðar þær dómkröfur, að ákærðu yrðu dæmdir til vægustu refsingar, sem lög framast leyfa, og dæmd málsvarnarlaun yrðu greidd úr ríkissjóði.

II.

Við meðferð málsins hafa báðir ákærðu viðurkennt að hafa á því tímabili, sem í ákæru greinir, bruggað og eimað sterkt áfengi í útihúsum að Hlíð í A.-Eyjafjallahreppi. Báðir ákærðu neita því hins vegar algjörlega, að áfengið hafi verið ætlað til sölu, og segja það eingöngu hafa verið notað til heimilisþarfa.

Ekki kannast ákærðu við það áfengismagn, sem framleiðslan hafi gefið af sér, og hélt ákærði Eiríkur því fram, að framburð hans hjá lögreglu yrði að skoða í því ljósi, að hann hefði verið undir miklu álagi vegna ágangs fjölmiðla og væri hann alls ekki öruggur um áfengismagnið. Varðandi þetta atriði kvaðst hann reyndar vilja bera fyrir sig minnisleysi, því að á þessu tímabili hefði hann verið í óreglu. Hann teldi því, að það, sem eftir honum væri haft í lögregluskýrslu varðandi þetta atriði, væri meira frá rannsóknaraðilum komið en honum sjálfum. Ákærði Kristbjörn Hjalti kvaðst hafa komið á bæinn 10. janúar 1993 og nokkru eftir það, um miðjan febrúar, að því er ákærða minnti, hafi þeir Eiríkur lagt í einu lagi 150 lítra af gambra, sem síðan hafi verið soðinn, og fengið úr því 15–20 lítra af sterku áfengi. Hér fyrir dómi hefur ákærði Kristbjörn Hjalti staðfest að áfengið hafi verið sterkt og hafi þeir blandað og drukkið það, eins og um venjulegt brennivín væri að ræða.

Við lögreglurannsókn viðurkenndi ákærði Eiríkur að hafa á umræddu tímabili soðið 2000 til 4000 lítra af gambra og fengið þannig 200 lítra af sterku áfengi. Að þessu leyti er hins vegar samræmi í framburði ákærða Kristbjarnar Hjalta, annars vegar hér fyrir dómi og hins vegar við lögreglurannsókn.

Ákærði Eiríkur neitar því að áfengið hafi verið selt en segist hins vegar ekki geta andmælt því, að það hafi hvarflað að sér að selja það. Ákærði Kristbjörn Hjalti segir, að þótt rétt sé eftir honum haft, sem fram kemur í seinni framburðarskýrslunni við lögreglurannsókn um að honum hafi verið kunnugt um að ákærði Eiríkur hafi ætlað að framleiða og selja heimabruggað áfengi til að bjarga sér fjárhagslega, þá hljóti að verða að líta á þann framburð í ljósi þess, að er þessi skýrsla hafi verið gefin, hafi verið búið að bera á þá stórfellt brugg og sölu til Reykjavíkur. Hafi honum fundist að sér þrengt í þessu sambandi og hann hafi haft það á tilfinningunni, að það væri nánast formsatriði hvað hann segði í þessu sambandi, því að málið væri upplýst. Hann kvaðst viðurkenna að hafa vitað um, að plastflöskur hefðu verið til, en þær hefðu verið keyptar til að nota undir mjólk á heimilinu. Það að hann hafi talað um að ákærði Eiríkur hafi borgað með landa í vinnuskiptum við sveitunga í lögregluskýrslu, þurfi útskýringar við, því að alls ekki sé óalgengt, að mönnum sé gefið í glas eftir vinnuskipti til sveita.

Ákærði Eiríkur kveðst hafa átt bruggtækin og fjármagnað öll efniskaup. Þannig hafi hann keypt sykur og annað, er til framleiðslunnar þurfti og plastflöskur, en þær hafi hann keypt, því að kannski hafi verið fyrirætluð sala á framleiðslunni. Þeim plastflöskum, sem að ekki hafi fundist við húsleit, hafi verið búið að henda, því ekki hafi aðeins verið sett áfengi í plastflöskurnar, heldur ábrestur og mjólk og hafi það allt verið til eigin neyslu. Hann kvaðst viðurkenna að hafa veitt nágrönnum sínum af framleiðslunni án þess að um sölu eða greiðslu fyrir vinnu hafi verið að ræða, því að þeir hafi einfaldlega fengið sér í glas heima hjá honum. Hann viðurkenndi að um bágan fjárhag hefði verið að ræða á þeim tíma, er framleiðslan fór fram, og hann andmælti því ekki, að upphaflegur tilgangur með framleiðslunni hefði verið að laga fjárhaginn. Honum hafi hins vegar snúist hugur og einnig hafi komið til mikil neysla heima á bænum, því að auk vinnumannsins, Kristbjarnar Hjalta, og unnustu hans, kvað hann föðurbróður sinn einnig hafa verið þar. Ekki kvaðst ákærði geta neitað því, að rétt væri eftir honum haft við lögreglurannsókn, að hann hefði látið vini sína hafa af áfenginu og fengið í staðinn aðstoð við slátrun, en þá bæri að líta á það, að hann hefði fengið umrædda aðstoð, þótt ekki hefði komið til þess, að hann léti þá hafa áfengi.

Frumskýrsla lögreglu greinir frá húsleit lögreglu á bænum Hlíð í A.-Eyjafjallahreppi þriðjudaginn 13. júlí 1993. Þar kemur þetta m.a. fram: „Inn af vélageymslu, sem liggur þvert á mjólkurhús austan við fjósið í gömlu hesthúsi, fundum við talsvert magn af tólum og tækjum til lögunar á áfengi. Í þessu gamla hesthúsi fundum við fjórar tunnur, 235 l hver, í einni þeirra var gambri, alls um 150 l, hinar tunnurnar voru því sem næst tómar, fullkomin eimingartæki með tveimur kútum og rafhitun. Í tækjunum voru um 100 l af gambra í neðri kút og um 10 l í þeim efri, hálfunninn vínandi. Einnig var á staðnum þurrger, 11×500 gr pakkningar, hjartarsalt, 3 dósir, 208 gr hver, strásykur, 76 kg, 5 staukar af kísilsíum, rusladallur sem innihélt ýmiss konar drasl undan varningi til notkunar við áfengisgerð, 1 stk. hitamælir og plastflöskur 1 lítra, 63 stk. Við leit inni í vélageymslunni fundum við önnur eimingartæki, mjólkurbrúsa með turni. Við leit í hlöðu fundum við hjá súgþurrkara einn kassa fullan af 1 lítra plastflöskum, alls 90 stk., auk þess sem greinileg ummerki voru eftir framleiðslu á áfengi þar hjá enda viðurkenndi Eiríkur að hafa bruggað áfengi þarna hjá þurrkaranum í fyrstu . . .“

Í þágu rannsóknar málsins tóku lögreglumenn sýni af framleiðslunni, eins og hér nánar greinir: „Sýni merkt nr. 1 er tekið úr stóru eimingartækjum efri kút, hálfunninn gambri. Sýni nr. 2 er tekið úr sömu tækjum, neðri kút, gambri, og sýni nr. 3 tekið úr tunnu sem innihélt gambra.“

Samkvæmt matsgerð Rannsóknastofu í lyfjafræði leiddi rannsókn á sýnum eftirfarandi í ljós: „*Glas nr. 1 Rang 101:* Sýnið var ótær, gerjandi vökvi. Magn etanóls var 11% v/v. *Glas nr. 2 Rang 102:* Sýnið var ótær vökvi. Magn etanóls var 2% v/v. *Glas nr. 3 Rang 103:* Sýnið var ótær, ljós vökvi. Magn etanóls var 2%. Fyrsta sýnið var áfengi samkvæmt framansögðu, en tvö hin síðari ekki.“

Þeir lögreglumenn, sem unnu að rannsókn málsins, hafa komið fyrir dóminn. Vitnið Pétur Sveinsson rannsóknarlögreglumaður í lögreglunni í Reykjavík, kannast alls ekki við, að lögreglumenn hafi gefið ákærðu loforð um, að vægara yrði tekið á þeim, yrðu þeir samvinnuþýðir, og í sama streng tekur vitnið Gils Jóhannsson, lögreglumaður í lögregluliði Rangárvallasýslu og alls engar hótanir kvaðst vitnið Pétur hafa viðhaft í garð ákærða Kristbjarnar Hjalta.

III.

Í meðferð málsins hefur ekkert komið fram, sem bendir til þess, að ásakanir ákærðu í garð lögreglumannanna eigi við rök að styðjast. Skýringar ákærðu eru enn fremur ekki trúverðugar. Framleiðslumagn og óljósar skýringar ákærðu benda eindregið til þess, að áfengið hafi ekki einvörðungu farið til eigin nota heldur einnig verið ætlað til sölu. Að þessu virtu þykir ekki varhugavert að telja nægilega sannað með játningum ákærðu sem og að öðru leyti í samræmi við fram lögð sakargögn, að ákærðu, Eiríkur Ingi Sigurjónsson og Kristbjörn Hjalti Tómasson, hafi gerst sekir um áfengislagabrot, ákærði Eiríkur Ingi með því að hafa einn frá því í árslok 1992 og fram til mars eða apríl 1993 en þá í félagi við ákærða Kristbjörn Hjalta bruggað í söluskyni og til eigin nota samtals 200 lítra af sterku áfengi í útihúsum að Hlíð, A.-Eyjafjallahreppi, en framleiðslan var stöðvuð 13. júlí 1993, sem efnislega er í samræmi við verknaðarlýsingu í fyrirliggjandi ákæru. Þótt ákæran sé gölluð að því leyti, að hún tilgreinir ekki það brot, sem ákært er út af, og framleiðslumagn áfengis sé þar orðað með ónákvæmum hætti, þykja annmarkarnir ekki vera slíkir, að ástæða sé til að vísa ákærunni sjálfkrafa frá dómi, en ákæranda og verjanda var við munnlegan málflutning gefinn kostur á að tjá sig um sakaratriði að þessu leyti, sbr. 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Með framangreindum athugasemdum verður ákærðu á grundvelli fyrirliggjandi ákæru dæmd refsing fyrir brotið, sem réttilega er heimfært undir 2. mgr. 7. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 38/1988, og 18. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

IV.

Ákærðu eru báðir sakhæfir. Ákærði Eiríkur Ingi, sem fæddur er 13. október 1964, samþykkti með dómsátt hinn 5. mars 1992 greiðslu sektar vegna ölvunaraksturs en hefur að öðru leyti ekki áður gerst sekur um refsiverða háttsemi. Ákærði Kristbjörn Hjalti, sem fæddur er 7. mars 1963, hefur með dómsáttum frá 28. apríl 1982 og 17. nóvember 1989 sem og dómi frá 16. október 1987, hlotið sektarrefsingu fyrir ölvunarakstur.

Við ákvörðun refsingar þykir verða að hafa í huga, að brotastarfseminni, sem stóð í rúmlega hálft ár og var umfangsmikil, var komið á fót af ákærða Eiríki Inga og stóð hann lengstum sjálfur einn fyrir henni. Með hliðsjón af því og samkvæmt 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög 52/1978, þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin þannig: Ákærði Eiríkur Ingi Sigurjónsson sæti

400.000 króna sekt í ríkissjóð og komi 4 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa. Ákærði Kristbjörn Hjalti Tómasson sæti 100.000 króna sekt í ríkissjóð og komi 33 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Að kröfu ákæruvalds og samkvæmt heimild í 8. gr. áfengislaga nr. 82/1969, eins og henni er breytt með 3. gr. laga nr. 38/1988, sbr. einnig 69. gr. almennra hegningarlaga, skulu tunnur, eimingartæki, hitamælir, plastflöskur og efni til áfengisgerðar, sem lögregla lagði hald á við rannsókn málsins, gerð upptæk í ríkissjóð.

Greiðsla sakarkostnaðar fer eftir ákvæðum 3. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Ákærði Eiríkur Ingi greiði þannig 3/4 hluta alls sakarkostnaðar á móti ákærða Kristbirni Hjalta, sem greiði 1/4 hluta kostnaðarins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 65.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Sigurðar Sigurjónssonar hdl. 65.000 krónur, en sókn málsins hér fyrir dómi annaðist Guðjón Bragason, fulltrúi lögreglustjórans á Hvolsvelli.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari dæmir mál þetta en embættisannir dómarans urðu þess valdandi að dómur var eigi kveðinn upp fyrir 30. nóvember sl.

Dómsorð:

Ákærði Eiríkur Ingi Sigurjónsson sæti 400.000 króna sekt í ríkissjóð og komi 4 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja. Ákærði Kristbjörn Hjalti Tómasson sæti 100.000 króna sekt í ríkissjóð og komi 33 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja. Tunnur, eimingartæki, hitamælir, plastflöskur og efni til áfengisgerðar, sem lögregla lagði hald á við rannsókn málsins, skulu gerð upptæk í ríkissjóð.

Ákærði Eiríkur Ingi greiði 3/4 hluta alls sakarkostnaðar á móti ákærða Kristbirni Hjalta, sem greiði 1/4 hluta, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 65.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Sigurðar Sigurjónssonar hdl., 65.000 krónur.

Fimmtudaginn 2. júní 1994.

Nr. 440/1991. **Miðnes hf.**
(Valgarð Briem hrl.)
gegn
Svavari Ingibergssyni og
Gunnari Herði Garðarssyni
(Örn Clausen hrl.)
og gagnsök

Ómerking. Heimvísun. Rökstuðningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson og Markús Sigurbjörnsson prófessor.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 1. nóvember 1991 og krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjenda gegn greiðslu á 200.000 krónum. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. nóvember 1991. Þeir krefjast þess aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim „in solidum“ 3.000.000 króna í björgunarlaun ásamt dráttarvöxtum og málskostnaði. Til vara krefjast gagnáfrýjendur lægri fjárhæðar úr hendi aðaláfrýjanda að mati Hæstaréttar auk dráttarvaxta og málskostnaðar, en til þrautavara staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti vefengdi lögmaður aðaláfrýjanda, að sameiginleg kröfugerð gagnáfrýjenda með þessum hætti fengi staðist, eins og atvikum málsins er háttað. Var í því efni skírskotað til þess, að atbeini gagnáfrýjandans Gunnars Harðar við drátt m/b Jóns Gunnlaugs hefði komið seinna til og verið með öðrum hætti en gagnáfrýjandans Svavars og þáttur hans í því að koma bátnum að bryggju bersýnilega minni. Það sé því vandséð, væri rétti til björgunarlauna á annað borð til að dreifa, að jafnræði geti verið með þeim um sókn þess réttar í dómsmáli. Að gefnu þessu tilefni lýsti lögmaður gagnáfrýjenda því yfir, að samkomulag hefði verið milli þeirra við höfðun málsins um jafna hlutdeild í björgunarlaunum, svo og að þeirra yrði krafist sameiginlega og óskipt. Að fenginni þessari yfirlýsingu verður ekki talið, að umræddur galli á kröfugerð gagnáfrýjenda eigi að valda því, að málinu verði vísað frá héraðsdómi.

Í máli þessu er deilt um það, hvort um björgun hafi verið að ræða samkvæmt 1. mgr. 164. gr. siglingalaga nr. 34/1985, er gagnáfrýjendur hjálpuðust að á bátum sínum, Sóleyju KE 15 og Kristjáni KE 21, hvor við annan mann, að draga m/b Jón Gunnlaugs GK 444 að bryggju í Sandgerði árla morguns sunnudaginn 23. apríl 1989, svo sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi.

Í V. kafla dómsins er ályktað, að um björgun hafi verið að ræða og m/b Jón Gunnlaugs hefði ekki komist að bryggju fyrir eigin vélarafli. Þessar ályktanir eru engum rökum studdar, og er því alveg á huldu, á hvaða forsendum þær eru byggðar. Eins og atvikum er háttað í málinu og ágreiningi málsaðila, bar brýna nauðsyn til, að niðurstöður héraðsdóms um þessi álitaefni væru skilmerkilega rökstuddar. Er þá meðal annars haft í huga, að ekkert er þar fjallað um aðstæður á vettvangi, svo sem veður, sjólag og sjávarföll.

Vegna þessa megingalla á hinum áfrýjaða dómi verður ekki hjá því komist að ómerkja hann og meðferð málsins frá og með munnlegum málflutningi 26. september 1991 og leggja fyrir Héraðsdóm Reykjaness að taka málið upp til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms að nýju.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar frá og með munnlegum málflutningi 26. september 1991 og uppsögu dóms að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Gullbringusýslu 30. september 1991.

I.

Mál þetta, sem er höfðað með stefnu, þingfestri 8. maí 1991, var dómtekið 26. september sl. að loknum munnlegum flutningi þess.

Stefnendur eru Svavar Ingibergsson, kt. 060229-4499, Túngötu 6, Sandgerði, og Gunnar Hörður Garðarsson, kt. 240322-3539, Melbraut 9, Garði.

Stefndi er Miðnes hf., Sandgerði, kt. 460269-1649, og jafnframt er Tryggingamiðstöðinni hf., Aðalstræti 6, Reykjavík, kt. 660269-2079, stefnt til réttargæslu.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu björgunarlauna, að fjárhæð kr. 3.000.000, auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 23. apríl 1989 til greiðsludags og málskostnaðar svo og dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga af málskostnaði.

Til vara er krafist annarrar og lægri fjárhæðar að mati dómsins auk vaxta og kostnaðar, svo sem að ofan greinir.

Dómkröfur stefnda eru, að hann verði sýknaður af kröfum stefnenda að því leyti, sem þær nema hærri fjárhæð en 200.000 krónum (sem réttargæslustefndi hefur lýst sig reiðubúinn að greiða stefnendum fyrir vinnu þeirra vegna atviks þess, er mál þetta snýst um). Þá er krafist málskostnaðar að mati réttarins stefnda til handa.

II.

Upp úr kl. 6 sunnudaginn 23. apríl 1991 fór stefnandinn Svavar Ingibergsson í róður frá Sandgerði í 11 brúttólesta trébát sínum, Sóleyju KE 15. Gola var af norðaustri og ládautt að sögn Svavars. Með honum í för var sonur hans, Reinhard. Er komið var út úr hafnarmynninu, sáu þeir m/b Jón Gunnlaugs GK 444, yfirbyggt stálskip, 105 brúttórúmlestir, eign stefnda. Skipið lá með bakborðshlið, stefni í NV, utan í Graseyri, sem liggur í stefnu norður-suður um 500–600 metra vestur frá Sandgerðishöfn. Nærri var alfallið að og eyrin á kafi en hún kemur upp úr á háfjöru og eru grynningar út frá henni. Sóleyju var siglt varlega að skipinu. Enginn var sjáanlegur um borð og kalli í talstöð var ekki svarað. Fram af skipinu lágu tvær taugar, sem reyndust vera lausar. Reinhard náði þá að klifra um borð í m/b Jón Gunnlaugs og setja taug milli hans og Sóleyjar.

Vel gekk að komast af stað. Var skipið laust, er togað var í það, og Reinhard, sem var áfram um borð í því, hefur borið að hann hafi ekki heyrt að það tæki botn. Drátturinn gekk erfiðlega vegna þess að stýri m/b Jóns Gunnlaugs var fast í annað borðið og stýrishúsið var læst. Er komið var nálægt hafnarmynninu, kom Kristján KE 21, 6,89 rúmlesta plastbátur, út úr höfninni á leið í róður og skipstjóri og eigandi bátsins, stefnandinn Gunnar Hörður Garðarsson, varð þegar við beiðni um aðstoð. Með honum um borð var sonur hans, Kristján. Þeir feðgar settu taug úr Kristjáni í Sóleyju, sem eftir það gekk betur við að draga m/b Jón Gunnlaugs. Kristján lenti með bakborðssíðu utan í hafnargarðinum og mun hafa laskast lítillega og einnig munu hafa orðið smávægilegar skemmdir á línurennu Sóleyjar. Tókst bátunum með því að „damla í hægðum“ að koma skipinu að bryggju. Klukkan var þá um eða rétt rúmlega 8. Ekki hefur komið fram að skemmdir hafi orðið á m/b Jóni Gunnlaugs.

Svavar Ingibergsson hefur borið, að hann hafi ekki vitað hver var skipstjóri m/b Jóns Gunnlaugs GK 444, ekki hafi verið gott að ná til manna svo árla sunnudagsmorguns og hefði skipið ekki náðst út á því flóði, hefði hann ekki gripið til sinna ráða, sem lýst hefur verið hér að framan.

Stefnendur kröfðu stefnda um björgunarlaun, að fjárhæð kr. 3.000.000 með bréfi, dags. 24. apríl 1990. Stefndi vísaði erindinu til réttargæslustefnda sem svaraði kröfubréfinu með bréfi, dags. 17. maí 1990, þar sem boðnar voru kr. 200.000 sem fullnaðargreiðsla.

III.

A.

Stefnendur reisa kröfu til björgunarlauna á því að þeir hafi lagt sig og báta sína í hættu til að bjarga m/b Jóni Gunnlaugs GK 444, sem hafi verið strandaður og mannlaus á stað þar sem erfitt var að athafna sig, þar sem dýpi var svo lítið að einungis litlir bátar gátu athafnað sig við björgun og nánast háflóð þegar tókst að koma taug í skipið. Smávægileg töf hefði getað valdið því að fjarað hefði undan skipinu og óvíst hvernig hefði farið, hefði skipið lagst á hliðina sem mikil hætta hafi verið á. Þá hafi bátar þeirra orðið fyrir nokkrum skemmdum eftir að þeir höfðu rekist á grjótgarð í höfninni svo og á grjót á eyrinni.

Stefnendur vísa til ákvæða 164. gr. og 165. gr. siglingalaga nr. 34/1985 til stuðnings kröfu þeirra, sem að fjárhæð styðjist við dómvenju um hlutfall af tryggingarfjárhæð, en húftrygging hins bjargaða skips hjá réttargæslustefnda hafi við björgun numið kr. 60.900.000.

B.

Stefndi mótmælir því ekki að stefnendum beri einhver greiðsla fyrir verk þeirra, en um björgun hafi ekki verið að ræða í skilningi siglingalaga. Fram kominni bótakröfu er hins vegar mótmælt sem allt of hárri, enda sé hún víðsfjarri því sem eðlilegt geti talist fyrir umrætt verk.

Stefndi hefur lagt áherslu á, að stefnendur hafi tekið það upp hjá sjálfum sér að framkvæma umrætt verk. Hér sé því um óbeðinn erindrekstur að ræða og beri að hafa það í huga við ákvörðun greiðslu.

Þá hefur stefndi bent á að auðveldlega hefði mátt ræsa út skipverja af m/b Jóni Gunnlaugs og hefðu þeir þá, að mati stefnda, getað komið bátnum inn af eigin rammleik.

Stefndi telur að eftirfarandi beri að hafa í huga við ákvörðun greiðslu:

Í fyrsta lagi, að m/b Jón Gunnlaugs hafi ekki verið í neinni hættu, engar skemmdir hafi orðið og ekki líkur fyrir því að þær yrðu þótt skipið hefði ekki verið tekið fyrr en síðar.

Í öðru lagi hafi verið blíðuveður í umrætt sinn og öll fyrirhöfn í lágmarki.

Í þriðja lagi hafi stefnendur ekki lagt sig í neina hættu eða sýnt fram á að þeir hafi orðið fyrir neinu tjóni.

Vaxtakröfu stefnenda er mótmælt, og telur stefndi, að krafa um dráttarvexti frá „tjónsdegi" eigi ekki stoð í lögum.

IV.

Samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands um veður á Reykjanesvita og Keflavíkurflugvelli 23.–24. apríl 1989 voru kl. 9 þ. 23. apríl NNA 2 vindstig og sjólítið við Reykjanesvita og N 4 vindstig á Keflavíkurflugvelli. Þessa tvo daga héldust norð- og austlægar áttir, 1–3 vindstig, á veðurathugunarstöðunum og sjólítið við Reykjanesvita.

Samkvæmt flóðtöflum (m.a. í Almanaki Hins íslenska þjóðvinafélags) var háflæði umræddan morgun í Sandgerði kl. 7.20. Stærstur straumur hafði verið 21. apríl og munur flóðs og fjöru þá um 3,93 metrar. Sjávarhæð 23. apríl 1989 kl. 7.20 var um 3,4 metrar, kl. 13.27 um 0,6 metrar og kl. 19.37 um 3,6 metrar.

Dómendur, lögmenn og stefnendur fóru á vettvang og kynntu sér aðstæður við hagstæð skilyrði kl. um 13.30 þ. 26. þ.m. Á strandstað er næsta flöt grjóteyri og grjót að mestu leyti fast og þangi vaxið. Ekki er um að ræða stórgrýti, en þó allstórir steinar innan um.

V.

Niðurstaða máls þessa er reist á því að stefnendur hafi bjargað m/b Jóni Gunnlaugs GK 444 úr hættu og að þeir eigi rétt til björgunarlauna samkvæmt 1. gr. 164. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

Skipið þykir þó ekki hafa verið statt í yfirvofandi hættu, þótt það verði eigi talið hafa getað komist til hafnar fyrir eigin vélarafli, og skal því við ákvörðun björgunarlauna gætt þeirra atriða, sem greinir í 1. mgr. i.f., stafl. a.–d., 165. gr. siglingalaganna.

Réttur stefnenda til björgunarlauna skerðist ekki við það að þeir veittu hjálpina óbeðnir, enda voru skilyrði fyrir lögmætum, óbeðnum erindrekstri fyrir hendi.

Dæma ber stefnda til að greiða stefnendum kr. 1.100.000 ásamt vöxtum í samræmi við dómvenju frá björgunardegi, 23. apríl 1989, til greiðsludags. Þykir, eins og hér háttar, hæfilegt að ákveða vexti samkvæmt 5. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 1. gr. laga nr. 67/1989, til 15. dags eftir dómsuppsögu, en dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi. Þá ber að dæma stefnda til að greiða stefnendum málskostnað, kr. 220.000, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dóminn kveða upp Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari og samdómendurnir Ingólfur Falsson og Jóhann Pétursson, fyrrum skipstjórar.

Dómsorð:

Stefndi, Miðnes hf., greiði stefnendum, Svavari Ingibergssyni og Gunnari Herði Garðarssyni, kr. 1.100.000 ásamt vöxtum samkvæmt 5. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 1. gr. laga nr. 67/1989, frá 23. apríl 1989 til 15. dags eftir dómsuppsögu en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnendum málskostnað, kr. 220.000, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Fimmtudaginn 2. júní 1994.

Nr. 338/1992. **Baldvin Ari Guðlaugsson**
(Stefán Pálsson hrl.)
gegn
Bergi Jónssyni
(Árni Halldórsson hrl.)

Lausafjárkaup. Galli. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. ágúst 1992, og krefst hann þess, að viðurkenndur verði réttur hans til að rifta kaupum á hestinum Örvari 16. júlí 1989. Þá krefst hann þess, að stefnda verði gert að endurgreiða honum 534.833 krónur sem vangildisbætur með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989, af þeirri fjárhæð frá 22. september 1989 til greiðsludags, sbr. og 12. gr. vaxtalaga. Að lokum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fallist er á þá niðurstöðu héraðsdóms, að ósannað sé, að hesturinn Örvar hafi verið haldinn galla, er stefndi seldi áfrýjanda hann hinn 16. júlí 1989. Hinn áfrýjaði dómur verður því staðfestur um annað en málskostnað. Þykir rétt að dæma málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti í einu lagi, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Baldvin Ari Guðlaugsson, greiði stefnda, Bergi Jónssyni, 200.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Garðars Gíslasonar

Svo sem greinir í sératkvæði hins áfrýjaða dóms, má sjá af myndbandi, sem tekið var af hestinum Örvari í gæðingakeppni á fjórðungsmótinu, skömmu áður en kaupin voru gerð, að hesturinn er haltur á vinstra afturfæti, og sést það gleggst, þegar hesturinn fer fetið. Fyrir héraðsdómi reyndi stefndi, seljandi hestsins, að skýra helti þessa sem „taumhelti“ vegna misstyrks hestsins, en eins og í sératkvæði héraðsdóms greinir, er sú skýring eigi fullnægjandi. Áfrýjandi hafði fyrir kaupin heyrt ávæning af því, að hesturinn væri haltur, og bað því um sérstaka skoðun dýralæknis á fótum hestsins, áður en frá kaupum yrði gengið, enda þótt hesturinn hefði þá fengið hæstu einkunn gæðinga á mótinu. Sú skoðun fór fram að honum fjarstöddum, en honum var sagt, að dýralæknir hefði skoðað hestinn og ekkert fundið athugavert. Með vísan til raka í sératkvæði héraðsdóms telst skoðun þessi hafa verið ófullnægjandi.

Eftir flutninginn suður var hesturinn hvíldur í tvo daga á Selfossi, áður en áfrýjandi fór á bak honum. Þá þegar sýndi hesturinn helti, sem samkvæmt lýsingu vitnisins Einars Öder Magnússonar tamningamanns var hin sama og sjá má af fram lögðu myndbandi. Brynjólfur Sandholt yfirdýralæknir skoðaði þá fætur hestsins sérstaklega, og segir í vottorði hans m.a.: „Við beygipróf á vinstra afturfæti kom fram svörun bæði þegar beygt var í kjúkulið og í hækillið. Heltin var tæpar 2° og hélst greinileg í 10 – 12 metra á brokki en hvarf síðan. Röntgenmynd af hækli vinstri afturfótar sýndi breytingar, sem gátu bent til byrjunareinkenna á spatti, . . .“. Helgi Sigurðsson dýralæknir, sérfræðingur í hrossasjúkdómum, bar fyrir héraðsdómi, að ljóst væri, að eitthvað væri að hesti, sem sýndi slíka svörun við beygjuprófun.

Ekki er í ljós leitt, að neitt hafi komið fyrir hestinn í flutningi suður, og ekki er annað í ljós leitt en að heilbrigður hestur þoli vel flutning sem þennan.

Af framansögðu er sýnt, að hesturinn Örvar hefur átt það til að vera haltur á vinstra afturfæti fyrir kaupin og að stefnda hefur verið um það kunnugt. Honum var einnig kunnugt um, að áfrýjandi hugðist kaupa hestinn sem gæðing til sýningahalds og að hann hafi sérstaklega áskilið, að staðreynt yrði með skoðun dýralæknis, að ekkert væri að fótum hestsins. Stefnda bar því að skýra áfrýjanda frá því, sem hann vissi um helti hestsins fyrir kaupin, en slík helti er ekki auðsýnileg á öllum gangtegundum hestsins, og hana má dylja með upphitun. Stefndi sagði áfrýjanda ekki frá því, sem hann vissi um heltina, og hélt því gallanum leyndum fyrir áfrýjanda. Galli þessi telst verulegur, þegar virt er, til hvers hesturinn var keyptur. Áfrýjandi mátti því rifta kaupin með vísan til 42. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup. Ber því að taka kröfur hans til greina að fullu.

Rétt er, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem telst hæfilega ákveðinn samtals 200.000 krónur.

Dómur aukadómþings Suður-Múlasýslu 25. maí 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi þann 29. apríl sl., var höfðað með stefnu, birtri þann 9. október 1989.

Sóknaraðili er Baldvin Ari Guðlaugsson, kt. 311265-5559, Kleifargerði 3, Akureyri.

Varnaraðili er Bergur Jónsson, kt. 171060-5169, Ketilsstöðum, Vallahreppi, Suður-Múlasýslu.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til endurgreiðslu og vangildisbóta, að fjárhæð kr. 534.833,00, ásamt dráttarvöxtum [...].

Jafnframt er krafist viðurkenningar á riftun á kaupum hestsins Örvars, er stefndi keypti af stefnanda hinn 16. júlí 1989.

Þá er krafist málskostnaðar [...].

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara, ef svo færi að dómari gerði stefnda að þola riftun á kaupunum, þá verði stefnda einungis gert að greiða hluta söluverðsins, þar sem hesturinn hefur orðið fyrir áföllum meðan hann var í vörslu stefnanda, sem hafa getað skemmt hann til frambúðar sem gæðing í A-flokki.

Þá krefst stefndi málskostnaðar [...].

Með stefnu, út gefinni 29. nóvember 1989, þingfestri s.d. og sameinaðri aðalsök, höfðaði stefndi, Bergur Jónsson, gagnsök á hendur aðalstefnanda, Baldvin Ara Guðlaugssyni, til greiðslu þóknunar fyrir hagagöngu og umhirðu hestsins frá 27. ágúst 1989 til 29. nóvember s.á., kr. 3.000,00 á mánuði, samtals kr. 9.200,00, og síðan sama gjald allt til þess tíma er gagnstefndi tekur hestinn til sín aftur.

Þá er krafist greiðslu á útlögðum kostnaði vegna dýralæknisskoðana og tveggja blóðprufna, sem teknar hafa verið af hestinum meðan hann hefur dvalist á Ketilsstöðum á Völlum, alls kr. 9.178,00. Stefnufjárhæð nemur því alls kr. 19.178,00 (sic).

Jafnframt er krafist dráttarvaxta [...].

Loks er þess krafist, að gagnstefnda verði gert að greiða málskostnað til gagnstefnanda [...].

Gagnstefndi krefst sýknu af öllum kröfum gagnstefnanda auk málskostnaðar að skaðlausu úr hans hendi.

Sáttatilraunir báru ekki árangur.

Hinn 16. júlí 1989 tókust samningar með málsaðilum um kaup á hestinum Örvari frá Ketilsstöðum, Vallahreppi, sem hlotið hafði 1. verðlaun í A-flokki gæðinga á fjórðungsmóti austfirskra hestamanna að Iðavöllum, sem haldið var dagana 29. júní til 2. júlí s.á. Umsamið kaupverð var kr. 500.000,00, greitt með víxli við afhendingu.

Aðalstefnandi, sem stundar hestaþjálfun og keppni, keypti hestinn sem keppnishest og áskildi að dýralæknisskoðun færi fram á hestinum að sér viðstöddum með sérstöku tilliti til heilbrigði fóta. Dýralæknisskoðun fór síðan fram á tilsettum tíma að aðalstefnanda fjarstöddum, sem tafðist á leið sinni til Ketilsstaða. Var honum tjáð að við skoðun hefði ekkert fundist að hestinum. Aðalstefnandi skoðaði hestinn og reyndi, auk þess sem aðalstefndi sýndi hestinn á öllum gangi.

Hesturinn var síðan fluttur til Akureyrar seint að kvöldi þess sama dags. Flutningstæki var eins öxuls hestaflutningakerra, gerð fyrir tvo hesta, dregin af jeppa af gerðinni Mitsubishi Pajero af styttri gerð.

Daginn eftir var síðan ekið með hestinn til Selfoss, en þann 20. s.m. til Borgarness vegna fyrirhugaðrar þátttöku í Íslandsmóti í hestaíþróttum. Kom þá í ljós að hesturinn virtist ganga ójafnt á afturfótum og var hætt við keppni. Hesturinn naut nú hvíldar til 28. s.m. er aðalstefnandi fékk skoðun fyrir hestinn hjá Brynjólfi Sandholt yfirdýralækni. Samkvæmt vottorði hans kom fram svörun við svokallað beygjupróf á vinstra afturfæti hestsins og á röntgenmynd kom fram breyting sem gat bent til byrjunareinkenna á spatti.

Aðalstefnandi hafði símasamband við aðalstefnda að fengnum þessum niðurstöðum og óskaði riftunar á kaupunum, sem hann ítrekaði í símtali þann 26. ágúst s.á., en aðalstefndi mótmælti. Formlega var krafist riftunar með bréfi, dags. 1. september s.á., svo og endursendingar á greindum víxli, sem aðalstefndi neitaði. Var víxillinn síðan greiddur vegna strangra ákvæða víxillaga.

Þann 27. ágúst s.á. var hesturinn sendur til Ketilsstaða og móttekinn af aðalstefnda, sem hafði lýst því yfir í símtali við aðalstefnanda að tekið yrði við hestinum með velferð hans í huga en ekki sem viðurkenningu á riftunarkröfu. Skoðun þessi var síðan áréttuð í bréfi lögmanns aðalstefnda, dags. 24. október s.á., til aðalstefnanda.

Fyrir dóm hafa komið aðilar málsins. Vætti hafa gefið Jón Pétursson héraðsdýralæknir, Ólafur Jónsson dýralæknir og Guðlaugur Arason smiður. Fyrir dóminn hefur verið lagt endurrit vitnamáls, sem haldið var í bæjarþingi Reykjavíkur þann 18. apríl 1990, en þá gáfu skýrslur til afnota í máli þessu Brynjólfur Sandholt yfirdýralæknir, Helgi Sigurðsson dýralæknir, Birgir Sigfússon vörubílstjóri og Einar Öder Magnússon tamningamaður.

Fram hefur verið lagt m.a., auk vottorðs Brynjólfs Sandholts yfirdýralæknis, 2 vottorð Jóns Péturssonar héraðsdýralæknis, 2 vottorð Ólafs Jónssonar um niðurstöður blóðrannsókna, bréf Jóhanns Þorsteinssonar, yfirdómara í A-flokki gæðinga á greindu fjórðungsmóti, reglugerð um gæðingakeppni, myndrit af grein úr tímaritinu Handbók hestamanna um hrossasjúkdóma, Hestaheilsa, eftir Helga Sigurðsson dýralækni, 7. tbl. 1989 af tímaritinu Eiðfaxi og 4. tbl. 1989 af tímaritinu Hesturinn okkar.

Rétt þykir að rekja að nokkru framburð aðila máls þessa fyrir dóminum svo og vætti nokkurra vitna og önnur gögn málsins.

Aðalstefnandi lýsti flutningi hestsins frá Ketilsstöðum svo, að lagt hefði verið af stað um kl. 23.00 að kvöldi þess 16. júlí og komið til Akureyrar um kl. 3.30 til 4.00. Hestinum hafi verið hleypt af kerrunni einu sinni og tvisvar til þrisvar staðnæmst til að athuga, hvort allt væri í lagi. Lagt var af stað til Reykjavíkur milli kl. 13.30 og 14.00 næsta dag og þangað komið kl. 20.30. Sami háttur var á hafður með hvíld fyrir hestinn. Eftir hálfrar klukkustundar viðdvöl var haldið til Selfoss og komið þangað kl. 22.30.

Spurður um flutningstæki kvaðst aðalstefnandi hafa notað tveggja hesta kerru á einni „hásingu", gólfið 2ja tommu þykkt trégólf og heykurl yfir. Hesturinn hafi verið óbundinn og fótum hans „pakkað inn" á leið frá Akureyri. Kveðst hann ekki hafa vitað, hvort hesturinn hafi verið vanur flutningi og aðalstefndi ekkert upplýst þar um.

Aðalstefndi segir hestinn hafa verið settan á kerru eftir að aðilar gengu frá kaupum, en áður hafi honum verið riðið af aðilum á ýmsum gangtegundum. Hafi hann mælt með því að binda hestinn, sem gert var. Annar útbúnaður hafi ekki verið um hestinn til flutnings. Þá kvaðst hann hafa tjáð aðalstefnanda, að hesturinn hefði ekki fyrr komið á flutningstæki.

Er aðalstefnandi hafði síðar samband við sig og tjáðist vilja rifta kaupin, þar sem hesturinn hefði reynst haltur og verið það strax á fjórðungsmótinu, kvaðst hann hafa mótmælt riftun. Hafi sér síðan verið tilkynnt með tveggja daga fyrirvara, að hesturinn yrði sendur austur aftur. Kom hann síðan til Ketilsstaða á sérútbúnum hestaflutningabíl sem var á leið suður aftur og taldi aðalstefndi best að hlífa hestinum við frekari flutningum. Hafi hann síðan annast hestinn en honum hafi ekki verið riðið.

Aðspurður kveðst aðalstefndi ekki hafa heyrt minnst á helti hjá hestinum fyrr en við kaupin, að aðalstefnandi taldi sig hafa heyrt orðróm þess efnis og af því tilefni beðið um dýralæknisskoðun. Segir hann hestinn og aðra af sama kyni hafa það ganglag, að þeir lyfti fótunum minna á tölti en á brokki og skeiði. Kannast hann við útslag á afturfótaskeifum hestsins. Hesturinn hafi verið járnaður eftir forskrift sérmenntaðs járningamanns. Við fetið hafi hesturinn stigið lengra fram með annan afturfótinn, sé það oft nefnt taumhelti. Ganglag þetta telur stefndi ekki hafa rýrt einkunn hestsins.

Aðspurður telur aðalstefndi hestinn ekki þann sama eftir komuna austur, að því leyti að áður hafi hann verið ómannhræddur sem nú sé breytt.

Vitnið Brynjólfur Sandholt yfirdýralæknir, Laugarásvegi 34, Reykjavík, skoðaði hestinn þann 28. júlí 1989 eins og fyrr er greint. Aðspurður um framanrakið vottorð, hvort hann teldi þau atriði, sem þar eru greind, benda til spattmyndunar, telur vitnið að svo þurfi ekki endilega að vera, heldur geti verið um að ræða áverka af öðrum toga, s.s. snúning.

Aðspurður um niðurstöðu spattprufu, sem gerð var af Jóni Péturssyni dýralækni þann 15. nóvember 1989 og reyndist neikvæð án samhliða röntgenmyndatöku, telur vitnið spattprufur almennt aðeins leiðbeinandi um eymsli í lið, en þurfi ekki að benda til spattmyndunar.

Flutning hestsins telur vitnið hafa verið álag fyrir hann, sem fari þó eftir því hversu oft sé áð, þjálfun hestsins og því, hvort hann er vanur flutningi.

Vitnið Birgir Sigfússon vörubílstjóri, Kvistási, Ölfusi, segist hafa fylgst með tamningu hestsins Örvars. Kveðst hann ekki hafa merkt helti hjá hestinum í umræddri keppni. Vitnið sá hestinn eftir komuna til Selfoss, þá í húsi, og áleit honum greinilega brugðið.

Vitnið Helgi Sigurðsson dýralæknir, Steinahlíð, Mosfellssveit, er innt eftir spattmyndun. Telur það yngri hesta geta spattast snögglega, án þess að einkenni komi fram á röntgenmynd. Jákvætt spattpróf þurfi að sannreyna með myndatöku, því að jákvætt próf geti einnig bent til annars.

Um gildi niðurstöðu blóðrannsóknar varðandi spattmyndun telur vitnið engin tengsl vera þar á milli. Þá sé mælt „asat"-hlutfall ekki nógu hátt, til að um vöðvabólgu sé að ræða.

Vitnið er innt álits á því, hvort flutningur á hestinum geti valdið spattmyndun. Telur það hugsanlegt, að hesturinn hafi fengið högg á hækil eða kjúkulið, þótt ekki komi fram breyting á mynd. Að áliti vitnisins hafi flutningurinn verið í það mesta.

Varðandi vottorð Jóns Péturssonar dýralæknis frá 19. október 1989 segir vitnið að samkvæmt því þjáist hesturinn ekki af spatti en bendir þó á að spatt sé erfitt í greiningu, svo að vottorð beggja dýralæknanna geti reynst rétt.

Að mati vitnisins er mögulegt, að hestur, sem náð hefur jafnlangt í gæðingakeppni og um ræðir, skoðaður samkvæmt reglum fyrir slíka keppni, geti verið haldinn spatteinkennum. Þar hafi upphitun fyrir keppni mikið að segja. Eigendur og þjálfarar þurfi ekki að verða byrjunareinkenna varir.

Vitnið Einar Öder Magnússon tamningamaður, Vallholti 24, Selfossi, var viðstaddur er aðalstefnandi kom með hestinn til Selfoss og telur hestinn hafa verið eðlilegan miðað við svo langan flutning. Algengt sé að hestar séu fluttir þannig á milli landshluta, einkum á hestaflutningabílum. Vitnið getur þess að hesturinn hafi verið á gamalli járningu og afturfótaskeifur með útslætti.

Vitnið var viðstatt er aðalstefnandi lagði á hestinn tveim dögum síðar og sá þá að eitthvað var athugavert við gang hans. Kom þetta og fram er hesturinn var reyndur í Borgarnesi og kveðst vitnið hafa ráðlagt aðalstefnanda að hætta við keppni á hestinum.

Vitnið segist þekkja til afrekshesta sem eru spattaðir, en knapi geti falið þessi einkenni með upphitun, sem þó komi helst fram á fetinu.

Vitnið kveðst ekki muna umbúnað hestsins á flutningstækinu, sem hann lýsir á sama hátt og fyrr er rakið.

Vitnið Jón Pétursson héraðsdýralæknir, Reynivöllum 14, Egilsstöðum, segist ekkert afbrigðilegt hafa séð við hestinn er skoðun fór fram þann 16. júlí 1989.

Telur vitnið flutning á hestum geta leitt til vöðvaþreytu eða harðsperra, þar skipti flutningstækið öllu máli. Einnar hásingar kerra sem flutningstæki sé þar síst.

Vitnið skoðaði hestinn þann 15. nóvember 1989 og kveðst ekki hafa tekið eftir meira sliti á vinstra afturfæti en þeim hægri, framkvæmdi þá beygjupróf á hestinum, sem reyndist neikvætt, en telur beygjupróf aðeins geta gefið vísbendingu um spatt og þurfi nokkrar myndatökur til ákvörðunar þess.

Vitnið Ólafur Jónsson, dýralæknir á Rannsóknastofu mjólkuriðnaðarins, Reynivöllum 14, Egilsstöðum, annaðist blóðsýnatöku úr hestinum. Í niðurstöðum kemur fram, að „asat“ mælist 291 í sýni sem tekið var 1. september 1989 og að framan er rakið. Vitnið telur þetta yfir eðlilegum mörkum og kveðst ekki hafa mælt hærra gildi þau tvö ár sem hann hafi starfað á rannsóknastofunni.

Eðlileg gildi séu 120–180 m.v. til þýskra staðla og telur vitnið þetta algilda mælingu á þjálfunarástandi hesta. Álítur vitnið að hesturinn hafi orðið fyrir mikilli áreynslu fyrir skoðun og geti svo hátt „asat"-hlutfall verið merki um skemmdir í frumum og vöðvum. Dæmi séu þess, að erfiður flutningur valdi „asat"-hækkun. Tengsl telur vitnið ekki vera milli „asat"-mælinga og spattmyndunar.

Aðspurt um álit þess, hvernig spatt verði sannreynt, telur vitnið þurfa spattprufu, skoðun á hófi, þ.e. athugun um slit á tá, og röntgenmynd.

Vitnið skoðaði hestinn þann 16. júlí 1989 ásamt Jóni Péturssyni dýralækni. Segist það ekki hafa tekið eftir sliti á tá hestsins né útslætti á skeifu við skoðun fóta.

Vitnið Guðlaugur Arason smiður, Kleifargerði 3, Akureyri, sótti hestinn til Ketilsstaða ásamt aðalstefnanda. Segir hann aðila málsins hafa reynt hestinn áður en gengið var frá kaupunum.

Á leið til Akureyrar hafi verið áð nokkrum sinnum, hestinum hleypt af kerru einu sinni og komið til Akureyrar milli kl. 3.30 og 4.00. Fætur hestsins hafi verið vafðir fyrir suðurferðina en svo hafi ekki verið á leið til Akureyrar og minnist vitnið þess ekki að hesturinn hafi verið bundinn.

Lagt hefur verið fram vottorð Jóhanns Þorsteinssonar, yfirdómara í A-flokki gæðinga á nefndu fjórðungsmóti. Staðfesti hann að farið hefði verið eftir reglum um heilbrigðisskoðun, og hefði Örvar frá Ketilsstöðum staðist allar þær kröfur og ekki sýnt merki um helti.

Þá hefur verið lögð fram tímaritsgrein eftir Helga Sigurðsson dýralækni: Hestaheilsa, úr Handbók hestamanna um hrossasjúkdóma. Þar segir, að svokallað spattpróf veiti vísbendingu sem staðfesta þurfi með myndatöku sem þó staðfesti ekki alltaf sjúkdóminn og þurfi þá að deyfa taugar til að útiloka aðra staði.

Aðalsök.

Málsástæður stefnanda eru þær, að hesturinn hafi ekki uppfyllt kosti sem slíkur hestur á að hafa og áskildir voru fyrir kaupin um gallalausa fætur. Telur stefnandi stefnda vísvitandi hafa beitt blekkingum við kaupin, enda beri dýralæknisvottorð frá afhendingardegi, framvísað löngu síðar, ekki með sér að hesturinn hafi verið skoðaður með sérstöku tilliti til fóta, beygjuprófun ekki farið fram né myndataka.

Stefnda hafi verið ljóst til hvers ætlast var af hestinum, andvirði hans óvenjuhátt, og þyki því rétt, að seljandi beri halla af því, að hestinum sé áfátt.

Um lagarök er vísað til laga um lausafjárkaup nr. 39/1922, einkum 42. og 52. gr., svo og almennra reglna kröfuréttarins.

Stefndi mótmælir því, að hesturinn hafi verið gallaður við afhendingu, með vísan til dýralæknisvottorðs frá söludegi hestsins og undanfarandi árangurs hans í gæðingakeppni á fjórðungsmóti því sem fram fór hálfum mánuði áður.

Þar sem hesturinn hafi ekki sýnt nein einkenni spatts eftir komuna til Ketilsstaða bendi líkur til þess að helti sú, sem greindist við skoðun þann 28. júlí 1989, hafi til komið vegna atvika sem gerðust eftir að afhending hestsins fór fram. Þá liggi beint við að ætla að helti og hátt „asat"-hlutfall í blóði séu afleiðingar álags, sem hesturinn varð fyrir í flutningi.

Í vottorði dýralæknis frá söludegi kemur fram að hesturinn var óhaltur. Myndatöku sé aðeins hægt að framkvæma í Reykjavík.

Sýknu er krafist á forsendum þess, að hesturinn hafi verið ógallaður við afhendingu og riftunarkrafa því ekki byggð á þeim lagagreinum sem stefnandi vitni til. Ásökunum þess efnis, að blekkingum hafi verið beitt við kaupin, er mótmælt og þá jafnframt að riftunarkrafa verði byggð á svikum.

Um lagarök er vísað til ákvæða laga um lausafjárkaup nr. 39/1922, einkum 44. og 47. gr. svo og 55. gr. Þá er vísað til 7. gr. laga nr. 21/1957 um dýravernd.

Eins og fyrr er rakið gerðu aðilar máls þessa með sér samning um kaup á hestinum Örvari, 8 vetra gæðingi frá Ketilsstöðum, þann 16. júlí 1989. Söluverð var kr. 500.000,00.

Afhending fór fram sama dag og flutti stefnandi hestinn um Akureyri til Selfoss á næstu 24 tímum. Er hann hugðist undirbúa hestinn fyrir keppni í Borgarnesi eftir 3ja daga hvíld, reyndist hann haltur.

Við skoðun Brynjólfs Sandholts yfirdýralæknis kom fram svörun við svokallað beygjupróf í vinstra afturfæti og á röntgenmynd breytingar sem gátu bent til byrjunareinkenna á spatti.

Skírskotar stefnandi til 42. og 52. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup og krefst riftunar á þeim forsendum, að hesturinn hafi verið haldinn leyndum galla við afhendingu, sem stefnda hafi verið eða mátt vera kunnugt um.

Óumdeilt er að stefnandi, sem er tamningamaður og knapi að atvinnu, skoðaði hestinn fyrir afhendingu og reið honum, jafnframt því að stefndi sýndi hestinn á öllum gangi.

Fram fór áskilin dýralæknisskoðun fyrir afhendingu, sem stefnandi náði ekki að vera viðstaddur vegna eigin tafa. Samkvæmt vottorði hafa fætur hestsins þá verið skoðaðir, hann er sagður feta og brokka eðlilega og vera óhaltur. Röntgenmyndatöku er ekki hægt að framkvæma á hestinum á Egilsstöðum. Hálfum mánuði fyrir sölu hafði hesturinn hlotið hæstu einkunn í A-flokki gæðinga á fjórðungsmóti austfirskra hestamanna.

Kemur þá til athugunar, hvort ágallar voru til staðar við afhendingu, þrátt fyrir skoðun, þ.e. hvort hesturinn hafi verið haldinn byrjunareinkennum af spatti og stefnda verið eða mátt vera um það kunnugt.

Samkvæmt vitnisburði 4ra dýralækna er greining spatts mjög erfið. Bendir vitnið Brynjólfur Sandholt yfirdýralæknir á, að þau atriði, sem greind voru í vottorði sínu, þurfi ekki endilega að benda til spattmyndunar, heldur geti verið um áverka að ræða, svo sem snúning. Vitnin eru sammála um, að jákvæð beygjupróf geti aðeins gefið vísbendingu um spatt og þurfi auk þess nokkrar myndatökur ásamt deyfingu á taugum, því að röntgenmyndir staðfesti ekki alltaf sjúkdóminn.

Vitnið Jón Pétursson héraðsdýralæknir skoðaði hestinn þann 15. nóvember 1989. Samkvæmt vottorði hans reyndist hesturinn óhaltur og spattprufa neikvæð.

Með skírskotun til þess, sem hér hefur verið rakið, þykja ekki hafa verið færðar sönnur á, að hesturinn hafi verið haldinn leyndum göllum við afhendingu. Verður að telja að helti sú, sem fram kom í hestinum eftir afhendingu, stafi af atvikum sem kaupandi ber sjálfur ábyrgð á, með hliðsjón af niðurstöðu blóðsýnatöku, sem sýndi hátt „asat"-hlutfall og bendir til þess, að hesturinn hafi orðið fyrir mikilli áreynslu og ekki þolað framangreindan flutning miðað við aðbúnað.

Móttaka hestsins af hálfu stefnda, eins og á stóð, breytir engu þar um.

Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í aðalsök.

Samkvæmt því verður stefnanda dæmt að greiða stefnda málskostnað í aðalsök sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 336.000,00 og er þá tekið tillit til fram lagðra reikninga vitna.

Gagnsök.

Gagnstefnandi telur sig, með vísan til lögjöfnunar frá 56. gr. laga nr. 39/1922, eiga rétt á þóknun fyrir hagagöngu og umhirðu hestsins frá móttöku hans þann 27. ágúst 1989 svo og fyrir útlagðan kostnað.

Gagnstefnandi sundurliðar kröfur sínar endanlega þannig:

1. Krafa um greiðslu fyrir hagagöngu og umhirðu hestsins frá 27. ágúst 1989, kr. 3.000,00 á mánuði til 31. maí 1990, kr. 27.400,00.
2. Greiðsla á útlögðum kostnaði vegna dýralæknisskoðana og blóðprufna, kr. 9.978,00 með áföllnum kostnaði frá 1. desember 1989 til 31. maí 1990, kr. 11.673,00.
3. Jafnframt er krafist dráttarvaxta af stefnufjárhæð, kr. 39.073,00, frá 31. maí 1990 skv. 10. gr. laga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989, til greiðsludags. Þá verði dráttarvextir lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti skv. 12. gr. laga nr. 25/1987.
4. Loks er krafist málskostnaðar skv. fram lögðum málskostnaðarreikn-

ingi með dráttarvöxtum frá dómsuppsögu til greiðsludags skv. 175. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988.

Gagnstefndi hefur krafist sýknu af kröfum gagnstefnanda, jafnframt því að krefjast málskostnaðar að skaðlausu úr hans hendi.

Það er skoðun dómsins, eins og fram er komið, að gagnstefnanda hafi verið rétt með tilliti til hestsins að taka við honum. Hefur hann síðan annast hann og hirt og þykir mega taka kröfu hans skv. lið 1 til greina.

Til grundvallar kröfulið 2 er kvittuð staðgreiðslunóta, sem tekin er til greina.

Niðurstaða málsins í gagnsök verður því sú að dæma gagnstefnda til greiðslu kr. 39.073,00 með þeim vöxtum sem krafist er. Þá ber að dæma gagnstefnda til greiðslu málskostnaðar, kr. 44.000,00.

Dóm þennan kvað upp Inger L. Jónsdóttir aðalfulltrúi ásamt meðdómsmanninum Hákoni Hanssyni héraðsdýralækni.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Bergur Jónsson, skal vera sýkn af kröfum aðalstefnanda, Baldvins Ara Guðlaugssonar.

Gagnstefndi, Baldvin Ari Guðlaugsson, greiði gagnstefnanda, Bergi Jónssyni, kr. 39.073,00 með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989, frá 31. maí 1990 til greiðsludags og málskostnað í aðalsök og gagnsök sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 380.000,00.

Aðfararfrestur í báðum sökum er 15 dagar frá lögbirtingu dómsins að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Sérálit
meðdómsmannsins Páls Stefánssonar dýralæknis

Í atkvæði meiri hluta dómenda eru rakin málsatvik í máli þessu, allt frá því að kaup á hestinum Örvari frá Ketilsstöðum fóru fram og til þess dags er honum hafði verið skilað til stefnda aftur.

Upphaf máls þessa er að stefnandi, Baldvin Ari Guðlaugsson, sér hestinn Örvar frá Ketilsstöðum á fjórðungsmóti hestamanna að Iðavöllum dagana 29.06.–02.07. 1989, og fær hann þá áhuga á að kaupa þennan hest sem keppnishest fyrir sjálfan sig. Það verður úr að hann hefur samband við stefnda í máli þessu, Berg Jónsson, og ræða þeir kaupin. Í huga kaupanda er þó nokkur óvissa vegna ummæla einhvers, sem taldi, að hesturinn hefði ekki gengið alveg sem skyldi á mótinu sem þá var nýafstaðið. Hann fer því fram á nákvæma dýralæknisskoðun á hestinum fyrir sölu og þá sérstaklega með tilliti til heilbrigði fóta.

Þann 16.07. 1989 fara kaupin fram og skoðar Jón Pétursson, héraðsdýralæknir á Egilsstöðum, hestinn að kaupanda fjarstöddum. Í vottorði (dags. 16.07. 1989) stendur að við skoðun í tamningagerði feti og brokki hesturinn eðlilega og sé óhaltur.

Mitt álit er að slík skoðun, sem þarna fór fram samkvæmt vottorði Jóns, sé alls ekki nægilega ýtarleg með sérstöku tilliti til hugsanlegra galla í fótum. Í fyrsta lagi þarf að virða fyrir sér ganglag hestsins á harðri, sléttri og beinni braut, framan frá og á hlið, til þess að fyllilega megi segja til um, hvort hesturinn sé óhaltur eða ekki. Í öðru lagi þarf að gera svokallaðar beygiprufur á öllum fótum til þess að vera þess fullviss, að veikleiki sé ekki í ganglimum.

Aðeins til nánari útskýringar á þessum beygiprufum, þá er t.d. framfótum haldið beygðum um hóflið, hvarflið, kjúkulið og úlnlið í eina mínútu með u.þ.b. 20 kílóponda þunga og síðan er fóturinn settur niður og hesturinn látinn skokka af stað. Með þessu móti má greina veikleika liða og sina ef einhverjir eru. Á afturfótum er nauðsynlegt að gera allavega svokallaðar yfirlitsbeygjuprufur þar sem allir liðir afturfótanna eru beygðir og haldið í slíkri stellingu í eina mínútu. Síðan er fóturinn settur niður og virt fyrir sér hvort hesturinn sýnir einhver merki helti. Ef einhverjar af þessum beygiprufum eru síðan jákvæðar (þ.e.a.s. hesturinn svarar með helti) þá er rökrétt leið að deyfa vissar skyntaugar í fætinum til þess að komast að því hvaðan þessi heltisvörun kemur. Síðan í framhaldi af því er röntgenmyndataka vanalega framkvæmd, en röntgentæki er oft og tíðum nauðsynlegt hjálpartæki við nákvæma heltisskoðun.

Með vísun til þessa, sem hér að ofan er ritað, leyfi ég mér að segja að samkvæmt vottorði Jóns Péturssonar frá söludegi var skoðun hans á gangi hestsins ekki nógu ýtarleg til þess að fullvíst megi teljast að hesturinn hafi verið heill á fótum.

Þá ætla ég að snúa mér að myndbandi, sem lagt var fyrir dóminn sem eitt af dómskjölum, þar sem sýnd er mynd af hestinum Örvari á umræddu fjórðungsmóti dagana 29.06.–02.07. 1989, þar sem hann er sýndur í gæðingakeppni. Á myndbandi þessu sýnir hesturinn að mínu mati greinilega helti á vinstri afturfæti, mjög greinilega 1. stigs helti á feti og einnig helti, þegar hann er hægður niður á tölti og brokki. Í dómskjölum skýrir stefndi þessa helti sem „taumhelti“ vegna misstyrks hestsins, bæði vegna þjálfunarástands hestsins og ætternis, en slíka skýringu get ég alls ekki samþykkt sem fullnægjandi. Víst eru til hestar sem ganga ójafnt vegna misstyrks, en það eru og verða að vera til mörk, þar sem við dýralæknar greinum á milli greinilegrar helti og ójafns gangs vegna misstyrks. Ójafn gangur eða svokölluð „taumhelti“, eins og sumir tamningamenn tala um, lýsir sér líka að mínu mati á annan hátt heldur en hesturinn Örvar sýnir á viðkomandi myndbandi. Slíkir hestar eru mun sterkari öðrum megin í skrokknum og ganga þar af leiðandi skakkir. Við þessa skekkju, sem þessir hestar mynda, þvingast hreyfing bógliðarins þeim megin, sem þeir eru linari, og þvingast þess vegna lyfta og framfærsla framfótarins þeim megin. Af þessu leiðir að sporið getur orðið styttra á öðrum framfæti.

Á umræddu myndbandi get ég ekki séð að Örvar gangi mjög skekktur á fetinu. Hann gengur mun styttra inn undir sig á vinstri afturfæti heldur en á þeim hægri, auk þess sem seinni stuðningsfasi vinstri afturfótar er styttur aftur á við. Í gangtakti hestsins má einnig sjá að hann vaggar, þar sem vinstri afturfótur gefur eftir í hverju spori á feti. Mér er ómögulegt að skilja, hvers vegna enginn dómari gæðingadómsins á þessu umrædda fjórðungsmóti gerir ekki athugasemd við þetta ganglag hestsins. Reyndar má sjá að á einkunnagjöf dómaranna fyrir fet gætir verulegs misræmis, svo að einhverjir þeirra hafa verið ansi óöruggir með einkunnaspjöldin.

Sem eitt af dómskjölunum í málinu liggur fyrir vottorð yfirdómarans í þessari gæðingakeppni og segir hann þar að í einu og öllu hafi verið farið eftir reglum um heilbrigðisskoðun á öllum þeim hrossum sem þátt tóku í gæðingakeppni móts þessa. Slík „heilbrigðisskoðun“, sem yfirdómari getur, er eftir minni bestu vitund svokölluð „fótaskoðun“ þar sem járning og annar aukabúnaður keppnishesta er kannaður af viðurkenndum hestamönnum. Nákvæm heilbrigðisskoðun í orðsins fyllstu merkingu hefur áreiðanlega ekki verið tekin af hverjum keppnishesti á þessu móti frekar en á öðrum slíkum, enda krefst reglugerð um gæðingakeppni þess ekki mér vitanlega, nema dómarar geri einhverja athugasemd við ganglag eða útlit keppnishests. Tel ég því að gæðingadómurum móts þessa hafi yfirsést um helti hestsins Örvars eða yfirsést að láta athugasemda getið.

Eftir að kaupandi og seljandi hafa handsalað kaup hestsins er hann fluttur frá Egilsstöðum til Akureyrar, hvíldur þar í nokkra klukkutíma og síðan fluttur suður á Selfoss. Flutningstækið var einnar hásingar tveggja hesta kerra og flutningstíminn u.þ.b. einn sólarhringur. Að mínu mati er þessi flutningur nokkuð stífur, en þó alls ekki vítaverður. Heilbrigður hestur á að þola slíkan flutningsmáta, nema eitthvert slys hendi. Aftur á móti getur slíkur flutningur verið erfiður fyrir hest sem einhvers staðar er veill fyrir, þannig að slíkur veikleiki ágerist undir álagi sem þessu.

Þegar hesturinn er síðan reyndur af kaupanda eftir flutninginn suður á land, kemur í ljós að eitthvað er athugavert við hestinn og er hann þá fluttur til dýralæknisskoðunar hjá Brynjólfi Sandholt, héraðsdýralækni í Reykjavík. Segir Brynjólfur í vottorði sínu (dags. 01.08. 1989 en skoðaður 28.07. 1989) að á afturfótum hestsins finnist engar bólgur. Áfram segir Brynjólfur að táin á vinstri afturfæti hafi verið meira slitin heldur en sú hægri. Þessi tvö atriði benda til þess að hesturinn hafi ekki orðið nýlega fyrir slysi (engar bólgur finnanlegar eða sjáanlegar) og hann hafi gengið um nokkurt skeið haltur (táin slitin). Við beygipróf á vinstra afturfæti segir Brynjólfur að fram komi greinileg svörun þannig að hesturinn gangi 10–12 metra haltur en jafni sig síðan. Röntgenmynd var tekin af hækli vinstri afturfótar og sýndi sú mynd breytingar. Hverjar þessar breytingar nákvæmlega voru getur Brynjólfur ekki um í vottorði sínu, en maður verður einfaldlega að skilja það sem svo að um breytingar frá hinu eðlilega sé að ræða (þ.e.a.s. einhverjar sjúklegar breytingar). Slíkar breytingar á röntgenmynd eru að mínu mati ávallt að minnsta kosti 4–6 vikna gamlar eða þaðan af eldri. Yngri liða- eða beinabreytingar sér maður ekki á röntgenmynd. Sem sagt, niðurstaða þessarar dýralæknisskoðunar Brynjólfs Sandholts er sú, að hesturinn Örvar þjáist af einhverjum veikleika í vinstri afturfæti, sem lýsi sér með heltissvörun, þegar hesturinn hefur verið beygður á afturfæti.

Spurningunni um það, hvort þessi veikleiki í vinstri afturfæti hestsins Örvars hafi skapast á þeim tíma frá því hann var keyptur þann 16.07. 1989 til dagsins 28.07. 1989, vil ég svara eindregið neitandi. Því til stuðnings skal bent á eftirfarandi atriði:

Á myndbandi frá fjórðungsmóti hestamanna á Austurlandi dagana 29.06.–02.07. 1989 sýnir hesturinn Örvar að mínu mati greinilega helti í gæðingasýningu.

Heilbrigðisskoðun Jóns Péturssonar við sölu hestsins þann 16.07. 1989 tel ég með tilliti til fótameina ekki hafa verið fullnægjandi. Niðurstaða heilbrigðisskoðunar Brynjólfs Sandholts, dags. 28.07. 1989, tel ég rökstyðja það, að hesturinn hafi verið haltur um lengra skeið en nemur þessum 12 dögum frá því að hann var seldur þar til hann er skoðaður af honum. A. m. k. er ekki hægt að lesa af vottorði hans, að hesturinn hafi getað lent í slíku óhappi á þessum 12 dögum að helti stafaði af, þar sem hvergi er getið um áverka eða bólgur.

Örstutt um blóðrannsókn þá, sem sett var í gang að tilstuðlan Ólafs Jónssonar dýralæknis, þar sem hann fellir þann grun að um hugsanlegar vöðvaskemmdir geti verið að ræða þar eð mæling á efnahvatanum ASAT (aspartat-aminotransferasa) sýni hátt gildi.

Vissulega er mæligildi þessa efnahvata í hærri kantinum, en það nægir ekki eitt og sér til þess að sjúkdómsgreina vöðvaskemmdir. Til þess hefði þurft að gera nákvæma klíníska skoðun og mæla mun fleiri efnahvata (s.s. creatin-phosphokinasa, alanin-aminotransferasa, malat-dehydrogenasa og jafnvel laktat-dehydrogenasa) og einnig að skoða þá þessa efnahvata í hlutföllum hvers til annars. Sérstaklega ef tímasetja ætti hugsanlega meintar vöðvaskemmdir.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, og með vísan til 1. mgr. 42. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922 tel ég, að taka beri dómkröfu stefnanda til greina að fullu.

Eftir atvikum tel ég rétt að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Viðurkennd er krafa stefnanda, Baldvins Ara Guðlaugssonar, um riftun á kaupum hestsins Örvars frá Ketilsstöðum.

Stefndi, Bergur Jónsson, greiði stefnanda, Baldvini Ara Guðlaugssyni, kr. 526.833,00 ásamt dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989 frá 22. september 1989 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Fimmtudaginn 2. júní 1994.

Nr. 163/1993. **Haraldur Jóhannsson**
(sjálfur)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Jónatan Sveinsson hrl.)

Skaðabætur. Uppsögn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 26. apríl 1993. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og stefndi verði dæmdur til þess að greiða sér bætur, að fjárhæð 5.180.724 krónur. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Að ósk áfrýjanda hefur mál þetta verið flutt skriflega fyrir Hæstarétti, sbr. 2. mgr. 47. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi skal greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Haraldur Jóhannsson, greiði stefnda, fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 29. mars 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. mars 1993, er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, þingfestri 19. nóvember 1991 af Haraldi Jóhannssyni, kt. 070726-2469, Mánagötu 11, Reykjavík, á hendur fjármálaráðherra, Friðriki Sophussyni, kt. 181043-4669, fyrir hönd ríkissjóðs, til greiðslu bóta, kr. 5.180.724,00.

Af hálfu stefnda er gerðar þær dómkröfur, að stefndi verði alsýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda hæfilegan málskostnað að mati réttarins auk virðisaukaskatts af dæmdum málskostnaði skv. lögum nr. 50/1988 og dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989, af dæmdum málskostnaði að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu til greiðsludags.

I.

Stefnandi kveður dómkröfuna svara til þriggja ára launa sem nemi kr. 5.180.724,00. Sé bóta krafist fyrir brottrekstur úr starfi hagfræðings í Framkvæmdastofnun ríkisins í júlí 1977 vegna ásakana um brot í starfi, einvörðungu þó varðandi vinnutíma, sem settar hafi verið fram í bréfi framkvæmdastjóra áætlunardeildar stofnunarinnar til stefnanda, dagsettu 3. febrúar 1977. Ásakanir þessar hafi verið ómerktar í dómsorðum 19. febrúar 1990 í máli nr. 554/89 fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Eftir móttöku ofannefnds bréfs forstöðumanns áætlunardeildar hafi stefnandi átt viðræður við forráðamenn Framkvæmdastofnunarinnar um stöðu sína og lúkningu mannaflaspár, sem hann vann að, en upp úr þeim viðræðum hafi slitnað. Til að fá leiðréttingu sinna mála kveðst stefnandi hafa höfðað mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, dómtekið 11. október 1977, en því hafi verið vísað frá sakir þess formgalla, að bótakröfur hans hafi verið í fjölda mánaðarlauna en ekki í upphæð í krónum. Með þeirri formbreytingu hafi málið verið lagt að nýju fyrir bæjarþing Reykjavíkur 4. apríl 1978. Stefnandi hafi fallist þá á boðna sátt í trausti þess, að honum yrði ekki vandfundið nýtt starf sem þjóðhagsfræðingur. Það hafi hins vegar farið á annan veg. Öllum umsóknum hans um slíkt starf hafi síðan verið hafnað, og telur hann sig í þeim efnum hafa goldið umsagnar Framkvæmdastofnunar og arftaka hennar. Tekur hann fram að engu sinni hafi verið að greinargerðum hans fundið í stofnuninni, hvorki munnlega né skriflega.

Af þeim ástæðum kveðst stefnandi hafa höfðað bótamál gegn arftökum Framkvæmdastofnunar ríkisins, Byggðastofnun og Framkvæmdasjóði, með stefnu 2. mars 1987 fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, en stefndu hafi verið sýknaðir vegna aðildarskorts með dómi 8. janúar 1988 og það staðfest með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 21. september 1989.

Þar næst kveðst stefnandi hafa höfðað mál gegn forstöðumanni áætlunardeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins 1977, Helga Ólafssyni hagfræðingi, til ómerkingar þeim orðum í áðurnefndu bréfi hans frá 3. febrúar 1977, sem höfð hafi verið að átyllu brottrekstrar stefnanda, og hafi þau verið dæmd ómerk hinn 19. febrúar 1990, eins og að ofan segi. Stuttu síðar, í mars 1990, hafi þáverandi fjármálaráðherra gefið stefnanda, í viðtalstíma í fjármálaráðuneytinu, fyrirheit um samninga ráðuneytisins um bótagreiðslur, en í viðtali í ráðuneytinu í maí 1991 hafi fjármálaráðherrann sagst ekki hafa getað til þeirra stofnað sakir fyrirstöðu lögfræðinga í ráðuneytinu.

– – –

III.

Stefnandi byggir málsókn sína á því að það sé afleiðing starfsloka hans í Framkvæmdastofnun ríkisins í júlí 1977, að hann hafi síðan þá ekki fengið atvinnu sem þjóðhagsfræðingur þrátt fyrir fjölmargar umsóknir. Telur hann að þessu valdi umsagnir forráðamanna stofnunarinnar og arftaka hennar eða orðspor eitt. Hann byggir enn fremur á því að ummæli í áminningarbréfi til hans sem uppsögnin sé réttlætt með, dags. 3. febrúar 1977, hafi verið ómerkt. Sá dómur er kveðinn upp í útivistarmáli á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 25. janúar 1990, en staðfest endurrit gefið út hinn 19. febrúar 1990.

Við munnlegan málflutning upplýsti stefnandi að hann hefði reynt að spyrjast fyrir um það hjá forráðamönnum Orkustofnunar og Þjóðhagsstofnunar, þar sem hann hefði sótt um störf, hvort leitað hefði verið umsagnar um hann hjá Framkvæmdastofnun ríkisins og hvort bréf hefði borist frá forráðamönnum hennar varðandi slíkt erindi. Kveður hann orkumálastjóra hafa vísað til skjalavarðar stofnunar sinnar, sem að athuguðu máli hefði gefið það svar, að slíkt bréf væri ekki að finna meðal skráðra skjala hennar, en ýtarleg skjalaskrá næði aðeins aftur til 1987 eða 1988. Forstjóri Þjóðhagsstofnunar hefði í fyrstu talið að slík umsögn hefði borist, en næsta dag hefði hann tjáð stefnanda að ekkert slíkt bréf væri í vörslum stofnunarinnar og hefði hann þá ekki kannast við að hafa gefið slíkt í skyn daginn áður. Kvaðst stefnandi einnig hafa hringt í forstjóra Byggðastofnunar og spurst fyrir um það, hvort hann hefði verið beðinn um slíka umsögn. Forstjórinn hafi enga slíka beiðni sagst hafa fengið, síðan hann tók við forstöðu stofnunarinnar, og teldi hann að stofnunin varðveitti ekki slík bréf.

Kvaðst stefnandi í framhaldi af þessu hafa rifjað upp að þau ár, 1957-1960, sem hann hefði lítið eitt getað fylgst með slíkum málum, hefði upplýsinga um umsækjendur í ríkisstofnunum oftast verið aflað í símtölum, enda kunnugleiki með forstöðumönnum margra þeirra. Við þessar aðstæður og þar sem umsóknir í störf væru ekki settar í skjalasöfn, hefði hann talið, að það þjónaði ekki tilgangi að leiða vitni fyrir dóminn. Verði því að ráða af líkum hvort heldur umsagnir forráðamanna eða orðspor eitt hafi valdið því, að stefnandi hafi ekki frá uppsögn sinni í Framkvæmdastofnun ríkisins fengið atvinnu sem hagfræðingur.

Hinn 7. júní 1978 var gerð sátt með Framkvæmdastofnun ríkisins og stefnanda um greiðslu tiltekinnar fjárhæðar „vegna uppsagnar hans úr starfi“ við stofnunina. Segir í sáttinni að um fullnaðaruppgjör sé að ræða og að stefnandi dragi til baka mál er hann hafði höfðað vegna þessa. Slík sátt er að jafnaði bindandi fyrir aðila og endanleg lok deilu. Ómerkingardómur frá 25. janúar 1990 þykir ekki sem slíkur breyta forsendum framangreindrar sáttar. Stefnandi hefur ekki fært fram nein gögn, hvorki vitni né skjöl, hér fyrir dóminum er styðja þá fullyrðingu að tjón hans hafi reynst mun meira en áætla mátti við gerð sáttarinnar. Hann hefur ekki heldur sannað að uppsögnin eða eftirmál hennar hafi leitt til þeirra meintu ófyrirsjáanlegu afleiðinga, að hann hafi ekki síðan fengið annað starf sem þjóðhagsfræðingur. Sönnunarbyrði um þetta hvílir á stefnanda.

Orð aðila ein og sér nægja ekki til þess, að talið verði að slíkum líkum sé leitt að tjóni eða orsökum meints tjóns, að á því verði byggt í dómsmáli.

Stefnandi þykir ekki hafa sannað, gegn mótmælum stefnda, að frv. fjármálaráðherra hafi gefið honum loforð um bótagreiðslu umfram það sem fólst í ofangreindri sátt.

Af þeim ástæðum, sem hér að framan hafa verið raktar, verður að telja ósannað að uppsögn hans hafi haft slíkar ófyrirsjáanlegar afleiðingar að forsendur sáttar þeirrar, er hann gerði við þáverandi vinnuveitanda sinn hinn 7. júní 1978, hafi brostið eða að hann eigi af þeim sökum sjálfstæða bótakröfu á hendur ríkissjóði. Verður því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda. Vegna þessarar niðurstöðu þykir ekki ástæða til að fjalla efnislega um þá málsástæðu stefnda að krafa stefnanda sé fyrnd.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 2. júní 1994.

Nr. 21/1991. **Leó Óskarsson**
(Kjartan Ragnars hrl.)
gegn
Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja
(Jón Hjaltason hrl.)
og gagnsök

Vátryggingarsamningar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. janúar 1991. Hann krefst þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 18.987.112,50 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 27. mars 1989 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. mars 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 8. sama mánaðar og krefst sýknu af kröfum aðaláfrýjanda í málinu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Atvik málsins eru skilmerkilega rakin í hinum áfrýjaða dómi.

Eins og lýst er í héraðsdómi, er það óumdeilt, að hinn 10. desember 1988 tókust samningar milli aðaláfrýjanda og gagnáfrýjanda um kaup á vátryggingum á m/b Nönnu VE-294. Gagnáfrýjandi óskaði eftir endurtryggingu á hagsmunatryggingu í bréfi sínu til Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum 9. desember 1988. Óskað var tryggingar frá 10. desember, og skyldi tryggingarfjárhæð endurskoðuð, þegar viðeigandi gögn kæmu til landsins. Í bréfi gagnáfrýjanda til Samábyrgðarinnar 4. janúar 1989 var staðfest, að eigendur sjö þar greindra báta óskuðu framlengingar á hagsmunatryggingu. Meðal þessara báta var m/b Nanna. Samábyrgðin svaraði þessu bréfi með bréfi 18. janúar 1989 og kvaðst reiðubúin að taka að sér endurtryggingu á hagsmunatryggingum framangreindra sjö báta fyrir ákveðið verð. Í hinum áfrýjaða dómi er því lýst, að samningar tókust ekki um endurtryggingar milli gagnáfrýjanda og Samábyrgðarinnar, en 10. febrúar 1989 gerði gagnáfrýjandi slíkan samning við Tryggingamiðstöðina hf., sem gilti frá þeim degi til ársloka. Í bréfi til Tryggingamiðstöðvarinnar hf. 9. febrúar 1989 óskaði gagnáfrýjandi eftir hagsmunatryggingu nokkurra báta, sem taldir eru upp í bréfinu. Var m/b Nanna ekki meðal þeirra.

Framkvæmdastjóri gagnáfrýjanda segir í aðilaskýrslu, að hann líti svo á, að hagsmunatryggingin hafi fallið sjálfkrafa niður um áramótin 1988/1989, en tekið gildi að nýju með framangreindu bréfi til Samábyrgðarinnar 4. janúar 1989. Forstjóri Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum bar fyrir dómi, að það væri viðtekin venja, ef ekki semdist um endurnýjun á tryggingu, „þá heldur endurtryggjandinn alla jafna áhættunni dekkaðri þangað til frumtryggjandinn er búinn að koma sínum endurtryggjendamálum þannig fyrir að þeir eru endurtryggðir, og í þessu tilfelli var samþykkt að halda því sem við kölluðum dekkuðu, til 10. febrúar". Hann sagði enn fremur, að „ef Nanna hefði t.d. farist á þessu tímabili frá 1. janúar til 10. febrúar, þá vorum við náttúrlega með endurtryggingu á hagsmunatryggingu jafnframt".

Í hinum áfrýjaða dómi er lýst fundi aðila 16. janúar 1989, þar sem rætt var um tryggingar bátsins, og ágreiningi þeirra um niðurstöðu samræðna þeirra. Gagnáfrýjandi telur niðurstöðuna hafa orðið þá, að aðaláfrýjandi hafi ekki óskað eftir að hafa hagsmunatryggingu áfram, vegna þess hve há skylduhúftryggingin væri orðin. Hafi hann því hringt til forstjóra Samábyrgðar þann sama dag, 16. janúar, og tilkynnt honum þessa ákvörðun aðaláfrýjanda og jafnframt óskað eftir að fella niður endurtryggingu á hagsmunatryggingu fyrir m/b Nönnu. Aðaláfrýjandi telur þá hafa rætt um það, hvort sleppa skyldi hagsmunatryggingunni, en gagnáfrýjandi talið það óráðlegt vegna lánardrottna, þar sem aðaláfrýjandi vissi ekki nákvæmlega, hvað hvíldi á bátnum. Segir aðaláfrýjandi niðurstöðuna hafa orðið þá að bíða, „þangað til Fiskveiðasjóður er búinn að yfirtaka lánin, þá veit ég nákvæmlega hvernig ég stend".

Í framangreindu bréfi Samábyrgðarinnar til gagnáfrýjanda 18. janúar er m/b Nanna talin upp meðal þeirra báta, sem leitað er hagsmunatryggingar fyrir. Framkvæmdastjóri gagnáfrýjanda segir í aðilaskýrslu, að hann hafi móttekið þetta bréf 23. janúar og þá hringt í forstjóra Samábyrgðar til að árétta símtalið frá 16. janúar um uppsögn hagsmunatryggingar vegna bátsins. Fyrir dómi hefur forstjóri Samábyrgðar borið, að hann muni eftir hvorugu þessara símtala og venjan sé, að munnlegar uppsagnir séu staðfestar skriflega eftir á, en ekkert skriflegt liggur fyrir um þetta í málinu.

Í aðilaskýrslu framkvæmdastjóra gagnáfrýjanda er því haldið fram, að vátryggingarskírteini m/b Nönnu hafi verið gefið út um miðjan febrúar 1989 og sent aðaláfrýjanda, eftir að gerður hafði verið endurtryggingarsamningur við Tryggingamiðstöðina hf. Heldur gagnáfrýjandi því fram, að vátryggingarskírteini m/b Nönnu beri með sér, að hagsmunatrygging fyrir bátinn hafi ekki verið í gildi. Vátryggingarskírteini þetta er ódagsett og óundirritað. Aðaláfrýjandi fullyrðir, að hann hafi ekki fengið vátryggingarskírteinið í hendur fyrr en töluvert eftir að báturinn fórst 7. mars 1989. Gegn eindregnum mótmælum hans verður að telja ósannað, að skírteinið hafi borist honum fyrr í hendur.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, verður að telja ósannað, að aðaláfrýjandi hafi sagt upp hagsmunatryggingu þeirri, sem endurnýjuð var 4. janúar 1989. Ber því að taka kröfur aðaláfrýjanda til greina, en vaxtakröfu hefur ekki verið mótmælt sérstaklega.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja, greiði aðaláfrýjanda, Leó Óskarssyni, 18.987.112,50 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 27. mars 1989 til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda samtals 500.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Garðars Gíslasonar og Gunnars M. Guðmundssonar

Í aðilaskýrslu fyrir dómi skýrði aðaláfrýjandi svo frá, að hann hefði 16. janúar 1989 átt fund með Jóhanni Friðfinnssyni, forstjóra gagnáfrýjanda, og spurt hann þá, hvort hann þyrfti að hafa umrædda hagsmunatryggingu áfram með tilliti til þess, hversu hátt matsverð bátsins væri orðið. Jóhann hefði svarað því til, að það væri nauðsynlegt vegna lánardrottna. Hann hefði þá sagt við Jóhann: „Við skulum hafa þetta á, alla vega þangað til Fiskveiðasjóður er búinn að yfirtaka lánin, þá ræðum við aftur saman.“ Kveðst hann hafa „lagt þetta undir“ Jóhann sem ráðgjafa sinn, hvort honum fyndist ráðlegt að viðhalda þessari tryggingu. Aðaláfrýjandi kveðst hafa átt v/b Nönnu frá því haustið 1982 og ekki hafa haft áður slíka tryggingu, þegar frá er talin heimsigling bátsins frá Portúgal í desember 1988.

Jóhann Friðfinnsson skýrði svo frá í aðilaskýrslu fyrir dómi, að aðaláfrýjandi hefði komið á sinn fund 16. janúar 1989 til að sækja vottorð vegna slysatryggingar bátasjómanna. Þá hefði mat á verðmæti v/b Nönnu legið fyrir. Þeir hefðu rætt fram og aftur um hagsmunatrygginguna og niðurstaðan orðið sú, að aðaláfrýjandi óskaði ekki eftir þeirri tryggingu áfram, vegna þess hve há skylduhúftryggingin væri orðin. Jóhann kvað það hafa verið að sínu frumkvæði, að stofnað var til hagsmunatryggingarinnar fyrir bátinn í desember 1988 eftir miklar endurbætur, sem fram höfðu farið á honum í Portúgal, þar sem mat á tryggingarverðmæti hans lá þá ekki fyrir. Hafi hann haft um þetta samráð við Útvegsbanka Íslands í Vestmannaeyjum, viðskiptabanka aðaláfrýjanda, og borið það síðan undir aðaláfrýjanda í símtali, en hann hafi þá verið staddur í Portúgal. Ætlunin hafi verið, að slík trygging yrði við lýði, uns mat á verðmæti bátsins lægi fyrir, en það hafi verið 10. janúar. Þess vegna hafi verið óskað framlengingar á tryggingunni í bréfi til Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum 4. janúar 1989.

Af framburði aðaláfrýjanda og Jóhanns Friðfinnssonar verður ráðið, að Jóhann hafi látið vátryggingarhagsmuni aðaláfrýjanda vegna v/b Nönnu sérstaklega til sín taka á umræddu tímabili.

Í aðilaskýrslu Jóhanns kemur fram, að eigendur báta í viðskiptum hjá gagnáfrýjanda hafi ávallt fengið send vátryggingarskírteini eftir hver áramót, þegar fyrir lá mat á verðmæti bátanna, útreikningur á iðgjaldi og sjálfsábyrgð vátryggingartaka. Vátryggingarskírteini v/b Nönnu hafi verið gefið út um miðjan febrúar 1989, eftir að gerður hafði verið endurtryggingarsamningur við Tryggingamiðstöðina hf. Fyrr hafi það ekki getað orðið. Í bréfi gagnáfrýjanda til lögmanns aðaláfrýjanda 22. maí 1989 segir, að vátryggingarskírteini v/b Nönnu hafi verið sent aðaláfrýjanda í sama mánuði og það var gefið út ásamt afriti viðskiptareiknings fyrra árs. Í gögnum málsins kemur fram, að ekki hafi verið gefin út sérstök vátryggingarskírteini vegna hagsmunatryggingarinnar, heldur vélritað milli lína í prentuðum texta vátryggingarskírteinis skyldutryggingarinnar athugasemd um hana, ef til hennar var stofnað, og þá jafnframt hlutfall hennar af fjárhæð skyldutryggingarinnar og tryggingarfjárhæðin. Er í nefndu bréfi skírskotað til þess, að vátryggingarskírteini v/b Nönnu beri með sér, að hagsmunatrygging fyrir bátinn hafi ekki verið í gildi.

Í texta skírteinisins, sem er ódagsett og óundirritað, er meðal annars svohljóðandi ákvæði: „Óski bátseigendur að gera athugasemd við fyrrgreinda vátryggingarfjárhæð, er nauðsynlegt að gera það nú þegar.“ Engar slíkar athugasemdir bárust frá aðaláfrýjanda til gagnáfrýjanda, enda synjar hann fyrir það í aðilaskýrslu sinni að hafa fengið vátryggingarskírteinið í hendur fyrr en eftir að báturinn fórst.

Sjópróf fóru fram 13. mars 1989, tæpri viku eftir sjóslysið. Í formlegri beiðni gagnáfrýjanda um sjópróf er tekið fram, að v/b Nanna hafi verið tryggð hjá félaginu fyrir 75.948.450 krónur, sem var verðmat bátsins og fjárhæð hinnar lögboðnu húftryggingar. Engar athugasemdir komu fram við sjóprófið af hálfu aðaláfrýjanda um þessar upplýsingar, en hann var viðstaddur það.

Meðal gagna málsins er sundurliðað uppgjör frá gagnáfrýjanda vegna bátstapans. Er það í samræmi við fjárhæð hinnar lögmæltu húftryggingar. Eigi verður séð, að athugasemdir hafi komið fram við uppgjörið áður en til máls þessa kom.

Samkvæmt fyrrgreindum endurtryggingarsamningi gagnáfrýjanda við Tryggingamiðstöðina hf. voru hagsmunatryggingar báta hjá gagnáfrýjanda endurtryggðar 100% hjá félaginu, eins og verið hafði hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Í gögnum málsins kemur fram, að gagnáfrýjandi naut hlutdeildar í iðgjöldum þessara trygginga. Samkvæmt því er ljóst, að gagnáfrýjandi hefði enga áhættu borið vegna hagsmunatryggingar v/b Nönnu, heldur þvert á móti haft af henni fjárhagslegan ávinning.

Þegar það er virt, sem að framan er rakið, verður að telja, að samkvæmt gögnum málsins séu yfirgnæfandi líkur fyrir því, að hvorki hafi verið í gildi hagsmunatrygging fyrir v/b Nönnu VE-294, er báturinn fórst 7. mars 1989, né vilji aðaláfrýjanda til slíkrar tryggingar. Samkvæmt því teljum við, að staðfesta beri niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Ljóst er, að vafaatriðin og ágreining aðila í máli þessu má að verulegu leyti rekja til þess, að á það skorti, að gagnáfrýjandi hefði í frammi fullnægjandi starfshætti í vátryggingaviðskiptum gagnvart aðaláfrýjanda. Með hliðsjón af því teljum við rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. október 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. október 1990, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 9. október 1989, af Leó Óskarssyni, kt. 040853-3599, Hrauntúni 23, Vestmannaeyjum, gegn Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja, kt. 440169-3689, Strandvegi 63, Vestmannaeyjum.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld, að fjárhæð kr. 18.987.112,50, auk [nánar tilgreindra dráttarvaxta og málskostnaðar].

Af hálfu stefnda er krafist algjörlega sýknu af öllum kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað [...].

Sáttatilraunir dómara reyndust árangurslausar.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Í máli þessu er um það deilt, hvort hagsmunatrygging, sem stefnandi keypti af stefnda vegna m/b Nönnu VE-294 í desember 1988, hafi verið í gildi, þegar báturinn fórst hinn 7. mars 1989.

Stefnandi stundaði útgerð og átti fiskibátinn m/b Nönnu VE-294. Á árinu 1988 sigldi stefnandi bátnum til Portúgals, þar sem gerðar voru umfangsmiklar endurbætur á honum. Í desember 1988 lauk endurbótunum og lá þá fyrir að sigla bátnum til Íslands. Það varð að ráði milli stefnanda og stefnda að hækka húftryggingarfjárhæð bátsins áður en honum yrði siglt heim, þar sem verðgildi hans hafði aukist verulega við endurbæturnar.

Málsaðilar höfðu ekki óyggjandi vitneskju um verðmæti m/b Nönnu VE-294 og áætluðu þeir því vátryggingarverðmæti bátsins kr. 70.000.000,00 og að auki var hann vátryggður með hagsmunatryggingu, sem nam 1/4 af húftryggingarfjárhæðinni, eða kr. 17.500.000,00. Þessar ákvarðanir voru teknar í símtali stefnda og Jóhanns Friðfinnssonar, fyrirsvarsmanns stefnda, fyrri hluta desembermánaðar 1988, en þá var stefnandi staddur í Portúgal. Fyrir dómi kom fram, að Jóhann Friðfinnsson hefði hringt í stefnanda til þess að ræða við hann um tryggingar m/b Nönnu VE-294 og voru tryggingarnar teknar í samráði við útibússtjóra Útvegsbankans í Vestmannaeyjum. Hinn 9. desember 1988 ritaði stefndi bréf til Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum og óskaði eftir endurtryggingum hjá Samábyrgð, bæði á húftryggingu og hagsmunatryggingu fyrir m/b Nönnu VE-294, frá 10. desember 1988 að telja. Síðan segir að tryggingarfjárhæðir verði endurskoðaðar þegar viðeigandi gögn komi til landsins. Ekki voru gefin út tryggingarskírteini vegna þessara viðskipta í desember 1988. Í byrjun árs 1989 fór fram virðing á bátnum. Var báturinn metinn á kr. 75.948.450,00. Stefnandi gekk þá á fund stefnda hinn 16. janúar 1989, og var þá rætt um tryggingar bátsins. Var m.a. rætt um það, hvort nauðsynlegt væri að hafa hagsmunatrygginguna á bátnum áfram með hliðsjón af þeirri fjárhæð, sem báturinn var metinn á. Ágreiningur er milli málsaðila um það, hver hafi orðið niðurstaðan úr því samtali. Fyrir dómi bar stefnandi, að þegar samtal þeirra Jóhanns Friðfinnssonar hefði átt sér stað, hefði hann ekki haft glögga yfirsýn yfir skuldir bátsins, og hefði því Jóhann ráðlagt sér að hafa hagsmunatryggingu áfram til öryggis, þar til hann hefði fengið fyrirgreiðslu úr Fiskveiðasjóði. Jóhann Friðfinnsson bar hins vegar fyrir dómi, að stefnandi hefði ekki óskað eftir að hafa hagsmunatryggingu á bátnum. Stefnanda hefði fundist tryggingin dýr og þar sem vátryggingarverðmæti bátsins hefði verið komið upp í kr. 75.948.450,00, væri óþarfi að hagsmunatryggja bátinn að auki. Hins vegar sagði Jóhann það rétt vera, að hann hefði ráðlagt stefnanda að hagsmunatryggja bátinn, þar sem stefnandi hefði ekki getað gert sér ljósa grein fyrir áhvílandi skuldum bátsins, þegar þeir ræddu málin. Sjálfur hefði hann ætlað stefnanda að hafa hagsmunatrygginguna, sbr. bréf stefnda, dags. 4. janúar 1989, til Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum. Jóhann kvaðst hafa skilið samtal sitt við stefnanda á þann veg, að hann óskaði ekki eftir að hagsmunatryggja bátinn. Hann kvaðst hafa hringt í Pál Sigurðsson, forstjóra Samábyrgðar, þann sama dag og tilkynnt honum ákvörðun stefnanda og jafnframt óskað eftir að fella niður endurtryggingu á hagsmunatryggingu fyrir m/b Nönnu VE-294. Jóhann bar fyrir dómi, að hann hefði móttekið bréf Samábyrgðar, dags. 18. janúar 1989, hinn 23. janúar 1989, þar sem

Samábyrgðin lýsti sig reiðubúna til þess að endurtryggja hagsmunatryggingu á þar tilgreindum bátum hjá stefnda, m. a. m/b Nönnu VE-294, og hefði hann þá hringt aftur í Pál Sigurðsson og ítrekað fyrra erindi, að fella niður endurtryggingu á hagsmunatryggingu fyrir m/b Nönnu VE-294. Fyrir dómi kvaðst vitnið Páll Sigurðsson ekki geta staðfest framburð stefnda, þar sem hann minntist ekki þessara símtala stefnda. Þá kvaðst vitnið ekki hafa fundið nein gögn hjá sér sem staðfestu, að endurtryggingin á umræddri hagsmunatryggingu hefði verið afturkölluð. Vitnið taldi því, að fyrirtæki sitt hefði verið með umrædda hagsmunatryggingu í endurtryggingu, þegar viðskiptum stefnda og Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum lauk 10. febrúar 1989. Stefndi gaf út vátryggingarskírteini vegna m/b Nönnu VE-294, þar sem fram kemur að báturinn er tryggður hjá félaginu fyrir kr. 75.948.450,00, með gildistöku frá 1. janúar 1989. Skírteinið ber ekki með sér útgáfudag. Jóhann Friðfinnsson bar fyrir dómi, að hann hefði gefið út tryggingarskírteinin þegar lá ljóst fyrir hvernig endurtryggingum félagsins yrði hagað, en það hefði ekki verið fyrr en 10. febrúar 1989. Hefði hann í framhaldi af því sent stefnanda tryggingarskírteini fyrir m/b Nönnu VE-294. Vátryggingarskírteinið ber ekki með sér að báturinn hafi verið tryggður hagsmunatryggingu, en það mun vera venja hjá stefnda að vélrita inn á tryggingarskírteini viðkomandi báts, þegar hagsmunatrygging er tekin.

Um áramótin 1988–89 stóðu yfir viðræður milli stefnda og Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum um endurtryggingar stefnda hjá Samábyrgð. Tókust ekki samningar, en hins vegar tókust samningar um endurtryggingar milli stefnda og Tryggingamiðstöðvarinnar hf., hinn 10. febrúar 1989. Af gögnum málsins verður ekki séð, að stefndi hafi beðið um endurtryggingu hjá Tryggingamiðstöðinni hf. á hagsmunatryggingu fyrir m/b Nönnu VE-294. Í framhaldi af því að báturinn fórst voru haldin sjópróf hinn 13. mars 1989. Stefndi hefur að mestu leyti greitt út tryggingar, sem tengdar voru bátnum. Stefndi hefur hins vegar neitað að greiða stefnanda vátryggingabætur samkvæmt hagsmunatryggingu á þeim forsendum að stefnandi hafi ekki óskað eftir að kaupa hagsmunatryggingu á fundinum hinn 16. janúar 1989. Þessari fullyrðingu stefnda hefur stefnandi mótmælt staðfastlega.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að hagsmunatryggingin, sem upphaflega var tekin hinn 10. desember 1988 og endurnýjaðist um áramótin 1988–1989, hafi verið í gildi, þegar m/b Nanna VE-294 sökk hinn 7. mars 1989. Tryggingunni hafi ekki verið sagt upp hvorki af stefnanda né stefnda eða fallið úr gildi með öðrum hætti.

Af hálfu stefnanda er á því byggt, að hagsmunatrygging framlengist sjálfkrafa um eitt ár við lok vátryggingartímabils eftir sömu reglum og húftrygging, hafi henni ekki verið sagt upp með þeim hætti er greinir í 2. mgr. 4. gr. vátryggingarskilmála fyrir húftryggingu. Stefnandi hafi ekki sagt hagsmunatryggingunni upp skriflega með 14 daga fyrirvara við lok vátryggingartímabils og hafi því tryggingarsamningurinn endurnýjast um áramótin 1988—89. Tryggingarsamningur um hagsmunatryggingu hafi verið í gildi hinn 16. janúar 1989, þegar viðræðurnar fóru fram. Á títtnefndum fundi hafi stefnandi óskað eftir að hafa hagsmunatrygginguna á bátnum, þar til hann hefði fengið fyrirgreiðslu úr Fiskveiðasjóði Íslands. Máli sínu til stuðnings benti stefnandi á framburð Páls Sigurðssonar, forstjóra Samábyrgðar á fiskiskipum, fyrir dómi. Páll hafi hvorki getað staðfest, að Jóhann Friðfinnsson hafi hringt í sig hinn 16. janúar 1989 og afturkallað endurtryggingu á hagsmunatryggingunni fyrir m/b Nönnu VE-294, né að Jóhann hafi ítrekað erindið í símtali hinn 23. janúar s.á.

Enn fremur er á því byggt af hálfu stefnanda að ósannað sé að honum hafi borist tryggingarskírteinið í hendur, áður en m/b Nanna VE-294 fórst. Vátryggingarskírteinið beri ekki með sér útgáfudag. Vátryggingarskírteinið var ekki út gefið, þegar stefnandi hitti Jóhann Friðfinnsson hinn 16. janúar 1989.

Að lokum eru kröfur stefnanda reistar á þeirri málsástæðu, að vinnubrögðum stefnda hafi verið ábótavant. Stefndi hafi ekki gefið út vátryggingarskírteini, þegar hann hafi keypt hagsmunatryggingu í desember 1988. Þar sem hann hafi ekki áður keypt hagsmunatryggingu af stefnda, þá hafi honum ekki verið ljóst að stefndi vélritaði staðfestingu um hagsmunatryggingu á vátryggingarskírteini húftryggingar viðkomandi báts.

Sýknukrafa stefnda er reist á þeirri málsástæðu, að stefnandi hafði ekki hagsmunatryggingu, þegar m/b Nanna VE-294 fórst hinn 7. mars 1989. Ágreiningslaust sé, að báturinn hafi verið tryggður fyrir 75.948.450,00, eins og vátryggingarskírteinið beri með sér. Ef stefnandi hefði keypt hagsmunatryggingu fyrir bátinn fyrir árið 1989, þá hefði stefndi áritað húftryggingarskírteini bátsins, að hann væri jafnframt tryggður með hagsmunatryggingu og tryggingarfjárhæð þar tilgreind.

Þá er á því byggt af hálfu stefnda, að hagsmunatryggingin hafi fallið úr gildi um áramótin 1988–89. Hafi stefnanda borið að hafa frumkvæði og óska sérstaklega eftir því, ef hann óskaði eftir að kaupa hagsmunatryggingu eftir áramótin 1989. Ekki geti gilt sömu reglur um húftryggingu annars vegar og hagsmunatryggingu hins vegar. Húftryggingin er skyldutrygging og því eðlilegt að líta svo á, að hún framlengist sjálfkrafa við lok vátryggingartímabils nema vátryggingartaki segi henni upp. Á hinn bóginn er hagsmunatrygging frjáls trygging og eðli málsins samkvæmt verður vátryggingartaki að hafa frumkvæði í upphafi vátryggingartímabils að kaupa trygginguna og ákveða vátryggingarverð. Í upphafi hafi verið um það samið, að stefnandi keypti hagsmunatryggingu, sem gilti til áramóta 1988–89. Hafi hagsmunatryggingin þá fallið úr gildi. Hinn 16. janúar 1989 hafi því báturinn ekki verið hagsmunatryggður og hafi ekki stofnast til samnings milli stefnda og stefnanda þann dag, þar sem Jóhann Friðfinnsson skildi samtal sitt við stefnanda á þann veg, að stefnandi hefði hafnað að kaupa hagsmunatryggingu á bátinn, sem stefndi hafði þó ætlað honum að gera.

Ekki hafi verið unnt að senda vátryggingarskírteinin út fyrr en samningar um endurtryggingar höfðu tekist. Af þeirri ástæðu hafi vátryggingarskírteinin verið send út upp úr miðjum febrúarmánuði. Þá hafi stefnanda borið að gera athugasemdir við stefnda, hefði það verið ætlun hans að hagsmunatryggja bátinn. Það hafi stefnandi ekki gert. Þá hafi stefnandi ekki gert athugasemdir við sjópróf sem fram fóru 13. mars 1989, þegar stefndi gerði grein fyrir vátryggingum bátsins. Fyrsta athugasemdin um meinta hagsmunatryggingu á m/b Nönnu VE-294 hafi stefnda borist frá lögmanni stefnanda í bréfi, dags. 18. maí 1989, er barst stefnda í hendur 22. maí 1989, sama dag og stefndi gerði upp alskaðatjónið við veðhafa og eiganda bátsins.

Niðurstaða.

Óumdeilt er, að samningar tókust milli stefnanda og stefnda hinn 10. desember 1988 um kaup á vátryggingum á m/b Nönnu VE-294. Annars vegar keypti stefnandi húftryggingu og var húftryggingarverð áætlað 70.000.000,00 og hins vegar hagsmunatryggingu og var vátryggingarverð ákveðið 1/4 af húftryggingarverði bátsins, eða kr. 17.500.000,00. Ætlun samningsaðila var að endurskoða tryggingafjárhæðir, þegar virðing hefði farið fram á m/b Nönnu VE-294.

Í máli þessu er um það deilt, hvort stefnandi hafi mátt ætla eftir samtal sitt við fyrirsvarsmann stefnda, Jóhann Friðfinnsson, hinn 16. janúar 1989, að samkomulag hefði orðið um það, að báturinn væri hagsmunatryggður. Óumdeilt er, að stefnandi og Jóhann Friðfinnsson ræddu um það á fundi sínum hinn 16. janúar 1989 hvort tryggja skyldi bátinn með hagsmunatryggingu.

Þegar öll málsatvik eru virt svo og framburður aðila fyrir dómi, þykir stefnandi ekki hafa sannað gegn mótmælum stefnda, að hann hafi borið fram ótvíræða ósk um kaup á hagsmunatryggingu á m/b Nönnu VE-294 á fundi málsaðila hinn 16. janúar 1989. Aðgerðaleysi stefnanda, þegar hann móttekur vátryggingarskírteinið fyrir m/b Nönnu VE-294, styður og þessa niðurstöðu, þar sem stefnandi þykir ekki hafa sannað gegn mótmælum stefnda, að hann hafi ekki móttekið vátryggingarskírteinið, þegar báturinn fórst hinn 7. mars 1989.

Ekki verður á það fallist með stefnanda, að sömu reglur gildi um framlengingu hagsmunatrygginga og gilda um húftryggingar. Vátryggingartaka er skylt að hafa húftryggingu og við ákvörðun á vátryggingarverði er föst venja að leggja til grundvallar mat samkvæmt virðingarvottorði. Er því eðlilegt að húftrygging í reynd framlengist sjálfkrafa nema henni hafi verið sagt upp með lögformlegum hætti, sbr. 3. gr. vátryggingarskilmála húftrygginga. Hagsmunatryggingin er hins vegar frjáls trygging, sem eigendum skipa er í sjálfsvald sett, hvort þeir kaupa eða ekki. Enn fremur hefur vátryggingartaki svigrúm, þegar hann ákveður vátryggingarverð og er honum ekki skylt að hafa hagsmunatryggingu í hámarki, sbr. 3. gr. vátryggingarskilmála hagsmunatrygginga. Er því litið svo á, að hagsmunatryggingin hafi fallið niður við lok vátryggingartímabilsins. Af þeirri ástæðu eru ekki skilyrði til þess að beita uppsagnarákvæðum 2. mgr. 4. gr. vátryggingarskilmála húftrygginga í máli þessu.

Samkvæmt góðri viðskiptavenju bar stefnda að gefa út vátryggingarskírteini í desember 1988 vegna kaupa stefnanda á húftryggingu annars vegar og hagsmunatryggingu hins vegar, enn fremur að geta útgáfudags og gildistíma á vátryggingarskírteini, sem hann gaf út snemma árs 1989. Þetta gerði stefndi ekki.

Með hliðsjón af öllum atvikum þykir stefnandi ekki hafa fært sönnur á það, að stefnda sé skylt að greiða honum bætur samkvæmt hagsmunatryggingu. Verður því sýknukrafa stefnda tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Ólöf Pétursdóttir, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Leós Óskarssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Fimmtudaginn 2. júní 1994.

Nr. 206/1994. **Levi Strauss & Co.**
(Viðar Már Matthíasson hrl.)
gegn
Eyþóri Þórissyni og
Fatabónus

Kærumál. Frávísun héraðsdómara felld úr gildi. Skaðabótakrafa. Vörumerki. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 25. apríl 1994, sem barst réttinum 4. maí sl. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krefst hann þess, „að hrundið verði frávísun á skaðabótakröfu í dómi Héraðsdóms Suðurlands í málinu nr. E-32/1994 og lagt fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á kröfuna“. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar hafa ekki látið málið til sín taka.

Héraðsdómari hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar, sbr. 2. mgr. 147. gr. laga nr. 91/1991.

Lögbannsbeiðni sóknaraðila var tekin fyrir hjá sýslumanninum í Vestmannaeyjum 14. janúar 1994. Þar mætti varnaraðilinn Eyþór Þórisson. Að áskorun sýslumanns féllst hann á að láta af þeirri háttsemi, sem lögbannsbeiðnin laut að. Sóknaraðili krafðist þess engu að síður, að lögbannið næði fram að ganga, þar sem sýnt væri að ekki næðist samkomulag milli aðila um greiðslu skaðabóta. Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að varnaraðilar hafi neitað við lögbannsgerðina að gefa upp eða afhenda gögn um innflutning sinn á hinni umdeildu verslunarvöru. Endurrit gerðarinnar ber þetta ekki með sér. Hins vegar áskildi sóknaraðili sér í lögbannsbeiðninni meðal annars rétt til að krefja varnaraðila um skaðabætur í máli til staðfestingar lögbanninu, sem höfðað yrði, ef það næði fram að ganga, svo sem varð. Í því máli varð útivist af hálfu varnaraðila. Kom því ekki til þess, að þeir héldu uppi mótbárum gegn bótakröfu sóknaraðila, þótt þeim væri um hana kunnugt. Sóknaraðili hefði þurft að leggja fram frekari gögn til stuðnings kröfu sinni, ef varnaraðilar hefðu valið þann kost að andmæla bótakröfunni. Var héraðsdómara rétt, eins og á stóð, að taka afstöðu til kröfunnar. Ber því að fella úr gildi frávísun héraðsdómara á skaðabótakröfu sóknaraðila og leggja fyrir hann að taka kröfuna til efnismeðferðar.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Það athugast, að héraðsdómara hefði verið rétt að kveða upp úrskurð um frávísun skaðabótakröfu sóknaraðila og láta málsmeðferð að öðru leyti hvíla, meðan kærufrestur leið, og síðan áfram, yrði úrskurður kærður, þar til dómur í kærumálinu væri upp kveðinn.

Dómsorð:

Felld er úr gildi frávísun á skaðabótakröfu sóknaraðila, Levi Strauss & Co., á hendur varnaraðilum, Eyþóri Þórissyni og Fatabónus, og er lagt fyrir héraðsdómara að taka hana til efnismeðferðar.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar

Í máli þessu hefur sóknaraðili ekki lagt fram gögn um eigið tjón af þeirri háttsemi, sem varnaraðilum er gefin að sök. Nær útlistun hans á kröfu sinni um skaðabætur ekki lágmarki þess, sem til verður ætlast eftir bótareglum þeim, sem við eiga, sbr. einkum 1. mgr. 38. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki. Eðlilegt er vegna þessarar vanreifunar, að kröfunni verði vísað frá dómi, og er ég sammála þeirri ákvörðun héraðsdómara, að svo skuli gert.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 11. apríl 1994.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 9. febrúar sl., er höfðað hér fyrir héraðsdóminum með stefnu, út gefinni 20. janúar 1994 og birtri 2. febrúar s.á., af Þorgeiri Inga Njálssyni héraðsdómara, Héraðsdómi Suðurlands, að beiðni Viðars Más Matthíassonar hæstaréttarlögmanns, kt. 160854-5889, Borgartúni 24, Reykjavík, f.h. firmans Levi Strauss & Co., 155 Battery Street, San Francisco, Kaliforníuríki, Bandaríkjum Norður-Ameríku, á hendur Eyþóri Þórissyni, kt. 171238-4719, Skólavegi 19, Vestmannaeyjum, persónulega og f.h. óskráðs einkafirma hans, verslunarinnar Fatabónus, Bárustíg 2, Vestmannaeyjum.

Við þingfestingu málsins 9. febrúar sl. varð útivist af hálfu stefndu og málið þá tekið til dóms í því sama þinghaldi, sbr. 1. mgr. 96. gr. laga 91/1991. Í málinu krefst stefnandi m.a. staðfestingar á lögbanni frá 14. janúar 1994 og verður málinu því þegar af þeirri ástæðu ekki lokið með áritun dómarans, sbr. 113. gr. laga nr. 91/1991, og verður kveðinn upp dómur í málinu, sbr. einnig tilvitnaða lagagrein.

Dómkröfur stefnanda í málinu eru þessar:

„1. Að staðfest verði lögbann það, sem lagt var á þann 14. janúar 1994 við því, að stefndi flytji inn, dreifi, selji eða ráðstafi með nokkrum hætti gallabuxum eða öðrum fatnaði merktum eða auðkenndum með vörumerki Levi Strauss & Co, sem ekki eru framleiddar af eða á vegum þess fyrirtækis og eru eftirlíking af framleiðslu þess.

2. Að stefndi Eyþór Þórisson, kt. 171238-4719, Skólavegi 19, Vestmannaeyjum, verði látinn sæta sektum vegna brota á rétti stefnanda samkvæmt skráðum vörumerkjum nr. T326/1978, sem skráð var þann 5. febrúar 1979 g endurnýjuð skráning þann 6. janúar 1989, T363/1978, sem skráð var þann febrúar 1979 og endurnýjuð skráning þann 6. janúar 1989, T364/1978, sem skráð var þann 5. febrúar 1979 og endurnýjuð skráning þann 6. janúar 1989, T59/1979, sem skráð var þann 3. september 1979 og endurnýjað þann 6. janúar 1989, T152/1979, sem skráð var 15. ágúst 1980 og endurnýjað 22. febrúar 1990, T282/1981, sem skráð var þann 30. desember 1985, T283/1981, sem skráð var þann 30. desember 1985, og vörumerki með skráningarnr. 1110/1991, sem skráð var þann 28. nóvember 1991.

3. Að stefndi greiði stefnanda skaðabætur, að fjárhæð kr. 1.000.000,00, með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum, frá 14. janúar 1994 til greiðsludags vegna ólögmætrar sölu á gallabuxum, sem báru vörumerki í eigu stefnanda, einkum vörumerki nr. T362/1978, T363/1978, T364/1978, T59/1979, T152/1979, T282/1981, T283/1981 og 1110/1991, svo og öðrum fatnaði, sem bar með sama eða sambærilegum hætti vörumerki stefnanda.

4. Að dæmt verði: aðallega, að þær fernu gallabuxur, sem stefndi afhenti við lögbannsgerðina og geymdar eru í vörslum sýslumannsins í Vestmannaeyjum og bera vörumerki stefnanda, verði afhentar stefnanda, – til vara, að þær buxur, sem aðalkrafa þessa töluliðar tekur til, skuli eyðilagðar, – til þrautavara, að öll vörumerki á buxum þeim, sem getið er í þessum tölulið, verði numin af.

5. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað sam-

kvæmt málskostnaðarreikningi, sem lagður verður fram við þingfestingu málsins og við aðalmeðferð, ef til hennar kemur. Auk þess er krafist greiðslu á öllum útlögðum kostnaði við mál þetta og lögbannsmál nr. 2/1994.“

II.

Í lýsingu málsatvika og málsástæðna stefnanda kemur meðal annars fram hjá stefnanda að hann sé í hópi stærri iðnfyrirtækja í Bandaríkjum Norður-Ameríku og framleiði og selji ýmsan fatnað, meðal annars gallabuxur, undir ýmsum vörumerkjum í hans eigu. Höfuðstöðvar sínar kveður stefnandi vera í borginni San Francisco í Kaliforníuríki í Bandaríkjum Norður-Ameríku, en firmað sé skráð í Delawareríki í sama landi. Vörur sínar kveðst stefnandi selja nánast alls staðar í heiminum. Hann hafi varið miklum fjármunum til kynningar á framleiðslu og söluvörum sínum undir vörumerkjum, sem skráð séu í flestum löndum heims, og séu vörur þær, sem stefnandi selji undir þessum vörumerkjum, þekktar sem vandaðar gæðavörur. Á Íslandi kveðst stefnandi hafa látið skrá 18 vörumerki, meðal annars eftirfarandi: T262/1978, síðast skráð eða endurnýjað 6. janúar 1989, T363/1978, síðast skráð eða endurnýjað 6. janúar 1989, T364/1978, síðast skráð eða end nýjað 6. janúar 1989, T59/1979, síðast skráð eða endurnýjað 6. janúar 1989, T152/1979, síðast skráð eða endurnýjað 22. febrúar 1990, T282/1981, síðast skráð eða endurnýjað 30. desember 1985, T283/1981, síðast skráð eða endurnýjað 30. desember 1985, og 1110/1991 (skráningarnr., en umsóknarnr. 955/1990), síðast skráð eða endurnýjað 28. nóvember 1991.

Öll ofangreind vörumerki taki til fatnaðar í 25. flokki og fylgja þau eða lýsing á þeim gögnum málsins. Stefnandi kveður Pétur Arason, Laugavegi 37, Reykjavík, reka verslunina „Levi's búðina“ undir firmaheitinu Pétur Arason hf., og hafi hann einn haft rétt til innflutnings og dreifingar á fatnaði hér á landi, sem framleiddur sé af stefnanda. Að sögn stefnanda hafi fyrirtæki Péturs varið mjög verulegum fjárhæðum í auglýsingar og kynningu á framleiðsluvörum stefnanda, sem hann hafi, eins og að framan greinir, einnig til sölumeðferðar, og sjái svo til eingöngu um sölu á þeim í smásölu hér á landi. Stefnandi kveðst hafa fengið vitneskju um að stefndi hefði til sölu eftirlíkingu af Levi's fatnaði, einkum gallabuxum. Kveður stefnandi sölu þessa einkum hafa átt sér stað um haustið og um mikið magn hafi verið að ræða, en við lögbannsgerðina hafi stefndi algjörlega neitað að upplýsa um það magn, sem hann hafi selt af eftirlíkingum, og einnig, hve mikið hann hafi flutt til landsins í þessu sambandi. Stefndi hafi einnig algerlega neitað að gefa upp eða afhenda gögn um innflutning sinn. Stefnandi kveðst hafa haft frumkvæði að því að eitt eintak af gallabuxum, sem selt var í verslun stefnda, Fatabónus, Bárustíg 1, Vestmannaeyjum, yrði keypt. Hafi kaupin verið gerð 28. nóvember 1993, og fengin hafi verið kvittun frá seljanda fyrir því að kaup hefðu farið fram, en að þeim gerðum hafi buxurnar verið sendar tafarlaust til rannsóknar á starfsstofu dótturfyrirtækis stefnanda í Brüssel, Belgíu. Niðurstöður ofangreindrar rannsóknar hafi verið þær, að buxur þær, sem til rannsóknar hafi verið, væru ekki framleiddar af stefnanda né á hans vegum. Rannsóknarniðurstaða hafi legið fyrir 16. desember 1993. Í yfirlitsblaði um rannsóknina sé nánar fjallað um hana og ýmis atriði þar tilgreind, sem leiði til framangreindrar niðurstöðu, en eðli málsins samkvæmt sé ekki hægt að tilgreina nákvæmlega rannsóknaraðferðir vegna iðnaðar- og framleiðsluhagsmuna, sem leyna þurfi. Að sögn stefnanda liggi fyrir viðurkenning stefnda á, að vörur þær sem hann seldi undir vörumerkjum stefnanda, hafi verið eftirlíkingar og hann flutt þær inn sem slíkar. Þannig sé ljóst að stefndi hafi verið grandsamur um brot á vörumerkjarétti stefnanda og beri að líta á það þegar stefnda verði ákvörðuð refsing og bótafjárhæð tiltekin. Skaðabótakröfu sína rökstyður stefnandi þannig, að fyrir liggi, að stefndi hafi selt hverjar buxur á 3.400 krónur. Áætlað innkaupsverð með virðisaukaskatti sé 2.000 krónur. Gerir stefnandi ráð fyrir að stefndi hafi selt rúmlega 700 buxur og nálgist þá hagnaður hans að vera kr. 1.000.000,00. Hins vegar beri á það að líta, að tjón stefnanda sé í reynd miklu meira en fjárhæð þessari nemi, bæði vegna tapaðs hagnaðar af innfluttum vörum svo og vegna þess, að það valdi stefnanda fjártjóni, að vörumerkjarétti hans sé spillt með þeim hætti, sem stefndi hafi gert. Að því er sérstaklega taki til lagasjónarmiða, þá sé krafa um lögbann byggð á 36. gr. l. 31/1990 um kyrrsetningu og lögbann, sbr. og 37. gr. vörumerkjalaga nr. 47/1968 svo og 20., 23. og 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Refsikrafa sé byggð á 2. mgr. 37. gr. vörumerkjalaga, sbr. 39. gr. þeirra sömu laga. Krafa um skaðabætur sé byggð á 38. gr. vörumerkjalaga og þeim efnisreglum, er leggja bann við skaðabótaskyldri háttsemi. Kröfu um afhendingu, eyðingu eða að vörumerki verði fjarlægt, sbr. 4. tl. kröfugerðar, byggir stefnandi á 41. gr. vörumerkjalaga. Þá vísar stefnandi loks til svonefndrar Parísarsamþykktar um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, sem hafi öðlast lagagildi á Íslandi, sbr. lög nr. 102/1961.

III.

Málsástæðu, sem byggist á því, að stefndi hafi í nóvember sl. selt og haft til sölu eftirlíkingu af Levi's gallabuxum án þess að þær hafi verið framleiddar af stefnanda eða aðilum á hans vegum, sbr. dskj. 3., hefur ekki verið hnekkt af stefnda. Gögn málsins benda ekki til þess, að stefndi hafi haft heimild til að auðkenna vöru, sem hann seldi í verslun sinni, Fatabónus, Vestmannaeyjum, með vörumerkjum stefnanda, sem stefnandi hafði látið skrá hjá vörumerkjaskrá. Gegn andmælum stefnanda telst enn fremur ósannað, að stefndi hafi haft heimild til að flytja inn, selja eða ráðstafa með nokkrum hætti gallabuxum eða öðrum fatnaði, merktum eða auðkenndum með vörumerkjum stefnanda. Með því að flytja inn, selja og hafa á boðstólum eftirlíkingu af Levi's fatnaði og auðkenna vöruna með vörumerkjum stefnanda braut stefndi gegn lögvernduðum rétti stefnanda skv. 4. gr. laga nr. 47/1968. Þessi háttsemi stefnda var enn fremur andstæð VI. og VII. kafla laganna, er banna notkun villandi vörumerkja og mæla fyrir um viðurlög í því sambandi. Á grundvelli 24. gr. laga nr. 31/1990 var stefnanda því heimilt að leggja lögbann á starfsemi stefnda. Krafa stefnanda, sbr. 1. lið í dómkröfu stefnanda um staðfestingu á lögbanni, sem gert var þann 14. janúar 1994 hjá sýslumanninum í Vestmannaeyjum, verður því tekin til greina.

Sannað er að stefnandi hafði skráð vörumerki á Íslandi til auðkenningar á framleiðsluvöru sinni, sbr. dskj. 3. Með því að hafa til sölu í verslun sinni eftirlíkingu af vöru, merktri vörumerkjum stefnanda, braut stefndi gegn vörumerkjarétti stefnanda og gerðist með því brotlegur við 2. mgr. 37. gr. laga nr. 47/1968. Krafa stefnanda um, að stefndi, Eyþór Þórisson, verði látinn sæta sektum, er því tekin til greina. Við fyrirtöku lögbannsmálsins varð eigi upplýst hvenær stefndi hefði flutt vöru sína til landsins og engan reka gerði stefnandi að því að afla upplýsinga um þetta, er ljóst varð að stefndi var ekki reiðubúinn að veita slíkar upplýsingar. Telja verður því ósannað að brotastarfsemi stefnda hafi staðið lengur en í nóvember og desember 1993 og fram til 14. janúar 1994. Að því athuguðu og með hliðsjón af málavöxtum þykir rétt að stefndi greiði 60.000 krónur í sekt í ríkissjóð og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins að telja.

Sannað þykir að stefndi hafi með því að brjóta gegn vörumerkjarétti stefnanda valdið stefnanda tjóni. Það tjón þykir ekki eiga að einskorða við þær fernu gallabuxur, sem fundust í verslun stefnda við lögbannsgerð. Eins og að framan greinir liggur ekki fyrir í málinu hve mikið af vörum, merktum með vörumerkjum stefnanda, stefndi flutti inn til landsins og seldi í verslun sinni. Nauðsynlegt var hins vegar fyrir stefnanda að afla upplýsinga um þetta atriði, svo að skaðabótakrafa yrði byggð á skjallegum staðreyndum. Með hliðsjón af þessu þykir skaðabótakrafa stefnanda vera svo vanreifuð, að vísa beri henni frá dómi.

Samkvæmt 41. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki á stefnandi rétt á að öll vörumerki stefnanda á þeim fernu gallabuxum, sem sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum tók í vörslur sínar við lögbannið, verið numin brott af þeim. Verður því þrautavarakrafa í 4. dómkröfulið tekin til greina.

Stefnda ber að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 105.000 krónur, er beri dráttarvexti í samræmi við 4. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991. Við ákvörðun málskostnaðar var tekið tillit til þess, að stefnandi þurfti að standa straum af kostnaði við lögbann.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari dæmir mál þetta. Uppkvaðning dóms í málinu dróst vegna þess, að dómarinn hefur, frá því að hann fékk mál þetta til meðferðar hinn 11. febrúar sl., verið bundinn við meðferð og dómsamningu í munnlega fluttum einka- og sakamálum. Páskahátíð og ferðalög dómarans í embættiserindum ollu einnig frátöfum.

Dómsorð:

Staðfest er lögbann, er stefnandi fékk hinn 14. janúar 1994 lagt við því, að stefndi flytti inn, dreifði, seldi eða ráðstafaði með nokkrum hætti gallabuxum eða öðrum fatnaði, merktum eða auðkenndum með vörumerkjum Levi Strauss & Co., sem ekki eru framleiddar af eða á vegum þess fyrirtækis og eru eftirlíkingar af framleiðslu þess.

Stefndi, Eyþór Þórisson, greiði 60.000 krónur í sekt í ríkissjóð, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa en skaðabótakröfu stefnanda er vísað frá dómi.

Vörumerki stefnanda, sem voru á þeim fernu gallabuxum, sem stefndi afhenti og sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum tók í vörslur sínar við lögbannið, skulu numin brott.

Stefndi, Eyþór Þórisson, kt. 171238-4719, greiði stefnanda, Levi Strauss & Co., 105.000 krónur í málskostnað.

Fimmtudaginn 2. júní 1994.

Nr.174/1994. **Dreifing hf.**
(Atli Gíslason hrl.)
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

Kærumál. Fjárnám. Skattar. Nauðasamningar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 7. apríl 1994, sem barst réttinum með kærumálsgögnum 20. sama mánaðar. Kæruheimild er í 3. mgr. 95. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 3. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og honum breytt á þá leið aðallega, að ógilt verði fjárnámsgerð sýslumannsins í Reykjavík, sem fram fór að kröfu varnaraðila hjá Dreifingu hf. og lokið var 5. nóvember 1993, fyrir 1.463.421 krónu auk dráttarvaxta og kostnaðar. Til vara krefst sóknaraðili þess, að fjárnámsgerðin verði ógilt og því slegið föstu, að fjárnámskræf krafa varnaraðila sé fyrir 35% af 1.463.421 krónu, eða 512.197 krónum, auk dráttarvaxta frá 1. ágúst 1992. Loks krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Mál þetta varðar fjárnám fyrir opinberum gjöldum sóknaraðila samkvæmt álagningarseðli í júlí 1992, er á voru lögð vegna tekjuársins 1991. Voru þau aðstöðugjald samkvæmt V. kafla laga nr. 90/1990 um tekjustofna sveitarfélaga, ásamt kirkjugarðsgjaldi samkvæmt 26. gr. laga nr. 21/1963 um kirkjugarða, sbr. 1. gr. laga nr. 89/1987, sem reiknað er af aðstöðugjaldinu. Fór álagningin fram eftir reglum, sem um var mælt í lögum þessum og lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt. Með þessari athugasemd og skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dæma ber sóknaraðila til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Dreifing hf., greiði varnaraðila, Gjaldheimtunni í Reykjavík, 25.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 24. mars 1994.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 8. febrúar 1994.

Sóknaraðili málsins er Dreifing hf., kt. 490287-1599, Skipholti 29, Reykjavík.

Varnaraðili málsins er Gjaldheimtan í Reykjavík, kt. 570169-0849, Tryggvagötu 28, Reykjavík.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær aðallega að fjárnámsgerð sýslumannsins í Reykjavík nr. 11/1993/16928, sem fram fór að kröfu Gjaldheimtunnar í Reykjavík hjá Dreifingu hf. og lokið var 5. nóvember 1993 fyrir kr. 1.463.421,00 auk dráttarvaxta og kostnaðar, verði ógilt með dómsúrskurði.

Til vara krefst sóknaraðili þess að framangreind fjárnámsgerð verði ógilt og því slegið föstu að fjárnámskræf krafa varnaraðila sé fyrir 35% af kr. 1.463.421,00 eða kr. 512.197,00 auk dráttarvaxta frá 1. ágúst 1992.

Til þrautavara krefst sóknaraðili þess að verði hvorki aðalkrafa né varakrafa tekin til greina, þá úrskurði dómurinn, að málskot sóknaraðila fresti frekari fullnustugerðum varnaraðila þar til dómur Hæstaréttar liggur fyrir.

Verði aðalkrafa eða varakrafa tekin til greina, er krafist málskostnaðar úr hendi varnaraðila [...].

Verði hvorki á aðalkröfu né varakröfu sóknaraðila fallist, er þess krafist, að málskostnaður falli niður.

Dómkröfur varnaraðila eru þær að dómurinn staðfesti með úrskurði fjárnámsgerð sýslumannsins í Reykjavík nr. 11/1993/16928, sem fram fór að kröfu varnaraðila í máli þessu hjá sóknaraðila fyrir kr. 1.463.421,00 auk dráttarvaxta og kostnaðar.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi sóknaraðila að mati réttarins.

I.

Málavextir eru þeir að bú Dreifingar hf. var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði, upp kveðnum 20. nóvember 1991. Innköllun til skuldheimtumanna var gefin út í framhaldi af því, og rann kröfulýsingarfestur út 6. febrúar 1992. Meðal lýstra krafna var krafa Gjaldheimtunnar í Reykjavík, að fjárhæð kr. 6.741.156,00.

Frumvarp Dreifingar hf. var úrskurðað tækt til meðferðar samkvæmt II. kafla þágildandi laga um nauðasamninga nr. 19/1924 17. mars 1992. Meðferð skiptastjóra og skiptaráðanda á búinu lauk með því að skiptaráðandi staðfesti hinn fram lagða nauðasamning með dómsúrskurði 26. maí 1992. Gekk samningurinn í megindráttum út á að kröfuhafar fengju 35% samþykktra krafna sinna greiddar með tilteknum hætti en eftirstöðvar féllu niður. Gjaldheimtan í Reykjavík fékk greiðslu á 35% kröfu sinnar, sem samþykkt var, kr. 6.488.439,00 eða alls kr. 2.270.950,00.

Í júlí 1992 barst álagning frá skattyfirvöldum á aðstöðugjaldi vegna rekstrarársins 1991, kr. 1.440.590,00.

II.

Sóknaraðili byggir kröfur sínar á því að aðstöðugjaldskrafa varnaraðila sé með öllu ólögvarin. Fyrir liggi að kröfunni var ekki lýst og eigi hún sér þegar af þeirri ástæðu ekki stoð þar sem unnt hefði verið að lýsa henni fyrir lok kröfulýsingarfrests með áætlun með því að beita hæsta leyfilega álagningarhlutfalli. Með birtingu gjaldþrotaúrskurðar og innköllunar vegna þrotabús sóknaraðila í Lögbirtingablaðinu 6. desember 1991 hafi komið upp brýnt tilefni fyrir skattyfirvöld og Reykjavíkurborg að huga að hagsmunum sínum gagnvart Dreifingu hf. og halda aðstöðugjaldskröfum sínum til haga. Á þeim tímapunkti hafi legið fyrir sölutölur Dreifingar hf. fyrir meginhluta ársins 1991, auk þess sem fyrir hafi legið að Jón Sigfús Sigurjónsson hdl. fór með bústjórn undir umsjá skiptaráðanda og var skattyfirvöldum í lófa lagið að fá hjá bústjóranum þær sölutölur, sem á vantaði vegna rekstrarársins. Jafnframt hafi legið fyrir vegna fréttaflutnings um fjárhagsáætlanagerð Reykjavíkurborgar að hún myndi ákveða að beita hæstu leyfilegum aðstöðugjöldum samkvæmt lögum nr. 90/1990 sem jafnan áður eða 1,30% á veltu. Skattstjóri hefði því getað lagt aðstöðugjaldið á með því að leggja sölutölurnar til grundvallar um hver gjaldstofn gat hæstur orðið og beita hæsta álagningarhlutfalli. Krafan hefði þá komist að bæði við gjaldþrota- og nauðasamningsmeðferð bústjóra og skiptaráðanda á búi sóknaraðila. Krafan hefði hugsanlega getað lækkað en ekki hækkað og hefði fengið fullkomlega jafngilda meðferð og aðrar kröfur í skiptaréttinum. Varnaraðili eigi ekki að auðgast á þessari vanrækslu sinni heldur á krafan að glatast fyrir vanlýsingu en það sé í samræmi við álit ríkisendurskoðunar.

Sóknaraðili kveður hvorki pósitífar réttarheimildir né eðli máls standa til þess að gera varnaraðila eða umbjóðendur hans, skattyfirvöld í umboði borgarsjóðs Reykjavíkur, sem sannanlega hafi sýnt af sér það tómlæti og hirðuleysi um hagsmuni sína, sem að framan er lýst, betur setta en aðra þá lánardrottna sóknaraðila, sem lýstu kröfum sínum í gjaldþrotabú sóknaraðila og fengu í framhaldinu samnings-, atkvæðis- og íhlutunarrétt um nauðasamninginn, sem staðfestur var 26. maí 1992 og að fullu efndur með vaxtalausum greiðslum 35% krafna á einu ári eins og þær stóðu hinn 20. nóvember 1991. Þessir ábyrgu kröfuhafar, þ.m.t. varnaraðili máls þessa vegna annarra opinberra fjárhagsmuna á verksviði hans, hafi glatað 65% lögvarinna krafna sinna auk dráttarvaxta í rúmlega 18 mánuði. Annar kröfuhafi, sem ekki lýsti kröfu sinni, tollstjórinn í Reykjavík vegna virðisaukaskatts, hafi glatað gjörvallri kröfu sinni vegna vanlýsingar og hafi þar þó verið um innheimt geymslufé að ræða.

Varðandi framan greindar málsástæður telur sóknaraðili nauðsynlegt að haft sé í huga að ljóst sé að hefði gjaldþrotið orðið endanlegt og sóknaraðili dáið drottni sínum endanlega með gjaldþrotaúrskurðinum 20. nóvember 1991, hefði krafa varnaraðila öll verið afskrifuð. Varnaraðili hefði vegna vanlýsingar ekki einu sinni fengið þau um það bil 20% sem áætlað var miðað við eignir þrotabúsins að til greiðslu hefðu komið upp í almennar kröfur.

Að því er varakröfuna varðar bendir sóknaraðili á að varnaraðila var í lófa lagið að lýsa kröfu sinni eftir lok kröfulýsingarfrests á nauðasamningsmeðferðartíma, sem fyrir liggi að var frá 13. mars 1992 til 26. maí 1992. Hefði þá krafa hans hugsanlega komist að samkvæmt 111. gr. þágildandi gjaldþrotaskiptalaga nr. 6/1978, sbr. 10. gr. laga nr. 19/1924, sem í gildi voru við staðfestingu nauðasamnings.

Þrautavarakrafa sóknaraðila er byggð á því að varnaraðili hafi þegar tryggt hina umdeildu kröfu í máli þessu með fjárnámi í fasteigninni Héðinsgötu 3 hér í borg og að mál af þessum toga sæti kærumeðferð og fáist því málsúrslit tiltölulega fljótt fyrir Hæstarétti. Verði ekki séð eins og málið sé vaxið að varnaraðili hafi réttlætanlega hagsmuni af því að fylgja kröfu sinni fram með nauðungasölu á hinni fjárnumdu eign eða frekari innheimtuaðgerðum, þar til æðri dómur liggi fyrir, og baka þannig sóknaraðila hugsanlega ónauðsynlegan kostnað og óþægindi. Er vísað til 2. mgr. 95. gr. laga nr. 90/1989 í þessu sambandi.

Sóknaraðili mótmælir sérstaklega þeirri fullyrðingu varnaraðila í greinargerð hans hjá sýslumanninum í Reykjavík að krafan hafi ekki verið til orðin fyrir lok kröfulýsingarfrests. Krafan hafi sannanlega verið til orðin í lok rekstrarársins 1991 en aðeins hafi staðið upp á kröfuhafann, Reykjavíkurborg eða umboðsmann hennar, skattstjórann í Reykjavík, að útfæra hana með sérstakri álagningu í tilefni af opinberlega birtri innköllun, og varnaraðila að lýsa henni í framhaldinu fyrir lok kröfulýsingarfrests.

Þá bendir sóknaraðili á að af dómi Hæstaréttar Íslands frá 28. september 1992 í málinu nr. 307/1991 megi ljóslega ráða að leggja beri þá skyldu á álagningaraðila að lýsa kröfu sinni, þegar gjaldstofninn má vera honum ljós, og beita hæsta leyfilega álagningarhlutfalli, leiki vafi á um það.

Sóknaraðili styður málskostnaðarkröfu sína við 130. gr. laga nr. 91/1991 og kröfu um dráttarvexti við 4. mgr. 129. gr. sömu laga.

III.

Málsástæður varnaraðila eru þær að þegar nauðasamningurinn var staðfestur 26. maí 1992 lá ekki fyrir nein álagning opinberra gjalda, í þessu tilviki aðstöðugjalda, vegna rekstrarársins 1991, skattyfirvöld hefðu ekki haft neinar upplýsingar í höndum til að byggja álagningu á og engar heimildir séu í lögum, sem heimili að áætla gjöld fyrr en framtalsfrestir séu liðnir, sbr. 95. gr. laga nr. 75/1981, sbr. 4. mgr. 35. gr. laga nr. 90/1990.

Varnaraðili kveður þá fullyrðingu sóknaraðila ekki standast að brýnt tilefni hafi verið fyrir skattyfirvöld að kalla eftir sölutölum frá sóknaraðila, þegar innköllun birtist í Lögbirtingablaðinu 6. desember 1991. Þvert á móti hafi verið brýnt tilefni fyrir sóknaraðila til að skila inn ársreikningi þannig að aðstöðugjöldin vegna rekstrarársins kæmust að við nauðasamningana. Viðbúið hefði verið að sóknaraðili fengi álagningu vegna aðstöðugjalda árið eftir. Hafa verði í huga, að gjald það, sem um ræði, myndist á árinu 1991, en gjaldfalli ekki fyrr en í ágúst 1992. Sóknaraðila hafi borið að leggja fram gögn, sbr. 4. mgr. 35. gr. laga nr. 90/1990, svo að hægt yrði að hlutast til um útreikning kröfu.

Þá bendir varnaraðili á, að virðisaukaskattsskýrslur sýni aðeins, hvaða sala var hjá viðkomandi fyrirtæki eða einstaklingi en aðstöðugjöld hafi verið lögð á sem hlutfall af rekstrarkostnaði og því hafi ekki verið hægt að byggja álagningu aðstöðugjalda á virðisaukaskattsskýrslum. Einnig sé þess að gæta, að sóknaraðili hefði ekki gert neitt í því að framvísa staðfestum ársreikningi til skattyfirvalda þannig að á honum mætti byggja álagningu aðstöðugjalda. Ekki hafi heldur legið fyrir áætlaður efnahagsreikningur, svo sem skylt var að leggja fram með beiðni um nauðasamning samkvæmt 2. tl. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 19/1924. Rekstrarreikningar vegna ársins 1991 hefðu ekki verið lagðir fram í skiptarétti fyrr en 18. maí 1992 þegar kröfulýsingarfrestur var löngu liðinn. Þrátt fyrir það að bú sóknaraðila hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta hafi það verið í rekstri frá þeim degi og átti því efnahagsreikningur að fylgja með beiðni um nauðasamninga. Af þessu leiði að varnaraðili hafði ekki tök á að lýsa kröfu vegna aðstöðugjalda, á lagðra 1992, þar sem krafan var ekki til orðin og hún gat ekki verið til, því að engin gögn lágu fyrir, sem byggjandi var á.

Varnaraðili mótmælir því að dómur Hæstaréttar Íslands frá 28. september 1992 í málinu nr. 307/1990 eigi við um þetta mál enda hafi í því máli legið fyrir áætlaður efnahagsreikningur, sem fylgdi beiðni um nauðasamning, og endurskoðaður ársreikningur hafi legið fyrir á fyrsta skiptafundi.

Varakröfu sóknaraðila er mótmælt með sömu rökum og aðalkröfu.

Þrautavarakröfu sóknaraðila er mótmælt sem óljósri. Sé þess krafist að fjárnámsgerðinni verði frestað með úrskurði Héraðsdóms, er kröfunni mótmælt þar eð hana skorti lagastoð. Þá er vísað til 3. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989, sem eigi við um tilfelli, þar sem sérstakt tillit þurfi að taka til andlags aðfarargerðar. Héraðsdómari geti ekki með úrskurði ákveðið að fresta fullnustuaðgerðum gagnvart varnaraðila, þ.e. nauðungarsöluaðgerðum, fyrir fram. Á slíka fresti myndi fyrst reyna þegar beiðni um nauðungarsölu hafi verið lögð fram.

Málskostnaðarkrafa varnaraðila er byggð á XXI. kafla laga nr. 91/1991, einkum 129. og 130. gr.

IV.

Ágreiningur er með aðilum máls þessa um það, hvort um vanrækslu eða tómlæti sé að ræða af hálfu varnaraðila vegna kröfu hans um aðstöðugjöld fyrir árið 1991, sem krafist var aðfarar fyrir. Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram að svo sé þar eð kröfu vegna þessara gjalda var ekki lýst í þrotabúið, sem fékk leyfi til nauðasamninga, og valdi vanræksla og tómlæti varnaraðila því að krafa hans sé niður fallin. Varnaraðili hefur mótmælt þessu þar eð krafan hafi ekki stofnast fyrr en aðstöðugjöldin urðu gjaldkræf í ágúst 1992 en nauðasamningurinn var staðfestur 26. maí s.á.

Um er að ræða aðstöðugjöld vegna ársins 1991 en álagning þeirra fór fram í júlímánuði 1992. Bú Dreifingar hf. var úrskurðað gjaldþrota 20. nóvember 1991 en kröfulýsingarfrestur rann út 6. febrúar 1992. Nauðasamningur var staðfestur með dómsúrskurði 26. maí 1992. Fallast verður á það með varnaraðila að umþrætt aðstöðugjöld mynduðust á árinu 1991 en urðu ekki gjaldkræf fyrr en eftir að þau voru lögð á. Krafa varnaraðila var því ekki til orðin fyrr en í ágúst 1992 og var því hvorki unnt að lýsa henni í þrotabú sóknaraðila né koma henni að við nauðasamninginn. Er því ekki unnt að fallast á það með sóknaraðila að varnaraðili hefði átt að hefjast handa við innköllun krafna í þrotabúið eða við nauðasamninginn þar eð krafa vegna aðstöðugjaldanna var hvorki orðin gjaldkræf fyrir lok kröfulýsingarfrests né áður en nauðasamningurinn var staðfestur. Engin lagaskylda hvílir á varnaraðila að hefjast handa við álagningu gjaldanna fyrir tímann þótt gjaldþrotaúrskurður sé birtur og innköllun auglýst. Að þessu athuguðu og með tilliti til þess að ekki verður séð að þau gögn hafi legið fyrir, sem eru grundvöllur álagningar aðstöðugjalda, verður ekki fallist á það með sóknaraðila að varnaraðili hafi sýnt af sér vanrækslu og tómlæti við að halda til haga þessari kröfu. Verður því hvorki fallist á aðal- né varakröfu sóknaraðila í máli þessu.

Varðandi þrautavarakröfu sóknaraðila er þess að geta að ekki þykja þau málsatvik vera í þessu máli sem réttlæti slíka frestun á frekari fullnustuaðgerðum og verður því ekki á hana fallist.

Með vísan til framanritaðs þykir verða að hafna öllum kröfum sóknaraðila en fallast á dómkröfur varnaraðila og staðfesta fjárnámsgerð sýslumannsins í Reykjavík nr. 11/1993/16928, sem fram fór að kröfu varnaraðila málsins hjá sóknaraðila fyrir kr. 1.463.421,00 auk dráttarvaxta og kostnaðar.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kr. 30.000,00 í málskostnað.

Arnfríður Einarsdóttir dómarafulltrúi kveður upp dóm þennan.

Uppkvaðning úrskurðarins hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Úrskurðarorð:

Staðfest er fjárnámsgerð sýslumannsins í Reykjavík nr. 11/1993/16928, sem gerð var 5. nóvember 1993.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kr. 30.000,00 í málskostnað.

Föstudaginn 3. júní 1994.

Nr. 204/1994. **Verkfræðistofa Stanleys Pálssonar**
(Hróbjartur Jónatansson hrl.)
gegn
Þórarni Sturlu Halldórssyni
(Friðjón Örn Friðjónsson hdl.)

Kærumál. Nauðungarsala. Fjárnám. Fasteignakaup.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur með heimild í 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 20. apríl 1994, sem barst réttinum 3. maí. Hann krefst þess, að hrundið verði ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík um að taka til greina mótmæli varnaraðila við framgangi nauðungarsölu á fasteigninni Hverfisgötu 62 í Reykjavík, íbúð 0209, og lagt fyrir sýslumann að taka eignina til nauðungarsölumeðferðar að beiðni sóknaraðila. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi varnaraðila í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Rétt sinn í málinu rekur sóknaraðili til þess, að Byggingafélagið Ós hf. í Garðabæ hafi með yfirlýsingu 27. febrúar 1990 framselt honum til eignar allar kröfur sínar á hendur Bjarna Ólafssyni sem kaupanda að íbúð á 3. hæð í húsinu nr. 62 við Hverfisgötu í Reykjavík samkvæmt óþinglýstum kaupsamningi Bjarna við félagið, sem er þinglýstur eigandi eignarinnar. Jafnframt hafi félagið afhent sóknaraðila til vörslu frumrit afsals að íbúðinni til Bjarna. Kaupsamningur þessi var gerður 7. apríl 1989.

Áður en þetta framsal kom til, hafði Bjarni Ólafsson selt varnaraðila íbúðina með kaupsamningi 18. október 1989, sem hinn þinglýsti eigandi samþykkti með áritun, og var honum þinglýst síðar í sama mánuði. Í samningnum var þess ekki getið, að Bjarni ætti óefndar skyldur við byggingafélagið vegna íbúðarinnar, og var ekki kveðið á um yfirtöku varnaraðila á nokkrum slíkum skyldum. Fyrir liggur óþinglýst afsal að íbúðinni 5. nóvember 1991 frá Bjarna til varnaraðila, þar sem staðfest er, að íbúðin hafi verið afhent varnaraðila 15. janúar 1990 og hann staðið full skil á kaupverði hennar.

Á grundvelli framsalsins höfðaði sóknaraðili mál á hendur Bjarna Ólafssyni fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur til greiðslu á eftirstöðvum kaupverðs samkvæmt samningnum frá 7. apríl 1989, án þess að varnaraðila væri stefnt eða grein gerð fyrir þinglýstum kaupsamningi hans. Með útivistardómi 5. maí 1993 var Bjarna gert að greiða hina umstefndu skuld gegn afsali til hans að íbúðinni. Að dóminum fengnum lét sóknaraðili hinn 23. júní 1993 gera fjárnám í réttindum Bjarna að íbúðinni samkvæmt kaupsamningi hans við Byggingafélagið Ós hf.

Í máli þessu er það til umfjöllunar, eins og segir í hinum kærða úrskurði, hvort umrætt fjárnám feli í sér fullnægjandi heimild til nauðungarsölu á íbúðinni að Hverfisgötu 62 eða réttindum yfir henni, sbr. 1. tl. 1. mgr. 6. gr. laga um nauðungarsölu. Í málinu verður ekki dæmt um efni kaupsamningsins frá 18. október 1989 milli Bjarna Ólafssonar og varnaraðila eða um úrræði varnaraðila til að öðlast þinglýsta eignarheimild að íbúðinni. Samningurinn er þinglýstur löggerningur, eldri en kröfuframsalið til sóknaraðila, og samþykktur af þeim aðila, er sóknaraðili rekur rétt sinn til. Virðist það eitt hafa verið ógert til fullnustu á samningnum, þegar fjárnámið var framkvæmt, að koma fram þinglýsingu á afsali að eigninni til varnaraðila.

Við það verður að miða, að með kaupsamningnum hafi Bjarni Ólafsson framselt öll réttindi sín að íbúðinni til varnaraðila, og hafi hinn þinglýsti eigandi samþykkt það framsal með áritun sinni á samninginn. Sóknaraðili er einvörðungu framsalshafi að kröfuréttindum vegna íbúðarinnar, og varnaraðili er óbundinn af þeim dómi, sem gengið hefur um þau réttindi. Samkvæmt þessu verður að fallast á þá niðurstöðu héraðsdómara, að Bjarni Ólafsson hafi ekki verið eigandi að réttindum yfir íbúðinni, sem orðið gætu andlag fjárnáms fyrir dómkröfu sóknaraðila á hendur honum, en fjárnámið tók ekki til réttinda varnaraðila. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og er kveðið í dómsorði.

Dómsorð:

Hin kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Verkfræðistofa Stanleys Pálssonar, greiði varnaraðila, Þórarni Sturlu Halldórssyni, 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 7. apríl 1994.

Mál þetta, sem þingfest var 31. janúar 1994, var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi þann 11. mars 1994.

Sóknaraðili máls þessa er Verkfræðistofa Stanleys Pálssonar, kt. 430475-0299, Skipholti 50 B, Reykjavík.

Varnaraðili málsins er Þórarinn Sturla Halldórsson, kt. 181065-3389, Hverfisgötu 62, Reykjavík.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær að ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík um að taka mótmæli varnaraðila til greina um nauðungarsölumeðferð á Hverfisgötu 62, íbúð nr. 02-09, verði hrundið og lagt verði fyrir sýslumann að taka nauðungarsölubeiðni sóknaraðila um téða fasteign til greina. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar að skaðlausu úr hendi varnaraðila.

Endanlegar dómkröfur varnaraðila eru þær að staðfest verði sú ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík að nauðungarsala á fasteigninni Hverfisgötu 62, íbúð 02-09, fari ekki fram.

Þá gerir varnaraðili kröfu um málskostnað úr hendi sóknaraðila að mati dómsins.

I.

Málsatvik.

Málsatvik eru þau, að Bjarni Ólafsson, kt. 130254-2849, Danmörku, keypti íbúð nr. 02-09 að Hverfisgötu 62, Reykjavík, af Byggingafélaginu Ós hf. með kaupsamningi, dags. 07.04. 1989. Byggingafélagið Ós hf. er þinglýstur eigandi eignarinnar og var kaupsamningi Bjarna við Ós hf. ekki þinglýst á eignina. Þann 18. október 1989 keypti varnaraðili þá eign af Bjarna og samþykkti Ós hf. söluna til varnaraðila með áritun sinni á kaupsamninginn. Með yfirlýsingu, dags. 27.02. 1990, framseldi Byggingafélagið Ós hf. kröfur sínar og réttindi samkvæmt kaupsamningnum á hendur Bjarna til Verkfræðistofu Stanleys Pálssonar. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur þann 5. maí 1993 var Bjarni Ólafsson dæmdur til að greiða eftirstöðvar greinds kaupsamnings til sóknaraðila, kr. 1.532.232,00, auk dráttarvaxta, allt gegn afhendingu á afsali til hans fyrir fasteigninni nr. 62 við Hverfisgötu.

Bjarni gaf út afsal til varnaraðila, dags. 5. nóvember 1991, en því afsali hefur varnaraðili ekki getað þinglýst, þar sem ekki liggur fyrir afsal á eigninni til Bjarna né áritun þinglýsts eiganda á afsalið til varnaraðila.

Þann 23. júní 1993 gerði sóknaraðili fjárnám í fasteigninni og var aðfararheimildin ofangreindur dómur Héraðsdóms Reykjavíkur, þar sem Bjarni Ólafsson er dæmdur til að greiða kr. 1.532.232 til sóknaraðila.

Í kjölfar fjárnámsins var krafist nauðungarsölu á fasteigninni og var beiðni um nauðungarsölu tekin fyrir hjá sýslumanninum í Reykjavík 2. desember 1993. Mótmæli komu þá fram af hálfu varnaraðila við framgangi nauðungarsölunnar, sem sýslumaður tók til greina.

Sóknaraðili skaut þeirri ákvörðun sýslumanns til Héraðsdóms Reykjavíkur.

II.

Málsástæður og lagarök sóknaraðila.

Málsatvikum er að nokkru lýst hér að ofan, en sóknaraðili kveður að samkvæmt ofangreindum dómi Héraðsdóms Reykjavíkur sé það staðfest að sóknaraðili sé handhafi réttinda sem afsalshafi skv. kaupsamningi milli Bjarna Ólafssonar og Byggingafélagsins Óss hf. um íbúð 02-09, Hverfisgötu 62, Reykjavík. Þá sé og staðfest að kaupandi fasteignarinnar, Bjarni Ólafsson, skuldi sóknaraðila eftirstöðvar kaupverðs. Með kaupsamningi, dags. 18.01. 1989, hafi Bjarni Ólafsson selt fasteignina til varnaraðila. Varnaraðili hafi ekki hirt um að greiða til Byggingafélagsins Óss hf. eða sóknaraðila kaupverð fasteignarinnar, svo að Bjarni teldist hafa efnt samning sinn við Ós hf. Varnaraðili hafi og ætíð hafnað því að efna skyldur Bjarna gagnvart sóknaraðila í því skyni að öðlast full eignarumráð yfir téðri fasteign.

Þó að sóknaraðili sé í stöðu afsalshafa, hafi skilyrt eignarréttindi að fasteigninni gengið yfir til Bjarna Ólafssonar í kjölfar samnings hans og Óss hf., en afsalshafi hafi eignast rétt til greiðslna úr hendi Bjarna í staðinn. Af þessum ástæðum sé Bjarni eigandi fasteignarréttinda téðrar fasteignar, þó með þeim skilyrðum að hann standi í skilum með greiðslu kaupverðs til afsalshafa. Þar sem afsalshafi hafi ekki fengið eftirstöðvar kaupverðs greiddar með fullnægjandi hætti hafi sóknaraðila verið nauðugur sá kostur að rifta kaupin eða gera aðför í fasteigninni. Hafi það verið gert þann 23. júní 1993.

Sóknaraðili kveður málsástæður sínar vera þær að sóknaraðili sem afsalshafi geti krafist nauðungarsölu á fasteigninni til lúkningar eftirstöðvum kaupverðs samkv. samningi afsalshafa og Bjarna Ólafssonar, sbr. og 17. gr. laga nr. 90/1990. Réttindi varnaraðila séu enda leidd af réttindum Bjarna til fasteignarinnar og verði varnaraðili að sæta sömu aðgerðum af hálfu afsalshafa, sóknaraðila, gegn Bjarna Ólafssyni og Bjarni Ólafsson sjálfur. Þetta sé staðfest af dómstólum í fjölmörgum dómum.

Þá vísar sóknaraðili til þess að skv. 1. tl. 6. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sé fjárnám fullnægjandi nauðungarsöluheimild. Þar sem fullgilt fjárnám sé til staðar í fasteigninni hafi sýslumanni borið að taka nauðungarsölubeiðni sóknaraðila til greina. Ef varnaraðili hafi haft við fjárnámið að athuga hafi honum borið að bera gildi aðfarargerðarinnar undir Héraðsdóm Reykjavíkur og krefjast ómerkingar fjárnámsins eftir ákvæðum aðfararlaga nr. 90/1989. Það hafi varnaraðili ekki gert og standi því téð fjárnám óhaggað sem fullgild nauðungarsöluheimild skv. 6. gr. nauðungarsölulaga.

III.

Málsástæður og lagarök varnaraðila.

Varnaraðili vísar kröfum sínum til stuðnings aðallega í kaupsamning þann, er hann gerði við Bjarna, dags. 18.10. 1989, og þinglýstur eigandi áritaði án nokkurra athugasemda. Það liggi fyrir í málinu að varnaraðili hafi efnt samning þennan. Hann hafi ekkert vitað hvernig viðskiptum Bjarna og þinglýsts eiganda hafi verið háttað og hafi því mátt halda að Bjarni hefði efnt samninginn við þinglýstan eiganda eða sett tryggingar fyrir efndum á honum. Þar sem forsvarsmenn þinglýsts eiganda höfðu áritað kaupsamninginn hafi varnaraðili ekki getað búist við því að verða fyrir tjóni með því að efna samninginn. Varnaraðili telji að með áritun sinni á kaupsamninginn hafi þinglýstur eigandi samþykkt að kaupverðið yrði greitt með þeim hætti sem samningurinn geti um. Hann hafi því ekki getað gert kröfur á hendur varnaraðila þó svo að Bjarni stæði ekki við einhvern samning þeirra í milli. Það sama hljóti að gilda um sóknaraðila. Hann geti ekki öðlast meiri rétt á hendur varnaraðila en framseljandi kröfunnar.

Varnaraðili hafi ekki verið aðili að því máli sem sóknaraðili hafi höfðað á hendur Bjarna. Í því máli hafi gengið útivistardómur og á grundvelli hans hafi verið gert fjárnám í eign varnaraðila sem sóknaraðili telji vera nauðungarsöluheimild. Fram komi í greinargerð sóknaraðila að varnaraðili hefði átt að bera gildi aðfarargerðarinnar undir héraðsdóm. Þessu er allsendis mótmælt af hálfu varnaraðila, enda hafi honum ekki verið stefnt í málinu á hendur Bjarna og því hafi hann ekki getað borið aðfarargerðina undir héraðsdóm vegna aðildarskorts. Honum hafi ekki verið kunnugt um þetta fyrr en tilkynning um nauðungarsölubeiðnina hafi borist honum frá sýslumanni. Það sé einnig alrangt í greinargerð sóknaraðila að hann sé afsalshafi að umræddri eign. Hann hafi eingöngu fengið framseldan kröfurétt þinglýsts eiganda á hendur Bjarna. Þegar þetta framsal hafi farið fram hafi þinglýstur eigandi verið búinn að skuldbinda sig með árituninni á kaupsamninginn til að gefa út afsal, stæði varnaraðili við kaupsamninginn. Það sé alveg ljóst að sýslumaður hafi aldrei getað framkvæmt nauðungarsölu á eigninni á grundvelli þessa fjárnáms. Hann hafi ekki getað séð að Bjarni ætti eða hafi átt einhver réttindi yfir eigninni, enda hafi aldrei verið þinglýst kaupsamningi milli hans og Óss hf.

Varnaraðili telji því útilokað að koma fram nauðungarsölu á eigninni nema dómurinn komist að þeirri niðurstöðu, að áritun þinglýsts eiganda á kaupsamninginn milli varnaraðila og Bjarna hafi enga þýðingu gagnvart varnaraðila. Það að sóknaraðili hafi dóm á hendur Bjarna og hafi gert fjárnám í eigninni á grundvelli hans, hafi enga þýðingu gagnvart varnaraðila enda sé hann ekki aðili að þeim (sic).

IV.

Niðurstaða.

Af hálfu sóknaraðila hefur á það verið bent að í máli þessu sé ekki unnt að fjalla um gildi fjárnáms þess sem er grundvöllur nauðungarsölubeiðninnar. Er á það fallist að ekki er í máli þessu tekin ákvörðun um gildi fjárnámsins, heldur eingöngu það, hvort það fjárnám, sem gert var, sé fullnægjandi nauðungarsöluheimild.

Málið snýst því fyrst og fremst um nauðungarsöluheimild þá sem sóknaraðili byggir á, en í nauðungarsölubeiðni hans kemur fram að hann byggi rétt til þess að krefjast nauðungarsölu á fjárnámi, sbr. 1. tl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 90/1991. Þar kemur fram að til fullnustu gjaldfallinni peningakröfu megi krefjast nauðungarsölu á eign samkvæmt „fjárnámi í eigninni“.

Fjárnám þetta var gert hjá Bjarna Ólafssyni þann 23. júní 1993 og bókar fulltrúi sýslumanns „er hér með gert fjárnám fyrir kröfum gerðarbeiðanda í: réttindum gerðarþola skv. kaupsamningi við Byggingafélagið Ós hf. að fasteigninni Hverfisgötu 62, Reykjavík, eignarhluta 0209“.

Það er því ekki gert fjárnám í eigninni sjálfri, eins og 1. tl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 90/1991 gerir ráð fyrir, heldur er gert fjárnám í réttindum gerðarþola skv. kaupsamningi við Byggingafélagið Ós hf. að fasteigninni Hverfisgötu 62, Reykjavík. Þau réttindi, sem gerðarþoli, þ.e. Bjarni Ólafsson, fékk yfir eigninni með kaupsamningi, dags. 7. apríl 1989, voru skilyrt eignarréttindi, háð því að hann stæði í skilum við afsalshafa, sem var Byggingafélagið Ós hf. Á þeim tíma, sem fjárnám þetta var gert, hafði Bjarni Ólafsson afsalað sér eign þeirri, sem hér um ræðir, til varnaraðila með afsali, dags. 5. nóvember 1991, enda hafi varnaraðili að fullu staðið í skilum með greiðslur. Áður hafði varnaraðili undirritað kaupsamning um eignina sem dags. er 18.

október 1989 og er áritun Óss hf. á kaupsamninginn sem samþykki þinglýsts eiganda. Enginn fyrirvari er gerður af hálfu Byggingafélagsins Óss hf. um að samþykki þinglýsts eiganda sé gefið með einhverjum skilyrðum, hvorki að greiðslur samkvæmt kaupsamningi ættu að berast Byggingafélaginu Ós hf. eða einhverjum öðrum en seljanda eignarinnar, né önnur skilyrði fyrir samþykki tiltekin.

Á þeim tíma, sem fjárnám er gert í réttindum gerðarþola skv. kaupsamningi við Ós hf., er því ljóst, að Bjarni Ólafsson, gerðarþoli, átti engin réttindi yfir eigninni að Hverfisgötu 62.

Samkvæmt framansögðu og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 90/1991 gat það fjárnám, sem gert var, því ekki verið fullnægjandi nauðungarsöluheimild.

Með hliðsjón af þessu ber að fallast á kröfur varnaraðila um að staðfest verði sú ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík að taka mótmæli varnaraðila við framgangi nauðungarsölu að Hverfisgötu 62, íbúð 0209, Reykjavík, til greina.

Eftir þessum úrslitum greiði sóknaraðili varnaraðila kr. 40.000,00 í málskostnað.

Ingveldur Einarsdóttir, fulltrúi dómstjóra, kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Staðfest er sú ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 2. desember 1993 að taka mótmæli varnaraðila, Þórarins Sturlu Halldórssonar, við framgangi nauðungarsölu á fasteigninni Hverfisgata 62, íbúð 02-09, til greina.

Sóknaraðili, Verkfræðistofa Stanleys Pálssonar, greiði varnaraðila kr. 40.000,00 í málskostnað.

Þriðjudaginn 7. júní 1994.

Nr. 252/1994. **Myllan-Brauð hf.**
(sjálf)
gegn
skattstjóranum í Reykjavík
(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)

Kærumál. Matsbeiðni. Málflutningur. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur með heimild í c-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 16. maí 1994, sem barst réttinum 31. sama mánaðar. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að dómkveðja matsmenn í samræmi við beiðni hans. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar á hinum kærða úrskurði og kærumálskostnaðar.

Mál þetta varðar beiðni um dómkvaðningu matsmanna án tengsla við höfðað dómsmál, sbr. 1. mgr. 77. gr. laga um meðferð einkamála, sem sóknaraðili afhenti Héraðsdómi Reykjavíkur 30. nóvember 1993. Varðaði matsefnið skattframtal sóknaraðila árið 1991 til varnaraðila, skattstjórans í Reykjavík, fyrir rekstrarárið 1990. Beiðnin var tekin til meðferðar á dómþingi 17. desember 1993 fyrir fulltrúa dómstjóra, að viðstöddum umboðsmanni sóknaraðila og tveimur umboðsmönnum varnaraðila, er lögðu fram skrifleg mótmæli við því, að beiðnin næði fram að ganga. Tók dómarinn ágreiningsefnið til úrskurðar í samræmi við 3. mgr. 78. gr. laga um meðferð einkamála, eftir að fulltrúar aðila höfðu tjáð sig um málið á dómþinginu.

Dómari þessi fór í leyfi um áramótin, eins og frá greinir í hinum kærða úrskurði, og var málið fengið öðrum fulltrúa dómstjóra til meðferðar um miðjan janúar. Tók sá dómari málið fyrir í þinghaldi 10. maí 1994 og kvað upp hinn kærða úrskurð á grundvelli fram kominna gagna um matsbeiðnina og þess, sem bókað var um hið fyrra þinghald. Voru fulltrúar málsaðila viðstaddir uppkvaðninguna, en eigi verður séð, að þeim hafi verið gefinn kostur á að tjá sig um ágreiningsefnið fyrir hinum nýja dómara.

Þessi meðferð málsins fór í bága við meginreglu réttarfars um munnlegan og milliliðalausan málflutning. Verður ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð og meðferð málsins frá og með 17. desember 1993 og vísa málinu heim til löglegrar meðferðar og úrskurðar að nýju.

Það athugast, að töf á síðari fyrirtöku málsins hefur ekki verið nægilega réttlætt.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður og meðferð máls þessa fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur frá og með þinghaldi 17. desember 1993 eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim til löglegrar meðferðar og uppsögu úrskurðar að nýju.

Þriðjudaginn 7. júní 1994.

Nr. 187/1994. **Jósúa Magnússon**
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)
gegn
Guðmundi Kristjánssyni
(sjálfur)

Kærumál. Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands. Málflutningsþóknun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 25. mars 1994, sem barst réttinum 27. apríl. Kærður er úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands 16. mars 1994 samkvæmt heimild í 4. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur, sbr. 3. mgr. 4. tl. 161. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurðinum verði hrundið og breytt á þann veg, að þóknun sóknaraðila fyrir málflutningsstörf, er þar greinir, verði ákveðin 300.000 krónur. Hann gerir og kröfu um kærumálskostnað úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili hefur einnig lagt fram kæru á úrskurðinum 15. apríl 1994 og krefst þess, að þóknun hans fyrir umrædd störf verði ákveðin eigi lægri en 800.000 krónur. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Hér fyrir dómi hefur sóknaraðili lagt áherslu á, að varnaraðili hafi tekið að sér hagsmunagæslu vegna allra álitamála, er upp kynnu að koma við skipti á búi sóknaraðila og fyrrum eiginkonu hans. Hafi varnaraðili þó látið hjá líða að fylgja eftir kröfu sóknaraðila um uppgjör frá fyrrum lögmanni þeirra hjóna umfram það, sem fyrir hafi legið frá hendi lögmannsins, og draga hana undir búskiptin að því leyti. Sóknaraðili hefur ekki sýnt fram á, að þetta málefni hafi varðað búskiptin með þeim hætti, að áhrif eigi að hafa á endurgjald varnaraðila fyrir þau málflutningsstörf, sem hinn kærði úrskurður tekur til. Með vísan til þessa og til forsendna úrskurðarins þykir rétt, að hann verði staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands 16. mars 1994.

Með bréfi, dags. 26. janúar 1993, fór Jósúa Magnússon (sóknaraðili) þess á leit við stjórn LMFÍ að hún liðsinnti sér við að ná rétti sínum gagnvart Guðmundi Kristjánssyni hdl. (varnaraðila), sem að sögn sóknaraðila hefði gert verulegar kröfur á hendur sér í sambandi við aðstoð við sig sem lögfræðingur. Kallað var eftir greinargerð frá varnaraðila og er hún dagsett 12. febrúar 1993. Einnig var óskað eftir áliti gjaldskrárnefndar LMFÍ um þóknun varnaraðila, og er hún dagsett 17. maí 1993.

Málavextir.

Málavextir eru þeir að í júlí 1991 leitaði sóknaraðili til varnaraðila og bað um lögfræðilega aðstoð hans. Í umboði, sem sóknaraðili veitti varnaraðila, dags. 15. júlí 1991, kemur fram, að hann veitir varnaraðila „fullt og ótakmarkað umboð til þess að koma fram fyrir mína hönd við hjónaskilnaðarmál okkar Erlu Gunnarsdóttur . . .“ Í umboðinu kemur enn fremur fram, að það „. . . nær til allra fyrirliggjandi álitarefna í máli þessu sem og til þeirra, sem upp kunna að koma. Það á einnig við varðandi eignaskipti á búi okkar, hvort sem um einka- eða opinber skipti er að ræða. // Umboð þetta tekur til allrar meðferðar málsins, utan réttar sem innan, þ.á m. til að mæta við fyrirtöku skilnaðarmálsins hjá valdsmanni og/eða greiðslu fjármuna eða afhendingar annarra verðmæta, og alls annars, sem lögmaðurinn telur nauðsynlegt að gera eðli málsins samkvæmt. . . .“

Varnaraðili flutti mál fyrir sóknaraðila í skiptarétti Reykjavíkur haustið 1991 í máli sem eiginkona sóknaraðila hafði höfðað á hendur honum, þar sem m.a. var krafist að skipti á búi aðila ættu að fara fram í samræmi við ákvæði 55. gr. laga nr. 60/1972, í tengslum við lögskilnað aðila þann 7. október 1991, en þann dag var gefið úr lögskilnaðarleyfi. Einnig var þess krafist að skiptaréttur skipti eignum búsins, eins og þær voru 28. júlí 1991, samkvæmt helmingaskiptareglu 18. gr. laga nr. 20/1923, þannig að hvort hjóna fengi í sinn hlut helming af hreinni hjúskapareign beggja hjónanna.

Varnaraðili f.h. sóknaraðila krafðist sýknu, m.a. á þeim grundvelli, að sóknaraðili og eiginkona hans hefðu slitið samvistir á árinu 1977. Hefðu eignaskipti í raun farið fram ekki löngu eftir samvistarslitin. Var flutt sérstakt skiptaréttarmál um ágreining aðila hvort skipta ætti búinu opinberum skiptum. Komst skiptarétturinn að þeirri niðurstöðu að óumdeilt væri að hjónin hefðu ekki staðfest samning um skilnaðarkjör fyrir yfirvaldi, eins og kveðið var á um í 45. gr. laga nr. 60/1972, og að munnlegt samkomulag um eignaskipti gæti ekki verið skuldbindandi samningur fyrir aðila, nema það hefði verið staðfest fyrir yfirvaldi. Til þess að lögskilnaðarleyfi fengist hefði eiginkonan því þurft að vísa skiptum á búi málsaðila til skiptaréttar, og féllst því skiptarétturinn á þá kröfu eiginkonunnar að félagsbúi málsaðila yrði skipt opinberum skiptum.

Í framhaldi af þessari niðurstöðu var flutt annað mál, þar sem gerð var krafa af hálfu eiginkonunnar um helmingaskipti á búinu. Því mótmælti eiginmaðurinn og taldi það ósanngjarnt. Raunveruleg eignaskipting hefði átt sér stað við samvistarslitin árið 1977 og hefði eignastaða hans og efnahagur verið rýr eftir það fyrst um sinn, en honum hefði tekist með þrautseigju og dugnaði að rétta nokkuð úr kútnum. Vildi hann því ekki una því, að eiginkonan eignaðist hlutdeild í þessum eignum, sem sannanlega voru ekki til staðar við samvistarslitin. Fjárhagsleg samstaða þeirra hefði engin verið eftir þann tíma. Byggði hann sjónarmið sín m.a. á skáskiptareglu þeirri, sem felst í 57. gr. laga nr. 60/1972. Skiptaréttur komst að þeirri niðurstöðu að ekki væru efni til að beita 57. gr. laga nr. 60/1972, hvorki með rýmkandi lögskýringu né lögjöfnun, enda væri 57. gr. undantekningarregla frá aðalreglu, og því yrði að skýra hana þröngt. Því var fallist á kröfu eiginkonunnar um að eignum búsins, eins og þær voru 28. júlí 1991, yrði skipt helmingaskiptum. Þessum úrskurði var vísað til Hæstaréttar Íslands með kæru. Hæstiréttur staðfesti úrskurðinn með vísan til forsendna hans þann 7. október 1992.

Varnaraðili ritaði sóknaraðila bréf, dags. 7. janúar 1993, þar sem hann krafði hann um þóknun fyrir störf sín, en þau fólu í sér, auk málflutnings í ofangreindum málum, lögfræðilega aðstoð vegna hjónaskilnaðarbeiðni eiginkonunnar í borgardómi Reykjavíkur, meðferð opinberu skiptanna á búinu hjá skiptastjóra og athugun á þætti Inga R. Helgasonar í samvistarslitamáli þeirra hjóna og öðrum málefnum og bréfaskrif í því sambandi. Áskildi varnaraðili sér kr. 800.000 í þóknun auk virðisaukaskatts, ef greitt væri fyrir 20. janúar 1993. Gengi það ekki, áskildi varnaraðili sér allan rétt til að krefja sóknaraðila um verulega hærri þóknun. Þóknun sína miðaði varnaraðili við tímagjald að öðru leyti en því að þóknunin fyrir málflutninginn (3 mál) miðaðist við 1. gr. gjaldskrár LMFÍ.

Sóknaraðili ritaði varnaraðila bréf, dags. 19. janúar 1993, þar sem hann óskaði eftir sundurliðun og rökstuðningi á einstökum atriðum kröfunnar. Í svarbréfi varnaraðila kom fram að rétt um 200 klukkustundir lægju að baki vinnu hans og að útlagður kostnaður vegna endurrita og réttargjalda væri um 40.000 krónur. Varnaraðili áréttaði, að kr. 800.000 væru lágmarksþóknun.

Í málinu liggur einnig fyrir bréf sóknaraðila til stjórnar LMFÍ, dags. 31. október 1993, þar sem hann gagnrýnir mjög tímaskýrslu varnaraðila og telur hana á engan veg geta staðist. Einnig liggur frammi bréf varnaraðila til stjórnarinnar, dags. 6. desember 1993.

Mál þetta var tekið fyrir alls 9 sinnum hjá stjórn LMFÍ, auk fyrirtöku þess í dag, og voru nokkrum sinnum reyndar sættir með aðilum, án árangurs. Munnlegur málflutningur fór fram þann 9. febrúar 1994 og að honum loknum var málið tekið til úrskurðar.

Kröfur og málsástæður.

Við munnlegan flutning ágreiningsmálsins fyrir stjórn LMFÍ gerði sóknaraðili þær kröfur, að þóknun varnaraðila miðaðist við 50 klst. vinnuframlag á kr. 4.000 pr. klst. auk virðisaukaskatts eða að þóknun fyrir málflutningsstörfin teldist eðlileg kr. 200.000 og kr. 100.000 að auki, þannig að heildarþóknunin yrði kr. 300.000. Í málinu hafði komið fram, að varnaraðili hafði tekið við vátryggingarfé f.h. sóknaraðila, kr. 100.000, sem er sú fjárhæð, sem felst í kröfugerð sóknaraðila hér að framan.

Af hálfu varnaraðila var þess krafist, að stjórn LMFÍ úrskurðaði um, hver teldist sanngjörn þóknun fyrir málflutning, með tilliti til þeirra hagsmuna, sem fjallað hafði verið um í viðkomandi skiptaréttarmálum og fyrir Hæstarétti. Í því sambandi yrði miðað við hagsmuni skv. yfirliti á skjali, sem merkt er nr. 11. Vísaði varnaraðili í þessu sambandi til gjaldskrár LMFÍ frá september 1991. Varnaraðili krafðist þess þó að lágmarksþóknun skyldi vera kr. 800.000.

Hvorugur aðili gerði kröfu um málskostnað.

Sóknaraðili rökstuddi kröfu sína með því, að varnaraðili hefði ekki sinnt því máli, sem honum hefði í upphafi verið falið að annast, þ.e. að innheimta hjá Inga R. Helgasyni kröfu sóknaraðila á hendur honum vegna sölu á stálgrindarhúsi, sem Ingi R. Helgason seldi fyrir sóknaraðila seint á áttunda áratugnum. Varnaraðili hafi átt að sjá um það að andvirði stálgrindarhússins yrði tekið með við skipti á eignum þeirra hjóna og þá þannig, að það eða krafan á hendur Inga R. Helgasyni vegna þess yrði talið til eigna konunnar. Taldi sóknaraðili varnaraðila alls ekki hafa sinnt þessu hlutverki sínu. Þá taldi sóknaraðili hagsmunagæsluna ekki hafa verið kr. 18 milljónir, heldur 5 milljónir, sem varnaraðili hefði tapað fyrir sig í skiptarétti.

Fram kom, að sóknaraðili hafði ekki leitað til lögmanns frá samvistarslitum þar til hann leitaði til varnaraðila vegna skilnaðarmálsins, en það var eftir að lögmaður eiginkonunnar tilkynnti sóknaraðila um að krafa væri komin fram um lögskilnað. Þá kom enn fremur fram hjá sóknaraðila, að ekkert var rætt um þóknun varnaraðila fyrir fram, en sóknaraðili kvaðst hafa talið, að kostnaðurinn gæti numið 200–300 þúsund krónum. Sóknaraðili kvað varnaraðila hafa samið texta umboðsins. Þá kvað hann varnaraðila hafa átt að sjá, að málið væri tapað, eftir fyrra skiptaréttarmálið.

Varnaraðili rökstuddi kröfu sína með því að vísa til 1. gr. gjaldskrár LMFÍ, þar sem gert væri ráð fyrir að málflutningsþóknun í munnlega fluttum málum skyldi vera með tilteknum hætti, þ.e., að reikna skyldi þóknunina út frá fjárhagslegum hagsmunum í málinu, stefnukröfu og dráttarvöxtum. Hann tók þó sérstaklega fram, að hann krefðist ekki þrefaldrar þóknunar vegna flutnings þriggja mála, en gerði kröfu um hæfilega þóknun, að lágmarki kr. 800.000. Hann tók einnig fram að tímagjald skrifstofu sinnar væri kr. 5.000–5.500. Varnaraðili benti á, að fram hefði komið hjá sóknaraðila, að hann væri fús til að framselja kröfu sína, kr. 464.000, á hendur Páli G. Jónssyni (eða Inga R. Helgasyni) með dráttarvöxtum frá árinu 1990 til varnaraðila. Þar með hefði sóknaraðili viðurkennt að hann væri reiðubúinn að greiða kr. 300.000 auk kr. 464.000 með vöxtum eða yfir eina milljón króna í þóknun til varnaraðila. Varnaraðili nefndi einnig að þeir sóknaraðili hefðu verið sammála um að kæra seinni úrskurð skiptaréttar til Hæstaréttar og að þá hefði ekki verið rætt um kostnað af málinu. Hann benti einnig á, að hæstaréttarmálið hefði verið flutt munnlega að beiðni Hæstaréttar og að fimm dómarar hefðu skipað dóminn. Varnaraðili taldi sitt hlutverk hafa verið að verjast helmingaskiptum á búinu að kröfu sóknaraðila. Þess vegna hefði málið farið fyrir skiptarétt.

Niðurstaða.

Í máli þessu er verulegur ágreiningur um áskilda þóknun varnaraðila fyrir störf hans í þágu sóknaraðila. Snýst mál þetta og úrskurður um þá þætti í störfum varnaraðila, er lúta að flutningi þriggja mála, tveimur fyrir skiptarétti Reykjavíkur og einu fyrir Hæstarétti Íslands. Ekki er fjallað um þóknun fyrir önnur störf varnaraðila.

Ágreiningurinn í máli þessu er margþættur. Sem dæmi má nefna að aðila greinir á um hvaða verk það var sem sóknaraðili fól varnaraðila að annast. Telur sóknaraðili að hann hafi falið varnaraðila aðallega að innheimta kröfu hjá Inga R. Helgasyni eða a.m.k. að draga þá kröfu undir búskiptin sem eign eiginkonunnar. Varnaraðili hefur hins vegar lagt fram umboð til sín frá sóknaraðila, þar sem fram kemur að honum var falið að koma fram fyrir hönd sóknaraðila í skilnaðarmáli, eins og rakið er í upphafi málavaxtalýsingar hér að framan. Að mati stjórnar LMFÍ hefur sóknaraðila ekki tekist að sanna með fullnægjandi hætti að varnaraðila hafi verið falið aðallega að innheimta kröfuna á hendur Inga R. Helgasyni, enda bendir umboðið eindregið til þess að meginhlutverk varnaraðila hafi verið að gæta hagsmuna sóknaraðila í skilnaðarmálinu.

Þá greinir aðila einnig á um tímaskýrslu varnaraðila. Varnaraðili kveður um 43 klukkustundir hafa farið í undirbúning og málflutning í fyrra skiptaréttarmálinu, um 60 klst. í seinna skiptaréttarmálinu og um 38 klst. í kærumálinu til Hæstaréttar Íslands. Byggir hann niðurstöðu sína á skráningu á verkefnaspjöldum vegna málanna. Sóknaraðili gagnrýnir tímaskráningu varnaraðila og telur að hlutir þeir, sem þar er greint frá, hljóti að vera „að meira eða minna leyti byggðir á „minni“, óminni eða ágiskunum“ eins og fram kemur í bréfi hans til stjórnar LMFÍ frá 31. október 1993. Þá nefnir sóknaraðili í bréfinu dæmi um það, sem hann telur vera ranga tímaskráningu varnaraðila. Við fyrirtekt málsins hjá stjórn LMFÍ þann 17. nóvember 1993 dró sóknaraðili þessa fullyrðingu til baka.

Eins og fyrr greinir gerði sóknaraðili kröfu um að þóknun varnaraðila yrði miðuð við 50 klst. vinnuframlag auk þess sem varnaraðili héldi 100.000 króna tryggingabótum, sem hann hafði innheimt fyrir sóknaraðila. Varnaraðili rökstuddi hins vegar kröfu sína með því að vísa til gjaldskrár LMFÍ og krafðist að úrskurðað yrði um hæfilegt endurgjald fyrir málflutningsstörfin, að lágmarki kr. 800.000.

Heimild til stjórnar LMFÍ til að kveða upp úrskurði í ágreiningsmálum sem þessu er að finna í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur. Í 2. mgr. 2. gr. sömu laga er kveðið á um rétt lögmanna til að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, þar á meðal hluta af fjárhæð máls og hærra endurgjald ef mál vinnst en ef það tapast.

Eins og áður er komið fram var ekkert rætt um þóknun varnaraðila við upphaf starfs hans í þágu sóknaraðila, hvorki um fjárhæð né grundvöll þóknunarinnar. Stjórn LMFÍ hefur í slíkum tilvikum talið að að jafnaði beri að hafa hliðsjón af gjaldskrá félagsins þegar málflutningsþóknunin er ákveðin. Fleiri atriði geta þó einnig haft áhrif á niðurstöðuna.

Við niðurstöðu ágreiningsmáls þessa telur stjórn LMFÍ að líta beri til eftirtalinna atriða:

Varnaraðili flutti þrjú mál fyrir sóknaraðila og var niðurstaða þeirra allra sóknaraðila í óhag.

Þau tvö mál, sem varnaraðili flutti í skiptarétti, voru í eðli sínu nátengd. Undirbúningsvinna varnaraðila nýttist honum að verulegu leyti í öllum málunum.

Í seinna skiptaréttarmálinu snerist ágreiningurinn um það, hvort búi hjónanna skyldi skipt skv. helmingaskiptareglu hjúskaparlaganna eða skv. svokallaðri skáskiptareglu með lögjöfnun eða rýmkandi lögskýringu frá tilteknu heimildarákvæði sömu laga. Fjárhagslegu hagsmunirnir voru því mismunur á helmingi heildareignanna, þ.e. 13 milljónum króna, og óákveðinni fjárhæð, sem dómarinn hefði talið eiga við, ef hann hefði talið heimilt að beita skáskiptareglunni.

Með vísan til framangreinds og til bréfs varnaraðila til sóknaraðila, dags. 7. janúar 1993, áætlaðs vinnuframlags lögmannsins, gjaldskrár LMFÍ og með tilliti til niðurstöðu dómsmálanna telur stjórn LMFÍ, að hæfileg samanlögð þóknun varnaraðila fyrir málflutning í skiptaréttarmálunum nr. 26/1991 og nr. 7/1992 og í hæstaréttarmálinu nr. 354/1992 sé kr. 550.000. Er þá ekki reiknað með útlögðum kostnaði og virðisaukaskatti.

Úrskurðarorð:

Hæfileg þóknun varnaraðila, Guðmundar Kristjánssonar hdl., fyrir málflutning í skiptaréttarmálunum nr. 26/1991 og nr. 7/1992 og í hæstaréttarmálinu nr. 354/1992 telst vera kr. 550.000. Er þá ekki reiknað með útlögðum kostnaði og virðisaukaskatti.

Miðvikudaginn 8. júní 1994.

Nr. 205/1994. **Íslenska útvarpsfélagið hf.**
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
Ólafi B. Ólafssyni
(Jón Magnússon hrl.)

Kærumál. Lögbann. Málskostnaður hjá stjórnvaldi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 22. apríl 1994, sem barst réttinum 3. maí sl. Kæruheimild er 1. mgr. 35. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl., sbr. 4. mgr. 91. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 2. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt verði lögbann við því, að varnaraðili, „hvort sem er í atvinnuskyni eða með öðrum hætti bjóði upp á þá þjónustu og framkvæmi, hvort sem er gegn gjaldi eður ei, að afrita svokallaða minniskubba í myndlyklum, fjölfalda afritin og setja í myndlykla „viðskiptavina“ sinna í því skyni, að viðkomandi komist hjá því að greiða áskriftargjöld að „lokaðri“ sjónvarpsdagskrá kæranda“. Þá er þess krafist, að ákvörðun sýslumanns um málskostnað til handa varnaraðila verði hnekkt og varnaraðili verði dæmdur til að greiða sóknaraðila málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Í máli þessu biður sóknaraðili um lögbann við tiltekinni háttsemi, er fari í bága við rétt hans til útsendinga á sjónvarpsefni og samskipti hans við áskrifendur að þeim. Engin sérstök dæmi eru tilgreind um þá starfsemi varnaraðila, sem krafist er, að lögbann verði lagt við. Gegn andmælum hans er eigi unnt að leggja til grundvallar óstaðfesta frásögn í vikublaði og segulbandsupptöku með símaviðtali, sem varnaraðili viðurkennir ekki að vera þátttakandi í. Fram lagðar auglýsingar í dagblaði skipta ekki sköpum.

Við gildistöku laga nr. 31/1990 voru heimildir til lögbanns takmarkaðar frá því, sem var í lögum nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann. Ekki eru efni til að víkja frá sönnunarkröfum, sem gera verður í málum af þessu tagi. Sóknaraðili verður hins vegar ekki sakaður um aðgerðaleysi varðandi grun sinn um það, að varnaraðili stundi starfsemi, er raski hagsmunum hans í þessu efni, en þeir varða grundvöllinn að sjónvarpsrekstri hans. Virðist hann hafa margreynt á árunum 1991 og 1992 að reka réttar síns með kærum á hendur varnaraðila til þeirra, er annast rannsókn og meðferð opinberra mála. Á hinn bóginn er ekki leitt í ljós, hver árangur hafi orðið af þessum kærumálum og hvað álykta megi um starfsemi varnaraðila af niðurstöðum þeirra.

Samkvæmt framansögðu hefur sóknaraðili ekki sýnt nægilega fram á, að þörf hans fyrir lögbann sé svo brýn, að skilyrðum 24. gr. laga nr. 31/1990 um framgang þess fyrir sýslumanni verði talið fullnægt.

Þegar sýslumaður tók framangreinda ákvörðun, ákvað hann varnaraðila jafnframt 30.000 krónur „í kostnað af málinu fyrir sýslumanni". Sóknaraðili hafði þá kröfu ekki uppi við sýslumann þegar í stað, að héraðsdómur tæki þessa ákvörðun einnig til úrlausnar, svo sem nauðsynlegt var, ef hann vildi bera hana undir dóm, sbr. 2. mgr. 33. gr. laga nr. 31/1990. Bar héraðsdómara því að vísa kröfunni frá dómi.

Eins og mál þetta er vaxið, þykir rétt, að málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Kröfu sóknaraðila um, að ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík 11. febrúar 1994 um málskostnað til handa varnaraðila verði hnekkt, er vísað frá héraðsdómi.

Staðfest er ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 11. febrúar 1994 þess efnis, að synjað verði um framgang umbeðinnar lögbannsgerðar.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 11. apríl 1994.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi þann 15. mars 1994. Málið barst Héraðsdómi Reykjavíkur 15. febrúar 1994 með kröfu Íslenska útvarpsfélagsins, kt. 500685-0269, Lynghálsi 5, Reykjavík, dagsettri sama dag, um úrlausn dómsins um synjun sýslumannsins í Reykjavík við því, að lagt yrði lögbann við því, að „gerðarþoli hvort sem er í atvinnuskyni eða með öðrum hætti bjóði upp á þá þjónustu og framkvæmi, hvort sem er gegn gjaldi eður ei, að afrita svokallaða minniskubba í myndlyklum, fjölfalda afritin og setja í myndlykla „viðskiptavina" sinna í því skyni að viðkomandi komist hjá því að greiða áskriftargjöld að „lokaðri" sjónvarpsdagskrá gerðarbeiðanda".

Jafnframt krefst sóknaraðili þess að ákvörðun sýslumanns um málskostnað, kr. 30.000,00 til handa gerðarþola verði hnekkt. Þá krefst sóknaraðili þess að gerðarþoli verði dæmdur til að greiða málskostnað að skaðlausu.

Varnaraðili krefst þess að umbeðin lögbannsgerð nái ekki fram að ganga og að gerðarbeiðanda verði gert að greiða gerðarþola kostnað vegna máls þessa samkvæmt mati.

Málsatvik.

Íslenska útvarpsfélagið hf. hefur frá árinu 1991 sent út sjónvarpsefni undir merkjum Stöðvar 2 í gegnum svokallað áskriftarkerfi.

Það efni, sem sjónvarpað er í dagskrá Stöðvar 2, er ýmist efni sem sóknaraðili hefur sjálfur framleitt eða keypt sýningarrétt á. Til að útiloka aðgang annarra en áskrifenda að sjónvarpsdagskránni er útsendingum dreift í gegnum myndlyklakerfi. Áskrifendur ná útsendingum í gegnum myndlyklakerfið, en útsendingar til annarra eru truflaðar. Í hverjum myndlykli er minniskubbur (e-prom) sem í er brennt númer sem gerir þá ólíka innbyrðis, þ.e. reikna verður út lykilnúmer fyrir hvern einstakan myndlykil.

Sú athöfn, sem krafist er lögbanns við í máli þessu, lýtur að því að breyta myndlyklum, þ.e. afrita minniskubba myndlykla og fjölfalda þá í þeim tilgangi að margir geti notað sama lykilnúmer og komist af með að borga aðeins eina áskrift.

– – –

Niðurstaða.

Í 24. gr. laga nr. 31/1990 er mælt fyrir um skilyrði lögbanns, en þar segir: „Lögbann má leggja við byrjaðri eða yfirvofandi athöfn einstaklings eða fyrirsvarsmanns félags eða stofnunar, ef gerðarbeiðandi sannar eða gerir sennilegt að athöfnin brjóti eða muni brjóta gegn lögvörðum rétti hans, að gerðarþoli hafi þegar hafist handa um athöfnina eða muni gera það, og að réttindi hans muni fara forgörðum eða verða fyrir teljandi spjöllum, verði hann knúinn til að bíða dóms um þau.“

Samkvæmt niðurlagi ákvæðisins verður lögbann því ekki lagt á, nema gerðarbeiðandi sanni eða geri sennilegt að hagsmunir hans fari forgörðum eða verði fyrir teljandi spjöllum, verði gerðarbeiðandi knúinn til að bíða dómsúrlausnar um vernd þeirra. Það felur í sér að á undan þurfi að ganga að gerðarþoli hafi raskað þessum réttindum gerðarbeiðanda. Sönnun gerðarbeiðanda þarf því ekki aðeins að lúta að því að gerðarþoli framkvæmi eða muni framkvæma athöfn sem brjóti gegn lögvörðum rétti gerðarbeiðanda, heldur einnig verður hún að lúta að því að réttindi hans muni tapast eða verða fyrir teljandi spjöllum, verði hann knúinn til að fara hefðbundna dómstólaleið.

Í málinu hefur verið lagt fram viðtal við varnaraðila sem birtist í DV 31. október 1991 ásamt mynd, sem ætla má frá samhengi viðtalsins í heild, að sé af varnaraðila. Í viðtalinu kemur m.a. fram að hann taki viðurkennda afruglara og endurriti þá, þannig að margir notendur geti notað sama númerið. Þá hefur sóknaraðili lagt fram önnur gögn sem einnig renna stoðum undir að varnaraðili hafi stundað þá starfsemi sem krafist er lögbanns við og að sú starfsemi hafi brotið gegn lögvörðum réttindum hans.

Hins vegar er það álit dómsins að sóknaraðila hafi hvorki tekist að sanna né gera sennilegt, að varnaraðili framkvæmi eða muni framkvæma þá athöfn, sem lögbanns er krafist við, né sannað eða gert sennilegt, að réttindi hans muni tapast eða skerðast, verði hann knúinn til að fara hefðbundna dómstólaleið til verndar þeim. Verður einkum að líta til þess að lögbann er neyðarúrræði, sem aðeins verður beitt, þegar almenn úrræði eins og höfðun dómsmáls, eru of seinvirk, en í málinu hefur komið fram að sóknaraðili hafi haft vitneskju um starfsemi þá, sem hann nú krefst lögbanns við, frá árinu 1991. Með vísan til þess, sem að ofan sagði um eðli lögbanns sem neyðarráðstöfunar, þykir sóknaraðili ekki hafa sannað eða gert sennilegt að hagsmunir hans fari forgörðum, verði hann knúinn til að bíða dómsúrlausnar um vernd þeirra.

Verður því að hafna kröfu sóknaraðila um að lagt verði lögbann við því að „gerðarþoli hvort sem er í atvinnuskyni eða með öðrum hætti bjóði upp á þá þjónustu og framkvæmi, hvort sem er gegn gjaldi eður ei, að afrita svokallaða minniskubba í myndlyklum, fjölfalda afritin og setja í myndlykla „viðskiptavina“ sinna í því skyni að viðkomandi komist hjá því að greiða áskriftargjöld að „lokaðri“ sjónvarpsdagskrá gerðarbeiðanda“, og staðfesta þá ákvörðun sýslumanns að synja um framgang gerðarinnar.

Í 85. gr. laga nr. 90/1989 segir, að gerðarbeiðanda sé heimilt, meðan aðfarargerð er ólokið, að krefjast úrlausnar héraðsdómara um einstakar ákvarðanir, sem sýslumaður tekur um framkvæmd hennar, ef gerðarbeiðandi hefur þá kröfu uppi við sýslumann áður en lengra er haldið við gerðina. Endurrit úr gerðabók sýslumanns ber ekki með sér að gerðarbeiðandi hafi haft þá kröfu uppi að bera ákvörðun sýslumanns um málskostnað gerðarþola undir héraðsdóm. Ber því að hafna þeirri kröfu sóknaraðila, að ákvörðun sýslumanns varðandi þetta atriði verði hnekkt.

Með hliðsjón af þessum úrslitum greiði sóknaraðili varnaraðila kr. 50.000,00 í málskostnað.

Ingveldur Einarsdóttir, fulltrúi dómstjóra, kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Staðfest er ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 11. febrúar 1994 um að synjað verði um framgang umbeðinnar lögbannsgerðar í málinu nr. L-4/1994.

Kröfu sóknaraðila um, að ákvörðun sýslumanns um málskostnað til handa gerðarþola verði hnekkt, er hafnað.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kr. 50.000,00 í málskostnað.

Fimmtudaginn 9. júní 1994.

Nr. 502/1993. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Helga Aðalsteinssyni
(Páll A. Pálsson hrl.)

Ávana- og fíkniefni. Þjófnaður. Upptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærði hefur áfrýjað máli þessu í heild sinni, og var því af hálfu ákæruvalds skotið til Hæstaréttar með stefnu 24. nóvember 1993. Krefst ákæruvaldið staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Ákærði vefengir sakargiftir að hluta og krefst þess jafnframt, að refsing hans verði milduð.

Fyrri ákæran í máli þessu varðar einkum meðferð ákærða á 17,4 g af hassefni og 50 skömmtum af efninu LSD, sem hann sendi í pósti frá Amsterdam á eigið heimilisfang hér á landi, en sending þessi var stöðvuð við tollmeðferð á bögglapóststofunni að Ármúla í Reykjavík. Af verknaðarlýsingu er ljóst, að hann er einvörðungu ákærður fyrir innflutning á þessum efnum. Kemur ekki til álita, hvort hann hafi ætlað þau til sölu eða dreifingar að einhverju leyti. Með þeirri athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um sakfellingu ákærða og heimfærslu á brotum hans til refsiákvæða.

Ákærði hefur áður orðið sekur um fíkniefnalagabrot og brot á almennum hegningarlögum, en langt var um liðið frá síðasta broti hans, þegar brot hans nú voru framin. Með hliðsjón af þessu og atvikum að öðru leyti telst refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 15 mánuði.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku efna og um sakarkostnað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, svo sem um er mælt í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Helgi Aðalsteinsson, sæti fangelsi 15 mánuði.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku fíkniefna og um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 26. október 1993.

I.

Ár 1993, þriðjudaginn 26. október, er á dómþingi í héraðsdómi Reykjaness, sem háð er á reglulegum þingstað í Hafnarfirði af Má Péturssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 179/1993: Ákæruvaldið gegn Helga Aðalsteinssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum aðalflutningi hinn 25. október 1993, er höfðað með ákæru ríkissaksóknara fyrir meint fíkniefnabrot, út gefinni 31. ágúst 1993, birtri 14. september og þingfestri 22. september sama ár, og ákæru ríkissaksóknara fyrir meintan þjófnað, út gefinni 6. október 1993 og birtri og þingfestri 8. sama mánaðar, gegn Helga Aðalsteinssyni, kt. 230354-4489, Breiðvangi 14, Hafnarfirði.

Í ákærum þessum er ákærða gefið að sök í hinni fyrrnefndu „að hafa, í janúar 1993 keypt 100 g af hassi og nokkurt magn af LSD í Amsterdam og fimmtudaginn 21. þess mánaðar búið um 17,4 g af hassi og 50 skammta af LSD í pakka og sent hingað til lands á pósthólf nr. 460 í póstútibúi í Hafnarfirði.

Telst þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985, og 2. gr., sbr. 10. gr., reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til þess, samkvæmt 5. og 6. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna, að sæta upptöku á 17,4 g af hassi, 50 skömmtum af LSD, vasaljósi og ljósmyndaalbúmi með myndum, sem lögregla lagði hald á við rannsókn málsins“.

Í hinni síðarnefndu „að hafa aðfaranótt sunnudagsins 5. september 1993 brotist inn í Miðbæjarradíó að Hverfisgötu 18 í Reykjavík, tekið þar til og sett í plastpoka mælitæki, lítið útvarps- og segulbandstæki („vasadiskó“), og nokkur heyrnartól, alls að verðmæti um 30.000 krónur, og síðan fært hlutina að vöruafgreiðsludyrum á bakhlið hússins, þar sem lögregla kom að honum. Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Ákærði óskaði ekki skipunar verjanda. Þar sem dómarinn taldi hann uppfylla skilyrði niðurlagsákvæðis 34. gr. laga nr. 19/1991, flutti hann mál sitt sjálfur. Að leiðbeiningu dómarans krafðist hann vægustu refsingar.

Ákærði hefur játað verknaði þá sem honum eru gefnir að sök í ákærum, þó þannig að hann kveður hassið hafa verið ætlað til eigin neyslu, og LSD-skammtana, sem hann kveðst hafa fengið gefins skömmu fyrir brottför sína frá Amsterdam, kveðst hann ekki hafa vitað hvað hann ætti að gera við, hann hafi ekki ætlað að selja þá.

Hann ber við algjöru minnisleysi um að hafa tekið til og sett í plastpoka muni þá, sem greindir eru í síðari ákæru, en kveðst muna eftir því, er öryggisverðir Securitas komu að honum á vettvangi. Hann leggur áherslu á að hann hafi þá enga mótspyrnu veitt og nefnt það við öryggisverðina að „kalla bara á lögreglu“. Er sú fullyrðing ákærða studd framburði öryggisvarðanna.

II.

Miðvikudaginn 27. janúar 1993 barst ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík tilkynning frá tollvörðum á bögglapóststofunni í Ármúla um, að þar hefði fundist póstsending sem innihéldi hassefni. Er lögreglumenn komu á staðinn, var þeim afhent brúnt, fóðrað umslag, og var utanáskriftin: TO ART TATTOO, P.O. BOX 460, 221 HAFNARF., ICELAND. Sendandi póstsendingarinnar var eigi tilgreindur, en á fylgiseðli, er límdur var á umslagið, var innihald þess sagt vera „photos“. Í umslaginu reyndist vera vasaljós og ljósmyndaalbúm, með tveimur póstkortum með myndum beggja vegna af fólki með húðflúr, eitt stakt póstkort með húðflúrsmynd og 19 ljósmyndir. Mátti þekkja ákærða í máli þessu á flestum ljósmyndanna. Ákærði var rétthafi pósthólfs þess, er skráð var sem viðtökustaður sendingarinnar. Við nánari skoðun á vasaljósinu kom í ljós, að í hólfi þess fyrir rafhlöður var vöndull pakkaður inn í plast, og reyndist hann innihalda svart hass, sem við vigtun reyndist 17,4 g. Við nánari skoðun á ljósmyndaalbúminu fundust síðan 50 skammtar af LSD, sem faldir höfðu verið á milli póstkorta, er límd höfðu verið saman, og þannig komið fyrir í albúminu. Við rannsókn á Rannsóknastofu háskólans í lyfjafræði kom í ljós, að framangreindir 50 skammtar innihéldu fíkniefnið lýsergíð, sem einnig er nefnt LSD, 22,5 míkrógrömm hver skammtur.

Ákærði játaði þegar við yfirheyrslu lögreglu, að hinn 8. janúar 1993 hefði hann farið til Amsterdam í Hollandi, keypt þar 100 g af hassi, reykt hluta af því sjálfur, meðan á dvölinni stóð, en átt eftir um 15-20 g af hassi, er hann hélt heimleiðis þann 21. janúar. Kvaðst hann þá hafa komið hassinu fyrir í litlu vasaljósi, sem hann hefði keypt, og komið vasaljósinu fyrir í umslagi ásamt ljósmyndaalbúmi; hefði síðan póstsent pakkann frá Amsterdam á eigið pósthólf á pósthúsinu í Hafnarfirði. Ákærði kvaðst hafa ætlað hassið til eigin nota. Fyrir dómi var framburður ákærða um þessi atvik öldungis óbreyttur.

Ákærði kvaðst við lögreglurannsókn eigi kannast við LSD-skammta þá, sem fundust við rannsókn málsins, milli samanlímdra póstkorta í ljósmyndaalbúmi. Hann kvaðst hafa fengið myndaalbúmið að gjöf frá kunningja sínum, er hann vildi ekki nafngreina. Þá kvaðst ákærði eigi vilja tilgreina þann mann sem tekið hefði þær ljósmyndir, er myndaalbúmið hafði að geyma. Hann kvaðst þó kannast við að myndirnar hefðu verið teknar af sér í þessari utanferð.

Við dómsrannsókn viðurkenndi ákærði að hafa komið umræddum LSD-skömmtum fyrir svo sem að framan greinir og póstsent sjálfum sér hingað til lands, vitandi um hvaða efni var um að ræða. Hann kvaðst hafa fengið skammtana að gjöf skömmu áður en hann hélt heimleiðis, ekki vitað, hvað hann átti að gera við þá og því af einhverjum óskýrgreindum ástæðum póstlagt þá með hassinu. Hann kvaðst ekki geta tilgreint gefandann. Hann þvertók fyrir, bæði að hafa ætlað efnið til sölu og enn fremur að hafa ætlað að neyta þess sjálfur, sagðist vera á móti LSD, hafa sjálfur prófað það fyrir um 20 árum og hafa séð á eftir kunningja sínum vegna neyslu þessa efnis.

III.

Aðfaranótt sunnudagsins 5. september 1992 kl. 5.09 var lögregla kvödd að versluninni og viðgerðastofunni Miðbæjarradíói að Hverfisgötu 18 í Reykjavík. Er lögreglumenn komu á vettvang hittu þeir þar fyrir tvo starfsmenn Securitas ásamt Helga Aðalsteinssyni, ákærða í máli þessu. Skýrðu starfsmenn Securitas svo frá, að þeir hefðu komið að Helga, þar sem hann stóð í dyragætt baka til í húsinu, í einhvers konar vöruafgreiðsludyrum. Kváðu þeir Helga hafa hoppað niður og óskað eftir því að haft yrði samband við lögreglu.

Samkvæmt vettvangsskýrslu lögreglumanna hafði verið brotin rúða á bakhlið hússins og greinilegt, að sá sem það hafði gert, hafði skorið sig, því að blóð hafi verið á gluggakarmi og víðar. Í dyragættinni kváðust lögreglumennirnir hafa fundið plastpoka með blóði á, sem innihélt mælitæki, lítið útvarps- og segulbandstæki (vasadiskó) og nokkur heyrnartól. Helgi hafi verið með pappír vafinn um fingur á vinstri hendi og verið greinilegt að blætt hafði mikið úr hendinni. Ekki fundu lögreglumenn þýfi á Helga og neitaði Helgi því, að hann hefði brotist þarna inn.

Ákærði skýrði svo frá fyrir lögreglu og dómi, að umrætt kvöld hefði hann verið að neyta áfengis í miðbæ Reykjavíkur og orðið verulega ölvaður. Kvaðst hann hafa gengið bak við hús nr. 18 við Hverfisgötu í því skyni að kasta af sér vatni. Þar hefði sú hugmynd vaknað að fara þar inn. Kvaðst hann hafa brotið rúðu á bakhlið hússins og farið inn um gluggann. Við það hafi hann skorið sig á hendi. Næst kvaðst ákærði hafa munað eftir sér, er hann heyrði raddir tveggja manna fyrir utan húsið. Ákærði kvaðst hafa séð starfsmenn Securitas fyrir utan húsið og kvaðst hafa gefið sig fram við þá og óskað eftir því að þeir kölluðu til lögreglu.

Vitnin Guðjón Benfield, starfsmaður Securitas, og Einar Ólafsson, verslunarmaður í Miðbæjarradíói, hafa gefið skýrslur hér fyrir dómi.

Guðjón skýrði meðal annars frá því, að hann hefði ásamt starfsfélaga sínum orðið var mannaferða í áðurnefndu húsi umrædda nótt. Skömmu síðar hefði ákærði birst í nokkurs konar vöruafgreiðsludyrum á bakhlið hússins og möglunarlaust gefið sig öryggisvörðum á vald og óskað eftir því að lögregla yrði kölluð til.

Vitnið Einar skýrði meðal annars svo frá, að aðkoman að verslun hans umrædda nótt hefði verið ljót. Rekja hefði mátt blóðslóð eftir innbrotsþjófinn um allt húsið og auk þess hefðu vörur legið á gólfum. Kvaðst Einar muna, að við vöruafgreiðsludyr á bakhlið hússins hefði legið blóðugur plastpoki með áðurgreindum munum í.

Fyrir lögreglu og hér fyrir dómi kvaðst ákærði ekki muna eftir því að hafa safnað saman í plastpoka munum og sett pokann þar sem hann fannst. Ákærði vefengdi þó ekki, að hann hefði verið þarna að verki.

IV.

Auk nokkurra dóma og dómsátta vegna brota á áfengislögum og umferðarlögum hefur ákærði hlotið eftirtalda fangelsisdóma fyrir auðgunarbrot og fíkniefnabrot:

Hinn 31.10.1974 í sakadómi Reykjavíkur, 8 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244., 248., 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga.

Hinn 17.2.1975 í Köbenhavns byret, 60 daga fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 285. gr. (refsiramminn fyrir hin grófari auðgunarbrot), sbr. 284. gr. (hylming), sbr. 276. gr. (þjófnaður) hegningarlaga.

Hinn 5.11.1976 í sakadómi Reykjavíkur, ekki gerð sérstök refsing fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

Hinn 17.11.1976 í sakadómi Reykjavíkur, 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244., 246., 155., 248. og 261. gr. almennra hegningarlaga.

Hinn 22.8.1978 í sakadómi Reykjavíkur, sátt, 210.000 króna sekt fyrir brot gegn lögum nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og reglugerð nr. 390/1974.

Hinn 18.10.1978 í sakadómi Reykjavíkur, 7 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 155., 244., 248., 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga.

Hinn 15.1.1980 í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum, 3ja mánaða fangelsi og 150 þúsund króna sekt fyrir brot gegn lögum nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og reglugerð nr. 390/1974.

Hinn 25.6.1984 í sakadómi Ísafjarðar 18 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga, staðfest með dómi Hæstaréttar 8.3.1985. Reynslulausn í 2 ár á 280 dögum hinn 18. 12. 1985.

Hinn 30.12.1986 í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum, sátt, sekt kr. 8.500 fyrir brot gegn lögum nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og reglugerð nr. 16/1976.

Loks var ákærði dæmdur í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum hinn 27. febrúar 1987 í fangelsi í 2 ár og 9 mánuði fyrir brot á lögum nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og reglugerð nr. 16/1986 með því að hafa í apríl 1986 keypt í Amsterdam og látið annan mann flytja til landsins gegn fégjaldi 340 gr af amfetamíni, sem dómfelldi Helgi viðurkenndi að hann hefði ætlað til sölu hérlendis. Í dómi þessum var einnig dæmt um rof á skilorði reynslulausnar í 2 ár hinn 18.12.1985 af eftirstöðvum refsingar, 280 daga fangelsi, samkvæmt dómi Hæstaréttar frá 8. 3. 1985.

Hæstiréttur staðfesti síðastgreindan dóm sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum frá 23.2.1987 með dómi sínum hinn 3. desember 1987 að öðru leyti en því, að fangelsisrefsing var stytt í 2 ár. Dómar þessir voru óskilorðsbundnir bæði í héraði og í Hæstarétti.

Dómþoli fékk hinn 3.10.1989 reynslulausn í 2 ár á 360 dögum refsingar samkvæmt síðast greindum dómi Hæstaréttar. Skilorðstími reynslulausnarinnar var því liðinn, er fíkniefnabrot það, sem ákært er fyrir í máli þessu, var framið í janúar 1993, en dómurinn hefur ítrekunaráhrif samkvæmt 7. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 3. mgr. 71. gr. laga nr. 19/1940.

V.

Með játningu ákærða, sem studd er fram lögðum lögregluskýrslum og framburði lögreglumannanna Gunnlaugs Valtýssonar, Snorra Magnússonar og Hákonar Sigurjónssonar hér fyrir dómi, er sannað að ákærði flutti til landsins í janúar 1993 17,4 g af hassi og 50 skammta af LSD. Ákærði hefur viðurkennt að um ásetningsbrot hafi verið að ræða.

Sá framburður ákærða, að hann hafi ætlað hassið til eigin neyslu, er trúverðugur.

Ákærði hefur lýst því fyrir dómi að hann hafi ekki ætlað LSD-skammtana til eigin neyslu.

Einum manni er ekki ætlandi að neyta 50 skammta af LSD án þess að eiga á hættu að bíða varanlegt og verulegt heilsutjón, jafnvel þótt neyslunni væri dreift á langt tímabil. Um þetta var ákærða greinilega kunnugt.

Að þessu athuguðu og með því að ákærði hefur áður og þá á grundvelli eigin játningar verið dæmdur fyrir innflutning amfetamíns, sem hann ætlaði til sölu, þá þykir ekki varhugavert, þótt nær 7 ár væru liðin frá fyrra broti, er það síðara var framið, að byggja á því að ákærði hafi öðrum þræði ætlað umrædda LSD-skammta til dreifingar og sölu. Fíkniefnabrot hans er því réttilega heimfært til refsiákvæða í ákæru.

Ákærði hefur viðurkennt innbrot það sem honum er gefið að sök í ákæru. Með vísan til fram lagðra lögregluskýrslna, sem studdar eru framburði öryggisvarðarins Guðjóns Benfields og forsvarsmanns Miðbæjarradíós, Einars Ólafssonar, hér fyrir dómi, telst ákærði hafa gerst sekur um fullframið þjófnaðarbrot sem réttilega er heimfært til refsiákvæðis í ákæru.

Samkvæmt þessu og með hliðsjón af sakaferli ákærða þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 2 ár.

Upptæk skulu til ríkissjóðs 17,4 g af hassi og 50 skammtar af LSD, sem lögregla lagði hald á við rannsókn málsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, kr. 30.000,00, til ríkissjóðs.

Dómsorð:

Ákærði, Helgi Aðalsteinsson, sæti fangelsi í 2 ár. Upptæk skulu til ríkissjóðs 17,4 g af hassi og 50 skammtar af LSD, sem lögregla lagði hald á við rannsókn málsins.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000,00 krónur.

Fimmtudaginn 9. júní 1994.

Nr. 397/1991. **Bjarki Þór Guðmundsson og**
Erla Kristín Sigurðardóttir
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
Davíð Helgasyni og
Báru Einarsdóttur
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Fasteignakaup. Gallar. Riftun. Afsláttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. október 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 13. september sama ár. Krefjast þau aðallega sýknu af kröfum stefndu, viðurkennd verði með dómi riftun á kaupsamningi aðila 20. febrúar 1989 um íbúð á efri hæð hússins að Laufási 4, Garðakaupstað, og að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða 2.058.363,90 krónur ásamt hæstu innlánsvöxtum hjá innlánsstofnunum frá 20. febrúar 1989 til greiðsludags, eins og nánar er tilgreint í kröfugerð. Til vara krefjast þau þess, að stefndu verði in solidum dæmd til greiðslu skaðabóta eða afsláttar, að fjárhæð 1.071.260 krónur, ásamt sams konar vöxtum frá 6. október 1990 til greiðsludags. Þá krefjast þau málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í héraðsdómi er gerð grein fyrir göllum á íbúð á efri hæð hússins að Laufási 4 í Garðakaupstað, sem áfrýjendur bera fyrir sig og telja stefndu bera ábyrgð á. Hús þetta var byggt á árinu 1953, en á þeim tíma hafði byggingarsamþykkt ekki verið sett fyrir sveitarfélagið, sem þá var Garðahreppur.

Aldur hússins, útlit þess og upplýsingar, sem stefndu létu áfrýjendum í té um ástand þess, gáfu þeim tilefni til rækilegrar skoðunar á húsinu áður en kaup væru ráðin. Samkvæmt frásögn áfrýjenda virðist skoðun sú, sem fram fór, hafa verið næsta yfirborðsleg. Áfrýjendur máttu gera sér grein fyrir því, er þau keyptu íbúð í svo gömlu húsi, að verulega kynni að skorta á, að fullnægt væri þeim kröfum, sem síðar voru gerðar um einangrun húsa. Hefur ekki verið sýnt fram á, að einangrun íbúðarinnar hafi verið lakari en búast mátti við í jafngömlu húsi. Sú málsástæða, að íbúðin hafi verið óíbúðarhæf vegna kulda, er ósönnuð, enda í henni búið frá upphafi. Sprungur á útveggjum hússins, sem lýst er í héraðsdómi, gátu ekki dulist áfrýjendum við eðlilega skoðun.

Með hliðsjón af framansögðu, en að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms, sem ekki var gagnáfrýjað, má fallast á niðurstöðu hans um afslátt. Samkvæmt því verður dómurinn staðfestur, þó þannig, að áfrýjendur verða dæmd til að greiða stefndu málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti í einu lagi, eins og nánar greinir í dómsorði. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur um annað en málskostnað.

Áfrýjendur, Bjarki Þór Guðmundsson og Erla Kristín Sigurðardóttir, greiði stefndu, Davíð Helgasyni og Báru Einarsdóttur, 300.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Garðakaupstaðar 29. maí 1991.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 3. maí sl., er höfðað hér fyrir dóminum í aðalsök með stefnu, birtri 5. febrúar 1990.

Aðalstefnendur eru Davíð Helgason, kt. 020662-3289, og Bára Einarsdóttir, kt. 170467-3459, bæði til heimilis að Kirkjugerði 12, Vogum.

Aðalstefndu eru Bjarki Þór Guðmundsson, kt. 230666-3509, og Erla Kristín Sigurðardóttir, kt. 290667-3219, bæði til heimilis að Flókagötu 2, Hafnarfirði.

Dómkröfur aðalstefnenda eru þær, að aðalstefndu verði dæmd til að greiða kr. 1.440.692,00 með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum og málskostnaði].

Í aðalsök krefjast aðalstefndu sýknu af öllum kröfum stefnenda og að stefnendur verði dæmd til að borga aðalstefndu málskostnað [...].

Í gagnsök, sem þingfest var 28. janúar 1991, gera gagnstefnendur, Bjarki Þór og Erla Kristín, þá kröfu aðallega, að viðurkennd verði með dómi riftun á kaupsamningi aðila, dags. 20. febrúar 1989, og að gagnstefndu, Davíð og Bára, verði dæmd til að greiða gagnstefnendum kr. 2.058.362,90 ásamt dráttarvöxtum [...].

Til vara krefjast gagnstefnendur þess, að gagnstefndu verði dæmd til þess að greiða gagnstefnendum skaðabætur og/eða afslátt af kaupverði íbúðarinnar Laufási 4, Garðakaupstað, að fjárhæð kr. 1.071.260,00, með vöxtum [...].

Í málflutningi breyttu gagnstefnendur aðal- og varakröfu sinni þannig, að í stað hæstu innlánsvaxta verði gagnstefndu dæmd til að greiða dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987.

Þá krefjast gagnstefnendur málskostnaðar [...].

Af hálfu gagnstefndu eru þær dómkröfur gerðar í gagnsök, að þau verði sýknuð af öllum kröfum gagnstefnenda og að þau verði dæmd til að greiða gagnstefndu málskostnað í gagnsök [...].

Málin voru sameinuð í þinghaldi 28. janúar sl. og aðalsök og gagnsök sóttar og varðar sem eitt og sama mál í samræmi við 49. gr. laga nr. 85/1936.

Sáttaumleitanir fyrir dómi reyndust árangurslausar.

I.

Aðalsök.

Stefnendur kveða málavexti þá í aðalsök, að þau hafi selt stefndu efri hæð húseignarinnar nr. 4 við Laufás í Garðakaupstað með kaupsamningi, dags. 20. febrúar 1989. Heildarkaupverð eignarinnar hafi verið kr. 4.200.000,00, sem greiða skyldi með fimm peningagreiðslum fram til 1. febrúar 1990, samtals að fjárhæð kr. 3.440.692,00, og yfirtöku áhvílandi veðskulda samtals að fjárhæð kr. 759.308,00. Síðustu tvær peningagreiðslurnar skyldu fara fram 5. febrúar 1989, kr. 1.000.000,00, og 5. febrúar 1990, kr. 340.692,00. Þessar tvær síðustu afborganir hafi stefndu ekki greitt og hafi áskoranir á þau reynst árangurslausar. Sé málsókn þessi því óhjákvæmileg.

Stefnendur kveða, að daginn áður en afborgun kr. 1.000.000,00 skyldi greidd 5. desember 1989, hafi stefndu kvartað um það, að hin selda eign væri gölluð. Eftir að sú afborgun hafi verið komin í vanskil og lögmaður stefnenda hafi bréflega krafið stefndu um greiðslu afborgunarinnar, hafi lögmaður stefndu ritað svarbréf, þar sem fjallað var um ætlaða galla. Það bréf sé dagsett 5. janúar 1990, en sent 10. s.m. Með bréfi, dags. 12. janúar, hafi þessum sjónarmiðum verið mótmælt af hálfu stefnenda sem efnislega röngum og of seint fram komnum.

Stefndu kveða málavexti þá í aðalsök að þau hafi skoðað íbúðina tvisvar, en engin skoðun hafi farið fram á henni að utan, þar sem veður voru vond á þessum tíma og snjóar miklir, auk þess sem skoðun hafi farið fram í svartasta skammdegi í febrúar að kvöldi til. Þar af leiðandi hafi stefndu fyrst og fremst stuðst við lýsingu stefnenda á húsnæðinu, en búið hafi verið að taka íbúðina í gegn að innan eins og hún reyndar hafi borið með sér, og jafnframt hafi átt að vera búið að framkvæma sprunguviðgerðir að utan og húsið átt að vera tilbúið undir málningu að utan. Stefnendur hafi tiltekið galla á eigninni og skýrt svo frá, að eldhússgluggi læki, auk þess sem þvottahússþak og bílskúrsþak lækju. Jafnframt hafi stefnendur upplýst stefndu um að engar þakrennur væru á húsinu. Þessi lýsing hafi átt vel við ástand eignarinnar miðað við þá skoðun sem kaupendur framkvæmdu, en við innganginn í íbúðina hafi greinilega mátt sjá sprunguviðgerðir. Jafnframt hafi þessi lýsing virst sannfærandi og heiðarleg, þar sem gallar voru tilgreindir, jafnvel þótt þeir teldust ekki stórvægilegir. Ekki hafi komið fram hjá stefnendum, hvorki er þau sýndu íbúðina né heldur við kaupsamningsgerð, neitt annað sem gefið hafi stefndu til kynna að íbúðin væri ekki í góðu ástandi að öðru leyti og sú lýsing, sem áður er getið um, ætti við.

Hinn 20. maí 1989 hafi stefndu fengið íbúðina afhenta, og í annarri viku júní hafi þau flutt inn. Það sumar hafi verið mikið vinnuálag hjá stefndu og því ekki komið til þess að þau færu út til þess að ljúka endurbótum með því að mála húsið. Seinni hluta ágústmánaðar hafi stefnandi Davíð komið til stefndu til að ná í póst er hafði borist honum með gamla heimilisfanginu. Við það tækifæri hafi Davíð upplýst, aðspurður um sprungur í austurgafli, að ekki þýddi að mála hann heldur þyrfti að heilklæða hann. Um svipað leyti hafi komið fram leki í glugga á austurgafli, og þegar viðgerð á honum hafi farið fram í september hafi komið í ljós að gaflinn var mjög illa farinn. Stefndu hafi þá óskað eftir því við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, að framkvæmt yrði mat á þeirra vegum á því hvað gera þyrfti til að lagfæra útveggi hússins. Niðurstaða þeirrar skoðunar hafi verið sú, að loftræst klæðning væri varanlegasta lausnin á þeim göllum sem á eigninni væru, en einnig væri möguleiki að brjóta upp molnaða steypu og endursteypa.

Fljótlega eftir að stefndu tóku við íbúðinni hafi þau orðið þess vör, að skorkvikindi voru í húsinu og samkvæmt athugun heilbrigðisfulltrúa Garðakaupstaðar væri um silfurskottur að ræða. Er stefndu inntu íbúa neðri hæðar eftir því hvort hann kannaðist við skorkvikindi þessi, hafi komið fram að silfurskottur höfðu um langt skeið verið mikið vandamál í húsinu og þó alveg sérstaklega á efri hæð. Gerðar hafi verið margar tilraunir til að ráða á þessu bót, en án árangurs.

Í lok nóvember 1989 hafi gert miklar frosthörkur á suðvesturhorni landsins. Á þeim tíma hafi stefndu orðið ljóst, að húsnæði það, sem þau höfðu keypt, var ekki íbúðarhæft. Virtist sem það væri algjörlega óeinangrað, þar sem kuldinn var svo mikill í íbúðinni að þau hafi þurft að flytja út. Þau hafi óskað eftir fundi með stefnendum og hafi hann verið haldinn 4. desember á fasteignasölu þeirri er annaðist sölu íbúðarinnar, Hraunhamri hf. Fram hafi komið hjá stefnendum að þau hefðu vitað um hve illa íbúðin væri einangruð, en ekki upplýst stefndu um þann galla. Þá hafi einnig komið fram á þessum fundi hjá stefnendum, að múrari hefði tjáð þeim, áður en íbúðin var seld, að austurgafl hússins væri ónýtur og nauðsynlegt væri að heilklæða hann. Í framhaldi af þessum fundi hafi stefndu haldið eftir greiðslu til stefnenda þann 5. desember 1989, að fjárhæð kr. 1.100.000,00. Hinn 15. desember 1989 hafi lögmaður stefnenda ritað stefndu bréf þar sem hann krafðist greiðslu á afborguninni 5. desember ásamt vöxtum og kostnaði. Lögmaður stefndu hafi svarað því bréfi 10. janúar og jafnframt óskað eftir því að stefnendur samþykktu riftun á kaupsamningi aðila í ljósi þeirra galla, sem fram hefðu komið á íbúðinni, eða a.m.k. samþykktu að greiða bætur vegna viðgerða á eigninni. Því hafi stefnendur með öllu hafnað í bréfi, dags. 12. janúar 1990. Þegar hér var komið höfðu komið fram enn nýir gallar á íbúðinni, þar sem komið hafi fram leki í norðurglugga stofu og glugga í hjónaherbergi. Einnig hafi verið orðið ljóst, að þær steypuviðgerðir, sem framkvæmdar höfðu verið á húsinu, voru nú ónýtar. Með bréfi, dags. 30. janúar 1990, hafi stefndu tilkynnt stefnendum að þau hefðu rift kaupsamningi aðila einhliða vegna þeirra galla sem fram hefðu komið á eigninni. Stefnendum hafi verið birt bréf þetta með stefnuvottum.

Gagnsök.

Til viðbótar málavaxtalýsingu sinni í aðalsök kveða stefndu, að um svipað leyti og fram hafi komið leki í glugga á austurgafli og þegar viðgerð á honum hafi farið fram í september, hafi komið í ljós, að gaflinn var mjög illa farinn. Í beinu framhaldi af því hafi þau óskað eftir við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins að framkvæmt yrði mat á þeirra vegum, hvað gera þyrfti til að lagfæra útveggi hússins. Þau hafi hins vegar þurft að bíða í tvo mánuði eftir að skoðun færi fram. Beiðni þeirra hafi verið sett fram í september 1989, en skoðun hafi verið framkvæmd 17. nóvember s.á. Í skoðunargerð sinni, sem dagsett sé 28. nóvember 1989, segi Bjarni R. Þórðarson tæknifræðingur:

„Húsið er ein hæð og ris.

Austurveggur er með útbreiddu sprunguneti að utan. Þegar pússning var brotin upp kom í ljós mikill raki í veggnum undir pússningunni, og var morknun komin í steypu af völdum frost-þíðu-áhrifa.

Í norðurvegg eru einstaka stakar sprungur út frá gluggum. Yfir glugga í viðbyggingu er lárétt sprunga sem fyllt hefur verið með þéttiefni og síðan pússað yfir. Pússningin í sprungunni er að springa upp.

Á vesturhlið eru stakar sprungur sem gert hefur verið við, og eru viðgerðir að springa upp.

Á suðurhlið má sjá sprungunet og stakar sprungur. Sumir gluggar á neðri hæð eru fúnir og ónýtir.

Ryðgöt eru í þakjárni við þakbrún. Að sögn eiganda hafði orðið vart við rakapöddur í íbúðinni, en ekki varð þeirra vart við skoðun nú.

Í risi hafa verið settar plötur neðan við glugga utan á fyrri klæðningu.

UMSÖGN

Eins og fram kemur hér að framan eru talsverðar skemmdir komnar fram í útveggjum hússins.

Þar sem miklar skemmdir eru komnar fram er varanlegasta lausnin loftræst klæðning.

Einnig er hægt að brjóta burt morkna og molnaða steypu og endursteypa.

Sprungur, sem ekki eru á hreyfingu, er hægt að gera við með sementsbundnum viðgerðarefnum, en sprungur, sem eru á hreyfingu, þarf að gera við með elastískum fúguefnum.“

Þegar í ljós hafi komið, að stefnendur vildu ekki bæta úr fram komnum göllum, og ljóst var orðið, að þau samþykktu ekki riftun kaupanna, hafi gagnstefnendur óskað eftir dómkvaðningu matsmanna þann 2. mars 1990 til þess að meta þá galla sem fram voru komnir. Í matsbeiðni hafi gagnstefnendur óskað eftir að matsmenn létu í té skriflegt og rökstutt álit um eftirfarandi:

„1. Ástand útveggja húseignarinnar, hvort nauðsynlegt sé að fara út í viðgerðir á útveggjum og þá hvers konar viðgerð sé nauðsynleg og hvað mikið hún komi til með að kosta. Rétt er að matsmenn taki jafnframt afstöðu til þess, hvort unnt sé að bæta úr því, sem áfátt sé um ástand íbúðarinnar, með því að gera við hana eina eða hvort viðgerð á allri húseigninni sé nauðsynleg eða óhjákvæmileg.

2. Hvort einangrun íbúðarinnar (þaks og veggja) sé fullnægjandi, og ef svo er ekki, hvað gera þurfi til að bæta úr því og hvað það muni kosta.

3. Hvort silfurskottu sé að finna í íbúðinni, og ef svo er, þá af hvaða

ástæðu hún þrífst þar, hvort hægt sé að uppræta hana og þá með hvaða hætti og hvað það muni kosta.

4. Hvort frágangur á gleri og gluggum í íbúðinni, sem eru nýlega ísettir, sé fullnægjandi, sérstaklega með tilliti til leka, og ef ekki, þá hvað þurfi til að lagfæra það og hvað það muni kosta.
5. Hvort jarðvegur í lóðinni sé á svo mikilli hreyfingu að ekki sé hægt að stunda þar venjulega garðrækt, og ef svo er, hvað sé hægt að gera til að ráða á þessu bót og hvað það muni kosta.“

Upplýst hefur verið í málinu að húsið Laufás 4 var byggt 1953. Í matsgerð matsmannanna dr. Ragnars Ingimarssonar byggingarverkfræðings og Magnúsar Guðjónssonar húsasmíðameistara, dags. 6. okt. 1990, segir m.a.:

„Á síðustu tveim mánuðum hafa matsmenn ítrekað (sic) skoðað húsið og umrædda íbúð sérstaklega. Gerðar voru athuganir á frágangi útveggja m.a. með því að gera göt í innra byrði gaflveggja. Þegar lýst var í gegnum umrædd göt á austurveggnum virtist af borðförum að efsti hluti útveggsins (spíssar) hefði verið steyptur í mótum. Af myndum 3 og 6 virðist hins vegar mega draga þá ályktun að neðri hluti þessa veggs sé hlaðinn. Frágangur gaflveggsins að innan er með tvennum hætti. Í syðri helmingi er 5–6 cm loftbil næst útveggnum, en innra byrðið er hlaðið og múrhúðað 7–8 cm þykkt, í nyrðri helmingi virðist timburgrind hafa verið fest á útvegginn, einangrað með 5–6 cm steinull og því næst múrhúðað á hænsnanet. Athugun á vesturveggnum benti til að hann hefði verið einangraður með 5 cm frauðplasti og því næst múrhúðaður.

Íbúðarrými er þiljað af með u.þ.b. 90 cm háum veggjum (milli gólfs og þaks), sem ná eftir húsinu endilöngu. Rýminu, sem myndast milli þessara veggja og portveggja (steinsteyptir útveggir), var skipt að endilöngu með fjölum, a.m.k. þar sem að varð komist að skoða. Næst útveggjunum hafði verið fyllt með steinull en nær íbúðarrýminu var lögnum komið fyrir. Ekki varð séð að nein loftræsting væri frá þakskeggi upp eftir þakinu. Reyndar má einnig sjá á mynd 10, sem tekin er upp undir þakskegg á norðurhlið, að vel hefur verið þétt við þakklæðninguna. Hins vegar er hugsanlegt að loftræsting sé inn um þakskegg kvista, en matsmenn komust ekki til að sjá hvort svo væri.

Kvistveggir (gluggaveggir) reyndust aðeins einangraðir með sementspokum (6 cm) og plötuklæddir að innan.

Skoðun á loftrými (skammbitalofti) leiddi í ljós, að yfir lofti íbúðarinnar er mjög lítil einangrun – aðeins óverulegt magn steinullar á hluta þess. Þakklæðning bar með sér að nokkuð hafði lekið niður í hana og var hún sums staðar rök.

Eins og fram er komið, upplýstu matsbeiðendur að ekki læki lengur með austurglugga. Ekki gátu matsmenn staðfest leka með gleri. Gluggar í húsinu eru sjáanlega lúnir, en ekki varð séð að ísetningu glers væri neitt sérstaklega áfátt.

Við skoðun á vettvangi hafa matsmenn ekki komið auga á silfurskottur. Þessi kvikindi eru ljósfælin, halda sig í raka og verður helst vart þegar ljós eru skyndilega kveikt. Þegar húsið hefur verið þétt og einangrað má ætla að þessi óföngnuður hverfi.

Skoðun á lóð gaf ekki tilefni til að ætla að jarðskrið væri sérstakt á lóðinni. Nokkur hæðarmunur er á umræddri lóð og hinni næstu fyrir norðan. Við svona aðstæður er óhjákvæmilegt að móta lóðina við mörkin með tilliti til þessa. Segja má að lóðin Laufás 4 sé að verulegu leyti ófrágengin og í órækt.

Niðurstöður matsmanna.

Eftirfarandi töluliðir vísa til tölumerktra liða í matsbeiðninni:

1. Eins og fyrr er nefnt og sjá má af myndum 1–8 er ástand útveggja nokkuð mismunandi. Nokkuð hefur verið gert við af sprungum á viðbyggingu við vesturgafl aðalbyggingarinnar. Langhliðar hússins eru í sæmilegu ástandi. Á vesturgafli er hluti veggjarins með töluverðum útfellingum og þarfnast viðgerðar. Austurgafl er illa farinn, mikið er um sprungur í honum og víða úr honum kvarnað. Gera þarf við þennan gafl í heilu lagi. Matsmenn telja eðlilegt að viðgerðir fari fram með þeim hætti, að málning verði fjarlægð af húsinu, lokið verði sprunguviðgerðum og þeir fletir, sem verst eru farnir, endurnýjaðir. Að lokum yrði húsið málað. Kostnað við framkvæmdir metum við á kr. 322.000,00 – þrjú hundruð tuttugu og tvö þúsund krónur. Hlutdeild matsbeiðanda í þessum kostnaði yrði samkvæmt reglum um sameiginlegt viðhald utanhúss í beinu hlutfalli við eignarhluta hans í húseigninni.
2. Matsmenn telja, að einangrun gaflveggja hafi á þeim tíma, sem húsið var byggt, náð að fullnægja kröfum sem gerðar voru til einangrunar. Öðru máli gegnir um einangrun kvistveggja og lofts. Einangrun og frágangur þessara flata er með öllu óviðunandi og hefði verið talinn það þegar húsið var byggt. Til að endurbæta einangrun kvistveggja og þaks og koma á viðhlítandi loftun í þakinu er óhjákvæmilegt að fjarlægja nær alla klæðningu úr loftum og af langveggjum, taka niður eldhússinnréttingu og hluta af innréttingum á baði. Opna þarf útloftunarleið í þakinu, en því næst koma fyrir vindtappa, einangrun, raka-

varnarlagi og að lokum nýrri loft- og veggklæðningu. Setja þarf upp á nýtt eldhúss- og baðinnréttingar, og að lokum verður að endurmála alla íbúðina. Kostnað við ofangreindar aðgerðir metum við á kr. 965.000,00, – níu hundruð sextíu og fimm þúsund krónur.

3. Eins og fram er komið gátu matsbeiðendur ekki bent matsmönnum á nefndar silfurskottur og þrátt fyrir leit sáu matsmenn þær ekki.
4. Ekki gátu matsmenn staðreynt leka í gluggum. Gluggar eru hins vegar fremur lélegir og farnir töluvert að láta á sjá. Matsmenn telja ekki tilefni til að taka gluggafrágang til sérstaks mats.
5. Matsmenn telja ekki að jarðvegur á lóðinni sé á svo mikilli hreyfingu að þar megi ekki stunda venjulega garðrækt.“

Stefndu kveða málavexti þá í gagnsök, að gagnstefnendur hafi komið tvisvar til að skoða hið selda húsnæði. Þau hafi skoðað það bæði að utan og innan. Sprunguviðgerðir hafi aðeins verið á viðbyggingu, þ.e. á anddyri, þvottahúsi og bílskúr. Við skoðun hafi Bjarka verið bent á sprungur á austurgafli hússins, þær sprungur hafi raunar verið augsýnilegar, jafnvel úr nokkurri fjarlægð frá húsinu. Stefndu hafi búið í húsinu í u.þ.b. eitt ár og þau hafi ekki orðið vör við nein skorkvikindi í húsinu meðan þau bjuggu þar. Að því er hita í íbúðinni varðar, telji þau, að hiti hafi verið góður í herbergjum, en hefði mátt vera meiri í stofu. Það hafi verið nefnt við stefnendur að sennilega þyrfti stærri ofna í stofu.

Á fundi aðila 4. desember 1989 hafi fyrst komið fram kvartanir gagnstefnenda. Stefndi Davíð hafi boðist til þess að koma til móts við kvartanir þeirra með því að leggja til vinnu við að klæða austurgaflinn og taka einhvern þátt í efniskostnaði við það. Boð Davíðs um þátttöku í lagfæringum á austurgafli hafi vitaskuld verið byggt á því að gagnstefnendur efndu kaupsamninginn að sínu leyti varðandi afborgun að upphæð kr. 1.100.000,00.

Á dskj. nr. 11 komi fram, að stefndu höfðu fengið afslátt af kaupverði íbúðarinnar vegna galla á henni þegar þau keyptu á sínum tíma. Þessi afsláttur hafi verið veittur vegna galla þeirra sem sérstaklega eru taldir upp í kaupsamningi aðila þessa máls, þ.e. vegna leka á bílskúrsþaki, þvottahússþaki og með eldhússglugga.

Stefnendur, Davíð og Bára, skýrðu svo frá fyrir dómi, að þau hefðu flutt inn í íbúðina í maí 1988 og flutt út úr henni í apríl 1989. Þau hafi leigt íbúðina um tveggja mánaða skeið, frá því um miðjan september og fram í nóvember 1988. Stefndu hafi skoðað íbúðina tvisvar, í fyrra skiptið u.þ.b. þrem vikum áður en þau keyptu og í seinna skiptið rétt fyrir kaupdag. Þau hafi verið upplýst um að á stundum gæti verið kalt í stofunni og stefnendur sagt þeim að líkast til væri það út af því hvað ofnarnir væru litlir. Stefnandi Davíð hafi farið út með stefnda Bjarka og skoðað bílskúr og síðan gengið hringinn í kringum húsið. Ekki hafi verið rætt sérstaklega um austurgaflinn í það skiptið, en sprungur verið augljósar. Davíð hafi ekki sagt Bjarka frá því að klæða þyrfti gaflinn, þótt hann hafi vitað, að svo væri. Stefndu hafi fyrst kvartað á fundinum 4. desember, sem hafi verið haldinn að þeirra ósk. Þau hafi kvartað vegna þess að silfurskottur væru í íbúðinni og svo kalt að ekki væri þar búandi. Stefnandi hafi lofað að taka þátt í viðgerðarkostnaði á austurgaflinum og láta eitra fyrir silfurskottum ef kaupendur lofuðu í staðinn að greiða afborgunina daginn eftir, kr. 1.100.000,00. Á fundinum hafi riftun ekki borið á góma. Stefnendur kveðast hafa endurbætt íbúðina eftir að þau keyptu hana, þau hafi skipt um jarðveg fyrir framan húsið, sett nýjar hurðir í að innan, sett teppi á stiga og gang og dúk á barnaherbergi og síðan málað íbúðina að innan. Jafnframt hafi verið gert við sprungur að vestanverðu við inngang, en ekki hafi verið ráðist í sprunguviðgerðir á austurgafli, þar sem augljóst hafi verið að önnur viðgerð myndi ekki duga en klæðning.

Stefndu, Bjarki Þór og Erla Kristín, kváðust hafa skoðað íbúðina fyrst 8. eða 9. febrúar 1989, en staðið stutt við. Það hafi verið að kvöldi til í svartasta skammdegi og veður verið vont. Í seinna skiptið, eru þau skoðuðu, hafi þau skoðað íbúðina betur að innan, en í hvorugt skiptið hafi þau farið út til að skoða. Stefnendur hafi skýrt þeim frá við skoðun, að eldhússgluggi læki, auk þess sem þvottahússþak og bílskúrsþak lækju. Þá hafi þau verið upplýst um að engar þakrennur væru á húsinu. Að öðru leyti hafi þeim ekki verið skýrt frá frekari ágöllum á íbúðinni. Þau hafi ekki verið upplýst um að íbúðin væri stundum köld og í endaðan nóvember hafi þau þurft að flytja út úr íbúðinni vegna kulda. Íbúðin hafi öll litið vel út að innan, enda nýbúið að endurnýja hana. Í ágúst hafi stefnandi upplýst þau um að sprungur væru í austurgaflinum og ekki þýddi að mála hann, heldur þyrfti að heilklæða vegginn. Þau hafi ekki veitt því fyrr athygli hvað austurgaflinn var illa farinn. Í framhaldi af því hafi þau haft samband við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, sem hefði ráðlagt að klæða vegginn eða endurnýja hann. Þegar þau skoðuðu húsið hafi þau séð sprunguviðgerðir við anddyri og á vesturgafli hússins. Davíð hafi sagt þeim við það tækifæri, að búið væri að gera við allt húsið og nú væri bara eftir að mála það að utan. Á fundinum 4. desember á fasteignastofunni hafi stefnendur viðurkennt að hafa gleymt að láta þau vita af kulda í íbúðinni. Gólfkuldi hafi verið í íbúðinni, en það hafi fyrst verið í nóvember sem hafi orðið verulega kalt og svo kalt að þau hafi þurft að flytja út nótt og nótt. Sérhiti sé í íbúðinni og þegar kaldast var hafi ofnarnir verið funheitir, en samt ekki nægilegur hiti. Stefnendur kveðast hafa flutt endanlega út úr íbúðinni í janúar 1989.

Matsmaðurinn Magnús Guðjónsson kom fyrir dóm og skýrði svo frá, að hann teldi, að engin byggingarreglugerð hefði verið í gildi í Garðahreppi á þeim tíma sem húsið var byggt. Úrbætur þær, sem matsmenn leggi til, séu miðaðar við þær kröfur sem gerðar séu í dag, en ekki sé miðað við byggingarsamþykktir í Reykjavík eða Hafnarfirði á þeim tíma, þegar húsið var byggt. Úrbæturnar miðist þó ekki við ýtrustu kröfur, sem gerðar séu nú. Taldi Magnús bersýnilegt, að húsið Laufás 4 hefði verið byggt af vanefnum og kunnáttuleysi á sínum tíma. Það sé augljóst, þegar húsið sé skoðað að utan, t.d. hvernig gengið sé frá þaki og stiga upp í íbúðina á efri hæð, sem sé snarbratt einstigi, sem bendi til þess að húsið hafi tæplega verið teiknað áður en það var byggt. Honum virtist sem fagmenn hefðu ekki staðið að byggingu hússins.

Aðspurður um, hvort ekki hefði verið unnt að stórbæta einangrun íbúðarinnar með því að koma fyrir einangrun á skammbitalofti, kvað hann það nær útilokað, þar sem loftið væri það lágt og þröngt að ekki væri hægt að vinna þar. Væri eina ráðið að rjúfa þakið að utanverðu. Ef til vill hefði dugað að sprauta steinull inn í þekjuna, en það hefði ekki verið vönduð lausn.

Matsmaðurinn dr. Ragnar Ingimarsson skýrði svo frá hér fyrir dómi, að einangrun hefði gersamlega vantað á skammbitaloftið. Einangrun í kringum kvistina hefði einnig verið ófullnægjandi, en þar hefði verið stungið sementspokum inn á milli. Enda þótt engin byggingarreglugerð hafi verið í gildi á þessum tíma fyrir Garðahrepp hafi þessi frágangur verið óviðunandi. Báðir matsmennirnir hafi þekkingu á byggingaframkvæmdum og einangrun húsa á þessum tíma, og taldi hann að einangrun af þessu tagi hefði talist ófullnægjandi árið 1953. Á þeim tíma hefðu menn verið orðnir það meðvitaðir um einangrun og kröfur í því sambandi, að undantekning hefði verið, að gengið væri svo illa frá einangrun sem hér hefði verið gert. Þetta sé eina húsið, sem hann þekki til frá þessum tíma sem sé með algjörlega óeinangrað loft. Algengt hafi verið að nota spæni og með því megi ná alveg sæmilegri einangrun.

Aðspurður um hvort ekki hefði mátt gera einhverjar ódýrari ráðstafanir til þess að bæta einangrun íbúðarinnar, svaraði Ragnar því til, að vissulega hefði svo mátt gera, en niðurstaða þeirra hefði verið, að til þess að einangra af einhverju viti þyrftu úrbætur að vera eins og lagt sé til í matsgerð. Matið sé miðað við hvernig menn myndu ganga frá einangrun í dag, en þó séu ekki gerðar ýtrustu kröfur. Úrbæturnar, sem matsmenn leggi til, séu nokkuð róttæk aðgerð, en myndu endast í langan tíma. Aðspurður um, hvort ekki hefði verið unnt að stórbæta einangrun íbúðarinnar með því að einangra uppi á skammbitaloftinu, svaraði Ragnar því til, að sú spurning hefði vissulega vaknað hjá matsmönnum, en því miður væri loftið svo lítið, að gjörsamlega ómögulegt væri að vinna á því. Þeir hefðu hugleitt, hvort ekki væri unnt að rjúfa þakið að utanverðu og vinna þannig að því að einangra loftið, en horfið frá þeirri hugmynd.

Austurgaflinn hafi verið mjög illa farinn, sprungur augljósar og byrjað að molna úr sumum þeirra. Húsið beri auk þess með sér að það sé ekki vandað, t.d. frágangur á þaki. Járn á þaki sé í bútum og pörtum og því augljóst að það hefur verið gert af vanefnum.

Hlöðver Kjartansson hdl. var í forsvari fyrir fasteignastofuna Hraunhamar hf. á þessum tíma. Hann kvað stefndu hafa haft samband við sig út af ástandi hússins og hann hafi komið á fund með aðilum 4. desember 1989. Hann kvaðst muna það, að á þessum fundi hefði því verið beint til stefnanda Báru að kalt væri í íbúðinni og hún hefði ekki upplýst stefndu um það, er íbúðin var seld. Á fundinum hefði Bára kannast við, að kalt hefði verið í íbúðinni og jafnframt að það hefði ekki verið tekið fram við sölu. Hann minnti jafnframt að það hefði komið fram á fundinum að stefnendur hefðu upplýst stefndu um sprungur á austurgaflinum og minnti að það hefði einnig komi fram að austurgaflinn hefði ekki verið skoðaður.

Þá kom fyrir dóm Jón Sigurjónsson verkfræðingur og staðfesti skýrslu sína á dskj. nr. 19 varðandi einangrun húsa sem byggð voru um 1950.

III.

Málsástæður og lagarök aðalstefnenda eru þau, að stefndu beri að efna skuldbindingu sína um greiðslu á kaupverði hinnar seldu íbúðar.

Málsástæður aðalstefndu í aðalsök eru þær, að húseignin Laufás 4 í Garðakaupstað hafi reynst með stórfelldum leyndum göllum, sem hafi leitt til þess að stefndu hafi rift samningi aðila einhliða. Sýknukrafa byggist á því, að verið sé að innheimta kröfu eftir samningi sem ekki sé lengur í gildi, þar sem honum hafi verið rift.

Riftun þessi byggist á þeim meginreglum, sem gildi í fasteignakaupum, og styðjist við meginreglur kaupalaga.

Málsástæður og lagarök gagnstefnenda í gagnsök eru þau, að íbúðin að Laufási 4 í Garðakaupstað hafi verið með svo stórfelldum leyndum göllum við kaupin að riftun sé heimil. Þegar gagnstefnendur keyptu íbúðina hafi þau skoðað hana að innan lauslega, en engin skoðun hafi verið framkvæmd að utan, þar sem illviðri var, þegar skoðun fór fram, og snjóar miklir. Þar að auki hafi þau skoðað íbúðina að kvöldi dags í svartasta skammdegi 8. eða 9. febrúar 1989. Þau hafi því stuðst fyrst og fremst við lýsingu gagnstefndu á húsnæðinu, en samkvæmt henni hafi nýlega verið búið að taka íbúðina í gegn að innan, eins og hún reyndar hafi borið með sér. Þeim hafi jafnframt verið sagt að búið væri að framkvæma sprunguviðgerðir að utan. Þá hafi einnig komið fram hjá gagnstefndu, að íbúðin væri ekki gallalaus því að eldhússgluggi læki, auk þess sem þvottahússþak og bílskúrsþak lækju. Þau hafi einnig verið upplýst um það að þakrennur vantaði á húsið. Þessi lýsing hafi vel getað átt við ástand eignarinnar miðað við þá skoðun sem gagnstefnendur framkvæmdu, en við innganginn í íbúðina hafi greinilega mátt sjá, að gert hafði verið við sprungur þar. Jafnframt hafi þessi lýsing á íbúðinni virst sannfærandi og heiðarleg, þar sem gallar voru tilgreindir, jafnvel þótt þeir teldust ekki stórvægilegir.

Ekki hafi komið fram hjá gagnstefndu, hvorki er þau sýndu íbúðina né heldur við kaupsamningsgerð, neitt annað sem gefið hafi gagnstefnendum til kynna, að íbúðin væri ekki í góðu ástandi að öðru leyti og sú lýsing, sem áður er getið um, ætti við. Á fundi aðila í fasteignasölunni Hraunhamri hf. þann 4. desember 1989 hafi komið í ljós að gagnstefndu var kunnugt um þá galla á hinni seldu eign sem hér sé fjallað um. Gagnstefndu hafi ekki vakið athygli gagnstefnenda á þessum alvarlegu göllum, en hins vegar nefnt til aðra galla sem miklu minna máli hefðu skipt. Hefðu gagnstefnendur vitað um raunverulegt ástand eignarinnar, hefðu þau aldrei keypt hana, þar sem eignin var ekki nothæf til síns brúks sem þau ætluðu henni, enda óíbúðarhæf. Við mat á því, um hversu verulega galla hér sé að ræða verði að leggja það til grundvallar að kostnaður við einangrun kvistveggja og lofts lendi eingöngu á eigendum risíbúðar. Byggist það á því, að engin skylda hvíli á meðeigendum í húseign að taka þátt í að bæta úr upprunalegum göllum á húsi. Í lögum um fjölbýlishús sé lögð sú skylda á sameigendur í sambýlishúsum að þeir taki þátt í viðhaldi og viðgerðum á þeim hlutum húseigna sem séu sameiginlegir. Sú regla eigi hins vegar ekki við í þessu tilviki þar sem hvorki sé um viðhald né viðgerð að ræða, heldur sé verið að gera eignina betri en hún hefur áður verið. Til þess að kostnaður við slíka framkvæmd verði sameiginlegur verði að koma til samþykki allra sameigenda. Verður að telja það í hæsta máta óeðlilegt að sameigandi í húsi þurfi að bera að stærstum hluta kostnaðinn á því að bæta úr galla sem eignin hafi verið með frá fyrstu tíð. Eigandi hins hluta hússins að Laufási 4 í Garðakaupstað hafi lýst því yfir við gagnstefnendur, að hann sé ekki reiðubúinn til að taka þátt í kostnaði við einangrun risíbúðarinnar og verði því að miða við, að sá kostnaður leggist allur á eigendur risíbúðarinnar.

Krafa gagnstefnenda um riftun byggist á meginreglu 42. gr. kaupalaga nr. 39/1922 og 30. gr. samningalaga nr. 7/1936 svo og 36. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 11/1986, reglum um brostnar forsendur og dómum um riftun kaupa vegna stórfelldra leyndra galla.

Varakröfu sína um skaðabætur eða afslátt af kaupverði byggja gagnstefnendur í fyrsta lagi á því, að ljóst sé af matsgerð að nauðsyn sé á viðgerðum þeim sem þar sé lagt til að í verði ráðist. Augljóst sé að hefðu réttar upplýsingar um ástand íbúðarinnar legið fyrir er kaupin fóru fram, hefði íbúðin aldrei selst á því verði sem gagnstefnendur keyptu hana á, enda hefðu þau aldrei keypt hana. Telja gagnstefnendur gagnstefndu bera ábyrgð á því tjóni sem þau verða fyrir vegna þessara leyndu galla.

Máli sínu til stuðnings vísa gagnstefnendur til meginreglna kaupalaga nr. 39/1922, 42. gr., svo og dómvenju um bætur eða afslátt vegna leyndra galla. Krafan um vexti styðjist við lög nr. 25/1987, krafan um málskostnað við XII. kafla laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 54/1988 og krafan um virðisaukaskatt við lög nr. 50/1988.

Gagnstefnendur sundurliða aðalkröfu sína þannig, að annars vegar sé um að ræða endurgreiðslu á þeim fjárhæðum, er gagnstefnendur hafi greitt gagnstefndu skv. samningi, kr. 2.000.000,00, og hins vegar endurgreiðslu á afborgunum af lánum, sem á íbúðinni hvíli, kr. 58.363,00.

Varakrafan byggist á niðurstöðu matsgerðar, þannig að gert sé ráð fyrir að í hlut risíbúðar komi 33% af kostnaði skv. 1. lið, sem sé eignarhlutdeild risíbúðar í húseigninni, en allur kostnaður skv. 2. lið lendi á risíbúð, samtals kr. 1.071.260,00.

Gagnstefndu byggja sýknukröfu sína á eftirtöldum rökum:

Í matsgerðinni sé talið að húsið þarfnist tvenns konar viðgerðar, í fyrsta lagi þurfi að gera við útveggi þess og í öðru lagi að endurbæta einangrun kvistveggja og þaks. Að því er snerti viðgerð á útveggjum, mótmæli gagnstefndu harðlega að um galla sé að ræða í skiptum aðilanna. Ástand útveggja hússins hafi ekki leynt sér við kaupin. Jafnvel þó að gagnstefnendur mótmæli því að þeim hafi sérstaklega verið bent á ástand austurgaflsins við skoðun, skipti það engu máli því að ástand útveggjanna hafi verið augsýnilegt. Engan sérstakan aðgang að íbúðinni hafi þurft til þess að sjá þetta, og raunar hafi gagnstefnendur getað margskoðað húsið í dagsbirtu án þess að um formlega skoðun með atbeina stefndu hafi verið að ræða. Komi ekki til greina að málatilbúnaður þeirra fái staðist að þessu leyti, það fæli þá í sér að kaupendum gamalla fasteigna væri rétt að kasta höndum svo til skoðunar, að augsýnilegt ástand þeirra fari fram hjá þeim (skoðað í myrkri, með lokuð augun o.s.frv.). Það sé allt í lagi, því að svo megi bara leita til dómstóla á eftir og kippa öllu í liðinn. Á það sé sérstaklega líka að benda, að verðlagning fasteigna af hálfu seljenda fari auðvitað fram með hliðsjón af ástandi þeirra, þ.e. aldri, útliti, byggingarlagi o.s.frv. Ef aðferð gagnstefnenda þætti réttmæt væri opnuð leið fyrir kaupendur að kaupa fyrst á lágu verði, vegna þess að almennt ástand væri ekki eins og best yrði á kosið, og heimta svo bætur á eftir (eða rifta) vegna þess sama.

Um útveggina að öðru leyti bendi gagnstefndu á, að gagnstefnendum hljóti, hvað sem öðru líður, að hafa verið orðið ljóst útlit þeirra í maí 1989 eftir að þau fluttu inn í húsið. Þau hafi hins vegar ekki nefnt þetta atriði við gagnstefndu fyrr en í desember 1989 er komið var að greiðslu afborgunar 5. desember. Brýnt hefði verið að þau hefðu nefnt þetta strax ef þau hefðu ætlað að byggja kröfu á þessu. Gagnstefndu byggi einnig á því, hvað sem öðru líði, að gagnstefnendur hafi glatað ætluðum rétti sínum vegna þessa atriðis, þ. e. aðgerðaleysis.

Varðandi ástand á einangrun kvistveggja og þaks bendi gagnstefndu á, að húsið hafi verið byggt á árinu 1953. Þá hafi engin byggingarsamþykkt verið í gildi fyrir Garðahrepp. Fyrsta byggingarsamþykkt í hreppnum hafi verið nr. 11/1961. Einangrun kvistveggja og þaks hafi ekki verið öðruvísi en tíðkaðist á byggingartíma hússins. Því eigi gagnstefnendur enga kröfu til þess að ástand eignarinnar sé að þessu leyti betra en þá tíðkaðist. Þeir, sem kaupi gamlar fasteignir, hljóti ávallt að þurfa að ganga út frá því, að byggingarlag þeirra sé í einstökum atriðum í samræmi við byggingartíma hússins. Aðeins ef sannað væri að upplýsingar hefðu verið veittar um síðari endurbætur, ættu kaupendur að geta byggt rétt á atriðum af þessu tagi. Sú grein lögfræðinnar, sem fjalli um kaup og sölu fasteigna og réttarúrræði vegna galla, feli ekki í sér að það sé einhver sérstök áhætta fólgin í að selja gamlar fasteignir. Og síst af öllu feli hún í sér að seljendur teljist taka ábyrgð á því að seldar fasteignir séu í betra ástandi hvað einstök byggingarfræðileg atriði snertir en byggingartími fasteignarinnar gefi tilefni til að ætla.

Fram hafi komið í málinu af hálfu gagnstefnenda að þau hafi orðið að flytja úr íbúðinni í nóvember 1989 vegna kulda í henni. Í þessu sambandi sé nauðsynlegt að benda á, að í u.þ.b. 35 næstu ár þar á undan hafi verið búið í þessari íbúð allt árið um kring. Á því árabili hafi íbúðin gengið kaupum og sölum án þess að menn hafi talið sig vera að kaupa annað og meira en þessa íbúð, byggða á þennan hátt sem raun beri vitni og tíðkast hafi á byggingartíma hússins. Bendi allt til þess, að vandamálin sem upp hafa komið séu vandamál, sem varði gagnstefnendur sjálf, en ekki íbúðina, sem þau keyptu.

Fullyrðing matsmanna um, að einangrun og frágangur kvistveggja og lofts séu með öllu óviðunandi og hefðu verið talin það, þegar húsið var byggt, sé órökstudd og virðist ekki byggjast á viðhlítandi athugun af þeirra hálfu. Sé það raunar svo, að úrbæturnar, sem þau telji, að gera þurfi, séu miðaðar við nútímakröfur um þessi efni og komi því lögskiptum aðila máls þessa í raun ekkert við.

Gagnstefndu hafi óskað eftir áliti Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins á einangrun húsa sem byggð voru um 1950. Jón Sigurjónsson verkfræðingur hafi fyrir hönd stofnunarinnar svarað gagnstefndu með bréfi, dags. 19. nóvember 1990. Í því segi m.a.: „Frá skipulagi ríkisins fékkst staðfest ljósrit úr byggingarsamþykkt sem tók gildi í Garðahreppi 1960.

Þar segir í 23. gr. orðrétt:

„1. Alla útveggi íbúðarherbergja skal einangra gegn hitatapi, þannig að tapið verði ekki meira en 1 hitaeining á klukkustund um 1 fermetra stóran veggflöt fyrir hvert hitastig, er mismunar úti og inni. Sama gildir um kjallaragólf í íbúðarherbergjum og loft- og gólfplötur, sem útiloft leikur um."

Þetta jafngildir því að einangra þakið með um 1,5 cm af steinull.

Að mati undirritaðs, sem byggt er á fjölmörgum húsaskoðunum Rannsóknastofu byggingariðnaðarins (sjá töflu 1), var lofteinangrun 1950–1959 yfirleitt mjög léleg. Oft var engin einangrun notuð en stundum voru notaðir gamlir sementspokar og þess háttar.

Tafla 1. Niðurstöður húsaskoðunar Rb á þakeinangrun.

Staður	*Byggingarár*	*Fjöldi skoðaðra húsa*	*K-gildi, meðaltal Kcal/hm^2°C*
Hvolsvöllur	1950–1959	10	0.99
Bolungarvík	1950–1959	16	0.90
Neskaupstaður	1950–1959	16	0.68
Raufarhöfn	1950–1959	16	0.95

Við mat niðurstaðna í töflu 1 verður að taka með í matið að þegar skoðun fór fram um 1989 hafi þegar verið endurbætt þakeinangrun í einu húsi á Hvolsvelli, tveimur í Bolungarvík, fjórum í Neskaupstað og einu á Raufarhöfn sem bæta því meðaltalið (lækka k-gildið).

Þótt umrædd hús, sem undirritaður hefur yfirlit yfir, séu utan höfuðborgarsvæðisins, gefa þau þó ákveðna vísbendingu um ástand þakeinangrunar þessa tímabils.

Undirritaður telur að einangrun húsa á höfuðborgarsvæðinu hafi á umræddu tímabili síst verið betri en úti á landi og algengt sé að þök frá þessu tímabili séu óeinangruð (k-gildi > 1,0 kcal/hm^2°C)."

Gagnstefndu leggi áherslu á að þau hafi verið að selja íbúð í gömlu húsi, sem ekki hafi verið í lakara ástandi en við mátti búast og sýnilegt var. Verðlagning íbúðarinnar hafi vitaskuld verið miðuð við aldur hennar og almennt ástand. Fram komi í fram lögðum gögnum, að gagnstefndu hafi keypt íbúðina í mars 1988 á kr. 3.600.000,00. Sé það verð framreiknað með lánskjaravísitölu fram til febrúar 1989, er gagnstefnendur keyptu íbúðina, nemi verð hennar kr. 4.238.404,00. Söluverð til gagnstefnenda hafi hins vegar verið kr. 4.200.000,00, en samt hafi gagnstefndu gert umtalsverðar endurbætur á eigninni, m.a. skipt um innihurðir, lagt ný teppi á gang og stiga, skipt um jarðveg framan við húsið og sett möl í stað moldar. Nú standi þau frammi fyrir því, eftir að hafa selt íbúðina á lægra verði en þau keyptu hana á, og endurbætt hana þó nokkuð, að þurfa að standa straum af yfir einni milljón króna vegna galla á henni, þ.e.a.s. ef kröfur gagnstefnenda fái staðist. Þessi aðstaða sýni vel eðli máls þessa. Verð íbúðarinnar hafi við hvoruga söluna verið hærra en útlit hússins, byggingartími og byggingarlag hafi gefið til kynna. Sé því mótmælt, að íbúðin hafi verið með nokkrum göllum í skilningi kaupréttarins.

Sýknukrafa sé aðallega byggð á þeim ástæðum sem hér að framan greinir. Til vara sé sýknukrafa á því byggð, að jafnvel þó að dómurinn féllist á, að hin selda fasteign hefði verið gölluð, hefðu þeir ekki verið þess háttar, að þeir heimilaði riftun kaupanna. Það sé aðeins um minni háttar galla að ræða sem ekki gefi riftunarheimild. Sýknukrafa gagnstefndu af riftunarkröfunni sé loks á því byggð, að með framkomu sinni, eftir að þau atriði lágu fyrir sem nú séu talin réttlæta riftun, hafi gagnstefnendur glatað riftunarrétti, hafi einhvern tíma verið um hann að ræða. Gagnstefnendur segi sjálf, að þau hafi flutt út úr íbúðinni í nóvember 1989 vegna kulda í henni. Á sama tíma segist þau hafa orðið vör við meinta galla í útveggjum. Þetta séu þau atriði sem gagnstefnendur telji réttlæta riftun. Á fundi aðila 4. desember 1989 hafi hins vegar ekkert verið minnst á riftunarkröfu. Í bréfinu 10. janúar 1990 sé sagt, að gagnstefnendur telji sér heimilt að rifta einhliða, hins vegar hafi þau afráðið, að minnsta kosti að svo stöddu, að fara ekki þá leið heldur leita eftir samkomulagi við gagnstefndu um að kaupunum yrði rift. Síðan segir í bréfinu: „. . . Séu seljendur ekki tilleiðanlegir til þess, óska þau eftir því að seljendur greiði þeim bætur sem nemi ekki lægri fjárhæð en hlut eignarhlutans í áætluðum viðgerðarkostnaði.“ Vakin sé athygli á því, að þegar hér var komið sögu, höfðu gagnstefnendur einhliða tekið ákvörðun um að halda greiðslu sinni, kr. 1.100.000,00, frá 5. desember 1989. Ljóst sé að greiðslufall af hálfu gagnstefnenda hafi valdið gagnstefndu verulegu óhagræði, þar sem féð hafi verið ætlað til ráðstöfunar í öðrum fasteignakaupum þeirra, sem búið hafi verið að binda með samningi. Þeim hafi því borið skýlaus réttur til að fá þegar í stað afdráttarlausa yfirlýsingu frá kaupendum um afstöðu þeirra til lúkningar kaupanna. Sé á því byggt af hálfu gagnstefndu, að gagnstefnendur hafi með aðgerðaleysi sínu glatað ætluðum riftunarrétti.

Aðalkröfu gagnstefnenda um riftun fylgi krafa um endurgreiðslu þeirra fjárhæða sem þau hafi greitt vegna kaupanna ásamt „vöxtum jafnháum hæstu innlánsvöxtum hjá innlánsstofnunum eins og þeir eru á hverjum tíma“. Gagnstefndu kveða afstöðu sína til þessarar kröfugerðar eftirfarandi: Í fyrsta lagi sé því ekki mótmælt að endurgreiða beri það sem gagnstefnendur hafi greitt af kaupverðinu, ef riftunarkrafan verði tekin til greina. Þess sé hins vegar krafist, að frá endurkröfufjárhæðinni verði dregin hæfileg húsaleiga fyrir eignina, a.m.k. frá 20. maí 1989, er kaupendur fengu hana afhenta, og til 31. janúar 1990, sem sé dagsetning riftunarbréfs þeirra. Sé því gerð krafa um hæfilega húsaleigu fyrir ofangreint tímabil og að hún verði metin 35 þúsund á mánuði í 8 mánuði eða kr. 280.000,00. Gerð sé krafa um að sú fjárhæð verði dregin frá endurgreiðslukröfunni. Í öðru lagi sé kröfu gagnstefnenda um vexti af endurgreiðslufjárhæðinni mótmælt, bæði af formsástæðum og efnis. Það sé andstætt 88. gr., sbr. 5. tl. 199. gr. laga nr. 85/1936 að gera hér vaxtakröfu án þess að nefna vaxtahæð (vaxtafót). Hvergi sé í öðrum lögum að finna heimild fyrir þessum þætti á vaxtakröfu þessari. Sé í raun með öllu óljóst hverjir þeir vextir eru í prósentu talið, sem verið sé að krefjast, jafnvel á liðnum tíma. Þá sé vaxtakröfunni einnig mótmælt efnislega. Gagnstefnendur hafi ekki gert neina grein fyrir því, á hverju þau byggi þá afstöðu að gagnstefndu hafi ávaxtað fé fyrir þá. Því sé mótmælt að gagnstefnendur eigi hér nokkra vaxtakröfu. Verði ekki á það fallist, sé því mótmælt, að krefjast megi vaxta „jafnháum hæstu innlánsvöxtum hjá innlánsstofnunum“. Verði einhverjir vextir dæmdir á svona kröfu, geti þeir ekki orðið hærri en sparisjóðsvextir af almennum óbundnum innlánsreikningum í bönkum og þá þurfi raunar, sem og endranær, að tiltaka við hvaða banka sé miðað.

Kröfu sína um sýknu af varakröfu gagnstefnenda um skaðabætur eða afslátt byggi gagnstefndu aðallega á þeim ástæðum, sem hér að framan greinir.

Fjárhæðum skaðabótakrafna gagnstefnenda sé mótmælt sem of háum af eftirtöldum ástæðum:

Í bréfi lögmanns gagnstefnenda 10. janúar 1990 hafi verið gerð krafa um bætur, að fjárhæð kr. 394.606,00. Á þessum tíma hafi, að sögn gagnstefnenda, verið komnir fram þeir ætluðu gallar sem bóta sé krafist fyrir. Krafa þessi hafi verið miðuð við kostnaðaráætlun gagnstefnenda sjálfra um það hvað það myndi kosta að klæða húsið að utan með loftræstri klæðningu og einangra þakið. Krafa þeirra hafi numið kr. 338.506,00 (33% af kr.

1.025.777,00) vegna klæðningar á útveggjum og kr. 56.100,00 (33% af kr. 170.000,00) vegna einangrunar á þaki, eða samtals kr. 394.606,00. Því sé mótmælt að þau geti síðar komið fram með hærri kröfur af þessu tilefni.

Þá sé fjárhæðum matsgerðarinnar mótmælt sem of háum af eftirtöldum ástæðum:

Í fyrsta lagi sé gert ráð fyrir endurmúrun og málningu við mat á kostnaði við viðgerð útveggja. Virðist því að miðað sé við að veggjunum yrði komið í miklu betra ástand heldur en gagnstefnendur geta átt kröfu til. Þau haldi því varla fram, t.d. að húsið hafi átt að vera nýmálað að utan. Í öðru lagi sé matsgerðin haldlaus um kostnað við einangrun kvistveggja og lofts vegna þess að hún meti kostnað við að koma þessum húshlutum í betra ástand heldur en þekkist við byggingu húsa á byggingartíma þess húss. Þar að auki sé gert ráð fyrir endurnýjun á klæðningu o.fl., sem ekki verði séð að gagnstefnendur geti krafist þó að allar þessar forsendur um meinta galla væru réttar. Í þriðja lagi sé það að athuga, að ef ráðist yrði í þær endurbætur á húsinu sem matsgerðin ráðgeri sé það ljóst að þar sé í öllum atriðum um að ræða kostnað sem eigendur hússins alls verði að taka þátt í, enda sé þá verið að tala um endurbætur á útveggjum og þaki hússins. Af hálfu gagnstefnenda hafi þetta sjónarmið fyrirvaralaust verið viðurkennt í bréfi gagnstefnenda, dagsettu 5. janúar 1990, og séu þau við það bundin. Í stefnu og greinargerð í gagnsök sé reynt að hverfa frá þessari afstöðu að því er varðar kvistveggi og loft. Sé þar sagt að um sé að ræða „upprunalega galla“ á húsinu og ekki hvíli skylda á öðrum eigendum þess að taka þátt í að bæta úr þeim. Þetta sýni hvers eðlis kröfugerð gagnstefnenda sé. Hún gangi út á að endurbæta fasteignina og gera hana allt aðra en þá sem þau keyptu og fólk hafi búið í í 35 ár. Hvað sem þessu líði sé sjónarmiðum gagnstefnenda um að kostnaðurinn tilheyri aðeins hinni seldu eign mótmælt efnislega auk annars.

Loks sé kröfu um vexti af varakröfunni mótmælt. Sú kröfugerð sé andstæð 88. gr., sbr. 5. tl. 193. gr. laga nr. 85/1936, auk þess sem engin leið sé að vita hver sé vaxtafótur kröfunnar fyrir liðinn tíma.

Fallist dómurinn á einhverjar kröfur gagnstefnenda skv. varakröfu þeirra, sé ekki gerð athugasemd um skuldajöfnun við kröfur aðalstefnenda í aðalsök. Sú skuldajöfnun geti í því tilviki ekki átt sér stað miðað við fyrri tímamörk en þingfestingu gagnsakar, en til vara dagsetningu matsgerðarinnar sem kröfur séu byggðar á. Með öðrum orðum sé þess krafist í þessu tilviki, að kröfur aðalstefnenda í aðalsök verði dæmdar með fullum dráttarvöxtum fram til þess dags, er skuldajöfnuður ætti sér stað, og mótkrafa gagnstefnenda yrði þá fyrst látin mæta áföllnum dráttarvöxtum aðalkröfunnar, áður en hún mætti höfuðstól hennar.

Sérstaklega er mótmælt tilvísunum gagnstefnenda til 30. gr. og 36. gr. samningslaga nr. 7/1936 til stuðnings riftunarkröfum. Þessi lagaákvæði geti enga þýðingu haft fyrir mál þetta. Varðandi kröfuna um virðisaukaskatt á málskostnað vísi gagnstefndu til laga nr. 50/1988 og 3. mgr. 175. gr. laga nr. 85/1936 um vexti af þeim kostnaði.

Loks taki gagnstefndu það fram, að þau hafi tilkynnt Valgerði Kristjánsdóttur um málsókn þessa. Hún hafi selt þeim íbúðina, og hafi þau skorað á hana með vísan til 52. gr. laga nr. 85/1936 að veita þeim þann styrk í málinu, sem henni sé kostur, auk þess sem áskilinn sé réttur á hendur henni, ef gagnstefndu verði í máli þessu dæmd til að svara til ábyrgðar vegna galla á hinni seldu fasteign.

IV.

Eins og fram er komið var austurgafl hússins Laufáss 4 með útbreiddu sprunguneti að utan, er stefndu festu kaup á eigninni. Í skýrslu Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, sem dagsett er 28. nóvember 1989, er það staðfest og því jafnframt lýst, að á öðrum útveggjum hússins séu einstakar sprungur út frá gluggum og á suðurhlið megi sjá sprungunet og stakar sprungur. Viðgerðaefni í sprungum, sem gert hafði verið við, var sums staðar farið að springa upp.

Ósannað þykir að stefnendur hafi á nokkurn hátt dregið dul á ástand hússins að þessu leyti. Stefndu halda því fram, að þau hafi ekki skoðað húsið að utan að öðru leyti en því, sem við blasti á framhlið hússins, en þar mátti sjá að viðgerð á sprungum hafði farið fram.

Verður því að telja að stefndu hafi ekki skoðað húsið að utanverðu sem skyldi, þrátt fyrir það að sprunguviðgerðir, sem við blöstu, og ásigkomulag hússins að öðru leyti, hafi gefið þeim sérstakt tilefni til nánari skoðunar. Þegar þetta er virt, þykja þau ekki samkvæmt meginreglu 47. gr. kaupalaga nr. 39/1922 eiga rétt til bóta úr hendi stefnenda vegna greindra ágalla á útveggjum hússins.

Í öðru lagi byggja stefndu skaðabótakröfu sína á því, að einangrun kvistveggja og lofts sé ófullnægjandi. Engin byggingarsamþykkt var í gildi í Garðahreppi er húsið Laufás 4 var byggt.

Það er álit dómsins, að einangrun kvistveggja með sementspokum hafi verið fullnægjandi á þeim tíma er húsið var byggt.

Öðru máli gegnir um einangrun loftrýmis (skammbitalofts), sem er algjörlega óeinangrað. Verður talið að stefndu hafi ekki haft ástæðu til að ætla að það hafi verið óeinangrað. Könnun Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, sem að framan er rakin, um einangrun húsa sem byggð voru um 1950, þykir ekki breyta þessari niðurstöðu.

Þá ber einnig til þess að líta, að stefnendur vissu að kalt gat verið í íbúðinni, en upplýstu stefndu ekki um það, svo að sannað sé. Í stofu er opnanleg lúga upp á loftið og blasir þar einangrunarleysið við. Þykir því bera að dæma stefnendur bótaskyld vegna þessa galla á íbúðinni.

Það er álit dómsins að bæta megi einangrun íbúðarinnar verulega með því að koma fyrir 10 cm þykkri einangrun á skammbitaloftinu. Á þann hátt myndi íbúðin fullnægja þeim einangrunarkröfum sem gerðar voru á þeim tíma er húsið var byggt. Koma má fyrir einangrun á skammbitaloftinu með því að rjúfa svo loftið á gangi íbúðar, að unnt sé að athafna sig. Kostnaður við þessa framkvæmd yrði í dag kr. 120.000,00 og verða stefnendur dæmd til að greiða stefndu þá upphæð í gagnsök.

Aðilar deila um hvort skipta beri ofangreindum kostnaði milli eigenda Laufáss 4 þannig, að stefnendur verði einungis dæmd til að greiða 33%, þar sem um sameign sé að ræða. Eins og hér stendur á verður fallist á með stefndu, að stefnendur beri ein þann kostnað, enda þykir einangrun loftsins ekki vera sameign. Ekki verður heldur fallist á með stefnendum, að stefndu hafi verið bundin af kröfugerð sinni að þessu leyti í bréfi stefnenda, dags. 10. janúar 1990, og geti ekki síðar komið fram með hærri kröfur.

Í aðalsök verða kröfur stefnenda teknar til greina að öllu leyti.

Riftunarkrafa stefnenda í gagnsök verður skv. framansögðu ekki tekin til greina, enda teljist gallar ekki það verulegir að riftun sé heimil. Ákvæði 30. gr. og 36. gr. laga nr. 7/1936 þykja ekki eiga við í viðskiptum aðila.

Niðurstaða málsins í aðalsök verður því sú, að stefndu verða dæmd til að greiða stefnendum kr. 1.440.692,00 með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 af kr. 1.100.000,00 frá 5. desember 1989 til 1. febrúar 1990, en af kr. 1.440.692,00 frá þeim degi til greiðsludags.

Í gagnsök verða gagnstefndu dæmd til að greiða gagnstefnendum kr. 120.000,00. Við munnlegan flutning málsins breyttu gagnstefnendur vaxtakröfu sinni á þá lund, að í stað hæstu innlánsvaxta, eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma, verði gagnstefndu dæmd til að greiða dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga. Af gagnstefndu hálfu var því mótmælt að hækkun á kröfu um vexti fái að komast að í málinu.

Dráttarvextir skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 eru ávallt hærri en hæstu innlánsvextir hjá innlánsstofnunum á hverjum tíma. Gegn mótmælum gagnstefndu er því ekki unnt að taka til greina hækkun kröfugerðar gagnstefnenda að þessu leyti. Verða því gagnstefndu dæmd til að greiða kr. 120.000,00 með vöxtum jafnháum meðaltali af hæstu innlánsvöxtum óbundinna óverðtryggðra reikninga hjá innlánsstofnunum, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá deginum í dag að telja og til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum málsins verða aðalstefndu dæmd til að greiða aðalstefnendum málskostnað í aðalsök og gagnsök, sem ákveðst í einu lagi kr. 260.000,00, þ.m.t. virðisaukaskattur, auk dráttarvaxta skv. III. kafla laga nr. 25/1987 að liðnum 15 dögum eftir dómsuppsögu og til greiðsludags.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari, Guðmundur Halldórsson verkfræðingur og Leifur Blumenstein byggingarfræðingur kváðu upp dóm þennan.

Dómsorð:

Aðalstefndu, Bjarki Þór Guðmundsson og Erla Kristín Sigurðardóttir, greiði aðalstefnendum, Davíð Helgasyni og Báru Einarsdóttur, kr. 1.440.692,00 með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 af kr. 1.100.000,00 frá 5. desember 1989 til 1. febrúar 1990, en af kr. 1.440.692,00 frá þeim degi til greiðsludags.

Í gagnsök greiði gagnstefndu, Davíð og Bára, gagnstefnendum, Bjarka Þór og Erlu Kristínu, kr. 120.000,00 með vöxtum jafnháum meðaltali af hæstu innlánsvöxtum óbundinna óverðtryggðra reikninga hjá innlánsstofnunum á hverjum tíma frá deginum í dag að telja og til greiðsludags.

Aðalstefndu greiði aðalstefnendum kr. 260.000,00 í málskostnað, þ.m.t. virðisaukaskattur, í aðalsök og gagnsök auk dráttarvaxta skv. III. kafla laga nr. 25/1987 að liðnum 15 dögum eftir dómsuppsögu og til greiðsludags.

Fimmtudaginn 9. júní 1994.

Nr. 184/1992. **Rafiðnaðarsamband Íslands**
(Guðni Á. Haraldsson hrl.)
gegn
þrotabúi Ístels hf.
(Guðmundur Kristjánsson hdl.)

Gjaldþrotalög. Málshöfðunarfrestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. apríl 1992. Hann krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann sýknaður af öllum kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

I.

Frávísunarkröfu sína byggir áfrýjandi á því, að málshöfðunarfrestur eftir 1. mgr. 68. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 hafi verið liðinn, þegar málið var höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnubirtingu 3. júní 1991.

Fyrir héraðsdómi gerði áfrýjandi kröfu um frávísun. Þeirri kröfu var hafnað með úrskurði 29. nóvember 1991. Úrskurði þessum var ekki skotið til Hæstaréttar við áfrýjun málsins, og kemur hann því ekki til sérstakrar skoðunar, en kanna ber, hvort vísa beri málinu frá héraðsdómi ex officio.

Miða ber við, að upphaf þess frests, sem um ræðir í 1. mgr. 68. gr. laga nr. 6/1978, sé ekki fyrr en við lok kröfulýsingarfrests, sbr. H. 1988,590. Kröfulýsingarfresti lauk 24. desember 1990, en málið var höfðað 3. júní 1991. Samkvæmt því var málið höfðað innan 6 mánaða frestsins, sem um getur í 1. mgr. 68. gr., og verður því ekki vísað frá héraðsdómi.

II.

Eins og lýst er í héraðsdómi, afhenti Ístel hf. áfrýjanda símbúnað 4 dögum fyrir gjaldþrot. Sýnt þykir, að afhending símbúnaðarins, sem ekkert endurgjald kom fyrir, hafi, eins og á stóð, verið greiðsla upp í skuld Ístels hf. við sjóði þá í vörslu áfrýjanda, sem um ræðir í héraðsdómi, og jafnframt óvenjulegur greiðslueyrir í merkingu 54. gr. laga nr. 6/1978. Var því ekki skilyrði til skuldajafnaðar eftir 32. gr. sömu laga. Samkvæmt því ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað, svo sem í dómsorði greinir, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Rafiðnaðarsamband Íslands, greiði stefnda, þrotabúi Ístels hf., 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 31. mars 1992.

1.0.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi mánudaginn 16. mars sl., hefur þrotabú Ístels hf., kt. 681283-0649, sem er til gjaldþrotaskiptameðferðar hjá skiptaráðandanum í Kjósarsýslu, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, þingfestri 11. júní 1991, á hendur Rafiðnaðarsambandi Íslands, kt. 600970-0119, Háaleitisbraut 68, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru eftirgreindar:

1. að rift verði með dómi greiðslu á hluta skuldar Ístels hf. við stefnda, sem fram fór þann 6. október 1990 með kaupum stefnda á símbúnaði af stefnanda, samtals að fjárhæð kr. 390.148,00,
2. að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda framangreinda fjárhæð, kr. 390.148,00, með dráttarvöxtum [...],
3. að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað [...].

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði alsýknaður af kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað [...].

Upphaflega gerði stefndi þá kröfu, að málinu yrði vísað frá dómi, en með úrskurði, upp kveðnum 29. nóvember 1991 af Sigurði T. Magnússyni, fulltrúa yfirborgardómara, var frávísunarkröfu stefnda hafnað, en ákvörðun um málskostnað í þeim þætti málsins látin bíða efnisdóms í málinu.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0.

Stefnandi kveður Ístel hf. hafa verið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Kjósarsýslu, upp kveðnum 10. október 1990. Hafi það verið að beiðni stjórnar félagsins, fram kominni samdægurs, en félagið hafi þá um nokkurt skeið átt við verulega greiðsluerfiðleika að stríða. Hinn 6. október 1990 hafi stefndi keypt 1 símstöð, 16 símtæki og fleira af Ístel hf., og hafi kaupverð varnings þessa numið skv. reikningi nr. 2752 kr. 390.148,00, þ.e. hinni umstefndu fjárhæð. Með bréfi, dagsettu 1. nóvember 1990, hafi stefndu lýst kröfu sinni vegna styrktar- og orlofssjóða félagsins í þrotabú stefnanda vegna vangreiddra gjalda Ístels hf. í sjóði þessa. Hafi krafa hans numið kr. 471.076,00, sem skiptist annars vegar í forgangskröfu, kr. 336.632,00, og í almenna kröfu, kr. 134.435,00. Hafi kröfulýsing þessi verið samþykkt af hálfu skiptastjóra. Í nefndu bréfi stefnda hafi jafnframt verið lýst yfir skuldajöfnuði á nýnefndri kröfu við kröfu búsins skv. framangreindum reikningi með skírskotun til 1. mgr. 32. gr. laga nr. 6/1978. Þessu vilji þrotabúið ekki una, og sé því málsókn þessi nauðsynleg.

Guðmundur Kristjánsson hdl. var ráðinn bústjóri til bráðabirgða í þrotabúi Ístels hf., strax í upphafi gjaldþrotaskiptanna, 10. október 1990, og síðan skipaður skiptastjóri á fyrsta skiptafundi eftir lok kröfulýsingarfrests, en hann var haldinn 11. janúar 1991. Um fyrirsvar hans í máli þessu vísast því til 91. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, sbr. 112. gr. sömu laga.

Stefnandi heldur því fram, að með afhendingu símbúnaðar þess, er áður greinir, hafi stefnda verið greitt með óvenjulegum greiðslueyri. Ráðstöfun þessari megi og skuli því rifta á grundvelli 54. gr. gjaldþrotalaga nr. 8/1978. Riftunarkrafa þessi sé einnig sjálfstætt grundvölluð á 61. gr. nefndra laga af hálfu stefnanda, þar sem hér sé um ótilhlýðilega ráðstöfun að ræða, sem hafi verið til hagsbóta fyrir stefnda. Greiðslukröfu sína rökstyður stefnandi með 62. gr. gjaldþrotalaganna, ef af riftun verður skv. 54. grein þeirra, en 63. grein, fari hún fram eftir 61. gr. laganna.

Um málskostnað og vexti á hann vísar stefnandi til XII. kafla um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936, einkum 175. gr. og 177. gr., sbr. 184. gr., svo og 21. gr. laga nr. 54/1988 um breytingar á nefndri 175. gr. og III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989. Kröfu um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun reisir hann á lögum nr. 50/1988, en hann kveður stefnanda ekki vera virðisaukaskattsskyldan og honum því nauðsyn að fá stefnda dæmdan til greiðslu skatts þessa. Um fyrirsvar skiptastjóra vísar hann til 91. gr. laga nr. 6/1978 og 112. gr. sömu laga.

3.0.

Um málavexti segir stefndi, að Ístel hf. hafi m.a. rekið verslun með rafeindatæki, símstöðvar og fleira og séð um uppsetningu og viðgerð á slíkum tækjum. Hjá Ístel hafi starfað rafiðnaðarmenn, er hafi verið félagsmenn í félögum er aðild áttu að Rafiðnaðarsambandi Íslands.

Samkvæmt kjarasamningi stefnda við vinnuveitendur, sbr. og 1. og 6. gr. laga 55/1980 um starfskjör launþega, beri vinnuveitendum að greiða í styrktar- og orlofssjóði viðkomandi stéttarfélaga þær greiðslur, er samið sé um í kjarasamningum. Samkvæmt gr. 10.3.1. í kjarasamningi Rafiðnaðarsambands Íslands beri vinnuveitendum að greiða 1% af útborguðu kaupi í styrktarsjóð stefnda. Samkvæmt gr. 10.2.1. í sama samningi beri að greiða 0,25% af útborguðu kaupi til orlofsheimilasjóðs stefnda, sjá og 7. gr. laga 19/1979.

Hinn 9. maí 1990 hafi Ístel hf. staðfest pöntun stefnda á símkerfi, 16 stk. skjásímum og 4 stk. faxtækjum. Hafi það verið haft í huga, að skuldajafna mætti við kröfu stefnda. Er gengið hafi verið frá kaupunum, hafi stefnda allsendis verið ókunnugt um, að Ístel hf. ætti ekki fyrir skuldum. Vegna atvika, er vörðuðu Ístel hf. og stefnda, hafi afhending tækjanna dregist, en um mánaðamótin september/október 1990 hafi Ístel hf. afhent símstöð ásamt 16 stk. skjásímtækjum. Reikningur hafi verið gefinn út vegna þessara viðskipta 6. október 1990. Hinn 10. október sama ár hafi að ósk stjórnar Ístels hf. bú þess verið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Kjósarsýslu sama dag.

Hinn 1. nóvember 1990 hafi lögmaður stefnda lýst kröfu í þrotabú Ístels hf. vegna vangreiddra gjalda í styrktar- og orlofssjóð Rafiðnaðarsambands Íslands fyrir tímabilið janúar 1989 til og með október 1990, samtals að fjárhæð kr. 471.066,00. Gjöldum fyrir janúar 1989 til apríl sama ár hafi verið lýst sem almennri kröfu, en öðrum gjöldum sem forgangskröfu. Jafnframt hafi verið lýst yfir skuldajöfnuði á kröfunni við kröfu búsins samkvæmt fram lögðum reikningi í málinu. Jákvæðum mismun, að fjárhæð kr. 80.918,00, hafi verið lýst sem forgangskröfu í búið.

Afstaða bústjóra hafi verið sú samkvæmt bréfi hans, dags. 3. janúar 1991, að hafna bæri kröfunni að svo stöddu. Afstöðu þessari hafi verið mótmælt með bréfi lögmanns stefnda, dags. 7. janúar 1991. Hinn 22. janúar sama ár hafi lögmanni stefnda borist bréf bústjóra, þar sem fallist hafi verið á að kröfurnar hefðu forgang eins og þeim hafi verið lýst. Skuldajöfnuði hafi hins vegar verið mótmælt, en ekki hafi verið fallist á innheimtuþóknun. Þessu hafi verið mótmælt sama dag af lögmanni stefnda og skuldajafnaðaryfirlýsingu breytt þannig, að ekki væri skuldajafnað vegna iðgjalds þrjá síðustu mánuði fyrir gjaldþrot. Krafa um innheimtukostnað hafi síðar verið viðurkennd við fyrirtekt málsins í skiptarétti, en skuldajöfnuði mótmælt.

Stefndi segir, að á því sé byggt, að samþykkt hafi verið sem forgangskrafa og almenn krafa í þrotabú Ístels hf. krafa um vangreidd iðgjöld í styrktar- og orlofssjóð. Sú krafa, þegar undan séu skildir þrír síðustu mánuðir hennar, hafi numið á úrskurðardegi kr. 455.453,00. Skuldajafnaðaryfirlýsingu hafi hinn 1. nóvember 1990 verið beint til búsins og því geti það nú ekki krafið stefnda um fjárhæð, sem sé lægri en ofangreind viðurkennd krafa.

Krafa stefnda hafi stofnast allt frá janúar 1989 til og með júní 1990 og uppfylli því þau skilyrði er sett séu í 32. gr. og 56. gr. laga 6/1978. Stefnda hafi, er hann eignaðist kröfu sína, verið ókunnugt um, að félaginu yrði þá ekki bjargað frá gjaldþroti. Á það verði að leggja áherslu að krafa sú, sem notuð sé til skuldajafnaðar, stofnist á tímabilinu janúar 1989 til og með júní 1990. Það verði því ekki með góðu móti sagt, að stefndi hafi t.d. í febrúar 1989 séð fyrir gjaldþrot Ístels hf. í október 1990, sbr. orðalag 32. gr. laga 6/1978, sbr. 56. gr. sömu laga.

Á því sé byggt, að komist hafi á kröfuréttarsamband milli Ístels hf. og stefnda strax í maí 1990 og í síðasta lagi 6. október sama ár. Um þetta sé vitnað til meginreglna kröfuréttar um loforð svo og til 12.–15. gr. laga 39/1922.

Vaxtakröfu búsins sé sérstaklega mótmælt, þar sem hér sé um bótakröfu að ræða. Bótakröfu stefnda sé mótmælt sem ósannaðri.

Varðandi tilvísun stefnanda í 1. tölulið 54. gr. laga 6/1978 þá geti skuldajöfnuður aldrei talist óvenjulegur greiðslueyrir og því eigi nefnd grein ekki við. Riftun á grundvelli 61. gr. sömu laga takmarkist og af heimild í 32. gr., sbr. og 56. gr. sömu laga.

Að öðru leyti vitni stefndi til 175. gr. laga 85/1936 um vexti á málskostnað og laga 50/1988 um virðisaukaskatt en stefndi reki ekki virðisaukaskattsskylda starfsemi.

4.0.

Forsendur og niðurstaða.

Fyrst ber að víkja að þeirri málsástæðu stefnanda, að greiðsla sú, sem krafist er riftunar á, hafi verið óvenjulegur greiðslueyrir og því riftanleg samkvæmt 54. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, en svo sem áður greinir vill stefndi skuldajafna þessari greiðslu við skuld stefnanda til sín vegna vangreiddra iðgjalda í styrktar- og orlofssjóð stefnda, sem samþykkt hefur verið að hluta sem forgangskrafa og að hluta sem almenn krafa í þrotabú Ístels hf. Greiðsla sú, sem riftunar er krafist á, mun hafa farið fram 6. október 1990, en vörurnar munu hafa verið afgreiddar þann dag eftir pöntun, sem staðfest var 9. maí 1990. Skuldajöfnuði var lýst af hálfu stefnda hinn 1. nóvember 1990.

Fallast verður á það með stefnanda, að símabúnaður, þ.e. símkerfi, símstöð og skjásímtæki, séu almennt ekki venjulegur greiðslueyrir og geti greiðslan sem slík ekki virst venjuleg eftir atvikum, sbr. orðalag 54. gr. laganna. Ekki verður heldur á það fallist með stefnda, að skuldajöfnuður geti aldrei talist óvenjulegur greiðslueyrir í skilningi umræddrar 54. gr. laganna, þar sem henni er einmitt ætlað að ná til tilvika, sem með einum eða öðrum hætti bera keim af skuldajöfnuði.

Úrlausnarefnið hér er því, hvort skuldajöfnuður sá, sem mál þetta snýst um og stefndi fullyrðir að uppfylli skilyrði 32. og 56. gr. laganna, gangi fyrir riftunarreglu 54. gr. laganna, þannig að riftun samkvæmt síðastnefndri grein sé óheimil ef skuldajafnaðarskilyrði 32. og 56. gr. laganna eru fyrir hendi.

Skuldajafnaðarréttur samkvæmt 32. gr. laga nr. 6/1978 er mjög víðtækur, en þar segir í 1. tölulið, að hver sá, er skuldi þrotabúi, geti dregið frá það, er hann á hjá því, hvernig sem skuld og gagnkröfu er farið. Þó þarf lánardrottinn eða sá, sem hann erfði kröfuna eftir, að hafa eignast hana áður en 3 mánuðir voru til frestdags. Ekki verður krafa heldur notuð til skuldajafnaðar, ef lánardrottinn, þegar hann eignaðist hana, sá eða mátti sjá, að þrotamaður átti ekki fyrir skuldum, eða hann fékk kröfuna til skuldajafnaðar. Samkvæmt þessari grein þurfa því almenn skuldajafnaðarskilyrði ekki alltaf að vera til staðar, þ.e. kröfurnar þurfa t.d. ekki að vera sambærilegar.

Í athugasemdum um þennan 1. tölulið 32. greinar í frumvarpi til laganna segir svo: „Í 32. gr. er rætt um skuldajöfnunarrétt kröfuhafa. Er það mjög umdeilt atriði meðal fræðimanna. Ekki hefur þótt ástæða til að breyta efnislega núgildandi reglu, en hana er að finna í 1. mgr. 17. gr. gjaldþrotaskiptalaganna.“ Í meðförum Alþingis var sú eina breyting gerð á ákvæðinu, að samkvæmt 2. málslið 1. mgr. 32. gr. þarf lánardrottinn að hafa eignast kröfu áður en 3 mánuðir voru til frestdags, en í frumvarpinu var miðað við upphaf gjaldþrotaskipta.

Reglan mun upphaflega hafa verið sett á þeim forsendum, að óeðlilegt væri, að kröfuhafi sé fyrst þvingaður til að borga sína skuld að fullu, hvað sem skuld búsins líði, en eigi svo aðeins kröfu ásamt öðrum í búið. Á hinn bóginn hafa fræðimenn bent á, að skuldajafnaðarrétturinn geti með þessu móti orðið nokkuð tilviljanakenndur og að allir kröfuhafar í þrotabúi verði að gjalda slík forréttindi einstakra kröfuhafa með lækkun úthlutunar til sín.

Jafnræði kröfuhafa er eitt af grundvallarsjónarmiðum, sem liggja að baki gjaldþrotalögunum, sérstaklega þó, að þessu jafnræði skuli ekki spillt með ráðstöfunum, sem gerðar eru eftir gjaldþrotið eða þegar vitneskja liggur fyrir, að það standi fyrir dyrum. Riftunarreglum gjaldþrotalaga er einmitt ætlað að ná þessum markmiðum. Framkvæmd þessara jafnræðissjónarmiða og trygging þeirra með ógildingarreglum laganna leiðir óhjákvæmilega til takmörkunar á skuldajafnaðarrétti kröfuhafa í gjaldþrotabú. Ef greiðsla með óvenjulegum greiðslueyri samkvæmt 54. gr. laganna væri ekki riftanleg vegna skuldajafnaðarréttar í 32. gr. laganna, gætu aðilar, sem kröfur ættu í gjaldþrotabú, eftir atvikum fengið afhentar vörur frá þrotamanni samkvæmt kaupsamningi fyrir frestdag og síðan lýst yfir skuldajöfnuði eftir upphaf gjaldþrotaskipta. Erfitt yrði líka í framkvæmd að gera greinarmun á því, hvort kröfuhafi var grandsamur eða grandlaus við samningsgerð, enda skiptir grandsemi hér ekki máli, þar sem riftunarregla 54. gr. laganna er hlutlæg. Sömu sjónarmið gilda gagnvart skuldajöfnuði samkvæmt 56. gr. laganna.

Þegar af þeim ástæðum, sem hér hafa verið raktar, ber að fallast á riftunarkröfu stefnanda. Stefnandi byggir endurgreiðslukröfu sína vegna riftunar samkvæmt 54. gr. laga nr. 6/1978 á 62. gr. laganna. Samkvæmt 1. málslið þess ákvæðis ber þeim, sem hag hafði af ráðstöfun eða réttargerð, að greiða búinu fé, sem svarar til þess er greiðsla búsins hefur orðið honum að notum, þó ekki hærri fjárhæð en tjóni búsins nemur. Markmið ákvæðisins er að gera riftunarþola eins settan og hin riftanlega ráðstöfun hefði aldrei farið fram. Samkvæmt þessu verður að telja rétt, að stefndi greiði búinu kr. 390.148,00 auk vaxta, svo sem krafist er í stefnu, þ.e. frá 6. október 1990 til greiðsludags.

Eftir atvikum og samkvæmt úrslitum málsins þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 100.000,00 í málskostnað, þ.m.t. virðisaukaskatt.

Jón J. Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Greiðslu á hluta skuldar Ístels hf. við stefnda, Rafiðnaðarsamband Íslands, sem fram fór þann 6. október 1990 með kaupum stefnda á símbúnaði af stefnanda, samtals að fjárhæð kr. 390.148,00, er rift.

Stefndi greiði stefnanda, þrotabúi Ístels hf., kr. 390.148,00 með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 6. október 1990 til greiðsludags. Áfallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól skuldar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 6. október 1991.

Enn fremur greiði stefndi stefnanda kr. 100.000,00 í málskostnað, þ.m.t. virðisaukaskatt. Vextir af málskostnaði án virðisaukaskatts reiknist samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms þessa til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 9. júní 1994.

Nr. 136/1991. **Grétar Sívertsen**
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
Krýsuvíkursamtökunum
(Jón Oddsson hrl.)

Húsaleigusamningur. Aðilaskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 26. mars 1991. Hann krefst þess, að stefndu verði dæmd til að greiða sér 1.714.749 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 af 77.907 krónum frá 1. maí 1988 til 1. júní sama ár, af 155.814 krónum frá þeim degi til 1. júlí sama ár, af 239.954 krónum frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, af 324.094 krónum frá þeim degi til 1. september sama ár, af 408.234 krónum frá þeim degi til 1. október sama ár, af 492.374 krónum frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, af 576.514 krónum frá þeim degi til 1. desember sama ár, af 660.654 krónum frá þeim degi til 1. janúar 1989, af 744.794 krónum frá þeim degi til 1. febrúar sama ár, af 828.934 krónum frá þeim degi til 1. mars sama ár, af 913.074 krónum frá þeim degi til 1. apríl sama ár, af 998.266 krónum frá þeim degi til 1. maí sama ár, af 1.083.458 krónum frá þeim degi til 1. júní sama ár, af 1.168.650 krónum frá þeim degi til 1. júlí sama ár, af 1.258.101 krónu frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, af 1.347.552 krónum frá þeim degi til 1. september sama ár, af 1.437.003 krónum frá þeim degi til 1. október sama ár, af 1.529.585 krónum frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, af 1.622.167 krónum frá þeim degi til 1. desember sama ár og 1.714.749 krónum frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum 248.602 krónum. Þá krefst áfrýjandi höfuðstólsfærslu vaxta, í fyrsta sinn 1. maí 1989, og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess aðallega, að þau verði sýknuð af öllum kröfum áfrýjanda, en til vara krefjast þau verulegrar lækkunar á kröfum hans. Þá krefjast þau málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal húsaleigusamningur 14. mars 1987.

I.

Áfrýjandi og Sævar Pálsson gerðu með sér húsaleigusamning 14. mars 1987 um skrifstofuhúsnæði áfrýjanda að Þverholti 20, Reykjavík, tvær hæðir og ris, samtals 280,4 fermetra, og afnotarétt af sameiginlegri lóð. Með samningnum tók Sævar húsnæðið á leigu í 3 ár frá 15. sama mánaðar, og skyldi samningurinn framlengjast sjálfkrafa í eitt ár í senn. Leigugjaldið var 50.000 krónur á mánuði, en skyldi hækka „um 10% af grunngjaldi og framreiknast þann 15. mars 1988“. Þá skyldi leigugjald taka breytingum eftir vísitölu Hagstofu Íslands um leigu fyrir atvinnuhúsnæði. Samkvæmt 3. gr. samningsins var leigutaka heimilt að framleigja húsnæðið. Sama dag og fyrrgreindur húsaleigusamningur var gerður framleigði Sævar stefndu allt húsnæðið nema eitt herbergi og kompu. Leigutími var sami og fyrra samningsins, en leigugjaldið var tveimur þúsundum króna hærra fyrir hvern mánuð. Þá átti leigugjaldið að taka sömu breytingum og mælt var um í fyrri samningi. Báðir samningar kveða á um fyrirframgreiðslu leigugjalds, sá fyrrgreindi í síðasta lagi 10. hvers mánaðar, en hinn 8. hvers mánaðar.

Aðila máls þessa greinir ekki á um fjárhæð leigugjaldsins, en af hálfu stefndu er mótmælt vísitöluhækkunum á húsaleigu. Samkvæmt fram lögðum greiðsluseðlum var áfrýjandi frá hausti 1987 viðtakandi húsaleigu, sem stefndu greiddu. Bera þeir með sér, að stefndu stóðu í skilum með greiðslu húsaleigu frá september 1987 til og með apríl 1988. Stefndu greiddu leigu fyrir maí 1988 í september sama ár og fyrir júní 1988 í mars 1989. Loks greiddu þau í júní 1989 leigu fyrir júlí 1988 ásamt áföllnum vöxtum fyrir maí og júní sama ár, sem áfrýjandi virðist hafa sett á greiðsluseðil. Greiðslur þessar voru samtals 248.608 krónur.

Með bréfi áfrýjanda 23. september 1987 til Sævars Pálssonar var honum tilkynnt, að þar sem ekki hefði verið staðið við loforð um greiðslu leigu fyrir júlí og ágúst, myndi stefnandi „afhenda húsaleigusamninginn lögfræðingi til dómsmeðferðar og uppsagnar“. Í bréfum forsvarsmanna stefndu til lögmanns áfrýjanda 24. janúar

1989 og til áfrýjanda 1. september sama ár óska stefndu eftir fresti á greiðslu leigugjalds í tilefni innheimtuaðgerða af hálfu áfrýjanda. Lögð er á það sérstök áhersla í fyrra bréfinu, að „eignaleg staða" stefndu sé góð, og sé engin hætta á, að húsaleigukrafan tapist af þeim ástæðum. Í síðara bréfinu er þess getið, að samtökin leiti nýrra leiða til þess að afla fjár til greiðslu húsaleigu, og á það bent, að bregðist sú leið, verði unnt að bjóða haldgott veð fyrir eftirstöðvunum. Þá er jafnframt óskað eftir viðræðum um „aðra möguleika" varðandi húseignina. Fram er komið, að hlutafélagið Grænavatn, sem stefndu eiga hlut í, gerði áfrýjanda kauptilboð í hina leigðu fasteign 14. mars og 17. október 1989. Í tilboðunum var gert ráð fyrir, að hluti kaupverðsins væri ógreidd húsaleiga. Undir tilboð þessi rituðu forsvarsmenn stefndu.

II.

Stefndu greiddu áfrýjanda leigugjaldið milliliðalaust. Er leigugreiðslur fóru í vanskil, báðu stefndu áfrýjanda um greiðslufrest og sýndu honum eindreginn vilja sinn til að koma þeim í skil. Í framhaldi af því gerðu þau honum tvö kauptilboð í eignina. Þykir áfrýjandi hafa sýnt fram á, að í reynd hafi orðið aðilaskipti að leigunni á húsnæðinu með þeim hætti, að réttarsamband stofnaðist milli stefndu og áfrýjanda. Var áfrýjanda því rétt að krefja stefndu um vangoldið leigugjald.

Áfrýjandi hefur ekki sýnt fram á, hvorki með kröfugerð sinni né með andmælum, er hann tók við greiðslunum, að hann eigi kröfu vegna ógreiddrar leigu fyrir mánuðina maí, júní og júlí 1988. Þá þykja stefndu ekki hafa leitt rök að því, að vísitölubinding leigugjalds samkvæmt 2. gr. leigusamninganna hafi verið andstæð ákvæðum laga nr. 62/1984 um húsaleigu, sem fylgir breytingum vísitölu húsnæðiskostnaðar. Eftir þessu ber stefndu að gjalda áfrýjanda leigu fyrir mánuðina ágúst 1988 til og með desember sama ár og allt árið 1989, samtals 1.474.795 krónur. Rétt þykir, að leigugjaldið beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, eins og nánar er getið í dómsorði.

Stefndu skulu greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Stefndu, Krýsuvíkursamtökin, greiði áfrýjanda, Grétari Sívertsen, 1.474.795 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 84.140 krónum frá 1. ágúst 1988 til 1. september sama ár, af 168.280 krónum frá þeim degi til 1. október sama ár, af 252.420 krónum frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, af 336.560 krónum frá þeim degi til 1. desember sama ár, af 420.700 krónum frá þeim degi til 1. janúar 1989, af 504.840 krónum frá þeim degi til 1. febrúar sama ár, af 588.980 krónum frá þeim degi til 1. mars sama ár, af 673.120 krónum frá þeim degi til 1. apríl sama ár, af 758.312 krónum frá þeim degi til 1. maí sama ár, af 843.504 krónum frá þeim degi til 1. júní sama ár, af 928.696 krónum frá þeim degi til 1. júlí sama ár, af 1.018.147 krónum frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, af 1.107.598 krónum frá þeim degi til 1. september sama ár, af 1.197.049 krónum frá þeim degi til 1. október sama ár, af 1.289.631 krónu frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, af 1.382.213 krónum frá þeim degi til 1. desember sama ár, en af 1.474.795 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Heimilt er að leggja dráttarvexti við höfuðstól frá 1. ágúst 1989.

Stefndu greiði áfrýjanda 375.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. janúar 1991.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, hefur Grétar Sívertsen, Urðarbakka 8, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 24. janúar 1990, á hendur Krýsuvíkursamtökunum, Vitastíg 8, Reykjavík, til greiðslu húsaleigu fyrir skrifstofuhúsnæði að Þverholti 20, Reykjavík, fyrir tímabilið maí 1988 til desember 1989 auk vaxta og málskostnaðar.

Þann 14. mars 1987 leigði Sævar nokkur Pálsson stefnda með skriflegum leigusamningi húsið nr. 20 við Þverholt, eign stefnanda, að fráteknu einu herbergi og kompu. Leigutími var ákveðinn 3 ár frá 15. mars 1987 til jafnlengdar 1990 með framlengingarrétti. Frá og með septembermánuði 1987 voru teknir upp þeir greiðsluhættir að stefndi greiddi beint til stefnanda. Við árslok 1989 rýmdi stefndi húsnæðið.

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 1.714.749,00, auk [nánar tilgreindra dráttarvaxta og málskostnaðar].

Stefndi krefst þess aðallega að hann verði sýknaður og að sér verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda auk virðisaukaskatts, en til vara er þess krafist að stefnukröfur verði lækkaðar.

Meginmálsástæða stefnda er að ekkert réttarsamband sé milli aðila.

Stefnandi heldur því fram að munnlegur leigusamningur hafi komist á milli aðila og bendir á að stefndi hafi fyrst borið fyrir sig aðildarskort eftir höfðun máls þessa. Til stuðnings staðhæfingu sinni bendir stefnandi á ummæli stefnda í bréfi til hans, dags. 24. janúar 1989, þar sem óskað er eftir fresti á innheimtuaðgerðum og fullyrt að staða samtakanna sé góð þannig að engin hætta sé á að húsaleigukrafan tapist. Í bréfi, dags. 1. september 1989, er þess farið á leit, að stefnandi gefi stefnda tækifæri til að ná endum saman meðan undirbúin verði og framkvæmd sérstök fjársöfnun til greiðslu húsaleiguskulda. Loks er gefið fyrirheit um veðtryggingu eftirstöðva ef söfnunarféð nægi ekki til greiðslu skuldarinnar.

Um það leyti, sem stefnandi telur samningssamband hafa komist á milli aðila, var Sævar kominn í greiðsluerfiðleika, og lyktaði þeim svo, að hann var lýstur gjaldþrota. Sævar skuldaði stefnanda húsaleigu, en stefnandi hefur ekki lýst kröfu í búið og búið hefur ekki krafið stefnda um húsaleigu.

Þann 23. september 1987 krafði stefnandi Sævar um greiðslu húsaleigu fyrir júlí og ágúst 1987 og hótaði honum uppsögn þann 1. október. Þessi afstaða verður ekki samrýmd því að kominn hafi verið á húsaleigusamningur milli málsaðila um sama húsnæði í september 1987. Húsaleigusamningur Grétars og Sævars hefur ekki verið lagður fram í málinu og stefnandi hefur ekki gert fulla grein fyrir hvers efnis samningurinn er sem hann telur stefnda hafa gengið inn í. Gegn eindregnum mótmælum stefnda þykir ekki hafa verið sýnt fram á að afnotaréttur stefnda af húsnæðinu hafi byggst á öðru en framleigusamningi við Sævar um hluta þess. Verður því ekki hjá því komist að fallast á þá málsástæðu stefnda að stefnandi sé ekki réttur aðili að leigukröfu á hendur honum.

Samkvæmt fram lögðum kvittunum virðist stefnandi hafa gert upp húsaleigu fyrir júlí 1988 ásamt vöxtum til 20. júní 1988. Ógreidd húsaleiga, sem stefnandi telur stefnda skulda sér, gat þannig í hæsta lagi numið leigu fyrir ágúst 1988 til desember 1989, samtals kr. 1.474.795,00, auk vaxta og kostnaðar. Mjög þykir hafa skort á að stefnandi gerði viðhlítandi grein fyrir málinu í upphafi og úr því var ekki bætt fyrr en við aðalflutning og þá að takmörkuðu leyti. Þá lagði hann fram fjölda skjala sem hann hafði hvorki gefið stefnda né dómaranum kost á að kynna sér áður. Ber að átelja þennan hátt á málarekstri harðlega. Af stefnda hálfu voru engin sönnunargögn lögð fram fyrr en húsaleigusamningur við aðalflutning og ber einnig að finna að þessum hætti á málsvörn stefnda, sbr. 5. mgr. 110. gr. laga 85/1936.

Samkvæmt ofangreindu ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda og fella niður málskostnað.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Krýsuvíkursamtökin, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Grétars Sívertsen. Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 9. júní 1994.

Nr. 12/1991. **Sigurður Kr. Fjeldsted**
(Haraldur Blöndal hrl.)
gegn
Landsbanka Íslands
(Sigurður Pétursson hrl.)

Skuldabréf. Lausafjárkaup. Eignarréttarfyrirvari. Varnir. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. janúar 1991. Krefst hann þess aðallega að málinu verði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda. Til þrautavara er þess krafist, að stefnukröfur nái aðeins fram að ganga gegn afhendingu á „bát af gerðinni Huginn 3.4 t no 7 með 22 hp vél og dýptarmæli, og beri hin dæmda fjárhæð eigi vexti fyrr en við afhendingu bátsins“. Enn er þess til vara krafist, að áfrýjandi fái skuldajafnað við dæmda fjárhæð 300.000 krónum með hæstu dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá 20. nóvember 1987. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 3. gr. hins umdeilda kaupsamnings og skuldabréfs frá 20. nóvember 1987 á eigandi hins selda tveggja kosta völ, standi kaupandi ekki í skilum með kaupverðið. Annars vegar getur hann borið fyrir sig eignarréttarfyrirvara samkvæmt samningnum, en hins vegar höfðað mál til innheimtu skuldarinnar samkvæmt XVII. kafla þágildandi einkamálalaga nr. 85/1936. Í kaupsamningnum er þess sérstaklega getið, að það mál megi reka samkvæmt 3. tl. 207. gr. laganna. Eftir að stefndi hafði eignast skuldabréfið, átti hann þess kost að ganga að kaupanda með því að höfða mál samkvæmt framansögðu. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sigurður Kr. Fjeldsted, greiði stefnda, Landsbanka Íslands, 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar

Skjal það, er stefndi rekur rétt sinn til, ber heitið Kaupsamningur – skuldabréf með eignarréttarfyrirvara, og hefur 3. grein þess heitið skuldabréf að fyrirsögn. Er það undirritað af Gelli hf. sem seljanda og áfrýjanda sem kaupanda að 3,4 tonna mótorbát með dísilvél og dýptarmæli. Efni sínu samkvæmt er skjalið samningur um afborgunarkaup eða staðfesting á slíkum kaupum, þar sem loforðinu um greiðslu kaupverðs eða eftirstöðva þess er ætlað gildi skuldabréfs með tryggingu í eignarrétti seljanda megin yfir hinu keypta, er haldist, þar til verðið sé að fullu greitt. Er kveðið á um greiðsluna og eignarréttarfyrirvarann í umræddri 3. grein. Í skjalinu eru ekki ákvæði um aðra skilmála kaupanna, svo sem um afhendingu og viðtöku söluhlutarins. Ber efni þess og frágangur með sér, að við það sé miðað, að um sé að ræða afhentan hlut. Af því verður að álykta, að framsalshafi að skuldbindingunni um greiðslu kaupverðs hafi ekki getað treyst því, að skuldbindingin væri skilorðslaus, meðan afhending hlutarins hefði ekki farið fram, nema annað væri staðfest með greinanlegum hætti. Engu slíku er til að dreifa um þessi kaup, að því er séð verður, og virðist stefndi hafa tekið við framsali á skuldbindingunni án athugunar um það, hvort söluhluturinn var kominn í hendur kaupanda eða ekki.

Í málinu heldur áfrýjandi því fram, að afhending á bátnum hafi aldrei átt sér stað. Hefur stefndi ekki leitt sönnur að hinu gagnstæða, heldur lítur hann svo á, að mótbárur þessa vegna varði hann ekki og komist ekki að í málinu. Á þetta verður ekki fallist, og hefði héraðsdómara verið rétt að beina málinu í þann farveg, að áfrýjandi kæmi vörnum við. Teldi ég rétt þessa vegna að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til efnismeðferðar að nýju. Þar sem aðrir dómendur telja rétt, að dæmt verði um efni málsins, eins og það liggur fyrir, hlýt ég að taka þátt í þeirri úrlausn þess. Er það þá niðurstaða mín, að sýkna beri áfrýjanda að svo stöddu. Eins og málið er vaxið, er og rétt, að hvor aðili beri kostnað sinn af því í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. október 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. september sl., er höfðað með stefnu, birtri 15. nóvember 1989.

Stefnandi er Landsbanki Íslands, Austurstræti 11, Reykjavík.

Stefndi er Sigurður Kr. Fjeldsted, Ferjukoti, Borgarhreppi, Mýrasýslu.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða 1.141.541,80 krónur með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum svo og málskostnað].

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, til vara, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, til þrautavara, að stefnukröfur nái aðeins fram að ganga gegn afhendingu á bát af gerðinni Huginn, 3,4 t. no. 7, með 22 ha. vél og dýptarmæli, og beri skuldabréfið ekki vexti fyrr en við afhendingu hans, en til þrautavara, að stefndi fái skuldajafnað við tildæmda fjárhæð 300.000 krónum með hæstu dráttarvöxtum frá 20. nóvember 1987 samkvæmt vaxtalögum nr. 24/1987. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda [...].

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefndi og Gellir s/f gerðu með sér samning um kaup á „1 st Huginn 3,4 t no. 7 með 22 hp dieselvél og ... (ólæsilegt) dýptarmæli“, eins og greinir á skjali sem nefnt er Kaupsamningur – skuldabréf með eignarréttarfyrirvara og lagt hefur verið fram á dskj. nr. 2. Kaupverð var 1.340.000 kr., en útborgun skyldi vera 300.000 krónur og eftirstöðvar því 1.040.000 krónur.

Stefndi undirritaði skjal þetta sem kaupandi og er undirskriftin dagsett 20. nóvember 1987.

Í skjalinu er kafli, sem ber yfirskriftina Skuldabréf, og samkvæmt því „viðurkennir undirritaður að skulda eiganda skuldabréfs þessa framangreinda upphæð kr. 1.040.000“, og skuldbindur sig til að endurgreiða skuldina með 6 jöfnum mánaðargreiðslum, í fyrsta sinn 1. mars 1988 og síðan 1. hvers mánaðar. Vextir skulu vera hæstu lögleyfðir vextir á hverjum tíma þá, 35%, og skyldu greiðast mánaðarlega eftir á á sömu gjalddögum og afborganir.

Þá kemur í kafla þessum fram að samþykkt sé að seljandi sé eigandi samningsmunanna, þar til samningsfjárhæðin sé að fullu greidd, og fleira varðandi eignarréttarfyrirvarann sem ekki þykir þurfa að taka upp hér.

Þá er fjallað um hversu með skuli fara ef kaupandi stendur ekki í skilum og á eigandi þá kost á því að beita eingarréttarfyrirvaranum, en enn fremur segir að honum sé heimilt að höfða þegar í stað mál til heimtu skuldarinnar og má reka það samkvæmt 3. tl. 207. gr. laga nr. 85/1936.

Þá segir: „Undir samning þennan rita aðilar nöfn sín til staðfestu og skuldari lýsir því yfir að hann skuldar þá fjárhæð sem tilgreind er hér að ofan.“

Stefnandi hefur höfðað mál þetta eftir reglum XVII. kafla laga nr. 85/1936. Hann kveðst hafa eignast bréfið 27. nóvember 1987 og hefur lagt fram ljósrit kaupnótu frá 26. nóvember, en þar kemur fram, að stefnandi keypti bréfið af Gelli s/f þann dag.

Stefndi hefur krafist frávísunar málsins en með úrskurði dómsins 31. maí sl. var synjað um hann.

Stefndi gerði þá varakröfu að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Augljóst sé af kaupsamningnum að seljandi hafi átt að afhenda hinn selda bát áður en stefndi átti að byrja að greiða eftirstöðvarnar. Sé skemmst frá því að segja að afhending hafi aldrei farið fram.

Þá er því borið við, að stefnandi sé ekki réttur aðili málsins. Samningur sá, sem málið er sprottið úr af og stefnandi byggi rétt sinn á, hafi ekki verið framseldur með lögformlegum hætti. Einnig sé samningurinn í raun óframseljanlegur, að minnsta kosti á meðan seljandi samkvæmt samningnum hafi ekki staðið við skuldbindingar sínar, en við þær skuldbindingar geti stefnandi ekki staðið.

Verði ekki fallist á að sýkna beri stefnda, þá er því haldið fram til þrautavara, að með því að fá skjalið framselt til sín hafi stefnandi tekið að sér að efna kaupsamningshluta seljanda skv. dskj. nr. 2 og beri stefnanda því að afhenda stefnda þá muni sem í samningnum greinir. Er því jafnframt haldið fram að stefnandi geti ekki krafist greiðslu fyrr en við afhendingu söluhlutarins til stefnda og geti ekki krafist vaxta fyrr en þá.

Samkvæmt ákvæðum kaupsamningsins á dskj. nr. 2 varði vanskil af hálfu kaupanda því, að seljandi geti tekið hið selda aftur, en kaupandi eigi þá rétt til endurgreiðslu á því fé, sem hann hefur greitt, að frádreginni greiðslu á „leigu, verðrýrnun, skaðabótum og innheimtukostnaði til seljanda vegna samningsrofanna“. Einnig hafi seljandi heimild til þess að höfða þegar í stað mál til heimtu skuldarinnar og „þarf eigi að leggja það fyrir sáttanefnd“ (sic).

Kaupandi hafi aldrei fengið þann hlut afhentan sem hann samdi um kaup á. Samkvæmt ákvæðum samningsins eigi stefndi skýlausan rétt til þess að draga andvirði þess, sem hann hefur greitt, frá skuldinni, eins og áður er rakið.

Forsendur og niðurstaða.

Úrskurður dómsins frá 31. maí sl. er á því reistur, að í 3. gr. dskj. nr. 2, sem ber yfirskriftina Skuldabréf, felst skriflegt, skilorðslaust og einhliða loforð stefnda um peningagreiðslu til eiganda bréfsins, og enn fremur hefur bréfið að geyma ákvæði um að með mál til heimtu skuldarinnar skuli fara skv. 3. mgr. 207. gr. laga um meðferð einkamála í héraði.

Þá ber að líta til þess, að í þeim hluta dskj. nr. 2, sem fjallar um kaup á bátnum, segir einungis hverjir eru aðilar að kaupunum og hvað er selt, við hvaða verði, hver útborgun er og hverjar eftirstöðvar kaupverðs en að öðru leyti kemur ekkert fram um réttindi og skyldur aðila.

Þegar efni skjalsins er virt í heild sinni verður fallist á það með stefnanda að hér sé um að ræða skuldabréf í skilningi 3. mgr. 207. gr. eml.

Mál þetta er því réttilega rekið samkvæmt ákvæðum XVII. kafla laga um meðferð einkamála í héraði.

Samkvæmt því kemst sú vörn stefnda, að afhending hins selda hafi enn ekki farið fram, ekki að í málinu.

Stefnandi hefur lagt fram frumrit skjalsins með löglegri heimild, auk þess sem hann hefur lagt fram ljósrit kaupnótu, þar sem fram kemur, að hann keypti kröfuna á hendur stefnda 26. nóvember 1987.

Hefur hann þannig sýnt nægjanlega fram á að hann sé réttur aðili máls þessa og verður því sú krafa stefnda, að stefnandi sé ekki réttur aðili málsins, því ekki tekin til greina.

Stefndi hefur ekki sýnt fram á að stefnandi hafi tekist á hendur skuldbindingar gagnvart honum um afhendingu hins selda eða endurgreiðslu útborgunar og verður því ekki fallist á þrautavarakröfu og þrautavaravarakröfu stefnda í máli þessu.

Samkvæmt framansögðu er niðurstaða málsins sú að taka ber kröfu stefnanda til greina að öllu leyti og eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda 250.000 krónur í málskostnað.

Allan Vagn Magnússon borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurður Kr. Fjeldsted, greiði stefnanda, Landsbanka Íslands, 1.141.541,80 krónur með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. mars 1988 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 250.000 krónur í málskostnað og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Föstudaginn 10. júní 1994.

Nr. 251/1994. **Húsfélagið Krummahólum 4**
(Valgarð Briem hrl.)
gegn
þrotabúi Þorsteins Einarssonar
(Guðmundur Ágústsson hdl.)

Kærumál. Málskostnaðartrygging. Gjaldþrotaskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur með heimild í o-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 10. maí 1994, sem barst réttinum 30. sama mánaðar. Hann krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og varnaraðila gert að leggja fram málskostnaðartryggingu, að fjárhæð 980.000 krónur. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst aðallega staðfestingar hins kærða úrskurðar, en til vara þess, að fjárhæð umkrafinnar tryggingar verði lækkuð verulega. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur höfðað það mál, sem kærumál þetta er sprottið af, til innheimtu kröfu, að fjárhæð 2.350.319 krónur. Hann byggir kröfu sína á því, að sóknaraðili hafi vanefnt verksamning frá 23. júlí 1991, en með honum tók þrotamaður að sér steypuviðgerðir og klæðningu á fasteigninni Krummahólum 4 í Reykjavík. Bú þrotamanns var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 4. október 1993. Samkvæmt fram lagðri kröfulýsingarskrá frá 9. janúar 1994 nema lýstar almennar kröfur 16.706.672,60 krónum, en af þeim hafa verið samþykktar kröfur að fjárhæð 8.653.513,40 krónur. Lýstar og samþykktar kröfur utan skuldaraðar nema 2.244.019 krónum. Forgangskröfum að fjárhæð 303.328 krónum hefur verið lýst, en þær hafa ekki verið samþykktar. Í málinu nýtur ekki upplýsinga um eignir varnaraðila.

Gjaldþrot eitt nægir ekki til þess að fullnægja áskilnaði b-liðar 1. mgr. 133. gr. einkamálalaga. Ákvæði þetta er undantekningarákvæði og er háð mati hverju sinni. Þótt óvissa sé um verðmæti eigna varnaraðila, er meðal annars til þess að líta, að krafa sóknaraðila um málskostnað, ef til kæmi, nyti forgangs í bú varnaraðila samkvæmt 110. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., en engar forgangskröfur hafa enn verið samþykktar, eins og áður greinir. Sóknaraðili hefur því ekki leitt nægar líkur að því, að varnaraðili sé ófær um greiðslu málskostnaðar.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili skal greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Húsfélagið Krummahólum 4, greiði varnaraðila, þrotabúi Þorsteins Einarssonar, 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 2. maí 1994.

Mál þetta var þingfest hinn 12. apríl 1994. Þann dag lagði stefndi fram bókun, merkta dómskjal nr. 32, þar sem þess er krafist, að stefnanda verði gert að leggja fram tryggingu, að fjárhæð kr. 980.000, fyrir greiðslu málskostnaðar fyrir héraðsdómi og fyrir Hæstarétti, sem hann kynni að verða dæmdur til að greiða, sbr. b-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991. Af hálfu stefnanda var kröfunni mótmælt.

Miðvikudaginn 20. apríl 1994 var málið tekið fyrir og lögmönnum aðila gefinn kostur á að rökstyðja kröfur sínar og mótmæli. Í því þinghaldi ítrekaði lögmaður stefnda kröfu sína um málskostnaðartryggingu úr hendi stefnanda og lagði fram dskj. nr. 33–35. Kvað hann stefnanda ógjaldfæran og taldi hann ekki myndu geta greitt þann málskostnað, sem hann kynni að verða dæmdur til að greiða. Hins vegar væri eigendum þrotabúsins í lófa lagið að leggja fram fullnægjandi tryggingu. Óskaði hann eftir því að lögmaður stefnanda upplýsti um stöðu búsins, svo að ráða mætti, hvort eignir þess nægðu til greiðslu á forgangskröfum. Til stuðnings kröfu sinni vísaði hann að öðru leyti til dskj. nr. 33–35. Þá kvaðst hann telja málsókn stefnanda tilefnislausa. Lögmaður stefnanda mótmælti kröfunni um málskostnaðartryggingu og gerði þá aðalkröfu að henni yrði hafnað, en til vara gerði hann þá kröfu að fjárhæð tryggingarinnar yrði lækkuð verulega. Kvað hann það ekki ætlun b-liðar 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 að koma í veg fyrir málshöfðun sem þessa, heldur væri ákvæðinu ætlað að koma í veg fyrir tilefnislausa málsókn eignalausra aðila. Slíku væri ekki fyrir að fara í þessu máli. Kvaðst hann ekki geta orðið við áskorun lögmanns stefnanda um að upplýsa um stöðu þrotabúsins, þar sem hún væri óljós.

Samkvæmt b-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 þarf stefndi að leiða að því líkur að stefnandi sé ófær um greiðslu þess málskostnaðar, sem hann kann að verða dæmdur til að greiða. Þegar liggur fyrir að stefnandi málsins er þrotabú. Verður ekki talið að gjaldþrot aðila eitt veiti tilefni til að heimila málskostnaðartryggingu. Við mat á því, hvort skilyrðum b-liðar 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 sé fullnægt, verður einnig að líta til tilgangs ákvæðisins. Af greinargerð með 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 verður ráðið að tilgangur b-liðar ákvæðisins hafi einkum verið sá að koma í veg fyrir að stefndi þurfi að taka til varna, þegar fyrir fram er sýnt, að stefnandi muni ekki geta greitt þann málskostnað, sem hann verður fyrirsjáanlega dæmdur til að greiða, svo sem þegar um tilefnislausa eða tilgangslitla málsókn er að ræða.

Ekki er unnt að fallast á að svo sé háttað í máli þessu.

Með vísan til framanritaðs er kröfu stefnda um málskostnaðartryggingu úr hendi stefnanda hafnað.

Elín Norðmann, fulltrúi dómstjóra, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfu stefnda, Húsfélagsins Krummahólum 4, um málskostnaðartryggingu úr hendi stefnda, þrotabús Þorsteins Einarssonar, er hafnað.

Mánudaginn 13. júní 1994.

Nr. 261/1994. **Sigurður Oddfreysson**
Oddfreyja Oddfreysdóttir
Hrefna Kristjánsdóttir
Þorsteinn Már Kristjánsson og
Valur Bragason f. h. ófjárráða sonar síns,
Braga Valssonar
(Tryggvi Gunnarsson hrl.)
gegn
Kristbjörgu Ingvarsdóttur
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Kærumál. Útburðargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kæru 17. maí 1994, sem barst réttinum 2. júní. Kæruheimild er í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 1. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991. Krefjast sóknaraðilar þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og „30 kindur, 4 trippi, 4 hross, 11 heyrúllur og aðrir munir sem tilheyra kærðu, verði bornir út af jörðinni Litlalandi, Ölfushreppi, Árnessýslu, með beinni aðfarargerð“. Þá krefjast þeir málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Aðila máls þessa greinir meðal annars á um ábúðarrétt varnaraðila á jörðinni Litlalandi í Ölfusi, eins og fram kemur í hinum kærða úrskurði, en hún flutti lögheimili sitt af jörðinni 17. ágúst 1990.

Í forsendum úrskurðar héraðsdóms er það sagt vera óumdeilt, að Ingvar Geir Guðbjörnsson, sonur varnaraðila, sé eigandi þeirra skepna, sem aðfararbeiðnin tekur til. Í aðfararbeiðni sóknaraðila kemur fram, að þeir hafi heimilað honum not jarðarinnar fyrir skepnurnar. Í símskeyti sóknaraðila til varnaraðila 22. október 1993, þar sem tilkynnt var um fyrirhugaða sölu jarðarinnar, segir meðal annars: „Ingvari Geir Guðbjörnssyni, Eyjahrauni 21, Þorlákshöfn, sem hefur haft not af jörðinni, er heimilað að hafa not af hlöðunni, þar til kaupandi tekur við samkvæmt framansögðu.“ Ekki voru af hálfu varnaraðila gerðar athugasemdir við þetta atriði í símskeytinu. Hvort tveggja er þetta vísbending þess, að Ingvar Geir sé eigandi skepnanna. Í bréfi til lögmanns sóknaraðila 3. janúar 1994, sem var svar við áskorun um að fjarlægja skepnur af jörðinni, benti Ingvar Geir honum á „að hafa samband við réttan aðila í þessu máli“. Sóknaraðilar hafa lagt fyrir Hæstarétt forðagæsluskýrslu Búnaðarfélags Íslands frá 29. nóvember 1993. Þar er varnaraðili skráð fyrir búfé og fóðurforða á jörðinni árið 1993. Tölur um fjölda búfjár í skýrslunni eru ekki samhljóða aðfararbeiðni. Í greinargerð lögmanns varnaraðila fyrir Hæstarétti er varnaraðili sögð vera eigandi að öllu því, sem útburðar er krafist á.

Með hliðsjón af þeim vafa, sem í málinu þykir leika á um réttarstöðu aðila og eignarhald á þeim skepnum, er aðfararbeiðnin tekur til, brestur lagaskilyrði til beinnar aðfarargerðar á grundvelli 78. gr. laga nr. 90/1989, sbr. 83. gr. laganna. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 5. maí 1994.

I.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 19. f.m., eru sóknaraðilar Sigurður Oddfreysson, kt. 121068-4789, Eyjahrauni 13, Þorlákshöfn, Oddfreyja Oddfreysdóttir, kt. 200172-5669, Sambyggð 6, Þorlákshöfn, Hrefna Kristjánsdóttir, kt. 130461-2049, Túnbrekku 17, Ólafsvík, Þorsteinn Már Kristjánsson, kt. 230763-2919, Kirkjustræti 2, Reykjavík, og Valur B. Bragason, kt. 171255-3769, Yrsufelli 5, Reykjavík, vegna ófjárráða sonar síns, Kristjáns Braga Valssonar, kt. 141178-5209, s.st. Varnaraðili er hins vegar Kristbjörg Ingvarsdóttir, kt. 130536-2209, Raftahlíð 66, Sauðárkróki.

Upphaflega var db. Geirþrúðar Kristjánsdóttur, kt. 290160-4139, Auðbrekku 10, Kópavogi, einn sóknaraðila en í þinghaldi 19. apríl sl. lagði lögmaður sóknaraðila fram skjal frá sýslumanninum í Kópavogi, svohljóðandi: „Þann 24. nóvember 1981 var dánarbú Geirþrúðar Kristjánsdóttur, f. 29. janúar 1960, d. 25. maí 1980, framselt til einkaskipta. Einkaerfingi Geirþrúðar heitinnar er sonur hennar, Kristján Bragi Valsson, kt. 141178-5209. Við skiptin kemur eignarhluti hinnar látnu í jörðinni Litlalandi í Ölfushreppi í hlut Kristjáns. Með vísan til 2. og 3. mgr. 15. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991, samþykkir sýslumaðurinn í Kópavogi hér með sölu Kristjáns á eignarhluta þessum.“ Lögmaðurinn lýsti því yfir að í samræmi við þetta væri Kristján Bragi Valsson einn sóknaraðila en þar sem hann væri ófjárráða færi faðir hans með aðild málsins fyrir hans hönd.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, að 30 kindur, 4 trippi, 4 hross, 11 heyrúllur og aðrir munir, sem tilheyra gerðarþola, verði bornir út af jörðinni Litlalandi, Ölfushreppi, Árnessýslu, með beinni aðfarargerð og að varnaraðilar greiði málskostnað samkvæmt mati dómsins, auk þess sem fjárnám verði heimilað fyrir kostnaði af væntanlegri gerð.

Varnaraðili krefst þess hins vegar að kröfur sóknaraðila nái ekki fram að ganga og að sóknaraðili greiði sér málskostnað að mati dómsins.

II.

Hinn 13. október 1979 andaðist Halldóra Bára Halldórsdóttir, Meiðastöðum, Gerðahreppi, en maður hennar, Oddfreyr Níelsson, hafði látist 29. september 1971. Dánarbúið var tekið til opinberra skipta hjá skiptaráðandanum í Gullbringusýslu. Aðaleign búsins var talin vera eignarhluti að tveimur þriðju hlutum í fasteigninni Litlalandi í Ölfushreppi, Árnessýslu, ásamt mannvirkjum þar. Erfingjar dánarbúsins voru taldir 5 börn arfláta, sóknaraðilar máls þessa, en eitt barnanna, Geirþrúður Kristjánsdóttir, lést, meðan á skiptum stóð. Er skiptum lauk 21. janúar 1982 urðu sóknaraðilar sameigendur að jörðinni Litlalandi, og var sameignarhlutur sóknaraðilanna Kristjáns Braga Valssonar (þ.e. db. Geirþrúðar Kristjánsdóttur), Hrefnu Kristjánsdóttur og Þorsteins Más Kristjánssonar 4/30 hlutar en tvö barnanna, sóknaraðilarnir Sigurður og Oddfreyja Halldóra Oddfreysbörn, áttu fyrir sameiginlega og að jöfnu þriðjung fasteignarinnar og var eftir skiptin sameignarhlutur þeirra með öðrum sóknaraðilum máls þessa 9/30 hlutar, sbr. dskj. 2.

Óumdeilt er, að Halldóra heitin bjó á Litlalandi eftir lát Oddfreys heitins Níelssonar, bónda þar, frá 1971 fram til 1975, en þá mun Ölfushreppi hafa verið leigð jörðin í tvö ár. Eftir þetta eða í apríl 1977 var varnaraðila byggð jörðin og bjó þar til 17. ágúst 1990, er hún fluttist af jörðinni til Hafnarfjarðar og síðar á Sauðárkrók, þar sem varnaraðili býr nú. Upphaf ábúðar gerðarþola má rekja til byggingarbréfs, dskj. 20, út gefið í apríl 1977, þar sem eftirfarandi kemur m. a. fram:

„Ég, Halldóra Halldórsdóttir, Litlalandi í Ölfusi, og ég, Tómas Guðmundsson, prestur, Hveragerði, sem fjárhaldsmaður barnanna Sigurðar og Oddfreyju, barna Halldóru og Oddfreys, byggjum hér með Kristbjörgu Ingvarsdóttur, Stíflu í A.-Landeyjum, eignarjörð okkar, Litlaland í Ölfusi, frá næstu fardögum með eftirfarandi skilmálum:

...

2. Leiguliði skal greiða í landskuld eftir jörðina í hvers árs fardögum eftir á sömu landskuld og um væri að ræða, ef jörðin væri byggð leiguliða af ríkinu. ...

4. Leiguliði greiði alla skatta og skyldur, er á jörðinni hvíla ...

5. Leiguliði má ekki byggja öðrum af jörðinni eða láta landnytjar eða hlunnindi í té, nema landsdrottinn leyfi. ...

7. Með þessum skilmálum er leiguliða heimil ábúð jarðarinnar Litlaland, en bregði hann út af þeim á nokkurn hátt, hefir hann fyrirgert ábúðarrétti sínum og varðar útbyggingu.

8. Í þeim atriðum, sem ekki eru greind hér að framan, fer um skyldur og réttindi landsdrottins og leiguliða skv. ákvæðum ábúðarlaga nr. 64/1976. ... "

Um leigutímann er ákvæði í 3. gr. byggingarbréfsins, en af því eintaki, sem lagt er fram í málinu, verður ekki ráðið, vegna innritunar í upphaflegan texta, hvort heldur leigutíminn var 25 ár eða 5 eða 15 ár.

Á árinu 1993 voru framkvæmdar tvær úttektargerðir á Litlalandi. Í upphafi fyrri úttektargerðar, dskj. 3, segir svo:

„Ár 1993, fimmtud. 22. júlí, kl. 15.00, voru þeir Þorlákur Kolbeinsson, Þurá, og Bened. Thorarensen, hreppstjóri Ölfushrepps, staddir á Litlalandi í Ölfusi, þeirra erinda að taka út téða jörð að beiðni frú Kristbjargar Ingvarsdóttur vegna uppsagnar hennar á leigusamningi á jörðinni. Kristbjörg var sjálf mætt við úttektina ... "

Í upphafi síðari úttektargerðarinnar, yfirúttektargerð, frá 8. nóvember 1993, dskj. 13, segir einnig:

„Yfirúttektarnefnd hefur komið saman til að taka út og virða eignir á jörðinni Litlalandi í Ölfushreppi, Árnessýslu, að beiðni fráfarandi ábúanda, Kristbjargar Ingvarsdóttur, dagsettri 3. ágúst 1993 ... "

Eftir að varnaraðilinn, Kristbjörg, fluttist af jörðinni mun bróðir hennar hafa búið þar, árin 1990–1992, en eftir það mun íbúðarhúsið á Litlalandi hafa staðið autt og ónotað. Milli úttektargerða áttu málsaðilar í bréfaskriftum, eins og hér nánar greinir. Hinn 22. október 1993 rita sóknaraðilar varnaraðila, dskj. 7, svohljóðandi símskeyti:

„Þar eð þér fluttuð lögheimili yðar af jörðinni Litlalandi í Ölfusi fyrir nokkrum árum án samþykkis landsdrottins, samanber 21. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976, en hafið ekki búið þar síðan, og jörðin hefur ekki verið byggð öðrum með samþykki landsdrottins, samanber 26. gr. ábúðarlaganna, skal yður tilkynnt, að höfðu samráði við lögfræðinga, að eigendur jarðarinnar líta svo á, að þér hafið með flutningi lögheimilis á ofangreinda hátt og flutningi af jörðinni afsalað yður rétti til að búa á henni, samanber 31. gr. ábúðarlaganna, skal upplýst að eigendurnir hyggjast selja jörðina mánud. 25. þessa mánaðar þannig að kaupandi geti strax við undirskrift kaupsamnings nýtt íbúðarhús á jörðinni og hluta hlöðunnar, síðan hlöðuna að öllu leyti, í byrjun desember næstkomandi. Ingvari Geir Guðbjörnssyni, Eyjahrauni 21, Þorlákshöfn, sem hefur haft not af jörðinni, er heimilað að hafa not af hlöðunni þar til kaupandi tekur við samkvæmt framansögðu.“

Af hálfu varnaraðila var tilkynningu sóknaraðila svarað með símskeyti, dagsettu 22. október 1993, dskj. 9, og er það svohljóðandi:

„Afrit sent Fasteignamiðstöðinni, Skipholti 50b, með faxi. Fax nr. 91-62290 b/t Viðars Marinóssonar. Fyrir hönd móður minnar, Kristbjargar Ingvarsdóttur, geri ég undirritaður, Ingvar Geir Guðbjörnsson, hér með kröfu til að móður minni, Kristbjörgu Ingvarsdóttur, sem hefur verið leiguliði á jörðinni Litlalandi, Ölfushreppi, frá árinu 1977 og stundað þar búskap síðan, verði boðinn forkaupsréttur á jörðinni Litlalandi, Ölfushreppi. Krafa þessi er sett fram með vísan til 2. mgr. 30. gr. jarðalaga nr. 65/1976 og í tilefni af símskeyti þínu, dags. 22.10. sl. Það skal tekið fram, að Kristbjörg er erlendis um þessar mundir, en kemur til landsins þann 28. október nk. Verði fyrirmælum 2. mgr. 30. gr. jarðalaga ekki sinnt, mun Kristbjörg leita réttar síns á grundvelli 33. gr. jarðalaga nr. 65/1975.“ Undir símskeyti þetta ritar Ingvar G. Guðbjörnsson.

Með kaupsamningi, dagsettum 2. nóvember 1993, selja sóknaraðilar Sveini Steinarssyni jörðina Litlaland, Ölfushreppi, Árnessýslu, ásamt öllum mannvirkjum á jörðinni og öllu því sem jörðinni fylgir og fylgja ber, þ.m.t. hlunnindi og greiðslumark. 5. og 6. gr. kaupsamningsins, dskj. 11, eru svohljóðandi:

„Afhending jarðarinnar skal vera við undirritun kaupsamnings þessa, þ.e. íbúðarhús og hluti af hlöðu, en annað hinn 1. desember 1993. Seljendur skulu þá hafa greitt alla gjaldfallna reikninga vegna rafmagns og hitaveitu og hafa látið lesa af mælum.

Kaupanda er kunnugt um að jörðin var í ábúð skv. byggingarbréfi, dags. í apríl 1977. Seljendur ábyrgjast gagnvart kaupanda, að Kristbjörg Ingvarsdóttir muni ekki gera kröfu um að nýta sér hugsanlegan rétt sinn skv.

ábúðarlögum og/eða hugsanlegan forkaupsrétt sinn, enda viðurkenna seljendur ekki að hún eigi neinn slíkan rétt.“

Hinn 29. desember 1993 sendir lögmaður sóknaraðila Ingvari Geir Guðbjörnssyni, dskj. 14, svohljóðandi símskeyti:

„Undirritaður gætir hagsmuna eigenda jarðarinnar Litlalands í Ölfusi. Svo sem yður er kunnugt hafa umbjóðendur mínir gert kaupsamning við Svein Steinarsson um jörðina. Þér hafið ekki orðið við tilmælum umbjóðenda minna um að fjarlægja af jörðinni skepnur sem þér eigið þar. Hér með er skorað á yður að fjarlægja skepnurnar fyrir 7. janúar nk., að öðrum kosti verða þær fluttar af jörðinni á yðar kostnað.“

Hinn 3. janúar sl. sendir Ingvar Geir Guðbjörnsson lögmanni sóknaraðila, dskj. 15, svohljóðandi svarbréf:

„Ég undirritaður vil benda yður á að hafa samband við réttan aðila í þessu máli. Með vísan til símskeytis, dagsett 29.12. 1993.“

III.

Af hálfu sóknaraðila er byggt á þeim sjónarmiðum, að varnaraðili hafi enga heimild til að hafa skepnur eða annað á jörðinni Litlalandi. Varnaraðilinn Kristbjörg Ingvarsdóttir búi ekki lengur á jörðinni og með því að biðja um, að jörðin yrði tekin út, hafi varnaraðili í reynd verið að skila jörðinni til sóknaraðila. Ljóst sé að allar heimildir varnaraðila til afnota af jörðinni séu löngu niður fallnar, en varnaraðili hafi ekki búið á jörðinni frá 17. ágúst 1990, sbr. dskj. 16. Sú málsástæða varnaraðila, að sóknaraðilar hafi ekki, svo að gilt sé að ábúðarlögum, sagt upp rétti varnaraðila til afnota af jörðinni, sé marklaus, þar sem varnaraðili hafi sjálfur sagt upp afnotarétti sínum með því að flytja af jörðinni og biðja um úttekt á henni í framhaldi af því. Þá fái það ekki heldur staðist hjá varnaraðila, að hann eigi forkaupsrétt að jörðinni skv. jarðalögum, það sé alls ekki þar sem slíkur réttur sé bundinn því skilyrði, að viðkomandi taki jörðina til fullra nytja en því sé ekki að heilsa um varnaraðila.

Af hálfu varnaraðila er því haldið fram, að sóknaraðilar hafi ekki gætt formreglna 2. mgr. 30. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976. Þótt litið yrði svo á, að varnaraðili ætti ekki lögheimili á jörðinni gæfi það ekki sóknaraðilum heimild til að heimta jörðina af varnaraðila, án undangenginnar uppsagnar. Í málinu liggi enn fremur fyrir, að sóknaraðilar hafi samþykkt, að sonur varnaraðila yrði áfram með bústofn á jörðinni og þannig í reynd samþykkt, að varnaraðilinn Kristbjörg sem ábúandi jarðarinnar byggi ekki á jörðinni. Í þessu sambandi skipti engu máli, þótt úttekt hafi farið fram samkvæmt 18. gr. ábúðarlaga en ljóst sé að varnaraðili hafi samkvæmt 31. gr. ábúðarlaganna ekki sagt ábúðarréttinum upp. Réttur sóknaraðila í málinu sé alls ekki það skýr, að heimilt sé að beita réttarúrræðum 78. gr. aðfararlaga nr. 90/1989.

IV.

Óumdeilt er, að Ingvar Geir Guðbjörnsson er eigandi þeirra skepna, sem aðfararbeiðnin tekur til, og hann er jafnframt vörslumaður þeirra, enda býr móðir hans, Kristbjörg Ingvarsdóttir, varnaraðili í máli þessu, ekki lengur á jörðinni. Af málsgögnum sést, að sóknaraðilar leyfðu að Ingvar Geir Guðbjörnsson hefði áfram afnot af jörðinni fyrir skepnur sínar, eftir að varnaraðili var fluttur af jörðinni, dskj. 7, en þeir gengu út frá því að afnotum lyki er nýir eigendur tækju við jörðinni. Tilgangur aðfararbeiðni sóknaraðila er augljóslega sá að binda enda á framangreind afnot Ingvars Geirs Guðbjörnssonar af jörðinni. Aðför til að knýja það fram með atbeina fógeta á grundvelli 78. gr. laga nr. 90/1989 verður ekki við komið, nema kröfu þess efnis sé beint að Ingvari Geir Guðbjörnssyni. Ekki er ljóst af aðfarargerð og gögnum, sem henni fylgja, hvað átt er við með orðalaginu „og aðrir munir sem tilheyra gerðarþola“ og verður aðför ekki heimiluð á grundvelli þessa óljósa orðalags. Að framansögðu ber að hafna kröfu sóknaraðila og ber sóknaraðilum í samræmi við úrslit máls þessa að greiða varnaraðila 40.000 krónur í málskostnað.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari dæmir mál þetta.

Úrskurðarorð:

Hin umbeðna aðfarargerð skal ekki ná fram að ganga. Sóknaraðilar, Sigurður Oddfreysson, kt. 121068-4789, Oddfreyja Oddfreysdóttir, kt. 200172-5669, Hrefna Kristjánsdóttir, kt. 130461-2049, Þorsteinn Már Kristjánsson, kt. 230763-2919, og Valur B. Bragason, kt. 171255-3769, v/ Kristjáns Braga Valssonar, kt. 141178-5209, greiði in solidum varnaraðila, Kristbjörgu Ingvarsdóttur, kt. 130536-2209, 40.000 krónur í málskostnað.

Mánudaginn 13. júní 1994.

Nr. 253/1994. **Ferðaskrifstofan Atlantik hf.**
(Hjalti Steinþórsson hrl.)
gegn
Sun Services Ltd.
(Othar Örn Petersen hrl.)

Kærumál. Kæruheimild. Frávísun frá Hæstarétti. Þýðing skjala. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Skúli J. Pálmason héraðsdómari kvað upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 23. maí sl., sem barst réttinum 31. sama mánaðar. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið „og að lagt verði fyrir kærða að leggja fram íslenska þýðingu allra skjala, sem lögð hafa verið fram í málinu og eru á ensku". Þá telur sóknaraðili, að héraðsdómari hafi „ekki gætt meginreglna um jafnræði aðila og þannig gert á sinn hluta". Gerir hann kröfu til þess, að dómaranum verði veitt áminning. Loks krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar. Sóknaraðili rökstyður heimild til kæru málsins með vísan til d-, e- og f-liðar 1. mgr. og 3. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Varnaraðili gerir kröfu til þess aðallega, að kærunni verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað. Jafnframt krefst hann kærumálskostnaðar.

Fyrri hluta árs 1991 undirritaði sóknaraðili samning við fyrirtækið Edrichton Holidays Group of Companies á Möltu um leigu íbúða fyrirtækisins þar í landi fyrir farþega varnaraðila. Varnaraðili, sem er í eigu framangreinds fyrirtækis, höfðaði mál 4. desember sl. á hendur sóknaraðila til greiðslu reikninga vegna ógreiddrar þjónustu samkvæmt samningnum. Við þingfestingu málsins lagði varnaraðili fram ýmis skjöl, flest á enskri tungu.

Fyrir héraðsdómi hafði lögmaður sóknaraðila uppi þá kröfu, að þessi dómskjöl á ensku yrðu þýdd á íslensku. Varnaraðili féllst á að láta þýða tvö skjalanna, en mótmælti kröfunni að öðru leyti. Í forsendum úrskurðar héraðsdómara 10. maí sl. hafnaði hann kröfu sóknaraðila, en að þeirri niðurstöðu er ekki vikið í úrskurðarorði. Hins vegar er þar mælt fyrir um þýðingu fyrrgreindra tveggja skjala. Úrskurður héraðsdómara laut að kröfu sóknaraðila um þýðingu fram lagðra dómskjala varnaraðila á íslensku. Ákvæði 143. gr. laga nr. 91/1991 heimila ekki kæru þessa úrlausnarefnis til Hæstaréttar. Sóknaraðili hefur ekki fært haldbær rök fyrir því, að héraðsdómari hafi gert á sinn hlut.

Samkvæmt framansögðu ber að vísa málinu frá Hæstarétti.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Ferðaskrifstofan Atlantik hf., greiði varnaraðila, Sun Services Ltd., 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar

Réttarfarshagsmunum aðila í einkamáli getur verið þannig farið, að úrskurður dómara um nauðsyn þýðingar á málsskjölum og framlagningu þýðinga eigi að sæta kæru til Hæstaréttar samkvæmt d-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, með sama hætti og úrskurður um framlagningu á skjölunum sjálfum. Tel ég kæruheimild þessa eiga við í því máli, sem hér liggur fyrir. Þar sem aðrir dómendur líta svo á, að kæran sé ekki heimil, er ekki ástæða til þess, að fjallað verði frekar um kæruefnið.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 10. maí 1994.

Stefndi er ferðaskrifstofa, sem hefur haft það að atvinnu að skipta við erlenda aðila.

Fyrir liggja í málinu gögn sem sýna að bæði stefndi og lögmaður hans hafa gott vald á enskri tungu.

Dómari málsins telur sig hafa nægilega gott vald á enskri tungu til að skilja efni fram lagðra dómskjala og sér því ekki ástæðu til að verða við kröfu lögmanns stefnda um þýðingu fram lagðra dómskjala.

Úrskurðarorð:

Dómskjal nr. 3 skal þýtt á íslensku svo og sýnishorn fylgiskjala á dskj. nr. 5.

Þriðjudaginn 14. júní 1994.

Nr. 265/1994. **Geir Snorrason**
(Kjartan Ragnars hrl.)
gegn
Vigdísi Violetu Rosento
(Arnmundur Backman hrl.)

Kærumál. Börn. Innsetning. Verkanir áfrýjunar. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 2. júní 1994, sem barst réttinum næsta dag. Kæruheimild er í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 1. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og synjað aðfarar. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 18. maí 1994 var varnaraðila fengin forsjá dóttur málsaðila, Agnesar Geirsdóttur, sem fædd er 21. ágúst 1991. Varnaraðili óskaði sama dag eftir því við dóminn, að forsjá hennar með barninu, sem dvaldist hjá sóknaraðila, yrði komið á með aðfarargerð samkvæmt 75. gr. barnalaga nr. 20/1992. Þegar málið var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur 26. maí sl., lagði sóknaraðili fram ljósrit áfrýjunarstefnu forræðismálsins og mótmælti því, að aðfarargerðin næði fram að ganga. Hann gerði jafnframt þá kröfu, að svo yrði kveðið á í úrskurði, ef aðför yrði heimiluð, að málskot úrskurðarins frestaði gerðinni, sbr. 3. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989.

Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. aðfararlaga leiðir áfrýjun dóms til þess, að aðfararbeiðni á grundvelli hans verður ekki tekin fyrir, á meðan máli er ólokið fyrir æðra dómi. Undantekningar eru frá þeirri reglu, ef svo er mælt fyrir í lögum eða dómi eða úrskurði, að áfrýjun fresti ekki aðför.

Í framangreindum dómi Héraðsdóms Reykjavíkur er ekki kveðið svo á, að áfrýjun hans tálmi ekki aðför. Slík ályktun verður ekki heldur dregin af 75. gr. laga nr. 20/1992. Þar sem áfrýjunarstefna í málinu hafði verið gefin út, þegar aðfararbeiðni varnaraðila var tekin fyrir, átti héraðsdómari að fresta málinu með úrskurði, uns forræðisdeila málsaðila væri til lykta leidd í æðra dómi. Þeim úrskurði mátti skjóta til Hæstaréttar samkvæmt heimild í h-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989. Héraðsdómari heimilaði hins vegar framgang aðfarar í hinum kærða úrskurði, og bar honum þá að taka afstöðu til þess í úrskurði sínum, hvort málskot hans frestaði aðför. Það gerði hann ekki berum orðum. Þau orð héraðsdómara, að ekki þyki rétt „að fresta ákvörðun um úrskurð í máli þessu", verða ekki skilin á annan veg en þann, að hann hafi talið fært að taka aðfararbeiðni varnaraðila til úrskurðar þrátt fyrir útgáfu áfrýjunarstefnu.

Fyrir liggur, að varnaraðila voru fengin umráð dóttur sinnar með aðfarargerð 31. maí sl. á grundvelli hins kærða úrskurðar gegn andmælum sóknaraðila. Þrátt fyrir framangreinda annmarka þykir við svo búið ekki rétt með tilliti til hagsmuna barnsins, að högum þess verði frekar raskað, á meðan forræðismálið sætir áfrýjun. Eru því ekki efni til þess, að Hæstiréttur taki fremur en hér er gert afstöðu til hins kærða úrskurðar. Ber þannig að vísa málinu frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 26. maí 1994.

Með aðfararbeiðni, sem móttekin var 18. þ.m., krafðist Valborg Þ. Snævarr hdl. fyrir hönd Vigdísar Violetu Rosento, kt. 260149-2589, Hringbraut 99, Reykjavík, dómsúrskurðar um, að forsjá gerðarbeiðanda fyrir dóttur gerðarbeiðanda, Agnesi Geirsdóttur, kt. 210891-2429, yrði komið á með aðfarargerð eins og mælt sé fyrir í 1. mgr. 75. gr. l. nr. 20/1992, en Geir Snorrason, kt. 310832-7319, Gyðufelli 4, Reykjavík, faðir stúlkunnar, haldi barninu í andstöðu við vilja gerðarbeiðanda.

Var þess krafist, að héraðsdómur heimilaði sýslumanninum í Reykjavík að fara í fylgd fulltrúa Barnaverndarnefndar Reykjavíkur og óeinkennisklædds lögregluþjóns á heimili gerðarþola að Gyðufelli 4 hér í borg eða annan þann stað, sem hann fyndist fyrir, og krefja hann um að afhenda barnið og eftir atvikum að taka barnið úr vörslum hans og setja gerðarbeiðanda inn í forsjá þess.

Gerðarþoli hefur mótmælt því, að aðfarargerð megi ná fram að ganga, vegna þess að lögð hafi verið fram áfrýjunarstefna í málinu, þar sem ætlunin sé að hnekkja niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur í málinu nr. 7025/1993: Geir Snorrason gegn Violetu Chaves. Hann hefur einnig bent á greinargerð með 84. gr. l. nr. 90/1989 máli sínu til stuðnings. Hann gerir kröfu um, ef úrskurður í þessu máli nær fram að ganga, að málskot úrskurðar héraðsdómara fresti aðfarargerð.

Með vísun til forsendna í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 18. þ.m. um forsjá barnsins Agnesar Geirsdóttur og með hliðsjón af því, að álykta verður hagsmuni barnsins að komast til móður sinnar ríkari hagsmunum gerðarþola að halda barninu, uns niðurstaða fengist í æðra dómi, þykir ekki rétt að fresta ákvörðun um úrskurð í máli þessu og þar sem krafa gerðarbeiðanda er að öllu leyti í samræmi við fram lögð skjöl og lagastoð er fyrir því, að gerðin megi fram fara, ber að heimila umbeðna aðfarargerð.

Úrskurðarorð:

Viðurkenndur er réttur gerðarbeiðanda, Vigdísar Violetu Rosento, til að komið verði á með aðfarargerð forsjá hennar fyrir barninu Agnesi Geirsdóttur, kt. 210891-2429, allt eins og gerðarbeiðandi krefst.

Fimmtudaginn 16. júní 1994.

Nr. 59/1992. **Jón Þóroddsson**
(sjálfur)
gegn
Vátryggingafélaginu Skandia hf.
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Víxilmál. Gjalddagi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 6. febrúar 1992. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fram kom við munnlegan málflutning í Hæstarétti, að nafni stefnda hefur verið breytt í Vátryggingafélagið Skandia hf., en í héraði var nafn félagsins Reykvísk trygging hf.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi.

Víxill sá, sem mál þetta snýst um, var gefinn út 8. október 1986. Hann var útfylltur að öðru leyti en því, að á hann var ekki settur gjalddagi. Slíkur víxill telst gjaldkræfur við sýningu, sbr. 2. mgr. 2. gr. víxillaga nr. 93/1933, óháð því, hvort hann ber áritunina „til sýningar“ eða „sýningarvíxill“. Óumdeilt er, að stefndi færði gjalddagann 13. mars 1991 á víxilinn eftir 28. maí 1990. Gegn mótmælum áfrýjanda er ósannað, að stefndi hafi haft heimild til að rita gjalddaga víxilsins með þessum hætti, sbr. 10. gr. víxillaga. Frá útgáfudegi hans var liðið á fjórða ár, uns á hann var skráður gjalddagi. Þar sem víxillinn var gjaldkræfur við sýningu, bar stefnda, eins og hér stóð á, að endurnýja víxilábyrgð áfrýjanda eða sýna víxilinn innan árs frá gjalddaga, sbr. 1. mgr. 34. gr. víxillaga, ef hann hugðist halda í gildi víxilrétti gagnvart áfrýjanda. Hann gerði hvorugt og hafði því glatað rétti sínum á hendur áfrýjanda sem útgefanda víxilsins, áður en málið var höfðað, sbr. 1. mgr. 53. gr. laganna. Verður áfrýjandi því sýknaður af kröfum stefnda.

Eftir atvikum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda samtals 200.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Jón Þóroddsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Vátryggingafélagsins Skandia hf.

Stefndi greiði áfrýjanda samtals 200.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. nóvember 1991.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 8. nóvember 1991, hefur Reykvísk trygging hf., kt. 681272-0469, Sóleyjargötu 1, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með áskorunarstefnu, þingfestri 16. apríl 1991, á hendur Sverri Þóroddssyni, kt. 030644-2719, Sólbraut 5, Seltjarnarnesi, og Jóni Þóroddssyni, kt. 050342-4629, Hæðarbyggð 27, Garðabæ.

Málinu var vikið til venjulegrar meðferðar er stefndi, Jón Þóroddsson, skilaði greinargerð sinni á reglulegu bæjarþingi 28. maí 1991.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda kr. 3.200.000, stimpilgjald kr. 8.000, auk dráttarvaxta af kr. 3.200.000 [...]. Þá er þess krafist, að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu málskostnaðar [...].

Af hálfu stefnda Sverris Þóroddssonar var sótt þing við þingfestingu málsins, en þingsókn féll niður af hans hálfu 28. maí 1991. Ekki hefur verið skilað greinargerð af hans hálfu í málinu, eða kröfur gerðar.

Dómkröfur stefnda Jóns Þóroddssonar eru þær að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur ríflegur málskostnaður [...].

Málsatvik, málsástæður og lagarök.

Stefnandi höfðar málið sem víxilmál. Víxill sá, er lagður hefur verið fram í málinu, er að fjárhæð kr. 3.200.000, út gefinn og framseldur af stefnda Jóni Þóroddssyni í Reykjavík 8. október 1986 en samþykktur til greiðslu af stefnda Sverri Þóroddssyni í Landsbanka Íslands, Reykjavík. Gjalddagi víxilsins er 13. mars 1991. Útgefandi hefur fallið frá afsögn víxilsins. Á víxileyðublaðið hefur verið ritað „TRYGGINGARVÍXILL".

Í málinu liggur fyrir ljósrit af símbréfi, dagsettu 17. apríl 1990, og hefur það að geyma ljósrit af víxileyðublaði, sem ekki hefur verið skráður á gjalddagi. Óumdeilt er, að það er ljósrit af fyrrnefndum víxli og að gjalddagi var ekki færður á víxilinn fyrr en eftir 17. apríl 1990.

Óumdeilt er að stefndi Sverrir afhenti stefnanda víxilinn sem tryggingu. Stefnandi kveður víxilinn hafa verið afhentan sér sem tryggingu vegna sjálfskuldarábyrgðar sinnar á skuldabréfi, sem stefndi Sverrir gaf út til veðdeildar Verslunarbanka Íslands hf., að fjárhæð kr. 3.279.000, til fimm ára. Stefndi Jón kveðst hafa talið, að um bráðabirgðafyrirgreiðslu væri að ræða, og til að taka af öll tvímæli um, að um skammtímaábyrgð væri að ræða af hans hálfu, hafi hann sjálfur dagsett víxilinn 8. október 1986 og þar með gefið til kynna, að hann ætlaði einungis að vera skuldbundinn í eitt ár.

Stefndi Jón byggir í fyrsta lagi á því, að víxillinn hafi frá upphafi verið lögformlegur sýningarvíxill, samanber 2. mgr. 2. gr. l. nr. 93/1933, og því hefði borið að sýna hann innan árs frá útgáfudegi til að halda víxilábyrgðinni í gildi gagnvart honum, samanber 34. gr. l. nr. 93/1933. Þar sem stefnandi hafi ekki haldið víxlinum til laga sé víxilábyrgð hans fallin niður.

Stefndi byggir í öðru lagi á því að þar sem víxillinn hafi frá hans hendi verið lögformlegur víxill hafi sú athöfn stefnanda að skrá gjalddaga á víxilinn verið breyting á víxlinum, og samkvæmt 69. gr. l. nr. 93/1933 sé hann aðeins skuldbundinn samkvæmt upphaflegum texta víxilsins. Stefndi telur, að þar sem um lögformlegan víxil hafi verið að ræða frá hans hendi hafi víxillinn ekki verið eyðuvíxill og því hafi stefnandi ekki getað nýtt sér heimild 10. gr. l. nr. 93/1933 til að rita á hann gjalddaga síðar. Verði ekki fallist á þetta, telur stefndi, að útfyllingarumboð stefnanda hafi fallið niður 8. október 1987 og því hafi stefnandi fyllt víxilinn út á annan veg en um hafi verið samið. Stefndi geti því ekki byggt á víxlinum í því formi sem hann nú sé, enda hafi hann ekki verið grandlaus í skilningi 10. gr. l. nr. 93/1933.

Stefndi byggir á því í þriðja lagi að eins og víxillinn hafi verið úr garði gerður sé víxilkrafan löngu fyrnd. Gjalddagi víxilsins hafi síðast getað orðið 7. október 1987 og víxilréttur hafi því fyrnst gagnvart útgefanda ári síðar eða 8. október 1988, en þá hafi sannanlega ekki verið búið að útfylla víxilinn.

Í fjórða lagi byggir stefndi á því að stefnandi hafi með því að gera ekki reka að því að halda víxilkröfunni í gildi eða tilkynna stefnda að víxillinn væri ógreiddur, sýnt af sér slíkt tómlæti, að hvorki lagalegir né þjóðfélagslegir hagsmunir réttlæti annað en að hann hafi þar með glatað kröfuréttindum sínum.

Af hálfu stefnanda er talið að varnir stefnda séu ekki meðal þeirra varna sem hafa megi uppi í víxilmáli samkvæmt 208. gr. l. nr. 85/1936, og er því mótmælt að þær komist að í málinu. Jafnframt er því mótmælt að nokkuð sé athugavert við meðferð víxilsins, handhöfn hans eða aðferðir við að halda víxilkröfunni í gildi, og því haldið fram, að varnir stefnda geti ekki leitt til sýknu.

Því er haldið fram að skoða beri hið endanlega skjal, sem liggi fyrir dómi, og varnir, sem lúti að viðskiptunum að baki víxlinum eða hvernig hann hafi verið fylltur út, fái ekki komist að í málinu.

Stefndi telur varnir sínar um, að víxillinn hafi frá upphafi verið sýningarvíxill, komast að í málinu, þar sem þær varði aðferðina við að halda víxilkröfunni í gildi. Stefndi telur breytingar þær, sem stefnandi hafi gert á víxlinum, vera skjalafals, og komist sú vörn að í víxilmáli. Þá komist varnir, sem byggist á fyrningu, einnig að í víxilmáli.

Forsendur og niðurstaða.

Bú stefnda Sverris Þóroddssonar var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði bæjarfógetans á Seltjarnarnesi 29. apríl 1991, þ. e. eftir að mál þetta var höfðað. Búið var eignalaust og skiptum lokið 9. september 1991, fyrir fyrstu fyrirtöku í máli þessu eftir að stefnandi lagði fram greinargerð. Málið telst því réttilega höfðað og rekið fyrir bæjarþinginu hvað Sverri varðar.

Þær varnir stefnda Jóns sem byggjast á því, að fram lagður víxill hafi frá upphafi verið sýningarvíxill, komast að í málinu að því leyti, sem þær snúast um hvort stefnandi hafi haldið víxilkröfu sinni í gildi.

Eitt af skilyrðum fyrir því, að skjal teljist víxill, er, að í því sé greindur gjalddagi, samanber 4. tl. 1. mgr. l. nr. 93/1933. Í 33. gr. sömu laga segir að víxill geti hljóðað um greiðslu, m.a. við sýningu eða á tilteknum degi. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laganna er víxill, sem skortir tilgreiningu á gjalddaga gjaldkræfur við sýningu. Þrátt fyrir það að slíkur víxill sé þannig gildur að víxilrétti, verður ekki talið að hann sé ritaður að fullu í skilningi 10. gr. víxillaga.

Óumdeilt er að stefndi Jón gaf víxilinn út til tryggingar skuldbindingum stefnda Sverris gagnvart stefnanda. Gjalddagi var þá hvorki skráður á víxilinn né að hann ætti að greiða við sýningu. Stefnda mátti því vera ljóst að síðar yrði tekin ákvörðun um hver gjalddagi víxilsins yrði.

Stefnandi færði gjalddaga á víxilinn eftir 28. maí 1990. Samkvæmt framansögðu verður að telja, að hann hafi haft formlega heimild til að skrá á víxilinn gjalddaga og er það í samræmi við dómvenju. Skráning gjalddaga á víxilinn var því ekki breyting á texta hans í skilningi 69. gr. l. nr. 93/1933.

Varnir stefnda Jóns sem lúta að því, að stefnandi hafi fyllt víxilinn út á annan veg en um hafi verið samið og ekki haft heimild til að skrá gjalddaga á víxilinn svo löngu eftir útgáfu hans, lúta að viðskiptunum að baki víxlinum og komast því ekki að í víxilmáli gegn andmælum stefnanda, samanber 2. mgr. 208. gr. l. nr. 85/1936.

Gjalddagi á víxlinum er 13. mars 1991 og var víxilkrafan því ófyrnd er málið var höfðað 16. apríl s. á., enda hefur stefnda Jóni ekki tekist að sýna fram á að miða beri upphaf fyrningarfrests við annan dag en gjalddaga víxilsins.

Réttarreglur um tómlæti þykja ekki geta leitt til sýknu í málinu.

Því ber að taka víxilkröfur stefnanda í málinu til greina að öllu leyti.

Eftir úrslitum málsins ber stefndu að greiða stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 270.000 og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti samkvæmt III. kafla l. nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu og til greiðsludags.

Sigurður T. Magnússon, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Sverrir Þóroddsson og Jón Þóroddsson, greiði in solidum stefnanda, Reykvískri tryggingu hf., 3.208.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla l. nr. 25/1987 af kr. 3.200.000 frá 13. mars 1991 til greiðsludags.

Stefndu greiði in solidum stefnanda 270.000 krónur í málskostnað. Málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla l. nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu og til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 16. júní 1994.

Nr. 221/1991. **Íslandsbanki hf.**
(Jón G. Briem hrl.)
gegn
Sundagörðum hf.
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
og þrotabúi Vogalax hf.

Gjaldþrotaskipti. Skuldaröð. Veðsetning. Aðfinnslur. Meðdómsmenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. maí 1991. Hann krefst þess, að krafa sín í þrotabú Vogalax hf., að fjárhæð 15.818.840 krónur, verði viðurkennd sem forgangskrafa. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda, Sundagarða hf., er þess krafist, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og félaginu dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti. Af hálfu þrotabús Vogalax hf. var sótt þing fyrir Hæstarétti, en þingsókn féll niður, án þess að kröfur hefðu verið gerðar.

Veðsetning samkvæmt tryggingarbréfi áfrýjanda var kallað allsherjarveð og átti að ná til alls endurheimts hafbeitarlax úr sjó á athafnasvæði Vogalax hf. árin 1989 til 1992.

Með skírskotun til raka hins áfrýjaða úrskurðar verður að fallast á það, að endurheimtur hafbeitarlax sé afli í merkingu 4. mgr. 4. gr. veðlaga nr. 18/1887, sbr. 1. gr. laga nr. 43/1986, sbr. 14. gr. laga nr. 9/1989, og að heimilt sé að veðsetja hann til eins árs. Þegar af þeirri ástæðu ber að staðfesta úrlausn hins áfrýjaða úrskurðar um, að veðsetning til fjögurra ára á hafbeitarlaxi, sem endurheimtist, hafi verið ólögmæt veðsetning, enda verður að líta svo á, að eingöngu sé í tryggingarbréfinu veðsett það, sem aflast. Niðurstaða héraðsdóms um rétthæð kröfu áfrýjanda er því staðfest.

Samkvæmt þessari niðurstöðu er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Það athugast, að óþarft var að kveðja til samdómendur í héraði, þar sem ágreiningur máls þessa fjallar eingöngu um lagaatriði.

Dómsorð:

Úrskurður héraðsdóms skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Íslandsbanki hf., greiði stefnda, Sundagörðum hf., 200.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Úrskurður skiptaréttar Gullbringusýslu 11. apríl 1991.

I.

Inngangur.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi miðvikudaginn 13. mars 1991. Málið, sem rekið er fyrir skiptarétti Gullbringusýslu, varðar ágreining Íslandsbanka og Sundagarða hf. um afstöðu sérstaks skiptastjóra varðandi rétthæð kröfu Íslandsbanka nr. 56 samkvæmt kröfulýsingaskrá í þrotabú Vogalax hf. á skiptafundi þann 16. desember 1990.

Sóknaraðilar máls þessa voru upphaflega Hörður Jónsson og Sundagarðar hf. Í upphafi munnlegs málflutnings þann 13. mars 1991 lýsti lögmaður sóknaraðila yfir að Hörður Jónsson hefði fallið frá kröfum sínum. Lögmaður varnaraðila Íslandsbanka hf. gerði ekki kröfu um málskostnað á hendur Herði Jónssyni. Af hálfu þrotabús Vogalax hf. var eigi sótt þing né voru gerðar kröfur á hendur því.

Þann 25. mars 1991 skoðuðu dómendur athafnasvæði þb. Vogalax hf. og kynntu sér aðstæður allar.

II.

Kröfugerð.

Sóknaraðili gerði þá kröfu að ákvörðun sérstaks skiptastjóra um, að krafa varnaraðila í þrotabú Vogalax hf. skuli njóta veðtryggingar verði hnekkt, en skuli í þess stað flokkast sem almenn krafa skv. 85. gr. l. nr. 3/1878, sbr. 5. gr. l. nr. 32/1974. Auk þess krafðist sóknaraðili málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ auk lögmælts virðisaukaskatts á hendur varnaraðila.

Varnaraðili krafðist þess hins vegar að afstaða sérstaks skiptastjóra yrði staðfest og krafa Íslandsbanka nyti forgangs utan skuldaraðar. Að auki krafðist varnaraðili málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ auk virðisaukaskatts.

III.

Málavextir.

Hlutafélagið Vogalax var stofnað 12. ágúst 1985. Tilgangur félagsins var samkvæmt samþykktum þess að stunda atvinnurekstur á sviði fiskiræktar og annan skyldan rekstur, þar á meðal ræktun á laxaseiðum, hafbeit á laxi, framleiðslu og útvegun á fóðri og vinnslu og sölu á afurðum. Rekstur félagsins gekk ekki sem skyldi og þann 17. ágúst 1990 óskaði stjórn félagsins að bú þess yrði tekið til gjaldþrotameðferðar. Gjaldþrotaúrskurður var kveðinn upp sama dag og í framhaldi af því voru Ingi H. Sigurðsson hdl. og Jón G. Briem hrl. skipaðir bústjórar til bráðabirgða. Þann 12. september 1990 lét Jón G. Briem hrl. af störfum að eigin ósk og var þá Steingrímur Eiríksson hdl. skipaður bústjóri í hans stað.

Lögum samkvæmt var gefin út innköllun og lauk kröfulýsingarfresti þann 29. október 1990. Íslandsbanki lýsti þann 12. október 1990 kröfu að upphæð kr. 15.818.840,00, og er hún nr. 56 á kröfulýsingarskrá, sbr. dómskjöl nr. 6 og 7. Fyrsti skiptafundur var haldinn þann 6. desember 1990 og var þá ekki tekin afstaða til þessarar kröfu en sá fundur samþykkti að skipa sérstakan skiptastjóra til að taka afstöðu til hennar. Ásgeir Þór Árnason hdl. var síðan skipaður.

Á skiptafundi 14. desember 1990 lá fyrir sú afstaða sérstaks skiptastjóra að krafa Íslandsbanka hf. skyldi njóta forgangs utan skuldaraðar. Lögmaður sóknaraðila mótmælti þessari afstöðu og í framhaldi af því var ákveðið að flytja sérstakt skiptaréttarmál þar sem Sundagarðar hf. og Hörður Jónsson væru sóknaraðila en Íslandsbanki hf. varnaraðili. Málið var síðan þingfest 10. janúar 1991 með framlagningu greinargerðar sóknaraðila. Varnaraðili skilaði sinni greinargerð þann 12. febrúar sama ár og munnlegur málflutningur var ákveðinn þann 13. mars 1991.

Krafa Íslandsbanka er þannig til komin að Vogalax hf. gaf út þann 25. júlí 1989 tryggingarbréf (allsherjarveð), sbr. dómskjal nr. 3, samtals að fjárhæð kr. 15.000.000,00, til Verslunarbanka Íslands hf. til tryggingar greiðslu á þremur víxlum, út gefnum af Vogalaxi hf. Tryggingarbréfið átti að gilda jafnt, þótt víxlarnir yrðu framlengdir að meira eða minna leyti. Víxlarnir féllu allir í gjalddaga 10. október 1989 en í desember s.á. samdist svo um að Vogalax hf. gæfi út skuldabréf nr. 77582, sbr. dómskjal nr. 4, til tryggingar þeim. Þá var einnig útbúinn viðauki við tryggingarbréfið þess efnis að það skyldi einnig tryggja greiðslu skuldabréfsins. Með tryggingarbréfinu var allur hafbeitarlax Vogalax hf., sem endurheimtist sumrin 1989–1992, veðsettur með öðrum veðrétti.

Í munnlegum málflutningi gerði lögmaður sóknaraðila grein fyrir 1. gr. l.

nr. 43/1986 og svo tilurð og setningu l. nr. 18/1887. Lögmaðurinn benti á, að skv. 4. gr. l. nr. 18/1887 væri almenna reglan sú að óheimilt væri að veðsetja allt sem veðsali á og eignast kann. Þá sé óheimilt að setja að sjálfsvörsluveði safn af munum sem eru samkynja eða ætlaðir til samkynja notkunar og einkenndir eru með almennu nafni. Undantekningu frá þessari meginreglu sé meðal annars að finna í 4. mgr. 4. gr. l. nr. 18/1887, sbr. 1. gr. l. nr. 43/1986, er bæri að skýra þröngt samkvæmt viðurkenndum lögskýringaraðferðum. Lögmaðurinn taldi, að hugtakið „eldisfiskur" skv. 1. gr. l. nr. 43/1986 tæki aðeins til fisks, sem væri alinn í kerum eða kvíum, en tæki ekki til hafbeitarlax, þar sem hann væri ekki eldisfiskur. Lögmaðurinn benti á, að í greinargerð, sem fylgdi frumvarpi því, sem síðar varð að l. nr. 43/1986, segði, „að bankastofnanir veiti lán til rekstrar fiskeldisfyrirtækja gegn veði í þeim seiðum eða eldisfiski sem er í stöðinni hverju sinni", og í niðurlagi greinargerðarinnar hefði staðið: „Þá þykir eðlilegt að heimilt sé að veðsetja eldisfisk til lengri tíma en eins ár í senn, þar sem fiskurinn er alinn lengur en eitt ár í kerum eða kvíum." Að áliti lögmannsins bentu þessar tilvitnanir til, að l. nr. 43/1986 væri einvörðungu ætlað að taka til fisks sem alinn væri í fiskeldisstöðvum, það er að segja fisk, sem byggi við ónáttúrulegar aðstæður og væri haldið í kvíum eða kerum. Það gæti ekki átt við hafbeitarlax sem dveldist aðeins fyrstu mánuði eða ár í laxeldisstöð en væri síðan sleppt í sjó þaðan sem hann kæmi ekki aftur fyrr en að liðnu einu til tveimur árum.

Máli sínu til frekari stuðnings benti lögmaður sóknaraðila á að skv. 1. gr. l. nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði sé fiskeldi skilgreint sem „geymsla, fæðsla og gæsla alifisks", en alifiskur sé aftur á móti skilgreindur sem „fiskur, sem alinn er eða látinn ganga sjálfala í tjörnum eða ílátum". Þessar skilgreiningar hnígi að því að með fiskeldi sé átt við fisk sem hafður er í afmörkuðu svæði eða afmörkuðu rými og gefið fóður. Þessi atriði geti alls ekki átt við hafbeitarfisk sem er sjálfala í hafinu og fæðir sig algerlega sjálfur.

Lögmaðurinn benti einnig á að samtök fiskiræktenda hétu „Samtök fiskeldis- og hafbeitarstöðva" sem spegli þann mun sem gerður er á fiskeldi og hafbeit.

Lögmaður varnaraðila benti aftur á móti á að tryggingarbréfið væri skýrlega sett til tryggingar greiðslu á umræddum víxlum og með viðaukanum frá 25. júlí tæki það einnig til tryggingar á skuldabréfi nr. 77582.

Hvað varðaði heimild til veðsetningar, benti lögmaður varnaraðila á, að samkvæmt 1. gr. l. nr. 43/1986 um breytingu á 4. gr. 4. mgr. l. nr. 18/1887 hefðu framleiðendur eldisfisks óumdeilanlega heimild til að veðsetja að sjálfsvörsluveði eldisfisk þann, sem þeir framleiddu. Framleiðendur eldisfisks beiti ýmsum eldisaðferðum, s.s. seiðaeldi, matfiskseldi ýmiss konar svo og hafbeit. Það síðastnefnda feli í sér, að sleppt sé gönguseiðum til sjógöngu og veiddur sé kynþroska fiskur sem gangi í sjó við fiskeldisstöðina. Þessari aðferð líkir lögmaðurinn við það, þegar fé sé rekið á almenning til beitar og látið ganga þar sjálfala. Hafbeitarfiskur sé þannig ein tegund eldisfisks. Með l. nr. 43/1986 hafi verið ætlað að gera framleiðendum eldisfisks mögulegt að veðsetja þann fisk, sem væri í framleiðslu, en vafi þótti leika á um, hvort slíkt væri mögulegt fyrir gildistöku l. nr. 43/1986. Eldisfiskur í merkingu l. nr. 43/1986 taki því einnig til hafbeitarfisks.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningsefni það, sem hér er til meðferðar, snýst fyrst og fremst um, hvort 1. gr. l. nr. 43/1986 um breytingu á 4. mgr. 4. gr. l. nr. 18/1887 heimili að veðsetja hafbeitarlax, það er að segja hvort hafbeitarlax falli undir hugtakið „eldisfiskur" í 1. gr. l. nr. 43/1986.

Tvær aðferðir eru aðallega viðhafðar til að framleiða lax. Annars vegar er um að ræða eldi í kvíum í sjó og kerum á landi, og hins vegar er hafbeit. Fyrrnefnda aðferðin byggist á því, að lax er alinn alla sína tíð við ónáttúrulegar aðstæður þar sem honum er haldið innilokuðum, ýmist í kerum eða kvíum, og gefið fóður. Vegna þessara aðstæðna er slíkur lax frábrugðinn villtum laxi hvað varðar til dæmis þéttleika holdsins, lit og bragð.

Í hafbeit eru seiðin alin í nokkra mánuði í kerum í hafbeitarstöð, en síðar sleppt í sjó. Venjulegast er laxinn eitt til tvö ár í sjónum og hluti hans (oftast örfá % af þeim seiðum sem upphaflega var sleppt) talinn skila sér samkvæmt eðlisávísun til baka í hafbeitarstöðina. Við endurkomuna í hafbeitarstöðina er laxinn veiddur í gildrur og slátrað í beinu framhaldi án þess að vera fóðraður enda löngu hættur að taka æti. Hafbeitarlax elst því upp í náttúrulegu umhverfi og er því í engu frábrugðinn villtum laxi þegar hann er veiddur.

Í veðlögum nr. 18/1887 er sú meginregla samkvæmt 4. gr. 2. mgr. að bannað er að veðsetja heildarsafn muna. Í tímans rás hafa verið lögleiddar nokkrar undantekningar frá þessari meginreglu. Með l. nr. 87/1960 var útgerðarmanni, framleiðanda sjávarafurða og landbúnaðarafurða og öðrum, sem vörur þessar hefur til sölumeðferðar, heimilt að setja banka eða sparisjóði að sjálfsvörsluveði afla og tilgreindar tegundir afurða og rekstrarvörur til sjávarútvegs og landbúnaðar sem veðsali á eða eignast kann á tilteknu tímabili, allt að einu ári í senn, til tryggingar lánum þeim, er hann tekur út á hin veðsettu verðmæti. Samkvæmt þessari grein tók veðsetningin til afla og afurða án tillits til verkunar eða framleiðslustigs og gat veðrétturinn náð til hvers konar verðbóta og gjaldeyrisfríðinda á afla eða afurðum á hverjum tíma.

Með l. nr. 43/1986 var ofangreint ákvæði rýmkað þannig, að nú var einnig heimilt að veðsetja eldisfisk í allt að fjögur ár í senn til tryggingar lánum, ekki aðeins frá bönkum og sparisjóðum heldur og frá lánastofnunum.

Hugtakið „eldisfiskur“ er ekki skilgreint í l. nr. 43/1986, og í greinargerðinni með frumvarpi því, sem síðar varð l. nr. 43/1986, er ekki fjallað um þetta hugtak með beinum hætti, en þar segir þó meðal annars: „Það felst í eðli fiskeldisstarfsemi, að í mörgum tilvikum er mun meira verðmæti í þeim fiski, sem verið er að ala, heldur en í fastafjármunum fiskeldisstöðvarinnar sjálfrar. Enda þótt þetta hlutfall sé mjög mismunandi eru þess dæmi, að fiskur, sem alinn er í eldiskerum í sjó, nái allt að tíföldu verðmæti kvíanna sjálfra. Tryggingafélög bjóða nú tryggingar á lifandi fiski í eldisstöðvum. Af þessari ástæðu m.a. hafa menn talið að grundvöllur sé fyrir því, að bankastofnanir veiti lán til rekstrar fiskeldisfyrirtækja gegn veði í þeim seiðum eða eldisfiski sem í stöðinni er hverju sinni. Um heimildir til slíkra veðsetninga eru hins vegar ekki ótvíræð ákvæði í veðlögum nr. 18/1887.“ Síðar segir: „Eldisfiskur sýnist þó ekki vera ótryggara andlag veðsetningar en þær afurðir sem núverandi heimildir ná til. Þykir því eðlilegt að rýmka þessar heimildir þannig að þær nái til eldisfisks, og er jafnframt tekið fyrir vafaatriði um túlkun laganna. Þá þykir eðlilegt að heimilt sé að veðsetja eldisfisk til lengri tíma en eins árs í senn, þar sem fiskurinn er alinn lengur en eitt ár í kerum eða kvíum.“

Ekki er fyrir að fara skilgreiningu á þessu hugtaki í öðrum lögum og eigi hafa gengið dómsúrlausnir um inntak þess né hafa fræðimenn vikið að því í skrifum sínum.

Eins og að framan er rakið, er það meginregla veðlaga nr. 18/1887 að enginn megi setja að sjálfsvörsluveði safn af munum, sem séu samkynja eða ætlaðir til samkynja notkunar og einkenndir séu með einu almennu nafni. Samkvæmt venjubundnum lögskýringaraðferðum ber að skýra undanþágur frá meginreglu þröngt ef vafi er um túlkun þeirra.

Hugtakið „eldisfiskur“ gefur til kynna fisk, sem alinn er til slátrunar, sbr. orðskýringu á fiskeldi sem „geymsla, fæðsla og gæsla alifisks“ í 1. gr. l. nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði. Hafi verið ætlunin að láta hugtakið „eldisfisk“ í 1. gr. l. nr. 43/1986 einnig ná til hafbeitarlax, hefði verið nauðsynlegt að taka það fram skýrum orðum í lögunum, vegna þess að hafbeitarlax er í eðli sínu villtur fiskur, svo sem gerð hefur verið grein fyrir, og þeirrar staðreyndar, að 4. gr. l. nr. 18/1887, sbr. 1. gr. l. nr. 43/1986, er undantekningarregla, sem í vafatilvikum ber að skýra þröngt.

Þessi skýring fær enn fremur stoð í greinargerð með frumvarpi því, sem síðar varð l. nr. 43/1986, en þeim lögum var ætlað að víkka veðandlag sjálfsvörsluveðs, svo að það næði einnig til fisks, sem geymdur er í kvíum eða kerum, eða til seiða og eldisfisks, sem geymdur er í stöðinni hverju sinni, en þessi ummæli hafa áður verið rakin. Hvergi í greinargerðinni er vikið orði að hafbeitarlaxi eða hafbeit yfir höfuð.

Samkvæmt þessu verður að telja, að veðsetning á hafbeitarlaxi til fjögurra ára hafi verið óheimil. Á hitt er að líta að hafbeitarlax er veiddur í gildrur og í framhaldi af því er honum slátrað. Verður að telja að hér sé um að ræða afla í merkingu 1. gr. l. nr. 43/1986, sbr. 4. gr. l. nr. 18/1887, sem heimilt er að veðsetja til eins árs.

Hið umþrætta tryggingarbréf í máli þessu tekur til veðsetningar á hafbeitarlaxi til fjögurra ára og verður því samkvæmt því, sem að framan segir, að teljast ólögmæt veðsetning og er því eigi þörf að kanna hvaða skuldir tryggingarbréfinu er ætlað að tryggja.

Niðurstaða réttarins er því sú að kröfu Íslandsbanka nr. 56 á kröfulýsingaskrá þrotabús Vogalax hf., sbr. réttarskjöl nr. 6 og 7, að fjárhæð kr. 15.818.840,00, er skipað sem almennri kröfu, en ekki kröfu utan skuldaraðar.

Þess hefur fyrr verið getið að í greinargerð lögmanns sóknaraðila var ekkert minnst á 1. gr. l. nr. 43/1986 um breytingu á l. nr. 18/1887, og málsástæðu byggðri á skorti á tilgreiningu veðs er vægt sagt ónákvæmlega lýst. Málavaxtalýsingu vantaði með öllu. Í munnlegum málflutningi var þó bætt úr þessari ónákvæmni og lögmaður varnaraðila tók til varna samkvæmt því og krafðist ekki frávísunar. Engu að síður verður að telja að hér hafi verið viðhöfð af hálfu lögmanns sóknaraðila ómarkviss vinnubrögð sem óhjákvæmilega verður að taka tillit til við ákvörðun málskostnaðar. Málskostnaður telst því hæfilega ákveðinn 75.000,00 kr. auk virðisaukaskatts, að fjárhæð kr. 18.375,00.

Úrskurð þennan kváðu upp Þorsteinn Pétursson, aðalfulltrúi skiptaráðanda, auk meðdómsmannanna Gunnars Aðalsteinssonar héraðsdómara og Magnúsar K. Hannessonar lektors. Uppsaga úrskurðar hefur dregist vegna páskahátíðar.

Úrskurðarorð:

Kröfu nr. 56 á kröfulýsingarskrá, að fjárhæð kr. 15.818.840,00, er skipað sem almennri kröfu í þrotabú Vogalax hf. Íslandsbanki hf. greiði Sundagörðum hf. kr. 75.000,00 í málskostnað auk virðisaukaskatts, að fjárhæð kr. 18.375,00.

Fimmtudaginn 16. júní 1994.

Nr. 156/1994. **Ákæruvaldið**
(Sigríður Jósepsdóttir, settur saksóknari)
gegn
Atla Þór Ólasyni
(Gestur Jónsson hrl.)

Viðurlagaákvörðun. Fésekt. Skattsvik. Tekjuskattur. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 7. apríl 1994 einvörðungu um lagaatriði og til þyngingar viðurlaga.

Ákærði krefst vægustu refsingar, sem lög leyfa. Þá krefst hann þess, að allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar verði lagður á ríkissjóð og kostnaði við rekstur málsins í héraði skipt milli sín og ríkissjóðs.

Ákærði vantaldi á skattframtölum sínum um þriggja ára skeið, 1989 til 1991, tekjur að fjárhæð 15.524.857 krónur. Varð álagning tekjuskatts og útsvars á hann af þeim sökum 5.871.550 krónum lægri en rétt var. Ríkisskattstjóri tilkynnti 11. janúar 1994 endurákvörðun á opinberum gjöldum ákærða samkvæmt úrskurði 22. desember 1993, og hækkaði álagning vegna þessara ára í 9.378.112 krónur. Af þeirri fjárhæð er skattur af álagi samkvæmt 106. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt talinn nema 1.654.208 krónum. Ákærði stóð skil á hinum vangreiddu opinberu gjöldum 18. janúar sl.

Brot ákærða eru stórfelld, og ber með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms að staðfesta hann um annað en fjárhæð sektar.

Við ákvörðun fésektar er til þess að líta, að brot ákærða voru til þess fallin að skapa honum umtalsverða auðgun á kostnað samfélagsins. Að teknu tilliti til verðlagsþróunar og frádráttar skatts af álagi auk þeirra refsilækkunarsjónarmiða, sem grein er gerð fyrir í héraðsdómi, þykir fésekt ákærða hæfilega ákveðin 3.000.000 krónur. Árétta ber, að við ákvörðun hennar er höfð í huga sú skilorðsbundna varðhaldsrefsing, sem ákærða er dæmd.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að ákærði, Atli Þór Ólason, skal greiða 3.000.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, og komi sex mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá uppsögu þessa dóms.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gests Jónssonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 8. mars 1994.

Ár 1994, þriðjudaginn 8. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-82/1994: Ákæruvaldið gegn Atla Þór Ólasyni, en málið var dómtekið 16. febrúar sl. á grundvelli 125. gr. laga nr. 19/1991.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dags. 1. febrúar sl., á hendur „Atla Þór Ólasyni lækni, Baughúsum 37, Reykjavík, fæddum 6. janúar 1949, fæðingarnúmer 488, fyrir brot á skattalögum.

Ákærða er gefið að sök að hafa vantalið með saknæmum hætti á skattframtölum sínum á framtalsárunum 1989, 1990 og 1991 samtals kr. 15.524.857,00 í tekjur af sjálfstæðri starfsemi sinni við bæklunarlækningar sem hann stundaði við Læknastöðina hf. og Handlæknastöðina hf. að Álfheimum 74, Reykjavík, á árunum 1988, 1989 og 1990, sem skattskyldar eru samkvæmt B-lið 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981, sbr. einnig 21. og 23. gr. laga nr. 91/1989 um tekjustofna sveitarfélaga. Leiddi þetta til lægri álagningar og greiðslu á tekjuskatti og útsvari en vera bar um samtals kr. 5.871.550,00, þar sem miðað er við tekjur án álags samkvæmt 106. gr. laga nr. 75/1981, og sundurliðast framangreindar fjárhæðir sem hér greinir:

– – –

Ákærði hefur sætt endurákvörðun tekjuskatts og útsvars af tekjum framangreindra ára samkvæmt úrskurði ríkisskattstjóra, dagsettum 22. desember 1993, og greitt úrskurðaða hækkun 18. og 19. janúar 1994.

Brot ákærða telst varða við 1. mgr., sbr. og 6. mgr. 107. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981, sbr. 24. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 91/1989, nú lög nr. 90/1990.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar fyrir framangreind brot“.

Verjandi ákærða gerir þær dómkröfur að dæmd verði vægasta refsing, sem lög leyfa, og að dæmd verði réttargæslu- og málsvarnarlaun að mati réttarins.

Ákærði kom fyrir dóminn 16. febrúar sl. og viðurkenndi þá að hafa framið þá háttsemi sem ákært er út af og hafði ákærði engar athugasemdir fram að færa varðandi tölulega framsetningu í ákærunni. Ákærði kvaðst áður hafa farið yfir öll fram lögð skjöl málsins ásamt verjanda sínum.

Dómurinn telur þannig sannað með skýlausri játningu ákærða, sem fær stuðning af öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi framið þá háttsemi, sem ákært er út af, og varðar háttsemin við þau lagaákvæði, sem í ákæru greinir.

Rétt er að láta þess getið, að útsvar ákærða á tekjur árin 1988 og 1989 fór eftir lögum nr. 73/1980. Lög nr. 91/1989 tóku gildi hinn 1. janúar 1990 og komu í stað laganna nr. 73/1980 og var ákærða gert útsvar eftir fyrrgreindu lögunum vegna tekna árið 1990. Ákærandi lét þessa og getið við flutning málsins.

Ákærði hefur ekki sætt refsingu áður.

Ákærði hefur játað brot sín hreinskilnislega og þá bera gögn málsins með sér, að ákærði lagði sitt af mörkum við rannsókn málsins í því skyni að upplýsa málið.

Verður þetta virt ákærða til lækkunar við refsiákvörðun.

Ákærði vantaldi með saknæmum hætti á skattframtölum sínum á framtalsárunum 1989, 1990 og 1991 samtals kr. 15.524.857,00 og leiddi þetta til lægri álagningar og greiðslu á tekjuskatti og útsvari um samtals kr. 5.871.550,00, þar sem miðað er við tekjur án álags samkvæmt 106. gr. laga nr. 75/1981, allt eins og í ákæru greinir.

Hinn 22. desember sl. úrskurðaði ríkisskattstjóri um álagðan tekju- og eignarskatt fyrir þau þrjú framtalsár, sem í ákæru greinir. Leiddi þetta til þess að ákærða var gert að greiða viðbótarfjárhæð bæði á tekjuskatt og útsvar auk 25% álags samkvæmt 106. gr. laga nr. 75/1981. Hinn 18. janúar sl. greiddi ákærði þessa fjárhæð að fullu auk verðbóta á bæði tekjuskatt og útsvar, samtals kr. 9.378.112,00, en misritun er það í ákæru, að greiðsla hafi einnig verið innt af hendi 19. janúar sl. Ákærði hefur samkvæmt þessu greitt rúmlega 3,5 milljónir króna umfram þá fjárhæð, sem hann kom sér hjá að greiða með brotum sínum.

Dómurinn telur sakir ákærða miklar, sbr. 6. mgr. 107. gr. laga nr. 75/1981, og þykir ákærði hafa unnið til refsivistar með vísan til 1. mgr., sbr. 6. mgr. 107. gr. laga nr. 75/1981, og þykir refsing ákærða þannig hæfilega ákvörðuð og jafnframt með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga sem varðhald í 3 mánuði.

Fresta skal fullnustu refsivistarinnar skilorðsbundið í 2 ár frá uppsögu dómsins að telja og hún niður falla að þeim tíma liðnum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Í 1. mgr. 107. gr. laga nr. 75/1981 segir, að sekta megi skattaðila um allt að tífalda þá fjárhæð, sem undan er dregin, að uppfylltum saknæmisskilyrðum, sem talin eru upp í þessari lagagrein. Þá segir að skattur af álagi samkvæmt 106. gr. dragist frá sektarfjárhæð.

Dómurinn telur að ákærði hafi auk refsivistarinnar unnið til sektarrefsingar, sbr. 1. mgr. 107. gr. laga nr. 75/1981.

Áður var lýst þeirri fjárhæð, sem ákærði hefur greitt vegna úrskurðar ríkisskattstjóra, og hefur hann þannig greitt að fullu skattskuld sína auk álags og verðbóta.

Með það í huga og að teknu tilliti til frádráttar skatts af álagi og að teknu tilliti til refsilækkunarsjónarmiða, sem getið var um að framan, og með vísan til þess, að ákærði er jafnframt dæmdur til skilorðsbundinnar refsivistar þykir sekt ákærða hæfilega ákvörðuð sem 2 milljónir króna og komi 4 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar kr. 200 þúsund í réttargæslu- og málsvarnarlaun til verjanda síns, Gests Jónssonar hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Atli Þór Ólason, sæti varðhaldi í 3 mánuði, en fresta skal fullnustu refsivistarinnar skilorðsbundið í 2 ár frá uppsögu dómsins að telja og refsivistin falla niður að þeim tíma liðnum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði 2 milljónir króna í sekt til ríkissjóðs og komi 4 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar kr. 200 þúsund í réttargæslu- og málsvarnarlaun til Gests Jónssonar hæstaréttarlögmanns.

Fimmtudaginn 16. júní 1994.

Nr. 197/1994. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Guðmundi Ragnari Ólafssyni
(Örn Clausen hrl.)

Kynferðisbrot.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ákærði hefur áfrýjað máli þessu einvörðungu um ákvörðun refsingar, og var því af hálfu ákæruvalds skotið til Hæstaréttar með stefnu 27. apríl 1994. Ákærði krefst styttri refsivistar og að hún verði dæmd skilorðsbundin.

Með skírskotun til raka hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann. Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Guðmundur Ragnar Ólafsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 11. apríl 1994.

Ár 1994, mánudaginn 11. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Allani Vagni Magnússyni héraðsdómara í Dómhúsinu við Lækjartorg, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-97/1994: Ákæruvaldið gegn Guðmundi Ragnari Ólafssyni, sem dómtekið er í dag.

Mál þetta var höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 8. febrúar 1994 á hendur Guðmundi Ragnari Ólafssyni, Auðarstræti 3, Reykjavík, kt. 171261-4659, „fyrir kynferðisbrot með því að hafa að morgni mánudagsins 19. október 1992 haft kynferðismök við telpuna X, fædda 1985, á heimili hennar að ... í Reykjavík, þar sem ákærði gætti hennar, og lét ákærði getnaðarlim sinn nema við kynfæri telpunnar þar sem hún lá á dýnu á gólfinu með buxur niður um sig.

Telst þetta varða við 1. málslið 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 40/1992.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar".

Með bréfi, dagsettu 3. ágúst 1993, til Rannsóknarlögreglu ríkisins kærði Barnaverndarnefnd Reykjavíkur ákærða ásamt öðrum manni fyrir kynferðisáreitni í garð stúlkunnar X, sem fædd er árið 1985. Sagði í kæru, að telpan héldi því fram, að mennirnir hefðu fyrir alllöngu og hvor í sitt skiptið lagst ofan á hana og sett getnaðarlim sinn inn í kynfæri hennar.

Þorgeir Magnússon sálfræðingur ræddi við barnið og hefur greinargerð hans, dagsett 2. júlí 1993, verið lögð fram í málinu en þar segir m.a:

– – –

Ákærði kvað atvikalýsingu í ákæru rétta og skýrði svo frá um atvik: „Ég var að gæta hennar og var að leika við hana og eftir mikinn leik þá settist ég í sófann í stofunni og hún fletti frá skyrtunni og vildi fá að sjá á mér kynfærin. Ég sagði við hana, að það ætti ekki að gera. Hún æstist öll við það og vildi samt sem áður fá því framgengt og það var eitthvað sem lét undan hjá mér, ég fór með hana inn og spurði hana hvað hún vildi gera, hvað hún vildi sjá. Hún sagðist vilja sjá og vita hvernig fullorðna fólkið gerði það. Ég sagði við hana að það væri ekki hægt og það ætti ekki að gera, en ég gerði það samt, sýndi henni kynfærin og hún dró niður um sig, niður að hnjám og ég niður að hnjám líka og lagði liminn við kynfærin hennar og meira var það ekki sem gerðist á þessari stundu."

Ákærði kvaðst ekki hafa haft neinar hreyfingar og ekki lagst ofan á X eða neitt í þeim dúr. Sér hafi staðið óverulega, „svo að annar möguleiki var ekki fyrir hendi og ætlunin fyrir þessum verknaði var ekki fyrir hendi eða hugsunin til þess" eins og ákærði orðaði það.

Þá sagði ákærði að það hefði komið fyrir í tvígang, að stúlkan hefði reynt að taka niður um hann buxurnar og verið í forvitni sinni að skoða eitthvað. Hann hefði alltaf ýtt því frá sér og sagt foreldrunum frá því í þau skipti, sem þetta gerðist.

Móðir X sagði í skýrslu sinni fyrir dómi, að barnið hefði kallað sig inn í herbergi og byrjað að segja sér frá. Hún hefði byrjað á að segja frá öðrum manni. Svo hefði komið í lokin, að hún héldi, að hún hefði gert þetta með Gumma líka, en hún héldi samt, að það væri draumur. Hún reyndi að skýra þetta út fyrir móður sinni, og reyndi móðirin að tala við hana þarna þetta kvöld, sem ekki hefði verið mikið, og fóru hjónin síðan með X til barnalæknis, sem hún þekkir mjög vel, til þess að athuga, hvort hann gæti ekki fengið hana til þess að opna sig. Síðan hafi málin þróast þannig að læknirinn hafi sent þau til Þorgeirs Magnússonar, sem er barnasálfræðingur, og X sagt honum miklu meira heldur en vitninu.

Ákærði hefur viðurkennt að hann hafi lagt getnaðarlim sinn við kynfæri stúlkubarnsins sem þá var nýlega orðin 7 ára. Var ákærði á heimili hennar og átti að gæta hennar á meðan móðir stúlkunnar fór með systur hennar til læknis. Samkvæmt framburði móðurinnar og ákærða var þetta 19. október 1992. Með verknaði sínum gerðist ákærði brotlegur við 1. mgr., 1. málslið, 202. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 10. gr. laga nr. 40/1992.

Ákærði hefur ekki áður sætt refsingu, svo að kunnugt sé.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í átta mánuði.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hrl., 50.000 krónur, og 30.000 krónur í saksóknarlaun í ríkissjóð.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Ragnar Ólafsson, sæti fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda sín, Arnar Clausen hrl., 50.000 krónur, og saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur.

Fimmtudaginn 16. júní 1994.

Nr. 465/1991. **Kristján Óli Hjaltason**
(Magnús Thoroddsen hrl.)
gegn
Kristni Sigurjónssyni
(Jón G. Zoëga hrl.)

Skuldabréf. Sjálfskuldarbréf. Vottar. Prókúra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. nóvember 1991. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann sýknaður af öllum kröfum stefnda og honum dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi byggir kröfur sínar aðallega á því, að Þórey Hvanndal, sem undirritaði skuldabréf það, sem mál þetta snýst um, hafi ekki haft heimild til að skuldbinda aðalskuldarann, Franska vörulistann hf., á skuldabréfinu, þar sem prókúruumboðið hafi ekki verið í höndum hennar einnar, heldur sameiginlega í höndum hennar og stjórnarformanns félagsins. Í tilkynningu Franska vörulistans hf. til Hlutafélagaskrár stendur: „Prókúruumboð: Þórey Hvanndal og Jóna Jóhannsdóttir.“ Ekki er unnt að túlka tilkynninguna á þann veg, að prókúruumboð félagsins væri sameiginlega í höndum Þóreyjar Hvanndal, framkvæmdastjóra félagsins, og Jónu Jóhannsdóttur, stjórnarformanns félagsins, heldur verður að líta svo á, að hvor um sig hafi haft sjálfstæða prókúru. Af þessu leiðir, að Þórey Hvanndal hafði lögformlega heimild til útgáfu skuldabréfsins.

Í öðru lagi byggir áfrýjandi kröfur sínar á því, að skuldabréfið hafi aldrei orðið gilt viðskiptabréf, hvorki að efni né formi, þar sem engir vottar voru á bréfinu, þótt svo sé mælt fyrir um í 11. tölulið þess. Áfrýjandi hefur viðurkennt að hafa undirritað skuldabréfið sem sjálfskuldarábyrgðarmaður. Kom það því eigi að sök, þótt undirskrift hans væri ekki vottfest.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um annað en málskostnað. Eins og málatilbúnaði stefnda var háttað í héraði, þykir eftir atvikum rétt, að áfrýjandi greiði stefnda samtals 350.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og hefur þá eigi verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Kristján Óli Hjaltason, greiði stefnda, Kristni Sigurjónssyni, samtals 350.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Garðabæjar 4. október 1991.

Mál þetta höfðaði Jón Egilsson hdl. f.h. Kristins Sigurjónssonar, kt. 081054-5099, Furugerði 9, Reykjavík, með áskorunarstefnu, út gefinni 6. desember 1990, á hendur Jónu Jóhannsdóttur, kt. 260558-5609, Hólabraut 1, Hrísey, sem stjórnarformanni f.h. Franska vörulistans, kt. 630189-2099, Hjallahrauni 8, Hafnarfirði, Úlfari Nathanaelssyni, kt. 140832-4139, Mávanesi 2, Garðabæ, Kristjáni Óla Hjaltasyni, kt. 010242-3559, Holtsbúð 59, Garðabæ, og Sigurjóni Guðbjörnssyni [Guðjónssyni segir ranglega í stefnu, en í birtingarvottorði er föðurnafn rétt], kt. 300538-4019, Grænási 2, Keflavíkurflugvelli.

Málið var þingfest 12. febrúar 1991. Við þingfestingu var mætt af hálfu stefnda Kristjáns Óla og tekið til varna, en ekki var mætt af hálfu annarra stefndu.

Stefna var birt Jónu Jóhannsdóttur f.h. Franska vörulistans hf. 31. janúar 1991, Kristjáni Óla Hjaltasyni 21. janúar 1991 og Sigurjóni Guðbjörnssyni 1. febrúar 1991. Ekkert liggur fyrir í gögnum málsins um að Úlfari Nathanaelssyni hafi verið birt stefna.

Málið var tekið til dóms að loknum aðalflutningi 16. september sl.

Dómkröfur.

Stefnandi krefst þess að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða sér kr. 2.059.688,00 auk [nánar tilgreindra dráttarvaxta svo og málskostnað].

Dómkröfur stefnda Kristjáns Óla Hjaltasonar eru þessar:

Aðallega að málinu verði vísað frá dómi og stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað [...].

Til vara að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi verið dæmdur til að greiða stefnda málskostnað [...].

Málsatvik.

Stefnt er vegna handhafaskuldabréfs með sjálfskuldarábyrgð, og hefur stefnandi lagt það fram. Bréfið er á stöðluðu formi. Dagsetning útgáfu þess er 21.3. 1990, en talan 3 er þannig að hún hefði getað verið skrifuð ofan í aðra tölu. Skuldari og útgefandi er Franski vörulistinn hf., kt. 630189-2099, og hefur Þórey Hvanndal gefið bréfið út fyrir hönd félagsins. Sjálfskuldarábyrgðarmenn eru þrír, stefndu Úlfar, Kristján Óli og Sigurjón. Fjárhæð bréfsins er 1.950.000,00. Lánstími er þrír mánuðir og átti skuldin að greiðast með einni greiðslu 21. maí 1990. Vextir skyldu greiðast frá 21. febrúar 1990 og vera 22,5% ársvextir. [Í stefnu segir að bréfið sé út gefið 21.03. 1990, og skuli vextir, 22,5% ársvextir, reiknast frá útgáfudegi bréfsins. Höfuðstóll dómkröfu er þó miðaður við að upphafsdagur vaxta sé 21. febrúar 1990.] Í prentuðum texta bréfsins segir í 4. tl. að verði ekki staðið í skilum með greiðslu afborgana og vaxta á réttum gjalddögum, skuli greiða hæstu lögleyfðu dráttarvexti af vanskilaskuldinni. Jafnframt sé handhafa heimilt, ef vanskil séu veruleg, en með verulegum vanskilum sé átt við 15 daga vanskil eða lengri, að fella skuldina í gjalddaga fyrirvaralaust og án sérstakrar uppsagnar. Þá segir í 9. tl., að mál út af skuld þessari megi reka fyrir bæjarþingi Reykjavíkur samkv. XVII. kafla laga nr. 85/1936. Í 10. tl. er skráð að sjálfskuldarábyrgðin gildi jafnt þótt greiðslufrestur verði veittur á láninu einu sinni eða oftar uns skuldin sé að fullu greidd og að öll önnur ákvæði skuldabréfsins gildi gagnvart sjálfskuldarábyrgðaraðilum. Í 11. tl. segir að til staðfestu undirriti skuldari og sjálfskuldarábyrgðaraðilar bréf þetta í viðurvist tveggja vitundarvotta. Engir vottar eru á bréfinu.

Í stefnu segir að ekkert hafi verið greitt upp í skuld skv. bréfinu þrátt fyrir ítrekanir [svo], og hafi bréfið verið í gjalddaga fellt miðað við 21.05. 1990 skv. ákvæðum þess, að eftirstöðvum kr. 2.059.688,00 með vöxtum, sem er stefnufjárhæðin. Stefnandi hefur lagt fram afrit af innheimtubréfi vegna skuldabréfsins, dags. 20. nóvember 1990. Það er stílað á Jónu Jóhannsdóttur, Hólabraut 1, Hrísey, f.h. Franska vörulistans hf., en afrit, er skráð, að send séu sjálfskuldarábyrgðarmönnunum Kristjáni Óla Hjaltasyni og Sigurjóni Guðjónssyni [svo]. Ekki kemur fram að sjálfskuldarábyrgðarmanninum Úlfari Nathanaelssyni hafi verið sent afrit.

Málsástæður og lagarök.

Í stefnu segir að stefnandi byggi kröfur sínar á 17. kafla laga nr. 85/1936, lögum nr. 50/1988 og svo ákvæðum skuldabréfsins sjálfs. Í greinargerð stefnanda segir að um málsmeðferð fari skv. 17. kafla einkamálalaga nr. 85/

1936, sbr. heimild í 3. tl. 207. gr. Þær varnir komist einar að sem taldar séu upp í 208. gr. eml. Stefnandi heimili alls engar frekari varnir.

Stefnandi heldur því og fram í greinargerð að skuldabréfið uppfylli fullkomlega þau skilyrði sem sett eru í 3. tl. 207. gr. laga nr. 85/1936. Hér sé krafið um greiðslu skv. skuldabréfi og samið hafi verið um að mál út af skuldinni mætti reka skv. 17. kafla eml. og sé sá samningur skráður í 9. tl. skuldabréfsins. Í málflutningi kom fram af hálfu stefnanda að enginn vafi væri á því, að hér væri um skuldabréf að ræða skv. umræddri 207. gr. eml., þar sem væri einhliða skrifleg yfirlýsing skuldara um skyldu hans til að greiða peningagreiðslu. Skipti ekki máli í þessu sambandi, að ekki væru vottar á bréfinu. Í 207. gr. væru engin ákvæði um nauðsyn votta. Stefnandi bendir á að fyrir liggi viðurkenning stefnda Kristjáns Óla á því að hafa ritað nafn sitt á bréfið sem sjálfskuldarábyrgðarmaður. Það geti ekki verið vörn í þessu máli, sem rekið sé skv. 17. kafla eml., hvort stefndi Kristján Óli hafi ritað nafn sitt á bréfið fullskrifað eða ekki. Og viðskiptin að baki bréfinu komi máli þessu að sjálfsögðu ekkert við.

Þá segir enn í greinargerð stefnanda að skuldabréfið sé gefið út af Franska vörulistanum hf. og hafi stjórnarformaður þess ekki mótmælt umboði þess er gaf það út fyrir hönd hlutafélagsins. Verði að líta svo á að hið stefnda hlutafélag kannist við skuldbindinguna og sætti sig við dóminn þar sem það hafi ekki getað greitt á gjalddaga. Þórey Hvanndal, sem gefið hafi bréfið út, hafi haft prókúru fyrir hlutafélagið þegar hún undirritaði bréfið. Prókúruumboð hennar hafi ekki verið afturkallað með tilkynningu til Hlutafélagaskrár fyrr en 1. júní 1990. Í málflutningi hélt stefnandi því fram að ekki ætti að skipta máli þótt um heimildarskort væri að ræða, vörn á því byggð kæmist ekki að skv. 17. kafla laga nr. 85/1936.

Í greinargerð stefnda Kristjáns Óla Hjaltasonar er því haldið fram að skuldabréfið, sem stefnandi byggir á, sé hvorki gilt að formi né efni. Það sé ekki réttilega út gefið, og engir vottar séu að útgáfu þess eða öðrum undirskriftum. Stefnandi hafi því ekki sannað þær staðreyndir sem hann byggi á. Stefndi bendir á, að samkvæmt skuldabréfinu sé það út gefið 21. mars 1990. Þetta komi ekki heim við fram lagða tilkynningu til Hlutafélagaskrár um afturköllun á prókúruumboði Þóreyjar Hvanndal, en hún sé dagsett 21. febrúar 1990. Í málflutningi var því haldið fram af hálfu stefnda Kristjáns Óla, að Þórey Hvanndal hefði ekki haft heimild til að skuldbinda Franska vörulistann hf. með undirskrift sinni, þar sem hún hefði haft prókúruumboð einungis ásamt öðrum stjórnarmanni, Jónu Jóhannsdóttur.

Stefndi byggir á því að skuldabréfið hafi ekki gildi slíks bréfs, þar sem útgáfa þess sé marklaus og hvorki skuldbindandi fyrir stefnda Franska vörulistann hf. né Þóreyju Hvanndal persónulega. Þegar af þeirri ástæðu sé stefndi Kristján Óli sem og aðrir ábyrgðarmenn ekki ábyrgir fyrir skuldinni, sem ekki hafi verið til stofnað. Í málflutningi var því haldið fram af hálfu stefnda Kristjáns Óla, að í útivist stefnda Franska vörulistans hf. gæti alls ekki falist viðurkenning hans á skuldinni skv. skuldabréfinu.

Stefndi heldur því fram í greinargerð sinni að hann hafi að vísu ritað nafn sitt á umrætt bréf, en það hafi þá ekki borið með sér nafn skuldara, útgáfudag, útgáfustað eða útgefanda. Engir vottar hafi verið að undirskrift hans og hún hafi ekki átt að taka gildi né getað það, fyrr en sá aðili, sem fór fram á nafnritun hans, stefndi Úlfar Nathanaelsson, kæmi með bréfið útfyllt að því leyti, en þá skyldi nafnritun stefnda staðfest með vottum. Stefndi Úlfar hafi síðan notað bréfið með öðrum hætti en honum var heimilt. Stefndi Kristján Óli hefur gefið skýrslu fyrir dómi og haldið þar hinu sama fram. Telur stefndi að stefnandi verði að bera allan halla og áhættu af því að bréfið sé ekki skuldbindandi sökum þeirra veigamiklu ágalla sem á því séu.

Stefndi byggir á því að mál þetta verði ekki rekið skv. XVII. kafla laga nr. 85/1936. Því beri að vísa því frá dómi.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því að stefnandi geti ekki reist kröfur sínar á lagareglum um skuldbindingargildi viðskiptabréfa, einkum af þeim ástæðum sem að framan er lýst, svo og almennum reglum kröfuréttarins. Verði ekki á frávísunarkröfuna fallist, komi þær varnir til efnislegrar meðferðar, m.a. af þeirri ástæðu að stefnanda beri að sanna þær staðreyndir sem hann byggi á.

Málskostnaðarkröfu sína og kröfu um vexti á málskostnað byggir stefndi á XII. kafla laga nr. 85/1936, einkum á ákvæðum 175. og 177. gr. svo og 21. og 22. gr. laga nr. 54/1988 um breytingu á þeim lögum, m. a. varðandi álag á málskostnað, III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, og lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt með síðari breytingum, en stefndi sé ekki virðisaukaskattsskyldur aðili.

Í málflutningi sínum við aðalflutning málsins benti lögmaður stefnda Kristjáns Óla á ýmsa annmarka sem hann taldi vera á stefnu og birtingu stefnu fyrir öðrum stefndu en umbjóðanda hans. Taldi hann suma þessa annmarka svo alvarlega að leiða ættu til frávísunar málsins án kröfu.

Um rekstur málsins.

Eftir úthlutun máls þessa til héraðsdómara var fyrst þingað í því 10. apríl á þessu ári. Var þá ákveðinn munnlegur málflutningur um frávísunarkröfu stefnda Kristjáns Óla, og fór hann fram 22. apríl. Hinn 30. apríl var frávísunarkröfunni hrundið með úrskurði. Er hann með forsendum, og segir þar, að að áliti dómara sé skjal það, dómskjal nr. 2, sem um sé deilt í málinu, skuldabréf og uppfylli skilyrði 3. tl. 207. gr. laga nr. 85/1936. Með málið beri því að fara að kröfu stefnanda eftir ákvæðum 208. gr. nefndra laga. Ályktunarorðið hljóðar svo: „Synjað er kröfu stefnda Kristjáns Óla Hjaltasonar um frávísun málsins. Með mál þetta verður farið eftir ákvæðum XVII. kafla laga nr. 85/1936. Ákvörðun um málskostnað bíður dóms í máli þessu.“

Næst var þingað í málinu 3. maí. Lögmaður stefnda lagði þar fram bréf sitt til Rannsóknarlögreglu ríkisins, þar sem hann óskaði opinberrar rannsóknar á áritun og meðferð skuldabréfsins. Óskaði lögmaðurinn eftir frestun málsins meðan rannsókn sú færi fram. Einnig var þess krafist að í málinu færu fram skýrslutökur. Var þess óskað að stefndi Kristján Óli gæfi skýrslu fyrir dóminum svo og stefndi Úlfar Nathanaelsson og stefndi Sigurjón Guðbjörnsson og leidd yrðu tvö vitni, Þórey Hvanndal og Svala Brjánsdóttir. Stefnandi mótmælti óskum og kröfum stefnda í þessum efnum. Var málinu frestað til flutnings og úrskurðar um fram kominn ágreining til 15. maí.

Í þinghaldi 15. maí lá fyrir synjun Rannsóknarlögreglu ríkisins við beiðni lögmanns stefnda um opinbera rannsókn. Lögmaðurinn lagði þá fram afrit af bréfi til embættis ríkissaksóknara, þar sem farið var fram á að synjuninni yrði hrundið. Óskaði hann enn eftir frestun málsins. Með úrskurði hafnaði dómari þeirri ósk. Var þá tekinn til meðferðar ágreiningur um hvort teknar skyldu skýrslur af þremur stefndu og tveimur tilgreindum vitnum. Var kveðinn upp úrskurður um ágreininginn. Var hann með forsendum, og segir þar m.a.: „Í 3. mgr. 208. gr. laga nr. 85/1936 felst, að varnir skv. þeirri grein verði ekki sannaðar með skýrslutökum. Vegna þessa og með vísan til 115. gr. sömu laga verða ekki leidd vitni í máli þessu né teknar skýrslur af stefndu Kristjáni, Úlfari og Sigurjóni.“ Úrskurð þennan kærði stefndi Kristján Óli til Hæstaréttar. Með dómi, upp kveðnum 13. júní 1991, hratt Hæstiréttur úrskurðinum. Segir m.a. í forsendum dómsins: „Sóknaraðili byggir í greinargerð í héraði á því að framlagt skuldabréf sé hvorki gilt að formi né efni. Það sé ekki réttilega út gefið og engir vottar séu að útgáfu þess eða öðrum undirskriftum. Samkvæmt 3. mgr. 208. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 1. og 2. mgr. sömu greinar komast þessar varnir að í málinu og er sönnunarfærsla um þær heimil.“

Með bréfi lögmanns stefnda Kristjáns Óla til dómara, dags. 11. júlí 1991, lá fyrir að embætti ríkissaksóknara hafi synjað beiðni um opinbera rannsókn á áritunum á skuldabréfið og meðferð þess.

Niðurstöður.

Frammi liggur í málinu frumrit áskorunarstefnu með árituðu vottorði stefnuvotta Hríseyjarhrepps um birtingu fyrir Jónu Jóhannsdóttur f.h.

stefnda Franska vörulistans hf. Annað frumrit hefur ekki verið lagt fram né heldur afrit, svo sem boðið er í 229. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 26. gr. laga nr. 54/1988.

Á nefndu frumriti stefnunnar er vélritað efst til hægri á 1. bls.: „Nr. 1. Lagt fram í bæjarþingi Garðakaupstaðar 15/1 1991“. Yfir dagsetninguna „15/1“ hefur verið strikað með penna og handskrifað í staðinn „12.02“. Á sama hátt hefur í niðurlagi stefnunnar á bls. 2 verið breytt þingfestingardegi. Yfir vélrituðu orðin „15. janúar“ hefur verið strikað og handskrifað í staðinn „12. febr.“. Neðan við texta stefnunnar og ofan við birtingarvottorð hefur verið handskrifað: „Leiðrétt dags. G.B.“ Ekki er upplýst hver þetta hefur skráð né hvenær það var gert.

Þar sem óvíst er hver breytti ákvörðun um þingfestingardag í stefnu eða hvenær sú breyting var gerð eða hvort hún var kunn stefndu Jónu Jóhannsdóttur f.h. Franska vörulistans hf., verður að vísa kröfum stefnanda á hendur þessum stefnda frá dómi án kröfu.

Í málinu liggur frammi vottorð um að stefnda Sigurjóni Guðbjörnssyni hafi verið birt stefna 1. febrúar 1991, en stefnan fylgir ekki með vottorði þessu hvorki í frumriti né í afriti. Er hér um að ræða brýnt brot á 229. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 26. gr. laga nr. 54/1988, og einnig á 1. ml. 1. mgr. 92. gr. sömu laga, sbr. 24. gr. laga nr. 28/1981. Verður ekki séð hvernig sú stefna var sem stefnda Sigurjóni var birt. Ber því að vísa kröfum stefnanda á hendur honum frá dómi án kröfu.

Ekki verður séð af skjölum málsins að stefnda Úlfari Nathanaelssyni hafi verið birt stefna. Verður kröfum stefnanda á hendur honum vísað frá dómi án kröfu.

Í málinu liggja frammi tvö vottorð um birtingu stefnu á hendur stefnda Kristjáni Óla Hjaltasyni. Honum er fyrst birt stefna 2. janúar 1991 og síðan aftur 21. sama mánaðar. Birtingarvottorðum þessum fylgir ekki stefna hvorki í frumriti né í afriti. Sem fyrr segir er hér um að ræða brot á 229. og 92. gr. einkamálalaga. Brot þetta má þó ekki varða frávísun málsins að því er stefnda Kristján Óla varðar, þar sem mætt var af hans hálfu við þingfestingu málsins og lögmaður hans upplýsti við munnlegan málflutning að hann hafði við stefnubirtingu fengið í hendur afrit stefnu þar sem þingfestingardagur var skráður 12. febrúar 1991. Málið er svo vaxið að telja verður að það hafi verið höfðað á hendur stefnda Kristjáni Óla með framlagningu stefnu í dóm 12. febrúar 1991.

Ekki verður fallist á þá málsástæðu stefnda Kristjáns Óla, að skuldabréfið, sem um er deilt, hafi ekki gildi slíks bréfs og mál þetta verði því ekki rekið skv. XVII. kafla laga nr. 85/1936 og beri að vísa því frá dómi. Hér er um að ræða skriflega yfirlýsingu, þar sem skuldarinn, Franski vörulistinn hf., viðurkennir einhliða skyldu sína til að greiða tiltekna peningagreiðslu. Í texta hennar er tekið fram að mál út af skuldinni megi reka samkvæmt ákvæðum XVII. kafla nefndra laga. Dómari álítur vafalaust að yfirlýsing þessi sé skuldabréf og uppfylli þau skilyrði sem sett eru í 3. tl. 207. gr. laga nr. 85/1936. Geti ekki skipt máli í þessu sambandi, að ekki séu vottar á bréfinu. Rétt sé því að rekstur máls þessa fari eftir ákvæðum XVII. kafla laga nr. 85/1936, og beri að synja kröfu stefnda Kristjáns Óla um frávísun, að því er hann varðar.

Frávísun krafna stefnanda á hendur stefndu Franska vörulistanum hf., Sigurjóni Guðbjörnssyni og Úlfari Nathanaelssyni á ekki að valda því, að málinu sé vísað frá dómi að því er varðar stefnda Kristján Óla. Skuldin skv. skuldabréfinu er í gjalddaga fallin, og handhafa bréfsins, þ.e. stefnanda, er í sjálfsvald sett, hvort hann beinir innheimtu hennar að aðalskuldara eða sjálfskuldarábyrgðaraðilum, einum þessara aðila eða fleiri in solidum. Verður því dæmt efnislega um kröfur stefnanda á hendur stefnda Kristjáni Óla, þótt málinu sé vísað frá dómi að því er aðra stefnu varðar.

Lagt hefur verið fram í málinu ljósrit tilkynningar frá stefnda Franska vörulistanum hf. til Hlutafélagaskrár, dags. 19. október 1989. Hlutafélagaskrá hefur móttekið tilkynninguna 2. nóvember s.á. Samkv. henni er Jóna Jóhannsdóttir stjórnarformaður, varaformaður er Þórey Hvanndal, en meðstjórnandi Svala Brjánsdóttir. Enn fremur stendur í tilkynningunni: „Framkvæmdastjórn: Þórey Hvanndal. Prókúruumboð: Þórey Hvanndal og Jóna Jóhannsdóttir“. Undir tilkynninguna rita Þórey Hvanndal og Svala Brjánsdóttir. Einnig hefur verið lögð fram tilkynning, dagsett 21. febrúar 1990, en móttekin af Hlutafélagaskrá 1. júní s.á. Í henni tilkynna Þórey Hvanndal og Svala Brjánsdóttir að þær hafi sagt sig úr stjórn Franska vörulistans hf., og afturkallað er prókúruumboð Þóreyjar Hvanndal.

Svala Brjánsdóttir og Þórey Hvanndal hafa báðar komið fyrir dóminn sem vitni. Þórey skýrir svo frá að hún muni vel eftir að hafa gefið út skuldabréfið. Það hafi verið 21. febrúar 1990. Dagsetninguna muni hún glöggt, því að sama dag, eftir að hún gaf út skuldabréfið, hafi þær Svala undirritað tilkynninguna til Hlutafélagaskrár um úrsögn úr stjórn Franska vörulistans hf. Dregist hafi síðan að koma þeirri tilkynningu til Hlutafélagaskrár. Vitnið Þórey bar það einnig að þegar hún gaf út bréfið hafi verið skráður á það allur hinn vélritaði texti, en nöfn sjálfskuldarábyrgðarmanna hafi ekki verið komin á bréfið.

Svo sem fyrr er getið lítur mánaðartala dagsetningar skuldabréfsins, 3, svo út að hún hefði getað verið rituð ofan í aðra tölu. Vitnisburður Þóreyjar Hvanndal um útgáfudag bréfsins var skýr og ótvíræður. Breyting sú á útgáfudeginum, sem hér um ræðir, getur þó ekki breytt neinu um niðurstöðu þessa máls.

Þegar Þórey Hvanndal gaf út skuldabréfið f.h. Franska vörulistans hf., hafði hún til þess formlega löglega heimild sem framkvæmdastjóri og prókúruhafi. Ekki skiptir þetta þó máli fyrir úrslit málsins, þar sem heimildarskortur er ekki meðal þeirra varna sem að komast í málinu skv. 208. gr. laga nr. 85/1936.

Framburður vitnisins Þóreyjar Hvanndal um tímaröð nafnritana á skuldabréfið er á annan veg en skýrsla stefnda Kristjáns Óla. Verður ekki úr því skorið hvor frásögnin er réttari, enda telur dómari úrslit málsins ekki eiga að velta á því. Stefndi Kristján Óli hefur kannast við nafnritun sína á skuldabréfið sem sjálfskuldarábyrgðarmaður. Með þeirri nafnritun tók hann á sig greiðsluábyrgð á skuldarfjárhæð bréfsins. Getur það ekki valdið ógildi þessarar nafnritunar, að hún var ekki vottuð, svo sem 11. tl. í prentuðum texta bréfsins gerir ráð fyrir. Samkvæmt texta bréfsins skulu vottarnir bera um dagsetningu, fjárræði og undirskriftir aðila. Í máli þessu þarf ekki slíkra votta við. Breytir heldur engu um þetta í þessu máli, hver verið hafa lögskipti að baki útgáfu bréfsins eða hvað stefndu Kristjáni Óla og Úlfari hefur talast til um notkun þess.

Samkvæmt því, er nú hefur verið ritað, verður stefndi Kristján Óli Hjaltason dæmdur til að greiða stefnanda stefnukröfuna, kr. 2.059.688,00, að viðbættum þeim vöxtum sem stefnandi krefst, að öðru leyti en því að 21% ársvextir af stefnukröfu verða dæmdir frá 1. október 1990 til þingfestingardags, 12. febrúar 1991. Kröfufjárhæðinni eða vaxtakröfu stefnanda hefur ekki verið mótmælt tölulega. Þá ber að dæma stefnda Kristján Óla til að greiða stefnanda málskostnað, og telst hann hæfilega ákveðinn kr. 303.300,00, og þar af er málflutningsþóknun lögmanns stefnanda kr. 300.000,00. Felst í þeirri fjárhæð þóknun lögmanns stefnanda fyrir flutning um frávísunarkröfu stefnda. Auk þess ber að dæma stefnda til að greiða virðisaukaskatt á málflutningsþóknun lögmanns stefnanda, 24,5% af kr. 300.000,00. Dæmdir verða dráttarvextir af málskostnaðarfjárhæð svo sem stefnandi krefst.

Finnur Torfi Hjörleifsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Kröfum stefnanda Kristins Sigurjónssonar á hendur stefndu Franska vörulistanum hf., Sigurjóni Guðbjörnssyni og Úlfari Nathanaelssyni er vísað frá dómi án kröfu.

Stefndi Kristján Óli Hjaltason greiði stefnanda, Kristni Sigurjónssyni, kr. 2.059.688,00 að viðbættum dráttarvöxtum af þeirri fjárhæð, 23% ársvöxtum frá 21. maí 1990 til 1. október 1990, en 21% ársvöxtum frá þeim degi til 12. febrúar 1991, en dráttarvöxtum skv. 10. gr., sbr. 14. gr. laga nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags. Skulu dráttarvextirnir lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 21. maí 1991.

Stefndi Kristján Óli Hjaltason greiði stefnanda kr. 303.300,00 í málskostnað auk virðisaukaskatts af málflutningsþóknun lögmanns stefnda, 24,5% af kr. 300.000,00. Málskostnaðarfjárhæðin skal bera dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 24/1987 frá 15. degi eftir uppsögu þessa dóms til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 16. júní 1994.

Nr. 435/1991. **Hallgrímur Hallgrímsson og**
Halla Aradóttir
(Hreinn Loftsson hrl.)
gegn
Karli Benediktssyni
(Magnús Norðdahl hdl.)
og gagnsök

Fasteignakaup. Galli. Afsláttur. Skuldajöfnuður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. nóvember 1991. Þau krefjast þess aðallega, að gagnáfrýjanda verði gert að þola riftun á kaupum sínum á húseigninni nr. 10 við Löngumýri í Garðakaupstað 3. mars 1989, en til vara, að hann verði dæmdur til að greiða eftirstöðvar kaupsamningsins, samtals 1.136.786 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 10. og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989, af 700.000 krónum frá 10. febrúar 1990 til 1. apríl s.á., en af 1.136.786 krónum frá þeim degi til greiðsludags, er leggist við höfuðstól, í fyrsta sinn 1. apríl 1991. Þau krefjast sýknu í gagnsök og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 7. janúar 1992. Hann krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms í aðalsök, en að aðaláfrýjendur verði í gagnsök dæmd til að greiða sér 2.246.550 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 10. febrúar 1991 til greiðsludags. Hann krefst þess, að dómkröfur í gagnsök verði notaðar til skuldajafnaðar við dómkröfur aðaláfrýjenda í aðalsök svo sem til þarf, en að sjálfstæður dómur verði upp kveðinn um afganginn. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Um aðalsök.

Mál þetta er af því risið, að gagnáfrýjandi greiddi ekki síðustu greiðslu samkvæmt kaupsamningi sínum við aðaláfrýjendur, 700.000 krónur, sem hann átti að greiða við útgáfu afsals 10. febrúar 1990. Hann gaf eigi heldur út skuldabréf fyrir eftirstöðvum kaupsamnings, 338.157 krónum. Taldi hann sér heimilt að efna ekki þessar samningsskyldur sínar, vegna þess að eigi væri lokið ákveðnum verkþáttum við frágang hússins, sem hann keypti í smíðum. Kröfðust aðaláfrýjendur því riftunar samningsins vegna vanefnda gagnáfrýjanda.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti var því lýst yfir, að gagnáfrýjandi hefði fullgert húsið og selt það 10. nóvember 1993 fyrir 15.500.000 krónur. Hefur hann því aukið verðmæti þess frá kaupum málsaðila 3. mars 1989, en þá keypti hann húsið á þar tilgreindu byggingarstigi á 7.800.000 krónur. Aðaláfrýjendur hafa ekki skýrt, á hvern hátt riftun færi fram að svo komnu máli, yrði á kröfuna fallist, og verður því að vísa riftunarkröfunni frá dómi vegna vanreifunar.

Til vara krefjast aðaláfrýjendur þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að efna samningsskyldur sínar. Gagnáfrýjanda brast lagaheimild til þess að halda greiðslum þessum eftir á sitt eindæmi, og verður krafa þessi því tekin til greina. Umsamið framsal á tryggingarvíxli á hendur byggingaraðilanum Valvirki hf. breytir þar engu um, enda gerði gagnáfrýjandi ekki kröfu til þess á þeim tíma.

II.

Um gagnsök.

Gagnáfrýjandi krefst skuldajafnaðar við kröfu aðaláfrýjenda samkvæmt kröfuliðum þeim, er taldir eru í héraðsdómi. Verða þeir nú skoðaðir.

1. Gagnáfrýjandi fékk húsið afhent 1. maí 1989 og hófst þegar handa við að fullgera það. Byggingarmeistari, sem annaðist frágang glugga að innan, benti honum á, að einnig þyrfti að ganga frá þeim að utan og „toppfylla“ þá. Gagnáfrýjandi fluttist inn í húsið í lok júní 1989. Hann hefur lýst því, að vatn hafi komið í gluggakistur eftir stórrigningar og rok og að sólbekkir hafi skemmst við þetta. Gagnáfrýjandi kveðst hafa kvartað um þetta við byggingaraðila, en

hann hafi ekki lokið „toppfyllingunni" að utan. Gagnáfrýjanda var ljóst, af hverju lekinn í gluggunum stafaði og að þarna var um tiltölulega einfalt verk að ræða, sem iðnaðarmenn, sem voru að vinna í húsinu á hans vegum, gátu hæglega lokið.

2. Þarfnast ekki umfjöllunar.

3. Aðaláfrýjandi hefur ætíð viðurkennt, að þessum lið hafi verið ólokið samkvæmt kaupsamningi.

4. Í ljós er leitt, að einangrun loft- og gólfhluta hafi verið eins og í öðrum húsum á þessu svæði. Á hinn bóginn er sýnt, að frágangur þessarar einangrunar var ekki í samræmi við byggingareglugerð. Gagnáfrýjandi keypti húsið í byggingu og gat kannað einangrun þess á staðnum og á teikningum.

5. Sjá kröfulið 3.

6. Leitt er í ljós, að nauðsyn hafi borið til að endurbæta lítillega neglingu á þaki.

7. – 10. Um þessa kröfuliði vísast til röksemda héraðsdóms.

Samkvæmt því sem að framan er rakið, er ljóst, að frágangi hússins var í ýmsu áfátt. Þykir gagnáfrýjandi því eiga rétt á afslætti af kaupverði, og telst hann hæfilega ákveðinn 400.000 krónur. Verður gagnáfrýjanda því gert að greiða aðaláfrýjendum kröfur þeirra í aðalsök að frádreginni fjárhæð þessari, eða 736.786 krónur ásamt vöxtum, eins og krafist er.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Karl Benediktsson, greiði aðaláfrýjendum, Hallgrími Hallgrímssyni og Höllu Aradóttur, 736.786 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 700.000 krónum frá 10. febrúar 1990 til 1. apríl sama ár, en af 736.786 krónum frá þeim degi til greiðsludags, er leggja má við höfuðstól, í fyrsta sinn 1. apríl 1991.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Garðabæjar 16. október 1991.

Mál þetta höfðuðu aðalstefnendur með framlagningu stefnu í dóm 19. mars á þessu ári. Aðalstefnendur eru hjónin Halla Aradóttir, kt. 260861-7949, og Hallgrímur Hallgrímsson, kt. 021260-3559, Lyngmóum 6, Garðabæ. Aðalstefndi er Karl Benediktsson, kt. 010733-2519, Löngumýri 10, Garðabæ. Aðalstefndi gagnstefndi aðalstefnendum. Var gagnsökin höfðuð með framlagningu stefnu í dóm 18. júní. Í þinghaldi 10. september voru málin sameinuð.

Málið var tekið til dóms að loknum aðalflutningi 25. september sl.

Dómkröfur.

Aðalstefnendur gera þessar dómkröfur:

Aðallega að stefndi verði að þola riftun á kaupum sínum á húseigninni nr. 10 í Löngumýri í Garðabæ, sem fram fóru 3. mars 1989.

Til vara krefjast aðalstefnendur þess að stefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 1.136.786,00 að viðbættum [nánar tilgreindum dráttarvöxtum svo og málskostnaði].

Aðalstefndi gerir þessar dómkröfur:

Aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum aðalstefnenda og að honum verði dæmdur málskostnaður [...].

Til vara krefst aðalstefndi þess að kröfur aðalstefnenda verði lækkaðar verulega að mati réttarins og aðalstefnendum verði einungis dæmdir dráttarvextir af kröfu sinni frá 1. febrúar 1991 til greiðsludags. Með varakröfu er jafnframt krafist málskostnaðar [...] og til vara að hann verði felldur niður.

Gagnstefnandi krefst þess að gagnstefndu verði dæmdir til að greiða sér kr. 2.607.321,00 með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989, frá 1. febrúar 1991 til greiðsludags.

Gagnstefnandi krefst málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ auk virðisaukaskatts, allt að viðbættum dráttarvöxtum skv. 10. [svo í gagnstefnu] kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Gagnstefnandi krefst þess að dómkröfur í gagnsök verði notaðar til skuldajafnaðar við dómkröfur stefnenda í aðalsök að svo miklu leyti sem til þarf, en sjálfstæður dómur verði kveðinn upp um afganginn.

Gagnstefnendur krefjast þess aðallega að verða sýknaðir af öllum kröfum gagnstefnenda í gagnsök, en til vara að dómkröfur gagnstefnenda verði lækkaðar verulega. Að öðru leyti vísa þeir til dómkrafna stefnenda í aðalsök.

Málsatvik.

Með kaupsamningi, dagsettum 3. mars 1989, keypti aðalstefndi húseignina nr. 10 við Löngumýri í Garðabæ af aðalstefnendum. Um er að ræða raðhús á þremur hæðum, syðsta hús, endahús í samhangandi lengju nokkurra húsa, sem virðast hafa verið byggð samkvæmt sömu hönnun. Samkvæmt fram lögðum teikningum er á 1. hæð hússins gert ráð fyrir anddyri og inngangi í íbúð hússins, bílgeymslu, tveimur geymslum og tómstundaherbergi („hobbí“). Anddyri og bílskúrsdyr snúa í vestur. Við hlið anddyris er sorpgeymsla og er gengt um hana inn í bílskúr. Á annarri hæð er eldhús með borðkrók og geymslu, stofa og borðstofa. Borðstofan er fyrir norðurvegg (brandvegg), og er gengt úr henni út á svalir bæði á vestur- og austurhlið. Þar sem borðstofa er skv. teikningu hefur aðalstefndi innréttað barnaherbergi. Á þriðju hæð er skv. teikningu gert ráð fyrir hjónaherbergi og þremur öðrum svefnherbergjum, baði, sjónvarpsherbergi og vinnuherbergi. Á vesturhlið út frá vinnuherbergi eru litlar svalir.

Kaupverð húseignarinnar var kr. 7.800.000,00, og átti kaupandi (aðalstefndi) að greiða sem hér segir: Í peningum átti hann að greiða samtals kr. 5.700.000,00 í 8 greiðslum, og skyldi hann greiða hina síðustu, kr. 700.000,00, 10. febrúar 1990. Við kaupsamningsgerðina tók kaupandi að sér að greiða eftirstöðvar veðskuldabréfs, er á eigninni hvíldi, að eftirstöðvum kr. 1.761.843,00. Eftirstöðvar kaupverðsins, kr. 338.157,00, skyldi kaupandi greiða með því að gefa út óverðtryggt skuldabréf til seljenda. Átti það að verða til fjögurra ára og greiðast með fjórum árlegum afborgunum, hinni fyrstu 1. apríl 1990. Vextir skyldu vera meðalvextir banka og sparisjóða skv. ákvörðunum Seðlabanka Íslands og reiknast frá 1. apríl 1989. Samkvæmt kaupsamningnum átti kaupandi að fá 2. og 3. hæð hússins afhentar við undirritun samningsins, en 1. hæð 1. maí sama ár.

Seljendur húseignarinnar, aðalstefnendur í þessu máli, eignuðust fasteignina Löngumýri 10 með samningi við Valvirkja hf., byggjanda hússins. Fram hefur verið lagt í málinu skjal, sem ber yfirskriftina „Fylgiskjal með makaskiptasamningi, dags. 29.2.1988, um Löngumýri 10, Garðabæ, annars vegar og Brekkubyggð 75, Garðabæ, hins vegar.“ Skjalið fjallar um húseignina Löngumýri 10. Þar er að finna lýsingu á frágangi fasteignarinnar að innan og að utan. Um frágang að innanverðu segir m.a.: „Loft og veggir verða óeinangraðir.“ Einnig segir þar, að gluggar skuli komnir í með tvöföldu gleri og opnanlegum fögum og að þeir verði grunnfúavarðir. Um frágang utan húss segir m.a., að húsið „skilast tilbúið að utan, hraunað en ómálað“ og að lóð verði grófjöfnuð. Neðan við lýsingar á frágangi utan húss og innan er vélrituð klausa, og er hún dagsett 1. september 1988. Þar gerir kaupandi (aðalstefnandi Hallgrímur) athugasemdir um sitthvað sem ólokið er við frágang hússins. Þar segir í lokin: „Seljandi afhendir tryggingarvíxil að fjárhæð kr. 500.000,00 – fimm hundruð þúsund 00/100 – til tryggingar efndum að þessu leyti og verður hann í vörsl [svo] Hlöðvers Kjartanssonar, hdl.“

Skjal þetta, sem nú hefur verið lýst, er undirritað af aðalstefnanda Hallgrími Hallgrímssyni og tveimur mönnum f.h. Valvirkja. Upplýst er, að skjalið lá frammi við gerð kaupsamnings aðila þessa máls 3. mars 1989, og er neðst á skjalið handrituð stað- og dagsetningin „RV 3.03.89“ og þar fyrir aftan fangamark aðalstefnda, Karls. Í kaupsamning aðila er skráð: „Seljandi framselur kaupanda samning sinn við byggjanda hússins, Valvirki hf., v/þeirra atriða er byggjandi á eftir að framkvæma og framselur kaupandi [svo] jafnframt tryggingarvíxil að fjárhæð kr. 500.000,00 allt skv. fylgiskjali samnings þessa er aðilar hafa áritað til staðfestu. Seljandi tekur á sig persónulega ábyrgð á að lokið verði framkvæmdum skv. fylgiskjali þessu.“ Nefndan tryggingarvíxil afhentu aðalstefnendur ekki aðalstefnda.

Frammi liggur í málinu leigusamningur um lóðina nr. 10 við Löngumýri, út gefinn 9. júní 1988 af Agnari Ástráðssyni f.h. bæjarstjórans í Garðabæ til aðalstefnanda Hallgríms Hallgrímssonar.

Aðalstefndi innti af hendi greiðslur samkvæmt samningi aðila, þangað til kom að síðustu peningagreiðslunni, kr. 700.000,00, sem greiða átti 10. febrúar 1990. Þá vildi hann ekki greiða, og ekki gaf hann heldur út eftirstöðvaskuldabréfið. Á þessum tíma hafði byggingaraðilinn, Valvirki hf., ekki lokið þeim verkþáttum, sem honum bar og aðalstefnendur voru ábyrgir fyrir. Upplýst er að skömmu eftir gjalddagann 10. febrúar hittust aðilar til að reyna að leysa ágreining um viðskipti sín. Var það 12. eða 15. febrúar. Urðu fundir þeirra nokkrir þá um veturinn og fram á vorið. Voru a.m.k. þrír þeirra haldnir hjá Þorsteini Steingrímssyni fasteignasala, sem milligöngu hafði haft um sölu hússins og samið kaupsamningsskjalið. Leitaðist hann við að sætta aðila. Síðasti fundurinn var haldinn 16. maí hjá Agnari Ástráðssyni, byggingarfulltrúa í Garðabæ.

Aðilum ber ekki saman um, hvað rætt var á fyrsta fundi eða fyrstu fundum þeirra í febrúar 1990. Aðalstefndi kveðst hafa kvartað yfir ýmsum leyndum göllum á húsinu og lagt fram lista um þá ásamt óloknum verkþáttum, sem Valvirki hf. átti að hafa lokið. Lista þennan hefur aðalstefndi lagt fram, og ber hann yfirskriftina: „Vanefndir við afhendingu Löngumýri [svo] 10, Garðabæ.“ Þar er m.a. nefnt að leki sé með gluggum og einangrun og pússningu utan húss sé ólokið og neglingu þaks sé ábótavant. Í málflutningi var því haldið fram af hálfu aðalstefnenda að aðalstefndi hefði verið tómlátur um að kvarta yfir göllum, en ekki kemur það heim við ummæli í greinargerð gegnstefndu (aðalstefnenda), svo sem síðar verður að vikið.

Á fundi aðila 27. apríl 1990 lagði aðalstefndi fram álitsgerð Ingólfs Antonssonar tæknifræðings um úrbætur á göllum á fasteigninni og kostnað við þær. Er þar fjallað um úrbætur á gluggum og einangrun á gólfum 2. og 3. hæðar. Nam kostnaður skv. áætlun hans kr. 656.202,00.

— — —

Málsástæður og lagarök.

Stefnendur í aðalsök rökstyðja kröfur sínar þannig:

Aðalstefndi hafi ekki staðið í skilum með síðustu greiðslu útborgunar og ekki heldur gefið út eftirstöðvabréfið og í engu sinnt tilmælum aðalstefnenda um greiðslu. Aðalstefnandi Hallgrímur hafi lýst yfir vilja sínum til að standa við sinn hluta kaupsamningsins með því að bjóðast til að ljúka tilteknum framkvæmdum við frágang húseignarinnar sem hann bar persónulega ábyrgð á. Tilboði hans hafi aðalstefndi ekki svarað og aðalstefnendum því verið ómögulegt að ljúka þessum framkvæmdum. Vanefndir aðalstefnda séu svo verulegar að aðalstefnandi fari fram á að hann verði látinn sæta riftun á kaupsamningi. Vísa aðalstefnendur í þessu sambandi til þeirrar meginreglu kaupalaga, að sé kaupverð ekki greitt í tæka tíð eða kaupandi geri ekki í tæka tíð þá ráðstöfun, sem greiðsla kaupverðsins sé undir komin, þá geti seljandi haldið kaupinu upp á kaupanda eða rift það, sbr. 28. gr. kaupalaga nr. 39/1922. Um sé að ræða verulegan greiðsludrátt hjá aðalstefnda og því krefjist aðalstefnendur riftunar.

Verði ekki fallist á riftunarkröfuna, gera aðalstefnendur þá kröfu að aðalstefndi verði dæmdur til að greiða þeim eftirstöðvar kaupsamningsins, kr. 1.136.786,00, með vöxtum og kostnaði. Eftirstöðvarnar séu annars vegar lokagreiðsla útborgunar, kr. 700.000,00, sem aðalstefnda hafi borið að greiða 10. febrúar 1990, og síðan kr. 436.786,00, sem sé fjárhæð eftirstöðvabréfsins miðuð við fyrirhugaðan gjalddaga 1. apríl 1990 og með meðaltalsvöxtum banka og sparisjóða skv. ákvörðunum Seðlabanka Íslands frá 1. apríl 1989 eins og lýst sé í C-lið kaupsamningsins.

Aðalstefnendur vísa til almennra reglna kröfuréttar um skuldbindingargildi samninga, laga nr. 25/1987 og laga nr. 67/1989. Kröfu sína um virðisaukaskatt á málskostnað styðja þeir við lög nr. 50/1988. Aðalstefnendur séu ekki virðisaukaskattsskyldir, og því sé þeim nauðsynlegt að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi aðalstefnda.

Aðalstefndi rökstyður kröfur sínar í aðalsök á þessa leið:

Í greinargerð hans kemur fram að hann telur sig eiga miklu hærri fjárkröfur á hendur aðalstefnendum en þeir eigi á hendur sér. Aðalstefndi telur, að sér hafi verið rétt og skylt að halda að sér höndum með greiðslur þær er stefnendur krefja hann um, þar sem kaupsamningur um fasteignina hafi bæði verið og sé vanefndur af aðalstefnendum. Meðan efndir strandi á aðalstefnendum geti þeir ekki krafist vaxta.

Aðalstefnendur hafi ekki séð sér fært sumarið 1989 að ljúka þeim framkvæmdum við húseignina, sem þeir höfðu ábyrgst við gerð kaupsamningsins, og hafi aðalstefndi ekki staðið því í vegi. Þeir hafi ekki heldur afhent aðalstefnda tryggingarvíxilinn á hendur Valvirkja hf. Þegar aðilar hafi hist í ársbyrjun 1990 vegna fyrirhugaðrar útgáfu afsals, hafi verið komnir í ljós verulegir leyndir gallar á hinu selda, og þá hafi aðalstefndi lagt fram lista yfir galla og ófrágengin atriði.

Aðalstefndi telur sig eiga kröfur á hendur aðalstefnendum skv. niðurstöðum matsmanna um kostnað við úrbætur á göllum á húseigninni. Tekur hann liði matsgerðar upp í greinargerð sína, nr. 1–7. Við bætir hann síðan fjórum liðum:

8. Úrbótum fylgi verulegt óhagræði fyrir aðalstefnda og fjölskyldu hans af vinnu iðnaðarmanna og eftirliti með vinnu þeirra. Framkvæmdum fylgi óhreinindi, ónæði og fyrirhöfn. Brjóta þurfi upp neðsta gólf, en þar hafi aðalstefndi nú íbúð á leigu, og muni hann missa af leigutekjum. Krafa aðalstefnda undir þessum lið er kr. 350.000,00, og miðar hann þá m.a. við leigutap í þrjá mánuði.

9. Vegna úrbóta skv. 4. lið matsgerðar þurfi að breyta útliti hússins í verulegum atriðum, setja upp sólstofu þar sem nú séu opnar svalir, breyta gluggum o.fl. Nauðsynlegt sé að breytingar þessar verði teiknaðar af arkitekt hússins. Leita þurfi samþykkis bæjaryfirvalda og nágranna. Kostnað við þetta áætlar aðalstefndi kr. 150.000,00.

10. Aðalstefndi hafi keypt húsið með ákveðnu útliti skv. teikningum. Hann þurfi nú að sætta sig við talsverðar breytingar bæði hvað varðar útlit og notkun. Kaupverð hússins hafi verið á sínum tíma kr. 7.800.000,00. Framreiknað sé það verð í janúar 1991, þegar mat lá fyrir, kr. 9.781.000,00. Gerir stefndi kröfu til að þessi liður verði metinn til 5% afsláttar af kaupverði, og nemi afslátturinn kr. 493.550,00.

11. Þá telur aðalstefndi sig eiga kröfu á hendur aðalstefnendum er nemi kr. 160.771,00, en það sé sú fjárhæð sem aðalstefndi hafi þurft að leggja út vegna dómkvaðningar og matsgerðar.

Samkvæmt greinargerð í aðalsök telur aðalstefndi sig eiga kröfur á hendur aðalstefnendum sem nemi samtals kr. 2.407.321,00.

Aðalstefndi vísar til meginreglna kaupalaga nr. 39/1922 og áratuga-dómvenju Hæstaréttar máli sínu til stuðnings. Aðalstefnendur hafi ekki afhent hið selda í lögmætu formi og hafi enn ekki gert það. Aðalstefnda hafi því verið rétt að halda að sér höndum með greiðslur, og vísist í því sambandi til meginreglna 21. og 23. gr. kaupalaga. Samkvæmt þeim beri aðalstefnda ekki að standa stefnendum skil á vöxtum eða öðrum refsingum eða bótum af kaupverði, og teljist það hluti af skaðabótakröfu hans á hendur aðalstefnendum, þ.e. fé aðalstefnenda ávaxtist ekki í höndum aðalstefnda meðan efndir hafi ekki farið fram vegna afhendingardráttar og galla.

Hið selda hafi reynst með marga og umfangsmikla galla. Um bótagrundvöll vísar aðalstefndi til 2. mgr. 42. gr. kaupalaga. Hann hafi skoðað hið selda, sem sé ný fasteign, ófullgerð. Hann hafi sinnt öllum skyldum sínum til skoðunar og til að kvarta við aðalstefnendur, og missi því ekki neinar mótbárur gegn þeim, enda hafi húsið leynda galla. Vísar aðalstefndi til 47., 52. og 53. gr. kaupalaga hvað þetta varðar. Aðalstefnendur hafi að meginstefnu til byggt hina seldu húseign eða keypt hana í byggingu. Þeir beri ótvíræða ábyrgð á öllum göllum sem leynst hafi getað kaupanda við almenna skoðun. Þeir hafi ekki sinnt upplýsingaskyldu sinni með því að upplýsa aðalstefnda um gallana.

Þá segir í greinargerð aðalstefnda að meginuppistaðan í kröfugerð hans sé til komin vegna ófullnægjandi einangrunar hússins. Þeir gallar og aðrir fyrr nefndir hafi verið leyndir og á ábyrgð aðalstefnenda. Um sé að ræða áskilda kosti, enda um nýtt hús á byggingarstigi að ræða. Fasteignin hafi verið keypt ófullgerð, og í ljós hafi komið að mikið vantaði á hefðbundinn frágang, auk þess sem frágangur einstakra verkliða hafi ekki verið og sé ekki í samræmi við gildandi byggingareglugerðir. Þar sem gallar þessir hafi verið leyndir, óupplýstir af aðalstefnendum og hluti áskilinna kosta við nýja fasteign, teljist þeir allir verulegir, og því sé nægur bótagrundvöllur til staðar skv. 2. mgr. 42. gr. kaupalaga.

Enn heldur aðalstefndi því fram að fasteignin hafi verið keypt með ákveðnu útliti og eiginleikum, sem breytist vegna fyrrgreindra galla. Óháð sök beri aðalstefnendur ótvíræða ábyrgð á því að hið selda hafi ekki þá kosti og eiginleika sem áskildir voru. Geti því kröfuliðir vegna útlitsbreytinga bæði stuðst við heimildir laga á grundvelli afsláttar, sbr. meginreglu 1. mgr. 42. gr. kaupalaga, þar sem sök skipti ekki máli, og skaðabóta, þar sem um leynda galla er að ræða eða afleiðingu þeirra, sbr. 2. mgr. nefndrar 42. gr.

Aðalstefndi mótmælir því sérstaklega að ítrekaðar tilraunir hafi verið gerðar til að skora á aðalstefnda að greiða. Þvert á móti hafi aðilar verið ásáttir um að frágangi væri ekki lokið, enda þótt sættir hafi ekki tekist um uppgjör.

Aðalstefndi telur að vegna þess að aðalstefnendur hafi hvorki í orði né á borði efnt gildan hluta kaupsamningsins og vegna gallanna sem hið selda sé með, bresti allar forsendur til riftunar og málshöfðunar aðalstefnenda til efnda. Meginregla 28. gr. kaupalaga eigi engan veginn við, og því sé aðallega krafist sýknu af öllum kröfum stefnenda í aðalsök.

Um þann hluta varakröfu sinnar, að einungis verði dæmdir dráttarvextir frá 1. febrúar 1991, segi aðalstefndi að þá hafi endanlega legið fyrir skuldajafnaðarkrafa hans, og fram til þess tíma hafi honum verið rétt og skylt að halda að sér höndum með greiðslur án þess að þurfa að sæta vöxtum eða öðrum viðurlögum.

Málsástæður stefnanda í gagnsök, Karls Benediktssonar, eru að nær öllu leyti hinar sömu og fram koma í greinargerð stefnda í aðalsök. Er ekki ástæða til að endurtaka þær. Þess verður þó að geta að gagnstefnandi setur fram nýjan kröfulið, sbr. tölulið nr. 2 í matsgerð. Segir í greinargerð gagnstefnanda að eftir að mat hafi fram farið hafi tekið sig upp raki á gangi jarðhæðar. Áskilinn sé réttur til að láta skoða þennan galla sérstaklega, en að svo stöddu geri gagnstefnandi kröfu að fjárhæð kr. 200.000,00 vegna hans. Er gagnstefnukrafan hærri þeirri kröfu, sem aðalstefndi telur sig eiga á hendur aðalstefnendum, sem nemur þessari fjárhæð. Þess er og að geta, að gagnstefnandi heldur því fram í greinargerð sinni, að gagnstefndu hafi „innheimt eða tryggt þann tryggingarvíxil sem þau áttu skv. kaupsamningi að framselja til gagnstefnanda. Sú krafa þeirra ber fulla dráttarvexti og hafa þau því fengið allt tjón sitt af meintum greiðsludrætti bætt og vel það“.

Í greinargerð gagnstefndu segir að gagnstefnandi hafi aldrei boðið fram greiðslu á eftirstöðvum skuldarinnar við gagnstefndu, sem honum hafi þó verið skylt skv. efni kaupsamningsins. Þótt aðilar hafi haldið fundi um eignina, hafi það ekki veitt gagnstefnanda neina heimild til að halda eftir greiðslu, og það jafnvel þótt hann hefði lýst því yfir, að eignin væri gölluð, í votta viðurvist.

Gagnstefndu mótmæla því sem röngu að þeir hafi ekki gert tilraunir til efnda á þeim verkþáttum við húsið sem þeir áttu að ljúka. Það sé algerlega á ábyrgð gagnstefnanda að þessum verkþáttum var ekki lokið.

Gagnstefndu telja að gagnstefnandi hafi ekki sannað rétt sinn til tryggingarvíxilsins, enda hafi hann verið til þess að tryggja að verktaki lyki framkvæmdum samkvæmt kaupsamningi milli Valvirkja hf. og gagnstefndu. Þeir bæta því við að ekki sé líklegt að víxillinn fáist greiddur.

Gagnstefndu taka fram, að þeir séu ekki byggingaraðilar hússins, heldur Valvirki hf. Ástæðan fyrir því, að gagnstefndi Hallgrímur sé skráður á lóðarleigusamning, sé sú, að Valvirki hf. hafi aldrei gengið frá lóðarleigusamningi, og hafi gagnstefndi því gengið beint inn í þann samning til hagræðis.

Í greinargerð gagnstefndu er tekin upp vörn gegn kröfuliðum gagnstefnanda lið fyrir lið svo sem hér greinir. Tölumerking svarar til matsgerðarinnar:

1. Gagnstefndu segja að gagnstefnandi hafi keypt húsið á byggingarstigi

og hafi því mátt vita að það væri ekki að öllu leyti frágengið. Kaupanda að óloknu húsi sé skylt að kanna, hverju sé lokið og hvernig gengið sé frá gluggum. Ósannað sé að frágangur á gluggum hafi verið óvenjulegur miðaður við íbúðir frá sama tíma. Í matsgerð komi ekkert fram um það hvort frágangur hafi verið óeðlilegur heldur sé honum einungis lýst. Gagnstefnanda beri sjálfum að þola tjón vegna leka með gluggum, enda hafi honum mátt vera gallinn ljós.

3. Gagnstefndu kveðast margoft hafa boðist til að ganga frá múrhúðun við bílskúrsdyr, en gagnstefnandi hafi staðið í vegi fyrir framkvæmdum. Gagnstefndu séu enn tilbúnir til að annast þessa viðgerð, en með tilliti til kröfugerðar í aðalsök sé hugsanlega rétt að fresta viðgerð að sinni. Gagnstefndu krefjast þess að annast verkið sjálfir á sinn kostnað.

4. Um einangrun á gólfi 2. og 3. hæðar segja gagnstefndu að í samkomulagi um verklok, sem frammi lá við kaupsamningsgerð og undirritað hafi verið af aðilum, segi, að loft og veggir verði óeinangraðir. Gagnstefnandi hafi ekki gert við það athugasemd sem kaupandi. Augljóst megi telja að loft 1. og 2. hæðar séu jafnframt gólf 2. og 3. hæðar. Gagnstefnanda hafi því mátt vera ljóst að gólfin voru ekki einangruð. Í kaupsamningnum sé ekki heldur gert ráð fyrir því, að seljandi sjái um einangrun, heldur sé hún á ábyrgð kaupanda. Því sé hér ekki um galla að ræða, heldur ólokna framkvæmd við húsið, sem kaupandi hafi átt að sjá um. Gagnstefnandi hafi einnig haft alla möguleika á því að kanna við kaupin hvort einangrun væri fullnægjandi.

5. Gagnstefndu vísa um þennan lið til þess sem segir í lið 3 hér að framan.

6. Gagnstefndu telja þennan lið svo óverulegan að ekki sé hægt að leggja bótaábyrgð á gagnstefndu hans vegna. Kaupandi eignar megi alltaf búast við að þurfa að inna af hendi smáviðgerðir, og þessi liður falli undir það.

7. Um þennan lið taka gagnstefndu fram að samkvæmt gr. 7.5.5. í byggingareglugerð [frá 1979] skuli við útreikninga á nauðsynlegum einangrunarþykktum í rað- og fjölbýlishúsum reikna húsin sem eina heild. Þær mælingar, sem fram hafi farið við matsgerð, séu ekki þess eðlis, að þær verði lagðar til grundvallar, þegar kannað sé, hvort húsið uppfylli kröfur byggingareglugerðar. Í 7.5.1. gr. segi enn fremur, að hús skuli einangruð þannig, að sköpuð séu fullnægjandi heilbrigðis- og hollustuskilyrði og komist verði hjá óþarfa orkueyðslu. Þessi regla feli í sér tilgang ákvæða um þykkt einangrunar. Óumdeilt sé, að húsið Langamýri 10, Garðabæ, uppfylli skilyrði tilvitnaðrar greinar. Kröfugerð skv. þessum lið byggi eingöngu á því að um brot á byggingareglugerð sé að ræða og eigi sér því enga lagastoð.

Í öðru lagi benda gagnstefndu á að í matsgerðinni komi ekki fram hver sé kólnunartala í húseigninni, þótt upplýst sé, hverjar séu gildandi reglur um kólnunartölur og einangrun. Þessi liður í matsgerðinni sé því ófullnægjandi sönnunargagn þar sem samanburð vanti. Þess vegna verði alveg að líta fram hjá þessum þætti matsins við sönnunarfærslu í málinu.

Í þriðja lagi segja gagnstefndu að botnplatan hafi verið tekin út af byggingarfulltrúa á árinu 1983. Óhugsandi verði að telja að byggingarfulltrúi samþykki botnplötu, sem sé í jafn-hróplegu ósamræmi við byggingareglugerð og gagnstefnandi heldur fram.

Í fjórða lagi halda gagnstefndu því fram að samkvæmt almennum reglum um skaðabætur sé það forsenda skaðabótaskyldu að um raunverulegt tjón sé að ræða. Það hafi gagnstefnandi ekki sýnt fram á, enda sé einangrun hússins fyllilega sambærileg við flest hús landsins. Viðgerð á húsinu vegna einangrunarskorts sé því algjörlega óraunhæf, þar sem kostnaður við að bæta einangrun sé úr öllu samræmi við möguleg óþægindi, sem gagnstefnandi gæti orðið fyrir.

Gagnstefndu mótmæla sérstaklega kröfufjárhæð í þessum lið.

8. Gagnstefndu mótmæla óhagræðisþætti þessa liðar í heild. Krafan sé órökstudd. Fordæmislaust sé að dæmdar séu bætur fyrir ónæði vegna viðgerða á galla. Eignin hafi verið seld sem ein íbúð, og seljandi geti ekki borið ábyrgð á, að kaupandi missi leigutekjur, sem ekki hafi verið gert ráð fyrir við söluna. Íbúð á 1. hæð sé ósamþykkt og gagnstefnanda ekki heimilt að leigja hana út. Leigufjárhæð sé ekki tilgreind, og uppfylli krafan ekki ákvæði c-liðar 1. mgr. 88. gr. laga nr. 85/1936.

9. Um þennan kröfulið vísa gagnstefndu til þess sem sagt er um lið nr. 4 hér að framan. Tjón gagnstefnanda undir þessum lið geti aldrei orðið meira en beinn útlagður kostnaður hans, og beri að ákveða fjárhæð miðað við það. Á móti kröfu skv. þessum lið komi að húsið hækki ótvírætt í verði með sólstofu í stað svala, og eigi sá eignarauki að koma til frádráttar.

10. Gagnstefndu halda því fram að gagnstefnandi geti ekki sannað neitt tjón vegna breytinga á útliti hússins. Ósannað sé að húsið lækki í verði vegna breytinga á útliti þess. Hlutfall afsláttar sé einnig órökstutt.

11. Krafa skv. þessum lið heyri undir málskostnað skv. 5. tl. 1. mgr. 175. gr. einkamálalaga. Ekki séu rök fyrir að fá dóm um þennan lið sérstaklega.

12. Nýjum kröfulið vegna raka á gangi jarðhæðar (sbr. lið nr. 2 í matsgerð) mótmæla gagnstefndu í heild sem ósönnuðum. Þeir hafna því eindregið, að gagnstefnandi komi inn í málið með liði sem metnir hafi verið í lagi við matsgerð. Fjárhæð er hafnað sem ósannaðri.

Gagnstefndu hafna kröfu gagnstefnanda um skuldajöfnuð sem rangri.

Skilyrði til skuldajafnaðar séu ekki fyrir hendi, og þurfi gagnstefnandi að dómi gengnum að krefjast skuldajafnaðar, verði niðurstaðan sú að honum verði dæmd tiltekin fjárhæð. Það hafi hins vegar engin áhrif á greiðsluskyldu gagnstefnanda í þessu máli.

Að lokum halda gagnstefndu því fram að þeir hafi að öllu leyti gætt upplýsingaskyldu sinnar sem seljendur húseignarinnar.

Álit dómsins.

Dómendur hafa farið á vettvang að skoða húsið í Löngumýri 10, Garðabæ.

Aðilar málsins, Halla Aradóttir og Hallgrímur Hallgrímsson aðalstefnendur og Karl Benediktsson aðalstefndi, hafa gefið dóminum skýrslur. Matsmenn hafa komið fyrir dóminn sem vitni og staðfest matsgerð sína. Einnig hafa borið vitni í málinu, Agnar Ástráðsson byggingarfulltrúi í Garðabæ, Þorsteinn Steingrímsson, löggiltur fasteignasali, og Hermann Hermannsson tæknifræðingur, sem hannaði vatnslagnakerfi hússins.

Um aðalsök.

Þegar kom að síðustu greiðslu útborgunar, 10. febrúar 1990, innti aðalstefndi ekki greiðsluna, kr. 700.000,00, af hendi. Hann gaf ekki heldur út skuldabréf fyrir eftirstöðvum kaupverðs húseignarinnar, að fjárhæð höfuðstóls kr. 338.157,00. Hvora tveggja þessara greiðslna bar honum að greiða skv. kaupsamningi aðila.

Við þetta tímamark, 10. febrúar 1990, hafði ekki verið lokið þeim verkþáttum við frágang húss og lóðar, sem aðalstefnendur báru persónulega ábyrgð á, þ.e. grófjöfnun lóðar, múrverki utan húss og frágangi við bílskúrsdyr. Kostnaður við þessar framkvæmdir er þó miklum mun lægri en nemur þeim fjárhæðum sem aðalstefndi hélt eftir af eigin greiðslum. Getur dráttur sá, sem varð á því af hálfu aðalstefnenda, að umræddum verkþáttum væri lokið, ekki réttlætt greiðsludrátt aðalstefnda nema að litlu leyti.

Samkvæmt kaupsamningi aðila bar aðalstefnendum að framselja aðalstefnda tryggingarvíxil að fjárhæð kr. 500.000,00, sem vera átti til tryggingar því að byggingaraðili hússins lyki þeim verkþáttum sem honum bar skv. samningi við aðalstefnendur, en þeir framseldu aðalstefnda rétt sinn skv. þeim samningi. Víxill þessi hefur ekki verið afhentur aðalstefnda. Er þar um að ræða vanefnd af hálfu aðalstefnenda. Upplýst er, að aðalstefnandi Hallgrímur höfðaði mál til innheimtu víxilsins með áskorunarstefnu, út gefinni 21. nóvember 1989.

Áður en kom að greiðslu útborgunar og útgáfu eftirstöðvabréfs 10. febrúar 1990, hafði aðalstefndi orðið var við alvarlega galla á húseigninni. Svo sem fyrr greinir, héldu aðilar nokkra fundi síðla vetrar 1990 og um vorið til að reyna að jafna ágreining sinn. Víst má telja, að á fundum aðila skömmu eftir 10. febrúar hafi aðalstefndi kvartað við aðalstefnendur um galla, þ.á m. ófullnægjandi einangrun. Þetta fær staðfestu af ummælum í greinargerð gagnstefndu, þar sem segir: „Á fundi vegna útgáfu afsals þá var gagnstefnandi að vísu að kvarta vegna galla og ætlaði þá að fá gagnstefnda til að rita undir samkomulag . . .“ Þorsteinn Steingrímsson fasteignasali, sem hafði milligöngu um sölu á húseigninni, sat fundi með aðilum og samdi það „samkomulag“, sem drepið er á í tilvitnuðu orðunum hér að framan. Hann kom fyrir dóminn sem vitni og bar að á fundum þessum hefði aðalstefndi kvartað um ófullnægjandi einangrun í húsinu.

Sem fyrr segir, lagði aðalstefndi fram á fundi aðila 27. apríl 1990 álitsgerð Ingólfs Antonssonar tæknifræðings um úrbætur á göllum á fasteigninni og kostnað við þær.

Húseignin Langamýri 10, Garðabæ, var enn í byggingu, þegar aðalstefndi keypti hana af aðalstefnendum 3. mars 1989. Aðalstefnendur höfðu eignast húsið með samningi við byggingaraðila. Aðalstefnendur bera ábyrgð gagnvart aðalstefnda á því, að húsið hafi ekki þá galla sem almennt má gera ráð fyrir, að nýbygging hafi ekki og aðalstefndi mátti ekki gera sér grein fyrir við skoðun á húsinu fyrir kaupsamningsgerð. Það er álit dómenda, að húseignin hafi haft slíka galla. Verður síðar gerð grein fyrir niðurstöðum dómenda um þá.

Þegar framanritað er virt, þykir dómendum að vanefndir aðalstefnda á kaupsamningi aðila hafi ekki verið svo verulegar eða samskiptum aðila svo háttað, að aðalstefnendum sé rétt að krefjast riftunar kaupsamnings aðila. Verður aðalstefndi því sýknaður af aðalkröfu aðalstefnenda.

Ekki er ágreiningur um að samkvæmt kaupsamningnum bar aðalstefnda að greiða aðalstefnendum kr. 700.000,00 í peningum 10. febrúar 1990 og einnig að gefa þá út skuldabréf, að fjárhæð höfuðstóls kr. 338.157,00, til fjögurra ára fyrir eftirstöðvum kaupverðsins, og skyldi bréfið bera meðalvexti banka og sparisjóða frá 1. apríl 1989. Ágreiningur er um vexti af þessum fjárhæðum.

Aðalstefndi byggir bæði aðalkröfu sína um sýknu af varakröfu aðalstefnenda og varakröfu sína á því, að hann eigi fjárkröfur til skuldajafnaðar á hendur aðalstefnendum vegna viðskipta þeirra. Verða kröfuliðir stefnda í aðalsök teknir hér til athugunar lið fyrir lið í töluröð matsgerðar og greinargerðar aðalstefnda, sbr. hér að framan.

1. Leki með gluggum. Að áliti dómenda var hér um leyndan galla að ræða. Ekki skiptir það máli hvort gluggar voru toppfylltir eða ekki, heldur hitt að kaupandi mátti vænta þess að gluggar í nýbyggðu húsi væru vatnsþéttir. Ber að taka kröfu aðalstefnda, kr. 214.000,00, til greina að fullu.

2. Þarfnast ekki umfjöllunar.

3. Ekki er efnislegur ágreiningur um þennan lið, og verður krafa skv. honum, kr. 9.000,00, tekin til greina.

4. Lítt einangraðir eða óeinangraðir loft- og gólfhlutar. Eftir að hafa skoðað húsið, líta dómendur svo á, að aðeins sé raunhæft að einangra byggingarhluta undir þessum lið utan frá. Það er einmitt sú leið sem farin hefur verið á öðrum húsum í lengjunni. Undantekningar frá þessu eru loftplötur sem jafnframt eru svalagólf. Varla er um annað að ræða en að einangra þessar plötur innan frá, en við það lækkar lofthæð í viðkomandi herbergjum (geymslum og bílskúr) talsvert. Engu er líkara en gleymst hafi við hönnun hússins að gera ráð fyrir einangrun þessara byggingarhluta. Vegna uppbyggingar hússins verður að líta svo á að hluti af einangrunarvinnunni tilheyri utanhússfrágangi og hafi því átt að fylgja með í kaupunum (sbr. fylgiskjal með makaskiptasamningi). Ekki er hægt að einangra svalagólfin án þess að rýra gæði herbergja þar undir (minnkuð lofthæð). Dómendur líta svo á að aðalstefndi hafi ekki mátt gera sér grein fyrir að einangrun gólfplatna 2. og 3. hæðar var ófullnægjandi og ekki í samræmi við byggingareglugerð, þá er hann skoðaði húsið fyrir kaupsamningsgerð. Er þá við það miðað að hann er ekki sérfróður um byggingar. Kvaðst hann í skýrslu sinni ekki hafa notið slíkrar sérþekkingar við skoðun á húsinu, og annað er ekki leitt í ljós. Dómurinn fellst á þær lausnir sem matsmenn leggja til, en telur réttlætanlegt að gera ráð fyrir heldur minni einangrunarþykktum til að draga úr útlitsbreytingum. Þær þykktir yrðu þá fundnar út frá byggingareglugerð frá 1979, sem gilti þegar húsið var hannað. Samkvæmt þessu er að mestu leyti fallist á kröfu aðalstefnda undir þessum lið, eða sem nemur kr. 350.000,00.

5. Ekki er efnislegur ágreiningur um þennan lið, og verður krafan, kr. 20.000,00, tekin til greina.

6. Krafan er tekin til greina, kr. 2.000,00.

7. Í byggingareglugerðinni frá 1979, sem í gildi var, þegar botnplata hússins var tekin út, eru gerðar kröfur til ákveðinna hámarkskólnunartalna byggingarhluta í íbúðarhúsum og öðrum húsum, þar sem svipaðar kröfur eru gerðar til raka og hitastigs (gr. 7.5.2.). Sýnilegt er því að ekki er þörf á að gera kröfu um sömu kólnunartölu í bílskúr eða geymslu og gerð er í íbúðarrými. Með tilliti til mikils kostnaðar við að auka einangrunargildi gólfplötunnar verður ekki fallist á ráðagerð um að einangrað verði gólf undir bílskúr og geymslum. Öðru máli gegnir um aðra hluta 1. hæðar hússins, þ.e. aðalinngang og tómstundaherbergi. Er hér um að ræða 40% af gólffleti 1. hæðar. Svo sem bent er á í greinargerð gagnstefndu (aðalstefn-

enda), er það forsenda skaðabótaskyldu að um raunverulegt tjón sé að ræða. Það er álit dómenda að skortur á einangrun í botnplötu rýri vafalaust notagildi hússins að því er varðar aðra hluta 1. hæðar en bílgeymslu og geymslur. Styðst þetta álit við vitnisburð hinna dómkvöddu matsmanna. Verður því fallist á tillögur um þennan lið skv. matsgerð að því er varðar tómstundaherbergi (hobbí) og aðalinngang, og krafa aðalstefnda tekin til greina að hluta, eða sem nemur kr. 300.000,00, enda er hér um að ræða leyndan galla sem aðalstefndi mátti gera ráð fyrir að væri ekki á húsinu. Er í þessari niðurstöðu tekið tillit til að tiltölulega dýrara er að ganga frá einangrun í gólfi anddyris og tómstundaherbergis en vera myndi á gólfi bílskúrs eða geymslna.

8. Krafa aðalstefnda undir þessum lið er að verulegu leyti órökstudd. Upplýst er að aðalstefnendur bjuggu um fjögurra til fimm mánaða skeið í húsinu, á 1. hæð, og þar bjó einnig aðalstefndi með fjölskyldu sinni fyrst eftir að hann fluttist í húsið. Það er þessi íbúð á 1. hæð sem aðalstefndi leigir út. Upplýst var við aðalflutning að leigutekjur hans væru kr. 25.000,00 á mánuði. Þykir hæfilegt að ætla honum bætur vegna tekjumissis og óþægginda skv. þessum lið að fjárhæð kr. 120.000,00.

9. Krafa aðalstefnda skv. þessum lið er ekki nægilega rökstudd, en sýnt þykir þó að einhverjum kostnaði má gera ráð fyrir vegna teikninga o.fl., og þykir hæfilegt að krafa undir þessum lið verði tekin til greina að þriðjungi, kr. 50.000,00.

10. Ósannað er að útlitsbreyting hússins, sem hér er til vísað, rýri gildi þess á nokkurn hátt, og verður kröfu aðalstefnda undir þessum lið hafnað.

11. Krafa skv. þessum lið fellur undir málskostnað, sbr. 5. tl. 1. mgr. 175. gr. laga nr. 85/1936. Kröfunni er hafnað.

Það er álit dómsins að aðalstefnda beri skaðabætur úr hendi aðalstefnenda skv. 1., 4., 6., 7., 8. og 9. lið hér að framan, sbr. 2. mgr. 42. gr. kaupalaga nr. 39/1922, með lögjöfnun og réttur til greiðslna skv. 3. og 5. lið hér að framan, sbr. 23. gr. sömu laga, með lögjöfnun. Kröfur þær, sem aðalstefndi hefur uppi mót kröfum aðalstefnenda, nema, að svo miklu leyti sem dómurinn fellst á þær, samtals kr. 1.065.000,00. Fallist er á kröfu aðalstefnda um skuldajöfnun í aðalsök.

Aðalstefndi heldur því fram, að aðalstefnendur geti ekki krafist vaxta af stefnufjárhæð. Samkvæmt kaupsamningnum bar aðalstefnendum að afhenda húseignina að hluta til 3. mars 1989, en að hluta 1. maí sama ár. Aðalstefndi átti rétt til að fá eignina þá afhenta ógallaða og að loknum þeim framkvæmdum, sem um var samið. Verður því að fallast á það með aðalstefnda, að aðalstefnendum beri ekki vextir á greiðslur þær, sem aðalstefndi átti að greiða 10. febrúar 1990, kr. 700.000,00 + kr. 338.157,00, eða samtals kr. 1.038.157,00. Þar sem gagnkrafa aðalstefnda er skv. niðurstöðu dómenda hærri þessari fjárhæð, verður aðalstefndi sýknaður af varakröfu aðalstefnenda.

Um gagnsök.

Auk þeirra krafna, sem stefndi í aðalsök gerir á hendur aðalstefnendum, krefst gagnstefnandi þess að gagnstefndu greiði sér kr. 200.000,00 vegna raka í gangi jarðhæðar. Að áliti dómenda er galli þessi ósannaður og fjárhæð órökstudd, og verður kröfunni hafnað.

Í greinargerð setja gagnstefndu fram þá kröfu að þeir fái sjálfir að annast framkvæmdir skv. 3. og 5. lið, þ.e. múrhúðun við bílgeymslu og hraunun við plötuskil botnplötu. Með tilliti til vanefnda gagnstefndu á þessum verkþáttum verður ekki fallist á þessa kröfu.

Þar sem fjárkröfur gagnstefnanda eru hinar sömu og hann gerði sem stefndi í aðalsök að undanskilinni kröfunni um kr. 200.000,00 vegna raka á gangi jarðhæðar, verður niðurstaða dómenda í gagnsökinni sú, að gagnstefndu verða dæmdir til að greiða gagnstefnanda kr. 26.843,00 (kr. 1.065.000,00 – 1.038.157,00) að viðbættum dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. febrúar 1991 til greiðsludags, svo sem gagnstefnandi krefst.

Kostnaður við dómkvaðningu og matsgerð nemur kr. 160.771,00. Dómendum þykir mál svo vaxið, að rétt sé, að aðalstefnendur (gagnstefndu) beri þann kostnað, en að öðru leyti falli málskostnaður niður. Verða því aðalstefnendur (gagnstefndu) dæmdir til að greiða aðalstefnda (gagnstefnanda) kr. 160.771,00 í málskostnað ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu, enda þykir ekki vafi leika á kröfu gagnstefnanda um þetta þrátt fyrir misritun í gagnstefnu.

Dóm þennan kváðu upp Finnur Torfi Hjörleifsson héraðsdómari, dómsformaður, og meðdómendurnir Björn Marteinsson, arkítekt og verkfræðingur, og Hörður Þórarinsson múrarameistari.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Karl Benediktsson, skal vera sýkn af kröfum aðalstefnenda, Höllu Aradóttur og Hallgríms Hallgrímssonar.

Gagnstefndu, Halla Aradóttir og Hallgrímur Hallgrímsson, greiði gagnstefnanda, Karli Benediktssyni, kr. 26.843,00 með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, frá 1. febrúar 1991 til greiðsludags.

Gagnstefndu greiði gagnstefnanda kr. 160.771,00 í málskostnað.

Skal málskostnaðarfjárhæðin bera dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, frá 15. degi eftir uppsögu dóms þessa til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 16. júní 1994.

Nr. 124/1992. **Hreinn Garðarsson**
(Gestur Jónsson hrl.)
gegn
Samtökum áhugafólks um áfengisvandamálið
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Vinnulaun. Samningar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 19. mars 1992 að fengnu áfrýjunarleyfi 27. febrúar sama ár. Krefst hann þess, að dæmt verði, að skuld hans við stefnda nemi 85.239 krónum auk vaxta samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. desember 1989 til greiðsludags, en sýknað verði af öðrum kröfum stefnda. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mál þetta varðar samning, er gerður var 30. júní 1988 milli áfrýjanda og stefnda af því tilefni, að áfrýjandi var að láta af starfi skrifstofustjóra hjá samtökunum, en hann hafði þá starfað á skrifstofu þeirra frá árinu 1982. Áttu starfslok áfrýjanda að miðast við þennan dag. Það var nýkjörinn stjórnarformaður samtakanna, Þórarinn Tyrfingsson læknir, sem annaðist samningsgerðina af hálfu stefnda, en áfrýjandi gætti sjálfur hagsmuna sinna. Samningstextinn var ritaður á skrifstofu Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, og virðast aðilar hafa sammælst um að fela honum frágang samningsins. Undirrituðu þeir samningsskjalið, eins og það var úr garði gert, þegar áfrýjandi sótti það á skrifstofu lögmannsins umræddan dag að honum fjarstöddum. Lögmaðurinn hefur lýst því fyrir dómi, að hann hafi þá ekki verið búinn að lesa skjalið yfir eftir vélritun þess. Á hinn bóginn er ekki fram komið, að áfrýjanda eða stjórnarformanninum hafi verið það ljóst.

Við munnlegan flutning í héraði og hér fyrir dómi hafa aðilar lagt málið þannig fyrir, að ágreiningur þeirra snúist einvörðungu um túlkun á 2. gr. þessa samnings, þar sem kveðið er á um færslu tiltekinna fjárhæða áfrýjanda til tekna á móti skuld á viðskiptareikningi hans hjá stefnda. Þá er ekki ágreiningur um niðurstöðutölur á fram lögðum viðskiptareikningi áfrýjanda fyrir árið 1988, sem krafa stefnda er á byggð, en samkvæmt honum nemur skuld áfrýjanda í árslok 807.338 krónum, áður en tillit er tekið til færslu samkvæmt umræddri samningsgrein. Jafnframt hefur stefndi dregið til baka ásakanir um, að áfrýjandi hafi notfært sér það við samningsgerðina, að hann væri kunnugri viðskiptastöðu sinni hjá stefnda en stjórnarformaðurinn. Heldur stefndi því ekki lengur fram, að ákvæði 31. gr. og 33. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sbr. 1. og 3. gr. laga nr. 11/1986, geti átt við í málinu. Hins vegar leggur hann áherslu á þá málsástæðu sína, að misritun hafi orðið í 2. gr. samningsins, og geti áfrýjandi ekki byggt rétt á því, sem af henni leiði, þar sem honum hafi mátt vera hún ljós. Vísar stefndi um þetta til 32. gr. laga nr. 7/1936, sbr. 2. gr. laga nr. 11/1986.

Samningi aðila er lýst í hinum áfrýjaða dómi, og er 2. gr. hans rakin þar í heild. Í síðari málslið greinarinnar er það staðfest, að áfrýjandi hafi við starfslokin átt inni ógreidd laun fyrir yfirvinnu vegna rekstrarstjórnar við sjúkrahús stefnda að Vogi, og beri að líta á tekjufærslu þá, er um ræði í fyrri málslið hennar, sem endurgjald fyrir þá vinnu. Af orðum greinarinnar og öðru efni samningsins verður ráðið, að aðilarnir hafi miðað við, að þessi tekjufærsla myndi hæfa til að jafna viðskiptareikning áfrýjanda.

Í málinu er leitt í ljós, að störf áfrýjanda við rekstrarstjórn að Vogi hófust í nóvember 1986, þegar sérstakur rekstrarstjóri sjúkrahússins, sem þangað var ráðinn á byggingartíma þess, lét af starfi, án þess að annar væri ráðinn í hans stað. Þáverandi stjórn stefnda fól áfrýjanda að gegna hluta af störfum hans fyrst um sinn jafnhliða aðalstarfi sínu. Þessi skipan hélst það, sem eftir var af starfstíma áfrýjanda, án þess að honum væru ákvörðuð laun vegna aukastarfsins. Segir áfrýjandi, að sú ákvörðun hafi frestast með samþykki hans, meðal annars vegna fjárhagsvanda, sem samtökin hafi átt við að etja. Fyrrverandi stjórnarformaður stefnda og þrír aðrir stjórnarmenn samtakanna á umræddu tímabili hafa staðfest fyrir dómi, að ráðgert hafi verið, að áfrýjandi fengi viðbótarlaun vegna hinna nýju skyldustarfa. Verður ráðið af framburði þeirra, að greiðsla, sem svaraði 25–35 yfirvinnutímum á mánuði, gæti talist hæfilegt endurgjald í þessu tilliti.

Áfrýjandi hefur lagt fram útreikning á viðbótarlaunum til sín, sem miðuð eru við greiðslu 30 yfirvinnutíma á mánuði að viðbættu orlofi fyrir hvern mánaðanna nóvember 1986 til og með september 1988, og nema þau samanlagt 958.530 krónum. Þar af eru 468.555 krónur vegna ársins 1987, en 489.975 krónur vegna hins hluta tímabilsins. Af hálfu stefnda er því ekki haldið fram, að mánaðarlaun áfrýjanda, sem af er reiknað, séu ranglega tilgreind, og hann hefur ekki leitt rök að því, að annar fjöldi yfirvinnutíma ætti fremur við.

Með 2. gr. samningsins var svo um samið, að áfrýjanda yrðu ákvörðuð viðbótarlaun aftur í tímann og þau greidd honum með færslu á viðskiptareikning hans, um leið og frá væri tekin viðeigandi fjárhæð til skila á staðgreiðsluskatti vegna launanna. Samkvæmt skilningi áfrýjanda átti viðskiptafærslan að nema 438.167 krónum og 283.932 krónum eða samtals 722.099 krónum, en skattgreiðslan 154.235 krónum. Þessi skilningur er í samræmi við bókstaf samningsins, eins og hann var undirritaður. Hann er einnig eðlilegur eftir samningsefninu, ef við það er miðað, að fyrstnefnda fjárhæðin hafi átt að vera vegna ársins 1987, þegar launatekjur voru ekki skattlagðar vegna væntanlegra reglna um staðgreiðslu, en hinar tvær, sem voru jafnháar henni samanlagt, vegna hins hluta tímabilsins. Stefndi heldur því hins vegar fram, að fyrstnefnda fjárhæðin hafi falið í sér heildarlaunin til áfrýjanda, en hinar tvær skiptingu þeirra til viðskiptafærslu og staðgreiðslu. Sé það fyrir misritun, að samningstextinn sýni þetta ekki með skýrum hætti.

Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að túlkun hans á samningnum sé ótvíræð. Túlkun áfrýjanda nýtur á hinn bóginn stuðnings í því, sem í ljós er leitt um störf hans og álit fyrri stjórnarmanna á hæfilegri greiðslu fyrir þau. Jafnframt lætur mjög nærri, að hún leiði til fullrar jöfnunar á viðskiptareikningi hans. Stefndi hefur ekki getað skýrt, hvernig fjárhæðin 438.167 krónur hafi verið fundin sem heildargreiðsla til áfrýjanda. Þetta verður ekki séð af hinum fram lagða viðskiptareikningi, sem lokið var við að færa eftir árslok 1988, og engra gagna nýtur um viðskiptastöðu aðilanna á þeim tíma, er samningurinn var gerður. Áfrýjandi annaðist ekki um bókhald stefnda, en stjórn samtakanna bar skylda til að sjá um, að færsla þess og launagreiðslur til starfsmanna væru í réttu horfi. Er eðlilegt, að stefndi beri halla af því, sem á skortir um upplýsingar samningnum til skýringar.

Ósannað er samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, að áfrýjandi hafi mátt ætla, að texti 2. gr. samningsins væri rangur. Ber að taka til greina kröfu hans um viðskiptafærslu, að fjárhæð 722.099 krónur. Endanlegur mismunur á viðskiptareikningi hans nemur þá 85.239 krónum. Áfrýjandi lýsti sig 2. nóvember 1989 reiðubúinn til að greiða stefnda þá skuld, þegar kröfu um jöfnun á reikningnum var fyrst beint gegn honum. Verður honum gert að standa skil á henni með hæstu almennum innlánsvöxtum banka og sparisjóða frá 1. desember 1989 til uppsögu dóms þessa, en síðan með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, svo sem nánar er mælt um í dómsorði.

Rétt er, að málskostnaður í héraði falli niður, en stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og á er kveðið í dómsorði. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Hreinn Garðarsson, greiði stefnda, Samtökum áhugafólks um áfengisvandamálið, 85.239 krónur með ársvöxtum sem nemur 12% frá 1. desember 1989 til 11. janúar 1990, 10% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 9% frá þeim degi til 1. febrúar sama ár, 7% frá þeim degi til 1. mars sama ár, 5% frá þeim degi til 1. apríl sama ár, 3% frá þeim degi til 1. október sama ár, 2,5% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 3% frá þeim degi til 1. janúar 1991, 3,5% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 5% frá þeim degi til 1. júní sama ár, 6% frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 7% frá þeim degi til 11. október sama ár, 4% frá þeim degi til 1. desember sama ár, 3% frá þeim degi til 1. febrúar 1992, 2,5% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 2% frá þeim degi til 21. mars sama ár, 1,25% frá þeim degi til 1. maí sama ár, 1% frá þeim degi til 1. janúar 1993, 2,2% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 1,75% frá þeim degi til 21.

sama mánaðar, 1,5% frá þeim degi til 11. febrúar sama ár, 1,25% frá þeim degi til 1. mars sama ár, 1% frá þeim degi til 11. ágúst sama ár, 1,25% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 1% frá þeim degi til 11. sama mánaðar og 0,5% frá þeim degi til uppsögudags dóms þessa, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Heimilt er að leggja áfallna vexti við höfuðstól skuldar á tólf mánaða fresti, í fyrsta skipti 1. desember 1990.

Málskostnaður í héraði fellur niður.

Stefndi greiði áfrýjanda 90.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. nóvember 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. okt. sl., höfðaði stjórn Samtaka áhugafólks um áfengisvarnir, kt. 671077-0169, Síðumúla 3–5, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 7. maí 1990, gegn Hreini Garðarssyni, kt. 040529-7214, nú til heimilis að Hólabraut 10, Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda eru, að stefndi verið dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 523.406,00 með [nánar tilgreindum vöxtum og málskostnaði].

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda gegn greiðslu á kr. 85.239,00 auk vaxta frá 24. okt. 1989 til greiðsludags og málskostnaður verði felldur niður.

Leitað var um sáttir í málinu án árangurs.

Málavextir.

Stefndi vann um árabil hjá stefnanda, fyrst við almenn skrifstofustörf, en síðar sem skrifstofu- og fjármálastjóri. Haustið 1986 tók stefndi einnig að sér störf sem rekstrarstjóri að Vogi og í janúar 1987 varð að sögn stefnda samkomulag um að stefndi tæki einnig að sér ásamt formanni stefnanda hin ýmsu verkefni framkvæmdastjóra stefnanda. Þá er stefndi hætti störfum hjá stefnanda í júní 1988 var gerður samningur um starfslok stefnda, dags. 30. júní 1988, undirritaður af stefnda og Þórarni Tyrfingssyni, formanni stefnanda. Samningur þessi hefur verið lagður fram sem dskj. 4. Samningurinn er í 7 liðum. Ágreiningur málsaðila er um túlkun 2. gr. samningsins, sem er svohljóðandi:

„S.Á.Á. færir Hreini til tekna á viðskiptareikningi hans kr. 438.167,00 og kr. 283.932,00 til greiðslu á skuld hans á viðskiptareikningi og kr. 154.235,00 til greiðslu á skatti af kr. 438.167,00. Greiðsla þessi er vegna vangreiddrar yfirvinnu fortíðarinnar vegna starfa Hreins í þágu Vogs við rekstrarstjórn.“

Í samningnum á dskj. 4 segir í 1. gr. að stefndi láti af störfum 30. júní 1988. Í 3. gr. er kveðið á um greiðslur á föstum launum til stefnda í júlí, ágúst og september 1988. Í 4. gr. samningsins er tekið fram, að stefndi fái til fullrar eignar án endurgjalds bifreiðina R-42639, Daihatsu Core, árgerð 1987. Í 6. gr. samningsins er yfirlýsing um að stefndi eigi ótekið allt lögbundið og samningsbundið orlof vegna orlofsársins 1. maí 1987 til 1. maí 1988 og óuppgert orlof fyrir tímabilið frá 1. maí 1988 til 30. september 1988. 7. gr. samningsins er svohljóðandi: „Með samkomulagi þessu hefur farið fram fullnaðaruppgjör milli aðila vegna starfsloka Hreins hjá S.Á.Á. og lýsa aðilar því yfir, að þeir eigi hvorugur frekari kröfur á hinn.“

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefnda hafi verið það ljóst eða mátt vera ljóst, að hann skuldaði stefnanda verulega fjármuni, þegar samkomulagið um starfslok hans var gert við formann S.Á.Á. hinn 30. júní 1988. Stefndi hafi sjálfur séð um greiðslur til sín sem skrifstofu- og fjármálastjóri S.Á.Á. Af viðskiptareikningi hans sé ljóst að hann hafi tekið til sín á árinu 1988 verulegar fjárhæðir umfram laun hverju sinni. Hafi honum ekki getað dulist að skuld hans skv. viðskiptareikningi hafi ekki verið kr. 283.932,00 heldur margfalt sú fjárhæð.

Stefnandi telur að rangt hafi verið að lýsa yfir við samningsgerðina að um fullnaðaruppgjör hafi verið að ræða og að hvorugur aðila ætti frekari kröfur á hinn. Í þessu efni er vísað til og byggt á l. nr. 7/1936, 31. gr., 32. gr. og 33. gr., sbr. l. nr. 11/1986.

Af hálfu stefnanda er á því byggt m.a. að víkja verði samkomulaginu um starfslok til hliðar þar sem stefndi hafi vitað eða mátt vita að skuld hans við stefnanda skv. viðskiptareikningi hafi verið miklum mun hærri en hann sjálfur gaf upp við stjórnarformanninn. Geti stefndi því ekki borið fyrrgreint samkomulag um starfslok fyrir sig þar sem það yrði talið óheiðarlegt vegna atvika sem fyrir hendi voru þegar löggerningur þessi var gerður, sbr. 33. gr. l. nr. 7/1936, sbr. 3. gr. l. nr. 11/1986.

Stefndi hafi notfært sér ókunnugleika stjórnarformannsins um skuldir sínar við stefnanda skv. viðskiptareikningi. Stjórnarformaðurinn hafi tekið orð stefnda trúanleg, hver væri staða hans á viðskiptareikningnum. Í þessu sambandi er vísað til 31. gr. l. nr. 7/1936, sbr. 1. gr. l. nr. 11/1986 og 248. gr. alm. hegningarlaga.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnanda að ágreiningsefni aðila sé einungis um túlkun á 2. gr. dskj. 4, þ.e. hvort stefndi hafi átt að fá kr. 438.167,00 eða kr. 438.167,00 + kr. 438.167,00. Í því sambandi var m.a. vakin athygli á því að stefndi hefði ekki talið meinta inneign sína fram til skatts.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að þegar hann skrifaði undir samninginn um starfslok á dskj. 4 hafi hann talið sig vera að skrifa undir það að hann fengi fyrir störf sín við rekstrarstjórn greiddar kr. 438.167,00, kr. 283.932,00 og kr. 154.235,00 eins og tekið sé skýrt fram í samningnum. Hann hafi aldrei skrifað undir að hann fengi einungis greiddar kr. 438.167,00 sem sé meira en helmingi lægra en honum bar að mati Péturs Þ. Maack, fyrrverandi formanns stefnanda. Allar forsendur fyrir undirskrift stefnda séu því brostnar ef svo verði litið á gegn eindregnum mótmælum stefnda að skýra beri 2. gr. samningsins þannig að stefnda beri einungis kr. 438.167,00, þar af kr. 283.932,00 til greiðslu á skuld skv. viðskiptareikningi og kr. 154.235,00 til greiðslu á skatti.

Stefnda beri sanngjörn þóknun fyrir störf sín hjá stefnanda við rekstrarstjórn. Fyrir liggi mat fyrrverandi formanns stjórnar stefnanda, Péturs Þ. Maack, hver sú þóknun ætti að vera. Krafa stefnda sé neðan þeirra marka. Í þessu sambandi er bent á dskj. 15, samkomulag um laun Grettis Gunnlaugssonar.

Eftir að stefnandi hafði við munnlegan málflutning hækkað dómkröfu sína um kr. 9,00 frá því, sem greinir í stefnu, taldi stefndi endanlegt uppgjör eiga að vera þannig: Frá dómkröfu stefnda, kr. 523.406,00, dragist kr. 438.167,00 sbr. dskj. nr. 4 og dskj. nr. 13. Skuld stefnda sé þá kr. 85.239,00 sem stefndi hafi boðist til þess að greiða og bjóðist enn til að greiða.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnda að stór hluti af laununum á dskj. 12 hafi verið vegna ársins 1987, sem var skattlaust, og þess vegna hafi ekki verið óeðlilegt að ekki voru nema kr. 154.235,00 til greiðslu skatta skv. lið 2 á dskj. 4. Stefndi þurfi ekki að sanna hvernig talan 438.167,00 á dskj. 4 sé til komin. Stefndi hafi ekki gert þetta skjal. Það hafi Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður gert. Sé um misritun að ræða á dskj. 4, hljóti sú misritun að vera á ábyrgð stefnanda. Það sé útilokað, að stefndi hefði allt í einu lækkað kröfu sína úr kr. 958.530,00 í kr. 438.167,00.

Niðurstaða.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu fyrir dómi Þórarinn Tyrfingsson læknir, Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður, Pétur Þorsteinn Maack áfengisfulltrúi, Tómas Agnar Tómasson iðnrekandi, Marinó Þorsteinsson viðskiptafræðingur, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson lögfræðingur, Þorsteinn Guðlaugsson, sem rekur bókhalds- og endurskoðunarskrifstofu, og stefndi.

Það virðist óumdeilt að við starfslok hafi stefndi skuldað stefnanda kr. 609.018,00 eftir að skuldin hafði verið lækkuð um kr. 283.932,00, sbr. dskj. 4, og átt inni sem ógreitt orlof kr. 85.612,00.

Við aðalmeðferð málsins var því lýst yfir af lögmönnum aðila, að ágreiningsefni aðila sé um túlkun á 2. gr. samningsins á dskj. 4.

Við fyrsta yfirlestur greinarinnar gefur það, að punkt vantar á milli S og Á í heiti stefnanda, til kynna vissa hroðvirkni við ritun skjalsins. En fram kom hjá Ragnari Aðalsteinssyni að stefnda hefði verið afhent skjalið á dskj. 4 án þess að Ragnar, sem lét vélrita skjalið, hefði lesið það yfir.

Upptalningin á fjárhæðunum kr. 438.167,00 og kr. 238.932,00 og kr. 154.235,00 til greiðslu á skatti af kr. 438.167,00 er óvenjuleg stíllega.

Það að samtala kr. 283.932,00 og kr. 154.235,00 er kr. 438.167,00, þykir styrkja fullyrðingu af hálfu stefnanda svo og það, að kr. 154.235,00 er 35,2% af kr. 438.167,00, en staðgreiðsla skatta á árinu 1988 var í Reykjavík 35,2%. Hér er og á síðustu setningu hinnar umdeildu málsgreinar að líta en hún byrjar á orðunum greiðsla þessi er, en ekki greiðslur þessar eru.

Það, sem hér hefur verið rakið, þykir styðja túlkun stefnanda svo og það, að af hálfu stefnanda var því haldið fram að fjárhæðin kr. 283.932,00 væri byggð á viðskiptamannareikningi á dskj. 3 og hefði verið talin heildarskuld stefnanda við starfslok.

Hér fyrir dómi kvaðst stefndi ekkert vita, hvaðan talan 283.932,00 væri komin, og ekki heldur talan kr. 438.167,00. Við gerð samningsins hafi verið talað um skuld stefnda en ekki hafi verið á hreinu hver skuldin var. Stefndi kvaðst hafa talið sig skulda á viðskiptamannareikningi en mundi ekki hve mikið það var, 3–4 hundruð þúsund. Stefndi kvaðst hafa talið sig eiga að fá samtölu talnanna þriggja á 2. gr. dskj. 4 en það taldi stefndi hafa verið nokkurn veginn það, sem stefnandi skuldaði, og vísaði um það til dskj. 12. Á dskj. 12 er launaútreikningur stefnda vegna rekstrarstjórnar. Þar reiknar stefndi sér 30 tíma yfirvinnu á mánuði frá því í nóvember 1986 til sept. 1988 að báðum mánuðum meðtöldum, samtals kr. 847.957,00. Á dómskjali þessu er jafnframt reiknað 13,08% orlof. Samtals telst stefnda þannig til að hann hafi átt inni hjá stefnanda fyrir yfirvinnu og orlof kr. 958.530,00, en samtala fjárhæðanna þriggja í 2. gr. dskj. 4 er kr. 876.334,00. Ósannað er að stefndi hafi nokkurn tíma á starfstíma sínum sett fram kröfur sbr. dskj. 12, en fram er komið að ekki var sérstaklega samið um yfirvinnugreiðslur til stefnda þá er starfssvið hans hjá stefnanda breyttist. En jafnvel þótt dskj. 12 hafi legið fyrir við gerð samningsins á dskj. 4, þá skýrir það ekki fjárhæðir í 2. gr. dskj. 4.

Ef túlkun stefnda er lögð til grundvallar og litið til þess að við gerð samningsins á dskj. 4 virðist stefndi hafa skuldað kr. 892.950,00, þ.e. kr. 283.932 + kr. 609.018, þá er orðalag 2. gr. samningsins um að S.Á.Á. færi Hreini til tekna á viðskiptareikningi hans kr. 438.167,00 og kr. 283.932,00 til greiðslu á skuld hans á viðskiptareikningi óeðlilegt.

Með vísan til alls þess, sem hér hefur verið rakið, þykir bera að leggja til grundvallar að í 2. gr. samningsins á dskj. 4 sé um misritun að ræða þar sem segir að stefnandi færi stefnda til tekna á viðskiptareikningi hans kr. 438.167,00 og kr. 283.932,00 til greiðslu á skuld hans á viðskiptareikningi og kr. 154.235,00 til greiðslu á skatti af kr. 438.167,00. Þarna hafi í stað orðsins og átt að vera komma, þ.e. S.Á.Á. færir Hreini til tekna á viðskiptareikningi hans kr. 438.167,00, kr. 283.932,00 til greiðslu á skuld hans á viðskiptareikningi hans og kr. 154.235,00 til greiðslu á skatti af kr. 438.167,00. Telja verður að stefnda hafi mátt vera ljóst að þarna væri um misritun að ræða og getur stefndi því ekki byggt rétt á misrituninni, sbr. 1. mgr. 32. gr. l. nr. 7/1936, sbr. l. nr. 11/1986.

Niðurstaða málsins verður því sú að kröfur stefnanda verða teknar til greina, þó þannig, að vextir ákveðast almennir innlánsvextir frá 1. janúar 1989 til 24. nóv. 1989 en 38,4% dráttarvextir frá þeim degi til 1. des. 1989, en 40,8% dráttarvextir frá þeim degi til 1. febrúar 1990, en 37,2% dráttarvextir frá þeim degi til 1. mars 1990, en 30% dráttarvextir frá þeim degi til 1. apríl 1990, en 26% dráttarvextir frá þeim degi til þingfestingardags 17. maí 1990 og dráttarvextir skv. III. kafla l. nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna mikilla anna dómarans sem var Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, Hreinn Garðarsson, greiði stefnanda, stjórn Samtaka áhugafólks um áfengisvarnir (S.Á.Á.), kr. 523.406,00 með almennum innlánsvöxtum frá 1. janúar 1989 til 24. nóv. 1989 en 38,4% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. des. 1989, en 40,8% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1990, en 37,2% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1990, en 30% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1990, en 26% dráttarvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags 17. maí 1990 og dráttarvöxtum skv. III. kafla l. nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 16. júní 1994.

Nr. 262/1994. **Einar Þór Kolbeinsson**
(Hróbjartur Jónatansson hrl.)
gegn
Olíuverslun Íslands hf.
(Ásgeir Þór Árnason hdl.)

Kærumál. Dómkvaðning matsmanna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur með heimild í c-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 18. maí 1994, sem barst réttinum 3. þessa mánaðar. Hann krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að dómkveðja matsmenn í samræmi við beiðni hans, sem lögð var fram í héraðsdómi Norðurlands eystra 6. maí.

Varnaraðili krefst staðfestingar á hinum kærða úrskurði og kærumálskostnaðar.

Hinn kærði úrskurður varðar beiðni sóknaraðila um dómkvaðningu matsmanna í máli varnaraðila gegn sóknaraðila o.fl., sem rekið er fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra. Mál þetta var upphaflega þingfest 1. nóvember 1989 á bæjarþingi Húsavíkur. Var greinargerð af hálfu varnaraðila lögð fram 29. sama mánaðar, en 7. febrúar 1990 af hálfu sóknaraðila. Í henni var sett fram krafa um frávísun málsins, og var munnlegur málflutningur um kröfuna ákveðinn 15. mars sama ár. Við fyrirtöku málsins þann dag sóttu aðilar ekki þing, en dómari þess á bæjarþinginu lagði fram símskeyti um það frá lögmanni sóknaraðila, að fallið væri frá kröfunni. Málið var ekki tekið fyrir aftur á bæjarþinginu, og var ekki þingað í því á nýjan leik fyrr en 6. maí 1994, þegar það var tekið fyrir í Héraðsdómi Norðurlands eystra, en þangað fluttist málið 1. júlí 1992 í samræmi við 1. mgr. 164. gr. laga nr. 91/1991. Í því þinghaldi staðfesti lögmaður sóknaraðila, að fallið væri frá fyrrgreindri frávísunarkröfu. Jafnframt lagði hann fram matsbeiðni þá, sem hér um ræðir, ásamt nokkrum skriflegum sönnunargögnum og skrá yfir vitni og aðila, er hann vildi kveðja til skýrslugjafar.

Sóknaraðili hafði með höndum umboð til sölu á verslunarvörum varnaraðila og reksturs olíustöðvar varnaraðila á Húsavík, og varðar dómsmálið þá starfsemi hans. Með hinni umbeðnu matsgerð hyggst sóknaraðili leiða í ljós upplýsingar um kostnað af þessari starfsemi og framlag varnaraðila til hennar. Í fyrrnefndri greinargerð sinni lét hann þess ekki sérstaklega getið, að afla þyrfti gagna með þessum hætti. Á hinn bóginn er á það að líta, að öflun sýnilegra sönnunargagna hefur ekki verið lýst lokið, og var þinghaldið 6. maí sl. hið fyrsta, þar sem fjallað var um gagnaöflun í málinu. Jafnframt verður ekki séð, að unnt sé að kenna sóknaraðila um þá miklu töf, sem orðið hefur á rekstri málsins.

Að þessu athuguðu eru ekki efni til þess að hafna beiðni sóknaraðila um dómkvaðningu matsmanna, og verður lagt fyrir héraðsdómara að taka hana til viðeigandi meðferðar.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og er lagt fyrir héraðsdómara að taka til meðferðar beiðni sóknaraðila, Einars Þórs Kolbeinssonar, um dómkvaðningu matsmanna.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 6. maí 1994.

Í þinghaldi nú í dag kom fram sú krafa Hróbjarts Jónatanssonar hrl., lögmanns stefnda, Einars Þórs Kolbeinssonar, að dómkvaddir verði matsmenn til þess að meta, hvort framlag stefnanda, Olís hf., skv. samningi aðila 01.03. 1987, hafi verið ósanngjarnt og ekki fullnægjandi, og ef svo væri, hvert hefði verið eðlilegt og sanngjarnt framlag. Er það, sem meta skal nánar, tíundað í 13 liðum.

Lögmaður stefnanda, Ásgeir Þór Árnason hdl., mótmælir því, að matsmenn verði dómkvaddir, þar sem stefndi hafi haft nægjanlegan umþóttunartíma til þess að beiðast mats þessa og sé dómkvaðning matsmanna á þessu stigi andstæð ákv. 2. mgr. 102. gr. laga nr. 91/1991, sbr. Hrd. 1947, 20 og Hrd. 1946, 312, svo og hafi stefndi ekki haft neinn áskilnað um þetta í greinargerð sinni.

Þessu mótmælir lögmaður stefnda og segir dómþing þetta í raun það fyrsta, sem snúist um efnisatriði málsins, og hafi stefndi vænst þess, að mál þetta yrði tekið mun fyrr fyrir til efnismeðferðar, þar sem beiðni þessi hefði þá komið fram, en stefndi hafi engu ráðið um gang málsins.

Þessu mótmælir lögmaður stefnanda og bendir á, að málið hafi áður verið tekið fyrir efnislega, auk heldur sé það ekkert skilyrði til þess, að stefndi hefði komið beiðni þessari að og hefði honum verið í lófa lagið að koma henni að hvenær sem var.

Álit dómsins:

Með vísan til þess, sem hér að framan er rakið, þykir mega fallast á þær málsástæður lögmanns stefnanda, sem hér að framan eru raktar, og er kröfu stefnda um dómkvaðningu matsmanna hafnað.

Úrskurð þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu stefnda, Einars Þórs Kolbeinssonar, um dómkvaðningu matsmanna í máli þessu.

Mánudaginn 20. júní 1994.

Nr. 270/1994. **Björn S. Stefánsson**
(sjálfur)
gegn
utanríkisráðherra
(Gunnlaugur Claessen hrl.)

Kærumál. Lögvarðir hagsmunir. Sakarefni. Stjórnarskrá. Evrópska efnahagssvæðið. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 2. júní 1994, sem barst réttinum 8. sama mánaðar. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hann krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Fyrir Hæstarétti hefur varnaraðili fallist á þá niðurstöðu héraðsdómara, að nægilegt sé að stefna utanríkisráðherra í málinu af hálfu íslenska ríkisins.

Samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 verða dómstólar ekki krafðir álits um lögfræðileg efni nema að því leyti, sem nauðsynlegt er til úrlausnar um ákveðna kröfu í dómsmáli. Krafa sóknaraðila er ekki lögvarin í skilningi 2. mgr. þessa ákvæðis og felur því í raun í sér beiðni um álit dómstóla án tengsla við úrlausn ákveðins sakarefnis. Með þessari athugasemd og skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar að öðru leyti ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 31. maí 1994.

I.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar um frávísunarkröfu að loknum munnlegum flutningi 20. þ.m., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 3. desember 1993.

Stefnandi er Björn S. Stefánsson, kt. 190637-7869, Kleppsvegi 40, Reykjavík.

Stefndi er íslenska ríkið og sem fyrirsvarsmönnum er stefnt þeim Jóni Baldvini Hannibalssyni utanríkisráðherra, kt. 210239-3249, Vesturgötu 38 í Reykjavík, Vigdísi Finnbogadóttur, forseta Íslands, kt. 150430-2329, með lögheimili að Bessastöðum á Álftanesi, og Salóme Þorkelsdóttur, forseta Alþingis, kt. 030727-3209, Reykjahlíð í Mosfellssveit.

Í málinu hefur stefnandi gert svofelldar dómkröfur:

Krafist er viðurkenningar dómsins á því, að í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið felist framsal á stjórnarskrárbundnu valdi og að slíkt framsal verði aðeins gert með því móti, að stefnanda gefist kostur á sem kjósanda til Alþingis að koma að málinu. Enn fremur er þess krafist, að lög nr. 66/1993 verði dæmd ógild.

Þá gerir stefnandi kröfu um greiðslu hæfilegs málskostnaðar að mati dómsins úr ríkissjóði.

Dómkröfur stefnda eru þær í þessum þætti málsins, að málinu verði vísað frá dómi og stefnda verði dæmdur hæfilegur málskostnaður að mati réttarins.

Dómkröfur stefnanda eru þær í þessum þætti málsins að frávísunarkröfunni verði hafnað.

– – –

III.

Niðurstaða.

Stefnandi hefur stefnt forseta Íslands, forseta Alþingis og utanríkisráðherra sem forsvarsmönnum íslenska ríkisins. Nægjanlegt var að stefna utanríkisráðherra til fyrirsvars, sbr. 5. mgr. 17. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, 13. gr. stjórnarskrárinnar, lög nr. 73/1969 um Stjórnarráð Íslands, og auglýsingu nr. 96/1969 um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands með síðari breytingum.

Aðaldómkrafa stefnanda er orðuð sem viðurkenningarkrafa. Krafan byggist á því, að í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sem veitt var lagagildi með 2. gr. laga nr. 2 frá 13. janúar 1993, samanber lög nr. 66 frá 6. maí 1993 um breytingu á þeim lögum, felist slíkt framsal á stjórnarskrárbundnu valdi að ekki hafi mátt lögfesta hann nema með þeim hætti sem 79. gr. stjórnarskrárinnar mælir fyrir um varðandi breytingar á stjórnarskránni. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlaðist gildi hvað Ísland varðar 1. janúar 1994.

Einn af hornsteinum íslenskrar stjórnskipunar er grundvallarreglan um þrískiptingu ríkisvalds en hún kemur skýrast fram í 2. gr. stjórnarskrárinnar. Þrískiptingu ríkisvalds er ætlað að tryggja dreifingu valdsins og að hver valdaþátturinn takmarki völd hinna. Þannig hefur dómendum samkvæmt 2. gr. stjórnarskrárinnar verið fengið dómsvaldið, og samkvæmt 60. gr. stjórnarskrárinnar skera þeir úr ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Einnig skera dómstólar úr um hvort lög brjóti í bága við stjórnarskrá.

Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála er það meginregla, að dómstólar hafi vald til að dæma um hvert það sakarefni sem lög og landsréttur nær til. Undantekningar eru þó frá þessari reglu og eigi sakarefni ekki undir dómstóla skal málinu vísað frá dómi.

Í máli þessu er ekki að finna hefðbundið sakarefni. Stefnandi hefur lýst því yfir að hann byggi ekki á því að efni EES-samningsins brjóti gegn hagsmunum hans eða hafi áhrif á stöðu hans, heldur sé ágreiningsefnið einungis það hvernig samningnum var komið á. Dómkröfur stefnanda byggjast þó í raun á því, að aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið brjóti í bága við stjórnarskrána, því að ella væri ekki stjórnskipuleg nauðsyn á að breyta stjórnarskránni eða bæta við hana í tengslum við lögfestingu samningsins. Sem fyrr segir er það í verkahring dómstóla að dæma um hvort lög standist stjórnarskrá. Slík álitaefni verða þó ekki borin undir dómstóla nema í tengslum við tiltekna, raunhæfa hagsmuni eða til viðurkenningar á tilvist eða efni tiltekinna réttinda eða réttarsambands málsaðila. Þetta skilyrði um lögvarða hagsmuni er orðað í 2. mgr. 25. gr. einkamálalaga en liggur einnig að baki 1. mgr. 25. gr. s.l. og tengist skilyrði 1. mgr. 24. gr. um að lög og landsréttur verði að ná til kröfu.

Stefnandi getur vissulega haft hagsmuni af því að fá skorið úr um hvort lögfesting EES-samningsins var í samræmi við fyrirmæli stjórnarskrár og hefur stefnandi helst nefnt mannréttindi í því sambandi og réttinn til að fá úr því skorið hvort kosningaréttur hans hafi verið virtur. Stefnandi hefur haldið því fram að skilyrðið um lögvarða hagsmuni væri uppfyllt, þar sem hann sé sem kjósandi til Alþingis aðili að breytingum á stjórnarskránni og brotið hafi verið gegn þeim réttindum hans með því að lögin voru samþykkt án þess að þeirra aðferða væri gætt sem 79. gr. stjórnarskrár gerir ráð fyrir um breytingar á stjórnarskránni.

Ekki verður talið að sú afstaða stefnanda, að hann er Íslendingur með kosningarétt til Alþingis, heimili honum að bera undir dómstóla spurningar um stjórnskipunarlegt gildi lagasetningar nema í tengslum við ákveðna, lögvarða hagsmuni hans sem lögin ná til. Dómkröfur stefnanda eru ekki settar fram í tengslum við nein tiltekin áþreifanleg réttindi hans eða skyldur. Samkvæmt því, sem að framan segir, hefur stefnandi ekki sýnt fram á að hann eigi lögvarða hagsmuni af því að fá skorið úr stefnukröfum sínum fyrir dómstólum. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki hjá því komist að vísa öllum kröfum stefnanda frá dómi.

Rétt þykir að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Sigurður T. Magnússon, settur héraðsdómari, kveður upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 21. júní 1994.

Nr. 278/1994. **Kári Marísson**
(Valgarð Briem hrl.)
gegn
Kaupfélagi Eyfirðinga og
Lögbergi hf.
(Benedikt Ólafsson hdl.)

Kærumál. Aðfararheimild. Víxlar. Lögvarðir hagsmunir. Frávísun felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur með heimild í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 31. maí 1994, sem barst réttinum 13. júní sl. Hann krefst þess, að frávísun héraðsdómara á kröfu hans um ógildingu tveggja tilgreindra víxla verði hrundið og lagt verði fyrir dómarann að leggja efnisdóm á þann þátt málsins. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar hafa ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Kröfugerð aðila og málsatvikum er lýst í hinum kærða úrskurði. Eins og þar greinir, fór fram árangurslaus aðför hjá sóknaraðila 4. ágúst 1993 til tryggingar þeim tveimur víxlum, sem hann krefst ógildingar á. Sóknaraðili var mættur við gerðina og hreyfði ekki andmælum gegn aðfararheimildunum. Hann krafðist ekki úrlausnar héraðsdómara um aðfarargerðina samkvæmt heimild í 1. mgr. 92. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, og er frestur til þess runninn út, sbr. og 2. mgr. þessa ákvæðis.

Aðfarargerð er stjórnsýsluathöfn og hefur ekki réttarverkanir, er takmarki svigrúm dómstóla til að meta gildi aðfararheimilda. Dómstóll hefur ekki fjallað um þá víxla, sem lágu til grundvallar beiðni um aðför hjá sóknaraðila. Hann hefur eigi afsalað sér rétti til að bera gildi þeirra undir dómstóla í almennu einkamáli, þótt hann hafi kosið að láta hjá líða að neyta heimildar aðfararlaga til þess að fá þannig fram niðurstöðu í dómsmáli um aðfararhæfi víxlanna.

Þótt sú ákvörðun kunni að hafa ákveðnar lögfylgjur, hefur sóknaraðili engu að síður lögvarða hagsmuni af því, að dómur kveði á um gildi þeirra víxla, sem um er að ræða. Ber því að fella frávísun héraðsdómara úr gildi og leggja fyrir hann að taka þennan þátt málsins til efnismeðferðar ásamt öðrum hlutum þess.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Felld er úr gildi frávísun kröfu sóknaraðila um ógildingu tveggja víxla, og er lagt fyrir héraðsdómara að taka kröfuna til efnismeðferðar.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 19. maí 1994.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 6. maí sl. að loknum munnlegum málflutningi um frávísunarkröfu stefndu, hefur Kári Marísson, kt. 201151-3339, Sólheimum, Akrahreppi, höfðað hér fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra með stefnu, birtri 9. nóvember 1993, á hendur Kaupfélagi Eyfirðinga, kt. 680169-2769, Hafnarstræti 91–95, Akureyri, og Lögbergi hf., kt. 600991-1409, Glerárgötu 36, Akureyri.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefnda Kaupfélagi Eyfirðinga verði gert að sæta niðurfærslu kröfu sinnar á hendur stefnanda, sem nemi kr. 5.361.092,05 1. júní 1993 og er til komin vegna veðskuldabréfs, út gefins af stefnanda til stefnda 11.01. 1991 og tryggðs með 10. veðrétti í fasteigninni Sólheimum í Akrahreppi, upphaflega að fjárhæð kr. 3.921.000,00 niður í 0 krónu.

Þá gerir stefnandi þær kröfur á hendur stefnda Kaupfélagi Eyfirðinga, að yfirlýsing stefnanda, dagsett 1. júní 1993, til handa stefnda verði ógilt með dómi.

Stefnandi gerir þær kröfur gagnvart stefnda, Lögbergi hf., að ógiltur verði með dómi víxill, út gefinn af stefnda 31.05. 1993, samþykktur af stefnanda með gjalddaga 02.06. 1993, að fjárhæð kr. 4.000.000,00.

Stefnandi gerir enn fremur þær kröfur gagnvart stefnda Lögbergi hf., að ógilt verði með dómi veðtryggingarbréf, út gefið af stefnanda til handa stefnda, dags. þann 1. júní 1993, til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu víxils, að fjárhæð kr. 4.000.000,00, auk innheimtukostnaðar og dráttarvaxta, út gefins af stefnda 31.05. 1993, samþykkts af stefnanda, til greiðslu þann 02.06. 1993.

Stefnandi gerir enn fremur þær kröfur gagnvart stefnda Lögbergi hf., að ógiltur verði með dómi víxill, út gefinn af stefnanda 31.05. 1993, samþykktur af stefnanda, með gjalddaga 02.06. 1993, að fjárhæð kr. 1.500.000,00.

– – –

Stefndu krefjast þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar að mati réttarins.

Stefnandi krefst þess að frávísunarkröfu stefndu verði hafnað og að stefndu verði gert að greiða stefnanda málskostnað ásamt vöxtum.

– – –

Kröfu sína um frávísun byggja stefndu á því að aðför hafi farið fram hjá stefnanda 04.08. 1993 til tryggingar þeim víxlum er hér um ræði. Stefnandi hafi ekki borið aðfarargerðina undir héraðsdómara innan 8 vikna frá aðfarargerð, svo sem segi í 92. gr. aðfararlaga nr. 90/1989. Stefndu telji, að meðferð máls þessa hafi borið að reka eftir reglum um meðferð ágreiningsmála vegna fullnustugerða og beri því að vísa því frá dómi, sbr. 24. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, einkum 2. mgr. Þá telji stefndu, að þar sem aðförin og eða aðfararheimildin hafi ekki verið borin undir dómstóla samkvæmt 92. gr. aðfararlaga, sé um að ræða dóm eða dómsígildi, þar sem aðförin sé, og sé aðfarargerðin því bindandi úrslit um sakarefni, er verði ekki aftur borin undir hlutlausan dómstól, og beri því að vísa málinu frá á grundvelli 1. og 2. mgr. 116. gr. eml. nr. 91/1991.

Stefnandi mótmælir því, að 92. gr. aðfararlaga eigi hér við, þar sem málið sé ekki höfðað til ógildingar á framangreindri aðferð, heldur sé það að grundvelli til byggt á 57. gr. nauðungarsölulaganna. Hljóti stefnandi því að eiga rétt á að fá efnisdóm um kröfur sínar í máli þessu.

Svo sem að framan er rakið, fór fram aðför hjá stefnanda 4. ágúst 1993 til tryggingar þeim víxlum, er stefnandi m. a. krefst ógildingar á, án þess að stefnandi hreyfði andmælum við framgang gerðarinnar. Eftir lok aðfarargerðarinnar bar stefnanda að fara að samkvæmt XV. kafla aðfararlaga nr. 90/1989, ef hann vildi hafa uppi andmæli gegn gildi aðfararkröfunnar. Í þessu máli verður því ekki dæmt um kröfu stefnanda um ógildingu framangreindra víxla og ber að vísa þeim kröfum sjálfkrafa frá dómi, sbr. 2. mgr. 24. gr. laga nr. 91/1991.

Framangreind ákvæði aðfararlaga eiga ekki við um aðrar kröfur stefnanda í máli þessu. Kröfu sína um frávísun þeirra hafa stefndu ekki rökstutt með öðrum hætti og eigi standa lög til að þeim verði sjálfkrafa vísað frá dómi. Verður kröfu stefndu um frávísun þeirra því hafnað.

Ekki eru efni til á þessu stigi að dæma um málskostnaðarkröfur aðila.

Úrskurð þennan kvað upp Freyr Ófeigsson dómstjóri.

Ályktarorð:

Kröfu stefnanda um ógildingu framangreindra víxla er vísað sjálfkrafa frá dómi.

Kröfu stefnda um frávísun annarra krafna stefnanda í málinu er hafnað.

Málskostnaður dæmist ekki.

Miðvikudaginn 22. júní 1994.

Nr. 215/1994. **V.J.B.G. hf.**
(Sigurmar K. Albertsson hrl.)
gegn
þrotabúi Köfunarstöðvarinnar hf.
(Garðar Garðarsson hrl.)

Málskostnaðartrygging.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Haraldur Henrysson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Við þingfestingu máls þessa í Hæstarétti 1. júní 1994 var þess krafist af hálfu stefnda, að áfrýjanda yrði gert skylt að leggja fram málskostnaðartryggingu. Að öðrum kosti yrði málinu vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi krefst þess, að kröfu stefnda verði synjað og málinu frestað til október 1994.

Rök stefnda eru þau, að þann 21. febrúar 1994 hafi verið gert árangurslaust fjárnám hjá áfrýjanda, eins og meðfylgjandi endurrit úr gerðabók sýslumannsins í Hafnarfirði beri með sér. Byggir stefndi kröfu sína á b-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Af hálfu áfrýjanda er kröfu stefnda mótmælt og því haldið fram, að eignir áfrýjanda standi undir greiðslu málskostnaðar. Krafa sú, sem var grundvöllur árangurslausrar fjárnámsgerðar hjá áfrýjanda 21. febrúar 1994, hafi verið áætluð opinber gjöld, sem séu til endurákvörðunar hjá skattyfirvöldum. Við fjárnámsgerðina hafi gleymst, að áfrýjandi átti eign, sem rétt hefði verið að benda á, en það séu hlutabréf í Hafverki hf. Þá varði málið verulega hagsmuni áfrýjanda, en höfuðstóll kröfunnar sé 4.450.000 krónur. Sé áfrýjanda því nauðsynlegt að fá skorið úr málinu fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur gegn mótmælum áfrýjanda ekki leitt nægar líkur að því, að hann sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Verður því framlagning málskostnaðartryggingar ekki sett sem skilyrði þingfestingar, sbr. b-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973. Ber því að hafna kröfu stefnda.

Ályktarorð:

Kröfu stefnda um málskostnaðartryggingu er hafnað. Málinu er frestað til október 1994.

Miðvikudaginn 22. júní 1994.

Nr. 227/1994. **Guðbjörg Friðriksdóttir Whalen**
(Atli Gíslason hrl.)
gegn
Friðrik A. Jónssyni hf.
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

Málskostnaðartrygging.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Haraldur Henrysson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Við þingfestingu máls þessa í Hæstarétti 1. júní 1994 var þess krafist af hálfu stefnda, að áfrýjanda yrði gert skylt að leggja fram málskostnaðartryggingu, að fjárhæð allt að 1.000.000 króna, í formi bankaábyrgðar.

Áfrýjandi mótmælir kröfu stefnda um málskostnaðartryggingu.

Rök stefnda eru þau að áfrýjandi sé búsett í New York í Bandaríkjunum og að menn hér á landi séu ekki undanþegnir því að setja slíka tryggingu í heimalandi áfrýjanda. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að verulegar líkur séu á, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur eða ómerktur og að áfrýjandi verði dæmd til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Um lagarök vísar stefndi til 130., 131. og 133. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Af hálfu áfrýjanda er mótmælt sjónarmiðum stefnda um líklega niðurstöðu málsins í Hæstarétti og því haldið fram, að verulegar líkur séu á, að hinum áfrýjaða dómi verði hnekkt. Við mat á nauðsyn og fjárhæð málskostnaðartryggingar verði að taka tillit til þess, að áfrýjandi eigi eignir hér á landi, skuldabréf og kröfu á hendur þrotabúi, sem ekki sé enn ljóst, hvort greiðist. Einnig vísar áfrýjandi til þess, að málskostnaður hafi verið felldur niður í héraði, og geti krafa stefnda um tryggingu einungis náð til kostnaðar, sem stefndi kynni að fá dæmdan vegna reksturs málsins fyrir Hæstarétti. Við mat á fjárhæð tryggingar beri ekki að taka tillit til þess, að stefndi hyggst hafa uppi kröfu um málskostnað í héraði. Verði fallist á kröfu stefnda, er þess krafist, að áfrýjanda verði heimilað að leggja trygginguna fram, hvort heldur í formi peninga eða ábyrgðaryfirlýsingar frá banka.

Áfrýjandi er búsett í Bandaríkjunum. Í málinu krefur hún stefnda um greiðslu á fjárhæð, 2.019.338 krónum, auk vaxta og málskostnaðar. Samkvæmt a-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 ber að taka til greina kröfu stefnda um, að áfrýjanda verði gert skylt að leggja fram málskostnaðartryggingu, enda er ekki vitað til, að menn, búsettir á Íslandi, séu undanþegnir því að setja slíka tryggingu í heimalandi áfrýjanda. Fjárhæð tryggingarinnar þykir hæfilega ákveðin 500.000 krónur. Skal hún vera í formi peninga eða bankaábyrgðar og hæstaréttarritara afhent skilríki fyrir tryggingunni innan tveggja mánaða frá uppkvaðningu úrskurðar þessa.

Ályktarorð:

Áfrýjanda, Guðbjörgu Friðriksdóttur Whalen, er skylt að setja tryggingu, að fjárhæð 500.000 krónur, fyrir greiðslu málskostnaðar í hæstaréttarmálinu nr. 227/1994. Ber henni að leggja trygginguna fram í formi peninga eða bankaábyrgðar innan tveggja mánaða frá uppkvaðningu úrskurðar þessa.

Miðvikudaginn 22. júní 1994.

Nr. 189/1994. **Robert William Becker**
(Ásgeir Thoroddsen hrl.)
gegn
Guðrúnu Arndísi Tryggvadóttur
(Hjalti Steinþórsson hrl.)

Málskostnaðartrygging.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Haraldur Henrysson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. apríl 1994. Við þingfestingu málsins 1. júní 1994 var þess krafist af hálfu stefndu, að áfrýjanda yrði gert skylt að leggja fram málskostnaðartryggingu. Að öðrum kosti yrði málinu vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi krefst þess, að kröfu stefndu verði hafnað og málinu frestað til október 1994.

Rök stefndu eru þau, að áfrýjandi sé búsettur í Bandaríkjunum og að menn, búsettir hér á landi, séu ekki undanþegnir því að setja málskostnaðartryggingu í heimalandi áfrýjanda. Kröfur sínar byggir stefnda á a-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Af hálfu áfrýjanda er kröfu stefndu mótmælt og því haldið fram, að búseta áfrýjanda erlendis breyti engu um getu hans til greiðslu málskostnaðar, að sækja megi málskostnaðinn til áfrýjanda í heimalandi hans og að stefndu hafi ekki þótt ástæða til að krefjast málskostnaðartryggingar, þegar málið var til meðferðar fyrir héraðsdómi.

Áfrýjandi er búsettur Bandaríkjunum. Í málinu er ágreiningur um hjónaskilnað, forsjá barns og önnur skilnaðarkjör. Samkvæmt a-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 ber að taka til greina kröfu stefndu um, að áfrýjanda verði gert skylt að leggja fram málskostnaðartryggingu, enda er ekki vitað til, að menn, búsettir á Íslandi, séu undanþegnir því að setja slíka tryggingu í heimalandi áfrýjanda. Fjárhæð tryggingarinnar þykir hæfilega ákveðin 200.000 krónur.

Skal hún vera í formi peninga eða bankaábyrgðar og hæstaréttarritara afhent skilríki fyrir tryggingunni innan tveggja mánaða frá uppkvaðningu úrskurðar þessa.

Ályktarorð:

Áfrýjanda, Robert William Becker, er skylt að setja tryggingu, að fjárhæð 200.000 krónur, fyrir greiðslu málskostnaðar í hæstaréttarmálinu nr. 189/1994. Ber honum að leggja tryggingguna fram í formi peninga eða bankaábyrgðar innan tveggja mánaða frá uppkvaðningu úrskurðar þessa.

Fimmtudaginn 23. júní 1994.

Nr. 115/1994. **Ákæruvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Guðna Geir Helgasyni

(Sigurður Georgsson hrl.)

Viðurlagaákvörðun. Þjófnaður. Skilorðsrof.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu eingöngu um lagaatriði og viðurlög, en af hálfu ákæruvalds var því skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 18. febrúar 1994. Krefst ákæruvaldið staðfestingar á refsiákvörðun héraðsdómara.

Ákærði var dæmdur 5. febrúar 1991 í 5 mánaða fangelsi, þar af 3 mánuði skilorðsbundið í 3 ár, fyrir fjársvik og skjalafals. Með dómi 4. apríl sama ár var hann dæmdur fyrir skjalafals í 4 mánaða fangelsi, einnig skilorðsbundið í 3 ár. Voru brot þau, sem fjallað er um í dóminum 4. apríl, framin fyrir uppsögu fyrra dómsins, og hefði því átt að dæma ákærða hegningarauka samkvæmt 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 fyrir þau brot. Endurrit síðara dómsins ber með sér, að dómaranum var ókunnugt um fyrra dóminn, og var hann ekki tekinn upp. Var þessi háttur á málarekstri gegn ákærða andstæður hagsmunum hans.

Við þingfestingu 13. janúar 1994 á máli samkvæmt ákæru 4. sama mánaðar telst ákærði hafa rofið skilorð beggja framangreindra dóma. Breytir hér engu, þótt ákærði hafi fyrst komið fyrir dóm í máli þessu 11. næsta mánaðar, enda voru gerðar lögboðnar ráðstafanir til að fá ákærða fyrir dóminn og málinu fram haldið með eðlilegum hætti. Ber nú samkvæmt 77. gr. og 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955 og 2. gr. laga nr. 20/1981, að taka upp skilorðsdóminn frá 4. apríl 1991 og hinn skilorðsbundna hluta dómsins frá 5. febrúar sama ár og dæma um brot ákærða í einu lagi. Með hliðsjón af framansögðu og kröfugerð ákæruvalds verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Guðni Geir Helgason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 11. febrúar 1994.

Ár 1994, föstudaginn 11. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-4/1994: Ákæruvaldið gegn Guðna Geir Helgasyni, en málið var dómtekið samdægurs á grundvelli 125. gr. laga nr. 19/1991.

Málið er höfðað á hendur Guðna Geir Helgasyni, fæddum 12. október 1951, með tveimur ákæruskjölum. Fyrra ákæruskjalið er dagsett 4. janúar og þar er ákært „fyrir þjófnað með því að hafa sunnudaginn 3. október 1993 stolið farsíma úr bifreiðinni BU-483 á bifreiðastæði við Hverfisgötu í Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar".

Síðara ákæruskjalið er dagsett 20. janúar 1994, og þar er ákært „fyrir þjófnað með því að hafa fimmtudaginn 9. desember 1993 stolið hangikjöti og sælgæti, samtals að verðmæti kr. 11.918, í versluninni Nóatúni við Hlemmtorg í Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar".

Ákærði heldur ekki uppi vörnum.

Ákærði kom fyrir dóminn í dag og viðurkenndi þá að hafa framið háttsemi þá, sem ákært er út af.

Ákærði hafði áður borið efnislega á sama veg og viðurkennt fyrir lögreglu að hafa framið þessa háttsemi.

Dómurinn telur samkvæmt þessu sannað með skýlausri játningu ákærða, sem fær stuðning af öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi framið þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í báðum ákæruskjölum, og eru brot ákærða þar rétt heimfærð til refsiákvæða.

Ákærði hefur frá árinu 1976 hlotið 6 refsidóma fyrir umferðar- og áfengislagabrot og fyrir brot gegn 2. mgr. 164. gr., sbr. 167. gr. almennra hegningarlaga, og fyrir skjalafals og fjársvik. Þá hefur ákærði frá árinu 1976 gengist undir 12 dómsáttir fyrir umferðar- og áfengislagabrot, brot gegn 217. gr. almennra hegningarlaga og fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni.

Hinn 5. febrúar 1991 hlaut ákærði 5 mánaða fangelsi, þar af 3 mánuði skilorðsbundið í 3 ár, fyrir fjársvik og skjalafals. Ákærði hlaut hinn 4. apríl 1991 4 mánaða fangelsi skilorðsbundið í 3 ár fyrir skjalafals.

Réttarrannsókn út af brotum þeim, sem nú er ákært út af, hófst ekki fyrr en að loknum skilorðstíma dómsins frá 5. febrúar 1991 og kemur því ekki til álita að dæma upp skilorðsbundna hluta þess dóms.

Brot þau, sem ákærði er nú ákærður út af og sakfelldur fyrir, eru framin á skilorðstíma dómsins frá 4. apríl 1991 og hefur ákærði með brotum sínum nú rofið skilorð þess dóms og er dómurinn því tekinn upp og dæmdur með í máli þessu, sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga.

Með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga og með vísan til sakaferils ákærða þykir refsing hans nú hæfilega ákvörðuð sem fangelsi í 5 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Guðni Geir Helgason, sæti fangelsi í 5 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Fimmtudaginn 23. júní 1994.

Nr. 192/1994. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Lárusi Jökli Þorvaldssyni
(Sigurður Georgsson hrl.)

Viðurlagaákvörðun. Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu eingöngu um lagaatriði og viðurlög, en af hálfu ákæruvalds var því skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 30. mars 1994 til þyngingar á refsingu.

Ákærði var gestkomandi í íbúðinni að Hverfisgötu 87 í Reykjavík, er hann sló eign sinni á þá muni, sem í ákæru greinir, og komst þýfið nær allt til skila. Með hliðsjón af því og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Lárus Jökull Þorvaldsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 15.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 3. mars 1994.

Mál þetta, sem tekið var til dóms fyrr í dag, var höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 18. janúar sl., á hendur Lárusi Jökli Þorvaldssyni, kt. 201254-4429, Barmahlíð 14A, Reykjavík, „fyrir þjófnað með því að hafa að kvöldi laugardagsins 4. desember 1993 stolið úr íbúð að Hverfisgötu 87 í Reykjavík sambyggðu útvarps- og segulbandstæki, borðlampa, eldhússpotti og baðhandklæði.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Ákærði játaði fyrir dómi brot það, sem honum er gefið að sök í ákæru, og taldi atvikalýsingu í ákæru rétta. Málið hefur verið rekið samkvæmt ákvæðum 125. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Um málavaxtalýsingu vísast til ákæru sem rakin er hér að framan.

Með skýlausri játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur málsgögn, telst sannað að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá sem honum er gefin að sök í ákæru. Verðmæti þeirra muna, sem ákærði tók ófrjálsri hendi, er tiltölulega lítið en þeir hafa þó fjárhagslegt gildi. Telst því brot ákærða vera rétt heimfært til refsiákvæða.

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði hlotið þrjá fangelsisdóma, samtals í 8 mánuði, á árunum 1986 til 1991 vegna auðgunarbrota og skjalafals. Þá hefur ákærði hlotið einn dóm og gengist undir 17 sáttir vegna brota á áfengislögum, umferðarlögum og lögum um ávana- og fíkniefni á árunum 1971 til 1993.

Við ákvörðun refsingar verður að líta til þess, að verðmæti þeirra muna, sem ákærði tók, var tiltölulega lítið. Þar sem ákærði hefur þrívegis áður verið dæmdur fyrir auðgunarbrot, þykir refsing hans með vísan til 255. gr. alm. hgl. nr. 19/1940 hæfilega ákveðin 2 mánaða fangelsi.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talda þóknun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hrl., 20.000 krónur.

Dóm þennan kveður upp Sigurður T. Magnússon, settur héraðsdómari.

Dómsorð:

Ákærði, Lárus Jökull Þorvaldsson, sæti 2 mánaða fangelsi.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talda þóknun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hrl., 20.000 krónur.

Fimmtudaginn 23. júní 1994.

Nr. 143/1994. **Ákæruvaldið**
(Egill Stephensen saksóknari)
gegn
Jóni Magnússyni
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)

Umferðarlög. Bifreiðar. Öxulþungi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu í heild sinni, en af hálfu ákæruvalds var því skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 16. mars 1994 til þyngingar á refsingu.

Í málinu er ekkert fram komið um það, að við mælingu á öxulþunga bifreiðar ákærða 29. apríl 1992 hafi ekki í einu og öllu verið beitt réttum aðferðum af hálfu lögreglu og vegaeftirlitsmanns, sem er löggiltur vigtarmaður. Ekkert rennir stoðum undir það, að hugsanlegt frávik í vigtun geti skipt máli við mat á þeim mikla þunga, sem var á ökutæki ákærða umfram leyfilegan ásþunga og mældist 3.600 kg. Við þessar aðstæður hefur það ekki þýðingu, að ákærða var synjað þess að fá að aka bifreið sinni fullhlaðinni að löggiltri vog við Hafnarfjarðarhöfn. Ber því að fallast á sakarmat héraðsdómara og færslu til refsiákvæða, sbr. nú 23. gr. laga nr. 44/1993.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 30.000 króna sekt í ríkissjóð, og skal vararefsing vera átta daga varðhald.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað verður staðfest. Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Magnússon, skal greiða 30.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi átta daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá uppsögu þessa dóms.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kjartans Reynis Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 22. febrúar 1994.

Ár 1994, þriðjudaginn 22. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-743/1993: Ákæruvaldið gegn Jóni Magnússyni, en málið var dómtekið 31. janúar sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dagsettu 6. desember sl., á hendur „Jóni Magnússyni, Keilugranda 4, Reykjavík, kt. 011154-2639, fyrir brot á reglum um hámark ásþunga með því að aka miðvikudaginn 29. apríl 1992 vörubifreiðinni KU-286 með eftirvagninum GT-148 frá Holtinu í Hafnarfirði með 19.600 kg þunga á tvöföldum öxli eftirvagnsins, 3.600 kg umfram leyfilegan ásþunga, uns lögreglan stöðvaði hann á Krýsuvíkurvegi við Reykjanesbraut í Gullbringusýslu.

Telst þetta varða við 9. gr., sbr. 8. gr., reglugerðar um stærð og þyngd ökutækja nr. 107/1988, sbr. 1. mgr. 76. gr. og 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 23. gr. laga nr. 44/1993.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Verjandi ákærða krefst þess, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins og að sakarkostnaður, þ.m.t. hæfileg málsvarnarlaun, greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði kom fyrir dóminn 21. og 31. janúar sl.

Ákærði kvað háttsemi sinni rétt lýst í ákæruskjali utan það, að ákærði kvað lýsingu á öxulþunga ranga. Ákærði kvaðst telja vogir þær, sem notaðar hafa verið til þess að mæla öxulþunga, ekki vera hæfar til þess verks og vogirnar væru ekki löggiltar. Ákærði kvaðst telja að öxulþungi eftirvagns hinn 29. apríl 1992 hefði verið undir löglegum hámarksþunga, en ákærði kvaðst hins vegar engar sannanir hafa vegna þessa. Ákærði kvaðst hafa mótmælt vigtun á vettvangi, en ekki verið gefinn kostur á því að halda á löggilta vog til þess að sannreyna framangreint.

Vitnið Jóhann Magnús Hafliðason lögreglumaður kom fyrir dóminn 21. janúar sl.

Jóhann kvaðst ásamt samstarfsmanni sínum, Sigurði Haukssyni, hafa staðið að vigtun bifreiðar ákærða og eftirvagns á þeim tíma, sem í ákæruskjali greinir. Vigtunin hafi farið fram svo sem venjulegt sé, og hafi undirlag á vigtunarstað verið malbikað og slétt. Er vigtun fór fram hafi eftirvagn bifreiðar ákærða verið fastur við bifreiðina með svokölluðum stól.

Vitnið Sigurður Hauksson vegaeftirlitsmaður kom fyrir dóminn 21. janúar sl.

Sigurður kvað eftirvagn bifreiðar ákærða hafa verið vigtaðan hinn 29. apríl 1992 með 4 vogum og hafi hann reynst 19.600 kg. Við vigtunina hafi eftirvagninn verið festur við bifreiðina, svo sem venja er. Sigurður kvað vogirnar, sem notaðar hafi verið, hafa verið yfirfarnar af Löggildingarstofunni. Sigurður kvað vogirnar vera amerískar að gerð og framleiddar í því skyni að mæla öxulþunga. Vogir sem þessar hafi verið notaðar hér á landi til að mæla öxulþunga áratugum saman. Vitnið kvað það ekki hafa áhrif á vigtun eftirvagnsins þótt vagninn hafi verið festur við bifreiðina á þann hátt, sem að framan var lýst, þ.e. með svokölluðum stól, en Sigurður kvað sérstakan veltibúnað vera milli vagns og bifreiðar, sem virki þannig, að engin áhrif hafi á vigtun, þótt vagninum sé lyft um 8 cm.

Sigurður kvað ákærða hafa verið boðið að lesa af vogunum á vettvangi, en ákærði hafi á staðnum mótmælt vigtuninni. Sigurður kvaðst ekki hafa talið ástæðu til þess að færa bifreið ákærða á löggilta vog, en næsta löggilta vog hafi verið í Hafnarfirði, enda slíkt ekki venja í málum sem þessum.

Vitnið Jón Viðar Óskarsson, tæknimaður hjá Löggildingarstofunni, kom fyrir dóminn 21. janúar sl.

Jón Viðar staðfesti að hafa prófað vogir þær sem notaðar voru til þess að vigta eftirvagninn GT-148 hinn 29. apríl 1992. Jón Viðar kvað vogirnar vera framleiddar sem öxulþungavogir. Jón Viðar kvaðst ekki telja það möguleika að vogirnar sýndu 3,6 tonna skekkju við mælingu á sléttu undirlagi, nema um bilun voganna væri að ræða.

Vitnið Þór Jens Gunnarsson, fulltrúi á Löggildingarstofunni, kom fyrir dóminn 21. janúar sl.

Þór Jens kvað vogirnar, sem notaðar voru til þess að vigta eftirvagninn GT-148, á þeim tíma sem í ákæruskjali greinir, hafa verið viðurkenndar til þessara nota. Nákvæmni þessara voga sé ekki eins mikil og löggiltra voga, og kvaðst vitnið telja að um 50 kg óvissu sé að ræða. Þór Jens kvað útilokað, að vog, sem ekki hefði bilað, frá því að hún hefði verið tekin út af Löggildingarstofunni, sýni 3,6 tonna ónákvæmni, en Þór Jens var gerð grein fyrir því, að vigtun eftirvagns bifreiðar ákærða hefði sýnt 3,6 tonna öxulþunga umfram leyfilegan ásþunga.

Þór Jens lagði fram skjöl, sem sýndu að vogirnar, sem notaðar voru til þess að vigta eftirvagninn GT-148, á þeim tíma sem í ákæruskjali greinir, hefðu verið prófaðar hinn 18. mars 1992 og þær allar sýnt minni vigt en vigtuð var hverju sinni, allt frá því að vera 50 kg undir og upp í það að sýna 250 kg undir raunverulegum þunga.

Þór Jens kvað samanburðarprófanir voga sem þeirra, sem notaðar voru við vigtun bifreiðar ákærða og eftirvagns annars vegar og hins vegar á löggiltum bílvogum, hafa leitt í ljós óverulegt frávik, ef fyrrgreindu vogirnar séu notaðar rétt.

Vitnið Hjörleifur Ólafsson, framkvæmdastjóri vegaeftirlits Vegagerðar ríkisins, kom fyrir dóminn 31. janúar sl.

Hjörleifur lýsti því hvernig venja er að vigta eftirvagn sem þann, sem í ákæruskjali greinir, og kveðst Hjörleifur telja, að engin áhrif hefði á vigtun eftirvagnsins, þótt vagninn hafi verið fastur við bifreið ákærða á þann hátt sem venja er með slíka vagna. Hjörleifur kvað hafa verið margprófað að vigta vagnana án festingar við bílinn, og í ljós hafi komið, að enginn munur hafi orðið á niðurstöðu. Hjörleifur kvað aðferð þá, sem notuð var við að vigta eftirvagninn á þeim tíma, sem í ákæruskjali greinir, vera þá aðferð, sem yfirleitt sé notuð við slíka vigtun.

Hjörleifur hafði meðferðis í réttinn vog sams konar þeim, sem notaðar voru á vettvangi, og útskýrði og sýndi, hvernig vogirnar vinna, og greindi frá því, að almennt væri möguleiki á því að vogirnar sýndu of litla, en ekki of mikla hlassþyngd.

Vitnið Hrafn Hilmarsson, verkfræðingur á Löggildingarstofunni, kom fyrir dóminn 31. janúar sl.

Hrafn greindi frá því, að við prófun hefðu vogirnar, sem notaðar voru til þess að vigta eftirvagninn, allar sýnt minna hlass heldur en í raun var vigtað. Hrafn kvaðst telja ólíklegt miðað við þann stutta tíma, sem liðinn var, frá því að vogirnar voru prófaðar hinn 12. mars 1992 og þar til vigtun fór fram hinn 29. apríl 1992, að vogirnar sýndu skekkju svo að tonnum nemi.

Hrafn kvaðst telja að nánast allar vogir Vegagerðarinnar, sem Löggildingarstofan hefur yfirfarið, hefðu sýnt minna magn en á þær var lagt hverju sinni við prófun og í engum tilvikum sýnt of mikið.

Vitnið Vilhjálmur Þorláksson verkfræðingur kom fyrir dóminn 31. janúar sl. Vilhjálmur lagði mat á útreikninga ákærða, sem vikið verður að síðar, og kvaðst Vilhjálmur telja útreikninga ákærða rétta að vissum forsendum gefnum.

Niðurstöður.

Meðal gagna málsins eru tvær skýrslur lögreglunnar í Kópavogi frá 30. október 1991 og 11. desember s.á. Samkvæmt þessum skýrslum var mældur öxulþungi sömu bifreiðar þessa daga og einnig eftirvagn sem ekki var sá sami í bæði skiptin. Við vigtunina hinn 30. október 1991 var notuð ein þeirra voga, sem einnig var notuð við vigtun eftirvagnsins, sem í ákæru greinir, og við vigtunina 11. desember 1991 voru notaðar tvær voganna, sem einnig voru notaðar við vigtunina 29. apríl 1992. Ekki er ákært út af þessum mælingum, en ákærði hefur hins vegar byggt á þeim og lagt fram skjal í máli þessu ásamt útreikningum, sem að hans mati sýna, að vogirnar, sem notaðar voru við vigtunina 29. apríl 1992, séu óhæfar til þessara mælinga vegna ónákvæmni.

Dómurinn telur útreikning ákærða réttan miðað við ákveðnar forsendur. Hann er hins vegar ekki til þess fallinn að sýna fram á, að vogirnar, sem hér um ræðir, séu ónothæfar í þessu skyni.

Ýmis atriði geta komið til sem gefa mismundi niðurstöður við vigtun sömu bifreiðar, svo sem raun varð á við vigtunina hinn 30. október 1991 og 11. desember s.á. en þá var sama bifreiðin vigtuð og mismunandi þungi fékkst þar út, en að mati ákærða átti sama útkoma að koma út úr þeirri vigtun.

Sem dæmi um þætti, sem geta haft áhrif á þessa niðurstöðu, og svo sem vitnið Hjörleifur Ólafsson bar fyrir réttinum, má nefna, að bifreiðin dró ekki sama eftirvagn í bæði skiptin, en svo sem vitni báru fyrir dóminum, er algengt, að svokallaðar skífur, sem eftirvagnarnir hvíla á, séu færanlegar, sem aftur gefur mismunandi niðurstöður við vigtun ef skífa eða festing hefur verið færð til þannig að eftirvagn hvíli ekki á dráttarbifreið á sama stað í bæði skiptin. Önnur atriði, sem þarna geta haft áhrif og Hjörleifur Ólafsson benti á, eru t.d. mismunandi þungi olíutanks, sem kann að taka 500 lítra, varahjólbarðar kunna að hafa verið tveir, einn eða enginn. Þessi þættir geta leitt til hundraða kílóa munar við tvær vigtanir sömu bifreiðar, allt eftir því hvernig stendur á með þá þætti sem lýst var.

Ekkert af þessu var borið saman er tvær ofangreindar mælingar fóru fram.

Vigtun eftirvagnsins GT-148 fór fram á sérstaklega gerðum vigtunarstað, malbikuðum með sléttu undirlagi. Vigtunin var framkvæmd af löggiltum vigtarmanni ásamt lögreglumanni með reynslu í þessum störfum. Vogirnar, sem notaðar voru, eru sérstaklega framleiddar til að mæla öxulþunga og hafa verið notaðar áratugum saman hér á landi, voru yfirfarnar af Löggildingarstofunni hinn 12. mars 1992 og reyndust uppfylla þau skilyrði sem Löggildingarstofan gerir til slíkra mælitækja. Reyndust allar vogirnar sýna minni þunga en á þær var lagður og allt frá 50 kg minna og upp í 250 kg minna er lagður var á eina vogina 9 tonna þungi.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, og með vísan til gagna málsins að öðru leyti telur dómurinn ekkert það fram komið sem gefi til kynna annað en vigtun öxulþunga á þeim tíma, sem í ákæru greinir, hafi farið fram svo sem venja er og reglur kveða á um.

Dómurinn telur samkvæmt öllu ofanrituðu sannað, að ákærði hafi framið þá háttsemi, sem ákært er út af, og öxulþungi eftirvagnsins GT-148 hafi hinn 29. apríl 1992 verið 19.600 kg svo sem mælingamenn hafa borið fyrir dóminum, en leyfilegur öxulþungi var 16.000 kg, 3.600 kg umfram leyfilegan ásþunga.

Brot ákærða varðar við þau laga- og reglugerðarákvæði sem í ákæru greinir.

Ákærði hlaut dóm á árinu 1974 fyrir umferðarlagabrot og gekkst undir dómsátt árið 1973 fyrir umferðarlagabrot.

Refsing ákærða þykir hér hæfilega ákvörðuð sem 10 þúsund króna sekt í ríkissjóð og komi 3ja daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. kr. 20.000 í saksóknarlaun í ríkissjóð, en Þorsteinn Skúlason deildarlögfræðingur flutti málið af hálfu ákæruvaldsins, og kr. 35.000 í málsvarnarlaun til Kjartans Reynis Ólafssonar hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Magnússon, greiði kr. 10 þúsund í sekt til ríkissjóðs og komi 3ja daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. kr. 20.000 í saksóknarlaun, sem renni í ríkissjóð, og kr. 35.000 í málsvarnarlaun til Kjartans Reynis Ólafssonar hæstaréttarlögmanns.

Fimmtudaginn 23. júní 1994.

Nr. 281/1991. **Fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs**
(Dögg Pálsdóttir hdl.)
(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)
gegn
Sveini Jónssyni
(Baldur Guðlaugsson hrl.)

Skattskylda. Launaskattur. Birting laga og stjórnvaldserinda. Lögskýring. Löggjafarvilji. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 3. júlí 1991. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum eru gerð rækileg skil í hinum áfrýjaða dómi.

I.

Stofnlög um launaskatt eru nr. 14/1965. Samkvæmt 1. gr. þeirra skyldi leggja á launagreiðendur almennan launaskatt, er næmi 1% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum öðrum en tekjum af landbúnaði. Samkvæmt 12. gr. skyldu með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laganna. Af því varð ekki fyrr en eftir breytingu á lögunum 1982.

Lögum nr. 14/1965 var breytt með II. kafla laga nr. 5/1982 um breytta tekjuöflun ríkissjóðs vegna ráðstafana í efnahagsmálum. Samkvæmt 3. gr. þeirra varð 1. gr. laga nr. 14/1965 þannig:

„Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt að fjárhæð 3 1/2% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum . . .

Þó er heimilt að ákveða, að greiða skuli 2 1/2% launaskatt af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum hjá fyrirtækjum sem flokkast undir fiskverkun og iðnað samkvæmt atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands. . . .“

Í 14. gr. var kveðið á um setningu reglugerðar með nánari ákvæðum um framkvæmd laganna. Sú reglugerð er nr. 145/1982 og hefur að geyma svohljóðandi ákvæði í 3. gr.:

„Af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum hjá fyrirtækjum sem starfa að fiskverkun og iðnaði, eins og þær atvinnugreinar eru skilgreindar í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands, skal launaskattur nema 2½% . . .

Með iðnaði samkvæmt 2. og 3. flokki í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands er átt við atvinnustarfsemi í verksmiðjum, verkstæðum og heimilum sem fólgin er í „mekanískri“ eða „kemískri“ umbreytingu gæða í nýjar afurðir, þar með talin viðgerðarstarfsemi, hvort sem unnið er í vélum eða höndum og hvort sem afurðir eru seldar í heildsölu eða smásölu. Samsetning fullgerðra hluta er talin til iðnaðar nema um sé að ræða byggingarstarfsemi.“

Með reglugerð þessari birtist í B-deild Stjórnartíðinda 1982 sem fylgiskjal einungis hluti af atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands, þ.e. „Flokkur 2–3. Iðnaður.“. Þar eru í kafla nr. 35 með fyrirsögninni „Málmsmíði og málmvörugerð . . .“, undir tölulið 350 meðal annars blikksmiðjur.

Með III. kafla laga nr. 3/1986 um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum 1986 var enn gerð breyting á launaskattsskyldu. Samkvæmt 6. gr. skyldi 2. mgr. 3. gr. laga nr. 14/1965 orðast svo:

„Undanþegin skattskyldu eru vinnulaun og þóknanir:

1. fyrir störf hjá fyrirtækjum sem flokkast undir fiskverkun og iðnað skv. atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands. . . .“

Í 2. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 151/1986 um launaskatt, sem felldi úr gildi reglugerð nr. 145/1982, er iðnaður skilgreindur á nákvæmlega sama hátt og gert var í 2. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar. Hins vegar var ekkert úr atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands birt í B-deild Stjórnartíðinda sem fylgiskjal með hinni nýju reglugerð. Frekari opinber birting á atvinnuvegaflokkun þessari en sú, sem áður getur, mun ekki hafa átt sér stað.

Í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 64/1943 um birtingu laga og stjórnvaldaerinda segir, að í B-deild Stjórnartíðinda skuli birta „. . . umburðarbréf, ákvarðanir og úrlausnir ráðuneyta, sem almenna þýðingu hafa, . . .“

Í 7. gr. laganna segir, að fyrirmælum, er felast í lögum, auglýsingum, tilskipunum, reglugerðum, opnum bréfum, samþykktum eða öðrum slíkum ákvæðum almenns efnis, megi ekki beita fyrr en birting samkvæmt 1. og 2. gr. laganna hefur farið fram, nema þau geymi ákvæði algerlega einkamálaeðlis og aðilar hafi komið sér saman um það, að skipti þeirra skuli fara eftir óbirtum fyrirmælum.

Í 4. gr. laga nr. 73/1969 um Stjórnarráð Íslands eru talin upp ráðuneyti, sem Stjórnarráð Íslands greinist í. Meðal þeirra er Hagstofa Íslands.

Af lagaákvæðum þessum leiðir, að umrædd atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands hefur ekki þýðingu að lögum um skyldu til greiðslu launaskatts nema að því leyti, sem fullnægt hefur verið lagaskyldu um opinbera birtingu hennar. Reynir því hvorki í máli þessu á kafla með fyrirsögninni „Flokkur 4. Byggingarstarfsemi, viðgerð mannvirkja.“ né annað óbirt efni þessa heimildarits, sem áfrýjandi ber meðal annars fyrir sig til rökstuðnings kröfugerð sinni í málinu.

Kemur því eingöngu til álita í atvinnuvegaflokkuninni upphafsmálsgreinin undir fyrirsögninni „Flokkur 2–3. Iðnaður.“, sem er samhljóða efni 2. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 151/1986.

II.

Ágreiningslaust er með aðilum máls þessa, að á þeim tíma, er lög nr. 5/1982 heimiluðu, að á lagður yrði lægri launaskattur hjá fyrirtækjum, sem flokkast undir „fiskverkun og iðnað samkvæmt atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands“, hafi aldrei reynt á, að starfsemi hjá blikksmiðjum væri skipt með tilliti til skattskyldu, eins og reynir á í máli þessu, þ.e. hvort launavinna blikksmiða færi fram í eða utan verksmiðju.

Ef löggjafarviljinn hefði verið sá með setningu laga nr. 3/1986 að gera nú greinarmun á starfsemi blikksmiðja, sem eigi hafði áður verið gerður, og áskilja, að undanþágan frá skattskyldu næði einungis til þess hluta blikksmíða, sem unninn væri á verkstæðum, en ekki til samsetningar hluta utan þeirra, hefði þurft að taka það skýrlega fram við setningu laganna. Þar sem það var eigi gert, verður ekki talið, að þessi greinarmunur felist í lögum nr. 3/1986 og reglugerð settri með heimild í þeim lögum.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Eftir þessum málalokum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs, greiði stefnda, Sveini Jónssyni, 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Gunnars M. Guðmundssonar og Guðrúnar Erlendsdóttur

Við erum samþykk atkvæði meiri hluta dómara aftur að kafla II.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að vegna umfangs loftræstikerfa verði því ekki við komið að setja þau að fullu saman í blikksmiðju, þar sem smíði þeirra fer fram. Við þá staðreynd sé miðuð smíði þeirra í hæfilegum einingum. Hver eining sé hluti sérhannaðrar samstæðu, sem sjaldnast hafi sjálfstætt nýtingargildi utan hennar og þá ekki sem sjálfstæður, fullgerður hlutur. Smíði og samsetning séu því órjúfanleg heild og samsetningin þar með hluti smíðinnar. Þess vegna sé ekki fullnægt áskilnaði niðurlagsákvæðis 11. gr. um „samsetning fullgerðra hluta". Blikksmíði sem löggilt iðngrein taki til hvors tveggja. Skipting hennar með tilliti til launaskatts, að því er til smíði loftræstikerfa tekur, fái því ekki staðist að gildandi lögum.

Þá heldur stefndi því fram, að á þeim tíma, sem heimilt var samkvæmt lögum nr. 5/1982, að lagður væri á lægri launaskattur hjá fyrirtækjum, sem flokkuðust undir iðnað samkvæmt atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands, og meðan sú skipan hélst, hafi aldrei reynt á, að starfsemi hjá blikksmiðjum væri skipt með tilliti til skattskyldu, eins og reynir á í máli þessu. Er það ekki vefengt af hálfu áfrýjanda.

Við teljum, að með framangreindum rökum hafi stefndi sýnt fram á, að fullnægjandi lagaskilyrði skorti fyrir því, að umræddur þáttur í starfsemi hans, samsetning og uppsetning loftræstikerfa, sé launaskattsskyldur. Samkvæmt því ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Við erum samþykk málskostnaðarákvæði í atkvæði meiri hluta dómara.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. maí 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. mars sl., var endurupptekið, flutt og dómtekið þann 15. maí sl., hefur Sveinn Jónsson, kt. 130851-2749, Selvogsgötu 20, Hafnarfirði, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, þingfestri 22. nóvember 1990, á hendur fjármálaráðherra, Ólafi Ragnari Grímssyni, kt. 140543-3229, fyrir hönd ríkissjóðs Íslands, kt. 550169-2829.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að niðurstöðum úrskurðar ríkisskattanefndar nr. 187/1990, upp kveðins 13. mars 1990, verði hrundið og viðurkennt verði með dómi, að greiðsla vinnulauna og þóknunar fyrir þann þátt í atvinnustarfsemi stefnanda, sem felst í því að setja upp í húsum loftræstikerfi, framleidd á verkstæði hans, hafi verið undanþegin launaskattsskyldu árið 1987.

Enn fremur er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu og að málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti frá og með 15. degi eftir dómsuppsögu samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 með síðari breytingum.

Dómkröfur stefnda eru þær, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Sáttatilraunir dómara reyndust árangurslausar.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefnandi lýsir málavöxtum með eftirfarandi hætti í stefnu sinni:

Stefnandi kveðst vera meistari í blikksmíðaiðn og starfi sjálfstætt að iðn sinni sem verktaki.

Það hafi farist fyrir hjá honum að skila inn skattframtali vegna ársins 1987, og áætlaði því skattstjóri Reykjanessumdæmis álögð gjöld hans árið 1988.

Löggiltur endurskoðandi stefnanda kærði álagninguna til skattstjóra með bréfi, dagsettu 23. ágúst 1988, og boðaði, að rökstuðningur bærist síðar.

Er bið varð á, vísaði skattstjóri kærunni frá með úrskurði hinn 6. desember 1988, en með bréfi, dagsettu 8. desember s.á., var sá úrskurður kærður til ríkisskattanefndar og skattframtal stefnanda sent til nefndarinnar.

Með kæruúrskurði nr. 758/1988, upp kveðnum 15. desember 1988, vísaði ríkisskattanefnd kærunni ásamt framtali vegna álagningar opinberra gjalda gjaldárið 1988 til skattstjóra til meðferðar og uppkvaðningar nýs kæruúrskurðar með vísan til 8. mgr. 100. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt.

Úrskurður skattstjóra var kveðinn upp 10. febrúar 1989 með vísan til 99.

gr. laga um tekju- og eignarskatt, þar sem fallist var á að byggja álagningu opinberra gjalda gjaldárið 1988 á framtalinu með nokkrum breytingum. Meðal þeirra var ákvörðun um að leggja 3,5% launaskatt á vinnu við uppsetningu loftræstikerfa á byggingarstað. Auk þess voru lögð launatengd gjöld á fæðiskostnað starfsmanna samkvæmt rekstrarreikningi. Sagði þar, að af innsendum ársreikningi 1987 með skattframtali ársins 1988 væri ljóst, að starfsemi framteljanda teldist að hluta til byggingariðnaður, þ.e. uppsetning loftræstikerfa o.fl. á byggingarstað, og væru launagreiðslur vegna þeirrar vinnu launaskattsskyldar samkvæmt 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 153/1986 um launaskatt og gjaldstig 3,5%. Á launaframtali hafi öll greidd vinnulaun verið talin undanþegin launaskatti.

Stefnandi kveður skattstjóra hafa síðan áætlað greidd laun við „byggingariðnað" kr. 4.000.000,00 og skiptingu þeirra á launaskattstímabil jafna. Hafi hann enn fremur áætlað eigin laun stefnanda við byggingarvinnu kr. 450.000,00 og hafi gert stefnanda að gjalda launaskatt af greindum fjárhæðum. Þá hafi skattstjóri áætlað launaskattsskyldan hluta af greiðslu fæðiskostnaðar starfsmanna, kr. 260.000,00, að því er virðist af sömu ástæðu, þ.e. þeirri, að hluti starfsemi stefnanda teldist til byggingariðnaðar. Hafi skattstjóri því samtals talið stofn til launaskatts vera kr. 4.710.000,00.

Lögtak í fasteign stefnanda, Selvogsgötu 20, Hafnarfirði, til tryggingar launaskattsskuld vegna ársins 1987, kr. 201.101,00, fór fram 25. febrúar 1989. Var af hálfu innheimtuaðila krafist nauðungarsölu eignarinnar í framhaldi lögtaksgerðarinnar.

Með bréfi, dagsettu 10. mars 1989, var úrskurður skattstjóra kærður til ríkisskattanefndar og kærunni fylgt eftir með skriflegum rökstuðningi í bréfi, dagsettu 20. mars 1989. Ríkisskattstjóri skilaði sínum rökstuðningi til nefndarinnar með bréfi, dagsettu 15. september 1989. Ríkisskattanefnd staðfesti álagninguna með vísan til forsendna skattstjóra í úrskurði, upp kveðnum 13. mars 1990.

Af hálfu stefnanda er á því byggt, að þar sem blikksmíði sé lögvernduð iðngrein og sem slík flokkuð í 3. flokk í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands, þá teljist uppsetning loftræstikerfa á byggingarstað til þess handverks sem lögverndar njóti samkvæmt iðnaðarlögum nr. 42/1978. Eðli máls samkvæmt verði loftræstikerfi ekki að fullu sett saman á verkstæði því sem það sé smíðað á. Með því móti væri ekki unnt að koma því fyrir á ákvörðunarstað. Uppsetning miði öll smíði þess í hæfilegar einingar. Smíði og uppsetning séu þannig órjúfanlega tengdar og uppsetningin í raun hluti smíðinnar. Hið löggilta handverk taki til hvors tveggja sem einnar heildar. Með því að launaskattslög áskilji að undanþágur frá skattskyldu séu bundnar við atvinnugreinar, í þessu tilviki hina löggiltu blikksmíðaiðngrein, þá fái ekki staðist sú uppskipting á atvinnugreininni í starfsemi, sem sé undanþegin launaskatti annars vegar, og hins vegar í starfsemi, sem sé það ekki. Slík uppskipting sé óheimil og ekki í samræmi við ákvæði launaskattslaga.

Samkvæmt 1. tl. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 14/1965, sbr. lög nr. 5/1982, l. nr. 3/1986 og l. nr. 10/1988, séu undanþegin launaskattsskyldu vinnulaun og þóknanir fyrir störf hjá fyrirtækjum, sem flokkast undir fiskveiðar og iðnað samkvæmt 1., 2. eða 3. flokki í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að þessa lögákveðnu skipan sé óheimilt að taka af með stjórnvaldsákvörðun og vísar þessari málsástæðu til stuðnings til ákvæða 77. gr., sbr. 40. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem segir, að skattamálum skuli skipað með lögum.

Þá er á því byggt af hálfu stefnanda í ljósi þessara tilvitnuðu ákvæða stjórnarskrárinnar og réttra skýringa dómstóla og fræðimanna á þeim, að þær ákvarðanir framkvæmdavaldshafa að skipta atvinnugreininni upp í launaskattsskylda starfsemi og launaskattsundanþegna starfsemi séu ólögmætar, enda boðið með settum lögum, þ.e. í 1. tl. 3. mgr. 2. gr. launaskattslaga nr. 14/1965, að störf unnin hjá fyrirtækjum, sem flokkist sem iðnaður í þriðja flokki atvinnuvegaskrár Hagstofu Íslands, skuli undanþegin launaskattsskyldu. Atvinnustarfsemi stefnanda, blikksmíðaiðngreinin, er flokkuð í þriðja flokk. Við þeirri skipan hafa framkvæmdavaldshafar, þ. m. t. skattyfirvöld, ekki nokkra heimild til að hrófla, þrátt fyrir að í 12. gr. laganna sé ráðherra heimilað að setja „með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna, þ. á m. um þær iðngreinar, er 2. mgr. 1. gr. (sic) laga þessara tekur til“. Stefnandi vekur athygli á því að tilvísunin ætti að vera 3. mgr. 2. gr. laganna. Samkvæmt lagaákvæðinu sé heimilt að kveða á í reglugerð um undanþágur iðngreina sem slíkra, en lögin heimili ekki uppskiptingu iðngreina, hvað þá löggiltra iðngreina. Samkvæmt þessu ákvæði eigi að greina á milli þeirra iðngreina, sem séu undanþegnar launaskattsskyldu, og hinna, sem séu það ekki. Sú skipting blikksmíðaiðngreinarinnar annars vegar í skattundanþegna verkstæðisvinnu og hins vegar í skattskylda uppsetningu framleiðslunnar sé ekki í samræmi við tilvitnuð lagafyrirmæli. Sú ákvörðun skattyfirvalda að telja hluta blikksmíðaiðngreinarinnar launaskattsskylda skorti því lagastoð.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram að skattyfirvöld byggi skiptingu þessa hins vegar á ákvæði 11. gr. reglugerðar um launaskatt nr. 151/1986, þar sem í niðurlagi 1. tl. segi, að samsetning fullgerðra hluta skuli talin til iðnaðar, nema um sé að ræða byggingarstarfsemi. Skattyfirvöld telji lokaþátt smíði loftræstikerfa launaskattsskylda byggingarstarfsemi. Stefnandi vekur athygli á því, að skilgreining reglugerðar um launaskatt nr. 151/1986 á iðnaði í 11. gr. sé tekin úr formála að 2.–3. kafla í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands. Þar segi, að með iðnaði sé átt við atvinnustarfsemi í verksmiðjum, verkstæðum og heimilum sem fólgin sé í „mekanískri" eða „tæknilegri" umbreytingu gæða í nýjar afurðir, þar með talin viðgerðarstarfsemi, hvort sem unnið sé í vélum eða höndum og hvort sem afurðir séu seldar í heildsölu eða smásölu. Samsetning fullgerðra hluta sé talin til iðnaðar nema um sé að ræða byggingarstarfsemi (samsetning á byggingarstað).

Af hálfu stefnanda er því ekki haldið fram, að óheimilt hafi verið að taka upp þetta ákvæði í reglugerð, en hins vegar er því haldið fram, að túlkunaraðferð skattyfirvalda fái ekki staðist, því að hún leiði til annarrar niðurstöðu en gengið sé út frá í atvinnuvegaflokkun Hagstofunnar, en þar hafi orðið byggingarstarfsemi ákveðna merkingu.

Í atvinnuvegaflokkuninni taki orðið byggingarstarfsemi til tiltekinna iðngreina. Iðngreinar þessar séu taldar upp í 4. kafla atvinnuvegaflokkunarinnar.

Í yfirliti um helstu breytingar tákntalna frá því, sem var í fyrri útgáfu atvinnuvegaflokkunarinnar, þ.e. forvera þess fjölrits, sem nefnt sé í bréfi hagstofustjóra á dskj. nr. 24, segi um 4. flokkinn:

„4. Byggingarstarfsemi, viðgerð mannvirkja. Iðnmeistarar í byggingariðngreinum (og aðrir aðilar með sömu starfsemi, þótt þeir hafi ekki iðnréttindi), sem verið hafa í 410, skulu nú sundurgreindir og flokkaðir til nýrra númera, 491–497. Af öðrum breytingum í flokki 4 er rétt að nefna, að holræsagerð á vegum opinbers aðila flyst úr 439 í 431, þar eð hún fylgir oftast gatnagerð."

Telur stefnandi að af þessu og efnisskipan í flokkuninni megi lesa, að fylgja beri tilteknum atvinnugreinum og þar með töldum iðngreinum, við greinimörk skattskyldu og undanþágu frá henni. Þar sem „byggingarstarfsemi" hafi þá sérstöku merkingu að taka til ákveðinna iðngreina, byggingariðngreina, þá sé það röng framkvæmd að færa störf úr blikksmíðagreininni undir byggingarstarfsemi af þeim ástæðum einum, að hluti verks sé framkvæmdur utan verkstæðis, starfið tilheyri blikksmíðaiðngreininni allt að einu, en ekki trésmíðagreinum eða öðrum þeim greinum sem til byggingariðngreina teljist samkvæmt atvinnuvegaflokkuninni. Þess sé ekki vænst, að skattyfirvöld vilji telja lokaþátt í smíði loftræstikerfis úr blikki til annarrar iðngreinar en blikksmíði.

Auk þessa bendir stefnandi á, að jafnvel þótt heimild til greiningar þeirrar á starfsemi hans, sem skattyfirvöld byggi á, teldist fullnægjandi, þá sé í lokamálslið 1. tl. 11. gr. launaskattsreglugerðarinnar ritað um samsetningu „fullgerðra hluta“. Þær einingar, sem á blikksmíðaverkstæði stefnanda séu framleiddar til uppsetningar, verði hins vegar ekki nefndar fullgerðir hlutir. Hver eining sé hluti sérhannaðrar samstæðu sem sjaldnast hafi sjálfstætt nýtingargildi utan hennar og þá ekki sem fullgerður sjálfstæður hlutur. Utan þeirra hluta, sem stefndi kaupi að til viðskeytingar við smíði sína, eins og rafhreyfla, verði loftræstikerfið sem slíkt eitt nefnt fullgert í þessu sambandi.

Enn fremur er því haldið fram af hálfu stefnanda, að það hafi aldrei tíðkast að tvískipta starfsemi í blikksmíðaiðngreininni gagnvart launaskatti fyrr en með þeim ákvörðunum skattyfirvalda sem deilt sé um í máli þessu. Blikksmíðaiðngreinin hafi ávallt og í öllum skattumdæmum verið meðhöndluð sem ein heild.

Stefnandi bendir á, að þau atvik, sem málið varðar, gerðust í gildistíð laga nr. 3/1986, en með þeim var launaskattur felldur niður af starfsemi í 1., 2. og 3. kafla atvinnuvegaflokkunarinnar, en atvinnustarfsemin í þeim flokkum hafi áður borið 2,5% launaskatt. Sama hafi átt við um blikksmíðaiðngreinina allt fram til gildistöku laga nr. 3/1986 þann 1. mars þ.á., að launaskattur var felldur niður af starfseminni. Hvorki sé kunnugt um, að það álitaefni hafi nokkru sinni risið að hluti starfa við blikksmíði ætti að bera 2,5% skatt og hluti 3,5% né að hluti starfseminnar væri skattundanþeginn, en hluti bæri 3,5% skatt, fyrr en í máli þessu.

Niðurfelling launaskatts í iðnaði hafi verið hluti ráðstafana sem gerðar hafi verið í kjölfar kjarasamninga á almennum vinnumarkaði þann 26. febrúar 1986. Til grundvallar henni hafi legið sameiginleg beiðni samningsaðila, svo sem komi fram í greinargerð laganna.

Fram til gildistöku laga nr. 3/1986 hafi gilt lög nr. 5/1982, sem einnig hafi verið breytingalög á stofnlögunum um launaskatt nr. 14/1965. Með þeim lögum hafi launaskattur verið lækkaður í 2,5% hjá þeim atvinnugreinum, sem síðar fengu hann felldan niður, en önnur atvinnustarfsemi, þ.á m. iðngreinar í byggingariðnaði, greiddu áfram samkvæmt skipan þessara laga, samkvæmt skipan laga nr. 3/1986 og samkvæmt núgildandi skipan 3,5% launaskatt.

Við breytingu laga nr. 5/1982 fylgdu þessar athugasemdir í greinargerð, sbr. þingskjal nr. 337 bls. 1621 í Alþingistíðindum, A-deild, 1981–82.

„Launaskattsákvörðun samkvæmt gildandi lögum hefur verið auðveld í framkvæmd. Stofn skattsins hefur verið skattgreiðendum ljós og eftirlit skattstjóra auðvelt þar sem undanþágur eru skýrar. Nauðsynlegt er að framkvæmd laganna verði áfram sem auðveldust og ekki verði lagðar á launagreiðendur og skattyfirvöld meiri skyldur en nauðsynlegt er til að finna launaskattsstofn. Það er því mikilvægt að heil atvinnugrein falli í sama gjaldflokk launaskatts nema um mjög skýrt afmarkaða starfsemi sé að ræða innan hennar.“

Það kom fram í málflutningi stefnanda að við gildistímabil laga nr. 5/1982 og reglugerðar nr. 145/1982 hafi með reglugerðinni fylgt sem fylgiskjal sérprentun úr 1. og 3. kafla atvinnuvegaflokkunar Hagstofu Íslands. 4. kaflinn hafi ekki verið prentaður þar, þannig að hann hafi aldrei fengið birtingu með stjórnskipulegum hætti og hafi þannig hvorki getað orðið skattþegnum né skattyfirvöldum til eftirbreytni.

Þá var enn fremur á því byggt í málflutningi stefnanda að allt gildistímabil laga nr. 5/1982 hafi verið litið svo á, að launaskattur í blikksmíði væri 2,5% allt fram til gildistöku laga nr. 3/1986. Með lögum nr. 3/1986 hafi launaskattur verið felldur niður af þeim atvinnugreinum sem hafi fengið 1% lækkunina með lögum nr. 5/1982. Launaskatturinn hafi skv. ákvæðum laganna fallið niður hjá þeim fyrirtækjum sem tilheyri þeim atvinnugreinum sem atvinnuvegaflokkun Hagstofunnar geymi í 2. og 3. kafla. Með sama hætti og lækkunin 1982 hafi tekið til blikksmíðaiðngreinarinnar þá hafi niðurfellingin tekið til hennar 1986.

Þá sé því haldið fram, að allt frá 1982 hafi blikksmíðaiðngreininni verið gert að gjalda 2,5% launaskatt, allt fram til þess að niðurfelling var gerð 1. mars 1986. Aldrei hafi komið fram krafa um tvískiptingu greinarinnar svo sem gert sé í máli þessu, hvorki í gildistíð laga nr. 5/1982 né laga nr. 3/1986. Telji stefndi, að skattframkvæmd sé önnur en stefnandi haldi fram, þá hvíli á stefnda sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu, en stefnandi haldi því fram að fyrirtækjum í blikksmíðaiðngreininni sé ekki gert að greiða launaskatt.

Að lokum er á því byggt af hálfu stefnanda, að samkvæmt framanrituðu styðjist sú skoðun, að blikksmíðaiðngreinin sem slík og í heild sé undanþegin launaskattsskyldu, við ótvíræðan vilja löggjafans, eins og hann birtist í greindum orðum greinargerðarinnar. Þær ákvarðanir framkvæmdavalds gagnvart stefnanda, sem krafist sé ómerkingar á í máli þessu, fái á engan hátt samrýmst þeim vilja, sem í greinargerðinni endurspeglist. Ekki einasta skorti ákvarðanir skattyfirvalda lagastoð, heldur gangi þær jafnframt þvert gegn vilja löggjafans. Samkvæmt lögskýringum fræðimanna á ákvæðum 40. gr. og 77. gr. stjórnarskrárinnar hafi vilji stjórnarskrárgjafans með setningu greindra ákvæða lotið að því að útiloka framkvæmdavaldshafa frá ákvörðunum sem þessum.

Þá er enn fremur vakin athygli á því af hálfu stefnanda, að skattyfirvöld í máli þessu byggja kröfur sínar á því, sem þau telja ákvörðun framkvæmdavaldshafa, þ.e. Hagstofu Íslands, sem hafi hliðstæða stöðu og sem eitt ráðuneytanna skv. auglýsingu um Stjórnarráð Íslands. Er því haldið fram, að slíkt valdaframsal fái ekki staðist.

Einnig var byggt á þeirri málsástæðu, að þeim þætti í starfsemi stefnanda, sem hann er krafinn launaskatts af, er ekki unnt að finna stað í 4. kafla atvinnuvegaflokkunar Hagstofu Íslands. Ef hluti af blikksmíðaiðngreininni tilheyri 4. kafla, verði að vera unnt að benda á hvar nákvæmlega í kaflanum blikksmíðaiðn að þessum hluta til er að finna. Aðfaraorð kaflans sé ekki hægt að líta á sem undirkafla, heldur skýri þau forsendur flokkunarinnar. Niðurstaðan sé því sú, að bæði formsástæður og efnisástæður leiði til þeirrar niðurstöðu, að blikksmíði sé ekki að finna innan 4. kaflans.

Af hálfu stefnda er byggt á eftirfarandi málsástæðum í greinargerð hans:

Stefndi segir, að í máli þessu sé ágreiningur um túlkun á tilteknu atriði í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands. Stefnandi byggi aðallega á því, „að þar sem blikksmíði sé lögvernduð iðngrein og sem slík flokkuð í 3. flokk í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands, þá teljist uppsetning loftræstikerfa á byggingarstað til þess handverks, sem lögverndar njóti skv. iðnaðarlögum nr. 42/1978“. Í inngangi atvinnuvegaflokkunarinnar frá 1964, sbr. dskj. nr. 29, segir m.a. svo:

„2. Flokkunin er einkum ætluð til notkunar við hagskýrslugerð um atvinnuvegina og þá einnig í skýrslum um skiptingu þjóðarinnar eftir atvinnuvegum (manntöl) og skýrslum um slysatryggt vinnuafl.

4. ISIC-flokkunin, sem byggt er á, er flokkun eftir atvinnuvegum (industries), þar sem aðallega er höfð hliðsjón af því, hvaða vörutegundir er algengt að framleiða (eða selja) saman og hvaða tegundir þjónustu er algengt að veita af einum og sama aðila. Hér er hvorki um að ræða flokkun einstaklinga eftir starfsstöðu (occupation) eða vinnustétt (social status) né nákvæma flokkun vörutegunda (commodities), enda gilda þar um aðrar reglur.“

Með vísan til framanritaðs er því haldið fram af hálfu stefnda, að ljóst sé að flokkunarreglurnar séu byggðar á hagfræðilegum en ekki lögfræðilegum forsendum. Það, að löggjafinn hafi talið rétt að lögvernda einhverja atvinnugrein (iðngrein), sé óskylt því málefni, sem hér sé fjallað um.

Þá er á því byggt af hálfu stefnda, að samkvæmt 1. gr. laga nr. 14/1965 um launaskatt skuli leggja á „launagreiðendur almennan launaskatt að fjárhæð 3,5% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum svo sem ákveðið er í lögum þessum“. Í reglugerð um launaskatt nr. 151/1986, 2. gr. segi enn fremur, að launaskattur nemi 3,5% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum með þeim takmörkunum er síðar greini. Ljóst sé af þessum tilvitnuðu ákvæðum að almenna reglan sé sú, að launaskatt eigi launagreiðandi að greiða af öllum greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum. Undanþágu frá þessu ákvæði sé að finna í 11. gr. reglugerðar nr. 151/1986 og í 3. mgr. 2. gr. launaskattslaga, sbr. lög nr. 3/1986, en þar segi:

„Undanþegin skattskyldu eru vinnulaun og þóknanir: 1. fyrir störf hjá fyrirtækjum sem flokkast undir fiskverkun eða iðnað skv. atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands.“

Í upphafi 2. og 3. kafla atvinnuvegaflokkunar Hagstofu Íslands, sbr. dskj. nr. 25, segir:

„Með iðnaði er átt við atvinnustarfsemi í verksmiðjum, verkstæðum og heimilum, sem er fólgin í „mekanískri“ eða „kemískri“ umbreytingu gæða í nýjar afurðir, þar með talin viðgerðarstarfsemi, hvort sem unnið er í vélum knúðum orku eða í höndum og hvort sem afurðir eru seldar í heildsölu eða smásölu. Samsetning fullgerðra hluta er talin til iðnaðar, nema um sé að ræða byggingarstarfsemi (samsetning á byggingarstað)“.

Í inngangi fyrir 4. kafla atvinnuvegaflokkunar Hagstofu Íslands segir, sbr. dskj. nr. 30:

„Framleiðsla hluta til húsbygginga og annarra mannvirkja á verkstæði eða í verksmiðju er iðnaður (t.d. í greinum 261 og 339), en uppsetning slíkra hluta á byggingarstað telst til flokks 4. Innréttingavinna í skipum er iðnaður í nr. 381.“

Með vísan til þessa er á því byggt af hálfu stefnda að ljóst sé að greiða beri launaskatt af vinnu á byggingarstað. Það hafi legið fyrir allt frá 1964 hvernig Hagstofan skilgreindi iðnað. Löggjafinn vísar í þá skilgreiningu, sbr. Alþingistíðindi B 1981–82, dálk 2608.

Því er haldið fram, að þótt aðalstarfsemi stefnanda, þ.e. vinna í blikksmiðju, sé undanþegin launaskatti þá þurfi starfsemi hans annars staðar ekki að vera það. Á dskj. nr. 23, sem sé almennar skýringar á atvinnuvegaflokkun Hagstofunnar, komi fram, að ef starfsemi sé rekin á tveimur eða fleiri stöðum teljist hver starfsstaður sérstök rekstrareind. Þannig þurfi sama starfsemin, sem rekin sé á tveimur stöðum, ekki að fara í sama flokkinn. Í máli því, sem hér um ræði, er hluti starfseminnar í blikksmiðjunni og hinn hlutinn á byggingarstað. Það sé einnig til þess að líta, að starfsemi sama aðila geti ýmist verið launaskattsskyld eða launaskattsfrjáls og samkvæmt 9. gr. launaskattslaga beri launagreiðanda að halda aðskildu í bókhaldi sínu hvaða launagreiðslur tilheyri hverjum þætti. Því sé andmælt sérstaklega að uppskipting í iðngreininni sé ekki heimil, þ.e. ef hluti iðngreinar sé undanþeginn launaskatti, þá þurfi öll iðngreinin að vera það. Einnig sé því vísað á bug að launaskattsálagning á stefnanda sé með öðrum hætti en á aðra.

Því er haldið fram, að samkvæmt því, sem að framan hefur verið rakið, sé ljóst, að ekki sé um neitt framsal til framkvæmdavaldshafa að ræða, þar sem lögin hafi sjálf tiltekið hvaða iðnaður sé undanþeginn launaskatti. Þessi skilgreining varð til við lögfestingu laganna.

Á því er byggt að túlkun skattyfirvalda sé í samræmi við atvinnuvegaflokkunina og vilja löggjafans og fullyrðingu um annað sé mótmælt. Þá er því haldið fram, að tilvitnun í stjórnarskrána hafi ekki þýðingu í þessu sambandi, þar sem skattlagningin byggist algerlega á settu lagaákvæði og undanþágan sé tilgreind í lagaákvæðinu.

Í málflutningi var af hálfu stefnda þeirri málsástæðu mótmælt sem of seint fram kominni, að 4. kafli atvinnuvegaflokkunar Hagstofunnar hafi aldrei verið lögformlega birtur í Stjórnartíðindum og hafi því ekki gildi í þessu sambandi.

Niðurstaða.

Í máli þessu er deilt um lögmæti álagningar launaskatts af þeim hluta blikksmíði, sem felst í því að setja upp í húsum loftræstikerfi, framleidd á verkstæði stefnanda.

Með gildistöku 3. gr. laga nr. 5/1982 um breytta tekjuöflun ríkissjóðs vegna ráðstafana í efnahagsmálum um breytingu á lögum nr. 14/1965 um launaskatt var heimilað að ákveða að greiða skuli 2,5% launaskatt af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum hjá fyrirtækjum sem flokkast undir fiskverkun og iðnað samkvæmt atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 5/1982 er ráðherra veitt heimild til að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna, þ.á m. um þær iðngreinar er 2. mgr. 1. gr. (sic) taki til.

Fjármálaráðherra gaf út reglugerð um launaskatt. Birtist hún í B-deild Stjórnartíðinda hinn 7. apríl 1982 nr. 145/1982. Ákvæði 3. gr. reglugerðarinnar er svohljóðandi:

„Af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum hjá fyrirtækjum sem starfa að fiskverkun og iðnaði, eins og þær atvinnugreinar eru skilgreindar í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands, skal launaskattur nema 2,5% – tveimur og hálfum af hundraði – .

Með iðnaði samkvæmt 2. og 3. flokki í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands er átt við atvinnustarfsemi í verksmiðjum, verkstæðum og heimilum sem fólgin er í „mekanískri“ eða „kemískri“ umbreytingu gæða í nýjar afurðir, þar með talin viðgerðarstarfsemi, hvort sem unnið er í vélum eða höndum og hvort sem afurðir eru seldar í heildsölu eða smásölu. Samsetning fullgerðra hluta er talin til iðnaðar nema um sé að ræða byggingarstarfsemi.“

Með gildistöku laga nr. 3 frá 1. mars 1986 um breytingu á lögum nr. 5/1982 um breytingu á lögum nr. 14/1965 um launaskatt voru samkvæmt 6. gr. undanþegin skattskyldu vinnulaun og þóknanir samkvæmt 1. tl. fyrir störf hjá fyrirtækjum sem flokkast undir fiskverkun og iðnað samkvæmt atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands.

Fjármálaráðherra gaf út nýja reglugerð um launaskatt. Birtist hún í B-deild Stjórnartíðinda hinn 11. mars s. á. nr. 151/1986.

Í 2. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar er að finna skilgreiningu á iðnaði og er hún orðrétt samhljóða 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 145/1982.

Dómurinn lítur svo á að með því að vísa til atvinnuvegaflokkunar Hagstofu Íslands í 6. gr. laga nr. 3/1986 hafi með fullnægjandi hætti verið tilgreindir í lögum þeir aðilar sem undanþegnir séu skattskyldu samkvæmt lögunum. Enda lítur dómurinn svo á, að þrátt fyrir orðalag ákvæðis 12. gr. laga nr. 3/1986 sé ráðherra einungis heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna, en ekki ákvæði, er lúti að því, til hverra iðngreina lögin taki. Ekki verður á það fallist með stefnanda, að með lögfestingu 6. gr. laga nr. 3/1986 hafi löggjafinn framselt skattlagningarvald til framkvæmdavaldshafa, þ.e.a.s. Hagstofu Íslands.

Stefnandi byggir á þeirri málsástæðu, að þar sem blikksmíði sé lögvernduð iðngrein og sem slík flokkuð í 3. flokk í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands, þá teljist uppsetning loftræstikerfa á byggingarstað til þess handverks, sem lögverndar njóti samkvæmt iðnaðarlögum nr. 42/1978.

Fram til gildistöku laga nr. 3/1986 giltu lög nr. 5/1982, sem einnig voru breytingarlög á stofnlögunum um launaskatt nr. 14/1965. Með lögum nr. 5/1982 var launaskattur lækkaður í 2,5% hjá þeim atvinnugreinum sem síðar fengu hann felldan niður, en önnur atvinnustarfsemi, þ. á m. iðngreinar í byggingariðnaði, greiddu áfram 3,5% launaskatt og hefur það haldist óbreytt síðan.

Við breytingu laga nr. 5/1982 fylgdu þessar athugasemdir í greinargerð, sbr. þingskjal nr. 337 bls. 1621 í Alþingistíðindum, A-deild, 1981–82:

„Launaskattsákvörðun samkvæmt gildandi lögum hefur verið auðveld í framkvæmd. Stofn skattsins hefur verið skattgreiðendum ljós og eftirlit skattstjóra auðvelt þar sem undanþágur eru skýrar. Nauðsynlegt er að framkvæmd laganna verði áfram sem auðveldust og ekki verði lagðar á launagreiðendur og skattyfirvöld meiri skyldur en nauðsynlegt er til að finna launaskattsstofn. Það er því mikilvægt að heil atvinnugrein falli í sama gjaldflokk launaskatts nema um mjög skýrt afmarkaða starfsemi sé að ræða innan hennar.“

Af hálfu stefnanda hefur verið byggt á þeirri málsástæðu m.a. að smíði og uppsetning loftræstikerfis séu í reynd órjúfanlega tengdar og uppsetningin í raun hluti af handverkinu. Eðli máls samkvæmt verði loftræstikerfi ekki að fullu sett saman á verkstæði því sem það sé smíðað á. Hið löggilta handverk taki til hvors tveggja sem einnar heildar. Dómurinn lítur svo á að stefnda hafi í máli þessu ekki tekist að hnekkja þessari málsástæðu stefnanda.

Tilefni laga nr. 3/1986 og laga nr. 5/1982 voru aðgerðir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum sem lutu m.a. að því að koma til móts við fiskvinnslu og iðnað til þess að auðvelda þessum atvinnugreinum að standa undir þeim byrðum, sem gerðir kjarasamningar höfðu lagt þeim á herðar. Þegar þetta er haft í huga og litið til vilja löggjafans eins og hann birtist í framangreindri greinargerð svo og orðalag ákvæðis 6. gr. laga nr. 3/1986, er dómurinn þeirrar skoðunar að lagaskilyrði skorti til þess að telja starfsemi stefnanda að hluta launaskattsskylda.

Niðurstaða málsins er því sú að dómkröfur stefnanda eru teknar til greina.

Niðurstöðum úrskurðar ríkisskattanefndar nr. 187/1990, upp kveðins 13. mars 1990, er hrundið. Greiðsla vinnulauna og þóknana fyrir þann þátt í atvinnustarfsemi stefnanda, sem felst í því að setja upp í húsum loftræstikerfi, framleidd á verkstæði hans, hafa verið undanþegin launaskattsskyldu árið 1987.

Eftir þessum úrslitum verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 80.000,00. Tildæmdur málskostnaður skal bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi dómsuppsögu til greiðsludags.

Ólöf Pétursdóttir, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan. Uppsaga hefur dregist nokkuð vegna veikinda dómara og embættisanna.

Dómsorð:

Niðurstöðum úrskurðar ríkisskattanefndar nr. 187/1990, upp kveðins 13. mars 1990, er hrundið. Greiðslur vinnulauna og þóknana fyrir þann þátt í atvinnustarfsemi stefnanda, sem felst í því að setja upp í húsum loftræstikerfi, framleidd á verkstæði hans, hafa verið undanþegnar launaskattsskyldu á árinu 1987.

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Sveini Jónssyni, kr. 80.000,00 í málskostnað, og skal málskostnaðarfjárhæð bera dráttarvexti samkvæmt ákvæðum III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Fimmtudaginn 23. júní 1994.

Nr. 229/1994. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Sigurði Guðna Björnssyni
(Valgeir Kristinsson hrl.)

Bifreiðar. Umferðarlög. Ölvunarakstur. Ökuréttarsvipting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu í heild sinni, og hefur því af hálfu ákæruvalds verið skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 16. maí 1994. Krefst ákæruvaldið þyngingar á refsingu ákærða og enn frekari sviptingar ökuréttar hans.

Lögregluþjónninn Jónína Guðrún Jack hefur staðfastlega borið, að ákærði hafi setið undir stýri bifreiðarinnar G-3458, þegar lögreglubifreiðinni var ekið vestur Hamraborg í Kópavogi á nýársnótt 1993. Bifreiðin hafi verið í gangi og setið föst í snjó í útkeyrslu af bifreiðastæði fyrir framan Hamraborg 9. Hafi ákærði hnykkt bifreiðinni fram og aftur til þess að reyna að losa hana. Vitnið kvaðst aldrei hafa misst sjónar á ákærða, frá því er hún kom auga á hann undir stýri úr lögreglubifreiðinni, uns hún hafði tal af honum, enda örstutt á milli. Þessi frásögn fær stoð í framburði ökumanns lögreglubifreiðarinnar, sem kvaðst hafa séð ákærða undir stýri á bílnum og þekkt hann sem sama mann og kom inn í lögreglubifreiðina. Þá er til þess að líta, að ákærði viðurkenndi í upphafi rannsóknar málsins akstur þann, sem hann er ákærður fyrir, en hvarf fyrst frá þeirri játningu tæpum 6 mánuðum síðar, er hann skýrði svo frá við lögregluyfirheyrslu, að sambýliskona sín hefði verið ökumaðurinn. Var honum og konu hans þó ljóst, að rannsóknin beindist að honum frá upphafi vegna játningar hans á vettvangi og fyrir varðstjóra, enda var hann í framhaldi hennar færður til töku blóðsýnis til alkóhólrannsóknar. Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta sakarmat héraðsdómara og færslu hans á broti ákærða til refsiákvæða.

Sakaferill ákærða er rakinn í héraðsdómi. Ákærði var ekki orðinn 18 ára, er hann framdi brot þau, sem fjallað er um í dómsáttinni frá 15. september 1987 og dóminum frá 10. janúar 1990. Hafa þau brot því ekki ítrekunaráhrif í máli þessu samkvæmt 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, að því er sviptingu ökuréttar ákærða varðar. Hins vegar var hann tæpra 19 ára, er hann framdi brot það, sem dómsáttin frá 21. mars 1991 lýtur að.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af sakaferli hans og samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 hæfilega ákveðin 60.000 króna sekt, en vararefsing ákveðst 12 daga varðhald. Þá ber og samkvæmt 101. gr. og 3. mgr. 102. gr. umferðarlaga, sbr. nú lög nr. 44/1993, að staðfesta niðurstöðu héraðsdómara um sviptingu ökuréttar ákærða.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest. Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Guðni Björnsson, greiði 60.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfest er ákvæði hins áfrýjaða dóms um sviptingu ökuréttar ákærða og sakarkostnað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Valgeirs Kristinssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 10. desember 1993.

1. Ár 1993, föstudaginn 10. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness af Sigurði Halli Stefánssyni kveðinn upp dómur í máli nr. S-237/1993, sem var dómtekið 2. þ.m.

Mál þetta er höfðað með ákæru sýslumannsins í Kópavogi 2. nóvember 1993 á hendur Sigurði Guðna Björnssyni, kt. 210771-4769, Skólagerði 57, Kópavogi, fyrir að aka aðfaranótt föstudagsins 1. janúar 1993 undir áhrifum áfengis bifreiðinni G-3458 frá heimili sínu að Álfhólsvegi 49, Kópavogi, áleiðis til Hafnarfjarðar, þar til lögreglan hafði afskipti af ákærða á móts við hús númer 9 við Hamraborg, Kópavogi.

Telst þetta varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Af hálfu ákærða eru gerðar þær dómkröfur að hann verði sýknaður af kröfum ákæruvaldsins og honum dæmdur málskostnaður úr ríkissjóði.

2. Samkvæmt skýrslu lögreglunnar í Kópavogi voru lögregluþjónarnir Jónína Guðrún Jack og Þorvaldur Sigmarsson á eftirlitsferð vestur Hamraborg í Kópavogi föstudaginn 1. janúar 1993 kl. 0.35, er þau veittu athygli bifreiðinni G-3458, sem var kyrrstæð móts við hús nr. 9 við Hamraborg. Virtist sem ökumaðurinn hefði fest bifreiðina í snjóskafli. Í skýrslunni segir að Jónína Guðrún hafi haft tal af ökumanni, sem hafi setið undir stýri bifreiðarinnar, og vél hennar verið í gangi. Sterkan áfengisþef hafi lagt frá vitum ökumanns. Í framhaldi af öndunarprófi hafi hann verið fluttur á lögreglustöðina í Kópavogi, þar sem tekin var af honum varðstjóraskýrsla, en að því búnu á slysadeild til töku blóðsýnis. Við yfirheyrslu hjá varðstjóra kvaðst ákærði hafa drukkið úr einu glasi af rauðvíni og tvo bjóra á tímabilinu frá kl. 19 til 21 þá um kvöldið. Hann viðurkenndi að hafa ekið bifreiðinni G-3458 frá heimili sínu, Álfhólsvegi 49, Kópavogi, og ferðinni verið heitið að Setbergi í Hafnarfirði.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóðsýni vera 1,40‰.

3. Við yfirheyrslur hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Árnessýslu 27. maí sl. báru ákærði og sambýliskona hans, Berglind Kristinsdóttir, að hún hefði ekið í umrætt sinn og að þau hefðu bæði verið utan við bifreiðina er lögregla kom að.

Fyrir dóminum kvað ákærði þau Berglindi hafa farið frá heimili þeirra, Álfhólsvegi 49, Kópavogi, áleiðis til Hafnarfjarðar í bifreiðinni G-3458. Berglind hafi ekið en hún hafi drukkið bjór allnokkru fyrr um kvöldið og sjálfur hafi hann drukkið sterkt áfengi og bjór. Þau hafi komið við hjá „Mömmu Rósu", en bifreiðin hafi fest í snjó við útakstur af bifreiðaplani við Hamraborg í Kópavogi. Hann kvaðst hafa farið út úr bifreiðinni og reynt að ýta henni. Á meðan hafi tveim lögreglubifreiðum verið ekið fram hjá frá vestri. Hinni fyrri hafi verið snúið til baka. Í þann mund hafi Berglind komið út úr bifreiðinni, verið skelkuð og hann ákveðið að segjast hafa ekið. Hann hafi tekið við bíllyklinum af Berglindi og hafi þau bæði staðið við ökumannsdyr bifreiðarinnar er lögreglan hafi komið þar að. Hann hafi síðan gefið sig fram, er spurt var hvort þeirra hefði ekið.

Berglind Kristinsdóttir kvað þau ákærða hafa verið heima hjá sér á Álfhólsvegi kvöldið fyrir umrætt atvik. Hún hafi drukkið 1–2 bjóra en ákærði meira. Hún kvaðst hafa ekið bifreiðinni G-3458 og komið við hjá „Mömmu Rósu". Á leið út af bifreiðaplaninu þar hafi bifreiðin fest og ákærði farið út að ýta. Á meðan hafi tveimur lögreglubifreiðum verið ekið fram hjá og annar (sic) þeirra komið til þeirra. Hún kvaðst þá hafa farið út úr bifreiðinni, í uppnámi, en ákærði hafi tekið við bíllyklinum og viljað taka á sig að hafa ekið. Þau hafi bæði staðið við hlið bifreiðarinnar er lögreglukona hafi gengið að þeim og spurt, hvort þeirra hefði ekið, og ákærði þá sagst hafa gert það. Lögreglukonan hafi spurt sig: „Af hverju keyrðirðu ekki?" Hún gat þess, að á þessum tíma hefðu þau bæði verið stuttklippt og ljóshærð, þ.e. ákærði með ljóslitaðar strípur.

Vitnið Jónína Guðrún Jack lögregluþjónn kvaðst hafa verið í lögreglubifreið sem Þorvaldur Sigmarsson ók til vesturs um Hamraborg. Hún kvaðst hafa setið hægra megin í bifreiðinni og á hægri hönd örstutt frá hafi hún séð bifreið við út-(upp-)keyrslu af bílaplani. Í um 10 metra fjarlægð hafi hún séð að verið var að „jugga" bifreiðinni fram og til baka. Lögreglubifreiðin hafi verið stöðvuð og hún farið út úr henni án þess að missa nokkru sinni sjónar á bifreiðinni, sem um ræðir, og gengið að henni til að tala við ökumanninn. Lögreglubifreiðinni hafi verið lagt á stæði skammt frá. Ákærði hafi setið undir stýri bifreiðarinnar, sem hafi verið í gangi allan tímann. Hann hafi sagt: „Það var klaufaskapur hjá mér að gera þetta því að hún er edrú og hefði átt að keyra." Konan hafi hins vegar gefið þá skýringu að hún æki helst ekki í snjó.

Vitnið Þorvaldur Sigmarsson lögregluþjónn skýrði svo frá að hann hefði ekið lögreglubifreiðinni til vesturs ásamt Jónínu Guðrúnu Jack og á móts við Hamraborg 7 hefðu þau séð á hægri hönd bifreið, sem verið var að reyna að losa í beygju af húsagötu upp á aðalgötuna. Hann kvaðst ekki muna hvort hann hefði tekið eftir hreyfingu á bifreiðinni, en hún hefði verið í gangi, reykur úr púströri, og ákærði setið undir stýri. Jónína Guðrún hafi gengið að bifreiðinni og önnur lögreglubifreið hafi komið þar að jafnframt og lögregluþjónar komið út úr henni. Sjálfur kvaðst hann hafa ekið aðeins vestar, yfir hraðahindrun vestan við útkeyrsluna, þar sem bifreiðin G-3458 var, og lagt lögreglubifreiðinni í stæði á vinstri hönd (að sunnanverðu við veginn). Hann kvaðst ekki hafa gengið að bifreiðinni en fylgst með henni.

4. Með vætti lögregluþjóna og niðurstöðu alkóhólrannsóknar er sannað að ákærði hafi framið það brot sem honum er gefið að sök og réttilega er fært til refsiákvæða í ákæru.

Með dómsátt 15.9. 1987 var ákærða gert að greiða sekt og sæta ökuleyfissviptingu f. brot g. 25. og 27. gr. umfl. Þ. 10.1. 1990 var hann dæmdur í 45 daga varðhald, skb. í 3 ár, og til sviptingar ökuleyfis í 1 ár f. brot gegn 1. mgr. 259. gr. alm. hgl., 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 45. gr. umfl. Með sátt þ. 21.3. 1991 var honum gerð sekt, kr. 20.000,00, og svipting ökuleyfis í 4 mánuði f. brot g. 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. umfl. Með sátt þ. 22.8. 1991 gekk hann að greiðslu sektar, kr. 45.000,00, f. brot g. 1. mgr. 48. gr. umfl.

Refsing ákærða er ákveðin 53.000,00 króna sekt til ríkissjóðs og komi varðhald 15 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins. Samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða ökurétti í tvö ár frá birtingu dóms þessa. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun Valgeirs Kristinssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000,00 krónur, og saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000,00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Guðni Björnsson, greiði 53.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökurétti í tvö ár frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun Valgeirs Kristinssonar hrl., 35.000,00 krónur, og saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000,00 krónur.

Fimmtudaginn 23. júní 1994.

Nr. 29/1992. **Kári Thors**
(Andri Árnason hrl.)
gegn
Haraldi Johannessen
(Guðni Haraldsson hrl.)

Líkamsárás. Skaðabætur. Miski. Örorka. Meðdómsmenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 22. janúar 1992 og krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og honum dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að dómkröfur stefnda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti látinn niður falla.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Meðal þeirra eru staðfest ljósrit skattframtala stefnda árin 1988 – 1994.

Áfrýjandi, sem var ókunnur stefnda, réðst óboðinn inn á heimili hans seint að kvöldi og neitaði tilmælum um að hverfa þaðan á brott. Ljóst er, að áfrýjandi var ölvaður og æstur. Enda þótt einungis áfrýjandi og stefndi geti borið um upphaf átakanna og mikið beri á milli í frásögn þeirra, eru ekki efni til að draga í efa, að áfrýjandi hafi haft þar frumkvæði. Er og ósannað, að viðbrögð stefnda gagnvart hinni ólögmætu árás á hann og heimili hans hafi verið á annan veg en nauðsyn krafði.

Í héraðsdómi eru rakin þau læknisfræðilegu gögn, er liggja fyrir um líkamstjón stefnda. Verður að telja sannað, að það megi rekja til atlögu áfrýjanda, og ber að fella á hann óskoraða bótaábyrgð vegna þess. Verður byggt á örorkumati Stefáns Bogasonar tryggingalæknis, sem Læknaráð hefur fallist á.

Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur áætlaði tjón stefnda vegna varanlegrar örorku 3.163.000 krónur í janúar 1989. Við ákvörðun bóta er rétt að líta til þess, að stefndi er embættismaður ríkisins, skipun hans í embætti ótímabundin og líkur til, að hann geti gegnt því þrátt fyrir metna örorku, enda hefur hann haldið óskertum launum frá slysdegi. Útreikningur tryggingastærðfræðingsins á tekjutapi verður því ekki lagður til grundvallar, en rétt er þó að hafa hliðsjón af honum. Einnig verður litið til skattfrelsis bóta og hagræðis af eingreiðslu þeirra. Að öllu þessu virtu þykja bætur vegna örorku stefnda hæfilega ákveðnar 1.400.000 krónur. Bætur vegna miska þykja hæfilega metnar 100.000 krónur, og er þá haft í huga, að vaxtatímabil er hátt í sjö ár, en gera má ráð fyrir, að í vöxtum á þessu tímabili öllu sé verðbótaþáttur. Vextir til uppsögu héraðsdóms verða ákveðnir í samræmi við vaxtaforsendur í útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar, þ.e. vextir af almennum sparisjóðsbókum Landsbanka Íslands, en dráttarvextir verða dæmdir frá uppsögu héraðsdóms, allt eins og nánar segir í dómsorði.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Er þá litið til útlagðs kostnaðar samkvæmt fram lögðum gögnum stefnda, en ekki hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Það athugast, að óþarft var að kveðja til meðdómendur í héraði. Aðilayfirheyrslur í málinu eru mun lengri en efni voru til. Verulega skorti á, að spurningar, sem lögmenn beindu til málsaðila, væru nægilega gagnorðar og markvissar. Þá leiðst áfrýjanda að fara um stefnda niðrandi orðum, sem voru í engum tengslum við sakarefnið. Er ljóst af þessu, að verulega hefur á það skort, að formaður dómsins hefði viðhlítandi stjórn á skýrslutökum. Allt er þetta aðfinnsluvert.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Kári Thors, greiði stefnda, Haraldi Johannessen, 1.500.000 krónur með ársvöxtum sem nemur 15% frá 30. júlí 1987 til 21. september sama ár, 17% frá þeim degi til 11. október sama ár, 19% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 20% frá þeim degi til 1. desember sama ár, 22% frá þeim degi til 21. febrúar 1988, 20% frá þeim degi til 1. mars sama ár, 19% frá þeim degi til 11. júní sama ár, 23% frá þeim degi til 21. júní sama ár, 24% frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 26% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 22% frá þeim degi til 1. september sama ár, 12% frá þeim degi til 11. október sama ár, 9% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 6% frá þeim degi til 1. desember sama ár, 4% frá þeim degi til 21. janúar 1989, 6% frá þeim degi til 1. febrúar sama ár, 8% frá þeim degi til 1. mars sama ár, 10% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 13% frá þeim degi til 11. apríl sama ár, 15% frá þeim degi til 11. júní sama ár, 17% frá þeim degi til 21. júlí sama ár, 12% frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 10% frá þeim degi til 1. september sama ár, 6% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 8% frá þeim degi til 21. október sama ár, 9% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 11% frá þeim degi til 1. janúar 1990, 9% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 7% frá þeim degi til 1. mars sama ár, 5% frá þeim degi til 1. apríl sama ár, 3% frá þeim degi til 1. október sama ár, 2,5% frá þeim degi til 1. janúar 1991, 3,5% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 5% frá þeim degi til 1. júní sama ár, 6% frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 7% frá þeim degi til 11. október sama ár, 4% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 3,75% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 3,5% frá þeim degi til 1. desember sama ár og 3% frá þeim degi til 12. sama mánaðar, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Heimilt er að höfuðstólsfæra áfallna vexti á tólf mánaða fresti, í fyrsta skipti 30. júlí 1988.

Áfrýjandi greiði stefnda 380.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Seltjarnarness 12. desember 1991.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 21. nóvember sl., er höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, birtri 12. desember 1989.

Stefnandi er Haraldur Johannessen, kt. 250654-3169, Strönd við Nesveg, Seltjarnarnesi, en stefndi er Kári Thors, kt. 070759-7569, Hamarsgötu 8, Seltjarnarnesi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 9.000.000,00 ásamt [nánar tilgreindum vöxtum og málskostnaði].

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur málskostnaður [...]. Til vara krefst stefndi þess, að dómkröfur verði stórlega lækkaðar og að málskostnaður verði í því tilviki látinn niður falla.

Sáttatilraunir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

I.

Stefnandi kveður málavexti þá, að undir miðnætti 29. júlí 1987 hafi dyrasíma á heimili sínu verið hringt. Hann búi á annarri hæð í tvíbýlishúsi, og hafi eiginkona sín, sem taldi, að bróðir hennar væri þar á ferð, opnað útidyr með rafmagnsrofa. Þegar hún hafi opnað dyr fram á stigagang íbúðarinnar, hafi stefndi staðið neðst í stigaganginum, ölvaður mjög og æstur. Eiginkona stefnanda, sem kannaðist ekki við stefnda, hafi bent honum á að hann væri að villast. En stefndi hafi í engu sinnt ábendingum hennar, heldur ruðst fram hjá henni og upp stigann. Hún hafi þá kallað á aðstoð stefnanda, sem kom fram. Hafi hann reynt með fortölum að róa stefnda og fá hann til að yfirgefa húsið. Stefndi hafi ekki sinnt því og verið með svívirðingar og hótanir í garð stefnanda. Stefnandi og eiginkona hans hafi brugðið á það ráð að læsa millihurð í þeirri von, að stefndi yfirgæfi húsið sjálfviljugur. Skömmu síðar hafi þau heyrt að útihurð var skellt. Við eftirgrennslan hafi komið í ljós að stefndi var á leið frá húsinu og hélt á fatnaði sem hann hafði tekið úr fatahengi stefnanda. Stefnandi kveðst hafa elt hann út, náð að taka af honum fatnaðinn og snúið síðan inn aftur. En stefndi hafi elt sig til baka og tekist að smeygja sér á eftir sér inn í húsið upp á efri pall stigagangs og verið mjög ógnandi.

Stefnandi kveðst hafa viljað forðast að lenda í átökum í lengstu lög. Stefndi hafi verið orðinn hálfu verri eftir að inn var komið.

Stefnandi hafi gengið upp stigann, en stefndi hafi farið úr skóm og jakka á neðsta palli og elt stefnanda upp. Stefndi hafi reynt mjög að fá stefnanda til að slást, en stefnandi kveðst hafa reynt að tala við hann og róa.

Skyndilega hafi stefndi beygt sig niður og náð að slá stefnanda á hálsinn með krepptum hnefa og í beinu framhaldi náð hálstaki á stefnanda. Talsverð átök hafi átt sér stað og þeir slegist utan í hurðina á íbúðinni og síðan lent úti í glugga, og þar hafi stefnanda tekist að snúa sig úr hálstakinu, getað skellt stefnda í gólfið. Hann hafi haldið stefnda á gólfinu uns lögregluaðstoð barst. Tvo lögregluþjóna hafi þurft til að koma stefnda í vörslu og hafi hann verið handjárnaður vegna þess hvað hann var æstur. Stefndi hafi hótað stefnanda lífláti er hann hafði hann í tökunum á gólfinu.

Stefnandi kveðst ekki hafa þekkt stefnda.

Ekkert áfengi hafi verið haft um hönd á heimili stefnanda þetta kvöld og ekkert samkvæmi eins og stefndi hafi haldið fram. Stefnandi hafi ekki heldur þekkt stefnda, eins og stefndi haldi fram.

Stefnandi kveðst hafa leitað á slysavarðstofu strax eftir átökin, enda fundið fyrir sársauka í hnakka og hálsi, jafnframt því sem hann hafi fengið áverka á bak og brjóst.

Stefnandi lagði fram kæru morguninn eftir á hendur stefnda og eiginkona stefnanda, Brynhildur Ingimundardóttir, gaf einnig skýrslu.

Einnig var tekin lögregluskýrsla af stefnda morguninn eftir dvöl í fangageymslu. Hann skýrir svo frá í skýrslu sinni hjá lögreglu, að hann hafi verið dauðadrukkinn kvöldið áður og muni ekkert frá atburðinum. Hann viti ekki hvert hann hafi farið eða hvað hann hafi gert. Hann viti ekki hvaða erindi hann hafi átt í húsið Strönd, og fólkið, sem þar búi, sé sér ókunnugt og hann eigi ekki neitt sökótt við það.

Þann 3. desember 1987 lagði stefnandi fram skaðabótakröfu hjá lögreglu á hendur stefnda, samtals að fjárhæð kr. 109.350,00.

Stefnda var kynnt skaðabótakrafa stefnanda þann 25. mars 1988. Er haft eftir honum í lögregluskýrslu sama dag: „Mætti kveðst algjörlega hafna því að greiða þessa kröfu. Nánar aðspurður um atvikið segist mætti í umrætt sinn hafa verið drukkinn og farið á nokkra bari í borginni. Mætti segir að einhver hafi sagt honum að það væri „party“ hjá Haraldi og sagt að það væri að Strönd við Nesveg. Mætti kveðst hafa kannast við Harald frá því hann var í 3ja bekk M.R., en þá hafi Haraldur verið í 6. bekk.

Mætti kveðst hafa farið á staðinn og hafi honum verið hleypt inn. Síðan hafi komið til rifrildis og hafi Haraldi þá sárnað og ráðist að mætta.

Mætti kveðst hafa fengið áverka í átökunum og hafi hann verið saumaður í andliti á slysadeild Borgarspítalans.

Mætti kveðst hafa verið mjög drukkinn þegar þetta gerðist og muni hann því ekki nákvæmlega hvort honum var hleypt inn með dyrasíma eða með öðrum hætti.“

Þessum breytta framburði stefnda var harðlega mótmælt af hálfu stefnanda í lögregluskýrslu 29. mars 1988.

Með bréfi ríkissaksóknara, dags. 30. maí 1988, var af ákæruvaldsins hálfu samþykkt að málinu yrði lokið með dómsátt. Þann 13. júlí 1988 féllst stefndi á dómsátt fyrir sakadómi Seltjarnarness. Hann neitaði greiðslu skaðabóta, en samþykkti að greiða kr. 14.000,00 í sekt til ríkissjóðs til að sleppa við málsókn út af brotinu, sem þótti varða við 1. mgr. 217. gr. og 231. gr. almennra hegningarlaga.

Í sáttinni, sem stefndi undirritaði, stendur m.a.: „Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974. Kærði er áminntur um sannsögli. Hann játar, að efni kærunnar sé rétt og kannast við ofangreint brot sitt.“

II.

Verður nú rakin sjúkrasaga stefnanda.

Í vottorði læknis á slysadeild Borgarspítalans segir að skráma hafi verið á stefnanda fyrir aftan vinstra eyra og lítill skurður þar bak við. Þá voru eymsli yfir hálsvöðvum, aðallega yfir m. trapezius hægra megin, og sársauki við snúningshreyfingar yfir til hægri og við að halla höfði til hægri. Var það álitið tognun á hálsvöðvum. Þá var skráma aftan á baki og önnur minni framan á brjóstkassa. Áverkarnir voru ekki taldir þurfa sérstakrar meðferðar við, nema stefnandi fékk ráðleggingar.

Stefnandi leitaði til Guðjóns Lárussonar læknis 2–3 mánuðum síðar, er gaf honum tilvísun á Friðrik Guðbrandsson, sérfræðing í háls-, nef- og eyrnasjúkdómum. Í vottorði hans, dags. 16. maí 1990, segir, að stefnandi hafi komið til hans 30. desember 1987 og skýrt svo frá að hann hafi lent í átökum og fengið slink á hálsinn og var hann við skoðun aumur yfir hnakkafestum við hægri brún musculus trapezius. Við skoðun fannst bólguhnútur, eins konar vöðvasamdráttur í hnakkavöðvum. Eymsli hafi verið við hreyfingu í hálsliðum. Sjúkraþjálfun var ráðlögð.

Í vottorði Sigurðar Arnar Hektorssonar læknis, dags. 22. nóvember 1988, segir: „Þann 22. apríl 1988 leitaði ofangreindur til mín, en ég er heimilislæknir hans, vegna verkja í hálsi, hnakka og herðum með geislun niður í hægri öxl og niður handlegg, en ekki kom fram dofi eða einkenni í fingrum. Hann kvartaði einnig um að fram væri komin kúla eða hnúður aftan til á hálsi. Kvað hann þetta eiga rætur að rekja til áverka sem hann varð fyrir síðla árs 1987, líklega í júlí, er hann kvaðst hafa orðið fyrir árás á heimili sínu, er maður nokkur tók hann mjög kröftugu hálstaki og sneri höfuðið. Fann fljótlega eftir árásina verk aftan á hálsinum, sem náði hámarki um einum mánuði síðar. Frá þessum tíma hafði hann farið smám saman versnandi að því leyti að hann varð æ stirðari í hálsi og fann stöðugt til verkja auk þess sem honum fannst óeðlilegur hnúðurinn aftan á hálsinum.

Við skoðun 22.04. 1988, hjá mér, kom í ljós verulegur stirðleiki við rotatio til beggja átta og við lateral flexio ásamt verulegum eymslum í hnakkafestum. Einnig var mikill stirðleiki eða hersli í hálsvöðvum hægra megin þannig að einnig varð um læsingu að ræða á flestum hreyfingum hálsins. Vegna þessa virtist sjúklingur vera orðinn mjög hokinn og skýrir það væntanlega fram komna kúlu á mótum hálssúlu og brjóstsúlu, þar sem hálssúlan var mjög niðurlút.

Af þessu tilefni var tekin röntgenmynd af columna cervicalis þann 26.04. 1988, sbr. meðfylgjandi ljósrit, en hún var eðlileg.

Sjúklingur var sendur í sjúkraþjálfun og var lengi um að ræða skerðingu á lateral flexio til hægri ásamt rotatio.

Við sjúkraþjálfun er ljóst að sjúklingur hefur náð töluverðum bata. Skoðun 20.10. 1988 leiðir í ljós að hann er orðinn mun betri en kvartar þó um svolítinn þreytuverk sem geislar frá herðum hægra megin niður í hægri upphandlegg, en ekki er til staðar dofi eða máttleysi. Þó finnst honum enn bera á fyrrgreindri stöðuskekkju, þ.e.a.s. bungu eða hnúð á mótum hálssúlu og brjóstsúlu, en hreyfingar hálssúlu og höfuðs eru eymslalausar og hreyfiferill í hálsi orðinn góður.

Það verður að teljast afar líklegt að hafi sjúklingur orðið fyrir svo harkalegu hálstaki sem hann greinir frá, þá hafi það leitt til tognunar á hálsi sem hafi í för með sér ofangreind einkenni.“

Þá hefur verið lagt fram í málinu vottorð Árna Árnasonar sjúkraþjálfara um að stefnandi hafi gengið til hans alls 22 sinnum á tímabilinu 14. júlí 1988 til 4. nóvember 1988 vegna stífleika og eymsla í hálsi, og vottorð Hilmars Ágústssonar sjúkraþjálfara um, að stefnandi hafi komið í alls 50 meðferðir frá 14. júlí 1988 til 8. ágúst 1990.

Fyrir dómi skýrði stefnandi svo frá að hann leitaði enn til sjúkraþjálfara er hann væri orðinn slæmur og skánaði honum þá.

Stefnandi leitaði eftir örorkumati og segir svo í örorkumati Stefáns Bogasonar læknis, dags. 24. nóvember 1988:

„Um það leyti sem hann byrjaði í sjúkraþjálfuninni var hann búinn að tileinka sér ákveðna stellingu með höfuð og háls þannig að hann fyndi minna til og var það þannig að hann var álútur með höfuð beygt fram í bringu. Segir hann að þá hafi myndast hnúður aftan á hálsi neðst. Hann segir að þegar hann fór til Sigurðar Hektorssonar hafi hann verið kominn með dofa og máttleysi niður í hægri handlegg og sjóntruflanir. Hann hefur lagast við þjálfunina. Það hefur rést úr hálsinum en hann er enn með þreytuverki aftan í hálsi og út í hægri öxl og handlegg. Hann er verri ef hann er þreyttur. Slasaði starfaði hjá ríkislögmanni þegar slysið vildi til, og kveðst ekki hafa átt hægt með að hætta vinnu um það leyti og hélt því áfram störfum þrátt fyrir stöðug óþægindi. Hann var verstur af þessum óþægindum frá slysinu og þar til hann byrjaði í sjúkraþjálfun. Þó að hann væri í fullu starfi, þá var hann eitthvað fatlaður til vinnu vegna stöðugra verkja. Hann var búinn að koma sér upp sérstakri vinnustellingu til þess að reyna að draga úr verkjum, auk þess sem hann þurfti að vera í vissum stellingum á nóttunni.

Við skoðun eru eymsli í hálsi hægra megin út í hægri öxl og leiðir niður í hægri handlegg ef axlarvöðvinn er þuklaður. Tekur í ef hann hallar höfði til vinstri eða snýr því til vinstri.

Álit:

Um er að ræða rúmlega þrjátíu og fjögurra ára gamlan lögfræðing sem varð fyrir líkamsárás í stigagangi húss þess sem hann býr í, er drukkinn aðkomumaður veittist að honum. Aðkomumaðurinn greiddi honum þungt hnefahögg á hálsinn vinstra megin fyrir aftan eyra og tók hann síðan föstu hálstaki með hægri hendi, en í átökum þeim sem á eftir fylgdu mun slasaði hafa hlotið mar og tognunaráverka á vöðva, liðbönd og taugar í hálsi.

Við skoðun á slysadeild Borgarspítalans skömmu eftir árásina fundust einkenni sem bent gátu til hnefahöggs á háls vinstra megin aftan við eyra og tognunar á hálsvöðvum. Voru þessi einkenni þrálát og þrátt fyrir langvarandi sjúkraþjálfun eru nokkur einkenni enn til staðar. Slasaði er enn með þreytuverki aftan í hálsi og út í hægri öxl og handlegg. Hann versnar ef hann er þreyttur. Hann er enn aumur í hálsi hægra megin og út í hægri öxl. Leiðir óþægindin niður í hægri handlegg. Hann þolir illa að halla höfði til vinstri eða snúa því til vinstri.

Telja má fullvíst að hálstak það sem slasaði lýsir hafi leitt til mars og tognunaráverka á mjúkvefi í hálsi, bæði vöðva, liðbönd og taugar. Gæti það skýrt leiðniverki út í hægri handlegg.

Þar sem nú er liðið svo langt frá slysinu og meðferð hjá sjúkraþjálfara hefur verið þrautreynd er ekki að búast við frekari bata en orðið er þannig að búast má við að þau einkenni sem slasaði hefur enn muni verða varanleg. Þó að slasaði hafi sinnt störfum sínum eftir áverkann hefur hann vafalaust átt í verulegum erfiðleikum með það vegna þrálátra verkja. Hann hefur þurft að koma sér upp sérstakri stellingu bæði í vinnunni og eins til að geta sofið vegna verkjanna.

Tímabundin og varanleg örorka af völdum áverkans telst hæfilega metin sem hér segir:

Frá slysdegi í 12 mánuði	50%
Varanleg örorka	15%“

Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur reiknaði út örorkutjón stefnanda á grundvelli örorkumats. Í skýrslu hans frá 18. janúar 1989 segir: „Samkvæmt ljósritum af skattframtölum Haralds voru vinnutekjur hans næstu 3 árin fyrir slysið eins og hér segir, og eru jafnframt sýndar tekjurnar eftir að þær hafa verið umreiknaðar vegna kaupbreytinga:

		Tekjur	*Umreiknaðar tekjur*
Árið 1984	kr.	109.717	335.300
Árið 1985	„	726.176	1.630.600
Árið 1986	„	1.211.894	2.015.100

Árið 1984 var Haraldur í háskóla í Bandaríkjunum og sleppi ég því ári í tekjuviðmiðun en nota eingöngu árin 1985 og 1986. Meðaltekjur þeirra ára eru kr. 1.822.800. Þær eru frá Ísal og ríkisbókhaldinu.

Á framangreindum forsendum um tekjur og miðað við, að tekjutap vegna slyssins sé á hverjum tíma sami hundraðshluti tekna og örorka er metin, eins og tíðkast hefur, fæst eftirfarandi áætlun:

		Áætlaðar tekjur	*Tekjutap*
Árið 1987, frá slysdegi	kr.	672.600	336.300
Árið 1988	„	1.764.100	614.500
Síðan árlega	„	1.822,800	273.400

Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	766.000
Vegna varanlegrar örorku	„	3.163.000
Samtals	kr.	3.929.000“

Við útreikning höfuðstólsverðmætis notar tryggingastærðfræðingurinn vexti (einfalda) af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands, en eftir útreikningsdag 6% vexti og vaxtavexti. Ekki tekur hann tillit til skatta.

III.

Fyrir dómi kveður stefndi málavexti þá, að hann hafi verið að skemmta sér umrætt kvöld og komið við á nokkrum veitingahúsum. Einhver hafi sagt sér að samkvæmi væri hjá stefnanda, en hann hafi kannast við hann, frá því að hann var í Menntaskólanum í Reykjavík, hann í 3. bekk, en stefnandi í 6. bekk. Hann kvaðst ekki vera ofbeldishneigður, og sér hafi strax orðið ljóst, er hann gekk upp stigann á heimili stefnanda að hann ætlaði að ráðast á sig. Hann hafi hins vegar verið of drukkinn til þess að slást og fundið það strax. Stefnandi hafi ráðist á sig og haft sig undir, og hafi það orðið sér til lífs, að eiginkona stefnanda hringdi á lögregluna, og kom hún og bjargaði honum úr höndum stefnanda. Aðspurður um hvers vegna lögreglan hafi þurft að handjárna hann, kvað hann það hafa verið vegna þess að hann hafi fengið móðursýkiskast eftir átökin. Hann hafi undirgengist dómsátt í sakadómi til þess að spara sér fé og fyrirhöfn og til þess að sleppa við ákæru. Hafi hann talið að með því félli skaðabótakrafa stefnanda niður og hann væri laus allra mála. Hann hafi því ekki tekið til varna fyrir sakadómi.

Hann hafi ekki munað neitt eftir atburðum kvöldsins daginn eftir hjá lögreglu vegna þess að hann hafi fengið heilahristing í átökunum. Hann hafi fengið 1 cm langt sár á vinstri augabrún, sem hafi verið saumað saman um nóttina, sbr. vottorð slysadeildar.

Í þinghaldi 8. maí 1990 óskaði stefndi eftir að dómurinn leitaði álits Læknaráðs um eftirgreind atriði, með vísan til 2. gr. laga nr. 14/1942:

a) Telur Læknaráð sannað að stefnandi hafi orðið fyrir því líkamstjóni, sem lýst er í örorkumati Stefáns Bogasonar?

b) Ef Læknaráð telur að nægilegar sannanir séu fyrir hendi um líkamstjón stefnanda er óskað álits á því hvort líkamstjónið kunni að vera afleiðing hnefahöggs á höfuð stefnanda og hálstaks eins og lýst er í matinu.

c) Telur Læknaráð að afleiðingar átakanna, t.d. myndun kúlu á mótum hálssúlu og brjóstsúlu, eins og lýst er í vottorði Sigurðar Hektorssonar, kunni að vera að kenna hve stefnandi leitaði seint læknis og meðferðar sjúkraþjálfara?

d) Telur Læknaráð að nokkrar líkur séu á að sjúkdómseinkenni stefnanda stafi af öðru en átökunum, t.d. er mögulegt að sjúkrasaga stefnanda fyrir og eftir átökin, langskólanám hans og atvinna eða önnur atriði hafi getað valdið þeim einkennum, er stefnandi lýsir?

e) Telur Læknaráð að mat á örorku stefnanda samkvæmt örorkumati sé hæfilegt þegar litið er til þeirra upplýsinga, sem fram hafa komið í máli þessu, t.d. hvort tímabundið örorkumat sé hæfilegt með hliðsjón af því hve seint stefnandi leitaði læknis?

f) Önnur atriði er Læknaráð telur að geti orðið til sem réttastrar niðurstöðu máls þessa.

Í greinargerð stefnda til bæjarþings vegna ofangreindrar beiðni hans um að málið verði sent Læknaráði til úrskurðar, segir m.a.:

„Stefndi kannast ekki við að hafa slegið til stefnanda eða tekið hann haustaki, ekki síst með hægri hendi, eins og stefnandi heldur fram, og bendir í þessu sambandi á að hann sé örvhentur. Sé því útilokað að frásögn stefnanda sé rétt. Þá er því haldið fram af hálfu stefnda að átök þeirra stefnanda hafi aldrei getað valdið hinu meinta líkamstjóni stefnanda. Skal í því sambandi bent á eftirfarandi:

1) Stefndi var mjög ölvaður og því ekki líklegur til stórátaka.
2) Samkvæmt lögregluskýrslu 30.07. 1987 er átökunum lýst svo: „Hann (stefnandi) kvaðst síðan hafa verið að ræða við manninn er hann slær til sín hnefahögg. Kvaðst hann rétt hafa getað vikið sér undan en samt sem áður fengið höggið í hálsinn. Síðan hefðu orðið nokkur átök á milli þeirra áður en hann hefði yfirbugað hann.“ Í lögregluskýrslunni segir síðan: „Nokkur roði var kominn á hálsinn á Haraldi og fór hann því á slysadeild Borgarspítalans og fékk áverkavottorð.
3) Í lögregluskýrslu síðar þennan dag lýsir stefnandi átökunum þannig: „Mætti kveðst hafa verið að ræða við Kára og reyna að róa hann er Kári hafi skyndilega beygt sig niður og náð að slá mætta á hálsinn með krepptum hnefa og í beinu framhaldi hafi Kári náð hálstaki á mætta.“
4) Í skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar hinn 3. desember 1987 segir stefnandi m.a.: „Áminntur um sannsögli skýrir mætti svo frá, að hann sé ennþá ekki búinn að ná sér eftir árás Kára Thors. Mætti kvartar um stöðugan verk í hálsvöðva er leggi niður í öxl og bak hægra megin á líkama hans. Þetta séu verkir sem hann hafi ekki haft fyrir árás Kára og hann hafi haft stöðugt síðan. Mætti telur orsakarinnar vera að leita í hálstaki sem Kári hafi tekið hann umrætt sinn.“ Við skýrslugjöf þessa gerði stefnandi bótakröfu á hendur stefnda fyrir sig og konu sinnar hönd, að fjárhæð kr. 109.350,00, eins og nánar er sundurliðað í skýrslunni.
5) Í skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar hinn 29. mars 1988 segir stefnandi m.a.: „Það varð undirrituðum til láns að vera allsgáður og með fulla athygli á árásarmanninum. Ef svo hefði ekki verið má reikna með að undirritaður hefði hlotið stórfelldan líkamsskaða af þessari lymskulegu og undirbúnu árás árásarmannsins.“ Enn fremur segir hann í skýrslunni: „Að lokum er áskilinn réttur til frekari og aukinnar kröfugerðar á hendur árásarmanninum í ljósi þess að undirritaður hefur haft stöðugar þrautir hægra megin í háls- og axlarliðum eftir árás mannsins.“
6) Í læknisvottorði Arnar E. Ingasonar læknis á slysadeild Borgarspítalans, er skoðaði stefnanda hinn 30. júlí 1987, segir svo í niðurlagi:

„Áverkar þessir voru ekki taldir þurfa sérstakrar meðferðar við, nema hvað sjúkl. fékk ráðleggingar. Hann fór síðan af deildinni og er ekki að sjá, að hann hafi komið síðar vegna áverka þessa.“

7) Stefnandi fer ekki til heimilislæknis síns fyrr en 22. apríl 1988, sbr. vottorð Sigurðar Arnar Hektorssonar dags. 22. nóvember 1988. Í vottorði er lýsing stefnanda á líkamlegu ástandi sínu sem hann segir „eiga rætur að rekja til áverka sem hann varð fyrir síðla árs 1987, líklega í júlí, er hann kveðst hafa orðið fyrir árás á heimili sínu, er maður nokkur tók hann mjög kröftugu hálstaki og sneri höfuðið. Fann fljótlega eftir árásina verk aftan á hálsinum, sem náði hámarki um einum mánuði síðar. Frá þessum tíma hafði hann farið smám saman versnandi að því leyti að hann varð æ stirðari í hálsi og fann stöðugt til verkja auk þess sem honum fannst óeðlilegur hnúðurinn aftan á hálsinum.“ Samkvæmt læknisvottorðinu kemur fram að skoðun læknisins 26.04. 1988 leiddi eftirfarandi í ljós: „Kom í ljós verulegur stirðleiki við rotatio til beggja átta og við lateral flexio ásamt verulegum eymslum í hnakkafestum. Einnig var mikill stirðleiki eða hersli í hálsvöðvum hægra megin þannig að einnig varð um læsingu að ræða á flestum hreyfingum hálsins. Vegna þessa virtist sjúklingur vera orðinn mjög hokinn og skýrir það væntanlega fram komna kúlu á mótum hálssúlu og brjóstsúlu, þar sem hálssúlan var mjög niðurlút.

Af þessu tilefni var tekin röntgenmynd af columna cervicalis þannig 26.04. 1988, sbr. meðfylgjandi ljósrit, en hún var eðlileg.“

Síðan segir í vottorðinu að sjúklingurinn hafi verið sendur í sjúkraþjálfun, og við skoðun 22.10. 1988 komi í ljós að við sjúkraþjálfunina hafi sjúklingurinn náð töluverðum bata. Varðandi skoðun læknisins greinir hann frá einkennum stefnanda, eins og hann sjálfur lýsir þeim, en fram kemur að hreyfingar hálssúlu og höfuðs séu eymslalausar og hreyfiferill í hálsi orðinn góður.

Þá segir læknirinn að lokum: „Það verður að teljast afar líklegt **að hafi sjúklingur orðið fyrir svo harkalegu hálstaki sem hann greinir frá** (leturbreyting mín) þá hafi það leitt til tognunar á hálsi sem hafi í för með sér ofangreind einkenni.

8) Stefnandi fór fyrst til sjúkraþjálfara 14.07. 1988, tæpu ári eftir að hin meintu átök áttu sér stað.

9) Í lýsingu stefnanda, sem örorkumatið er byggt á, sbr. bls. 3 í örorkumatinu, segir að árásarmaðurinn hafi slegið hann þungt hnefahögg, og hafi höggið komið á hálsinn rétt fyrir neðan vinstra eyra. Síðan segir: „Virðist hnefinn hafa runnið aftur með hálsinum frekar en það kæmi

þungt högg á hálsinn. Í beinu framhaldi af því greip árásarmaðurinn hann hálstaki með hægri hendi og eftir nokkur átök kom slasaði árásarmanninum undir, en hafði í þeim átökum hlotið allmikla áverka á háls.“

Í matinu kemur fram að stefnandi hafi greint svo frá að er hann fór til Sigurðar Hektorssonar hafi hann verið kominn með dofa og máttleysi niður hægri handlegg og sjóntruflanir. Þetta kemur ekki fram í læknisvottorði Sigurðar.

Í matinu er greint frá því að við skoðun séu eymsli í hálsi hægra megin út í hægri öxl og leiði niður í hægri handlegg, sé axlarvöðvinn þuklaður. Er þetta í andstöðu við vottorð Sigurðar.

Í matinu kemur fram að stefnandi hafi tjáð tryggingalækni, að hann hafi, áður en hann fór til Sigurðar Hektorssonar, leitað til Friðriks Guðbrandssonar. Vottorð hans liggur ekki fyrir.

Í örorkumati er á því byggt að einkenni, sem fundist hafi við skoðun á slysadeild Borgarspítalans, hafi getað bent til hnefahöggs á háls vinstra megin aftan við eyra og tognunar á hálsvöðvum. Slíks er ekki sérstaklega getið í vottorði Arnar E. Ingasonar.

Eins og hér hefur verið rakið eru frásagnir stefnanda af átökunum og afleiðingum þeirra mjög mismunandi og verður ekki betur séð en að lýsing hans, sem örorkumatið er byggt á, sé í andstöðu við raunveruleikann. Er og að sjá að Sigurður Hektorsson sé ekki trúaður á frásögn stefnanda, sbr. niðurlag læknisvottorðs hans.

Skal áréttað í því sambandi:

Byggt er á því að stefnandi hafi orðið fyrir þungu hnefahöggi á hálsinn, þó að í lögregluskýrslu komi fram, sbr. 1. hér að framan, að hann hafi vikið sér undan högginu að mestu og í síðari skýrslum telji hann að einkennin stafi af hálstaki því er hann hafi verið tekinn.

Stefnandi er talinn hafa eymsli og stirðleika í hálsi, sem ekki er í samræmi við vottorð Sigurðar Hektorssonar.

Einkenni þau, sem lögð eru til grundvallar við matið, eru mun alvarlegri og meiri en önnur og eldri gögn málsins greina.

Öll lýsing stefnanda á átökum við stefnda á við um rétthentan mann, en ekki örvhentan eins og stefndi er.“

Í þinghaldi 8. maí 1990 var kveðinn upp úrskurður á bæjarþingi Seltjarnarness um, að óskað væri álits Læknaráðs á framangreindum atriðum.

Réttarmáladeild Læknaráðs svaraði spurningum stefnda með eftirfarandi hætti og staðfesti Læknaráð þá niðurstöðu:

„1. Já. Talið er sannað að stefnandi hafi orðið fyrir líkamstjóni, sem fram kemur í gögnum og er rækilega skjalfest í lögregluskýrslum. Málsatvikum er lýst í örorkumati Stefáns Bogasonar og er ósannað að þau hafi verið á nokkurn annan veg en fram kemur. Önnur læknisvottorð lýsa líkamsástandi eftir áverka, en greina hvergi frá hvernig því var háttað áður.

2. Já. Telja verður að nægilegar sannanir séu fyrir hendi um að líkamstjón stefnanda kunni að vera afleiðing hnefahöggs á höfuð stefnanda og hálstaks eins og lýst er.
3. Nei. Engin rök eru til þess að ætla að afleiðingar átakanna kunni að vera að kenna, að stefnandi leitaði seint læknis, og meðferðar sjúkraþjálfara.
4. Nei. Sjúkrasaga stefnanda fyrir átök er óþekkt. Einstaklingur, sem stundar langskólanám eða kyrrsetuvinnu, kann að vera illa í stakk búinn til að mæta óvæntum átökum. Hins vegar er talið ósannað að sjúkdómseinkenni hafi verið til staðar fyrir átök.
5. Telja verður með tilliti til örorkumats Stefáns Bogasonar læknis og minnispunkta Júlíusar Valssonar læknis um örorku stefnanda, þá hafi ráðið ekkert við það mat að athuga.
6. Ráðið telur að eins og gögnum málsins er háttað þá séu ekki önnur atriði sem máli skipta við niðurstöðu málsins.“

Í tengslum við umfjöllun Læknaráðs var Stefán Bogason læknir fenginn til að endurmeta örorku stefnanda 19. desember 1990. Hann leitaði til Júlíusar Valssonar tryggingalæknis og sérfræðings í rheumatologi, sem tók stefnanda í viðtal og skoðun. Í greinargerð hans, dags. 13. desember, segir m.a.:

„*Einkenni Haralds í dag eru eftirfarandi:*

Stöðugir þreytuverkir hægra megin á hálsi og aftan til á stað, sem samsvarar festu (insertio) musculus sternocleidomastoideus dxt. Fær þessa verki gjarnan við setur og snúning á höfði til vinstri. Minni óþægindi við reigingu höfuðs. Fær þá verki í vöðvafestur á hnakka. Haraldur segir einnig svo frá að hann fái oftsinnis þreytuverki, sem leiðir frá hálsinum hægra megin og niður í handleggi og þá alveg fram í fingurgóma. Kemur aðallega við álag á handlegginn og höndina og þetta hefur valdið því að hann hlífir handleggnum við álagi. Hann kveðst oft máttminni í handleggnum miðað við vinstri. Hann fær oftsinnis óþægindi að nóttu til og þarf að hlaða undir sig koddum til að ná hvíldarstellingu. Óþægindin frá hálsinum há honum töluvert í starfi. Haraldur kveðst hafa átt í töluverðum sálrænum erfiðleikum eftir áflogin. Hann hafi átt erfitt með svefn og verið kvíðafullur, átt erfitt með einbeitingu og fundið fyrir sjóntruflunum, t.d. við lestur þar sem stafir áttu til að renna saman. Þetta hefur þó lagast með tímanum. Hann kveðst þó vera vanur ýmsu andlegu álagi, þar sem hann starfaði áður sem lögregluþjónn. Var hraustur og einkennalaus fyrir líkamsárásina þann 30.07. 1987. Hann kveðst eftir árásina hafa orðið mjög var um sig og vera það enn. Hann er hræddur um konu sína og börn og hefur látið útbúa sérstaka trygga lása á hurðir heimilis síns. Árásarmaðurinn mun búa í næsta nágrenni við hann og hræðist Haraldur stöðugt nýjar aðgerðir af hans hálfu. Þetta hafi valdið honum töluverðum kvíða.

Skoðun:

Haraldur kemur eðlilega fyrir og gefur greinargóða sögu. Hann er hraustlegur og hefur eðlilegan litarhátt. Við hreyfingar í hálsliðum greinir hann frá eymslum hægra megin á hálsi við snúning til vinstri og kveinkar sér greinilega í ystu stöðu. Einnig á hann í erfiðleikum með fulla reigingu en hægri snúningur og hneiging er eðlileg. Eymsli koma einnig fram hægra megin á hálsi er hann hallar höfði til vinstri. Það er aukin thoracal kyphosa. Við þreifingu eru eymsli yfir vöðvafestum (insertio) musculus sternocleidomastoideus hægra megin, ystu brún musculus trapezius hægra megin. Tauga- og æðaskoðun á handleggjum og höndum er eðlileg. Það er engin vöðvarýrnun, og hreyfiferill í öxlum og olnbogum og öðrum smáliðum handanna er eðlilegur.

Ályktun:

Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja um þetta mál, og samkvæmt viðtali mínu við sjúkling hefur hann orðið fyrir mari og tognunaráverka á hálsi við áðurnefnda líkamsárás. Var tekinn hraustlegu hálstaki, þar sem höfuð hans var þvingað með afli til vinstri og kemur áðurnefndur tognunaráverki vel heim og saman við lýsingu hans á „haustakinu“. Mun hafa leitað samdægurs til slysadeildar Borgarspítalans, þar sem þetta var staðfest. Ég sé því enga ástæðu til að rengja sögu sjúklings.

Við skoðun er lítið að finna annað en smávægileg eymsli yfir vöðvafestum á hálsi en einkenni sjúklings eru að mestu leyti subjectiv og verða ekki mæld með neinum aðferðum. Ljóst er skv. frásögn hans, að við árásina hefur hann orðið fyrir andlegu áfalli, sem kalla mætti post-traumatiska neurosu, og eimir eftir af því enn. Sé ég ekki ástæðu til að rengja það heldur. Þrátt fyrir hefðbundna meðferð og endurhæfingartilraunir, t.d. með sjúkraþjálfun, hefur Haraldur ekki losnað við einkenni sín enn, þótt um rúm þrjú ár séu liðin frá því að þessir atburðir gerðust. Má því ætla að þessi einkenni, sem hann hefur í dag, séu varanleg.

Mér þykir örorkumat Stefáns Bogasonar frá 24.11. 1989, sem hljóðar upp á fimmtán prósent (15%) varanlega örorku, nokkuð hæfilegt og ekki of há prósentutala.

Leiða má rök að þessari tölu á þann hátt að meta varanlega örorku vegna tognunar í hálsi tíu prósent (10%) og þykir mér það síst of há tala, þar sem sj. er enn með töluverð óþægindi í hálsi. Þar við bætist örorka vegna post-traumatiskrar neurosu, sem mér þykir hæfilega metin fimm prósent (5%). Samtals gefur þetta því fimmtán prósent (15%) varanlega örorku.“

Í nýju örorkumati Stefáns Bogasonar frá 19. desember 1990 segir:

„Þar sem slasaði er enn með svipuð einkenni og hann hafði við síðasta örorkumat þann 24.11. 1988 og í ljósi nýrra upplýsinga, sem borist hafa, þykir ekki ástæða að breyta gildandi varanlegu örorkumati frá því sem það var úrskurðað þá, a. m. k. ekki til lækkunar.

Með hliðsjón af því, sem nú hefur verið rakið, þykir varanleg örorka af völdum þessa áverka hæfilega metin fimmtán prósent (15%).“ “

Fyrir dómi skýrði stefnandi svo frá, að það væri mishermi hjá Júlíusi Valssyni, að hann hefði látið útbúa sérstaka lása á hurðir á heimili sínu. Hann læsi hins vegar hurðum, svölum og gluggum kirfilega, áður en hann gangi til náða. Ótti og kvíði hrjái hann að öðru leyti ekki lengur.

IV.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því að örorku hans megi rekja til áverka er hann hlaut í viðureign sinni við stefnda. Árásin hafi verið án ástæðna og hafi stefndi ruðst inn á heimili stefnanda. Stefndi hafi játað brot sitt fyrir sakadómi og hafi sáttin res judicata verkanir.

Læknaráð hafi talið orsakasamband ótvírætt milli átakanna og örorku stefnanda.

Samkvæmt almennu skaðabótareglunni beri því stefnda að greiða fjárhagslegt tjón stefnanda sem af verknaði stefnda hlaust og vísar stefnandi til dómvenju vegna hliðstæðra mála. Í fjárhagslegu tjóni stefnanda felist örorkutjón skv. útreikningi tryggingastærðfræðings, miskabætur, allur útlagður kostnaður vegna áverkanna svo og lögfræðikostnaður.

Stefnandi hafi haft og muni hafa allveruleg óþægindi af þeim áverkum sem stefndi veitti honum. Sé fyrirsjáanlegt að þau muni há honum mjög um ókomna tíð. Vegna þessa geri stefnandi kröfu um greiðslu miskabóta úr hendi stefnda, að fjárhæð kr. 1.000.000,00 auk vaxta af þeirri fjárhæð, eins og kröfugerð segi, frá slysdegi til greiðsludags. Fjárhæð dómkröfu stefnanda sé höfð hærri en örorkutjónsútreikningar hljóði. Sé það gert til að tryggja verðbætur kröfunnar vegna hugsanlegrar áfrýjunar málsins, og vísist til 45. gr. laga nr. 75/1973 í því sambandi.

Við munnlegan flutning málsins féll stefnandi frá kröfum vegna tímabundinnar örorku.

Stefndi mótmælir eindregið þeirri málsástæðu stefnanda, að tjón stefnanda sé afleiðing átaka stefnanda og stefnda.

Í fyrsta lagi sé ósannað að stefndi hafi framið skaðabótaskyldan verknað. Í því sambandi er bent á að frásögn stefnanda um hið meinta höfuðhögg og hálstak sé ósennileg. Ekki liggi fyrir, svo að öruggt sé, hver hafi átt upptök að átökunum. Sé því ósannað að um ólögmætt atferli af hálfu stefnda hafi verið að ræða. Í því sambandi bendir stefndi á, að áverkar séu taldir lítilfjörlegir í læknisvottorði slysadeildar Borgarspítalans frá 10. september 1987 og læknisvottorð Sigurðar Hektorssonar frá 22. nóvember 1988 sé byggt á frásögn stefnanda sjálfs.

Athygli veki að stefnandi leiti fyrst til heimilislæknis síns u.þ.b. 9 mánuðum eftir að átökin áttu sér stað. Í kjölfar þess hafi hann verið sendur til sjúkraþjálfara og meðferð hafist í júlímánuði, um einu ári eftir átökin. Stefndi telur að hér sé um óeðlilegan drátt að ræða og því sé það ólíklegt að átökin hafi leitt til þess líkamstjóns, sem stefnandi heldur fram. Það sé svo í lok nóvembermánaðar árið 1988 að fengið er örorkumat Stefáns Bogasonar læknis, sem byggi örorkumat sitt á orðum og gögnum er stefnandi lætur honum í té, um atburð sem átt hafi sér stað meira en ári áður. Með vísan til þess telur stefndi að ósönnuð séu orsakatengsl milli verknaðar og tjóns, sé það á annað borð sannað, og því séu skilyrði almennu skaðabótareglunnar ekki fyrir hendi.

Telji dómurinn að tjón stefnanda verði rakið til átaka þeirra sem áttu sér stað umrædda nótt, þá er því haldið fram af hálfu stefnda að stefnandi eigi sjálfur sök á tjóni sínu. Stefnandi sé lögfræðingur með framhaldsmenntun í afbrotafræðum frá Bandaríkjunum. Honum hafi átt að vera ljóst sökum menntunar sinnar, reynslu og allra aðstæðna, að tjón gæti hlotist. Þannig hafi stefnanda átt að vera ljóst, miðað við lýsingu hans sjálfs á ástandi stefnda, að hann tæki vissa áhættu að kalla stefnda til baka er hann hafði yfirgefið húsið. Meta verði óaðgæslu hans til eigin sakar að fullu og hann því að bera tjón sitt að fullu sjálfur. Hann hafi, þvert á móti, orðið valdur að líkamstjóni stefnda. Eðlilegast hefði verið að bíða eftir lögreglu.

Kröfugerð stefnanda sé óeðlilega há og órökstudd. Örorkutjónskrafan sé langt umfram örorkutjónsútreikning og án þess að sýnt hafi verið fram á að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni. Virða beri til lækkunar að aflahæfi stefnanda hafi ekki skerst þrátt fyrir hina áætluðu læknisfræðilegu örorku og litlar líkur til þess að svo verði um ókomin ár.

Í greinargerð stefnda er skorað á stefnanda að leggja fram skattframtöl fyrir gjaldárin 1988–1990. Það var ekki gert, en stefnandi staðfesti hins vegar fyrir dómi, að hann hefði ekki lækkað í tekjum, frá því að átökin áttu sér stað. Hann hafi verið skipaður forstöðumaður Fangelsismálastofnunar ríkisins 1. október 1988, og sé það betur launað starf en fyrra starf hans hjá ríkislögmanni.

Við munnlegan málflutning benti lögmaður stefnda á, að verulegar líkur séu á því að stefnandi hafi ekki greint rétt frá upptökum áfloganna. Ekkert vitni sé að átökunum en líta verði á framburð eiginkonu stefnanda sem um aðila hafi verið að ræða.

Dómsáttin fyrir sakadómi sé ekki viðurkenning, því að stefndi hafi verið í þeirri villu, að hann væri laus allra mála með því að undirgangast hana.

Þá var því haldið fram af lögmanni stefnda við málflutning, að fjártjón stefnanda sé ekkert, en það sé skilyrði skaðabótaskyldu. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir fjártjóni þrátt fyrir læknisfræðilega örorku.

Stefndi mótmælir miskabótakröfu stefnanda sem allt of hárri og í engu samræmi við dómvenju. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir miska.

Þá telur stefndi að lækka beri bætur vegna skattfrelsis bótanna og draga frá þann hlut þeirra sem ganga myndi til opinberra gjalda. Þá beri að virða til lækkunar hagræði af eingreiðslu bótanna.

Einnig bendir stefndi á, að stefnandi njóti mun meiri tekna en stefndi, sem sé atvinnulaus.

Kröfu sína um málskostnað byggir stefndi á 177. gr. laga nr. 85/1936 að viðbættum 24,5% virðisaukaskatti, sbr. lög nr. 50/1988, og með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu skv. 175. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988.

Þá krefst stefndi sýknu af kröfum stefnanda um greiðslu málskostnaðar með vísan til 178. gr. laga nr. 85/1936.

Auk aðila málsins kom eiginkona stefnanda, Brynhildur Ingimundardóttir, fyrir dóminn.

V.

Fram hefur komið í málinu, að aðilum ber ekki saman um átökin og upphaf þeirra á heimili stefnanda þann 30. júlí 1987.

Framburður stefnda hefur verið nokkuð reikull. Í skýrslu lögreglunnar frá 30. júlí 1987 mundi hann ekkert eftir atvikum, vissi ekki hvert hann fór um kvöldið eða hvað hann gerði. Kenndi hann ölvunarástandi sínu um minnisleysið. Fyrir dómi breytti hann framburði sínum á þá leið að minnisleysið hefði stafað af heilahristingi er hann hlaut í átökunum. Í lögregluskýrslu frá 25. mars 1988 kvað stefndi stefnanda hafa ráðist á sig að fyrra bragði og hélt við þann framburð hér fyrir dómi. Ekki hefur stefnda tekist að sanna þessa staðhæfingu sína.

Upplýst er þó að stefndi var talsvert ölvaður og það æstur að lögreglan þurfti að færa hann í handjárn. Þá er einnig upplýst að stefndi kom óboðinn á heimili stefnanda og í óþökk hans. Hann yfirgaf húsið sjálfviljugur í fyrra skiptið, en hafði þá á brott með sér föt úr fatahengi stefnanda í stigagangi. Verður að telja að hann hafi farið inn á heimili stefnanda gegn vilja hans seinna skiptið og hófust þá átökin.

Stefnandi fór á slysadeild Borgarspítalans stuttu síðar og kom í ljós að eymsli voru yfir hálsvöðvum, aðallega yfir musculus trapezius hægra megin og sársauki við snúningshreyfingar yfir til hægri.

Þegar framburður aðila er virtur og höfð hliðsjón af játningu stefnda fyrir sakadómi og ofangreindu áverkavottorði, þykir nægilega sannað að stefndi hafi átt sök á átökum aðila.

Ekki verður fallist á með stefnda, að um eigin sök stefnanda hafi verið að ræða er hann stöðvaði stefnda í að hafa á brott með sér föt stefnanda.

Á grundvelli læknisvottorða, úrskurðar Læknaráðs og örorkumats, þykir í ljós leitt, að líkamsmeiðsl stefnanda stafi af þessum átökum og þykir því verða að leggja á stefnda skaðabótaábyrgð.

Stefnandi sundurliðar dómkröfur sínar þannig, með vísan til 45. gr. laga nr. 75/1973:

1.	Örorkutjón	kr.	9.000.000,00
2.	Miskabætur	„	1.000.000,00

Við aðalmeðferð málsins féll stefnandi frá kröfum vegna tímabundinnar örorku.

Við ákvörðun bóta til stefnanda fyrir varanlega örorku þykir mega leggja mat Stefáns Bogasonar læknis og útreikninga Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings til grundvallar.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að lækka beri bætur til stefnanda, þar sem hann hafi ekki lækkað í tekjum og vinni fulla vinnu eftir sem áður. Í samræmi við dómvenju þykja ekki efni til að taka tillit til þess við ákvörðun bóta, enda þykja framtíðartekjumöguleikar stefnanda skertir.

Samkvæmt útreikningi tryggingastærðfræðingsins er höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps þann 30. júlí 1987 vegna varanlegrar örorku kr. 3.163.00,00.

Með tilliti til þess, að um 15% örorku er að ræða, þykir rétt að áætla bætur fyrir örorku og miska í einu lagi. Þegar litið er til skattfrelsis og hagræðis eingreiðslu þykja heildarbætur til stefnda hæfilega ákveðnar kr. 2.000.000,00.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, kr. 270.000,00, þ. m. t. virðisaukaskattur og útlagður kostnaður.

Vextir greiðist á málskostnað án virðisaukaskatts, eins og í dómsorði greinir.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Finnboga H. Alexanderssyni héraðsdómara og Guðmundi Sverrissyni lækni.

Dómsorð:

Stefndi, Kári Thors, greiði stefnanda, Haraldi Johannessen, kr. 2.000.000,00, ásamt dráttarvöxtum skv. 7. gr. laga nr. 25/1987 frá 30. júlí 1987 til 12. desember 1991, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda kr. 270.000,00 í málskostnað.

Vextir greiðist skv. III. kafla laga nr. 25/1987 af málskostnaði án virðisaukaskatts að liðnum 15 dögum eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Fimmtudaginn 23. júní 1994.

Nr. 66/1994. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Sigurði Jóhanni Hermannssyni
(Örn Clausen hrl.)

Líkamsárás. Sönnun. Skilorð. Reynslulausn. Skaðabætur. Málsvarnarlaun. Vítur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 19. janúar 1994 til sakfellingar samkvæmt ákæru, refsiákvörðunar og greiðslu skaðabóta. Þá krefst ákæruvaldið lækkunar málsvarnarlauna skipaðs verjanda ákærða, Sigurðar Eiríkssonar héraðsdómslögmanns.

I.

Málsatvikum og framburði vitna er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Af gögnum málsins er ljóst, að rannsókn lögreglunnar á Akureyri var í upphafi slæleg. Henni var gert viðvart um átökin um það bil klukkustundu eftir, að þau urðu, og fékk hún þá þegar vitneskju um áverka kærandans og þá aðgerð, sem hann þurfti að gangast undir hjá tannlækni strax um nóttina. Lögregla hafði tal af ákærða, sem kom á lögreglustöðina skömmu síðar af öðrum ástæðum, en gerði hvorki reka að því að tryggja návist hans við upphaf rannsóknar málsins né kanna líkamlegt ástand hans sjálfs, að því er séð verður, þótt kærandi hefði þegar nefnt hann sem árásarmann. Vitni voru ekki yfirheyrð fyrr en fimm til sjö dögum síðar og eitt þeirra ekki fyrr en að liðnum fimmtán dögum. Sjálfur kom ákærði ekki til yfirheyrslu fyrr en mánuði síðar og hafnaði því þá að tjá sig um málsatvik. Hann sinnti ekki frekari kvaðningum lögreglu fyrr en að liðnum enn öðrum mánuði, en í þeirri frumskýrslu, sem þá var tekin, neitaði hann sök.

II.

Kærandi máls þessa hefur staðfastlega borið, að ákærði hafi fyrirvaralaust slegið hann hnefahögg í andlitið og valdið þeim áverka, sem í ákæru greinir. Engum öðrum hafi verið til að dreifa. Þrjú vitni, öll allsgáð, fylgdust með atburðum í 20-25 metra fjarlægð úr kyrrstæðri bifreið. Þótt ekkert þeirra hafi séð ákærða veita kæranda áverkann, bar þeim saman um, að þau hefðu enga áverka séð á kæranda, áður en ákærði sleit hann frá piltunum tveimur, sem voru að tuskast á gangstéttinni við Geislagötu. Það hafi fyrst verið, eftir að ákærði ýtti kæranda út á götuna, í nokkra fjarlægð frá piltunum, sem þau sáu, að blóð lagaði úr munni kæranda. Þau hafi litið af atganginum þá stuttu stund, sem þar leið á milli. Vitnunum ber einnig saman um, að átök piltanna tveggja hafi fremur líkst tuski eða togstreitu en barsmíðum, og engum sögum fer af því, að þeir hafi hlotið áverka hvor af öðrum. Annar þeirra, kunningi ákærða, var og ofurölvi og ekki til frásagnar um atburðinn að eigin sögn. Af lýsingu viðstaddra verður ekki séð, að höggið á munn kæranda hafi vakið nein viðbrögð hjá piltunum tveimur eða haft áhrif á átök þeirra, sem lauk án frekari afskipta ákærða eða kæranda.

Sá piltanna, sem er kunningi kæranda, bar við lögreglurannsókn, að hann hefði séð ákærða slá kæranda eitt hnefahögg og strax hefði blætt úr munni hans. Við meðferð málsins gat hann ekki fullyrt þetta, en kvaðst hafa metið það svo, að ákærði hefði verið hér að verki, þar sem hann sá þá skömmu áður ræðast við og engir aðrir voru nærstaddir. Á sama tíma hefði hann sjálfur verið að kljást við hinn piltinn. Tvö vitnanna hafa borið fyrir dómi, að ákærði hafi haft í hótunum við þau, ef þau bæru á hann sök í tilefni þessa atburðar.

Þegar framangreint er virt, þykir ekki varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er að sök gefin, og er hún rétt færð til refsiákvæða í ákæru.

Ákærði hefur tvívegis áður hlotið refsidóm fyrir líkamsárás, í bæði skiptin brot gegn 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Í fyrra skiptið, 14. ágúst 1990, hlaut hann 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir tvær árásir og fleiri hegningarlagabrot. Í síðara skiptið, 24. apríl 1991, var hann dæmdur í 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, og þá einnig fyrir brot gegn 231. gr. almennra hegningarlaga. Var skilorð fyrra dómsins tekið upp með þeim dómi. Þá var hann dæmdur í 2 mánaða fangelsi ári síðar fyrir ölvun og réttindaleysi við akstur. Hann hlaut reynslulausn í 1 ár 4. nóvember 1992 á 30 daga eftirstöðvum refsingar. Með broti því, sem hér er fjallað um, hefur ákærði rofið skilorð dómsins frá 24. apríl 1991 og skilyrði reynslulausnarinnar. Ber því með vísan til 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955 og 2. gr. laga nr. 20/1981 að fella hina 4 mánaða skilorðsbundnu fangelsisrefsingu og 30 daga reynslulausn ákærða inn í refsingu þá, sem honum er nú gerð. Með hliðsjón af sakaferli ákærða og vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga þykir hún hæfilega ákveðin 7 mánaða fangelsi. Er þá meðal annars litið til þess, að fyrri brot ákærða gegn 218. gr. laganna voru öll framin árið 1987, þegar hann var á 19. aldursári.

Dæma ber ákærða til að greiða Baldvin Ringsted Vignissyni, Vanabyggð 8 d, Akureyri, skaðabætur vegna kostnaðar hans af komu á slysadeild, tannlæknaþjónustu og vinnutaps, samtals 47.310 krónur. Kröfu um kostnað vegna síðari tannviðgerða er vísað frá dómi, þar sem krafan er einungis byggð á áætlun.

Ákærði er dæmdur til að greiða allan kostnað sakarinnar í héraði og áfrýjunarkostnað, eins og í dómsorði greinir.

III.

Ekki eru efni til að fallast á kröfu ákæruvaldsins um lækkun málsvarnarlauna skipaðs verjanda ákærða í héraði.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti lét vararíkissaksóknari að því liggja, að við ákvörðun málsvarnarlauna hefði héraðsdómari öðrum þræði haft í huga sjónarmið um aðstæður hins skipaða verjanda, sem eru málinu óviðkomandi. Þessi málflutningur er ósamboðinn embætti ríkissaksóknara og vítaverður.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Jóhann Hermannsson, sæti fangelsi 7 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 45.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns þar, Sigurðar Eiríkssonar héraðsdómslögmanns, 75.000 krónur.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Sératkvæði
Péturs Kr. Hafstein

Ég er samþykkur I. og III. kafla í dómsatkvæði meirihlutans.

Eins og atvikum og áverkum kæranda virðist vera háttað, er ekki loku fyrir það skotið, að áverkarnir hafi með einhverjum hætti getað hlotist í stimpingum þeirra fjögurra, sem um er að ræða. Héraðsdómari hefur metið sönnunargildi framburðar vitna svo, að sakfelling ákærða verði ekki á honum byggð. Er eigi unnt að hagga því mati í æðra dómi án sönnunarfærslu þar. Önnur sönnunargögn leiða ekki til gagnstæðrar niðurstöðu. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um sýknu ákærða.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands vestra 30. desember 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 29. desember sl., er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 17. ágúst 1993, „á hendur Sigurði Jóhanni Hermannssyni, Oddeyrargötu 8, Akureyri, fæddum 13. febrúar 1969, fæðingarnúmer 451, fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 20. maí 1993 við Geislagötu 12 á Akureyri slegið Baldvin Ringsted Vignisson, fæddan 1. október 1974, í andlitið með þeim afleiðingum að miðframtönn og hliðarframtönn hægra megin í neðri gómi hans skekktust, kjálkabein brotnaði og tannhold rifnaði frá.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Í málinu krefst Baldvin Ringsted Vignisson skaðabóta úr hendi ákærða, kr. 168.530,00, auk vaxta“.

Verjandi ákærða, Sigurður Eiríksson héraðsdómslögmaður, hefur aðallega krafist sýknu af öllum kröfum ákæruvalds.

Málavextir.

Fimmtudaginn 20. maí 1993 kl. 02.00 var óskað eftir aðstoð lögreglu að tannlæknastofu Steinars Þorsteinssonar hér í bæ. Samkvæmt skýrslu lögreglumanns, er fór á vettvang, var þar fyrir pilturinn Baldvin Ringsted

Vignisson, fæddur 1974, og skýrði hann frá tilefnislausri barsmíð ákærða, Sigurðar Jóhanns, nokkru áður. Pilturinn bar sýnilega áverka við munn. Í frumskýrslunni, sbr. og upplýsingaskýrslu vakthafandi varðstjóra, er greint frá því að ákærði hafi af sjálfsdáðum lagt leið sína á lögreglustöðina á Akureyri um kl. 03.00 umrædda nótt og við það tækifæri kannast við að hafa átt í útistöðum við Baldvin Ringsted. Hins vegar hafi ákærði neitað því að hafa valdið piltinum áverka í andliti með hnefahöggi.

Baldvin Ringsted Vignisson bar fram kæru á hendur ákærða hjá rannsóknardeild lögreglunnar á Akureyri föstudaginn 21. maí. Í kæruskýrslu lýsti hann háttsemi ákærða, afleiðingum barsmíðanna og loks för á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri (FSA) og tannlæknastofu Steinars Þorsteinssonar.

Í áverkavottorði nefnds tannlæknis, sem dagsett er 14. júní 1993, segir m.a.: „Baldvin kom til mín þann 20.05.93 kl. 01.45 eftir að hafa verið sleginn í andlitið. Tvær tennur, miðframtönn og hliðarframtönn hægra megin í neðri góm voru skekktar inn í munninn. Tennurnar sjálfar voru óbrotnar en kjálkabeinið sem umlykur þær var brotið og tannholdið var rifið frá.“

Í framannefndri kæruskýrslu lýsti Baldvin atvikum máls svo, að hann hefði aðfaranótt 20. maí verið að skemmta sér ásamt félaga sínum, Þormóði Aðalbjörnssyni, í miðbæ Akureyrar. Þeir hefðu báðir verið undir áhrifum áfengis og á göngu norður Geislagötu að skemmtistaðnum Sjallanum, en þá veitt því athygli hvar vitnið Hafþór Jörundsson stóð upp við hús nr. 12, afgreiðslu Happdrættis Háskóla Íslands, greinilega afar ölvaður. Þá kvaðst kærandi hafa veitt því athygli að ákærði var í viðræðum við fólk í Skodabifreið nokkru sunnar í götunni. Kærandi kvað nefndan félaga og Hafþór hafa rekist saman, er þeir mættust, og það leitt til þess, að þeir tveir fóru að tuskast á gangstéttinni. Í lögregluskýrslu lýsti Baldvin málsatvikum nánar svo: „Mætti segir að þeir (Hafþór og Þormóður) hafi ekkert sagt heldur bara tekið hvor í annars fatnað og togast á. Þeir hafi ekki slegið eða sparkað hvor til annars. Mætti segir, að þetta hafi staðið nokkra stund, og kveðst hann ekki hafa skipt sér af þessu. Er þetta hafi síðan farið að magnast, hafi sér leiðst þófið og ákveðið að reyna að skilja Þormóð og Hafþór að. Í þeim tilgangi hafi hann tekið með annarri hendi utan um Hafþór aftan frá og með hinn reynt að stugga Þormóði burtu. Sigurður Hermannsson hafi þá verið kominn þarna að og hafi greinilega talið að þeir Þormóður og mætti ætluðu í sameiningu að ganga í skrokk á Hafþóri. Sigurður hafi tekið um hálsinn á mætta og slitið hann frá Hafþóri með þeim orðum að þeir ættu ekki að vera að ráðast tveir að einum. Mætti kveðst hafa svarað því til að hann hafi bara ætlað að stugga þeim í sundur og að það þyrfti að gera það áður en færi í verra. Mætti kveðst hafa rætt þetta við Sigurð stutta stund og hafi Sigurður tekið undir orð hans. Mætti segir að hann hafi síðan litið frá Sigurði og síðan ekki vitað fyrr til en Sigurður veitti sér afar fast hnefahögg í andlitið. Mætti kveðst ekki gera sér grein fyrir, með hvorri hendi Sigurður sló.

Mætti segir að hann hafi vankast við höggið en þó ekki misst meðvitund. Hann kveðst hafa gripið um andlit sér og séð að töluvert blæddi úr munni sér. Þá kveðst hann einnig hafa fundið að tennur voru lausar í munninum. Mætti segir að Sigurður hafi ekki fylgt árásinni eftir á neinn hátt og kveðst ekkert hafa vitað af honum eftir þetta. Mætti kveðst strax hafa stöðvað næsta bíl, sem átti leið hjá, og óskað eftir fari á slysadeild. Því hafi ekki verið sinnt og kveðst hann þá hafa borið sig upp við ökumann Skoda-bifreiðarinnar, Pál Svavarsson, og beðið hann þess sama. Páll hafi síðan ekið sér á slysadeild FSA. Þar kveðst mætti hafa verið skoðaður en síðan hafi verið kallaður út tannlæknir, Steinar Þorsteinsson, og kveðst mætti hafa farið strax til aðhlynningar hjá honum.“

Kærandi staðfesti ofannefnda skýrslu fyrir dómi og vísaði til þess að vegna afskipta ákærða hefði hann farið vestur af gangstéttinni og út á akbrautina. Hann kvaðst ekki hafa hlotið áverka vegna þessara tilfæringa og bar að Þormóður og Hafþór hefðu haldið áfram að tuskast á gangstéttinni eftir þetta. Kvaðst hann líkt og ákærði hafa fylgst með athöfnum þeirra stutta stund og m.a. haft á orði við ákærða að réttast væri að þeir stilltu til friðar, en á sömu stundu orðið fyrir andlitshögginu. Kærandi kvaðst hafa staðið skammt frá ákærða er þetta gerðist og bar að hann hefði skynjað hreyfingu á ákærða á sömu stundu og hann varð fyrir högginu. Hann kvaðst hafa vankast við barsmíðina en ekki fallið til jarðar. Kærandi fullyrti að einungis þeir fjórir hefðu verið á vettvangi greint sinn auk fólksins, sem var inni í Skoda-bifreiðinni. Fyrir dómi ætlaði kærandi, að afskipti sín af Hafþóri Jörundssyni hefðu varað í um það bil 1 mínútu og viðskiptin við ákærða í um 1–2 mínútur.

Ákærði, Sigurður Jóhann Hermannsson, hefur fyrir dómi með öllu neitað sakargiftum líkt og við lögreglurannsókn málsins.

Fyrir dómi skýrði ákærði frá því, að hann hefði nokkru eftir miðnætti þann 20. maí farið frá kjallarakrá skemmtistaðarins Sjallans ásamt vitninu Hafþóri Jörundssyni og þeir gengið suður Geislagötu áleiðis að miðbæ Akureyrar. Ákærði kvaðst þá lítillega hafa fundið til áfengisáhrifa. Rétt norðan við hús nr. 10 kvaðst ákærði hafa hitt að máli ökumann Skodabifreiðar, vitnið Pál Svavarsson. Á meðan á viðræðum þeirra stóð um hliðarrúðu bifreiðarinnar, kvaðst ákærði hafa veitt því athygli, hvar Hafþór var í áflogum við tvo pilta, Þormóð Kristján og kæranda, nánar tiltekið við hús nr. 12, afgreiðslu Happdrættis Háskóla Íslands. Ákærði kvaðst hafa gengið til piltanna og séð hvar Hafþór hélt Þormóði niðri á meðan hann lamdi til hans. Ákærði kvað kæranda hafa haldið aftan í Hafþór. Kvaðst ákærði hafa stöðvað áflogin með því að taka í öxl kæranda og færa hann frá, en því næst kvaðst hann hafa snúið sér að Þormóði, en að mati ákærða var hann árásargjarnari. Ákærði bar, að framangreind afskipti sín hefðu einungis tekið nokkrar sekúndur og að því loknu hefði hann litið til kæranda og þá séð, að hann var alblóðugur í andliti. Fyrir dómi hafði ákærði ekki skýringar á tilkomu áverkans, en kvaðst eigi hafa séð andlit kæranda, er hann hóf afskipti af áflogunum, og færði hann frá. Hann kvaðst hins vegar ekki hafa séð kæranda verða fyrir höggum eða olnbogaskotum eða séð hann falla til jarðar. Ákærði kvað einungis þá fjóra hafa verið á vettvangi greint sinn. Ákærði tók fram, að hann hefði ekki þekkt kæranda fyrir þennan atburð, og mótmælti hann framburði kæranda, þ. á m. um, að þeir tveir hefðu staðið hlið við hlið á akbrautinni og fylgst með atgangi félaga þeirra. Ákærði kvaðst ekki hafa hlotið áverka vegna framangreindra afskipta og ekki borið ummerki á höndum. Eftir atburðinn kvaðst ákærði hafa neytt frekara áfengis og bar fyrir dómi að hann minntist ekki viðkomu á lögreglustöð um kl. 03.00 margnefnda nótt.

Framburður vitna.

Vitnið Páll Svavarsson, fæddur 1975, kvaðst hafa verið ökumaður nefndrar Skoda-bifreiðar. Í Geislagötunni kvaðst hann hafa séð til ferða ákærða og Hafþórs Jörundssonar á gangi, stöðvað bifreiðina við gangstéttarbrúnina skammt sunnan við hús nr. 12, afgreiðslu Happdrættis Háskóla Íslands, og tekið ákærða tali. Vitnið kvað Hafþór á hinn bóginn hafa staðnæmst fyrir framan afgreiðslu happdrættisins, en að mati vitnisins var hann mjög ölvaður. Skömmu síðar kvaðst vitnið hafa veitt því athygli er kærandi, Baldvin Ringsted, og Þormóður Aðalbjörnsson gengu norður götuna og fóru að ræða við Hafþór. Vitnið kvaðst hafa fylgst með samskiptum þessara manna um framrúðu bifreiðarinnar úr nokkurra metra fjarlægð, og skýrði hann svofellt frá í lögregluskýrslu, dagsettri 25.05. sl.:

„Mætti kveðst hafa veitt því athygli að Hafþór og Þormóður voru farnir að slást, þ.e. búnir að grípa hvor í annars föt og farnir að tuskast. Mætti segir að Baldvin hafi ekki skipt sér af þessu. Mætti segir að Baldvin hafi síðan eftir nokkra stund farið að reyna að stía Hafþóri og Þormóði í sundur. Hann kveðst þó ekki geta lýst hvernig Baldvin fór nákvæmlega að við það. Mætti kveðst hafa sagt við Sigurð: „Ætlar þú ekki að fara og hjálpa Haffa?“

Sigurður hafi svarað: „Jú“ og hafi um leið rétt mætta glas sem hann var með. Sigurður hafi síðan gengið þarna að og gripið í föt Baldvins og kippt honum frá. Mætti segir að hann hafi síðan farið að líta eftir umferð eða eitthvað slíkt. Er hann hafi aftur litið til drengjanna hafi hann séð hvar Baldvin hafi haldið um andlitið og hafi runnið mikið blóð frá því. Mætti segir að Baldvin hafi strax stöðvað bíl, sem átti leið hjá, en þeim bíl hafi verið ekið áfram án afskipta. Baldvin hafi þá komið að bíl mætta og beðið um að sér yrði ekið á slysadeild. Mætti kveðst hafa fallist á það. Baldvin hafi sest í aftursætið og þau ekið öll fimm upp að FSA.“

Vitnið staðfesti skýrslu sína fyrir dómi og ítrekaði, að hann hefði litið augnablik af ákærða og Baldvin eftir að þeir tveir höfðu farið frá Hafþóri og Þormóði. Vegna þessa kvaðst vitnið ekki hafa séð hvernig áverkar Baldvins á munni voru til komnir, en tók fram að hann hefði ekki sérstaklega veitt andliti hans athygli áður. Á hinn bóginn kvaðst vitnið ekki hafa séð ákærða og Baldvin í beinum átökum ellegar að Baldvin félli til jarðar í greint sinn. Vitnið ætlaði að samskipti þessara manna hefðu í heild varað í um 2–5 mínútur, og bar, að eftir að þau voru yfirstaðin, hefði ákærði komið að bifreið hans að nýju og borið fram ósk um að Baldvin yrði ekið á sjúkrahús. Þá ítrekaði vitnið fyrir dómi orð sín fyrir lögreglu að ákærði hefði látið að því liggja að hann myndi hafa verra af ef hann greindi frá málsatvikum.

Vitnið Þormóður Kristján Albertsson, fæddur 1973, kvaðst umrædda nótt hafa verið að skemmta sér ásamt vini sínum, Baldvin Ringsted, og fundið til nokkurra áfengisáhrifa. Í lögregluskýrslu, dagsettri 25. maí, greindi vitnið frá því að þeir félagar hefðu farið fótgangandi frá miðbænum norður Geislagötu. Í skýrslu hans fyrir lögreglu segir síðan:

„Á móts við afgreiðslu Happdrættis háskólans hafi þeir mætt Hafþóri Jörundssyni. Hafþór hafi verið afar ölvaður og segir mætti að þeir hafi rekist saman er þeir mættust. Hafþór hafi greinilega tekið það sem svo að mætti hafi viljandi stuggað við sér, því að hann hafi komið á eftir mætta og gripið í hann. Þeir hafi svo farið að tuskast eitthvað þarna með því að grípa hvor í annars fatnað. Mætti segir að í þessu hafi staðið svolitla stund en þá hafi Baldvin farið að reyna að ná þeim í sundur. Mætti segir að Baldvin hafi tekið um Hafþór aftan frá og reynt að toga hann frá mætta. Þá hafi Sigurður Hermannsson komið þarna að og þrifið til Baldvins og kippt honum frá Hafþóri með þeim orðum að þeir ættu ekki að ráðast tveir á einn. Sigurður hafi greinilega verið talsvert ölvaður. Mætti kveðst síðan hafa séð að Sigurður og Baldvin voru að ræða saman og kveðst hann sjálfur um leið hafa haldið áfram að tuskast við Hafþór. Mætti kveðst síðan hafa séð Sigurð veita Baldvin eitt hnefahögg og að strax blæddi talsvert úr munni Baldvins. Baldvin hafi farið að Skoda-bifreið, sem var þarna skammt frá, og farið burt með henni. Mætti kveðst því ekki hafa getað talað við Baldvin áður en hann fór. Sigurður hafi horfið af vettvangi. Mætti segir að þeir Hafþór hafi hætt að tuskast án frekari eftirmála.“

Fyrir dómi dró vitnið til baka orð sín um að hann hefði séð ákærða berja Baldvin hnefahögg á munninn. Vitnið kvaðst hins vegar hafa metið það svo á vettvangi að ákærði væri valdur að áverkanum, m.a. vegna þess að hann hefði skömmu áður séð þá ræðast við og að engir aðrir hafi verið nærstaddir. Þá kvaðst hann sjálfur á sama tíma hafa verið að kljást við Hafþór. Loks kvaðst vitnið hafa ályktað á þennan veg vegna harkalegra viðbragða ákærða síðar um nóttina er hann skýrði honum frá ástandi Baldvins. Að öðru leyti staðfesti vitnið framburðarskýrslu fyrir lögreglu.

Vitnið Trausti Snær Friðriksson, fæddur 1976, kvaðst hafa setið í aftursæti Skoda-bifreiðar, þar sem að hún var kyrrstæð og að nokkru uppi á gangstétt, skammt sunnan við hús nr. 12 við Geislagötu. Vitnið bar að ákærði hefði komið að bifreiðinni og átt tal við ökumanninn, Pál Svavarsson. Þá kvaðst vitnið hafa fylgst með því um framrúðu bifreiðarinnar er piltarnir Hafþór og Þormóður byrjuðu að kljást nokkrum metrum norðar í götunni. Að áliti vitnisins var Hafþór áberandi ölvaður og lýsti hann atgangi þeirra fremur sem tuski en beinum barsmíðum. Vitnið kvað kæranda, Baldvin Ringsted, og hafa blandast í þennan atgang. Vitnið kvað ökumann bifreiðarinnar, Pál Svavarsson, hafa vakið athygli ákærða á þessum viðskiptum og hann þá gengið til piltanna og skilið þá í sundur og í framhaldi af því dregið Baldvin frá hinum tveimur. Kvaðst vitnið ekki hafa séð áverka á Baldvin á þessari stundu. Er hér var komið sögu kvaðst vitnið hafa litið frá piltunum í um 2–5 mínútur, en litið til þeirra að nýju er vitnið Páll minntist á áverka Baldvins. Vitnið kvaðst þá hafa séð hvar ákærði hélt utan um Baldvin og hann sjálfur um blóðugan munninn. Vitnið kvað þá tvo hafa staðið um 2–3 metra frá Hafþóri og Þormóði er þetta gerðist og bar vitnið að aðrir aðilar hefðu ekki verið nærstaddir. Vitnið kvað ákærða hafa komið með Baldvin að Skoda-bifreiðinni og beðið um akstur fyrir hann á sjúkrahús. Vitnið kvaðst hafa verið án áfengisáhrifa greint sinn.

Vitnið Sylvía Kristjánsdóttir, fædd 1976, bar fyrir dómi að hún hefði umrædda nótt setið í framfarþegasæti Skoda-bifreiðar Páls Svavarssonar í Geislagötu og fylgst með útistöðum piltanna Hafþórs og Þormóðs, nokkrum metrum norðar í götunni. Fyrir dómi bar vitnið, að skuggsýnt hefði verið á vettvangi, en vísaði þó til þess að skyggnur hefðu verið á aftur- og hliðarrúðum bifreiðarinnar. Vitnið kvað ákærða við upphaf viðskipta nefndra pilta hafa verið að ræða við ökumanninn, Pál Svavarsson. Þá kvaðst hún hafa séð hvar kærandi, Baldvin Ringsted, stóð álengdar hjá og fylgdist með atganginum. Að mati vitnisins var Hafþór mjög ölvaður, en hinir þrír virtust eitthvað minna undir áhrifum áfengis. Vitnið kvað kæranda loks hafa blandað sér í leikinn og ákærði þá einnig tekið viðbragð og blandað sér í málið. Kvaðst vitnið hafa fylgst með því er ákærði ýtti Baldvin og Þormóði að húsveggnum við afgreiðslu happdrættisins en skömmu síðar séð hann ýta Baldvin út á akbrautina. Vitnið kvað Hafþór og Þormóð hafa haldið kyrru fyrir á gangstéttinni. Vitnið tók fram að fram að þessu hefði hún ekki séð hnefahögg fara milli aðila. Þá kvaðst hún ekki hafa séð áverka í andliti Baldvins Ringsted. Vitnið kvaðst, er hér var komið sögu, hafa litið af piltunum í nokkrar mínútur en að þeim tíma liðnum séð hvar ákærði stóð enn á akbrautinni en var þá orðinn alblóðugur í andliti. Vitnið kvað Hafþór og Þormóð hafa verið á svipuðum slóðum og áður. Þá taldi vitnið að ákærði hefði og verið þarna nærstaddur, án þess að hún gæti nákvæmlega sagt til um staðsetningu hans. Aðra aðila kvaðst vitnið ekki hafa séð á vettvangi. Vitnið bar að Baldvin hefði haft orð um það á leiðinni á sjúkrahús að ákærði væri valdur að áverka sínum. Vitnið kvaðst hafa verið án áfengisáhrifa greint sinn.

Vitnið Hafþór Jörundsson, fæddur 1973, kannaðist við það fyrir dómi að hann hefði verið ásamt ákærða í kjallarakrá skemmtistaðarins Sjallans margnefnda nótt. Sökum minnisleysis af völdum áfengisneyslu gat hann ekki greint sjálfstætt frá málsatvikum við Geislagötu 12. Þá minntist hann þess ekki að hafa verið með áverka daginn eftir atburðinn.

Vitnið Felix Jósafatsson lögregluvarðstjóri staðfesti fyrir dómi komu ákærða á lögreglustöð aðfaranótt 20. maí svo og frásögn hans af samskiptum við kæranda, líkt og að framan var rakið. Vitnið bar, að eigi hefði verið um formlega yfirheyrslu að ræða, til að mynda hefði ekki verið gætt ákvæða 3. mgr. 32. gr. réttarfarslaga nr. 19/1991.

Af hálfu sakflytjenda var við aðalmeðferð málsins ekki óskað eftir frekari vitnaleiðslum, en upplýst var, að þriðji farþegi Skoda-bifreiðarinnar, vitnið Eva Jóhanna Pálmadóttir, hefði flust búferlum til Svíþjóðar.

Dómari kannaði vettvang í Geislagötu undir rekstri málsins.

Niðurstaða.

Í máli þessu þykir verða að leggja til grundvallar frásögn ákærða um að tilgangur hans með afskiptum af kæranda, Baldvin Ringsted, og vitninu Þormóði Aðalbjörnssyni hafi verið að stöðva atgang þeirra gagnvart félaga hans, Hafþóri Jörundssyni, en upplýst er, að Hafþór var ofurölvi aðfaranótt 20. maí sl. Við meðferð málsins hefur nefndur Baldvin staðfastlega borið, að áverka sína megi rekja til fyrirvaralauss hnefahöggs frá ákærða, eftir að ákærði hafi kippt sér út á akbraut Geislagötu. Hefur kærandi vísað til þess að hann hafi orðið var við hreyfingu á ákærða rétt fyrir barsmíðina. Þá hefur kærandi haldið því fram, að öðrum aðilum en ákærða hafi ekki verið til að dreifa á vettvangi greint sinn. Vitnum, sem kvödd voru fyrir dóm, bar saman um að þau hefðu ekki séð áverka á kæranda fyrr en eftir að ákærði hafði fært kæranda af gangstéttinni og út á akbrautina. Þegar framangreint er virt með hliðsjón af frásögn vitna um alla hegðan ákærða á vettvangi svo og síðar um nóttina, þykja allnokkrar líkur fyrir því, að hann sé valdur að áverkum þeim er Baldvin Ringsted hlaut umrædda nótt.

Á hinn bóginn ber að líta til eftirfarandi atriða:

Ákærði hefur frá upphafi athugana og rannsóknar lögreglu svo og fyrir dómi neitað sakargiftum. Ekkert þeirra þriggja vitna, sem fylgdust með atvikum máls úr Skoda-bifreiðinni og gáfu skýrslu fyrir dómi, sá ákærða slá til Baldvins Ringsted, en samkvæmt athugun dómsins má ætla að vitnin hafi fylgst með atvikum máls úr um 20–25 metra fjarlægð. Öll voru vitnin án áfengisáhrifa. Upplýst er að Þormóður og Hafþór héldu áfram að tuskast eftir að ákærði hafði tekið Baldvin frá, en samkvæmt vætti Trausta Snæs var kærandi einungis 2–3 metra frá Þormóði og Hafþóri er hann sá áverkann á kæranda. Loks er til þess að líta að við afskipti lögreglu af ákærða aðfaranótt 20. maí var ekki gætt að ummerkjum á höndum hans.

Með hliðsjón af þeim gögnum, sem hér að framan eru rakin, og með vísan til 45. og 46. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, er það mat dómsins að ekki séu komnar fram alveg nægar sannanir fyrir því að ákærði sé valdur að áverkum þeim, er Baldvin Ringsted Vignisson hlaut nefnda nótt. Verður ákærði því sýknaður af kröfum ákæruvalds í máli þessu. Samkvæmt þessari niðurstöðu ber og að vísa fram kominni bótakröfu frá dómi, sbr. 3. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991.

Sakarkostnað ber að greiða úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Sigurðar Eiríkssonar héraðsdómslögmanns, kr. 75.000,00.

Dóm þennan kvað upp Ólafur Ólafsson héraðsdómari.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Jóhann Hermannsson, skal vera sýkn af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Sigurðar Eiríkssonar héraðsdómslögmanns, kr. 75.000,00.

Fimmtudaginn 23. júní 1994.

Nr. 521/1993. **Ákæruvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Jóhanni Halldóri Þorgeirssyni

(Kristján Stefánsson hrl.) **og**

Jóhönnu Lucindu Vilhjálmsdóttur Heiðdal

(Örn Clausen hrl.)

Skjalafals. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. nóvember 1993. Krefst ákæruvaldið þess, að ákærði Jóhann Halldór Þorgeirsson verði sakfelldur samkvæmt ákæru og honum ákvörðuð refsing. Jafnframt verði honum og ákærðu Jóhönnu Lucindu Vilhjálmsdóttur Heiðdal gert að sæta upptöku á sjö veðskuldabréfum, sem í ákæru getur, samkvæmt 1. og 3. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og á grundvelli riftunar Kristjönu Guðmundsdóttur 29. júní 1984 á kaupsamningi hennar við ákærðu Jóhönnu Lucindu frá 29. júlí 1983 og dóms Hæstaréttar í einkamáli milli þeirra hinn 3. mars 1987 til þess að tryggja, að veðskuldabréfum þessum verði skilað til Kristjönu Guðmundsdóttur, útgefanda þeirra.

Ákærðu krefjast bæði staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Mál þetta varðar meðferð á veðskuldabréfum, er ákærða Jóhanna Lucinda fékk sem greiðslu samkvæmt kaupsamningi 29. júlí 1983, þegar hún seldi heildverslun sína, svo sem um getur í ákæru og hinum áfrýjaða dómi. Kaupandi rifti samningnum 29. júní 1984 vegna vanefnda af hálfu ákærðu, eftir að ein afborgun hafði verið greidd af skuldabréfunum. Með dómi Hæstaréttar 3. mars 1987 fékk kaupandi viðurkenningu þess, að sú riftun hefði verið heimil, meðal annars með vísan til 53. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup. Um skil á greiðslum vegna riftunarinnar var þó ekki dæmt, og er uppgjör milli samningsaðila óútkljáð. Við opinbera rannsókn vegna viðskipta ákærðu við kaupanda var hald lagt með dómsúrskurði á þau sjö skuldabréf, sem ákæra tekur til, og eru þau nú í vörslu ákæruvaldsins vegna máls þessa.

Fyrir liggur, að þessi sjö bréf voru meðal 28 skuldabréfa, sem ákærða afhenti ákærða Jóhanni Halldóri samkvæmt kvittun 12. september 1983. Gefur kvittunin til kynna, að bréfin hafi þá verið eign ákærðu Jóhönnu Lucindu, en ætluð til sölu. Á þau hefur ákærði síðan ritað nafnframsal til sín, sem hann dagsetti 1. október 1983, til viðbótar ódagsettu eyðuframsali, er ákærða Jóhanna Lucinda hafði áður ritað. Með þessu er hann í ákæru talinn hafa gerst sekur um skjalafals, er varði við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Í rannsókn málsins hjá lögreglu og meðferð þess fyrir dómi skortir mjög athugun á því, hvernig viðskiptum hinna tveggja ákærðu var í raun háttað og með hvaða hætti og skilmálum ákærði Jóhann Halldór fékk skuldabréfin frá ákærðu Jóhönnu Lucindu. Það er þannig óljóst með öllu, til hvers ákærða ætlaðist með framsali á bréfunum og hvort ákærði hafi haft heimild hennar til þess að árita skuldabréfin sínu nafni. Þá hefur ekki verið reynt með markvissum hætti að varpa ljósi á það, hvaða hagsmunum hafi verið raskað með áritun ákærða á bréfin. Við svo búið er eigi unnt að leggja efnisdóm á mál þetta sem refsimál, og er því óhjákvæmilegt að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til frekari meðferðar.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til frekari meðferðar.

Staðfest er ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Jóhanns Halldórs Þorgeirssonar, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur, og skipaðs verjanda ákærðu Jóhönnu Lucindu Vilhjálmsdóttur Heiðdal, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 11. nóvember 1994.

Ár 1993, fimmtudaginn 11. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 459/1993: Ákæruvaldið gegn Jóhanni Halldóri Þorgeirssyni og Jóhönnu Lucindu Vilhjálmsdóttur Heiðdal, sem tekið var til dóms 1. nóvember sl.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 7. september sl., á hendur ákærðu, Jóhanni Halldóri Þorgeirssyni, Álfheimum 25 í Reykjavík, kennitala 310836-3389, og Jóhönnu Lucindu Vilhjálmsdóttur Heiðdal, Háteigsvegi 19 í Reykjavík, kennitala 260836-7499.

Verður nú gerð orðrétt grein fyrir efni ákæruskjalsins:

„Málið er höfðað gegn ákærða Jóhanni Halldóri til refsingar fyrir skjalafals, en jafnframt báðum ákærðu samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1991, til upptöku á sjö veðskuldabréfum., sem lýst verður og fylgja máli þessu.

_ _ _“

Niðurstaða.

Efni veðskuldabréfa þeirra, sem mál þetta fjallar um, er skuldaviðurkenning útgefanda þeirra til ákærðu. Bréf þessi voru nafnbréf í upphafi og urðu það áfram eftir áritanir ákærða, þótt áður kæmu til ódagsett eyðuframsöl ákærðu.

Til úrlausnar í málinu er, hvort sú háttsemi ákærða að fylla út í eyðuframsöl ákærðu sé skjalafals, en samkvæmt hegningarlögum telst skjalafals að nota falsað skjal til þess að blekkja með því í lögskiptum.

Ljóst er, að nafnritun ákærða er ófölsuð og þaðan af síður er leitt í ljós, að það, sem ákærði ritaði á skuldabréfin, sé liður í því að falsa og blekkja. Hvorki var skuldari bréfanna né neinn annar blekktur með áritunum ákærða á bréfin, og bréfin veittu ekki ákærða meiri rétt en skuldarinn veitti ákærðu við útgáfu þeirra. Ber því að sýkna ákærða af því að hafa gerst sekur um skjalafals með þeirri háttsemi hans, sem lýst er í ákæru, og þar með ber að sýkna ákærðu bæði af upptökukröfunni.

_ _ _

Dómsorð:

Ákærðu, Jóhann Halldór Þorgeirsson og Jóhanna Lucinda Vilhjálmsdóttir Heiðdal, eru sýknuð af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með taldar 65.000 krónur í málsvarnarlaun til hvors verjanda ákærðu um sig, hæstaréttarlögmannanna Kristjáns Stefánssonar, verjanda ákærða, og Arnar Clausen, verjanda ákærðu.

Fimmtudaginn 23. júní 1994.

Nr. 283/1994. **Pétur H. Blöndal**
(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Moniku D. Blöndal
(Tryggvi Gunnarsson hrl.)

Kærumál. Frávísunarúrskurði hrundið. Hjón. Skilnaðarsamningur. Börn. Framfærslueyrir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Guðrún Erlendsdóttir.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru, sem barst réttinum 15. júní sl. Kærður er frávísunarúrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 24. maí sl. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og honum breytt á þá leið, að málið verði tekið til efnismeðferðar í héraði.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Héraðsdómari vísaði máli þessu frá dómi ex officio, en í þinghaldi 1. febrúar 1994 hafði varnaraðili fallið frá frávísunarkröfu, sem byggst hafði á vanreifun á kröfum sóknaraðila.

Eins og lýst er í hinum kærða úrskurði, gerðu aðilar máls þessa með sér skilnaðarkjarasamning 24. maí 1989. Samkvæmt þeim samningi fékk varnaraðili forsjá 4 barna þeirra hjóna, en sóknaraðili skyldi greiða tvöfalt það meðlag, sem ákveðið er af Tryggingastofnun ríkisins, með hverju barni til 18 ára aldurs þeirra frá 1. maí 1989. Sóknaraðili greiddi meðlög þessi beint til varnaraðila fram til 1. júlí 1990, samtals 730.848 krónur, en þá hætti hann því. Varnaraðili fékk einnig greitt hjá Tryggingastofnun ríkisins einfalt meðlag með börnunum frá 1. maí 1989. Hefur stofnunin endurkrafið sóknaraðila um þær greiðslur fram til 1. september 1993, samtals 884.946 krónur.

Tvö elstu börn málsaðila urðu 18 ára í ágúst og september 1990. Næstyngsta barnið, Stefán Patrik, f. 28. júní 1976, fluttist til sóknaraðila 15. október 1989 og bjó hjá honum til 1. maí 1992, er hann fluttist til varnaraðila og bjó þar fram í nóvember 1992. Yngsta barnið, Stella María, f. 30. mars 1980, býr hjá varnaraðila.

Fram til 1. september 1993 hefur sóknaraðili samkvæmt framansögðu greitt samtals 1.615.794 krónur í meðlag með börnum sínum.

Sóknaraðili byggir kröfur sínar á reglum um endurgreiðslu ofgreidds fjár. Telur hann sig hafa greitt meðlag umfram skyldu, og beri varnaraðila að endurgreiða það, sem umfram er. Aðalkröfu sína byggir sóknaraðili á því, að varnaraðila beri að greiða tvöfalt meðlag með Stefáni Patrik þann tíma, sem hann var hjá sóknaraðila, varakröfuna á því, að varnaraðila beri að greiða einfalt meðlag með Stefáni Patrik á þessum tíma, og þrautavarakröfuna á því, að honum hafi ekki borið að greiða meðlag með drengnum þann tíma, sem hann stóð straum af útgjöldum vegna framfærslu hans.

Eins og tekið er fram í niðurstöðu hins kærða úrskurðar, byggjast kröfur sóknaraðila í meginatriðum á því, að breytt verði frá ákvæðum skilnaðarsamnings aðila um meðlagsgreiðslur með syni þeirra, Stefáni Patrik. Ná kröfur sóknaraðila yfir tímabilið frá 15. október 1989 til 1. september 1993.

Í 2. mgr. 20. gr. barnalaga nr. 9/1981 var svohljóðandi ákvæði: „Ákvörðun um framfærslueyri, sem eindagaður er, áður en beiðni er uppi höfð, verður þó ekki breytt, nema alveg sérstakar ástæður leiði til þess, og almennt ekki lengra aftur í tímann en í eitt ár, frá því að beiðni var sett fram.“ Samkvæmt 1. mgr. 18. gr. barnalaga, nr. 20/1992 getur sýslumaður breytt samningi um framfærslueyri, ef rökstudd krafa kemur fram um það, enda telji hann, að aðstæður hafi breyst verulega eða samningur gangi í berhögg við þarfir barns. Er í 2. mgr. 18. gr. kveðið á um það, að 2. mgr. 16. gr. eigi hér við að sínu leyti, en þar er kveðið á um það, að ákvörðun um framfærslueyri, sem eindagaður er, áður en krafa er uppi höfð, verði ekki breytt nema alveg sérstakar ástæður leiði til þess. Í athugasemdum við frumvarp til barnalaga nr. 20/1992 segir svo um 16. gr.: „Greinin er efnislega óbreytt 20. gr. barnalaga, nema lagt er til, að í 2. mgr. verði fellt niður ákvæði um, hve langt aftur í tímann breyta megi ákvörðun um eindagaðan framfærslueyri. Á sýslumaður að meta það. Er um að ræða þrengri heimild til að breyta ákvörðun en skv. 20. gr., 2. mgr., barnalaga . . .“.

Af framansögðu leiðir, að það er ekki raunhæft úrræði að vísa sóknaraðila til sýslumanns með kröfur sínar. Ber því að fella hinn kærða frávísunarúrskurð úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að ljúka efnisdómi á málið.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi, og er lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnislegrar meðferðar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 24. maí 1994.

Mál þetta, sem höfðað er með stefnu, birtri 20. september 1993, var tekið til úrskurðar um frávísun án kröfu í þinghaldi þann 17. maí sl.

Stefnandi er Pétur H. Blöndal, kt. 240644-2319, Kringlunni 19, Reykjavík.

Stefnda er Monika D. Blöndal, kt. 310147-5169, Aflagranda 20, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru aðallega, að stefnda verði dæmd til að endurgreiða honum ofgreidd meðlög áranna 1989–1993, kr. 1.112.236, með dráttarvöxtum [...].

Stefnda krefst sýknu og málskostnaðar.

Málavextir.

Aðilar málsins skildu að borði og sæng þann 7. júlí 1989 og skildu lögskilnaði þann 3. ágúst 1990. Þann 24. maí 1989 sömdu þau um skilnaðarkjör og samkvæmt þeim samningi fékk stefnda forsjá fjögurra barna þeirra en stefnandi lofaði að greiða tvöfalt meðlag með hverju barni til 18 ára aldurs þess. Í leyfisbréfi til skilnaðar að borði og sæng og lögskilnaðarleyfinu er þetta ákvæði tekið upp.

Stefnandi greiddi meðlög beint til stefndu frá því í maí 1989 og þar til í júlí 1990 er hann hætti því. Stefnda lagði þann 28. júlí 1989 inn umsókn hjá Tryggingastofnun ríkisins um greiðslu einfalds meðlags með börnunum og eftir það greiddi stofnunin henni einfalt meðlag með hverju barni og endurkrafði stefnanda í gegnum Innheimtustofnun sveitarfélaga eins og tíðkanlegt er.

Í ágúst 1990 varð eitt barnanna 18 ára og annað í september sama ár. Þriðja barnið, Stefán Patrik, hefur allt frá því í október 1989 og þar til málið var höfðað, verið ýmist hjá stefnanda eða stefndu og er það ein af málsástæðum stefnanda, að honum beri ekki að greiða meðlag með því á þeim tíma, er það dvaldist hjá honum, eins og rakið verður í næsta kafla.

– – –

Niðurstaða.

Eins og rakið var sömdu aðilar þann 24. maí 1989 um framfærslu barna sinna og fleira, er tengdist skilnaði þeirra. Samningurinn var lagður til grundvallar við útgáfu leyfis til skilnaðar að borði og sæng og síðar við útgáfu lögskilnaðarleyfis.

Kröfur stefnanda í þessu máli byggjast í meginatriðum á því að víkja til hliðar ákvæðum samningsins hvað varðar meðlagsgreiðslur með syni hans og stefndu, Stefáni Patrik, eins og rakið var þegar málsástæður stefnanda voru raktar hér að framan.

Samkvæmt 1. mgr. 18. gr. barnalaga nr. 20/1992 getur sýslumaður skipað máli á annan veg en framfærslusamningur kveður á um ef þess er krafist og aðstæður hafa breyst.

Samkvæmt þessu lagaákvæði á það undir sýslumann að breyta samningi aðila hvað varðar meðlagsgreiðslur með Stefáni Patrik. Að úrskurði hans fengnum verður fyrst hægt að skera úr um hvað stefnandi kann að hafa ofgreitt stefndu. Málið heyrir því ekki undir héraðsdóm á þessu stigi, og ber að vísa því frá.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð:

Málinu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 23. júní 1994.

Nr. 284/1994. **Kópavogskaupstaður og Magnús Hjaltested**
(Þórólfur Kristján Beck hrl.)
gegn
Ölfushreppi
(Eiríkur Tómasson hrl.)

Kærumál. Hæfi dómara. Landamerki. Dómstólar. Lögsagnarumdæmi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðilar hafa með heimild í a-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála skotið málinu til Hæstarétttar með kæru 6. júní 1994, sem barst réttinum 14. sama mánaðar. Þeir krefjast þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að víkja sæti í málinu. Þá krefjast sóknaraðilar hvor um sig kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Auk sóknaraðila hefur varnaraðili stefnt Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstað, Garðabæ, Bessastaðahreppi og Hafnarfjarðarkaupstað til varna í því máli, sem kærumál þetta er sprottið af. Þessir aðilar hafa ekki látið kærumálið til sín taka.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 92/1989 um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði ákvarðast lögsagnarumdæmi héraðsdómstóla af mörkum kaupstaða og sýslna. Dómkröfur varnaraðila í aðalmálinu lúta að viðurkenningu landamerkja og marka sveitarfélaga á afréttum, en varða eigi mörk stjórnsýslu ríkisins eða dómstóla, eins og þau eru ákveðin í lögum nr. 92/1989.

Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga nr. 41/1919 um landamerki o.fl. skyldi dómsmálaráðherra ákveða, ef deilt var um landamerki og lönd lágu hvort í sínu lögsagnarumdæmi, í hvoru þeirra héraðsdómari skyldi fara með málið. Ákvæði þetta var fellt úr gildi með 6. gr. laga nr. 92/1991, og leiddi þá niðurfellingu af aðskilnaði dómsvalds og umboðsvalds í héraði samkvæmt lögum nr. 92/1989. Hún fól hins vegar ekki í sér fyrirætlan um það, að héraðsdómari væri ekki eftir sem áður bær um að fjalla um ágreining í landamerkjamálum, þótt lönd lægju í lögsagnarumdæmi þess dómstóls, sem hann starfar við.

Engin haldbær rök hafa verið færð fram fyrir því, að ákvæði g-liðar 5. gr. laga nr. 91/1991 geti átt við í málinu.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðilar skulu greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðilar, Kópavogskaupstaður og Magnús Hjaltested, greiði varnaraðila, Ölfushreppi, sameiginlega 40.000,00 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 31. maí 1994.

Þess var krafist í greinargerð af hálfu stefndu, Kópavogskaupstaðar og Magnúsar Hjaltested, að héraðsdómarar við Héraðsdóm Suðurlands vikju sæti í máli þessu. Í þinghaldi þann 25. þ.m. var kröfunum breytt á þann veg að einungis var gerð krafa um að dómari málsins, dómstjórinn við Héraðsdóm Suðurlands, viki sæti í máli þessu.

Krafa þessi er studd þeim rökum að úrlausn deiluefnisins í máli þessu varði mörk lögsagnarumdæma dómstólanna samkvæmt 2. gr. laga nr. 92/1989 um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, þ.e. mörk lögsagnarumdæma Héraðsdóms Suðurlands og Héraðsdóms Reykjaness.

Er skírskotað til venju þess efnis að dómarar í viðkomandi umdæmum víki sæti er deilt sé um mörk lögsagnarumdæma. Þá telur lögmaður Kópavogskaupstaðar og Magnúsar Hjaltested að ákvæði 2. mgr. 8. gr. laga nr. 41/1919 hafi vegna mistaka löggjafarvaldsins verið felld niður, en samkvæmt dómvenju og eðli máls hljóti þær efnisreglur að gilda engu að síður. Loks telur lögmaðurinn að þrátt fyrir orðalag 6. töluliðar 6. gr. laga nr. 92/1991 hljóti þær reglur einnig að eiga við dómstólana með rýmkandi lögskýringu, lögjöfnun og eðli máls. Einnig hefur lögmaðurinn talið að fyrri afskipti dómarans af málinu með því að gefa út stefnu í máli þessu valdi því að hann sé vanhæfur til þess að fara með málið.

Frá því er lög nr. 92/1989 um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði tóku gildi þann 1. júlí 1992 verður ekki talið að nein slík réttarvenja hafi skapast er bendi til þess að dómara málsins beri að víkja sæti. Fyrri tíma dæmi um, að sýslumenn hafi vikið sæti, er deilt var um mörk sýslna, eiga hér ekki við, þar sem sýslumenn gegndu umfangsmiklum stjórnsýsluverkefnum auk dómstarfa og voru meðal annars oddvitar sýslunefnda og gátu því oft haft stöðu aðila. Slíku er ekki til að dreifa í dag þar sem dómarar fara ekki með önnur stjórnsýsluverkefni en lúta að stjórn dómstóla. Í 6. tl. 6. gr. laga nr. 92/1991 er einungis fjallað um störf sýslumanna í sambandi við meðferð landamerkjamála. Verður ekki talið að tækt sé að fella dómaskipun undir þessi ákvæði með almennum lögskýringarreglum. Ekki hefur verið bent á nein haldbær rök fyrir því að dómari málsins eigi hér nokkurra hagsmuna að gæta og verður því ekki fallist á að ákvæði g-liðar 5. gr. laga nr. 91/1991 leiði til þess að dómara málsins beri að víkja sæti. Verður því að hafna kröfunni um að dómari málsins víki sæti.

Í málflutningi sínum kom fram að lögmaður Kópavogskaupstaðar og Magnúsar Hjaltested telur, að dóminum beri ex officio að taka til athugunar hvort ekki beri að vísa málinu frá vegna rangs varnarþings. Fyrir liggur að stefndu hafa gert kröfur um frávísun málsins og verður fjallað um þær í sérstöku þinghaldi síðar og verður þá jafnframt tekin afstaða til þess hvort vísa beri málinu frá ex officio.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu stefndu, Kópavogskaupstaðar og Magnúsar Hjaltested, að dómari málsins víki sæti.

Föstudaginn 24. júní 1994.

Nr. 290/1994. **Ákæruvaldið**

gegn

Ólafi Gunnarssyni

(Jón Magnússon hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. 2. mgr. 103. gr. og 106. gr. l. nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Ákærði skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 20. júní 1994, sem barst Hæstarétti ásamt kærumálsgögnum 21. sama mánaðar, en kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Krefst ákærði þess, að hinum kærða úrskurði verði hnekkt og gæsluvarðhald sitt fellt úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 20. júní 1994.

Ár 1994, mánudaginn 20. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Ríkissaksóknari hefur krafist þess, að Ólafi Gunnarssyni, kt. 200455-3049, til lögheimilis að Suðurhólum 24, en með dvalarstað að Flétturima 11, hvort tveggja í Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi frá deginum í dag þar til hann hefur tekið ákvörðun um hvort hann muni áfrýja dómi, sem kveðinn var upp yfir honum fyrr í dag í málinu nr. S-189/1994, þó eigi lengur en til mánudagsins 18. júlí nk. kl. 14.00.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum í dag, var framangreindum Ólafi Gunnarssyni gert að sæta fangelsi í 4 ár og 6 mánuði, en til frádráttar refsivistinni skyldi koma gæsluvarðhald hans frá 2. september sl. Var dómfelldi sakfelldur fyrir brot gegn 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974. Einnig var dómfelldi sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Ákæra í máli dómfellda var gefin út hinn 15. mars 1994, en einnig var dómurinn byggður á ákæru, út gefinni 10. apríl s. á. Hefur dómfelldi, sem fyrr segir, sætt gæsluvarðhaldi frá 2. september sl. Bókað var í þingbók að einungis verjendur ákærðu og fulltrúi ákæruvaldsins hefðu verið viðstaddir dómsuppkvaðningu.

Af ákæruvaldsins hálfu er krafan um áframhaldandi gæsluvarðhald byggð á 2. mgr. 103. gr. og 106. gr., sbr. 1. mgr. 153. gr. laga nr. 19/1991. Samkvæmt 106. gr. tilvitnaðra laga lýkur gæsluvarðhaldi þegar dómur hefur verið kveðinn upp í máli, en eftir kröfu ákæranda getur dómari þó úrskurðað að gæsluvarðhald skuli haldast meðan á fresti samkvæmt 1. mgr. 153. gr. sömu laga stendur, svo og meðan mál er til meðferðar fyrir æðra dómi ef því er að skipta. Þegar þess er gætt að dómfellda var með dóminum gert að sæta fangelsi í 4 ár og 6 mánuði verður ekki fram hjá því litið að um er að ræða sakfellingu fyrir stórfelld brot. Þykir því með vísan til framanritaðs rétt að taka kröfu ákæruvalds til greina, eins og hún er fram sett.

Úrskurðarorð:

Dómfelldi, Ólafur Gunnarsson, skal sæta áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess er rann út í dag við uppkvaðningu dóms í máli ákæruvaldsins gegn honum, þar til hann hefur tekið ákvörðun um hvort hann muni áfrýja dóminum, en þó eigi lengur en til mánudagsins 18. júlí nk. kl. 14.00.

Föstudaginn 24. júní 1994.

Nr. 263/1994. **Kristín Þóra Valdimarsdóttir**
(Arnmundur Backman hrl.)
gegn
þrotabúi Þórs hf.
(Lárentínus Kristjánsson hdl.)

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Skuldaröð. Lagaskil.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu samkvæmt heimild í 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. til Hæstaréttar með kæru 24. maí 1994, sem barst réttinum 3. júní sl. Hún krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og skaðabótakrafa sín verði viðurkennd sem forgangskrafa við skipti þrotabús varnaraðila með vísun til 5. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 2. mgr. sömu greinar. Þá krefst hún málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar að öðru leyti en því, að sér verði dæmdur málskostnaður í héraði. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

I.

Eins og fram kemur í úrskurði héraðsdóms, á fébótakrafa sóknaraðila á hendur varnaraðila rætur að rekja til slyss, er hún varð fyrir við vinnu sína hjá Þór hf. 26. september 1990. Örorkutjónsútreikningur á grundvelli örorkumats frá 6. nóvember 1991 lá fyrir 11. desember sama ár, og var mál sóknaraðila gegn félaginu þingfest 6. febrúar 1992, fjórtán og hálfum mánuði eftir slysdag. Málinu lauk með réttarsátt 29. mars 1993, en bú Þórs hf. var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 25. október sama ár. Frestdagur við skiptin er 22. september 1993.

Sóknaraðili höfðaði mál sitt í gildistíð 84. gr. laga nr. 3/1878 um skipti á dánarbúum og félagsbúum o.fl. Samkvæmt 6. tl. þess ákvæðis, sbr. 1. gr. laga nr. 23/1979, nutu bótakröfur á hendur atvinnurekendum vegna örorku eða dauðsfalls af völdum vinnuslysa forgangs við skipti, þótt slysið hefði borið að höndum fyrr en 18 mánuðum fyrir upphaf skipta, ef mál var höfðað til heimtu bóta innan 18 mánaða frá gjalddaga. Í 2. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991, er leysti 6. tl. 84. gr. skiptalaga af hólmi, er sams konar ákvæði um forgang bótakrafna að öðru leyti en því, að frestur til málshöfðunar er nú ekki nema sex mánuðir frá gjalddaga. Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 21/1991 er ekki að finna skýringu á þessari styttingu á málshöfðunarfresti, og ekki var vikið að þessu atriði við umræður um frumvarpið á Alþingi.

II.

Í lögum nr. 21/1991 er ekki að finna ákvæði um réttarstöðu bótakrefjanda við gjaldþrotaskipti, sem sótt hefur vinnuveitanda til ábyrgðar fyrir 1. júlí 1992 innan tilskilinna tímamarka 84. gr. laga nr. 3/1878, en ekki innan hins stytta málshöfðunarfrests yngri laganna. Sóknaraðili höfðaði mál til heimtu fébóta innan fimmtán mánaða frá slysdegi og hélt rétti sínum því til laga, eins og þá var kostur. Verður ekki talið, að unnt sé að beita hinu nýja ákvæði sóknaraðila til óhagræðis, þótt skipti á þrotabúi varnaraðila fari að öðru leyti eftir nýrri lögunum. Kröfu hennar var því haldið fram nægjanlega snemma, til þess að hún geti notið forgangs við skipti á búi varnaraðila.

III.

Eins og áður greinir, lauk málinu með réttarsátt um bætur til sóknaraðila 29. mars 1993 eða innan sex mánaða fyrir frestdag, sbr. 2. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991 og 6. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878. Ber að skýra niðurlagsákvæði 2. mgr. 112. gr. svo, að kröfur njóti að öðru jöfnu réttarverndar ákvæðisins, þótt máli hafi lokið með dómsátt í stað dóms, enda fer önnur niðurstaða í bága við sjónarmið um málsforræði aðila í einkamálum og úrræði til hagræðis í réttarfari.

IV.

Samkvæmt framansögðu ber að fallast á það með sóknaraðila, að krafa hennar, að fjárhæð 1.937.442, krónur verði viðurkennd sem forgangskrafa við gjaldþrotaskipti á búi varnaraðila.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði falli niður. Varnaraðili skal greiða sóknaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Krafa sóknaraðila, Kristínar Þóru Valdimarsdóttur, að fjárhæð 1.937.442 krónur, er viðurkennd sem forgangskrafa samkvæmt 5. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr., 112. gr. laga nr. 21/1991 við gjaldþrotaskipti á þrotabúi Þórs hf.

Varnaraðili, þrotabú Þórs hf., greiði sóknaraðila 150.000 krónur í kærumálskostnað.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar og Ingibjargar Benediktsdóttur

Við eru samþykk I. og III. kafla í atkvæði meiri hluta dómenda.

Samkvæmt 2. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. ber að höfða mál innan sex mánaða frá gjalddaga skaðabótakröfu, til þess að hún njóti forgangs miðað við almennar kröfur og eftirstæðar kröfur, sbr. 113. og 114. gr. laganna, enda hafi dómur um hana gengið á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag eða síðar. Af ákvæðum 5. tl. 1. mgr. 112. gr. verður ekki séð, hvað átt sé við með gjalddaga í þessu tilliti, og er það fyrst í 2. mgr., sem á hugtakið reynir varðandi þessar kröfur. Orðalag og markmið þess ákvæðis gefa eindregið til kynna, að með gjalddaga bótakröfu sé þar tekið mið af þeim tíma, þegar hið fjárhagslega tjón verður staðreynt með örorkumati og tjónsútreikningi eða öðrum aðferðum, sem við eiga. Leiðir þetta þegar af því, að mál til heimtu á kröfu, eins og um ræðir í málsgreininni, verður að jafnaði ekki höfðað, nema sá tími sé kominn. Jafnframt styðst þessi skilningur við almenn sjónarmið um það, hvað sé gjalddagi eða eindagi skaðabótakröfu. Ljóst er og, að ákvæði 2. mgr. 112. gr. eru ónothæf og gagnslaus varðandi þessar kröfur, ef litið er svo á, að höfða beri mál innan 6 mánaða frá slysdegi, þar sem fullyrða má, að örorkumat liggur nær aldrei fyrir innan þess frests. Á það ekki síst við í hinum alvarlegri slysum.

Í máli þessu liggur fyrir, að sóknaraðili fylgdi bótakröfu sinni fram frá öndverðu með eðlilegum hætti, og var fjártjón hennar staðreynt með örorkumati og útreikningi á þeim tíma, sem hæfilegur var eftir aðstæðum. Hefur hún ótvírætt fullnægt skilyrðum þess, að skaðabótakrafa hennar fái notið forgangsréttar á grundvelli 2. mgr. 112. gr. Á þessum forsendum erum við samþykk því, að krafan verði viðurkennd sem forgangskrafa í þrotabúi varnaraðila. Við erum einnig sammála öðrum dómendum um málskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 11. maí 1994.

I.

Kröfur aðila.

Mál þetta, sem varðar ágreining við gjaldþrotaskipti, var þingfest 4. mars 1994 og tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi þann 14. apríl 1994.

Sóknaraðili, Kristín Þóra Valdimarsdóttir, kt. 070944-2869, Sunnubraut 5, Grindavík, gerir þá dómkröfu, að krafa hennar, að fjárhæð kr. 1.937.442,00, á hendur varnaraðila verði viðurkennd sem forgangskrafa við gjaldþrotaskipti. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar að skaðlausu úr hendi varnaraðila samkvæmt mati réttarins.

Varnaraðili, þrotabú Þórs hf., kt. 660690-1239, gerir þá dómkröfu, að hafnað verði að fjárkrafa sóknaraðila njóti forgangs við skiptin og að staðfest verði sú ákvörðun skiptastjóra að samþykkja kröfuna sem almenna kröfu í búið. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi sóknaraðila samkvæmt mati réttarins.

Sáttaumleitanir dómarans hafa engan árangur borið.

II.

Tildrög málsins.

Þann 25. október 1993 var bú Þórs hf., kt. 660690-1239, Hafnargötu 27, Grindavík, tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness. Skiptabeiðandi var sýslumaðurinn í Keflavík, og barst dóminum skiptabeiðni hans 22. september 1993, sem telst frestdagur við skiptin. Til að fara með skiptin var Lárentínus Kristjánsson hdl. skipaður skiptastjóri búsins. Fresti til að lýsa kröfum í búið lauk 10. janúar 1994.

Með bréfi, sem barst skiptastjóra 29. nóvember 1993, var lýst kröfu sóknaraðila í búið, að höfuðstól kr. 1.500.000,00, dráttarvöxtum kr. 126.333,00 og kostnaði kr. 349.526,00, samtals kr. 1.975.859,00. Jafnframt var þess krafist, að skuldin yrði talin til forgangskrafna við skiptin. Skiptastjóri féllst á kröfu sóknaraðila, að fjárhæð 1.937.442,00, sem almenna kröfu í búið. Þann 24. janúar 1994 var haldinn skiptafundur í búinu til að fjalla um kröfuskrá og á þeim fundi var afstöðu skiptastjóra til kröfunnar mótmælt.

Vegna þessa var á ný boðað til skiptafundar þann 14. febrúar 1994, þar sem árangurslaust var reynt að jafna ágreining um kröfu sóknaraðila. Með bréfi skiptastjóra, dags. 15. febrúar 1994, sem barst dóminum 16. sama mánaðar, var málinu vísað til dómsins og krafist úrlausnar um ágreininginn, sbr. 2. mgr. 120. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Í skiptamáli þessu er fjárhæð kröfu sóknaraðila ágreiningslaus, svo sem hún var viðurkennd af varnaraðila. Með málsaðilum er hins vegar ágreiningur um stöðu kröfunnar í skuldaröð.

– – –

V.

Niðurstaða.

Í máli þessu greinir aðila á um, hvort krafa sóknaraðila á hendur varnaraðila sé forgangskrafa eða almenn krafa við gjaldþrotaskipti.

Sóknaraðili varð fyrir slysi að störfum hjá Þór hf. þann 26. september 1990, og hlaut hún líkamstjón af völdum slyssins. Þann 11. desember 1991 lá fyrir örorkutjónsútreikningur tryggingastærðfræðings á fjártjóni sóknaraðila, byggður á örorkumati. Í ársbyrjun 1992 höfðaði sóknaraðili mál gegn Þór hf. til heimtu bóta, og lauk því máli með réttarsátt þann 29. mars 1993. Bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskipta þann 25. október 1993 og er frestdagur við skiptin 22. september sama ár.

Sóknaraðili heldur því fram, að gjalddagi í skilningi 2. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. sé sá dagur, er tjón hafi verið staðreynt, og því haldist forgangsréttur örorkubóta við gjaldþrotaskipti á búi vinnuveitanda, sé dómsmál höfðað innan sex mánaða frá því tímamarki. Varnaraðili telur hins vegar gjalddaga í skilningi umrædds lagaákvæðis vera slysdag, svo að málsókn sóknaraðila fái því ekki breytt, að forgangsréttur fyrir kröfu hennar féll niður að átján mánuðum liðnum frá slysdegi.

Samkvæmt 5. tl. 1. mgr. 112. gr. er forgangsréttur örorkubóta launþega við gjaldþrotaskipti á búi vinnuveitanda háður því skilyrði, að slys hafi átt sér stað á síðustu átján mánuðum fyrir frestdag. Í 2. mgr. 112. gr. er síðan mælt fyrir um að forgangsréttur slíkra krafna falli ekki niður, „ef mál hefur verið höfðað til heimtu þeirra innan sex mánaða frá gjalddaga og dómur hefur gengið um þær á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag eða síðar“. Það er álit dómsins að skýra beri ákvæði þessi til samræmis, þannig að gjalddagi kröfu í skilningi 2. mgr. 112. gr. sé það tímamark, þegar launþegi varð fyrir slysi, enda mælir ákvæðið fyrir um úrræði kröfuhafa til að tryggja áframhaldandi forgangsrétt kröfu. Þá leiðir þessa niðurstöðu einnig af almennum reglum skaðabótaréttar, hvenær kröfur þessar gjaldfalla. Þar sem sóknaraðili höfðaði mál á hendur Þór hf. eftir að liðnir voru sex mánuðir frá því að hún varð fyrir slysi, gat sú málsókn ekki komið í veg fyrir að forgangsréttur fyrir kröfunni félli niður, þegar liðnir voru átján mánuðir frá því tímamarki. Þykir því verða að hafna kröfu sóknaraðila um, að fjárkrafa hennar teljist forgangskrafa, og fallast á þá afstöðu varnaraðila, að krafan teljist almenn krafa við gjaldþrotaskiptin.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Benedikt Bogason dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu sóknaraðila, Kristínar Þóru Valdimarsdóttur, að krafa hennar, að fjárhæð kr. 1.937.442,00, teljist forgangskrafa, og staðfest sú afstaða varnaraðila, þrotabús Þórs hf., að krafan sé almenn krafa við gjaldþrotaskiptin.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 28. júní 1994.

Nr. 250/1994. **Páll Egilsson**
(Tryggvi Gunnarsson hrl.)
gegn
Steinunni Björk Garðarsdóttur
(Guðmundur Markússon hrl.)

Kærumál. Res judicata. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 19. maí sl., sem barst réttinum 30. sama mánaðar. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með dómi aukadómþings Árnessýslu 22. maí 1992 var sóknaraðili dæmdur til að greiða varnaraðila 500.000 krónur á grundvelli skuldaviðurkenningar hans frá 6. júní 1990. Dómurinn taldi ósannað, að í greiðslu sóknaraðila til varnaraðila 5. júlí 1990, að fjárhæð 1.263.560 krónur, hefðu falist efndir á greiðslu skuldaviðurkenningarinnar frá 6. júní sama ár. Þar með hafði dómurinn tekið efnislega afstöðu til þess, að ekki yrði á því byggt, að efndir þessarar skuldaviðurkenningar hefði áður borið að. Þessum dómi var ekki áfrýjað til Hæstaréttar.

Það verður ekki að nýju borið undir dómstóla, hvort sú fjárhæð, sem dæmt var um 22. maí 1992, hafi verið hluti af uppgjöri aðila, sem greiðslu sóknaraðila 5. júlí 1990 hafi verið ætlað að ná til, sbr. 2. mgr. 116. gr. einkamálalaga. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð með skírskotun til forsendna hans.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Páll Egilsson, greiði varnaraðila, Steinunni Björk Garðarsdóttur, 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar

Í máli því milli aðila, sem úr var leyst með dómi aukadómþings Árnessýslu 22. maí 1992, lá það fyrir annars vegar, að sóknaraðili hafði 6. og 14. júní 1990 gefið út tvær skuldaviðurkenningar til varnaraðila, hvora að fjárhæð 500.000 krónur, þar sem hann lofaði einhliða að greiða henni skuldarfjárhæðina á tilteknum gjalddaga, fyrirvaralaust og án skýringar á því, hvernig skuldin væri til komin. Hins vegar hafði sóknaraðili 5. júlí sama ár greitt 1.263.560 krónur í einu lagi inn á bankareikning á nafni varnaraðila, einhliða og án tilgreiningar á því, hvert væri tilefni greiðslunnar. Málið höfðaði varnaraðili um 14 mánuðum síðar til innheimtu þeirrar skuldaviðurkenningar, sem fyrr var út gefin, og krafðist greiðslu eftir hljóðan hennar. Þeirri kröfu fylgdi ekki gagnger útlistun á þeim viðskiptum, sem hún hafði stofnast af. Sóknaraðili krafðist sýknu á grundvelli þess, að skuld hans samkvæmt viðurkenningunni væri þegar greidd. Reyndi hann að sýna fram á, að tengsl væru milli skuldaviðurkenninganna og fyrrnefndrar bankainnborgunar, og sagði hana vera ætlaða til uppgjörs á þeim báðum ásamt tiltekinni inneign, sem varnaraðili hefði einnig átt hjá honum. Á hinn bóginn gerði hann ekki sjálfstæða kröfu um staðfestingu þess, hvað hann hefði verið að greiða, né hins, að með innborguninni hefði hann orðið skuldlaus við varnaraðila, eins og hann hélt fram. Varnaraðili mótmælti staðhæfingum sóknaraðila og kvað innborgunina vera viðurkenningunum óviðkomandi, af ástæðum, sem hún gerði lauslega grein fyrir.

Í niðurstöðum dómsins var krafa varnaraðila um greiðslu samkvæmt skuldaviðurkenningunni talin réttmæt þegar af þeirri ástæðu, að sóknaraðili staðfesti, að hann hefði staðið í skuld við varnaraðila, þegar viðurkenningin var gefin út. Sýknukröfu sóknaraðila var hins vegar hafnað á þeirri forsendu, að honum hefði verið í lófa lagið að tryggja sér skýra sönnun fyrir greiðslu skuldarinnar, hefði hún á annað borð farið fram. Sönnun þess efnis lægi ekki fyrir, og yrði varnaraðili að bera hallann af þeim sönnunarskorti. Þessi niðurstaða felur í sér bindandi úrlausn um það, að bankainnborgun sóknaraðila hafi ekki leitt til efnda á loforði hans samkvæmt skuldaviðurkenningunni, eins og hún lá fyrir. Á hinn bóginn er niðurstaðan ekki bindandi um það, hvaða skuld sóknaraðili hafi verið að viðurkenna, þar sem skjalið var lagt til grundvallar án úrskurðar um, hvaða viðskipti lægju því að baki. Á sama hátt leysir hún ekki úr því, hvað sóknaraðili var í raun að greiða með innborgun sinni, þar sem ekki reyndi á annað en það, hvort greiðslan næði til umræddrar skuldayfirlýsingar. Verður dómurinn þannig ekki talinn bindandi um endanleg áhrif viðurkenningarinnar eða greiðslunnar á uppgjör þeirra lögskipta, sem málsaðilar áttu sín í milli, enda verður ekki séð af forsendum dómsins, að efnisleg afstaða hafi verið tekin til þeirra.

Samkvæmt þessu þarf dómurinn ekki að standa því í vegi, að sóknaraðili beri það nú undir dómstóla, hver eigi að vera niðurstaðan um fullnaðaruppgjör á fjárhagslegum skiptum hans og varnaraðila og hvort greiðsla hans inn á bankareikninginn og síðar á dómskuldinni við varnaraðila leiði til þess ásamt öðru, að hann reynist hafa greitt henni umfram skyldu. Það telur hann vera markmið þeirrar málsóknar, sem hér er til umfjöllunar. Varnaraðili hefur ekki borið fram aðrar ástæður til frávísunar á málinu en þá, sem hér var rædd. Að svo komnu verður það því niðurstaða mín, að fella beri hinn kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til frekari meðferðar. Rétt er, að málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður falli niður.

Úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 5. maí 1994.

I.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 14. f.m. að loknum munnlegum málflutningi um fram komna frávísunarkröfu stefnda, er höfðað 19. nóvember 1993 af Páli Egilssyni, kt. 200344-7319, Múla, Biskupstungnahreppi, Árnessýslu, á hendur Steinunni Björk Garðarsdóttur, kt. 090136-2919, Heimahaga 11, Selfossi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda 500.000 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/

1987 frá 5. júlí 1990 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Af hálfu stefndu er á þessu stigi málsins gerð sú krafa, að því verði vísað frá dómi. Þá krefst stefnda málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu.

Stefnandi hefur krafist þess, að frávísunarkröfu stefndu verði hrundið og sér dæmdur málskostnaður úr hendi stefndu vegna þessa þáttar málsins.

II.

Þann 6. júní 1990 undirritaði stefnandi máls þessa svohljóðandi skuldaviðurkenningu: „Ég undirritaður gef hér með yfirlýsingu um, að ég skulda Steinunni Garðarsdóttur, 090136-2919, 500.000 kr., sem ég greiði henni 20. júní 1990."

Með stefnu, birtri 27. september 1991, höfðaði stefnda mál á hendur stefnanda og gerði þá dómkröfu, að honum yrði gert að greiða sér 500.000 krónur ásamt dráttarvöxtum frá 20. júní 1990 til greiðsludags. Var þessi málsókn stefndu algerlega grundvölluð á framanritaðri skuldaviðurkenningu, en stefnda er kröfuhafi samkvæmt henni. Af hálfu stefnanda var krafist sýknu og því haldið fram, að greind skuld hans við stefndu hefði að fullu verið greidd 5. júlí 1990. Vísaði stefnandi til þess í því sambandi, að þann dag hefði hann greitt stefndu 1.263.560 krónur. Greiðsla á umræddri skuldaviðurkenningu hafi verið hluti af heildaruppgjöri aðila sem með þessu hafi farið fram, en stefnda hafi um tíma verið ráðskona hjá stefnanda. Af hálfu stefndu var fullyrðingu stefnanda um greiðslu hinnar umstefndu skuldar eindregið mótmælt og því haldið fram, að greiðsla stefnanda til hennar þann 5. júlí 1990 hefði verið skuldaviðurkenningunni algjörlega óviðkomandi.

Niðurstaða héraðsdóms í ofangreindu máli samkvæmt dómi aukadómþings Árnessýslu, upp kveðnum 22. maí 1992, varð sú, að dómkrafa stefndu var að fullu tekin til greina. Var á því byggt, að stefnanda hefði ekki tekist sönnun þess, að greiðsla skuldarinnar hefði þegar verið innt af hendi.

Framangreindum dómi var ekki áfrýjað til Hæstaréttar Íslands og fyrir liggur, að stefnandi gerði skuld sína við stefndu samkvæmt dóminum að fullu upp í september 1993.

Mál það, sem hér er til meðferðar, höfðar stefnandi á hendur stefndu „til endurgreiðslu á fjárgreiðslu sem hann innti af hendi til hennar 5. júlí 1990 í þeirri trú að um væri að ræða greiðslu á skuldaviðurkenningu . . .", eins og segir í stefnu.

III.

Að sögn stefnanda kom stefnda sem ráðskona á heimili hans að Múla þann 15. maí 1986. Ástarsamband hafi tekist með aðilum og þau fljótlega hafið sambúð. Upp úr henni hafi hins vegar slitnað um miðjan september 1989 og hafi stefnda þá farið frá Múla. Við samvistarslit málsaðila hafi verið þörf á að ljúka fjárhagslegu uppgjöri þeirra í milli, en þau mál hafi ekki verið í föstu horfi, þá er stefnda var í ráðskonustarfi hjá stefnanda. Af því tilefni kveðst stefnandi hafa undirritað tvær skuldaviðurkenningar, 6. og 14. júní 1990, báðar að fjárhæð 500.000 krónur. Gjalddagi hinnar fyrri var 20. júní 1990, en hina síðari skyldi hann greiða 20. nóvember sama ár. Tilgangurinn með útgáfu skuldaviðurkenninganna hafi verið tvíþættur. Annars vegar hafi í útgáfu þeirra verið fólgið uppgjör á skuld stefnanda við stefndu vegna ráðskonustarfa hennar, en um fjárhæð þeirrar skuldar hafi verið samkomulag á milli aðila. Hins vegar megi rekja útgáfu umræddra skuldaviðurkenninga til fyrirhugaðra húsnæðiskaupa stefndu.

Óumdeilt er, að þann 5. júlí 1990 greiddi stefnandi 1.263.560 krónur inn á reikning stefndu. Er því haldið fram af hálfu stefnanda, að þar með hafi hann greitt umræddar skuldaviðurkenningar að fullu, svo og 263.560 krónur vegna tækja er stefnda hafi keypt og skilið eftir að Múla. Með þessu hafi endi verið bundinn á skuldaskipti málsaðila. Það hafi því komið stefnanda verulega á óvart, þegar stefnda höfðaði fyrrgreint mál á hendur honum þann 27. september 1991. Með því að tekin var til greina dómkrafa stefndu í því máli, sé brostin forsenda fyrir greiðslu stefnanda til stefndu 5. júlí 1990, að því marki sem henni hafi verið ætlað að ganga til efnda á hinni fyrri skuldaviðurkenningu. Höfðar stefnandi mál þetta til endurheimtu þeirrar fjárhæðar, sem hann telur sig samkvæmt framansögðu hafa greitt stefndu umfram skyldu.

IV.

Frávísunarkrafa stefndu er byggð á því, að um dómkröfu stefnanda á hendur stefndu hafi verið dæmt með fyrrgreindum dómi aukadómþings Árnessýslu frá 22. maí 1992. Sá dómur hafi fallið stefndu í hag og honum hafi ekki verið hnekkt. Hafi því þegar gengið efnisdómur sem sé bindandi um úrslit þess sakarefnis, sem hér sé til umfjöllunar. Verði það ekki borið á ný undir sama eða hliðsettan dómstól. Ber því að mati stefndu og með vísan til 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála að vísa máli þessu frá dómi.

Með áðurnefndum dómi aukadómþings Árnessýslu frá 22. maí 1992 var stefnandi á grundvelli skuldaviðurkenningar, dags. 6. júní 1990, dæmdur til að greiða stefndu 500.000 krónur auk vaxta og málskostnaðar. Dómi þessum var ekki áfrýjað til Hæstaréttar Íslands. Sýknukrafa stefnanda í málinu var, svo sem að framan er rakið, byggð á þeirri málsástæðu, að hann hefði þegar staðið stefndu skil á greiðslu umræddrar skuldar. Vísaði hann þar um til áðurgreindrar innborgunar sinnar á bankareikning í eigu stefndu hinn 5. júlí 1990. Ef afstöðu málsaðila til þeirrar innborgunar áður lýst. Taldi dómurinn ósannað, að henni hefði að einhverju leyti verið ætlað að ganga til efnda á þeirri skuldaviðurkenningu, sem málsókn stefndu byggðist á.

Mál það, sem hér er til meðferðar, höfðar stefnandi á þeim grundvelli, að með því að tekin var til greina dómkrafa stefndu í hinu fyrra máli aðila, sé brostin forsenda fyrir greiðslu hans til stefndu 5. júlí 1990, þar sem í henni hafi að hluta falist fullnaðarefndir á dómkröfunni.

Þegar litið er til þess, sem að framan er rakið, er það mat dómsins, að þegar hafi verið lagður fullnaðardómur á það sakarefni sem kröfugerð stefnanda hér fyrir dómi lýtur að. Standa ákvæði 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála í vegi fyrir því, að dómkrafa stefnanda verði, að svo komnu máli, lögð fyrir dóminn til efnislegrar meðferðar. Ber því að vísa málinu frá dómi og gera stefnanda að greiða stefndu málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 25.000 krónur.

Þorgeir Ingi Njálsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Páll Egilsson, greiði stefndu, Steinunni Björk Garðarsdóttur, 25.000 krónur í málskostnað.